Stjórnartíðindi
1994 - B-deild - 2. hluti

Útgáfa 2.1 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundi skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum https://urlausnir.is. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Athugasemdir um þessa útgáfu

Meiriháttar gallar á bls. 969, 1280, 1296, og 1312.
Gallar á bls. 991, 1039, 1047, 1052, 1095, 1108-1109, 1127, 1146-1147, 1263, 1346, 1360, 1383, 1415, 1441, 1494, 1562, 1642, 1668, 1684, 1695, 1713, 1747, 1760, 1798, 1844, 1850, 1895, 1925, 1955, 1984, 1986, 1990, 1994, 1996, 2001-2002, 2005, 2008, 2011, 2015, 2018-2019, og 2027.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

STJÓRNARTÍÐINDI B 40 – 1994

REGLUGERÐ

um afnám banns við togveiðum á Selvogsbanka.

1. gr.

Frá og með kl. 18, 8. júní 1994, er felld úr gildi reglugerð nr. 263, 20. maí 1994, um bann við öllum togveiðum á Selvogsbanka.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 8. júní 1994.

F. h. r.
Árni Kolbeinsson.

Jón B. Jónasson.

Stjórnartíðindi B 40, nr. 314. Útgáfudagur 8. júní 1994.

B 69

Steindórsprent Gutenberg hf.

STJÓRNARTÍÐINDI B 41 - 1994

Nr. 315 970 3. júní 1994

SAMÞYKKT

um stjórn Ísafjarðarkaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar.

I. KAFLI
Um skipan bæjarstjórnar og verkefni hennar.

1. gr.

Bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar er skipuð 9 fulltrúum kjörnum skv. III. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, sbr. 2. mgr. 10. gr. og 11. gr. sömu laga.

2. gr.

Starfstímabil bæjarstjórnar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Bæjarstjórn fer með stjórn Ísafjarðarkaupstaðar skv. ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer bæjarstjórn með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum bæjarins, að svo miklu leyti sem bæjarstjórn hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

4. gr.

Bæjarstjórn skal gæta hagsmuna bæjarins og vera í fyrirsvari fyrir hann og vinna að sameiginlegum velferðarmálum bæjarbúa.

5. gr.

Bæjarstjórn annast þau verkefni, sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum.

Þá getur bæjarstjórn ákveðið, að bærinn taki að sér verkefni, sem varða íbúa bæjarins sérstaklega, enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

6. gr.

Meðal verkefna bæjarstjórnar Ísafjarðarkaupstaðar er:

1. Að kjósa forseta og varaforseta bæjarstjórnar, bæjarráð og aðrar nefndir, ráð og stjórnir skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga sbr. og V. kafla samþykktar þessarar, og skoðunarmenn til að annast endurskoðun ársreikninga bæjarins skv. VIII. kafla sveitarstjórnarlaga. Ennfremur að ráða bæjarstjóra og aðra fasta starfsmenn bæjarins skv. VII. kafla fyrrnefndra laga sbr. og VI. kafla þessarar samþykktar.
2. Að setja samþykktir og gjaldskrár, eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Að stjórna fjármálum bæjarins, stofnana hans og fyrirtækja, skv. VIII. kafla sveitarstjórnarlaga sbr. og II. kafla samþykktar þessarar.
4. Að ákveða stjórnkerfi bæjarins.

Steindórsprent Gutenberg hf.

II. KAFLI
Um fjármálastjórn bæjarins.

7. gr.

Á fyrsta ári hvers kjörtímabils skal bæjarstjórn semja þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál bæjarins, og skal þessi þriggja ára áætlun vera til leiðbeiningar við gerð árlegrar fjárhagsáætlunar bæjarins. Áætlunina skal endurskoða árlega í tengslum við afgreiðslu fjárhagsáætlunarinnar og skal þá framlengja áætlunina um eitt ár, sbr. 76. gr. laga nr. 8/1986.

8. gr.

Bæjarstjórn skal afgreiða fjárhagsáætlun bæjarsjóðs, bæjarfyrirtækja og -stofnana fyrir lok janúarmánaðar ár hvert að undangengnum tveimur umræðum í bæjarstjórn sbr. 24. gr. samþykktar þessarar.

Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun skv. 1. mgr. skal bæjarstjórn sækja skriflega um frest til félagsmálaráðuneytisins og tilgreina ástæður fyrir umsókninni.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreikninga bæjarins, og skal þar greint á milli rekstraráætlunar, fjárfestingaráætlunar og áætlunar um fjármagnshreyfingar.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur bæjarstjórn ákvarðanir um nýtingu tekjustofna bæjarsjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár, ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármagns á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af veltufjárstöðu bæjarsjóðs í byrjun fjárhagsárs og áætla fyrir þeim breytingum, sem nauðsynlegt er talið að gera á veltufjárstöðunni.

9. gr.

Fjárhagsáætlun skv. 8. gr. skal vera meginregla um fjármálastjórn bæjarins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr bæjarsjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöldin séu lögbundin, samningsbundin eða samþykkt af bæjarstjórn.

Samþykki bæjarstjórn fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar, skal hún jafnframt taka ákvörðun um hvernig afla skuli fjár til þeirra útgjalda s.s. með lækkun annarra útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé.

10. gr.

Hafi forsendur fyrir gerð fjárhagsáætlunar breyst verulega, s.s. ef verðlagsbreytingar hafa orðið verulega meiri en ráð var fyrir gert, er bæjarstjórn heimilt að endurskoða fjárhagsáætlunina. Slíkar breytingar afgreiðir bæjarstjórn við eina umræðu í bæjarstjórn, enda hafi breytingartillögurnar verið sendar bæjarfulltrúum með fundarboði og dagskrá a.m.k. fimm sólarhringum fyrir bæjarstjórnarfund.

11. gr.

Bæjarstjórn skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga bæjarsjóðs og fyrirtækja hans eigi síðar en í júnílok ár hvert skv. 88. gr. sveitarstjórnarlaga sbr. 82. og 83. gr. sömu laga. Eintak af ársreikningnum skal senda Hagstofu Íslands og félagsmálaráðuneytinu fyrir 31. júlí ár hvert. Viðurlög skv. 2. mgr. 88. gr. sveitarstjórnarlaga liggja við vanrækslu bæjarstjórnar á afgreiðslu og skilum ársreikninga.

III. KAFLI
Um fundarsköp bæjarstjórnar.

12. gr.

Bæjarstjórn heldur reglulega fundi 1. og 3. fimmtudag hvers mánaðar.

Bæjarstjórnarfundir skulu að jafnaði hefjast kl. 17.00. Bæjarstjórnarfundir skulu að jafnaði ekki standa lengur en þrjár klukkustundir. Heimilt er að fella niður fundi í bæjarstjórn í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

Aukafundi skal halda í bæjarstjórn eftir því sem þörf krefur að mati bæjarstjóra eða forseta bæjarstjórnar, og skylt er að halda aukafund í bæjarstjórn, ef a.m.k. þriðjungur bæjarfulltrúa krefst þess.

Bæjarstjóri getur ákveðið í samráði við forseta að fresta eða fella niður fund, ef sérstaklega stendur á.

13. gr.

Aldursforseti nýkjörinnar bæjarstjórnar kveður bæjarstjórnina saman til fyrsta fundar að afloknum bæjarstjórnarkosningum, eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, sbr. 2. gr. samþykktar þessarar, þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag.

Aldursforseti getur falið bæjarstjóra að boða fyrsta fund nýkjörinnar bæjarstjórnar.

14. gr.

Bæjarstjóri, sbr. þó 13. gr. samþykktar þessarar, boðar bæjarstjórnarfundi og ákveður jafnframt fundarstað, hafi bæjarstjórn ekki gert það.

Reglulegur fundarstaður bæjarstjórnar er í fundarsal hennar í stjórnsýsluhúsinu.

Bæjarbúum skal kunngert með auglýsingu, hvar og hvenær bæjarstjórnarfundir eru haldnir.

15. gr.

Bæjarstjóri semur dagskrá bæjarstjórnarfundar og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá bæjarstjórnarfunda skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar s.s. kosningar forseta bæjarstjórnar, kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarstjórnar, svo og kosningar eða ráðningar bæjarstjóra og annarra fastra starfsmanna bæjarins.
2. Fundargerðir bæjarráðs, nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarins, sbr. 61. gr. samþykktar þessarar.
3. Önnur mál, sem falla undir verksvið bæjarstjórnar og bæjarstjóri ákveður að taka á dagskrá eða einhver bæjarfulltrúi óskar að tekin verði á dagskrá. Bæjarfulltrúi sem óskar að fá mál tekið á dagskrá bæjarstjórnarfundar skal tilkynna það bæjarstjóra skriflega með tillögu eða fyrirspurn a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Dagskrá bæjarstjórnarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna, sem bæjarstjóri telur nauðsynleg. Dagskrá skal jafnan fylgja afrit fundargerðar síðasta bæjarstjórnarfundar.

16. gr.

Bæjarstjóri skal í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir bæjarstjórnarfund hafa boðsent bæjarfulltrúum fundarboð bæjarstjórnarfundar ásamt dagskrá og fylgigögnum.

17. gr.

Bæjarstjóri skal boðsenda bæjarfulltrúum fundarboð aukafundar í bæjarstjórn ásamt dagskrá a.m.k. sólarhring fyrir fund.

18. gr.

Aldursforseti bæjarstjórnar setur fyrsta fund nýkjörinnar bæjarstjórnar og stýrir honum, uns forseti bæjarstjórnar hefur verið kjörinn.

Forseti bæjarstjórnar skal kjörinn til eins árs.

Sá er rétt kjörinn forseti, sem fengið hefur atkvæði meirihluta bæjarfulltrúa. Verði þeim atkvæðafjölda eigi náð, skal kjósa að nýju um þá tvo, sem flest atkvæði fengu. Hafi

þrír eða fleiri bæjarfulltrúar fengið jafnmörg atkvæði, skal varpa hlutkesti, um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn forseti bæjarstjórnar sem fleiri atkvæði fær. Verði atkvæði jöfn skal hlutkesti ráða kosningu.

Forseti bæjarstjórnar stjórnar kjöri 1. og 2. varaforseta bæjarstjórnar, og skal sömu aðferð beitt við kosningu þeirra, sbr. næstu málsgrein hér að framan. Varaforsetar skulu kjörnir til jafnlangs tíma og forseti.

Sé enginn forseti á fundi, gegnir aldursforseti forsetastörfum, nema bæjarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Ef forseti deyr eða verður varanlega forfallaður frá forsetastörfum, skal kjósa forseta í hans stað til loka kjörtímabils forseta.

19. gr.

Bæjarstjórn kýs tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi bæjarfulltrúa til eins árs í senn á sama fundi og forsetakosning fer fram. Skrifarar skulu kosnir hlutfallskosningu.

Skrifarar skulu telja saman atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í bæjarstjórn.

20. gr.

Bæjarstjórnarfundur skal haldinn í húsnæði sem fullnægir ákvæðum byggingarlaga og byggingarreglugerðar um aðgang fatlaðs fólks.

Bæjarstjórnarfundi skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim, eftir því sem húsrúm leyfir.

Bæjarstjórn getur ákveðið, að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum s.s. viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál, sem æskilegt er vegna hagsmuna bæjarins, að rædd verði fyrir luktum dyrum. Jafnframt getur bæjarstjórn ákveðið að bæjarstjórnarfundur, þar sem eingöngu er fjallað um slík mál, verði haldinn fyrir luktum dyrum. Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í bæjarstjórn.

Óheimilt er að skýra frá því sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í bæjarstjórn.

21. gr.

Bæjarstjórnarfundur er lögmætur, ef meira en helmingur bæjarfulltrúa er á fundi. Bæjarstjórn getur enga bindandi ályktun gert, nema fundur sé lögmætur.

22. gr.

Forseti bæjarstjórnar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans og stjórnar umræðum og afgreiðslu mála, sér um að fundargerðir séu færðar og slítur fundi, þegar dagskrá hans er tæmd. Forseti úrskurðar um skilning á fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarstjórnar. Forseti sér um, að allt fari skipulega og löglega fram á bæjarstjórnarfundum og er bæjarfulltrúum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Raski áheyrandi fundarfriði, getur forseti vísað honum úr fundarsal. Leyfi forseta þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á bæjarstjórnarfundum. Forseti skal tilkynna bæjarstjórn um ákvörðun sína.

23. gr.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í bæjarstjórn í þeirri röð, sem þau eru á dagskrá, nema forseti eða bæjarstjórn ákveði annað.

Heimilt er að taka til meðferðar á bæjarstjórnarfundi mál, sem ekki hefur verið á dagskrá, ef $^2/_3$ viðstaddra bæjarfulltrúa samþykkja slíkt afbrigði.

24. gr.

Bæjarstjórn afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlun bæjarins.
2. Ársreikninga bæjarins og fyrirtækja hans.
3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár, sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4. Áætlanir fyrir bæinn, sem gilda eiga til lengri tíma, s.s. þriggja ára áætlanir og skipulagsáætlanir.
5. Beiðni um fjárhagsaðstoð skv. 90. gr. sveitarstjórnarlaga.

25. gr.

Bæjarfulltrúa er skylt að sækja alla bæjarstjórnarfundi nema lögmæt forföll hamli svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi. Sé bæjarfulltrúi forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til bæjarstjóra, sem boðar þá varamann hans á fund. Bæjarfulltrúa sem forfallast um stundarsakir er heimilt að ákveða hver varamanna hans taki sæti á bæjarstjórnarfundi ella tekur varamaður sæti samkvæmt ákvæðum 1. og 2. mgr. 35. gr. sveitarstjórnarlaga.

Bæjarstjóri skal sitja fundi bæjarstjórnar með málfrelsi og tillögurétt, en ekki hefur hann atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn bæjarfulltrúi.

Bæjarstjórn getur heimilað að maður utan bæjarstjórnar kveðji sér hljóðs á bæjarstjórnarfundi.

26. gr.

Bæjarfulltrúa ber að víkja sæti við umræður og afgreiðslu máls þegar það varðar hann sjálfan, skyldmenni eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti af því. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Bæjarstjórn sker umræðulaust úr hvort mál er svo vaxið. Bæjarfulltrúi sem hlut á að máli má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt. Bæjarfulltrúa sem veit hæfi sitt orka tvímælis, ber að skýra forseta bæjarstjórnar frá því.

Bæjarfulltrúi sem vanhæfur er við úrlausn máls, skal yfirgefa fundarsal bæjarstjórnar við umræðu og afgreiðslu þess.

27. gr.

Bæjarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á bæjarstjórnarfundum. Bæjarfulltrúi sem taka vill til máls, skal óska heimildar forseta. Að jafnaði skulu bæjarfulltrúar taka til máls í þeirri röð, sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu, ef um er að ræða bæjarstjóra, framsögumann í máli eða bæjarfulltrúa, sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri bæjarfulltrúar kvatt sér hljóðs samtímis ákveður forseti í hvaða röð þeir skuli tala. Bæjarfulltrúi skal flytja mál sitt úr ræðustól nema forseti leyfi annað.

28. gr.

Bæjarfulltrúi skal beina máli sínu til forseta. Þegar til umræðu er fundargerð bæjarráðs, annarra nefnda, ráða eða stjórna skal bæjarfulltrúi taka fram, hvaða lið/liði fundargerðarinnar hann óskar að ræða.

Bæjarfulltrúi má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó bæjarfulltrúa að taka oftar til máls, til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd við fundarsköp. Bæjarstjóri, flutningsmaður tillögu eða framsögumaður (talsmaður flutningsmanna) mega þó tala oftar en tvisvar við hverja umræðu máls.

Ekki má bæjarfulltrúi lesa upp prentað mál við umræður í bæjarstjórn nema með leyfi forseta.

29. gr.

Beri bæjarfulltrúi aðra menn brigslum skal forseti víta hann. Forseti getur lagt til við bæjarstjórn, að bæjarfulltrúi sem víttur hefur verið tvisvar á sama fundi, verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hlýðnist bæjarfulltrúi ekki úrskurði forseta eða bæjarstjórnar, eða ef óregla kemur upp á fundi, skal forseti gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta fundi, ef nauðsyn krefur.

30. gr.

Telji forseti umræður dragast úr hófi fram, getur hann lagt fram dagskrártillögu um, að ræðutími hvers bæjarfulltrúa verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver bæjarfulltrúi getur og borið fram slíkar tillögur. Bæjarstjórn afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo, að hún standi skemur en tvær klukkustundir, ef einhver bæjarfulltrúi kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.

31. gr.

Bæjarfulltrúi getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál, sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar. Forseti ákveður í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu.

32. gr.

Mál er afgreitt í bæjarstjórn með því að samþykkja það eða fella það, vísa því frá bæjarstjórn eða vísa því til afgreiðslu bæjarráðs, annarrar nefndar, ráðs eða stjórnar eða bæjarstjóra. Máli, sem bæjarstjórn ber að lögum að afgreiða, verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra. Bæjarstjórn er heimilt að fresta afgreiðslu máls, nema um sé að ræða mál, sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

33. gr.

Atkvæðagreiðsla á bæjarstjórnarfundi fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Forseti biður þá bæjarfulltrúa sem samþykkja mál, að rétta upp hægri hönd sína. Að því búnu leitar forseti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir forseti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið, að forseti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það, skýrir hann frá því, að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Forseti getur ákveðið, að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber forseta að láta fara fram nafnakall, ef a.m.k. þriðjungur bæjarfulltrúa óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá bæjarfulltrúa í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti, hvaða bæjarfulltrúi greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal forseti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar bæjarfulltrúi, þegar forseti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða móti eða tekur fram, að hann greiði ekki atkvæði, en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu, ef bæjarfulltrúi óskar og bæjarstjórn samþykkir.

Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar.

34. gr.

Við atkvæðagreiðslu ræður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum máls nema öðruvísi sé ákveðið í lögum. Verði atkvæði jöfn með máli og móti, fellur það.

Kosningar, sem fram fara í bæjarstjórn, skulu vera hlutfallskosningar skv. d'Hondts reglu sbr. 16. og 17. gr. sveitarstjórnarlaga.

Þegar kjósa skal einn fulltrúa eða ráða starfsmann úr hópi margra, sem tillögur hafa komið fram um, skal kosning fara fram með sama hætti og kosning forseta bæjarstjórnar sbr. 3. mgr. 18. gr. þessarar samþykktar.

35. gr.

Bæjarstjórn getur ráðið sérstakan fundarritara utan bæjarstjórnar til að annast ritun fundargerða í gerðabók bæjarstjórnar. Í fundargerð skal getið hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál, sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvernig mál er afgreitt. Sé mál ekki afgreitt samhljóða, skal greina í fundargerð hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda, nægir að skrá í fundargerð bæjarstjórnar, um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda tölusiða.

Heimilt er að skrá fundargerðir í tölvu. Sé það gert skal bóka í gerðabók bæjarstjórnar númer fundar, hvar og hvenær fundurinn er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók fundarslit og greina blaðsíðutal fundargerða. Bæjarfulltrúar skulu rita nöfn sín við slit fundar í gerðabók.

Í lok fundar skal fundargerð prentuð út og hún undirrituð af fundarmönnum. Einnig skal forseti bæjarstjórnar og a.m.k. einn fundarmanna setja upphafsstafi sína undir hverja blaðsíðu fundargerða, sem blaðsíðusettar skulu í áframhaldandi töluröð.

Undirritaðar fundargerðir skulu reglulega bundnar inn í fundargerðabók bæjarstjórnar, til varanlegrar varðveislu.

Mál sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi sbr. 3. mgr. 20. gr. samþykktar þessarar skal skrá sem trúnaðarmál.

Bæjarfulltrúi á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til máls, sem til meðferðar er í bæjarstjórn.

Forseti skal hafa eftirlit með því, að fundargerðir séu skipulega og rétt færðar.

Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og skulu allir viðstaddir bæjarfulltrúar undirrita hana nema bæjarstjórn ákveði annað.

Bæjarfulltrúi, sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð, getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

Bæjarstjórn getur ákveðið, að umræður á bæjarstjórnarfundum skuli hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti. Verði það ákveðið, skal bæjarstjórn setja um það nánari reglur.

IV. KAFLI
Um réttindi og skyldur bæjarfulltrúa.

36. gr.

Bæjarfulltrúi á rétt á að fá mál samkvæmt 4. og 5. gr. samþykktar þessarar tekið á dagskrá bæjarstjórnarfundar, enda tilkynni hann það bæjarstjóra skriflega a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

37. gr.

Bæjarfulltrúa er bæði rétt og skylt að sækja fundi bæjarstjórnar nema lögmæt forföll hamli sbr. 25. gr. samþykktar þessarar. – Hver bæjarfulltrúi er skyldur til að taka að sér þau störf, sem bæjarstjórn felur honum og varða verkefni bæjarstjórnar, s.s. forsetastörf og störf í bæjarráði eða öðrum nefndum á vegum bæjarstjórnar. Þó getur sá, sem verið hefur forseti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í bæjarráði eða annarri nefnd sama tímabil, skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

38. gr.

Nú telur bæjarfulltrúi sig ekki geta gegnt skyldum sínum í bæjarstjórn án óhæfilegs álags og getur bæjarstjórn þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 35. gr. sveitarstjórnarlaga.

39. gr.

Bæjarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum bæjarstjórnar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

Bæjarfulltrúa er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál, sem bæjarstjórn er að lögum skylt að afgreiða, s.s. fjárhagsáætlun eða ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir, getur forseti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu, ef minna en helmingur bæjarfulltrúa tekur þátt í atkvæðagreiðslunni.

40. gr.

Bæjarfulltrúa ber að gegna bæjarfulltrúastörfum sínum af alúð og samviskusemi og gæta hagsmuna bæjarins, en í störfum sínum er bæjarfulltrúi einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

41. gr.

Bæjarfulltrúi á aðgang að bókum og skjölum bæjarins og einnig óhindraðan aðgang að stofnunum og fyrirtækjum hans á venjulegum afgreiðslutíma til upplýsingaöflunar vegna starfa sinna.

Með öll slík erindi skulu þeir snúa sér til bæjarstjóra. Ákvæði þetta takmarkar þó eigi rétt bæjarfulltrúa sem tilgreindur er í 1. mgr. 41. gr. samþykktarinnar og 1. mgr. 41. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.

42. gr.

Bæjarfulltrúi skal gæta þagnarskyldu um það, sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum, eðli máls eða sérstakri ákvörðun bæjarstjórnar.

43. gr.

Bæjarfulltrúa ber að víkja sæti við umræður og afgreiðslu máls, þegar það varðar hann sjálfan, skyldmenni eða nána venslamenn hans svo mjög, að almennt megi ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju eða öllu leyti þar af. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Bæjarstjórn sker umræðulaust úr, hvort mál er svo vaxið. Bæjarfulltrúi, sem hlut á að máli, má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt. Bæjarfulltrúa sem veit hæfi sitt orka tvímælis, ber að vekja athygli forseta bæjarstjórnar á því. Bæjarfulltrúi sem vanhæfur er við úrlausn máls, skal yfirgefa fundarsal bæjarstjórnar við umræður um málið og afgreiðslu þess.

44. gr.

Bæjarfulltrúi skal fá hæfilega þóknun úr bæjarsjóði fyrir störf sín í bæjarstjórn. Takist bæjarfulltrúi á hendur ferð á vegum bæjarins skv. ákvörðun bæjarstjórnar, á hann rétt á greiðslu hæfilegs ferða- og dvalarkostnaðar. Bæjarstjórn setur reglur um greiðslur skv. 1. og 2. málslið.

45. gr.

Haga skal fundum bæjarstjórnar þannig, að bæjarfulltrúar eigi möguleika á að taka sér orlof árlega sbr. 12. gr. samþykktar þessarar.

46. gr.

Bæjarfulltrúi sem vegna veikinda eða af öðrum ástæðum getur ekki sótt bæjarstjórnarfund/-fundi tímabundið, getur tilnefnt hvern sem er af varamönnum sínum til að taka sæti sitt, meðan þannig hagar til.

47. gr.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur bæjarfulltrúa gilda einnig um varamenn, sem sitja bæjarstjórnarfundi.

V. KAFLI
Bæjarráð, aðrar nefndir, ráð og stjórnir.

48. gr.

Bæjarstjórn kýs fulltrúa í bæjarráð, aðrar nefndir, ráð og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar, bundnar hlutfallskosningar, ef einhver bæjarfulltrúi óskar þess.

Forstöðumenn og stjórnendur fyrirtækja og stofnana bæjarins eru ekki kjörgengir í stjórnir þeirra stofnana sem þeir starfa hjá.

49. gr.

Bæjarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum kjósa þrjá bæjarfulltrúa í bæjarráð til eins árs og jafnmarga til vara. Aðalfulltrúar í bæjarstjórn eru einir kjörgengir sem aðalmenn í bæjarráð. Heimilt er að þeir aðalfulltrúar og varafulltrúar sem kosningu hafa hlotið af sama framboðslista og hinn kjörni bæjarráðsmaður, verði varamenn hans í sömu röð og þeir skipuðu listann.

Bæjarstjóri á sæti í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétti, en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins að hann sé bæjarfulltrúi og kjörinn í bæjarráð.

Bæjarstjórn getur heimilað flokki eða framboðsaðila, sem bæjarfulltrúa á í bæjarstjórn en ekki hefur fengið kjörinn bæjarráðsmann, að tilnefna fulltrúa til setu í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétt. Skylt er bæjarstjórn að gefa fulltrúa flokks/framboðsaðila, sem sæti á í bæjarstjórn, kost á setu í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétt þann tíma, sem fundir bæjarstjórnar falla niður vegna sumarleyfa sbr. 12. gr. samþykktar þessarar.

50. gr.

Bæjarráð skal að jafnaði halda fund einu sinni í viku á hverjum mánudegi. Aukafundi skal halda ef bæjarstjóri, formaður bæjarráðs eða a.m.k. tveir bæjarráðsmenn óska þess.

51. gr.

Bæjarstjóri undirbýr bæjarráðsfundi. Hann sér um að bæjarráð sé boðað til fundar með skriflegu fundarboði ásamt dagskrá einum sólarhring fyrir fund. Geti bæjarráðsmaður ekki

sótt fund skal hann að jafnaði boða varamann sinn eða hlutast til um að varamaður verði boðaður. Hafi bæjarstjóri fengið vitneskju um forföll bæjarráðsmanns, skal hann boða eða láta boða varamann hans á fund.

52. gr.

Á fyrsta fundi nýkjörins bæjarráðs skal kjósa formann og varaformann bæjarráðs.

Formaður bæjarráðs stjórnar fundum þess og sér um að allt fari löglega og skipulega fram. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum, sem upp kunna að koma út af fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarráðs. Heimilt er að taka mál til meðferðar í bæjarráði, þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls, ef einhver bæjarráðsmaður óskar þess.

Bæjarráð getur ráðið sér fundarritara utan bæjarráðs. Í fundargerðabók ráðsins skal skrá, hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Þá skal skrá í fundargerð mál, sem ráðið tekur til umræðu og afgreiðslu, frá hverjum þau eru, hvenær þau eru dagsett, efni þeirra stutt og skilmerkilega og hvaða afgreiðslu þau hljóta.

53. gr.

Bæjarráð fer ásamt bæjarstjóra með framkvæmdastjórn bæjarins og fjármálastjórn að því leyti sem slík stjórn er ekki öðrum falin. Bæjarráð hefur umsjón með stjórnsýslu bæjarins, undirbúningi árlegrar fjárhagsáætlunar, semur drög að fjárhagsáætlun bæjarsjóðs og bæjarfyrirtækja að fengnum tillögum hlutaðeigandi stjórna og leggur þau fyrir bæjarstjórn í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga. Þá sér bæjarráð um að ársreikningar bæjarsjóðs séu samdir og þeir ásamt ársreikningum bæjarstofnana lagðir fyrir bæjarstjórn til afgreiðslu svo sem sveitarstjórnarlög mæla fyrir um.

Bæjarráð gerir tillögur til bæjarstjórnar um afgreiðslu einstakra mála sem það fær til meðferðar. Bæjarráði er þó heimil fullnaðarafgreiðsla mála, sem ekki varða verulega fjárhag bæjarsjóðs eða stofnana hans, enda sé ekki ágreiningur milli bæjarráðsmanna eða við bæjarstjóra um slíka afgreiðslu. Bæjarráð ákveður skiptingu og ráðstöfun fjár, sem ætlað er til einstakra málaflokka skv. fjárhagsáætlun, s.s. til gatnagerðar, nýbygginga og óvissra útgjalda.

Þá getur bæjarstjórn falið bæjarráði fullnaðarafgreiðslu mála nema lög mæli á annan veg.

54. gr.

Skylt er starfsmönnum bæjarins að sitja fundi bæjarráðs, ef þess er óskað.

55. gr.

Forseti bæjarstjórnar boðar nefnd saman til fyrsta fundar eða ákveður hver skuli gera það.

Á fyrsta fundi skipta nefndir með sér verkum.

Formaður nefndar boðar eða lætur boða fundi í nefnd með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara.

56. gr.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir, skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Þegar aðalmaður í nefnd flyst burt úr bænum, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega, tekur varamaður hans sæti nema bæjarstjórn ákveði að kjósa aðalmann að nýju.

Hafi tveir eða fleiri flokkar eða framboðsaðilar haft samstarf um nefndarkosningar, skal sá sem tilnefndi viðkomandi nefndarmann, einnig tilnefna varamann hans, sé eigi öðruvísi ákveðið í yfirlýsingu skv. 2. mgr. 35. gr. sveitarstjórnarlaga.

57. gr.

Nefndarfundur skal haldinn fyrir luktum dyrum. Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn bæjarins. Ennfremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

58. gr.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði III. og IV. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnum bæjarins, eftir því sem við á.

59. gr.

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn getur falið nefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið bæjarstjórn til ákvörðunar.

60. gr.

Nefndir, ráð og stjórnir bæjarins skulu halda gerðabækur. Kjörinn ritari nefndar skal færa fundargerð í gerðabók. Í fundargerð skal skrá hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji hann. Þá skal skrá í fundargerð einstök mál sem tekin eru fyrir á fundi, dagsetningu þeirra, nöfn aðila, meginefni og hvaða afgreiðslu það hlýtur. Í fundarlok skal fundargerð lesin upp og allir viðstaddir undirrita hana.

61. gr.

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna bæjarins skulu að jafnaði teknar á dagskrá bæjarstjórnar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundi.

Ályktun nefndar, ráðs eða stjórnar sem hefur í för með sér útgjöld, skal ætíð lögð fyrir bæjarráð og síðan bæjarstjórn til endanlegrar afgreiðslu.

62. gr.

Bæjarstjórn kýs í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir:

A. **Til eins árs.** Á fundi í júní ár hvert:

1. *Bæjarráð.* Þrír aðalfulltrúar í bæjarstjórn sem aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 55. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
2. *Skoðunarmenn.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 84. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
3. *Kjörstjórnir við alþingiskosningar.* Skv. 10. gr. laga nr. 80/1987 um kosningar til Alþingis. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara Undirkjörstjórnir jafnmargar og kjördeildir eru: Þrír aðalmenn í hverja og jafnmargir varamenn.

B. **Til fjögurra ára.** Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum:

1. *Almannavarnanefnd.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 8. gr. laga nr. 94/1962 um almannavarnir sbr. 5. gr. laga nr. 85/1985.
2. *Áfengisvarnarnefnd.* Sex aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 30. gr. áfengislaga nr. 82/1969.
3. *Byggingarnefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. byggingarlaga nr. 54/1978.
4. *Félagsmálaráð.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Ráðið annast verkefni þau sem um getur í 2. gr.

laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga nema þar sem bæjarstjórn hefur falið öðrum nefndum einstaka þætti félagsþjónustunnar. Einnig annast félagsmálaráð verkefni barnaverndarnefndar skv. lögum nr. 58/1992, sbr. og 32. gr. laga nr. 40/1991, og verkefni leikskólanefndar skv. lögum nr. 78/1994, sbr. og 33. gr. laga nr. 40/1991.

5. *Hafnarstjórn.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 9. gr. hafnalaga nr. 23/1994.
6. *Heilbrigðisnefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.
7. *Húsaleigunefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 76. gr. laga nr. 44/1979 um húsaleigusamninga.
8. *Kjörstjórnir við sveitarstjórnarkosningar.* Skv. 23. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986. Yfirkjörstjórn: Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara.
   Undirkjörstjórnir: Jafnmargar og kjördeildir í kaupstaðnum. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara.
9. *Náttúru- og umhverfisverndarnefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 3. gr. náttúruverndarlaga nr. 47/1971, sbr. 62. gr. laga nr. 108/1988.
10. *Skólanefnd grunnskóla.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 19. gr. laga nr. 49/1991 um grunnskóla.
11. *Skólanefnd tónlistarskóla.* Einn aðalmaður og einn til vara skv. 3. gr. reglugerðar fyrir Tónlistarskóla Ísafjarðar.
12. *Stjórn bókasafns.* Fjórir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 7. gr. laga nr. 50/1976 um almenningsbókasöfn og 13. gr. reglugerðar nr. 138/1978.
13. *Stjórn fjórðungssjúkrahúss og heilsugæslustöðvar.* Tilnefning skv. 21. og 30. gr. laga nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu og samnings aðildarsveitarfélaga Fjórðungssjúkrahússins á Ísafirði og Heilsugæslustöðvarinnar á Ísafirði.
14. *Húsnæðisnefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 40. gr. laga nr. 97/1993 um Húsnæðisstofnun ríkisins.
15. *Umferðarnefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara sbr. heimild í 2. mgr. 116. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.
16. *Búfjáreftirlitsmaður.* Einn búfjáreftirlitsmaður og annar til vara skv. 9. gr. laga nr. 46/1991 um búfjárhald.
17. *Fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands.* Einn aðalmaður og annar til vara skv. 9. gr. laga nr. 68/1994 um Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands.
18. *Íþrótta- og æskulýðsráð.* Þrír aðalmenn og þrír til vara (a.m.k. einn aðalmanna skal vera bæjarfulltrúi). Auk þess skal Íþróttabandalag Ísafjarðar tilnefna tvo aðalmenn og tvo til vara í ráðið. Undir ráðið heyra íþrótta- og æskulýðsmál og starfar það eftir reglugerð sem bæjarstjórn setur.
19. *Menningarráð.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Ráðið skal hlúa að og styrkja hvers konar menningarstarf á Ísafirði, sem unnið er að í bæjarfélaginu og kappkosta að veita nýjum menningarstraumum til bæjarins með því að greiða fyrir og hafa forgöngu um komu listamanna. Það skal fyrir hönd bæjarstjórnar vera tengiliður við alla þá aðila sem að lista- og menningarmálum starfa nema annað sé tekið fram í samþykktum bæjarstjórnar.
20. *Húsafriðunarnefnd.* Tveir aðalmenn og tveir til vara, auk þess skal Sögufélag Ísfirðinga tilnefna einn mann í nefndina og annan til vara. Húsafriðunarnefnd er bæjarstjórn til ráðuneytis um verndun gamalla húsa og fornra minja sbr. V. kafla þjóðminjalaga nr. 88/1989 og skal hún gera tillögur til bæjarstjórnar um þau mál.
21. *Brunamálanefnd.* Þrír menn og jafnmargir til vara. Nefndin skal vera bæjarstjórn og slökkviliðsstjóra til ráðuneytis um brunavarnir og brunamál í kaupstaðnum, sbr. II. kafla laga nr. 41/1992 um brunavarnir og brunamál.

22. *Stjórn vinnumiðlunar.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Auk þess tilnefna samtök verkafólks og atvinnurekenda einn fulltrúa af hvorra hálfu og jafnmarga til vara. Stjórnin skal starfa skv. 9. gr. laga nr. 18/1985 um vinnumiðlun.
23. *Jafnréttisnefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin er kosin skv. 13. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 28/1991.
24. *Stjórn Byggðasafns Vestfjarða.* Einn fulltrúi og annar til vara skv. 9. gr. í stofnskrá Byggðasafns Vestfjarða.
25. *Landbúnaðarnefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin er bæjarstjórn til ráðuneytis um búfjárhald og landbúnaðarmál. Hún skal einnig sjá um fjallskil og gróðurvernd skv. 19. gr. laga um landgræðslu nr. 17/1965, sbr. 28. gr. laga nr. 108/1988.
26. *Stjórn Funa.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Stjórnin skal fara með rekstur Funa skv. erindisbréfi.
27. *Ferðamálanefnd.* Þrír aðalmenn og þrír til vara, þar af skulu hagsmunaaðilar í ferðaþjónustu tilnefna einn og annan til vara. Nefndin skal vera bæjarstjórn til ráðuneytis og vinna að framförum í ferðamálum á Ísafirði.
28. *Vinabæjarnefnd.* Tveir aðalmenn og tveir til vara. Auk þess skipar Norræna félagið á Ísafirði einn mann og annan til vara. Nefndin skal vera tengiliður bæjarstjórnar við vinabæi kaupstaðarins.
29. *Ferlinefnd.* Tveir aðalmenn og tveir til vara. Auk þess skipar Sjálfsbjörg einn mann og annan til vara. Nefndin er kosin sbr. 34. gr. laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðra.
30. *Öldrunarnefnd.* Skv. 5. gr. laga nr. 82/1989 um málefni aldraðra, nema bæjarstjórn ákveði að fela þjónustuhópi aldraðra að annast hlutverk nefndarinnar.

63. gr.

Bæjarstjórn kýs fulltrúa til að sitja aðalfundi hlutafélaga sem bæjarsjóður og stofnanir hans eiga aðild að.

64. gr.

Bæjarstjórn getur kosið nefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður þegar liðin eru fjögur ár frá því nefndin var kosin og fyrr ef verkefni nefndar er lokið.

Bæjarstjórn getur þó afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.

VI. KAFLI
Um framkvæmdastjórn og starfslið bæjarins.

65. gr.

Bæjarstjórn ræður bæjarstjóra. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við bæjarstjóra þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma hans og kaup og kjör. Ráðningarsamningur skal staðfestur af bæjarstjórn.

66. gr.

Bæjarstjóri er framkvæmdastjóri bæjarins. Hann undirbýr fundi bæjarráðs og bæjarstjórnar, semur dagskrá og boðar til funda sbr. 14. gr. samþykktar þessarar. Hann á sæti á fundum bæjarstjórnar og bæjarráðs og hefur þar málfrelsi og tillögurétt en eigi atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn fulltrúi í bæjarstjórn og bæjarráð. Hann hefur og rétt til setu á fundum nefnda bæjarins með sömu réttindum.

Bæjarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana bæjarstjórnar og bæjarmálefna að svo miklu leyti sem bæjarstjórn hefur ekki ákveðið annað.

Bæjarstjóri er prókúruhafi bæjarsjóðs. Hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna bæjarins, lántökur og aðrar skuldbindingar.

Bæjarstjóri er æðsti yfirmaður starfsliðs bæjarins. Bæjarritari gegnir störfum bæjarstjóra í forföllum hans nema bæjarstjórn feli öðrum.

67. gr.

Bæjarstjórn ræður fasta starfsmenn bæjarins í helstu stjórnunarstöður, s.s. yfirmenn stofnana og deilda bæjarins, og veitir þeim lausn frá störfum.

68. gr.

Viðkomandi ráð og nefndir ráða aðra fasta starfsmenn, en þá sem greinir í 67. gr. að fenginni umsögn forstöðumanns, nema á annan veg sé mælt fyrir í reglugerð eða reglum sem bæjarstjórn hefur sett.

69. gr.

Fastráðnir starfsmenn bæjarins skulu ráðnir til óákveðins tíma með gagnkvæmum uppsagnarfresti miðað við mánaðamót.

Gera skal skriflegan ráðningarsamning við starfsmenn þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma og uppsagnarfrest svo og starfssvið þeirra. Um kaup og kjör fer eftir ráðningarsamningi og gildandi kjarasamningum.

70. gr.

Um ráðningu lausráðinna starfsmanna fer eftir reglum sem bæjarstjórn setur. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarfélags.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar hefur sett, samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 7. gr. og 49. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um stjórn bæjarmála Ísafjarðarkaupstaðar nr. 596/1983.

Félagsmálaráðuneytið, 3. júní 1994.

F. h. r.
Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

7. júní 1994 Nr. 316

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 277, 14. júlí 1991, fyrir Fiskveiðasjóð Íslands.

1. gr.

3. gr. reglugerðarinnar, sbr. rgl. nr. 300/1993, orðist svo:

Skilyrði fyrir lánveitingu til nýsmíða fiskiskipa innanlands eða erlendis svo og til kaupa á fiskiskipum erlendis frá er, að niður falli veiðileyfi og endurnýjunarréttur skips eða skipa af sömu eða svipaðri stærð og afkastagetu, gagngert vegna þeirra skipa sem lánað er til, enda hafi slíkum rétti til endurnýjunar ekki verið afsalað.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 7. júní 1994.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

SAMÞYKKT

um stjórn og fundarsköp Ölfushrepps.

I. KAFLI
Um skipan hreppsnefndar og verkefni hennar.

1. gr.

Hreppsnefnd Ölfushrepps er skipuð 7 hreppsnefndarmönnum kjörnum skv. III. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, sbr. 1. mgr. 10. gr. og 11. gr. sömu laga.

2. gr.

Starfstímabil hreppsnefndar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Hreppsnefnd fer með stjórn Ölfushrepps skv. ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer hreppsnefnd með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum hreppsins, að svo miklu leyti sem hreppsnefnd hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

4. gr.

Hreppsnefnd skal gæta hagsmuna hreppsins og vera í fyrirsvari fyrir hann og vinna að sameiginlegum velferðarmálum hreppsbúa.

5. gr.

Hreppsnefnd annast þau verkefni, sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum.

Þá getur hreppsnefnd ákveðið, að hreppurinn taki að sér verkefni, sem varðar íbúa hreppsins sérstaklega, enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

6. gr.

Meðal verkefna hreppsnefndar Ölfushrepps eru:

1. Að kjósa oddvita og varaoddvita hreppsnefndar, hreppsráð og aðrar nefndir, ráð og stjórnir skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga sbr. og V. kafla samþykktar þessarar, og skoðunarmenn til að annast endurskoðun ársreikninga hreppsins skv. VIII. kafla sveitarstjórnarlaga. Ennfremur að ráða sveitarstjóra og aðra fasta starfsmenn hreppsins skv. VII. kafla fyrrnefndra laga sbr. og VI. kafla þessarar samþykktar.
2. Að setja samþykktir og gjaldskrár, eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Að stjórna fjármálum hreppsins, stofnana hans og fyrirtækja, skv. VIII. kafla sveitarstjórnarlaga sbr. og II. kafla samþykktar þessarar.
4. Að ákveða stjórnkerfi hreppsins og fyrirtækja hans.

II. KAFLI
Um fjármálastjórn hreppsins.

7. gr.

Á fyrsta ári hvers kjörtímabils skal hreppsnefnd semja þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál hreppsins, og skal þessi þriggja ára áætlun vera til leiðbeiningar við gerð árlegrar fjárhagsáætlunar hans. Áætlunina skal endurskoða árlega í tengslum við afgreiðslu fjárhagsáætlunarinnar og skal þá framlengja áætlunina um eitt ár.

8. gr.

Hreppsnefnd skal afgreiða fjárhagsáætlun hreppssjóðs, fyrirtækja og stofnana hreppsins fyrir lok janúarmánaðar ár hvert að undangengnum tveimur umræðum í hreppsnefnd sbr. 24. gr. samþykktar þessarar.

Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun skv. 1. mgr. skal hreppsnefnd sækja skriflega um frest til félagsmálaráðuneytisins og tilgreina ástæður fyrir umsókninni.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreikninga hreppsins, og skal þar greint á milli rekstraráætlunar, fjárfestingaráætlunar og áætlunar um fjármagnshreyfingar.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur hreppsnefnd ákvarðanir um nýtingu tekjustofna hreppssjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár, ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármagns á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af veltufjárstöðu hreppssjóðs í byrjun fjárhagsárs og áætla fyrir þeim breytingum, sem nauðsynlegt er talið að gera á veltufjárstöðunni.

9. gr.

Fjárhagsáætlun skv. 8. gr. skal vera meginregla um fjármálastjórn hreppsins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr hreppssjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöldin séu lögbundin, samningsbundin eða samþykkt af hreppsnefnd.

Samþykki hreppsnefnd fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar, skal hún jafnframt taka ákvörðun um, hvernig afla skuli fjár til þeirra útgjalda s.s. með lækkun annarra útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé.

10. gr.

Hafi forsendur fyrir gerð fjárhagsáætlunar breyst verulega, s.s. ef verðlagsbreytingar hafa orðið verulega meiri en ráð var fyrir gert, er hreppsnefnd heimilt að endurskoða fjárhagsáætlunina. Slíkar breytingar afgreiðir hreppsnefnd við eina umræðu, enda hafi breytingartillögurnar verið kynntar hreppsnefndarmönnum á sannanlegan hátt og í tæka tíð samkvæmt 16. gr.

11. gr.

Hreppsnefnd skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga hreppssjóðs, fyrirtækja hans og stofnana eigi síðar en í júnílok ár hvert skv. 88. gr. sveitarstjórnarlaga sbr. 82. og 83. gr. sömu laga. Eintak af ársreikningnum skal senda Hagstofu Íslands og félagsmálaráðuneytinu fyrir 31. júlí ár hvert. Viðurlög skv. 2. mgr. 88. gr. sveitarstjórnarlaga liggja við vanrækslu hreppsnefndar á afgreiðslu og skilum ársreikninga.

III. KAFLI
Um fundarsköp hreppsnefndar.

12. gr.

Hreppsnefnd heldur reglulega fundi mánaðarlega og skal hreppsnefnd í upphafi kjörtímabils ákveða fundardaga.

Hreppsnefndarfundir skulu að jafnaði hefjast kl. 20.00, nema hreppsnefnd ákveði annað. Heimilt er að fella niður fundi í hreppsnefnd í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

Aukafundi skal halda í hreppsnefnd eftir því sem þörf krefur að mati oddvita hreppsins og sveitarstjóra og skylt er að halda aukafund í hreppsnefnd ef a.m.k. þriðjungur hreppsnefndarmanna krefst þess.

13. gr.

Aldursforseti nýkjörinnar hreppsnefndar kveður hreppsnefndina saman til fyrsta fundar að afloknum hreppsnefndarkosningum, eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, sbr. 2. gr. samþykktar þessarar, þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag.

Aldursforseti getur falið sveitarstjóra að boða fyrsta fund nýkjörinnar hreppsnefndar.

14. gr.

Sveitarstjóri, sbr. þó 13. gr. samþykktar þessarar, boðar hreppsnefndarfundi og ákveður jafnframt fundarstað, hafi hreppsnefnd ekki gert það.

Hreppsbúum skal kunngert með auglýsingu, hvar og hvenær hreppsnefndarfundir eru haldnir.

15. gr.

Sveitarstjóri semur dagskrá hreppsnefndarfundar, sem fylgir fundarboði.

Á dagskrá hreppsnefndarfundar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar s.s. kosningar oddvita hreppsnefndar, kosningar nefnda, ráða og stjórna svo og kosningar eða ráðningar sveitarstjóra og annarra starfsmanna hreppsins.
2. Fundargerðir hreppsráðs, nefnda, ráða og stjórna á vegum hreppsins, ef, eða að svo miklu leyti, sem hreppsnefnd þarf að samþykkja ályktanir, sem í þeim felast, sbr. 61. gr. samþykktar þessarar.
3. Önnur mál, sem falla undir verksvið hreppsnefndar og sveitarstjóri ákveður að taka á dagskrá eða einhver hreppsnefndarmanna óskar, að tekin verði á dagskrá. Hreppsnefndarmaður, sem óskar að fá mál tekið á dagskrá hreppsnefndarfundar, skal tilkynna það sveitarstjóra skriflega með tillögu eða fyrirspurn a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Dagskrá hreppsnefndarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna, sem sveitarstjóri telur nauðsynleg. Dagskrá skal jafnframt fylgja afrit fundargerðar síðasta hreppsnefndarfundar.

16. gr.

Sveitarstjóri skal í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir hreppsnefndarfund hafa boðsent hreppsnefndarmönnum fundarboð hreppsnefndarfundar ásamt dagskrá og fylgigögnum.

17. gr.

Sveitarstjóri skal boða hreppsnefndarmenn símleiðis til aukafundar í hreppsnefnd a.m.k. sólarhring fyrir fund.

18. gr.

Aldursforseti hreppsnefndar setur fyrsta fund nýkjörinnar hreppsnefndar og stýrir honum, uns oddviti hreppsnefndar hefur verið kjörinn.

Oddviti hreppsnefndar skal kjörinn til eins árs, nema hreppsnefnd ákveði annað.

Sá er rétt kjörinn oddviti, sem fengið hefur atkvæði meirihluta hreppsnefndarmanna. Verði þeim atkvæðafjölda eigi náð, skal kjósa að nýju um þá tvo, sem flest atkvæði fengu. Hafi þrír eða fleiri hreppsnefndarmenn fengið jafnmörg atkvæði, skal varpa hlutkesti, um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn oddviti hreppsnefndar, sem fleiri atkvæði fær. Verði atkvæði jöfn, skal hlutkesti ráða kosningu.

Oddviti hreppsnefndar stjórnar kjöri varaoddvita hreppsnefndar og skal sömu aðferð

beitt við kosningu hans, sbr. næstu málsgrein hér að framan. Varaoddviti skal kjörinn til jafnlangs tíma og oddviti.

Sé hvorki oddviti né varaoddviti á fundi, gegnir aldursforseti oddvitastörfum, nema hreppsnefnd ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Ef oddviti deyr eða verður varanlega forfallaður frá oddvitastörfum, skal kjósa oddvita í hans stað til loka kjörtímabils oddvita.

19. gr.

Hreppsnefnd getur kosið skrifara og varaskrifara úr hópi hreppsnefndarmanna til eins árs í senn á sama fundi og oddvitakosning fer fram. Skrifarar skulu kosnir hlutfallskosningu.

Skrifarar skulu telja saman atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í hreppsnefnd.

20. gr.

Hreppsnefndarfund skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim, eftir því sem húsrúm leyfir, en reglulega fundi skal halda í húsnæði sem fullnægir ákvæðum laga um aðgengi fatlaðra.

Hreppsnefnd getur ákveðið, að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum s.s. viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál, sem æskilegt er vegna hagsmuna hreppsins, að rædd verði fyrir luktum dyrum. Jafnframt getur hreppsnefnd ákveðið, að hreppsnefndarfundur, þar sem eingöngu er fjallað um slík mál, verði haldinn fyrir luktum dyrum. Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í hreppsnefnd.

Óheimilt er að skýra frá því, sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í hreppsnefnd.

21. gr.

Hreppsnefndarfundur er lögmætur, ef meira en helmingur hreppsnefndarmanna er á fundi. Hreppsnefnd getur enga bindandi ályktun gert, nema fundur sé lögmætur.

22. gr.

Oddviti hreppsnefndar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans og stjórnar umræðum og afgreiðslu mála, sér um að fundargerðir séu færðar og slítur fundi, þegar dagskrá hans er tæmd. Oddviti úrskurðar um skilning á fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar hreppsnefndar. Oddviti sér um, að allt fari skipulega og löglega fram á hreppsnefndarfundum og er hreppsnefndarmönnum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Raski áheyrandi fundarfriði, getur oddviti vísað honum úr fundarsal. Leyfi oddvita þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á hreppsnefndarfundum.

23. gr.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í hreppsnefnd í þeirri röð, sem þau eru á dagskrá, nema oddviti eða hreppsnefnd ákveði annað.

Heimilt er að taka til meðferðar á hreppsnefndarfundi mál, sem ekki hefur verið á dagskrá, ef $^2/_3$ viðstaddra hreppsnefndarmanna samþykkja slíkt afbrigði.

24. gr.

Hreppsnefnd afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlun hreppsins.
2. Ársreikninga hreppsins og fyrirtækja hans.
3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár, sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4. Áætlanir fyrir hreppinn, sem gilda eiga til lengri tíma, s.s. þriggja ára áætlanir og skipulagsáætlanir.
5. Beiðni um fjárhagsaðstoð skv. 90. gr. sveitarstjórnarlaga.

25. gr.

Hreppsnefndarmanni er skylt að sækja hreppsnefndarfundi nema lögmæt forföll hamli svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi. Sé hreppsnefndarmaður forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til oddvita eða sveitarstjóra sem boðar þá varamann á fund. Hreppsnefndarmanni, sem forfallast um stundarsakir er heimilt að ákveða hver varamanna hans skuli taka sæti á hreppsnefndarfundi ella tekur varamaður sæti samkvæmt ákvæðum 1. og 2. mgr. 35. gr. sveitarstjórnarlaga.

Sveitarstjóri skal sitja fundi hreppsnefndar með málfrelsi og tillögurétt, en ekki hefur hann atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn hreppsnefndarmaður.

Hreppsnefnd getur heimilað að maður utan hreppsnefndar kveðji sér hljóðs á hreppsnefndarfundi.

26. gr.

Hreppsnefndarmanni ber að víkja sæti við umræður og afgreiðslu máls þegar það varðar hann sjálfan, skyldmenni eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti af því. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Hreppsnefnd sker umræðulaust úr hvort mál er svo vaxið. Hreppsnefndarmaður, sem hlut á að máli, má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt. Hreppsnefndarmanni, sem veit hæfi sitt orka tvímælis, ber að skýra oddvita hreppsnefndar frá því.

Hreppsnefndarmaður, sem vanhæfur er við úrlausn máls, skal yfirgefa fundarsal hreppsnefndar við umræðu og afgreiðslu þess.

27. gr.

Hreppsnefndarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum hreppsnefndar. Hreppsnefndarmaður, sem taka vill til máls, skal óska heimildar oddvita. Að jafnaði skulu hreppsnefndarmenn taka til máls í þeirri röð, sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu, ef um er að ræða sveitarstjóra eða hreppsnefndarmann, sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri hreppsnefndarmenn kvatt sér hljóðs samtímis, ákveður oddviti, í hvaða röð þeir skuli tala.

28. gr.

Hreppsnefndarmaður skal beina máli sínu til oddvita. Þegar til umræðu er fundargerð nefnda, ráða eða stjórna skal hreppsnefndarmaður taka fram, hvaða lið/liði fundargerðarinnar hann óskar að ræða.

Hreppsnefndarmaður má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó hreppsnefndarmanni að taka oftar til máls, til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd við fundarsköp. Sveitarstjóri eða flutningsmaður tillögu mega þó tala oftar en tvisvar við hverja umræðu máls.

Ekki má hreppsnefndarmaður lesa upp prentað mál við umræður í hreppsnefnd nema með leyfi oddvita.

29. gr.

Beri hreppsnefndarmaður aðra menn brigslum, skal oddviti víta hann. Oddviti getur lagt til við hreppsnefnd, að hreppsnefndarmaður, sem víttur hefur verið tvisvar á sama fundi, verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hlýðnist hreppsnefndarmaður ekki úrskurði oddvita eða hreppsnefndar eða ef óregla kemur upp á fundi, skal oddviti gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta fundi, ef nauðsyn krefur.

30. gr.

Telji oddviti umræður dragast úr hófi fram, getur hann lagt fram dagskrártillögu um, að ræðutími hvers hreppsnefndarmanns verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver hreppsnefndarmaður getur og borið fram slíkar tillögur. Hreppsnefnd afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo, að hún standi skemur en tvær klukkustundir, ef einhver hreppsnefndarmaður kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.

31. gr.

Hreppsnefndarmaður getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál, sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar, ef oddviti óskar. Oddviti ákveður, í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu.

32. gr.

Mál er afgreitt í hreppsnefnd með því að samþykkja það eða fella það, vísa því frá hreppsnefnd eða vísa því til afgreiðslu annarrar nefndar eða sveitarstjóra. Máli, sem hreppsnefnd ber að lögum að afgreiða, verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra.

Þá er hreppsnefnd heimilt að fresta afgreiðslu máls, nema um sé að ræða mál, sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

33. gr.

Atkvæðagreiðsla á hreppsnefndarfundi fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Oddviti biður þá hreppsnefndarmenn sem samþykkja mál, að rétta upp hægri hönd sína. Að því búnu leitar oddviti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir oddviti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið, að oddviti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það, skýrir hann frá því, að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Oddviti getur ákveðið, að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber oddvita að láta fara fram nafnakall, ef a.m.k. þriðjungur hreppsnefndarmanna óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá hreppsnefndarmanna í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti, hvaða hreppsnefndarmaður greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall svarar hreppsnefndarmaður, þegar oddviti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða móti eða tekur fram, að hann greiði ekki atkvæði, en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu, ef hreppsnefndarmaður óskar og hreppsnefnd samþykkir.

Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar.

34. gr.

Við atkvæðagreiðslu ræður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum máls nema öðruvísi sé ákveðið í lögum. Verði atkvæði jöfn með máli og móti, fellur það.

Kosningar, sem fram fara í hreppsnefnd, skulu vera hlutfallskosningar skv. d´Hondts reglu sbr. 16. og 17. gr. sveitarstjórnarlaga.

Þegar kjósa skal einn fulltrúa eða ráða starfsmann úr hópi margra, sem tillögur hafa komið fram um, skal kosning fara fram með sama hætti og kosning oddvita hreppsnefndar sbr. 3. mgr. 18. gr. þessarar samþykktar.

35. gr.

Hreppsnefnd getur ráðið sérstakan fundarritara utan hreppsnefndar til að annast ritun fundargerða í gerðabók hreppsnefndar. Í fundargerð skal getið, hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál, sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvaða afgreiðslu þau fá. Sé mál ekki afgreitt samhljóða, skal greina í fundargerð, hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda, nægir að skrá í fundargerð hreppsnefndar, um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda tölusliða.

Mál, sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi sbr. 3. mgr. 20. gr. samþykktar þessarar skal skrá sem trúnaðarmál.

Hreppsnefndarmaður á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til máls, sem til meðferðar er í hreppsnefnd.

Oddviti skal hafa eftirlit með því, að fundargerðir séu skipulega og rétt færðar.

Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og skulu allir viðstaddir hreppsnefndarmenn undirrita hana nema hreppsnefnd ákveði annað.

Hreppsnefndarmaður, sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð, getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

Hreppsnefnd getur ákveðið, að umræður á hreppsnefndarfundum skuli hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti. Verði það ákveðið, skal hreppsnefnd setja um það nánari reglur.

IV. KAFLI
Um réttindi og skyldur hreppsnefndarmanns.

36. gr.

Hreppsnefndarmaður á rétt á að fá mál samkvæmt 4. og 5. gr. samþykktar þessarar tekið á dagskrá hreppsnefndarfundar, enda tilkynni hann það sveitarstjóra skriflega a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

37. gr.

Hreppsnefndarmanni er bæði rétt og skylt að sækja fundi hreppsnefndar nema lögmæt forföll hamli sbr. 25. gr. samþykktar þessarar. – Hreppsnefndarmaður er skyldur til að taka að sér þau störf, sem hreppsnefnd felur honum og varða verkefni hreppsnefndar, s.s. oddvitastörf og störf í nefndum á vegum hreppsnefndar. Þó getur sá, sem verið hefur oddviti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í nefnd sama tímabil, skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

38. gr.

Nú telur hreppsnefndarmaður sig ekki geta gegnt skyldum sínum í hreppsnefnd án óhæfilegs álags og getur hreppsnefnd þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 25. gr. samþykktar þessarar.

39. gr.

Hreppsnefndarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum hreppsnefndar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

Hreppsnefndarmanni er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál, sem hreppsnefnd er að lögum skylt að afgreiða s.s. fjárhagsáætlun eða ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir, getur oddviti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu, ef minna en helmingur hreppsnefndarmanna tekur þátt í atkvæðagreiðslunni.

40. gr.

Hreppsnefndarmanni ber að gegna störfum sínum í hreppsnefnd af alúð og samviskusemi og gæta hagsmuna hreppsins, en í störfum sínum er hreppsnefndarmaður einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

41. gr.

Hreppsnefndarmaður á aðgang að bókum og skjölum hreppsins og einnig óhindraðan aðgang að stofnunum og fyrirtækjum hans á venjulegum afgreiðslutíma til upplýsingaöflunar vegna starfa sinna.

42. gr.

Hreppsnefndarmaður skal gæta þagnarskyldu um það, sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum, eðli máls eða sérstakri ákvörðun hreppsnefndar.

43. gr.

Hreppsnefndarmanni ber að víkja sæti við umræður og afgreiðslu máls, þegar það varðar hann sjálfan, skyldmenni eða nána venslamenn hans svo mjög, að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju eða öllu leyti þar af. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Hreppsnefnd sker umræðulaust úr, hvort mál er svo vaxið. Hreppsnefndarmaður, sem hlut á að máli, má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt. Hreppsnefndarmanni, sem veit hæfi sitt orka tvímælis, ber að vekja athygli oddvita hreppsnefndar á því. Hreppsnefndarmaður, sem vanhæfur er við úrlausn máls, skal yfirgefa fundarsal hreppsnefndar við umræður um málið og afgreiðslu þess.

44. gr.

Hreppsnefndarmaður skal fá þóknun fyrir störf sín í hreppsnefnd. Hreppsnefndarmaður, sem þarf að fara um langan veg milli heimilis og fundarstaðar hreppsnefndar, skal auk þess fá greiddan ferðakostnað.

Takist hreppsnefndarmaður á hendur ferð á vegum hreppsins skv. ákvörðun hreppsnefndar á hann rétt á greiðslu ferða- og dvalarkostnaðar.

45. gr.

Haga skal fundum hreppsnefndar þannig, að hreppsnefndarmaður eigi möguleika á að taka sér orlof árlega sbr. 12. gr. samþykktar þessarar.

46. gr.

Geti hreppsnefndarmaður ekki sótt hreppsnefndarfund/fundi vegna veikinda eða af öðrum ástæðum tekur varamaður sæti hans meðan þannig hagar til, samkvæmt 25. gr. samþykktar þessarar.

47. gr.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur hreppsnefndarmanna gilda einnig um varamenn, sem sitja hreppsnefndarfundi.

V. KAFLI
Hreppsráð Ölfushrepps.

48. gr.

Hreppsnefnd kýs fulltrúa í hreppsráð samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar, bundnar hlutfallskosningar, ef einhver hreppsnefndarmanna óskar þess.

49. gr.

Hreppsnefnd skal á fyrsta fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum kjósa þrjá fulltrúa í hreppsráð til eins árs og jafnmarga til vara. Aðalfulltrúar í hreppsnefnd eru einir kjörgengir sem aðalmenn og varamenn í hreppsráð.

Sveitarstjóri á sæti í hreppsráði með málfrelsi og tillögurétt, en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins að hann sé hreppsnefndarmaður og kjörinn í hreppsráð.

Heimilt er hreppsnefnd að gefa fulltrúa flokks sem á fulltrúa í hreppsnefnd en ekki í hreppsráði kost á setu í hreppsráði með málfrelsi og tillögurétt. Skylt er að gefa fulltrúa flokka/framboðsaðila kost á setu í hreppsráði með málfrelsi og tillögurétt þann tíma sem fundir hreppsnefndar falla niður vegna sumarleyfa.

50. gr.

Í upphafi kjörtímabils hvers hreppsráðs skal ákveða reglulega fundardaga og fundartíma. Aukafundi skal halda, ef sveitarstjóri, formaður hreppsráðs eða a.m.k. tveir hreppsráðsmenn óska þess.

51. gr.

Sveitarstjóri undirbýr hreppsráðsfundi. Hann sér um, að hreppsráð sé boðað til fundar með skriflegu fundarboði ásamt dagskrá a.m.k. einum sólarhring fyrir fund. Geti hreppsráðsmaður ekki sótt fund, skal hann að jafnaði boða varamann sinn eða hlutast til um, að varamaður verði boðaður. Hafi sveitarstjóri fengið vitneskju um forföll hreppsráðsmanns, skal hann boða eða láta boða varamann hans á fund.

52. gr.

Á fyrsta fundi nýkjörins hreppsráðs skal kjósa formann og varaformann hreppsráðs. Formaður hreppsráðs stjórnar fundum þess og sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum þess. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum, sem upp kunna að koma út af fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar hreppsráðs. Formaður hreppsráðs getur falið sveitarstjóra stjórn fundar hreppsráðs.

Heimilt er að taka mál til meðferðar í hreppsráði, þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls, ef einhver hreppsráðsmaður óskar þess.

Hreppsráð getur ráðið sér fundarritara utan hreppsráðs. Í fundargerð hreppsráðs skal skrá hvar og hvenær fundir eru haldnir og hverjir sitja þá. Þá skal skrá í fundargerð mál, sem ráðið tekur til umræðu og afgreiðslu, frá hverjum þau eru, hvenær þau eru dagsett, efni þeirra stutt og skilmerkilega og hvaða afgreiðslu þau hljóta.

53. gr.

Hreppsráð fer ásamt sveitarstjóra með framkvæmdastjórn hreppsins og fjármálastjórn að því leyti sem slík stjórn er ekki öðrum falin. Hreppsráð hefur umsjón með stjórnsýslu hreppsins, undirbúningi árlegrar fjárhagsáætlunar, semur drög að fjárhagsáætlun sveitarsjóðs og sveitarsjóðsfyrirtækja að fengnum tillögum hlutaðeigandi stjórna og leggur þau fyrir hreppsnefnd í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga. Þá sér hreppsráð um, að ársreikningar sveitarsjóðs séu samdir og þeir ásamt ársreikningum hreppsstofnana lagðir fyrir hreppsnefnd til afgreiðslu, svo sem sveitarstjórnarlög mæla fyrir um.

Hreppsráð gerir tillögur til hreppsnefndar um afgreiðslu einstakra mála, sem það fær til meðferðar. Hreppsráði er þó heimil fullnaðarafgreiðsla mála, sem ekki varða verulega fjárhag hreppssjóðs eða stofnana hans, enda sé ekki ágreiningur milli hreppsráðsmanna eða við sveitarstjóra um slíka afgreiðslu. Hreppsráð ákveður skiptingu og ráðstöfun fjár, sem ætlað er til einstakra málaflokka skv. fjárhagsáætlun, s.s. til gatnagerðar, nýbygginga og óvissra útgjalda.

Þá getur hreppsnefnd falið hreppsráði fullnaðarafgreiðslu mála nema lög mæli á annan veg.

54. gr.

Skylt er starfsmönnum Ölfushrepps að sitja fundi hreppsráðs, ef þess er óskað.

VI. KAFLI
Nefndir og ráð.

55. gr.

Hreppsnefnd kýs fulltrúa í nefndir, ráð og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar, bundnar hlutfallskosningar, ef einhver hreppsnefndarmanna óskar þess.

Forstöðumenn og stjórnendur fyrirtækja og stofnana hreppsins eru ekki kjörgengir í stjórnir þeirra stofnana sem þeir starfa hjá.

56. gr.

Hreppsnefnd kýs formenn og varaformenn stjórna, ráða og nefnda nema lög, reglugerðir eða samþykktir kveði á um annað.

57. gr.

Formaður nefndar boðar eða lætur boða fundi í nefnd með a.m.k. sólarhrings fyrirvara.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir, skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Þegar aðalmaður í nefnd flyst burt úr hreppnum, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega, tekur varamaður hans sæti nema hreppsnefnd ákveði að kjósa aðalmann að nýju.

Hafi tveir eða fleiri flokkar eða framboðsaðilar haft samstarf um nefndarkosningar, skal sá, sem tilnefndi viðkomandi nefndarmann, einnig tilnefna varamann hans, sé eigi öðruvísi ákveðið í yfirlýsingu skv. 2. mgr. 35. gr. sveitarstjórnarlaga.

58. gr.

Nefndarfundur skal haldinn fyrir luktum dyrum. Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn hreppsins. Ennfremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

59. gr.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði III. og IV. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnum hreppsins, eftir því sem við á.

60. gr.

Um skipan nefnda, ráða og stjórna á vegum hreppsins, valdsvið þeirra og hlutverk fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum hreppsnefndar.

Nefndum, ráðum eða stjórnum má ekki framselja vald til fullnaðarafgreiðslu mála eða málaflokka sem hreppsnefnd er fengið með lögum.

61. gr.

Nefndir, ráð og stjórnir hreppsins skulu halda gerðabækur. Á fyrsta fundi nefndar skal kjósa ritara sem færa skal fundargerð í gerðabók. Nefnd getur þó ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndar. Í fundargerð skal skrá, hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji hann. Þá skal skrá í fundargerð einstök mál, sem tekin eru fyrir á fundi, dagsetningu þeirra, nöfn aðila, meginefni og hvaða afgreiðslu þau hljóta. Í fundarlok skal fundargerð lesin upp og allir viðstaddir nefndarmenn undirrita hana.

62. gr.

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna hreppsins skulu að jafnaði teknar á dagskrá hreppsráðs og síðan hreppsnefndar og skal það gert fljótlega að afloknum nefndarfundi.

Ályktun nefndar, ráðs eða stjórnar sem hefur í för með sér útgjöld, skal ætíð lögð fyrir hreppsráð og síðan hreppsnefnd til endanlegrar afgreiðslu.

63. gr.

Hreppsnefnd kýs í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir:

A. **Til eins árs.** Á fundi í júní ár hvert:

1. *Hreppsráð.* Þrír aðalfulltrúar í hreppsnefnd sem aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 55. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
2. *Skoðunarmenn.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 84. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
3. *Tvær undirkjörstjórnir við alþingiskosningar* skv. 10. gr. laga nr. 80/1987 um kosningar til Alþingis. Önnur fyrir dreifbýli í Ölfusi, hin fyrir Þorlákshöfn og nágrenni. Kosnir skulu þrír aðalmenn og jafnmargir til vara í hvora kjördeild, en þó skal hreppstjóri koma í stað aðalmanns í þeirri kjördeild sem hann á lögheimili í.

B. **Til fjögurra ára.** Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum hreppsnefndarkosningum:

1. *Almannavarnanefnd.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 8. gr. laga nr. 94/1962 um almannavarnir, sbr. 5. gr. laga nr. 85/1985.
2. *Byggingarnefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. byggingarlaga nr. 54/1978. Ennfremur annast byggingarnefnd verkefni húsaleigunefndar skv. 76. gr. laga nr. 44/1979 um húsaleigusamninga.
3. *Félagsmálaráð.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 5. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga. Félagsmálaráð annast einnig störf þau, sem áfengisvarnarnefnd og barnaverndarnefnd eru falin skv. áfengislögum nr. 82/1969 og lögum nr. 58/1992 um vernd barna og ungmenna.
4. *Íþrótta- og æskulýðsnefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara, sem starfa samkvæmt erindisbréfi frá hreppsnefnd.
5. *Skólanefnd grunnskóla Þorlákshafnar.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv.

19. gr. laga nr. 49/1991 um grunnskóla. Skólanefnd fer jafnframt með málefni leikskóla samkvæmt ákvæðum laga nr. 78/1994 um leikskóla.
6. *Skólanefnd grunnskóla Hveragerðis.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 19. gr. laga nr. 49/1991 um grunnskóla.
7. *Stjórn Egilsbúðar.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 7. gr. laga nr. 50/1976 um almenningsbókasöfn.
8. *Bókasafn Hveragerðis og Ölfuss.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 7. gr. laga nr. 50/1976 um almenningsbókasöfn.
9. *Stjórn Hitaveitu Þorlákshafnar.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara samkvæmt reglugerð nr. 268/1980.
10. *Hafnarstjórn.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 9. gr. hafnalaga nr. 23/1994.
11. *Húsnæðisnefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 40. gr. laga nr. 97/1993 um Húsnæðisstofnun ríkisins.
12. *Stjórn heilsugæslustöðvar.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 21. gr. laga nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu.
13. *Kjörstjórn við sveitarstjórnarkosningar.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara og tvær undirkjörstjórnir skipaðar þremur aðalmönnum og jafnmörgum til vara í hvorri kjördeild, skv. 23. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
14. *Umhverfis- og náttúruverndarnefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin annast störf náttúru- og gróðurverndarnefnda skv. 3. gr. náttúruverndarlaga nr. 47/1971 og 19. gr. laga nr. 17/1965 um landgræðslu.
15. *Heilbrigðisnefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.
16. *Skipulagsnefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. skipulagslögum nr. 19/1964. Nefndin fer með umferðarmál skv. 2. mgr. 116. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Heimilt er að fela byggingarnefnd að fara með skipulags- og umferðarmál.
17. *Atvinnumálanefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Hlutverk nefndarinnar er að vera hreppsnefnd til ráðuneytis um atvinnumál í byggðarlaginu.
18. *Búfjáreftirlitsmenn.* Tveir menn og jafnmargir til vara skv. 9. gr. laga nr. 46/1991 um búfjárhald.
19. *Stjórn Bláfjallafólkvangs.* Einn aðalmaður og einn til vara skv. reglum um stjórn Bláfjallafólkvangs.
20. *Fjallskilanefnd.* Fimm aðalmenn og tveir til vara. Nefndin sér um fjallskil samkvæmt fjallskilareglugerð og varnir gegn riðuveiki samkvæmt reglugerð um varnir gegn útbreiðslu riðuveiki.
21. *Stjórn vinnumiðlunar.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 9. gr. laga nr. 18/1985 um vinnumiðlun.

C. Kosning og tilnefning fulltrúa í nefndir og ráð sem leiða af samstarfi sveitarfélaga á Suðurlandi, Árnessýslu og Sambandi íslenskra sveitarfélaga eftir því sem lög, reglur og samþykktir segja til um.

D. Hreppnefnd getur kosið nefndir og fulltrúa til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda og fulltrúa fellur niður í lok kjörtímabils sveitarstjórnar og fyrr ef verkefni nefndar er lokið. Hreppsnefnd getur þó afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.

VII. KAFLI
Um framkvæmdastjórn og starfslið hreppsins.

64. gr.

Hreppsnefnd ræður sveitarstjóra. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við sveitarstjóra þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma hans, kaup og kjör. Ráðningarsamningur skal staðfestur af hreppsnefnd.

65. gr.

Sveitarstjóri er framkvæmdastjóri hreppsins. Hann undirbýr fundi hreppsráðs og hreppsnefndar, semur dagskrá og boðar til funda sbr. 14. gr. samþykktar þessarar. Hann á sæti á fundum hreppsnefndar og hreppsráðs og hefur rétt til setu á fundum nefnda hreppsins með sömu réttindum og um getur í 2. mgr. 49. gr.

Sveitarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana hreppsnefndar og hreppsmálefna að svo miklu leyti sem hreppsnefnd hefur ekki ákveðið annað.

Sveitarstjóri er prókúruhafi hreppssjóðs. Hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna hreppsins, lántökur og aðrar skuldbindingar.

Hreppsnefnd ákveður hver gegnir störfum sveitarstjóra í forföllum hans.

66. gr.

Hreppsnefnd ræður fasta starfsmenn hreppsins í helstu stjórnunarstöður s.s. yfirmenn stofnana og deilda hreppsins og veitir þeim lausn frá störfum.

67. gr.

Hreppsráð ræður aðra fasta starfsmenn en þá sem greinir í 66. gr. nema á annan veg sé mælt í reglugerð eða reglum sem hreppsnefnd hefur sett.

68. gr.

Fastráðnir starfsmenn hreppsins skulu ráðnir til óákveðins tíma með gagnkvæmum 3 mánaða uppsagnarfresti miðað við mánaðamót. Þeir hafa réttindi og skyldur opinberra starfsmanna sbr. lög nr. 38/1954 eftir því sem við á.

Gera skal skriflegan ráðningarsamning við fastráðna starfsmenn, þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma og uppsagnarfrest sbr. 1. mgr. svo og starfssvið þeirra. Um kaup og kjör fer eftir ráðningarsamningi og gildandi kjarasamningum.

69. gr.

Sveitarstjóri ræður lausráðna starfsmenn í samráði við forstöðumenn stofnana og fyrirtækja hreppsins eftir þeim reglum sem hreppsráð setur. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarfélags.

70. gr.

Afbrigði frá samþykkt þessari getur hreppsnefnd gert í einstökum tilfellum þegar nauðsyn ber til, ef $^2/_3$ mættra hreppsnefndarmanna samþykkir það.

71. gr.

Til þess að gera breytingar á samþykkt þessari þarf umræður á tveimur fundum í hreppsnefnd, samþykki meirihluta greiddra atkvæða og staðfestingu félagsmálaráðuneytisins.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Ölfushrepps hefur sett samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 7. gr. og 49. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um stjórn og fundarsköp Ölfushrepps nr. 260/1988.

Félagsmálaráðuneytið, 6. júní 1994.

F. h. r.
Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

10. júní 1994 Nr. 318

AUGLÝSING

um hækkun bifreiðagjalds þann 1. júlí 1994.

Með vísan til 5. gr. laga nr. 39/1988, um bifreiðagjald, með síðari breytingum, sbr. 6. gr. reglugerðar nr. 590/1987, um bifreiðagjald, með síðari breytingum, tilkynnist hér með að grunngjöld bifreiðagjalds og lágmarksgjald vegna nýskráðra bifreiða verða þann 1. júlí 1994 sem hér segir:

Fyrir hvert kílógramm af eigin þyngd kr. 5,64.
Fyrir hvert kílógramm umfram 1000 kg skal greiða að auki kr. 3,66.
Þó skal aldrei greiða lægra gjald en kr. 2.882, né hærra gjald en kr. 18.210.
Lágmarksgjald vegna nýskráningar skal vera kr. 1.141.

Fjármálaráðuneytið, 10. júní 1994.

F. h. r.
Snorri Olsen.

Rúnar Hannesson.

AUGLÝSING

um sérstaka tollmeðferð vegna fríverslunarsamnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og lýðveldisins Póllands og tvíhliða samnings Íslands og lýðveldisins Póllands um landbúnaðarafurðir.

Inngangur.

Að því er Ísland varðar öðlaðist fríverslunarsamningur milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og lýðveldisins Póllands og tvíhliða samningur Íslands og lýðveldisins Póllands um landbúnaðarafurðir gildi hinn 15. nóvember 1993.

Með fríverslunarsamningnum hafa EFTA-ríkin og Pólland ákveðið að koma stig af stigi á fríverslunarsvæði, m.a. vegna vöruviðskipta milli aðildarríkjanna eins og nánar er kveðið á um í samningnum. Samningurinn nær einungis til viðskipta milli einstakra EFTA-ríkja og Póllands, en ekki til viðskipta milli einstakra EFTA-ríkja, nema kveðið sé á um annað í samningnum.

Auglýsing þessi kveður nánar á um sérstaka tollmeðferð á vörum samkvæmt ákvæðum nefndra samninga að því marki sem vörur eru ekki tollfrjálsar samkvæmt beinum fyrirmælum tollskrárinnar í viðauka I við tollalög nr. 55/1987, með síðari breytingum, dálki A, eða leiðir af einstökum ákvæðum tollalaga.

Innflutningur.

1. gr.

Ekki skal greiða toll við innflutning af eftirfarandi vörum, sem upprunnar eru í Póllandi, að uppfylltum öðrum skilyrðum auglýsingar þessarar:

1. Vörur, sem falla undir tollskrárnúmer í köflum 25-97 í tollskrá í viðauka I við tollalög nr. 55/1987 með síðari breytingum, enda beri tollskrárnúmerið 0% toll samkvæmt dálki merktum E í tollskránni.
2. Vörur, sem unnar eru úr landbúnaðarhráefnum, enda falli þær undir tollskránúmer, sem upp eru talin í fylgiskjali I.
3. Fiskur og aðrar sjávarafurðir, enda falli þær undir tollskrárnúmer, sem talin eru upp í fylgiskjali II.

2. gr.

Tollfríðindi samkvæmt 1. gr. eru bundin því skilyrði að vörurnar séu upprunnar í Póllandi í skilningi ákvæða bókunar B við fríversluanarsamninginn og gætt sé ákvæða um sönnun uppruna með framlagningu EUR. 1 flutningsskírteinis eða vörureiknings með upprunayfirlýsingu svo og annarra ákvæða sem gilda um fríðindameðferð samkvæmt ákvæðum fríverslunarsamningsins. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 12. gr. bókunarinnar er fullnægjandi að EUR. 1 flutningsskírteini sé afhent tollyfirvaldi, þar sem vöru er framvísað, innan tólf mánaða frá þeim degi, er tollyfirvald í útflutningslandi gaf skírteinið út, sbr. 1. mgr. 12. gr. auglýsingar nr. 404/1987.

Ríkistollstjóra er falin framkvæmd 13., 17. og 2. mgr. 18. gr. bókunar B við fríverslunarsamninginn.

Ákvæði bókunar B eru samhljóða ákvæðum bókunar B við fríverslunarsamning milli EFTA-ríkjanna og Tékkneska og slóvakíska sambandslýðveldisins, sem birtur er sem fylgiskjal V við auglýsingu nr. 73/1993 í B-deild Stjórnartíðinda og skulu ákvæði hennar gilda um meðferð vara, sem þessi auglýsing tekur til með þeim undantekningum, sem greinir í fylgiskjali V við þessa auglýsingu.

3. gr.

Samkvæmt tvíhliða samningi Íslands og Póllands skal ekki greiða toll af innfluttum landbúnaðarvörum, sem falla undir tollskrárnúmer, sem talin eru upp í fylgiskjali III, að uppfylltum öðrum skilyrðum auglýsingar þessarar.

Tollfríðindi samkvæmt 1. mgr. eru bundin því skilyrði, að vörurnar séu upprunnar í Póllandi samkvæmt upprunareglum og viðauka við þær, sem birt er í fylgiskjali IV við auglýsingu þessa.

4. gr.

Ákvæði þessarar auglýsingar hafa ekki áhrif á innheimtu annarra aðflutningsgjalda sem kunna að vera lögð á umræddar vörur við innflutning.

Útflutningur.

5. gr.

Ákvæði þessarar auglýsingar gilda einnig um útflutning til Póllands á vörum upprunnum á Íslandi eftir því sem nánar greinir í ákvæðum nefnds fríverslunarsamnings svo og bókana við hann, sbr. einnig 3. mgr. 2. gr. þessarar auglýsingar.

Auk fjármálaráðuneytisins og tollyfirvalda veita viðskiptaskrifstofa utanríkisráðuneytisins og Útflutningsráð upplýsingar um sérstaka tollmeðferð á vörum upprunnum á Íslandi, sem ákvæði samnings EFTA-ríkjanna og Póllands taka til.

Gildistökuákvæði o.fl.

6. gr.

Að því leyti, sem ekki er kveðið á um tollframkvæmd í auglýsingu þessari gilda ákvæði nefnds fríverslunarsamnings og tvíhliða samnings svo og bókana og viðauka, sem birt er í C-deild Stjórnartíðinda, um sérstaka tollmeðferð, m.a. um álagningu verðjöfnunargjalda á vörur úr landbúnaðarhráefnum, og ákvæði tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, og reglugerðir og önnur fyrirmæli sett samkvæmt þeim.

7. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 1. tölulið 6. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 9. júní 1994.

F. h. r.
Indriði H. Þorláksson.

Ingibjörg Þorsteinsdóttir.

Fylgiskjal I

Vörur úr landbúnaðarhráefnum sem njóta fríðindameðferðar samkvæmt 2. tl. 1. gr. auglýsingarinnar.

Vörur, sem flokkast í eftirfarandi tollskrárnnúmer, sbr. tollskrá í viðauka I við tollalög nr. 55/1987, með síðari breytingum, og njóta tollfríðinda samkvæmt ákvæðum fríverslunarsamningsins, sbr. þó heimild til álagningar verðjöfnunargjalda:

0403.1001	1806.9008	úr 1901.2039*	1905.4000	2102.3009	
0403.1003	1806.9009	úr 1901.2041*	1905.9011	2103.9001	2204.2111
0403.9001	úr 1901.1000*	úr 1901.2042*	1905.9019	2104.1001	2204.2119
0403.9003	úr 1901.2011*	úr 1901.2043*	1905.9020	2104.1004	2204.2911
1702.5000	úr 1901.2012*	úr 1901.2044*	1905.9030	2104.1009	2204.2919
1702.9004	úr 1901.2013*	úr 1901.2049*	1905.9040	2106.1000	2205.1001
1704.1000	úr 1901.2014*	úr 1901.9000*	1905.9051	2106.9011	2205.1009
1704.9002	úr 1901.2015*	1902.1100	1905.9059	2106.9019	2205.9001
1704.9003	úr 1901.2016*	1902.1900	1905.9060	2106.9021	2205.9009
1704.9004	úr 1901.2017*	1902.2009	1905.9090	2106.9022	2208.1001
1704.9005	úr 1901.2018*	1902.3000	2001.9001	2106.9023	2208.1009
1704.9006	úr 1901.2019*	1902.4000	2005.4000	2106.9024	2208.2001
1704.9007	úr 1901.2021*	1903.0001	úr 2005.5900*	2106.9029	2208.2009
1704.9009	úr 1901.2022*	1903.0009	2005.8000	2106.9031	2208.3000
1806.1000	úr 1901.2023*	1904.1001	úr 2005.9000*	2106.9039	2208.4000
1806.2009	úr 1901.2024*	1904.1002	2008.9100	2106.9051	2208.5001
1806.3101	úr 1901.2029*	1904.1009	úr 2008.9909*	2106.9052	2208.5002
1806.3109	úr 1901.2031*	1904.9000	2101.1001	2202.1001	2208.9001
1806.3201	úr 1901.2032*	1905.1000	2101.2001	2202.1002	2208.9002
1806.3202	úr 1901.2033*	1905.2000	2101.3001	2202.1009	2208.9003
1806.3203	úr 1901.2034*	1905.3011	2101.3009	2202.9001	2208.9004
1806.3209	úr 1901.2035*	1905.3019	2102.1001	2202.9002	2208.9005
1806.9002	úr 1901.2036*	1905.3021	2102.1009	2202.9009	2208.9006
1806.9003	úr 1901.2037*	1905.3029	2102.2001	2203.0001	2208.9009
1806.9007	úr 1901.2038*	1905.3030	2102.3001	2203.0009	2209.0000

* Undanþágan tekur aðeins til neðangreindra vara í viðkomandi tollskrárnúmeri:

úr 1901.1000	Barnamatur í smásöluumbúðum, að undanskildum matvælum úr vörum í nr. 0401 til 0404, sem innihalda kakaó.
úr 1901.2001 til úr 1901.2049	Blöndur og deig til framleiðslu á brauðvörum í nr. 1905, að undanskildum matvælum úr vörum í nr. 0401 til 0404 sem innihalda kakaó.
úr 1901.9000	Annað, að undanskildum matvælum úr vörum í nr. 0401 til 0404, sem innihalda kakaó.
úr 2005.5900	Framleiðsla að stofni til eingöngu úr baunamjöli.
úr 2005.9000	Matjurtablöndur að meginstofni til úr kartöfluflögum eða matjurtamjöli.
úr 2008.9909	Aðrir ætir plöntuhlutar ótalið annar staðar.

Fylgiskjal II

Fiskur og aðrar sjávarafurðir, sem njóta fríðindameðferðar samkvæmt 3. tl. 1. gr. auglýsingarinnar.

Vörur, sem flokkast í eftirfarandi tollskrárnúmer og vöruliði, sbr. tollskrá í viðauka I við tollalög nr. 55/1987, með síðari breytingum, og njóta tollfríðinda samkvæmt ákvæðum fríverslunarsamningsins:

0208.9001	**0305**	1603.0001	2301.2011	2301.2017	2301.2029
0208.9002	**0306**	1603.0002	2301.2012	2301.2018	2309.9001
0301	**0307**	1603.0003	2301.2013	2301.2019	
0302	**1504**	**1604**	2301.2014	2301.2021	
0303	1516.1001	**1605**	2301.2015	2301.2022	
0304	úr 1516.1009	2301.1001	2301.2016	2301.2023	

* Undanþágan tekur aðeins til neðangreindra vara í viðkomandi tollskrárnúmeri:

úr 1516.1009 Feiti og olíur unnar eingöngu úr fiski og sjávarspendýrum, og efnisþættir þeirra.

Fylgiskjal III

Landbúnaðarafurðir, sem njóta tollfríðinda við innflutning til Íslands samkvæmt tvíhliða samningi milli Íslands og Póllands, sbr. 3. gr. auglýsingarinnar.

Vörur, sem flokkast í eftirtalin tollskrárnúmer, sbr. tollskrá í viðauka I við tollalög nr. 55/1987, með síðari breytingum, njóta tollfríðinda við innflutning samkvæmt ákvæðum nefnds tvíhliða samnings, enda teljist þær að öllu leyti fengnar í Póllandi í samræmi við upprunareglur í fylgiskjali IV við þessa auglýsingu:

0409.0000	0713.3100	0812.2000	2005.3000	2008.8001	2009.5001
0703.1001	0713.4000	0812.9000	2005.4000	2008.8009	2009.5009
0703.1009	0713.5000	0813.1000	2005.5100	2008.9201	2009.6001
0703.2000	0808.1000	0813.2000	úr 2007.9900*	2008.9202	2009.6009
0708.1000	0808.2000	0813.3000	2008.1101	2008.9209	2009.7001
0708.2000	0809.2000	0813.4001	2008.1109	2008.9901	2009.7009
0708.9000	0809.4000	0813.4009	2008.1900	úr 2008.9909*	2009.8001
0709.2000	0810.1000	0813.5001	2008.3001	2009.1101	2009.8009
0709.7000	0810.3000	0813.5009	2008.3009	2009.1109	2009.9001
0710.2100	0810.9000	0909.2000	2008.5001	2009.1901	2009.9009
0710.2200	0811.1001	0909.3000	2008.5009	2009.1909	
0710.2900	0811.1009	0909.4000	2008.6001	2009.2001	
0712.2000	0811.9001	0909.5001	2008.6009	2009.2009	
0713.1000	0811.9009	0909.5009	2008.7001	úr 2009.3001*	
0713.2000	0812.1000	úr 2004.9009*	2008.7009	úr 2009.3009*	

* Undanþágan tekur aðeins til neðangreindra vara í viðkomandi tollskrárnúmeri:

úr 2004.9009 Grænar og svartar ólívur, grænar baunir og belgaldin.
úr 2007.9900 Kastaníuhnetu- og heslihnetumauk.
úr 2008.9909 Vínber og plómur.
úr 2009.3001 Sítrónusafi.
úr 2009.3009 Sítrónusafi.

Fylgiskjal IV

Upprunareglur samkvæmt tvíhliða samningi milli Íslands og Póllands, sbr. 1. mgr. 3. gr. auglýsingarinnar.

1. Við framkvæmd samningsins telst framleiðsluvara upprunnin í Póllandi, ef hún er að öllu leyti fengin þar.
   Eftirfarandi skal talið að öllu leyti fengið í Póllandi:
   a) Afurðir úr jurtaríkinu, sem þar eru ræktaðar.
   b) Lifandi dýr, sem þar eru borin og alin.
   c) Afurðir lifandi dýra, sem þar eru alin.
   d) Vörur, sem framleiddar eru þar eingöngu úr vörum, sem lýst er í a- til c-lið.

   Umbúðaefni og ílát til pökkunar, sem framvísað er með vöru í, skal ekki talið með þeirri vöru, þegar ákveða skal, hvort hún sé að öllu leyti fengin þar og ekki þarf að ganga úr skugga um, að slíkt umbúðaefni eða ílát til pökkunar sé upprunavara.
2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. (1. töluliðar) skulu vörur, sem tilgreindar eru í 1. og 2. dálki í lista í viðaukanum við fylgiskjal þetta og fengnar eru í Póllandi og í eru efnivörur, sem ekki eru að öllu leyti fengnar þar, einnig teljast upprunnar þar, að því tilskildu, að uppfyllt séu skilyðin um aðvinnslu slíkra efnivara, sem kveðið er á um í 3. dálki.
3. Sú fríðindameðferð, sem kveðið er á um í samningnum, gildir aðeins um framleiðsluvörur, sem fluttar eru beint frá Póllandi til Íslands án þess að fara um yfirráðasvæði annars lands. Hins vegar má flytja framleiðsluvörur, sem upprunnar eru í Póllandi, í einni óskiptri vörusendingu um önnur yfirráðasvæði en Ísland eða Pólland með umskipun eða bráðabirgðageymslu á því yfirráðasvæði, ef flutningur um yfirráðasvæðið réttlætist af landfræðilegum ástæðum, vörurnar hafi verið undir eftirliti tollyfirvalda í landinu þar sem umskipunin eða geymslan á sér stað, þær hafa hvorki verið þar á boðstólum til sölu né afhentar til neyslu og hafa ekki fengið aðra meðferð en uppskipun, útskipun eða meðferð, sem miðar að því að forða þeim frá skemmdum.

   Sannanir fyrir því, að skilyrðunum sem um getur í 1. mgr. þessa töluliðar hafi verið fullnægt, skulu lagðar fyrir tollyfirvöld innflutningslandsins í samræmi við 6. mgr. 12. gr. bókunar B við samninginn milli EFTA-ríkjanna og Póllands.
4. Upprunavörur í skilningi þessa samnings skulu njóta hags af samningnum við innflutning til Íslands, annað hvort gegn framvísun EUR 1. flutningsskírteinis eða vörureiknings með yfirlýsingu, sem gefin er út eða gerð í samræmi við ákvæði bókunar B við samninginn milli EFTA-ríkjanna og Póllands.
5. Ákvæðin um endurgreiðslu eða undanþágu á tollum, sönnun uppruna og fyrirkomulag samvinnu á sviði stjórnsýslu, sem er að finna í bókun B við samninginn milli EFTA-ríkjanna og Póllands, skulu gilda að breyttu breytanda. Samkomulag er um, að bann við endurgreiðslu eða undanþágu á tollum, sem um ræðir í þessum ákvæðum, skuli aðeins gilda um þær efnivörur, sem samningurinn milli EFTA-ríkjanna og Póllands gildir um.

Viðauki við upprunareglur fylgiskjals þessa: Listi yfir vörur sem um ræðir í 2. mgr. 3. gr. og um gilda önnur skilyrði en um að vera fengnar að öllu leyti.

Tollskrárnúmer	*Vörulýsing*	*Aðvinnsla efnivara, sem ekki teljast upprunaefnivörur, er veitir upprunaréttindi*
úr 2004	Græn belgaldin og belgaldin, unnin eða varin skemmdum á annan hátt ediksýru, frystar	Framleiðsla úr grænum belgaldinum og aldinum úr 7. og 20. kafla, sem öll verða þegar að vera upprunavörur
úr 2005	Ertur og belgaldin, unnin eða varin skemmdum á annan hátt en með ediki eða ediksýru, ekki fryst	Framleiðsla úr ertum og belgaldinum úr 7. og 20. kafla, sem allt verður þegar að vera upprunavörur
úr 2007	Sulta, ávaxtahlaup, mauk, ávaxta- eða hnetudeig og ávaxta- eða hnetupasta, soðið, einnig með viðbættum sykri eða öðru sætiefni, þó ekki sítrusaldinum og eplum	Framleiðsla: - úr ávöxtum og hnetum sem allt verður þegar að vera upprunavörur, enda - sé verðmæti notaðra efnivara úr 17. kafla ekki meira en 30% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar
úr 2008	Ávextir, hnetur og aðrir ætir plöntuhlutar samkvæmt lista yfir framleiðsluvörur	Framleiðsla: - úr ávöxtum, hnetum og öðrum ætum ætum plöntuhlutum sem allt verður þegar að vera upprunavörur, enda - sé verðmæti notaðra efnivara úr 17. kafla ekki meira en 30% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar
úr 2009	Ávaxtasafi samkvæmt lista yfir framleiðsluvörur	Framleiðsla: - úr ávöxtum, hnetum og öðrum ætum plöntuhlutum, sem allt verður þegar að vera að öllu leyti fengið, enda - sé verðmæti notaðra efnivara úr 17. kafla ekki meira en 30% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar

Fylgiskjal V

Upprunareglur samkvæmt bókun B við fríverslunarsamninginn.

Inngangur.

Bókun B við fríverslunarsamning EFTA-ríkjanna og Tékkneska og slóvakíska sambandslýðveldisins, sem birt er sem fylgiskjal IV við auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda nr. 73/1993, skal gilda um upprunareglur varðandi meðferð vara samkvæmt þessum fríverslunarsamningi, með þeim breytingum, sem tilgreindar eru hér að neðan.

1. gr.

Í stað „TSSL“ komi: Pólland.

Í stað „Ungverjalands og Póllands“ komi: Tékkneska og slóvakíska sambandslýðveldið (TSSL) og Ungverjaland.

2. gr.

Skilyrði um áritun á EUR.1-flutningsskírteini í 5. mgr. 13. gr. bætist við eftirfarandi áritun: „Zjednodusené rizení“.

3. gr.

Fyrri málsliður 14. gr. orðist svo: Yfirlýsingu, sem getið er í c-lið 1. mgr. 8. gr., skal útflytjandi gefa í þeirri mynd sem sýnd er í IV. viðauka við bókun þessa á einu af opinberum tungumálum samningsríkjanna, TSSL eða Ungverjalands, eða á ensku.

VI. Viðauki við bókun B.

Fjárhæðirnar, sem um getur í 4. mgr. 8. gr. í bókun B og eru jafngildar evrópskri reikningseiningu í gjaldmiðli samningríkja, TSSL og Ungverjalands, eru sem hér segir:

Austurríkskur skildingur	14,479400
Finnskt mark	4,488483
Íslensk króna	74,833600
Norsk króna	7,985280
Sænsk króna	7,590590
Svissneskur franki	1,704780
Pólskur zloty	12.591,000000
TSSL koruna	20,680000
Ungverskt forint	99,000000

Hámarksverð, sem um getur í c-lið 1. mgr. og a- og b-lið 2. mgr. 8. gr. í bókun B, er í gjaldmiðlum EFTA-ríkjanna, Póllands, TSSL og Ungverjalands sem hér segir:

	Smápakkar (365 ECU)	Einkafarangur ferðamanna (1.025 ECU)	Hámarksverð yfirlýsingar (5.110 ECU)
Austurríkur skildingur	6.000	15.000	74.000
Finnskt mark	1.800	5.000	25.000
Íslensk króna	27.300	76.700	382.400
Norsk króna	2.900	8.200	40.800
Sænsk króna	3.000	8.000	39.000
Svissneskur franki	650	1.800	8.800
Pólskur zloty	4.600.000	12.900.000	64.300.000
TSSL koruna	7.000	22.000	110.000
Ungverskt forint	36.000	102.000	507.000

AUGLÝSING

um sérstaka tollmeðferð vegna fríverslunarsamnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Rúmeníu og tvíhliða samnings Íslands og Rúmeníu um landbúnaðarafurðir.

Inngangur.

Að því er Ísland varðar öðlaðist fríverslunarsamningur milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og Rúmeníu og tvíhliða samningur milli Íslands og Rúmeníu um landbúnaðarafurðir gildi hinn 1. júní 1994.

Með fríverslunarsamningnum hafa EFTA-ríkin og Búlgaría ákveðið að koma á, stig af stigi, fríverslunarsvæði m.a. vegna vöruviðskipta milli aðildarríkjanna eins og nánar er kveðið á um í samningnum. Samningurinn nær einungis til viðskipta milli einstakra EFTA-ríkja og Rúmeníu en ekki til viðskipta milli einstakra EFTA-ríkja, nema kveðið sé á um annað í samningnum.

Auglýsing þessi kveður nánar á um sérstaka tollmeðferð á vörum samkvæmt ákvæðum nefndra samninga að því marki sem vörur eru ekki tollfrjálsar samkvæmt beinum fyrirmælum tollskrárinnar í viðauka I við tollalög nr. 55/1987, með síðari breytingum, dálki A, eða leiðir af einstökum ákvæðum tollalaga.

Innflutningur.

1. gr.

Ekki skal greiða toll við innflutning á eftirfarandi vörum, sem upprunnar eru í Rúmeníu sbr. þó fyrirvara í fylgiskjali I, að uppfylltum öðrum skilyrðum auglýsingar þessarar:

1. Vörur sem falla undir tollskrárnúmer í köflum 25-97 í tollskrá í viðauka I við tollalög nr. 55/1987 með síðari breytingum, enda beri tollskrárnúmerið 0% toll samkvæmt dálki merktum E í tollskránni.
2. Vörur sem unnar eru úr landbúnaðarhráefnum, enda falli þær undir tollskránúmer sem talin eru upp í fylgiskjali I.
3. Fiskur og aðrar sjávarafurðir, enda falli þær undir tollskrárnúmer sem talin eru upp í fylgiskjali II.

2. gr.

Tollfríðindi samkvæmt 1. gr. eru bundin því skilyrði að vörurnar séu upprunnar í Rúmeníu í skilningi ákvæða bókunar B við fríverslunarsamninginn og gætt sé ákvæða um sönnun uppruna með framlagningu EUR. 1 flutningsskírteinis eða vörureiknings með upprunayfirlýsingu svo og annarra ákvæða sem gilda um fríðindameðferð samkvæmt ákvæðum fríverslunarsamningsins. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 12. gr. bókunarinnar er fullnægjandi að EUR. 1 flutningsskírteini sé afhent tollyfirvaldi, þar sem vöru er framvísað, innan tólf mánaði frá þeim degi, er tollyfirvald í útflutningslandi gaf skírteinið út, sbr. 1. mgr. 12. gr. auglýsingar nr. 404/1987.

Ríkistollstjóra er falin framkvæmd 13., 17. og 2. mgr. 18. gr. bókunar B við fríverslunarsamninginn.

Ákvæði bókunar B eru samhljóða ákvæðum bókunar B við fríverslunarsamning milli EFTA-ríkjanna og Tékkneska og slóvakíska sambandslýðveldisins, sem birt er sem fylgiskjal V við auglýsingu nr. 73/1993 í B-deild Stjórnartíðinda og skulu ákvæði hennar gilda um meðferð vara, sem þessi auglýsing tekur til með þeim breytingum sem greinir í fylgiskjali V við þessa auglýsingu.

3. gr.

Samkvæmt tvíhliða samningi Íslands og Rúmeníu skal ekki greiða toll af innfluttum landbúnaðarvörum, sem falla undir tollskrárnúmer, sem talin eru upp í fylgiskjali III, að uppfylltum öðrum skilyrðum þessarar auglýsingar.

Tollfríðindi samkvæmt 1. mgr. eru bundin því skilyrði, að vörurnar séu upprunnar í Rúmeníu samkvæmt upprunareglum og viðauka við þær, sem birt er í fylgiskjali IV við auglýsingu þessa.

4. gr.

Ákvæði þessarar auglýsingar hafa ekki áhrif á innheimtu annarra aðflutningsgjalda, sem kunna að vera lögð á umræddar vörur við innflutning.

Útflutningur.

5. gr.

Ákvæði þessarar auglýsingar gilda einnig um útflutning til Rúmeníu á vörum upprunnum á Íslandi, eftir því sem nánar greinir í ákvæðum nefndra samninga svo og bókana og viðauka við þá.

Auk tollyfirvalda veita fjármálaráðuneytið, viðskiptaskrifstofa utanríkisráðuneytisins og Útflutningsráð upplýsingar um sérstaka tollmeðferð á vörum upprunnum á Íslandi, sem ákvæði samnings EFTA-ríkjanna og Rúmeníu taka til.

Gildistökuákvæði o.fl.

6. gr.

Að því leyti sem ekki er kveðið á um tollframkvæmd í auglýsingu þessari gilda ákvæði nefndra samninga svo og bókana og viðauka við þá sem birt er í C-deild Stjórnartíðinda, m.a. um álagningu verðjöfnunargjalda á vörur úr landbúnaðarhráefnum, og ákvæði tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, og reglugerðir og önnur fyrirmæli sett samkvæmt þeim.

7. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 1. tölulið 6. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, öðlast gildi þegar í stað.

Ákvæði til bráðabirgða.

Vörur, sem falla undir ákvæði nefndra samninga og 1. júní 1994 hafa verið fluttar eða hafðar í geymslu um stundarsakir í aðildarríki eða á tollfrjálsum svæðum, er heimilt að líta á sem upprunavörur gegn því að tollyfirvöldum viðkomandi aðildarríkis sé send, innan fjögurra mánaða frá gildistökudegi samningsins gagnvart viðkomandi aðildarríki, sönnun um uppruna, gefin út eftir á, og önnur skjöl sem staðfesta að flutningsskilyrði séu uppfyllt. Að því er íslensk tollyfirvöld varðar verður slík sönnun að berast fyrir 1. október 1994 og innflytjandi að framvísa vörunum við tollyfirvöld sé þess óskað.

Fjármálaráðuneytið, 9. júní 1994.

F. h. r.
Indriði H. Þorláksson.

Ingibjörg Þorsteinsdóttir.

Fylgiskjal I

Vörur úr landbúnaðarhráefnum sem njóta fríðindameðferðar samkvæmt 2. tl. 1. gr. auglýsingarinnar.

Vörur, sem flokkast í eftirfarandi tollskrárnnúmer, sbr. tollskrá í viðauka I við tollalög nr. 57/1987, með síðari breytingum, njóta tollfríðinda samkvæmt ákvæðum fríverslunarsamningsins, sbr. þó heimild til álagningar tolla og verðjöfnunargjalda skv. ákvæðum samningsins:

0403.1001	úr 1901.1000*	úr 1901.2039*	1905.3029	2106.1000	2204.2919
0403.1003	úr 1901.2011*	úr 1901.2041*	1905.3030	2106.9011	2205.1001
0403.9001	úr 1901.2012*	úr 1901.2042*	1905.4000	2106.9019	22.05.1009
0403.9003	úr 1901.2013*	úr 1901.2043*	2001.9001	2106.9021	2205.9001
1702.5000	úr 1901.2014*	úr 1901.2044*	2005.4000	2106.9022	2205.9009
1702.9004	úr 1901.2015*	úr 1901.2049*	úr 2005.5900*	2106.9023	2208.1001
1704.1000	úr 1901.2016*	úr 1901.9000*	2005.8000	2106.9024	2208.1009
1704.9002	úr 1901.2017*	1902.1100	úr 2005.9000*	2106.9029	2208.2001
1704.9003	úr 1901.2018*	1902.1900	2008.9100	2106.9031	2208.2009
1704.9007	úr 1901.2019*	1902.2009	2008.9909	2106.9039	2208.3000
1704.9009	úr 1901.2021*	1902.3000	2101.1001	2106.9051	2208.4000
1806.2009	úr 1901.2022*	1902.4000	2101.2001	2106.9052	2208.5001
1806.3101	úr 1901.2023*	1903.0001	2101.3001	2202.1001	2208.5002
1806.3109	úr 1901.2024*	1903.0009	2101.3009	2202.1002	2208.9001
1806.3201	úr 1901.2029*	1904.1001	2102.1001	2202.1009	2208.9002
1806.3202	úr 1901.2031*	1904.1002	2102.1009	2202.9001	2208.9003
1806.3203	úr 1901.2032*	1904.1009	2102.2001	2202.9002	2208.9004
1806.3209	úr 1901.2033*	1904.9000	2102.3001	2202.9009	2208.9005
1806.9002	úr 1901.2034*	1905.1000	2102.3009	2203.0001	2208.9009
1806.9003	úr 1901.2035*	1905.2000	2103.9001	2203.0009	2208.9009
1806.9007	úr 1901.2036*	1905.3011	2104.1001	2204.2111	
1806.9008	úr 1901.2037*	1905.3019	2104.1004	2204.2119	
1806.9009	úr 1901.2038*	1905.3021	2104.1009	2204.2911	

* Undanþágan tekur aðeins til neðangreindra vara í viðkomandi tollskrárnúmeri:

úr 1901.1000	Barnamatur, í smásöluumbúðum, að undanskildum matvælum úr vörum í nr. 0401 til 0404 sem innihalda kakaó.
úr 1901.2011 til úr 1901.2049	Blöndur og deig til framleiðslu á brauðvörum í nr. 1905, að undanskildum matvælum úr vörum í nr. 0401 til 0404, sem innihalda kakaó.
úr 1901.9000	Annað, að undanskildum matvælum úr vörum í nr. 0401 til 0404, sem innihalda kakaó.
úr 2005.5900	Framleiðsla að stofni til eingöngu úr baunamjöli.
úr 2008.9909	Aðrir ætir plöntuhlutar ótalið annars staðar.
úr 2005.9000	Matjurtablöndur að meginstofni til úr kartöfluflögum eða matjurtamjöli.

Fylgiskjal II

Fiskur og aðrar sjávarafurðir sem njóta fríðindameðferðar samkvæmt 3. tl. 1. gr. auglýsingarinnar.

Vörur, sem flokkast í eftirfarandi tollskrárnúmer og vöruliði, sbr. tollskrá í viðauka I við tollalög nr. 55/1987, með síðari breytingum, njóta tollfríðinda samkvæmt ákvæðum fríverslunarsamningsins:

0208.9001	**0305**	1603.0002	2301.2011	2301.2017	2301.2029
0208.9002	**0306**	1603.0003	2301.2012	2301.2018	2309.9001
0301	**0307**	úr 1603.0009*	2301.2013	2301.2019	úr 2309.9009*
0302	**1504**	**1604**	2301.2014	2301.2021	
0303	1516.1001	**1605**	2301.2015	2301.2022	
0304	1603.0001	2301.1001	2301.2016	2301.2023	

* Undanþágan tekur aðeins til neðangreindra vara í viðkomandi tollskrárnúmeri:

úr 1603.0009 Kjarnar og safar úr fiski eða hvalaafurðum.
úr 2309.9009 Framleiðsla úr fiski.

Fylgiskjal III

Landbúnaðarafurðir, sem njóta tollfríðinda við innflutning til Íslands samkvæmt tvíhliða samningi milli Íslands og Rúmeníu, sbr. 3. gr. auglýsingarinnar.

Vörur, sem flokkast í eftirtalin tollskrárnúmer, sbr. tollskrá í viðauka I við tollalög nr. 55/1987, með síðari breytingum, njóta tollfríðinda við innflutning samkvæmt ákvæðum tvíhliða samnings milli Íslands og Rúmeníu um landbúnaðarafurðir, enda teljist þær að öllu leyti fengnar í Rúmeníu í samræmi við upprunareglur í fylgiskjali IV:

0409.0000	0712.2000	0809.3000	1813.3000	2005.5100	úr 2008.9909*
0703.1001	0713.1000	0809.4000	0710.8009	úr 2007.9900*	2009.2001
0703.1009	0713.2000	0810.1000	0813.4001	2008.5001	2009.2009
0703.2000	0713.3100	0810.3000	0813.4009	2008.5009	2009.5001
0708.1000	0713.4000	0810.9000	0813.5001	2008.6001	2009.5009
0708.2000	0713.5000	0811.1001	0813.5009	2008.6009	2009.6001
0709.2000	0802.1200	0811.1009	0909.2000	2008.7001	2009.6009
0709.7000	0802.2200	0811.9001	0909.3000	2008.7009	2009.7001
0710.2100	0802.3200	úr 0811.9009*	0909.4000	2008.8001	2009.7009
0710.2200	0802.5000	0812.1000	0909.5001	2008.8009	2009.8001
0710.2900	0808.1000	0812.2000	0909.5009	2008.9201	2009.8009
0710.8001	0808.2000	0812.9000	úr 2004.9009*	2008.9202	2009.9001
0710.8002	0809.1000	0813.1000	2005.3000	2008.9209	2009.9009
0710.8003	0809.2000	0813.2000	2005.4000	2008.9901	

* Undanþágan tekur aðeins til neðangreindra vara í viðkomandi tollskrárnúmeri:

úr 0811.9009 Kirsuber, plómur, ferskjur og greipaldin.
úr 2004.9909 Græn belgaldin og belgaldin.
úr 2007.9900 Kastaníuhnetu- og helsihnotumauk.
úr 2008.9909 Vínber og plómur.

Fylgiskjal IV

Upprunareglur samkvæmt tvíhliða samningi milli Íslands og Rúmeníu um innflutning landbúnaðarvara, sbr. 1. mgr. 3. gr. auglýsingarinnar.

1. gr.

Við framkvæmd samningsins telst framleiðsluvara upprunnin í Rúmeníu ef hún er að öllu leyti fengin þar.

Eftirfarandi skal talið að öllu leyti fengið í Rúmeníu:

a) Afurðir úr jurtaríkinu, sem þar eru ræktaðar.
b) Lifandi dýr, sem þar eru borin og alin.
c) Afurðir lifandi dýra, sem þar eru alin.
d) Vörur, sem framleiddar eru þar eingöngu úr vörum, sem lýst er í a- til c-lið.

Umbúðaefni og ílát til pökkunar, sem framvísað er með vöru í, skal ekki talið með þeirri vöru þegar ákveða skal hvort hún sé að öllu leyti fengin þar og ekki þarf að ganga úr skugga um, að slíkt umbúðaefni eða ílát til pökkunar sé upprunavara.

2. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. skulu vörur, sem tilgreindar eru í 1. og 2. dálki í lista í viðaukanum við fylgiskjal þetta og fengnar eru í Rúmeníu og í eru efnivörur, sem ekki eru að öllu leyti fengnar þar, einnig teljast upprunnar þar, að því tilskildu að uppfyllt séu skilyðin um aðvinnslu slíkra efnivara, sem kveðið er á um í 3. dálki.

3. gr.

Sú fríðindameðferð, sem kveðið er á um í samningnum, gildir aðeins um framleiðsluvörur, sem fluttar eru beint frá Rúmeníu til Íslands án þess að fara um yfirráðasvæði annars lands. Hins vegar má flytja framleiðsluvörur sem upprunnar eru í Rúmeníu í einni óskiptri vörusendingu um önnur yfirráðasvæði en Ísland eða Rúmeníu með umskipun eða bráðabirgðageymslu á því yfirráðasvæði, ef flutningur um yfirráðsvæðið réttlætist af landfræðilegum ástæðum, vörurnar hafi verið undir eftirliti tollyfirvalda í landinu þar sem umskipunin eða geymslan á sér stað, þær hafa hvorki verið þar á boðstólum til sölu né afhentar til neyslu og hafa ekki fengið aðra meðferð en uppskipun, útskipun eða meðferð, sem miðar að því að forða þeim frá skemmdum.

Sannanir fyrir því, að skilyrðunum sem um getur í 1. mgr. þessa töluliðar hafi verið fullnægt, skulu lagðar fyrir tollyfirvöld innflutningslandsins í samræmi við 6. mgr. 12. gr. bókunar B við samninginn milli EFTA-ríkjanna og Rúmeníu.

4. gr.

Upprunavörur í skilningi þessa samnings skulu njóta hags af samningnum við innflutning til Íslands, annað hvort gegn framvísun EUR 1 flutningsskírteinis eða vörureiknings með yfirlýsingu, sem gefin er út eða gerð í samræmi við ákvæði bókunar B við samninginn milli EFTA-ríkjanna og Rúmeníu.

5. gr.

Ákvæðin um endurgreiðslu eða undanþágu á tollum, sönnun uppruna og fyrirkomulag samvinnu á sviði stjórnsýslu sem er að finna í bókun B við samninginn milli EFTA-ríkjanna og Rúmeníu skulu gilda að breyttu breytanda. Samkomulag er um að bann við endurgreiðslu eða undanþágu á tollum, sem um ræðir í þessum ákvæðum, skuli aðeins gilda um þær efnivörur sem samningurinn milli EFTA-ríkjanna og Rúmeníu gildir um.

Viðauki við upprunareglur fylgiskjals þessa: Listi yfir vörur sem um ræðir í 2. mgr. 3. gr. og um gilda önnur skilyrði en um að vera fengnar að öllu leyti.

Tollskrárnúmer	*Vörulýsing*	*Aðvinnsla efnivara, sem ekki teljast upprunaefnivörur, er veita upprunaréttindi*
úr 2004	Græn belgaldin og belgaldin unnin eða varin skemmdum á annan hátt en með ediki eða ediksýru, frystar	Framleiðsla úr grænum belgaldinum og aldinum úr 7. og 20. kafla sem öll verða þegar að vera upprunavörur
úr 2005	Ertur og belgaldin, unnið eða varið skemmdum á annan hátt en með ediki eða ediksýru, ekki frosið	Framleiðsla úr ertum og belgaldinum úr 7. og 20. kafla sem allt verður þegar að vera upprunavörur
úr 2007	Sulta, ávaxtahlaup, mauk, ávaxta- eða hnetudeig og ávaxta- eða hnetupasta, soðið, einnig með viðbættum sykri eða öðru sætiefni, þó ekki sítrusaldinum og eplum	Framleiðsla: - úr ávöxtum og hnetum sem allt verður þegar að vera upprunavörur, enda - sé verðmæti notaðra efnivara úr 17. kafla ekki meira en 30% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar
úr 2008	Ávextir, hnetur og aðrir ætir plöntuhlutar samkvæmt lista yfir framleiðsluvörur	Framleiðsla: - úr ávöxtum, hnetum og öðrum ætum plöntuhlutum sem allt verður þegar að vera upprunavörur, enda - sé verðmæti notaðra efnivara úr 17. kafla ekki meira en 30% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar
úr 2009	Ávaxtasafi samkvæmt lista yfir framleiðsluvörur	Framleiðsla: - úr ávöxtum, hnetum og öðrum ætum plöntuhlutum sem allt verður þegar að vera að öllu leyti fengið, enda - sé verðmæti notaðra efnivara úr 17. kafla ekki meira en 30% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar

Fylgiskjal V

Upprunareglur samkvæmt bókun B við fríverslunarsamninginn.

Inngangur.

Bókun B við fríverslunarsamning EFTA-ríkjanna og Tékkneska og slóvakíska sambandslýðveldisins, sem birt er sem fylgiskjal IV við auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda nr. 73/1993, skal gilda um upprunareglur varðandi meðferð vara samkvæmt þessum fríverslunarsamningi, með þeim undantekningum sem tilgreindar eru hér að neðan.

1. gr.

Í stað „TSSL" komi: Rúmenía.

Í stað „Ungverjalands og Póllands" komi: Búlgaría, sbr. þó ákvæði 2. og 10. gr. viðauka þessa.

2. gr.

Í 2. málslið 3. mgr. og 4. mgr. 8. gr. falla brott orðin „Ungverjalands og Póllands".

3. gr.

Skilyrði um áritun á EUR. 1-flutningssírteini í 5. mgr. 9. gr. breytast þannig: Í stað orðanna: „VYSTAVENO DODATEČNĚ", „VYSTANENÉ DODATOČNE", „KIADVA VISSZAMENÖLEGES HATALLYAL" og „WYDANE RETROSPEKTYWNIE" komi: „ELIBERAT A POSTERIORI".

4. gr.

Skilyrði um áritun á eftirrit af EUR.1-flutningsskírteini samkvæmt 6. mgr. 9. gr. breytast þannig: Í stað orðanna „MASOLAT" og „DUPLIKÁT" komi: „DUPLICAT".

5. gr.

Skilyrði um áritun á EUR. 1-flutningsskírteini samkvæmt 5. mgr. 13. gr. breytist þannig: Í stað orðanna "Zjendnodusené konanie", "Egyszerusített eljàr' as" og "Uproszczona procedura" komi: "Procedura simplicata".

Skilyrði um áritun á TL-skírteini í 6. mgr. 13. gr. breytist þannig: Í stað orðanna „LT osvědčeni planté do...", „TL osvedceňie platné do....", „LT bizonyitvàny érvényes ... -ig" og „Świadectwo LT ważne do ..." komi: „Certificat TL valabil pinâ la ....".

6. gr.

Fyrri málsliður 14. gr. orðist svo:

Yfirlýsingu, sem getið er í c-lið 1. mgr. 8. gr., skal útflytjandi gefa í þeirri mynd sem sýnd er í IV. viðauka við bókun þessa á einu af opinberum tungumálum samningsríkjanna, á búlgörsku eða á ensku.

7. gr.

Orðin "Ungverjalandi eða Póllandi" í 1. mgr. 23. gr. falli brott.

8. gr.

Í stað orðanna „Viðskipti milli EFTA og TSSL (EFTA-SFR Trade)" í 1. og 2. mgr. 24. gr. komi: Viðskipti milli EFTA og Rúmeníu (EFTA-Romania Trade).

9. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á viðauka IV við bókun B: Yfirlýsingar á ungversku, pólsku og slóvakísku og tékknesku falla niður en í stað þeirra kemur eftirfarandi yfirlýsing á rúmönsku: „Subsematul, exportator al mărfurilor acoperite de prezentul document, declar cà, dacà nu se indicà altfel, aceste mărfuri corespund condiţiilor stabilite in vederea obtinerii caracterului originar in cadrul schimburilor preferenţiale cu ..... si sint originare din ....."

VI. viðauki við bókun B.

Fjárhæðirnar sem um getur í 4. mgr. 8. gr. í bókun B og eru jafngildar evrópskri reiknieiningu í gjaldmiðlum samningsríkja eru samkvæmt fríverslunarsamningum við Rúmeníu sem hér segir:

Austurískur skildingur	14,4794
Finnskt mark	4,88483
Íslensk króna	74,8336
Norsk króna	7,98528
Sænsk króna	7,59059
Svissneskur franki	1,70478
Rúmanskt lei	535,1436

Hámarksverð sem um getur í c-lið 1. mgr. og a- og b-lið 2. mgr. 8. gr. í bókun B, eru í gjaldmiðlum EFTA-ríkjanna og Rúmeníu sem hér segir:

	Smápakkar (365 ECU)	Einkafarangur ferðamanna (1.025 ECU)	Hámarksverð yfirlýsingar (5.110 ECU)
Austurískt gyllini	6.000	15.000	74.000
Búlgarskt leva	6.800	19.000	96.000
Finnskt mark	1.800	5.000	25.000
Íslensk króna	27.300	76.700	382.400
Norsk króna	2.900	8.200	40.800
Sænsk króna	3.000	8.000	39.000
Svissneskur franki	650	1.800	8.800
Rúmanskt lei	196.000	555.000	2.750.000

AUGLÝSING

um sérstaka tollmeðferð vegna fríverslunarsamnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Búlgaríu og tvíhliða samnings Íslands og Búlgaríu um landbúnaðarafurðir.

Inngangur.

Að því er Ísland varðar öðlaðist fríverslunarsamningur milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og Búlgaríu og tvíhliða samningur milli Íslands og Búlgaríu um landbúnaðarafurðir gildi hinn 1. júní 1994.

Með fríverslunarsamningnum hafa EFTA-ríkin og Búlgaría ákveðið að koma á, stig af stigi, fríverslunarsvæði m.a. vegna vöruviðskipta milli aðildarríkjanna eins og nánar er kveðið á um í samningnum. Samningurinn nær einungis til viðskipta milli einstakra EFTA-ríkja og Búlgaríu en ekki til viðskipta milli einstakra EFTA-ríkja, nema kveðið sé á um annað í samningnum.

Auglýsing þessi kveður nánar á um sérstaka tollmeðferð á vörum samkvæmt ákvæðum nefndra samninga að því marki sem vörur eru ekki tollfrjálsar samkvæmt beinum fyrirmælum tollskrárinnar í viðauka I við tollalög nr. 55/1987, með síðari breytingum, dálki A, eða leiðir af einstökum ákvæðum tollalaga.

Innflutningur.

1. gr.

Ekki skal greiða toll við innflutning á eftirfarandi vörum, sem upprunnar eru í Búlgaríu sbr. þó fyrirvara í fylgiskjali I, að uppfylltum öðrum skilyrðum auglýsingar þessarar:

1. Vörur sem falla undir tollskrárnúmer í köflum 25-97 í tollskrá í viðauka I við tollalög nr. 55/1987 með síðari breytingum, enda beri tollskrárnúmerið 0% toll samkvæmt dálki merktum E í tollskránni.
2. Vörur sem unnar eru úr landbúnaðarhráefnum, enda falli þær undir tollskrárnúmer sem talin eru upp í fylgiskjali I.
3. Fiskur og aðrar sjávarafurðir, enda falli þær undir tollskrárnúmer sem talin eru upp í fylgiskjali II.

2. gr.

Tollfríðindi samkvæmt 1. gr. eru bundin því skilyrði að vörurnar séu upprunnar í Búlgaríu í skilningi ákvæða bókunar B við fríverslunarsamninginn og gætt sé ákvæða um sönnun uppruna með framlagningu EUR. 1 flutningsskírteinis eða vörureiknings með upprunayfirlýsingu svo og annarra ákvæða sem gilda um fríðindameðferð samkvæmt ákvæðum fríverslunarsamningsins. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 12. gr. bókunarinnar er fullnægjandi að EUR. 1 flutningsskírteini sé afhent tollyfirvaldi, þar sem vöru er framvísað, innan tólf mánaða frá þeim degi, er tollyfirvald í útflutningslandi gaf skírteinið út, sbr. 1. mgr. 12. gr. auglýsingar nr. 404/1987.

Ríkistollstjóra er falin framkvæmd 13., 17. og 2. mgr. 18. gr. bókunar B við fríverslunarsamninginn.

Ákvæði bókunar B eru samhljóða ákvæðum bókunar B við fríverslunarsamning milli EFTA-ríkjanna og Tékkneska og slóvakíska sambandslýðveldisins, sem birt er sem fylgiskjal V við auglýsingu nr. 73/1993 í B-deild Stjórnartíðinda og skulu ákvæði hennar gilda um meðferð vara, sem þessi auglýsing tekur til með þeim breytingum sem greinir í fylgiskjali V við þessa auglýsingu.

3. gr.

Samkvæmt tvíhliða samningi Íslands og Búlgaríu skal ekki greiða toll af innfluttum landbúnaðarvörum, sem falla undir tollskrárnúmer, sem talin eru upp í fylgiskjali III, að uppfylltum öðrum skilyrðum þessarar auglýsingar.

Tollfríðindi samkvæmt 1. mgr. eru bundin því skilyrði, að vörurnar séu upprunnar í Búlgaríu samkvæmt upprunareglum og viðauka við þær, sem birt er í fylgiskjali IV við auglýsingu þessa.

4. gr.

Ákvæði þessarar auglýsingar hafa ekki áhrif á innheimtu annarra aðflutningsgjalda, sem kunna að vera lögð á umræddar vörur við innflutning.

Útflutningur.

5. gr.

Ákvæði þessarar auglýsingar gilda einnig um útflutning til Búlgaríu á vörum upprunnum á Íslandi, eftir því sem nánar greinir í ákvæðum nefndra samninga svo og bókana og viðauka við þá.

Auk tollyfirvalda veita fjármálaráðuneytið, viðskiptaskrifstofa utanríkisráðuneytisins og Útflutningsráð upplýsingar um sérstaka tollmeðferð á vörum upprunnum á Íslandi, sem ákvæði samnings EFTA-ríkjanna og Búlgaríu taka til.

Gildistökuákvæði o.fl.

6. gr.

Að því leyti sem ekki er kveðið á um tollframkvæmd í auglýsingu þessari gilda ákvæði nefndra samninga svo og bókana og viðauka við þá sem birt er í C-deild Stjórnartíðinda, m.a. um álagningu verðjöfnunargjalda á vörur úr landbúnaðarhráefnum, og ákvæði tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, og reglugerðir og önnur fyrirmæli sett samkvæmt þeim.

7. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 1. tölulið 6. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, öðlast gildi þegar í stað.

Ákvæði til bráðabirgða.

Vörur, sem falla undir ákvæði nefndra samninga og 1. júní 1994 hafa verið fluttar eða hafðar í geymslu um stundarsakir í aðildarríki eða á tollfrjálsum svæðum, er heimilt að líta á sem upprunavörur gegn því að tollyfirvöldum viðkomandi aðildarríkis sé send, innan fjögurra mánaða frá gildistökudegi samningsins gagnvart viðkomandi aðildarríki, sönnun um uppruna, gefin út eftir á, og önnur skjöl sem staðfesta að flutningsskilyrði séu uppfyllt. Að því er íslensk tollyfirvöld varðar verður slík sönnun að berast fyrir 1. október 1994 og innflytjandi að framvísa vörunum við tollyfirvöld sé þess óskað.

Fjármálaráðuneytið, 9. júní 1994.

F. h. r.
Indriði H. Þorláksson.

Ingibjörg Þorsteinsdóttir.

Fylgiskjal I

Vörur úr landbúnaðarhráefnum sem njóta fríðindameðferðar samkvæmt 2. tl. 1. gr. auglýsingarinnar.

Vörur, sem flokkast í eftirfarandi tollskrárnúmer, sbr. tollskrá í viðauka I við tollalög nr. 55/1987, með síðari breytingum, njóta tollfríðinda samkvæmt ákvæðum fríverslunarsamningsins, sbr. þó heimild til álagningar tolla og verðjöfnunargjalda skv. ákvæðum samningsins:

0403.1001	úr 1901.1000*	úr 1901.2039*	1905.3029	2106.1000	2204.2919
0403.1003	úr 1901.2011*	úr 1901.2041*	1905.3030	2106.9011	2205.1001
0403.9001	úr 1901.2012*	úr 1901.2042*	1905.4000	2106.9019	2205.1009
0403.9003	úr 1901.2013*	úr 1901.2043*	2001.9001	2106.9021	2205.9001
1702.5000	úr 1901.2014*	úr 1901.2044*	2005.4000	2106.9022	2205.9009
1702.9004	úr 1901.2015*	úr 1901.2049*	úr 2005.5900*	2106.9023	2208.1001
1704.1000	úr 1901.2016*	úr 1901.9000*	2005.8000	2106.9024	2208.1009
1704.9002	úr 1901.2017*	1902.1100	úr 2005.9000*	2106.9029	2208.2001
1704.9003	úr 1901.2018*	1902.1900	2008.9100	2106.9031	2208.2009
1704.9007	úr 1901.2019*	1902.2009	2008.9909	2106.9039	2208.3000
1704.9009	úr 1901.2021*	1902.3000	2101.1001	2106.9051	2208.4000
1806.2009	úr 1901.2022*	1902.4000	2101.2001	2106.9052	2208.5001
1806.3101	úr 1901.2023*	1903.0001	2101.3001	2202.1001	2208.5002
1806.3109	úr 1991.2024*	1903.0009	2101.3009	2202.1002	2208.9001
1806.3201	úr 1901.2029*	1904.1001	2102.1001	2202.1009	2208.9002
1806.3202	úr 1901.2031*	1904.1002	2102.1009	2202.9001	2208.9003
1806.3203	úr 1901.2032*	1904.1009	2102.2001	2202.9002	2208.9004
1806.3209	úr 1901.2033*	1904.9000	2102.3001	2202.9009	2208.9005
1806.9002	úr 1901.2034*	1905.1000	2102.3009	2203.0001	2208.9006
1806.9003	úr 1901.2035*	1905.2000	2103.9001	2203.0009	2208.9009
1806.9007	úr 1901.2036*	1905.3011	2104.1001	2204.2111	
1806.9008	úr 1901.2037*	1905.3019	2104.1004	2204.2119	
1806.9009	úr 1901.2038*	1905.3021	2104.1009	2204.2911	

* Undanþágan tekur aðeins til neðangreindra vara í viðkomandi tollskrárnúmeri:

úr 1901.1000	Barnamatur, í smásöluumbúðum, að undanskildum matvælum úr vörum í nr. 0401 til 0404 sem innihalda kakaó.
úr 1901.2011 til úr 1901.2049	Blöndur og deig til framleiðslu á brauðvörum í nr. 1905, að undanskildum matvælum úr vörum í nr. 0401 til 0404, sem innihalda kakaó.
úr 1901.9000	Annað, að undanskildum matvælum úr vörum í nr. 0401 til 0404, sem innihalda kakaó.
úr 2005.5900	Framleiðsla að stofni til eingöngu úr baunamjöli.
úr 2008.9909	Aðrir ætir plöntuhlutar ótalið annars staðar.
úr 2005.9000	Matjurtablöndur að meginstofni til úr kartöfluflögum eða matjurtamjöli.

Fylgiskjal II

Fiskur og aðrar sjávarafurðir sem njóta fríðindameðferðar samkvæmt 3. tl. 1. gr. auglýsingarinnar.

Vörur, sem flokkast í eftirfarandi tollskrárnúmer og vöruliði, sbr. tollskrá í viðauka I við tollalög nr. 55/1987, með síðari breytingum, njóta tollfríðinda samkvæmt ákvæðum fríverslunarsamningsins:

0208.9001	**0305**	1603.0002	2301.2011	2301.2017	2301.2029
0208.9002	**0306**	1603.0003	2301.2012	2301.2018	2309.9001
0301	**0307**	úr 1603.0009*	2301.2013	2301.2019	úr 2309.9009*
0302	**1504**	**1604**	2301.2014	2301.2021	
0303	1516.1001	**1605**	2301.2015	2301.2022	
0304	1603.0001	2301.1001	2301.2016	2301.2023	

* Undanþágan tekur aðeins til neðangreindra vara í viðkomandi tollskrárnúmeri:

úr 1603.0009	Kjarnar og safar úr fiski eða hvalaafurðum.
úr 2309.9009	Framleiðsla úr fiski.

Fylgiskjal III

Landbúnaðarafurðir, sem njóta tollfríðinda við innflutning til Íslands samkvæmt tvíhliða samningi milli Íslands og Búlgaríu, sbr. 3. gr. auglýsingarinnar.

Vörur, sem flokkast í eftirtalin tollskrárnúmer, sbr. tollskrá í viðauka I við tollalög nr. 55/1987, með síðari breytingum, njóta tollfríðinda við innflutning samkvæmt ákvæðum tvíhliða samnings milli Íslands og Búlgaríu um landbúnaðarafurðir, enda teljist þær að öllu leyti fengnar í Búlgaríu í samræmi við upprunareglur í fylgiskjali IV:

0409.0000	0713.4000	0809.2000	0812.2000	1211.2000	2008.5009
0703.1001	0713.5000	0809.3000	0812.9000	1211.9001	2008.6001
0703.1009	0802.1100	0809.4000	0813.1000	1211.9002	2008.6009
0703.2000	0802.1200	0810.1000	0813.2000	1211.9009	2008.7001
0708.1000	0802.2100	0810.2000	1813.3000	1302.2001	2008.7009
0708.2000	0802.2200	0810.3000	0813.4001	1302.2009	2008.8001
0710.2100	0802.3100	0810.4000	0813.4009	2004.9001	2008.8009
0710.2200	0801.3200	0810.9000	0813.5001	2004.9009	2009.5009
0710.4000	0806.1000	0811.1001	0813.5009	2005.3000	2009.6009
0711.1000	0806.2001	0811.1009	0909.2000	2005.4000	2009.7009
0712.2000	0806.2009	0811.2001	0909.3000	2005.5100	2009.8009
úr 0712.9001*	0807.1000	0811.2009	0909.4000	2008.1101	2009.9009
0713.1000	0808.1000	0811.9001	0909.5001	2008.1109	
0713.2000	0808.2000	0811.9009	0909.5009	2008.1900	
0713.3100	0809.1000	0812.1000	1211.1000	2008.5001	

* Undanþágan tekur aðeins til neðangreindra vara í viðkomandi tollskrárnúmeri:

úr 0712.9001	Sykurmaís.

Fylgiskjal IV

Upprunareglur samkvæmt tvíhliða samningi milli Íslands og Búlgaríu um innflutning landbúnaðarvara, sbr. 1. mgr. 3. gr. auglýsingarinnar.

1. gr.

Við framkvæmd samningsins telst framleiðsluvara upprunnin í Búlgaríu ef hún er að öllu leyti fengin þar.

Eftirfarandi skal talið að öllu leyti fengið í Búlgaríu:

a) Afurðir úr jurtaríkinu, sem þar eru ræktaðar.
b) Lifandi dýr, sem þar eru borin og alin.
c) Afurðir lifandi dýra, sem þar eru alin.
d) Vörur, sem framleiddar eru þar eingöngu úr vörum, sem lýst er í a- til c-lið.

Umbúðaefni og ílát til pökkunar, sem framvísað er með vöru í, skal ekki talið með þeirri vöru þegar ákveða skal hvort hún sé að öllu leyti fengin þar og ekki þarf að ganga úr skugga um, að slíkt umbúðaefni eða ílát til pökkunar sé upprunavara.

2. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. skulu vörur, sem tilgreindar eru í 1. og 2. dálki í lista í viðaukanum við fylgiskjal þetta og fengnar eru í Búlgaríu og í eru efnivörur, sem ekki eru að öllu leyti fengnar þar, einnig teljast upprunnar þar, að því tilskildu að uppfyllt séu skilyðin um aðvinnslu slíkra efnivara, sem kveðið er á um í 3. dálki.

3. gr.

Sú fríðindameðferð, sem kveðið er á um í samningnum, gildir aðeins um framleiðsluvörur, sem fluttar eru beint frá Búlgaríu til Íslands án þess að fara um yfirráðasvæði annars lands. Hins vegar má flytja framleiðsluvörur sem upprunnar eru í Búlgaríu í einni óskiptri vörusendingu um önnur yfirráðasvæði en Ísland eða Búlgaríu með umskipun eða bráðabirgðageymslu á því yfirráðasvæði, ef flutningur um yfirráðsvæðið réttlætist af landfræðilegum ástæðum, vörurnar hafi verið undir eftirliti tollyfirvalda í landinu þar sem umskipunin eða geymslan á sér stað, þær hafa hvorki verið þar á boðstólum til sölu né afhentar til neyslu og hafa ekki fengið aðra meðferð en uppskipun, útskipun eða meðferð, sem miðar að því að forða þeim frá skemmdum.

Sannanir fyrir því, að skilyrðunum sem um getur í 1. mgr. þessa töluliðar hafi verið fullnægt, skulu lagðar fyrir tollyfirvöld innflutningslandsins í samræmi við 6. mgr. 12. gr. bókunar B við samninginn milli EFTA-ríkjanna og Búlgaríu.

4. gr.

Upprunavörur í skilningi þessa samnings skulu njóta hags af samningnum við innflutning til Íslands, annað hvort gegn framvísun EUR 1. flutningsskírteinis eða vörureiknings með yfirlýsingu, sem gefin er út eða gerð í samræmi við ákvæði bókunar B við samninginn milli EFTA-ríkjanna og Búlgaríu.

5. gr.

Ákvæðin um endurgreiðslu eða undanþágu á tollum, sönnun uppruna og fyrirkomulag samvinnu á sviði stjórnsýslu sem er að finna í bókun B við samninginn milli EFTA-ríkjanna og Búlgaríu skulu gilda að breyttu breytanda. Samkomulag er um að bann við endurgreiðslu eða undanþágu á tollum, sem um ræðir í þessum ákvæðum, skuli aðeins gilda um þær efnivörur sem samningurinn milli EFTA-ríkjanna og Búlgaríu gildir um.

Viðauki við upprunareglur fylgiskjals þessa: Listi yfir vörur sem um ræðir í 2. mgr. 3. gr. og gilda um önnur skilyrði en að vera fengnar að öllu leyti.

Tollskrárnúmer	*Vörulýsing*	*Aðvinnsla efnivara, sem ekki teljast upprunaefnivörur, er veita upprunaréttindi*
úr 2004	Græn belgaldin og belgaldin unnin eða varin skemmdum á annan hátt en með ediki eða ediksýru, frystar	Framleiðsla úr grænum belgaldinum og aldinum úr 7. og 20. kafla sem öll verða þegar að vera upprunavörur
úr 2005	Ertur og belgaldin, unnið eða varið skemmdum á annan hátt en með ediki eða ediksýru, ekki frosið	Framleiðsla úr ertum og belgaldinum úr 7. og 20. kafla sem allt verður þegar að vera upprunavörur
úr 2007	Sulta, ávaxtahlaup, mauk, ávaxta- eða hnetudeig og ávaxta- eða hnetupasta, soðið, einnig með viðbættum sykri eða öðru sætiefni, þó ekki sítrus-aldinum og eplum	Framleiðsla: - úr ávöxtum og hnetum sem allt verður þegar að vera upprunavörur, enda - sé verðmæti notaðra efnivara úr 17. kafla ekki meira en 30% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar.
úr 2008	Ávextir, hnetur og aðrir ætir plöntuhlutar samkvæmt lista yfir framleiðsluvörur	Framleiðsla: - úr ávöxtum, hnetum og öðrum ætum plöntuhlutum sem allt verður þegar að vera upprunavörur, enda - sé verðmæti notaðra efnivara úr 17. kafla ekki meira en 30% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar
úr 2009	Ávaxtasafi samkvæmt lista yfir framleiðsluvörur	Framleiðsla: - úr ávöxtum, hnetum og öðrum ætum plöntuhlutum sem allt verður þegar að vera að öllu leyti fengið, enda - sé verðmæti notaðra efnivara úr 17. kafla ekki meira en 30% af verksmiðju framleiðsluvörunnar

Fylgiskjal V

Upprunareglur samkvæmt bókun B við fríverslunarsamninginn.

Inngangur.

Bókun B við fríverslunarsamning EFTA-ríkjanna og Tékkneska og slóvakíska sambandslýðveldisins, sem birt er sem fylgiskjal IV við auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda nr. 73/1993, skal gilda um upprunareglur varðandi meðferð vara samkvæmt þessum fríverslunarsamningi, með þeim undantekningum sem tilgreindar eru hér að neðan.

1. gr.

Í stað „TSSL" komi: Búlgaría

2. gr.

Undirliður iii í b-lið 1. mgr. 1. gr. og 2. mgr. 1. gr. bókunarinnar eiga ekki við um viðskipti við Búlgaríu. Tilvísanir bókunarinnar í þessi ákvæði falla því einnig niður.

3. gr.

1. mgr. 2. gr. breytist og orðist svo: Þrátt fyrir ákvæði undirliðar ii í b-lið 1. gr. halda framleiðsluvörur, sem upprunnar eru í einhverju samningsríki samkvæmt skilgreiningu þessarar bókunar, uppruna sínum þegar þær eru fluttar frá einu samningsríki til annars í óbreyttu ástandi eða hafa ekki hlotið aðvinnslu í útflutningsríkinu umfram þá sem um ræðir í 5. mgr. 5. gr.

Orðin „og Ungverjalandi og/eða Póllandi" í 2. mgr. 2. gr. falli brott .

4. gr.

Í stað orðanna „Upprunavörur í skilningi bókunar þessarar" í 7. gr. komi: Vörur upprunnar í samningsríki. Orðin „eða Ungverjalands eða Póllands" falli brott.

5. gr.

Í 2. málslið 3. mgr. og 4. mgr. 8. gr. falla brott orðin „Ungverjalands og Póllands".

6. gr.

Orðin „eða í Ungverjalandi eða Póllandi" í 3. mgr. 9. gr. falli brott.

Orðin „eða samningum sem um getur í lið iii í b-lið 1. mgr. 1. gr." í 4. mgr. 9. gr. falli brott.

Skilyrði um áritun á EUR. 1-flutningsskírteini í 5. mgr. 9. gr. breytast þannig: Í stað orðanna: „VYSTAVENO DODATEČNĚ", „VYSTANENÉ DODATOČNE", „KIADVA VISSZAMENÖLEGES HATALLYAL" og „WYDANE RETROSPEKTYWNIE" komi: EUR. 1 certificates issued retrospectively must be endorsed with one of the following phrases: „ISSUED RETROSPECTIVELY", „ANNETTU JÄLKIKÄTEEN" „DELIVRE A POSTERIORI", „NACHTRÄGLICH AUSGESTELLT", „ÚTGEFIÐ EFTIR Á", „RILASCIATO A POSTERIORI", „UTSTEDT SENERE", „UTFÄRDAT I EFTERHAND", "издаден впоследствие"

7. gr.

Skilyrði um áritun á eftirrit af EUR.1-flutningsskírteini samkvæmt 6. mgr. 9. gr. breytast þannig: Í stað orðanna „MASOLAT" og „DUPLIKÁT" komi: 6. In the event of the theft, loss or destruction of an EUR. 1 certificate, the exporter may apply to the customs authorities which issued it for a duplicate to be made out on the basis of the export documents

in their possession. The duplicate issued in this way must be endorsed with one of the following words: „DUPLICATE“, „KAKSOISKAPPALE“, „DUPLICATA“, „DUPLIKAT“, „EFTIRRIT“, „DUPLICATO“, „дубликат“

8. gr.

Skilyrði um áritun á EUR.1-flutningsskírteini samkvæmt 5. mgr. 13. gr. breytist þannig: Í stað orðanna „Zjendnodusené konanie“, „Egyszerusített eljàr' as“ og „Uproszczona procedura“ komi: 5. In the cases referred to in paragraph 4 (a), one of the following phrases shall be entered in Box 7, "Remarks", of the EUR.1 certificate: „Simplified procedure“, „Yksinkertaistettu menettely“, „Proecédure simplifiée“, „Vereinfachtes Verfahren“, „Einfölduð afgreiðsla“, „Procedura semplificata“, „Forenklet prosedyre“, „Förenklad procedur“, „спростена процедура“. The approved exporter shall if necessary indicate in Box 13, „Request for verification“, the name and address of the customs authority competent to verify the EUR. 1 certificate.

Skilyrði um áritun á TL-skírteini í 6. mgr. 13. gr. breytist þannig: Í stað orðanna „LT osvědčeni planté do...“, „TL osvedčenie platné do....“, „LT bizonyitvàny érvényes ... -ig“ og „Świadectwo LT ważne do ...“ komi:

„LT certificate valid until...“,
„LT-todistus voimassa...saakka“,
„certificat LT valable jusqu'au...“,
„LT-Zertificat gültig bis...“,
„LT-skírteini gildir til...“,
„certificato LT valido fino a...“,
„LT-sertifikat gyldig til...“,
„LT-certifikat giltigt till...“,
„LT сертификат валиден до...“

Orðin „Ungverjalandi eða Póllandi“ í a-lið 8. mgr. 13. gr. falli brott.

9. gr.

Orðin „Ungverjalandi eða Póllandi“ í 1. mgr. 16. gr. falli brott.

10. gr.

Orðin „Ungverjalandi eða Póllandi“ í 1. mgr. 23. gr. falli brott.

11. gr.

Í stað orðanna „Viðskipti milli EFTA og TSSL (EFTA-SFR Trade)“ í 1. og 2. mgr. 24. gr. komi: Viðskipti milli EFTA og Búlgaríu (EFTA-Bulgaria Trade).

Orðin „Ungverjalandi eða Póllandi“ í 2. mgr. 24. gr. falli brott.

12. gr.

25. gr. bókunarinnar á ekki við um viðskipti við Búlgaríu.

13. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á viðauka IV við bókun B: Yfirlýsingar á ungversku, pólsku og slóvakísku og tékknesku falla niður en í stað þeirra kemur eftirfarandi yfirlýsing á búlgörsku :

Аз, долуподписаният износител на стоките, за които се отнася този документ декларирам, че освен където е отбелязано друго, стоките отговарят на условията, които се изискват за получаване на статут за произход в преференциалната търговия с .... и, че страната от която произхождат е.....

VI. viðauki við bókun B.

Fjárhæðirnar sem um getur í 4. mgr. 8. gr. í bókun B og eru jafngildar evrópskri reiknieiningu í gjaldmiðlum samningsríkja eru samkvæmt fríverslunarsamningum við Búlgaríu sem hér segir:

Austurískur skildingur	14,4794
Búlgarskt leva	18,69
Finnskt mark	4,88483
Íslensk króna	74,8336
Norsk króna	7,98528
Sænsk króna	7,59059
Svissneskur franki	1,70478

Hámarksverð sem um getur í c-lið 1.mgr. og a- og b-lið 2. mgr. 8. gr. í bókun B, eru í gjaldmiðlum EFTA-ríkjanna og Búlgaríu sem hér segir:

	Smápakkar (365 ECU)	Einkafarangur ferðamanna (1.025 ECU)	Hámarksverð yfirlýsingar (5.110 ECU)
Austurískur skildingur	6.000	15.000	74.000
Búlgarskt leva	6.800	19.000	96.000
Finnskt mark	1.800	5.000	25.000
Íslensk króna	27.300	76.700	382.400
Norsk króna	2.900	8.200	40.800
Sænsk króna	3.000	8.000	39.000
Svissneskur franki	650	1.800	8.800

AUGLÝSING

um sérstaka tollmeðferð vegna fríverslunarsamnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Ungverjalands og tvíhliða samnings Íslands og Ungverjalands um landbúnaðarafurðir.

Inngangur.

Að því er Ísland varðar öðlaðist fríverslunarsamningur milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og Ungverjalands og tvíhliða samningur milli Íslands og Ungverjalands um landbúnaðarafurðir gildi hinn 1. júní 1994.

Með fríverslunarsamningnum hafa EFTA-ríkin og Búlgaría ákveðið að koma á, stig af stigi, fríverslunarsvæði m.a. vegna vöruviðskipta milli aðildarríkjanna eins og nánar er kveðið á um í samningnum. Samningurinn nær einungis til viðskipta milli einstakra EFTA-ríkja og Ungverjalands en ekki til viðskipta milli einstakra EFTA-ríkja, nema kveðið sé á um annað í samningnum.

Auglýsing þessi kveður nánar á um sérstaka tollmeðferð á vörum samkvæmt ákvæðum nefndra samninga að því marki sem vörur eru ekki tollfrjálsar samkvæmt beinum fyrirmælum tollskrárinnar í viðauka I við tollalög nr. 55/1987, með síðari breytingum, dálki A, eða leiðir af einstökum ákvæðum tollalaga.

Innflutningur.

1. gr.

Ekki skal greiða toll við innflutning á eftirfarandi vörum, sem upprunnar eru í Ungverjalandi sbr. þó fyrirvara í fylgiskjali I, að uppfylltum öðrum skilyrðum auglýsingar þessarar:

1. Vörur sem falla undir tollskrárnúmer í köflum 25-97 í tollskrá í viðauka I við tollalög nr. 55/1987 með síðari breytingum, enda beri tollskrárnúmerið 0% toll samkvæmt dálki merktum E í tollskránni.
2. Vörur sem unnar eru úr landbúnaðarhráefnum, enda falli þær undir tollskránúmer sem talin eru upp í fylgiskjali I.
3. Fiskur og aðrar sjávarafurðir, enda falli þær undir tollskrárnúmer sem talin eru upp í fylgiskjali II.

2. gr.

Tollfríðindi samkvæmt 1. gr. eru bundin því skilyrði að vörurnar séu upprunnar í Ungverjalandi í skilningi ákvæða bókunar B við fríverslunarsamninginn og gætt sé ákvæða um sönnun uppruna með framlagningu EUR. 1 flutningsskírteinis eða vörureiknings með upprunayfirlýsingu svo og annarra ákvæða sem gilda um fríðindameðferð samkvæmt ákvæðum fríverslunarsamningsins. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 12. gr. bókunarinnar er fullnægjandi að EUR. 1 flutningsskírteini sé afhent tollyfirvaldi, þar sem vöru er framvísað, innan tólf mánaða frá þeim degi, er tollyfirvald í útflutningslandi gaf skírteinið út, sbr. 1. mgr. 12. gr. auglýsingar nr. 404/1987.

Ríkistollstjóra er falin framkvæmd 13., 17. og 2. mgr. 18. gr. bókunar B við fríverslunarsamninginn.

Ákvæði bókunar B eru samhljóða ákvæðum bókunar B við fríverslunarsamning milli EFTA-ríkjanna og Tékkneska og slóvakíska sambandslýðveldisins, sem birt er sem fylgiskjal V við auglýsingu nr. 73/1993 í B-deild Stjórnartíðinda og skulu ákvæði hennar gilda um meðferð vara, sem þessi auglýsing tekur til með þeim breytingum sem greinir í fylgiskjali V við þessa auglýsingu.

3. gr.

Samkvæmt tvíhliða samningi Íslands og Ungverjalands skal ekki greiða toll af innfluttum landbúnaðarvörum, sem falla undir tollskrárnúmer, sem talin eru upp í fylgiskjali III, að uppfylltum öðrum skilyrðum þessarar auglýsingar.

Tollfríðindi samkvæmt 1. mgr. eru bundin því skilyrði, að vörurnar séu upprunnar í Ungverjalandi samkvæmt upprunareglum og viðauka við þær, sem birt er í fylgiskjali IV við auglýsingu þessa.

4. gr.

Ákvæði þessarar auglýsingar hafa ekki áhrif á innheimtu annarra aðflutningsgjalda, sem kunna að vera lögð á umræddar vörur við innflutning.

Útflutningur.

5. gr.

Ákvæði þessarar auglýsingar gilda einnig um útflutning til Ungverjalands á vörum upprunnum á Íslandi, eftir því sem nánar greinir í ákvæðum nefndra samninga svo og bókana og viðauka við þá.

Auk tollyfirvalda veita fjármálaráðuneytið, viðskiptaskrifstofa utanríkisráðuneytisins og Útflutningsráð upplýsingar um sérstaka tollmeðferð á vörum upprunnum á Íslandi, sem ákvæði samnings EFTA-ríkjanna og Ungverjalands taka til.

Gildistökuákvæði o.fl.

6. gr.

Að því leyti sem ekki er kveðið á um tollframkvæmd í auglýsingu þessari gilda ákvæði nefndra samninga svo og bókana og viðauka við þá sem birt er í C-deild Stjórnartíðinda, m.a. um álagningu verðjöfnunargjalda á vörur úr landbúnaðarhráefnum, og ákvæði tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, og reglugerðir og önnur fyrirmæli sett samkvæmt þeim.

7. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 1. tölulið 6. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, öðlast gildi þegar í stað.

Ákvæði til bráðabirgða.

Vörur, sem falla undir ákvæði nefndra samninga og 1. júní 1994 hafa verið fluttar eða hafðar í geymslu um stundarsakir í aðildarríki eða á tollfrjálsum svæðum, er heimilt að líta á sem upprunavörur gegn því að tollyfirvöldum viðkomandi aðildarríkis sé send, innan fjögurra mánaða frá gildistökudegi samningsins gagnvart viðkomandi aðildarríki, sönnun um uppruna, gefin út eftir á, og önnur skjöl sem staðfesta að flutningsskilyrði séu uppfyllt. Að því er íslensk tollyfirvöld varðar verður slík sönnun að berast fyrir 1. október 1994 og innflytjandi að framvísa vörunum við tollyfirvöld sé þess óskað.

Fjármálaráðuneytið, 9. júní 1994.

F. h. r.
Indriði H. Þorláksson.

Ingibjörg Þorsteinsdóttir.

Fylgiskjal I

Vörur úr landbúnaðarhráefnum sem njóta fríðindameðferðar samkvæmt 2. tl. 1. gr. auglýsingarinnar.

Vörur, sem flokkast í eftirfarandi tollskrárnúmer, sbr. tollskrá í viðauka I við tollalög nr. 55/1987, með síðari breytingum, njóta tollfríðinda samkvæmt ákvæðum fríverslunarsamningsins, sbr. þó heimild til álagningar tolla og verðjöfnunargjalda skv. ákvæðum samningsins:

0403.1001	úr 1901.1000*	úr 1901.2039*	1905.3029	2106.1000	2204.2919
0403.1003	úr 1901.2011*	úr 1901.2041*	1905.3030	2106.9011	2205.1001
0403.9001	úr 1901.2012*	úr 1901.2042*	1905.4000	2106.9019	2205.1009
0403.9003	úr 1901.2013*	úr 1901.2043*	2001.9001	2106.9021	2205.9001
1702.5000	úr 1901.2014*	úr 1901.2044*	2005.4000	2106.9022	2205.9009
1702.9004	úr 1901.2015*	úr 1901.2049*	úr 2005.5900*	2106.9023	2208.1001
1704.1000	úr 1901.2016*	úr 1901.9000*	2005.8000	2106.9024	2208.1009
1704.9002	úr 1901.2017*	1902.1100	úr 2005.9000*	2106.9029	2208.2001
1704.9003	úr 1901.2018*	1902.1900	2008.9100	2106.9031	2208.2009
1704.9007	úr 1901.2019*	1902.2009	2008.9909	2106.9039	2208.3000
1704.9009	úr 1901.2021*	1902.3000	2101.1001	2106.9051	2208.4000
1806.2009	úr 1901.2022*	1902.4000	2101.2001	2106.9052	2208.5001
1806.3101	úr 1901.2023*	1903.0001	2101.3001	2202.1001	2208.5002
1806.3109	úr 1901.2024*	1903.0009	2101.3009	2202.1002	2208.9001
1806.3201	úr 1901.2029*	1904.1001	2102.1001	2202.1009	2208.9002
1806.3202	úr 1901.2031*	1904.1002	2102.1009	2202.9001	2208.9003
1806.3203	úr 1901.2032*	1904.1009	2102.2001	2202.9002	2208.9004
1806.3209	úr 1901.2033*	1904.9000	2102.3001	2202.9009	2208.9005
1806.9002	úr 1901.2034*	1905.1000	2102.3009	2203.0001	2208.9006
1806.9003	úr 1901.2035*	1905.2000	2103.9001	2203.0009	2208.9009
1806.9007	úr 1901.2036*	1905.3011	2104.1001	2204.2111	
1806.9008	úr 1901.2037*	1905.3019	2104.1004	2204.2119	
1806.9009	úr 1901.2038*	1905.3021	2104.1009	2204.2911	

---

* Undanþágan tekur aðeins til neðangreindra vara í viðkomandi tollskrárnúmeri:

úr 1901.1000	Barnamatur, í smásöluumbúðum, að undanskildum matvælum úr vörum í nr. 0401 til 0404 sem innihalda kakaó.
úr 1901.2011 til úr 1901.2049	Blöndur og deig til framleiðslu á brauðvörum í nr. 1905, að undanskildum matvælum úr vörum í nr. 0401 til 0404, sem innihalda kakaó.
úr 1901.9000	Annað, að undanskildum matvælum úr vörum í nr. 0401 til 0404, sem innihalda kakaó.
úr 2005.5900	Framleiðsla að stofni til eingöngu úr baunamjöli.
úr 2008.9909	Aðrir ætir plöntuhlutar ótalið annars staðar.
úr 2005.9000	Matjurtablöndur að meginstofni til úr kartöfluflögum eða matjurtamjöli.

Fylgiskjal II

Fiskur og aðrar sjávarafurðir sem njóta fríðindameðferðar samkvæmt 3. tl. 1. gr. auglýsingarinnar.

Vörur, sem flokkast í eftirfarandi tollskrárnúmer og vöruliði, sbr. tollskrá í viðauka I við tollalög nr. 55/1987, með síðari breytingum, njóta tollfríðinda samkvæmt ákvæðum fríverslunarsamningsins:

0208.9001	**0305**	1603.0002	2301.2011	2301.2017	2301.2029
0208.9002	**0306**	1603.0003	2301.2012	2301.2018	2309.9001
0301	**0307**	úr 1603.0009*	2301.2013	2301.2019	úr 2309.9009*
0302	**1504**	**1604**	2301.2014	2301.2021	
0303	1516.1001	**1605**	2301.2015	2301.2022	
0304	1603.0001	2301.1001	2301.2016	2301.2023	

* Undanþágan tekur aðeins til neðangreindra vara í viðkomandi tollskrárnúmeri:

úr 1603.0009 Kjarnar og safar úr fiski eða hvalaafurðum.
úr 2309.9009 Framleiðsla úr fiski.

Fylgiskjal III

Landbúnaðarafurðir, sem njóta tollfríðinda við innflutning til Íslands samkvæmt tvíhliða samningi milli Íslands og Ungverjalands, sbr. 3. gr. auglýsingarinnar.

Vörur, sem flokkast í eftirtalin tollskrárnúmer, sbr. tollskrá í viðauka I við tollalög nr. 55/1987, með síðari breytingum, njóta tollfríðinda við innflutning samkvæmt ákvæðum tvíhliða samnings milli Íslands og Ungverjalands um landbúnaðarafurðir, enda teljist þær að öllu leyti fengnar í Ungverjalandi í samræmi við upprunareglur í fylgiskjali IV:

0409.0000	0711.1000	0806.2009	0813.4001	2008.1900	2009.1909
0505.1001	0711.2000	0807.1000	0813.4009	2008.3001	2009.2001
0703.1001	0712.2000	0808.1000	0813.5001	2008.3009	2009.2009
0703.1009	0713.1000	0808.2000	0813.5009	2008.5001	2009.3001
0703.2000	0713.2000	0809.1000	0909.2000	2008.5009	2009.3009
0708.1000	0713.3100	0809.2000	1509.1001	2008.6001	2009.5001
0708.2000	0713.4000	0809.3000	1509.1009	2008.6009	2009.5009
0708.9000	0713.5000	0809.4000	1509.9001	2008.7001	2009.6001
0709.2000	0802.1200	0810.1000	1509.9009	2008.7009	2009.6009
0709.7000	0802.2200	0810.2000	2001.1000	2008.8001	2009.7001
0709.9003	0802.3200	0810.3000	úr 2004.9009*	2008.8009	2009.7009
úr 0709.9009*	0802.5000	0810.9000	2005.3000	2008.9201	2009.8001
0710.2100	0805.1000	0811.1001	2005.4000	2008.9202	2009.8009
0710.2200	0805.2000	0811.1009	2005.5100	2008.9209	2009.9001
0710.2900	0805.3001	0811.9001	2005.7000	2008.9901	2009.9009
0710.8001	0805.3009	úr 0811.9009*	úr 2005.9000*	úr 2008.9909*	
0710.8002	0805.4000	0813.1000	úr 2007.9900*	2009.1101	
0710.8003	0806.1000	0813.2000	2008.1101	2009.1109	
0710.8009	0806.2001	1813.3000	2008.1109	2009.1901	

* Undanþágan tekur aðeins til neðangreindra vara í viðkomandi tollskrárnúmeri:

úr 0709.9009 Kúrbítur.
úr 0811.9009 Kirsuber, plómur, appelsínur, ferskjur og greipaldin.
úr 2004.9909 Svartar og grænar ólívur, græn belgaldin og belgaldin.
úr 2005.9000 Artisjókur.
úr 2007.9900 Kastaníuhnetu- og heslihnetumauk.
úr 2008.9909 Vínber og plómur.

Fylgiskjal IV

Upprunareglur samkvæmt tvíhliða samningi milli Íslands og Ungverjalands um innflutning landbúnaðarvara, sbr. 1. mgr. 3. gr. auglýsingarinnar.

1. gr.

Við framkvæmd samningsins telst framleiðsluvara upprunnin í Ungverjalandi ef hún er að öllu leyti fengin þar.

Eftirfarandi skal talið að öllu leyti fengið í Ungverjalandi:

a) Afurðir úr jurtaríkinu, sem þar eru ræktaðar.
b) Lifandi dýr, sem þar eru borin og alin.
c) Afurðir lifandi dýra, sem þar eru alin.
d) Vörur, sem framleiddar eru þar eingöngu úr vörum, sem lýst er í a- til c-lið.

Umbúðaefni og ílát til pökkunar, sem framvísað er með vöru í, skal ekki talið með þeirri vöru þegar ákveða skal hvort hún sé að öllu leyti fengin þar og ekki þarf að ganga úr skugga um, að slíkt umbúðaefni eða ílát til pökkunar sé upprunavara.

2. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. skulu vörur, sem tilgreindar eru í 1. og 2. dálki í lista í viðaukanum við fylgiskjal þetta og fengnar eru í Ungverjalandi og í eru efnivörur, sem ekki eru að öllu leyti fengnar þar, einnig teljast upprunnar þar, að því tilskildu að uppfyllt séu skilyðin um aðvinnslu slíkra efnivara, sem kveðið er á um í 3. dálki.

3. gr.

Sú fríðindameðferð, sem kveðið er á um í samningnum, gildir aðeins um framleiðsluvörur, sem fluttar eru beint frá Ungverjalandi til Íslands án þess að fara um yfirráðasvæði annars lands. Hins vegar má flytja framleiðsluvörur sem upprunnar eru í Ungverjalandi í einni óskiptri vörusendingu um önnur yfirráðasvæði en Ísland eða Ungverjaland með umskipun eða bráðabirgðageymslu á því yfirráðasvæði, ef flutningur um yfirráðsvæðið réttlætist af landfræðilegum ástæðum, vörurnar hafi verið undir eftirliti tollyfirvalda í landinu þar sem umskipunin eða geymslan á sér stað, þær hafa hvorki verið þar á boðstólum til sölu né afhentar til neyslu og hafa ekki fengið aðra meðferð en uppskipun, útskipun eða meðferð, sem miðar að því að forða þeim frá skemmdum.

Sannanir fyrir því, að skilyrðunum sem um getur í 1. mgr. þessa töluliðar hafi verið fullnægt, skulu lagðar fyrir tollyfirvöld innflutningslandsins í samræmi við 6. mgr. 12. gr. bókunar B við samninginn milli EFTA-ríkjanna og Ungverjalands.

4. gr.

Upprunavörur í skilningi þessa samnings skulu njóta hags af samningnum við innflutning til Íslands, annað hvort gegn framvísun EUR 1. flutningsskírteinis eða vörureiknings með yfirlýsingu, sem gefin er út eða gerð í samræmi við ákvæði bókunar B við samninginn milli EFTA-ríkjanna og Ungverjalands.

5. gr.

Ákvæðin um endurgreiðslu eða undanþágu á tollum, sönnun uppruna og fyrirkomulag samvinnu á sviði stjórnsýslu sem er að finna í bókun B við samninginn milli EFTA-ríkjanna og Ungverjalands skulu gilda að breyttu breytanda. Samkomulag er um að bann við endurgreiðslu eða undanþágu á tollum, sem um ræðir í þessum ákvæðum, skuli aðeins gilda um þær efnivörur sem samningurinn milli EFTA-ríkjanna og Ungverjalands gildir um.

Viðauki við upprunareglur fylgiskjals þessa: Listi yfir vörur sem um ræðir í 2. mgr. 3. gr. og gilda um önnur skilyrði en að vera fengnar að öllu leyti.

Tollskrárnúmer	*Vörulýsing*	*Aðvinnsla efnivara, sem ekki teljast upprunaefnivörur, er veita upprunaréttindi*
úr 2004	Græn belgaldin og belgaldin, unnin eða varin skemmdum á annan hátt en með ediki eða ediksýru, frystar	Framleiðsla úr grænum belgaldinum og aldinum úr 7. og 20. kafla sem öll verða þegar að vera upprunavörur
úr 2005	Ertur og belgaldin, unnið eða varið skemmdum á annan hátt en með ediki eða ediksýru, ekki frosið	Framleiðsla úr ertum og belgaldinum úr 7. og 20. kafla sem allt verður þegar að vera upprunavörur
2007	Sulta, ávaxtahlaup, mauk ávaxta- eða hnetudeig og ávaxta- eða hnetupasta, soðið, einnig með viðbættum sykri eða öðru sætiefni, þó ekki sítrus-aldinum og eplum	Framleiðsla: - úr ávöxtum og hnetum sem allt verður þegar að vera upprunavörur, enda - sé verðmæti notaðra efnivara úr 17. kafla ekki meira en 30% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar
úr 2008	Ávextir, hnetur og aðrir ætir plöntuhlutar samkvæmt lista yfir framleiðsluvörur	Framleiðsla: - úr ávöxtum, hnetum og öðrum ætum plöntuhlutum sem allt verður þegar að vera upprunavörur, enda - sé verðmæti notaðra efnivara úr 17. kafla ekki meira en 30% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar
úr 2009	Ávaxtasafni samkvæmt lista yfir framleiðsluvörur	Framleiðsla: - úr ávöxtum, hnetum og öðrum ætum plöntuhlutum sem allt verður þegar að vera að öllu leyti fengið, enda - sé verðmæti notaðra efnivara úr 17. kafla ekki meira en 30% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar

Fylgiskjal V

Upprunareglur samkvæmt bókun B við fríverslunarsamninginn.

Inngangur.

Bókun B við fríverslunarsamning EFTA-ríkjanna og Tékkneska og slóvakíska sambandslýðveldisins, sem birt er sem fylgiskjal IV við auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda nr. 73/1993, skal gilda um upprunareglur varðandi meðferð vara samkvæmt þessum fríverslunarsamningi, með þeim undantekningum sem tilgreindar eru hér að neðan.

1. gr.

Í stað „TSSL" komi: Ungverjaland

Í stað „Ungverjalands og Póllands" komi: Tékkneska lýðveldið, Pólland og Slóvakíska lýðveldið.

2. gr.

Við skilyrði um áritun á EUR.1-flutningsskírteini samkvæmt 5. mgr. 13. gr. bætist við eftirfarandi áletrun: „Zjednodusené rizení"

Skilyrði um áritun á TL-skírteini í 6. mgr. 13. gr. breytist þannig: Í stað orðanna „Świadectwo LT ważne do ..." komi: „LT-certificat wazny do ....".

3. gr.

Fyrri málsliður 14. gr. orðist svo:

Yfirlýsingu, sem getið er í c-lið 1. mgr. 8. gr., skal útflytjandi gefa í þeirri mynd sem sýnd er í IV. viðauka við bókun þessa á einu af opinberum tungumálum samningsríkjanna, tékknesku, pólsku, slóvakísku eða ensku.

4. gr.

Í stað orðanna „Viðskipti milli EFTA og TSSL (EFTA-SFR Trade)" í 1. og 2. mgr. 24. gr. komi: Viðskipti milli EFTA og Ungverjalands (EFTA-Hungary Trade).

VI. viðauki við bókun B.

Fjárhæðirnar sem um getur í 4. mgr. 8. gr. í bókun B og eru jafngildar evrópskri reiknieiningu í gjaldmiðlum samningsríkja eru samkvæmt fríverlunarsamningum við Ungverjaland sem hér segir:

Austurískur skildingur	14,4794
Finnskt mark	4,88483
Íslensk króna	74,8336
Norsk króna	7,98528
Sænsk króna	7,59059
Svissneskur franki	1,70478
Pólskt zloty	12,591.00
Tékknesk koruna	20,68
Ungverskt forint	82,10
Slóvakísk koruna	20,68

Hámarksverð sem um getur í c-lið 1. mgr. og a- og b-lið 2. mgr. 8. gr. í bókun B, eru í gjaldmiðlum EFTA-ríkjanna og Ungverjalands sem hér segir:

	Smápakkar (365 ECU)	Einkafarangur ferðamanna (1.025 ECU)	Hámarksverð yfirlýsingar (5.110 ECU)
Austurískur skildingur	6.000	15.000	74.000
Finnskt mark	1.800	5.000	25.000
Íslensk króna	27.300	76.700	382.400
Norsk króna	2.900	8.200	40.800
Sænsk króna	3.000	8.000	39.000
Svissneskur franki	650	1.800	8.800
Pólskt zloty	4.600.000	12.900.000	64.300.000
Tékknesk koruna	7.000	22.000	110.000
Ungverskt forint	30.000	84.100	419.500
Slóvakísk koruna	7.000	22.000	110.000

9. júní 1994 Nr. 323

AUGLÝSING

um sérstaka tollmeðferð vegna fríverslunarsamnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Ísrael og tvíhliða samnings Íslands og Ísrael um landbúnaðarafurðir.

Inngangur.

Að því er Ísland varðar öðlaðist fríverslunarsamningur milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og Ísraels og tvíhliða samningur milli Íslands og Ísraels um landbúnaðarafurðir gildi hinn 1. ágúst 1993.

Með fríverslunarsamningnum hafa EFTA-ríkin og Ísrael ákveðið að koma á, stig af stigi, fríverslunarsvæði, m.a. vegna vöruviðskipta milli aðildarríkjanna eins og nánar er kveðið á um í samningnum. Samningurinn nær einungis til viðskipta milli einstakra EFTA-ríkja og Ísraels en ekki til viðskipta milli einstakra EFTA-ríkja, nema kveðið sé á um annað í samningnum.

Auglýsing þessi kveður nánar á um sérstaka tollmeðferð á vörum samkvæmt ákvæðum nefndra samninga að því marki, sem vörur eru ekki tollfrjálsar samkvæmt beinum fyrirmælum tollskrárinnar í viðauka I við tollalög nr. 55/1987, með síðari breytingum, dálki A, eða leiðir af einstökum ákvæðum tollalaga.

Innflutningur.

1. gr.

Ekki skal greiða toll við innflutning á eftirfarandi vörum, sem upprunnar eru í Ísrael sbr. þó fyrirvara í fylgiskjali I, að uppfylltum öðrum skilyrðum auglýsingar þessarar:

1. Vörur, sem falla undir tollskrárnúmer í köflum 25-97 í tollskrá í viðauka I við tollalög nr. 55/1987 með síðari breytingum, enda beri tollskrárnúmerið 0% toll samkvæmt dálki merktum E í tollskránni.
2. Vörur, sem unnar eru úr landbúnaðarhráefnum, enda falli þær undir tollskránúmer, sem talin eru upp í fylgiskjali I.
3. Fiskur og aðrar sjávarafurðir, enda falli þær undir tollskrárnúmer, sem talin eru upp í fylgiskjali II.

2. gr.

Tollfríðindi samkvæmt 1. gr. eru bundin því skilyrði, að vörurnar séu upprunnar í Ísrael í skilningi ákvæða bókunar B við fríverslunarsamninginn og gætt sé ákvæða um sönnun uppruna með framlagningu EUR. 1 flutningsskírteinis eða vörureiknings með upprunayfirlýsingu svo og annarra ákvæða, sem gilda um fríðindameðferð samkvæmt ákvæðum fríverslunarsamningsins. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 12. gr. bókunarinnar er fullnægjandi, að EUR. 1 flutningsskírteini sé afhent tollyfirvaldi, þar sem vöru er framvísað, innan tólf mánaða frá þeim degi, er tollyfirvald í útflutningslandi gaf skírteinið út, sbr. 1. mgr. 12. gr. auglýsingar nr. 404/1987.

Ríkistollstjóra er falin framkvæmd 13., 17. og 2. mgr. 18. gr. bókunar B við fríverslunarsamninginn.

Ákvæði bókunar B eru samhljóða ákvæðum bókunar B við fríverslunarsamning milli EFTA-ríkjanna og Tékkneska og slóvakíska sambandslýðveldisins, sem birt er sem fylgiskjal V við auglýsingu nr. 73/1993 í B-deild Stjórnartíðinda og skulu ákvæði hennar gilda um meðferð vara, sem þessi auglýsing tekur til með þeim undantekningum, sem greinir í fylgiskjali V við þessa auglýsingu.

3. gr.

Samkvæmt tvíhliða samningi Íslands og Ísraels skal ekki greiða toll af innfluttum landbúnaðarvörum, sem falla undir tollskrárnúmer, sem talin eru upp í fylgiskjali III, að uppfylltum öðrum skilyrðum þessarar auglýsingar.

Tollfríðindi samkvæmt 1. mgr. eru bundin því skilyrði, að vörurnar séu upprunnar í Ísrael samkvæmt upprunareglum og viðauka við þær, sem birt er í fylgiskjali IV við auglýsingu þessa.

4. gr.

Ákvæði þessarar auglýsingar hafa ekki áhrif á innheimtu annarra aðflutningsgjalda, sem kunna að vera lögð á umræddar vörur við innflutning.

Útflutningur.

5. gr.

Ákvæði þessarar auglýsingar gilda einnig um útflutning til Ísrael á vörum upprunnum á Íslandi, eftir því sem nánar greinir í ákvæðum nefndra samninga svo og bókana og viðauka við þá.

Auk tollyfirvalda veita fjármálaráðuneytið, viðskiptaskrifstofa utanríkisráðuneytisins og Útflutningsráð upplýsingar um sérstaka tollmeðferð á vörum upprunnum á Íslandi, sem ákvæði samnings EFTA-ríkjanna og Ísraels taka til.

Gildistökuákvæði o.fl.

6. gr.

Að því leyti sem ekki er kveðið á um tollframkvæmd í auglýsingu þessari gilda ákvæði nefndra samninga svo og bókana og viðauka við þá, sem birt er í C-deild Stjórnartíðinda, m.a. um álagningu verðjöfnunargjalda á vörur úr landbúnaðarhráefnum, og ákvæði tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, og reglugerðir og önnur fyrirmæli sett samkvæmt þeim.

7. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 1. tölulið 6. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 9. júní 1994

F. h. r.
Indriði H. Þorláksson.

Ingibjörg Þorsteinsdóttir.

Fylgiskjal I

Vörur úr landbúnaðarhráefnum, sem njóta fríðindameðferðar samkvæmt 2. tl. 1. gr. auglýsingarinnar.

Vörur, sem flokkast í eftirfarandi tollskrárnúmer, sbr. tollskrá í viðauka I við tollalög nr. 55/1987, með síðari breytingum, og njóta tollfríðinda samkvæmt ákvæðum fríverslunarsamningsins, sbr. þó heimild til álagningar tolla og verðjöfnunargjalda skv. ákvæðum samningsins:

0403.1001	1806.9009	úr 1901.2038*	1905.3021	2104.1009	2204.2911
0403.1003	úr 1901.1000*	úr 1901.2039*	1905.3029	2106.1000	2204.2919
0403.9001	úr 1901.2011*	úr 1901.2041*	1905.3030	2106.9011	2205.1001
0403.9003	úr 1901.2012*	úr 1901.2042*	1905.4000	2106.9019	2205.1009
1702.5000	úr 1901.2013*	úr 1901.2043*	2001.9001	2106.9021	2205.9001
1702.9004	úr 1901.2014*	úr 1901.2044*	2005.4000	2106.9022	2205.9009
1704.1000	úr 1901.2015*	úr 1901.2049*	úr 2005.5900*	2106.9023	2208.1001
1704.9002	úr 1901.2016*	úr 1901.9000*	2005.8000	2106.9024	2208.1009
1704.9003	úr 1901.2017*	1902.1100	úr 2005.9000*	2106.9029	2208.2001
1704.9007	úr 1901.2018*	1902.1900	2008.9100	2106.9031	2208.2009
1704.9009	úr 1901.2019*	1902.2009	úr 2008.9909*	2106.9039	2208.3000
1806.2009	úr 1901.2021*	1902.3000	2101.1001	2106.9051	2208.4000
1806.3101	úr 1901.2022*	1902.4000	2101.2001	2106.9052	2208.5001
1806.3109	úr 1901.2023*	1903.0001	2101.3001	2202.1001	2208.5002
1806.3201	úr 1901.2024*	1903.0009	2101.3009	2202.1002	2208.9001
1806.3202	úr 1901.2029*	1904.1001	2102.1001	2202.1009	2208.9002
1806.3203	úr 1901.2031*	1904.1002	2102.1009	2202.9001	2208.9003
1806.3209	úr 1901.2032*	1904.1009	2102.2001	2202.9002	2208.9004
úr 1806.9001*	úr 1901.2033*	1904.9000	2102.3001	2202.9009	2208.9005
1806.9002	úr 1901.2034*	1905.1000	2102.3009	2203.0001	2208.9006
1806.9003	úr 1901.2035*	1905.2000	2103.9001	2203.0009	2208.9009
1806.9007	úr 1901.2036*	1905.3011	2104.1001	2204.2111	
1806.9008	úr 1901.2037*	1905.3019	2104.1004	2204.2119	

* Undanþágan tekur aðeins til neðangreindra vara í viðkomandi tollskrárnúmeri:

úr 1806.9001	Búðingar og súpur, þó ekki búðingsduft.
úr 1901.1000	Barnamatur í smásöluumbúðum, að undanskildum matvælum úr vörum í nr. 0401 til 0404, sem innihalda kakaó.
úr 1901.2011 til úr 1901.2049	Blöndur og deig til framleiðslu á brauðvörum í nr. 1905, að undanskildum matvælum úr vörum í nr. 0401 til 0404, sem innihalda kakaó.
úr 1901.9000	Annað, að undanskildum matvælum úr vörum í nr. 0401 til 0404, sem innihalda kakaó.
úr 2005.5900	Framleiðsla að stofni til eingöngu úr baunamjöli.
úr 2005.9000	Matjurtablöndur að meginstofni til úr kartöfluflögum eða matjurtamjöli.
úr 2008.9909	Aðrir ætir plöntuhlutar ótalið annars staðar.

Fylgiskjal II

Fiskur og aðrar sjávarafurðir, sem njóta fríðindameðferðar samkvæmt 3. tl. 1. gr. auglýsingarinnar.

Vörur, sem flokkast í eftirfarandi tollskrárnúmer og vöruliði, sbr. tollskrá í viðauka I við tollalög nr. 55/1987, með síðari breytingum, sem njóta tollfríðinda samkvæmt ákvæðum fríverslunarsamningsins:

0208.9001	**0305**	1603.0001	2301.2011	2301.2017	2301.2029
0208.9002	**0306**	1603.0002	2301.2012	2301.2018	2309.9001
0301	**0307**	1603.0003	2301.2013	2301.2019	
0302	**1504**	**1604**	2301.2014	2301.2021	
0303	1516.1001	**1605**	2301.2015	2301.2022	
0304	úr 1516.1009*	2301.1001	2301.2016	2301.2023	

* Undanþágan tekur aðeins til neðangreindra vara í viðkomandi tollskrárnúmeri:

úr 1516.1009 Feiti og olíur eingöngu úr fiski og sjávarspendýrum og efnisþættir þeirra.

Fylgiskjal III

Landbúnaðarafurðir, sem njóta tollfríðinda við innflutning til Íslands samkvæmt tvíhliða samningi milli Íslands og Ísrael, sbr. 3. gr. auglýsingarinnar.

Vörur, sem flokkast í eftirtalin tollskrárnúmer, sbr. tollskrá í viðauka I við tollalög nr. 55/1987, með síðari breytingum, njóta tollfríðinda við innflutning samkvæmt ákvæðum tvíhliða samnings milli Íslands og Ísrael, um landbúnaðarafurðir, enda teljist þær að öllu leyti fengnar í Ísrael í samræmi við upprunareglur í fylgiskjali IV:

0710.2100	1302.2001	1516.2002	2008.1101	2008.9202	2009.5001
0710.2200	1302.2009	1516.2003	2008.1109	2008.9209	2009.5009
0711.1000	1507.1000	1516.2009	2008.1900	2008.9901	2009.6001
0711.2000	1507.9000	1604.1101	2008.3001	2008.9902	2009.6009
0713.2000	1509.1000	1604.1109	2008.3009	2008.9909	2009.7001
0713.3100	1509.9000	2005.4000	2008.5001	2009.1101	2009.7009
0713.4000	1512.1100	2005.5100	2008.5009	2009.1109	2009.8001
0713.5000	1512.1900	2005.6000	2008.6009	2009.1901	2009.8009
0805.1000	1512.1900	2005.7000	2008.7001	2009.1909	2009.9001
0805.4000	1515.6000	2006.0000	2008.7009	2009.2001	2009.9009
0814.0000	1515.9000	2007.1000	2008.8001	2009.2009	
0910.1000	1516.1001	2007.9100	2008.8009	2009.3001	
0910.9900	1516.2001	2007.9900	2008.9201	2009.3009	

Fylgiskjal IV

Upprunareglur samkvæmt tvíhliða samningi milli Íslands og Ísrael um innflutning landbúnaðarvara sbr. 1. mgr. 3. gr. auglýsingarinnar.

1. gr.

Við framkvæmd samningsins telst framleiðsluvara upprunnin í Ísrael, ef hún er að öllu leyti fengin þar.

Eftirfarandi skal talið að öllu leyti fengið í Ísrael:

a. Afurðir úr jurtaríkinu, sem þar eru ræktaðar.
b. Lifandi dýr, sem þar eru borin og alin.
c. Afurðir lifandi dýra, sem þar eru alin.
d. Vörur, sem framleiddar eru þar eingöngu úr vörum, sem lýst er í a- til c-lið.

Umbúðaefni og ílát til pökkunar, sem framvísað er með vöru í, skal ekki talið með þeirri vöru þegar ákveða skal, hvort hún sé að öllu leyti fengin þar og ekki þarf að ganga úr skugga um, að slíkt umbúðaefni eða ílát til pökkunar sé upprunavara.

2. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. skulu vörur, sem tilgreindar eru í 1. og 2. dálki í lista í viðaukanum við fylgiskjal þetta og fengnar eru í Ísrael og í eru efnivörur, sem ekki eru að öllu leyti fengnar þar, einnig teljast upprunnar þar, að því tilskildu, að uppfyllt séu skilyrðin um aðvinnslu slíkra efnivara, sem kveðið er á um í 3. dálki.

3. gr.

Sú fríðindameðferð, sem kveðið er á um í samningnum gildir aðeins um framleiðsluvörur, sem fluttar eru beint frá Ísrael til Íslands án þess að fara um yfirráðasvæði annars lands. Hins vegar má flytja framleiðsluvörur, sem upprunnar eru í Ísrael í einni óskiptri vörusendingu um önnur yfirráðasvæði en Ísland eða Ísrael með umskipun eða bráðabirgðageymslu á því yfirráðasvæði, ef flutningur um yfirráðasvæðið réttlætist af landfræðilegum ástæðum, vörurnar hafi verið undir eftirliti tollyfirvalda í landinu þar sem umskipunin eða geymslan á sér stað, þær hafa hvorki verið þar á boðstólum til sölu né afhentar til neyslu og hafa ekki fengið aðra meðferð en uppskipun, útskipun eða meðferð sem miðar að því að forða þeim frá skemmdum.

Sannanir fyrir því, að skilyrðunum, sem um getur í 1. mgr. þessa töluliðar, hafi verið fullnægt skulu lagðar fyrir tollyfirvöld innflutningslandsins í samræmi við 6. mgr. 12. gr. bókunar B við samninginn milli EFTA-ríkjanna og Ísrael.

4. gr.

Upprunavörur í skilningi þessa samnings skulu njóta hags af samningnum við innflutning til Íslands, annað hvort gegn framvísun EUR 1. flutningsskírteinis eða vörureiknings með yfirlýsingu, sem gefin er út eða gerð í samræmi við ákvæði bókunar B við samninginn milli EFTA-ríkjanna og Ísrael.

5. gr.

Ákvæðin um endurgreiðslu eða undanþágu á tollum, sönnun uppruna og fyrirkomulag samvinnu á sviði stjórnsýslu, sem er að finna í bókun B við samninginn milli EFTA-ríkjanna og Ísrael, skulu gilda að breyttu breytanda. Samkomulag er um, að bann við endurgreiðslu eða undanþágu á tollum, sem um ræðir í þessum ákvæðum, skuli aðeins gilda um þær efnivörur, sem samningurinn milli EFTA-ríkjanna og Ísrael gildir um.

Viðauki við upprunareglur fylgiskjals þessa: Listi yfir vörur, sem um ræðir í 2. mgr. 3. gr. og gilda um önnur skilyrði en um að vera fengnar að öllu leyti.

Tollskrárnúmer	*Vörulýsing*	*Aðvinnsla efnivara, sem ekki teljast upprunaefnivörur, er veita upprunaréttindi*
úr 2004	Græn belgaldin og belgaldin, unnin eða varin skemmdum á annan hátt en með ediki eða ediksýru, frystar	Framleiðsla úr grænum belgaldinum og aldinum úr 7. og 20. kafla, sem öll verða þegar að vera upprunavörur
úr 2005	Ertur og belgaldin, unnin eða varin skemmdum á annan hátt en með ediki eða ediksýru, ekki frosið	Framleiðsla úr ertum og belgaldinum úr 7. og 20. kafla, sem allt verður þegar að vera upprunavörur
úr 2007	Sulta, ávaxtahlaup, mauk, ávaxta- eða hnetudeig og ávaxta- eða hnetupasta, soðið, einnig með viðbættum sykri eða öðru sætiefni, þó ekki sítrus-aldinum og eplum	Framleiðsla: - úr ávöxtum og hnetum, sem allt verður þegar að vera upprunavörur, enda - sé verðmæti notaðra efnivara úr 17. kafla ekki meira en 30% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar
úr 2008	Ávextir, hnetur og aðrir ætir plöntuhlutar samkvæmt lista yfir framleiðsluvörur	Framleiðsla: - úr ávöxtum, hnetum og öðrum ætum plöntuhlutum, sem allt verður þegar að vera upprunavörur, enda - sé verðmæti notaðra efnivara úr 17. kafla ekki meira en 30% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar
úr 2009	Ávaxtasafi samkvæmt lista yfir framleiðsluvörur	Framleiðsla: - úr ávöxtum, hnetum og öðrum ætum plöntuhlutum, sem allt verður þegar að vera að öllu leyti fengið, enda - sé verðmæti notaðra efnivara úr 17. kafla ekki meira en 30% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar

Fylgiskjal V

Upprunareglur samkvæmt bókun B við fríverslunarsamninginn.

Inngangur.

Bókun B við fríverslunarsamning EFTA-ríkjanna og Tékkneska og slóvakíska sambandslýðveldisins, sem birt er sem fylgiskjal IV við auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda nr. 73/1993, skal gilda um upprunareglur varðandi meðferð vara samkvæmt þessum fríverslunarsamningi, með þeim breytingum, sem tilgreindar eru hér að neðan.

1. gr.

Í stað „TSSL" komi: Ísrael.

2. gr.

Undirliður iii í b-lið 1. mgr. 1. gr. og 2. mgr. 1. gr. bókunarinnar eiga ekki við um viðskipti við Ísrael. Tilvísanir bókunarinnar í þessi ákvæði falla því einnig niður.

3. gr.

1. mgr. 2. gr. breytist og orðist svo: Þrátt fyrir ákvæði undirliðar ii í b-lið 1. gr. halda framleiðsluvörur, sem upprunnar eru í einhverju samningsríki samkvæmt skilgreiningu þessarar bókunar, uppruna sínum, þegar þær eru fluttar frá einu samningsríki til annars í óbreyttu ástandi eða hafa ekki hlotið aðvinnslu í útflutningsríkinu umfram þá, sem um ræðir í 5. mgr. 5. gr.

Orðin og „Ungverjalandi og/eða Póllandi" í 2. mgr. 2. gr. falli brott.

4. gr.

Í stað orðanna „Upprunavörur í skilningi bókunar þessarar" í 7. gr. komi: Vörur upprunnar í samningsríki. Orðin „eða Ungverjalands eða Póllands" falli brott.

5. gr.

Reiknieiningar í 8. gr. breytast þannig: Í stað „5110" í c-lið 1. mgr. komi: 2820, í stað „365" í a-lið 2. mgr. komi: 200, í stað „1025" í b-lið 2. mgr. komi: 565.

Í 2. málslið 3. mgr. og 4. mgr. 8. gr. falla brott orðin „Ungverjalands og Póllands".

6. gr.

Orðin „eða í Ungverjalandi eða Póllandi" í 3. mgr. 9. gr. falli brott.

Orðin „eða samningum sem um getur í lið iii í b-lið 1. mgr. 1. gr." í 4. mgr. 9. gr. falli brott.

Skilyrði um áritun á EUR.1-flutningsskírteini í 5. mgr. 9. gr. breytast þannig: Í stað orðanna: „VYSTAVENO DODATEČNĚ", „VYSTANENÉ DODATOČNE", „KIADVA VISSZAMENÖLEGES HATALLYAL" og „WYDANE RETROSPEKTYWNIE" komi samsvarandi áritun á hebresku.

7. gr.

Skilyrði um áritun á eftirrit af EUR.1-flutningsskírteini samkvæmt 6. mgr. 9. gr. breytast þannig: Í stað orðanna „MASOLAT" og „DUPLIKÁT" komi samsvarandi áritun á hebresku.

8. gr.

Skilyrði um áritun á EUR.1-flutningsskírteini samkvæmt 5. mgr. 13. gr. breytist þannig: Í stað orðanna „Zjendnodusené konanie", „Egyszerusített eljàr' as" og „Uproszczona procedura" komi samsvarandi áritun á hebresku.

Skilyrði um áritun á TL-skírteini í 6. mgr. 13. gr. breytist þannig: Í stað orðanna „LT osvědčěni planté do...", „TL osvedčenie platné do....", „LT bizonyitvàny érvényes ... -ig" og „Świadectwo LT ważne do ..." komi samsvarandi áritun á hebresku.

Orðin „Ungverjalandi eða Póllandi" í a-lið 8. mgr. 13. gr. falli brott.

9. gr.

Orðin „Ungverjalandi eða Póllandi" í 1. mgr. 16. gr. falli brott.

10. gr.

Orðin „Ungverjalandi eða Póllandi" í 1. mgr. 23. gr. falli brott.

11. gr.

Í stað orðanna „Viðskipti milli EFTA og TSSL (EFTA-SFR Trade)" í 1. og 2. mgr. 24. gr. komi: Viðskipti milli EFTA og Ísrael (EFTA-Israel Trade).

Orðin „Ungverjalandi eða Póllandi" í 2. mgr. 24. gr. falli brott.

12. gr.

25. gr. bókunarinnar á ekki við um viðskipti við Ísrael.

13. gr.

26. gr. orðist svo:

Setja skal á stofn undirnefnd um tolla- og upprunamálefni í tengslum við sameiginlegu nefndina, í samræmi við ákvæði 5. mgr. 26. gr. samningsins, til að aðstoða hana við að framkvæma skyldur sínar og tryggja stöðug upplýsingaskipti og samráð milli sérfræðinga.

Í nefndinni skulu sitja sérfræðingar samningsríkja, sem fást við málefni er lúta að upprunareglum.

14. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á viðauka IV við bókun B: Yfirlýsingar á ungversku, pólsku og slóvakísku og tékknesku falla niður en í stað þeirra komi samsvarandi yfirlýsing á hebresku.

VI. viðauki við bókun B.

Fjárhæðirnar, sem um getur í 4. mgr. 8. gr. í bókun B og eru jafngildar evrópskri reiknieiningu í gjaldmiðlum samningsríkja, eru samkvæmt fríverslunarsamningum við Ísrael sem hér segir:

Austurískur skildingur	14,4794
Finnskt mark	4,88483
Íslensk króna	74,8336
Norsk króna	7,98528
Sænsk króna	7,59059
Svissneskur franki	1,70478
Ísraelskur shekel	12,7459

Hámarksverð, sem um getur í c-lið 1. mgr. og a- og b-lið 2. mgr. 8. gr. í bókun B, eru í gjaldmiðlum EFTA-ríkjanna og Ísraels sem hér segir:

	Smápakkar (200 ECU)	Einkafarangur ferðamanna (565 ECU)	Hámarksverð yfirlýsingar (2.820 ECU)
Austurískur skildingur	3.000	9.000	41.000
Finnskt mark	1.000	2.800	13.800
Íslensk króna	15.000	42.600	212.500
Norsk króna	1.600	4.520	22.560
Sænsk króna	1.600	4.300	21.000
Svissneskur franki	350	1.000	5.000
Ísraelskur shekel	600	1.600	8.000

18. maí 1994 Nr. 324

REGLUR

um leyfilegt hljóðaflsstig loftpressna.

1. gr.

Reglur þessar gilda um leyfilegt hljóðaflsstig í loftpressum sem notaðar eru á byggingarstöðum og við aðra verktakavinnu og settar eru á markað eftir gildistöku reglnanna. Reglurnar gilda um loftpressur sem falla undir lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Reglurnar gilda jafnframt um slíkar vélar og búnað sem seldur er eða leigður jöfnum höndum til notkunar við atvinnurekstur og einkanota almennings, sé hann ekki háður öðrum lögum eða reglum. Reglurnar eru sérreglur settar á grundvelli gildandi reglna um aðferð við að ákvarða hávaða sem berst í lofti við notkun véla utanhúss.

2. gr.

Í þessum reglum merkir „loftpressa" öll vélknúin tæki til að skapa hringrás lofts og þjappa því saman, þó ekki eftirtalda flokka tækja:

— viftur, þ.e. tæki sem skapa hringrás lofts við yfirþrýsting sem er ekki meiri en 1,1,
— sogdælur (lofttæmidælur), þ.e. tæki eða búnað til að draga loft út úr lokuðu rými við þrýsting sem er ekki meiri en loftþrýstingur andrúmsloftsins.

3. gr.

1. Vinnueftirlit ríkisins eða aðili sem það samþykkir gefur út vottorð um EBE-gerðarprófun fyrir hverja gerð loftpressu sem hefur ekki hærra hljóðaflsstig en leyfilegt er samkvæmt eftirfarandi töflu, mælt við skilyrði sem kveðið er á um í I. viðauka við gildandi reglur um aðferð við að ákvarða hávaða sem berst í lofti við notkun véla utanhúss, eins og honum er breytt með I. viðauka við þessar reglur.

Staðlað loftflæði Q í m^3 á mínútu	Leyfilegt hljóðaflstig í dB(A)/1pW
$Q \leq 5$	100
$5 < Q \leq 10$	100
$10 < Q \leq 30$	102
$Q > 30$	104

2. Umsóknum um vottorð um EBE-gerðarprófun vegna leyfilegs hljóðaflsstigs frá loftpressum skulu fylgja upplýsingar samkvæmt fyrirmyndinni sem sýnd er í II. viðauka.
3. Vinnueftirlit ríkisins eða samþykkti aðilinn fyllir út vottorðið um EBE-gerðarprófun fyrir hverja gerð loftpressu sem hann viðurkennir í samræmi við fyrirmyndina sem sýnd er í III. viðauka við gildandi reglur um vélar og búnað á byggingarsvæðum.

4. Vottorð um EBE-gerðarprófun er í mesta lagi gefið út til fimm ára. Heimilt er að framlengja þennan tíma um fimm ár enda hafi ný umsókn verið lögð fram á síðustu tólf mánuðum fyrsta fimm ára tímabilsins.
5. Framleiðandinn skal útfylla dálkana um EBE-gerðarprófun í samræmisvottorði fyrir hverja loftpressu sem er smíðuð í samræmi við gerð sem er viðurkennd eftir EBE-gerðarprófun og skal vottorðið vera með sama sniði og fyrirmyndin í IV. viðauka við gildandi reglur um vélar og búnað á byggingarsvæðum.
6. Á hverri loftpressu sem smíðuð er í samræmi við gerð sem viðurkennd er eftir EBE-gerðarprófun skal vera skýrt og varanlegt merki sem á er skráð það hljóðaflsstig tækisins í dB(A) miðað við 1 pW sem framleiðandinn ábyrgist og ákvarðað hefur verið með þeim hætti sem mælt er fyrir um í I. viðauka við gildandi reglur um aðferð við að ákvarða hávaða sem berst í lofti við notkun véla utanhúss, ásamt tákninu ε (epsilon). Fyrirmyndin að þessu merki er sýnd í III. viðauka við þessar reglur.

4. gr.

Eftirlit með því að framleiðsla tækjanna sé í samræmi við þá gerð sem var prófuð, eins og kveðið er á um í 12. gr. gildandi reglna um vélar og búnað á byggingarsvæðum, framkvæmir Vinnueftirlit ríkisins eftir föngum.

5. gr.

Ekki er heimilt að setja á markað loftpressur sem ekki fullnægja kröfum samkvæmt þessum reglum eða reglum um vélar og búnað á byggingarsvæðum.

6. gr.

1. Vinnueftirlit ríkisins hefur eftirlit með framkvæmd reglna þessara. Það getur þó samþykkt aðra aðila til þess að fara með slíkt eftirlit að hluta eða öllu leyti, sbr. 1. mgr. 80. gr. laga nr. 46/1980, og fylgist þá með eftirliti slíkra aðila.
2. Um samskipti Vinnueftirlitsins og annarra stjórnvalda við önnur aðildarríki og framkvæmdastjórn EB fer, að öðru leyti en því sem kveðið er á um í reglum þessum, samkvæmt tilskipun 84/533/EBE sem vísað er til í 3. tölul., VI. kafla, II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

7. gr.

Um áfrýjun á ákvörðunum og úrskurðum vegna framkvæmdar á reglum þessum gilda ákvæði 98. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

8. gr.

Brot á reglum þessum varða ákvæði 99. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

9. gr.

Reglur þessar eru settar af stjórn Vinnueftirlits ríkisins samkvæmt heimild í 34., 38. og 47. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Jafnframt staðfestir ráðuneytið ákvæði 1. gr. reglnanna samkvæmt 3. mgr. 3. gr. laga nr. 46/1980. Reglurnar eru settar með hliðsjón af ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sem vísað er til í 3. tölul., VI. kafla, II. viðauka, tilskipun 84/533/EBE, um samræmingu laga aðildarríkjanna um leyfilegt hljóðaflsstig loftpressna, eins og henni var breytt með tilskipun 85/406/EBE. Reglurnar öðlast gildi við birtingu.

Félagsmálaráðuneytið, 18 maí 1994.

F. h. r.
Berglind Ásgeirsdóttir.

Gylfi Kristinsson.

VIÐAUKI I

AÐFERÐ VIÐ AÐ ÁKVARÐA HÁVAÐA SEM BERST Í LOFTI FRÁ LOFTPRESSUM

GILDISSVIÐ

Þessi mælingaraðferð gildir um loftpressur. Í henni eru gefin fyrirmæli um aðferðina við að ákvarða hljóðaflsstig slíkra tækja vegna EBE-gerðarprófunar og eftirlits með samræmi.

Þessar tæknilegu aðferðir eru í samræmi við kröfurnar í I. viðauka við gildandi reglur um aðferð við að ákvarða hávaða sem berst í lofti við notkun véla utanhúss.

Allir liðir I. viðauka við gildandi reglur um aðferð við að ákvarða hávaða sem berst í lofti við notkun véla utanhúss skulu gilda um loftpressur, að teknu tilliti til eftirfarandi breytinga:

4. VIÐMIÐANIR SEM NOTA SKAL ÞEGAR GREINT ER FRÁ NIÐURSTÖÐUM

4. Hljóðeðlisfræðileg viðmiðun fyrir umhverfi loftpressu skal gefið upp sem hljóðaflsstig hennar.

6. MÆLINGARAÐSTÆÐUR

6.1. Á meðan prófun stendur yfir skulu engin tæki tengd við loftpressuna. Á hverjum mælingapunkti skal hávaðinn af lofti sem sleppur eða er hleypt út úr ytri leiðslum sem tengdar eru við loftventla tækisins eigi vera meira en 10 dB lægri en hávaðastig loftpressunnar.

6.2. **Notkun hávaðavaldsins meðan mælingar eru gerðar**

6.2.1. Gildir ekki

6.2.2. Loftpressan skal látin ná því vinnsluhitastigi sem fyrirmæli framleiðanda segja til um. Hún skal síðan látin ganga á þeim hraða og við þann þrýsting sem hún er gefin upp fyrir.

Ofangreindur hraði og þrýstingur er gefinn upp í notkunarleiðbeiningum sem seljandanum eru látnar í té.

Við þessar aðstæður skal kanna loftstreymið í samræmi við þá aðferð sem um getur í 12. lið í I. viðauka.

6.3. **Mælingastaður**

Prófunarsvæðið skal vera slétt og lárétt. Prófunarsvæðið ásamt þeim stöðum sem eru beint undir hljóðnemunum skal vera steypt eða malbikað.

Vélknúin loftpressa sem er á meiðum skal sett á 40 cm háa grind nema fyrirmæli framleiðanda um uppsetningu séu á annan veg.

6.4.1. Mælingayfirborð

Mælingayfirborðið sem notað er skal vera hálfkúla.

Radíusinn skal vera:
— 4 m, sé stærsta mál loftpressunnar sem prófa skal eigi meira en 1,5 m,
— 10 m, sé stærsta mál loftpressunnar sem prófa skal meira en 1,5 m til og með 4 m,
— 16 m, sé stærsta mál loftpressunnar sem prófa skal meira en 4 m.

Í I. töflu í I. viðauka við gildandi reglur um aðferð við að ákvarða hávaða sem berst í lofti við notkun véla utanhúss er að finna hnitin fyrir mælingapunktana.

6.4.2.1. Við mælingarnar skulu notaðir sex mælingapunktar, þ.e. punktarnir 2, 4, 6, 8, 10 og 12 og skulu þeir ákvarðaðir í samræmi við lið 6.4.2.2 í I. viðauka við gildandi reglur um aðferð við að ákvarða hávaða sem berst í lofti við notkun véla utanhúss.

Við prófun á vélknúinni loftpressu skal hún staðsett þannig að miðja hennar sé lóðrétt upp af miðju hálfkúlunnar.

X-ásinn í hnitakerfi því sem staðsetning mælingapunktanna er miðuð við skal vera samsíða meginás loftpressunnar.

7. FRAMKVÆMD MÆLINGANNA

7.1.1. Við leiðréttingar skal einvörðungu tekið tillit til hávaða í bakgrunni.

7.1.5. Hindranir sem endurkasta hljóði

Nægilegt er að svipast um á hringlaga svæði með þreföldum radíus mælingayfirborðsins og sammiðja við það til að ganga úr skugga um að fullnægt sé ákvæðum þriðju undirgreinar í lið 6.3 í I. viðauka við gildandi reglur um aðferð við að ákvarða hávaða sem berst í lofti við notkun véla utanhúss.

7.2. Ef hljóðstigið á mælingapunkti er mælt með því að lesa af hljóðmæli skulu gerðar að minnsta kosti fimm slíkar mælingar með reglulegu millibili.

8. NOTKUN Á NIÐURSTÖÐUM

8.2. Gildir ekki.

8.6.2. Með hliðsjón af 6.3 gildir liður 8.6.2 ekki og C = 0.

12. AÐFERÐ VIÐ AÐ MÆLA LOFTSTREYMI FRÁ VÉLKNÚNUM LOFTPRESSUM MEÐ HRINGLAGA VENTURI-STÚTUM VIÐ MIKIÐ ÁLAG

12.1. Almennt

Markmiðið með þessum viðauka er að koma á einfaldri, fljótlegri og ódýrri aðferð til að mæla loftstreymi frá loftpressum.


Nákvæmni þessarar aðferðar er ± 2,5%.

12.2. Fyrirkomulag prófunar


Velja skal stút sem er svo þröngur að þrýstingurinn leiði til hljóðhröðunar þar sem stúturinn er þrengstur.

Þvermál pípunnar sem stúturinn er settur á verður að vera að minnsta kosti fjórum sinnum meira en þvermál stútsins. Ofan við stútinn komi bútur sem að lengd er á við tvöfalt þvermál pípunnar og innan í hann skal festur búnaður til að mæla þrýsting og hita loftstreymisins í gegnum pípuna. Ofan við þennan bút skal settur búnaður til að rétta loftstreymið af, gerður úr tveim götuðum plötum og skal bilið á milli þeirra vera jafnt þvermáli pípunnar. Sjá myndir 1 og 2.

Á hinn enda stútsins má setja stút og hljóðdeyfi, að því tilskildu að álagsþrýstingurinn í stútnum sjálfum minnki ekki við það.



Mynd 1 - Mælingapípa



Mynd 2 - Götuð plata til að rétta af loftstreymi


d = 0,04 D
t = d
þar sem: d er þvermál gatsins
D er þvermál pípunnar
t er þykkt plötunnar

12.3 Hringlaga venturi

Hönnunin skal vera með þeim hætti sem sýnt er á mynd 3, stúturinn innanverður skal slípaður og minnsta þvermál mælt nákvæmlega. Ábendingar um mál eru gefnar í töflu 1.

12.4. Lesið af þrýstings- og hitamælum

Þrýstingurinn skal lesinn með 0,5% nákvæmni og hitastigið með nákvæmni sem nemur ± 1K.



Mynd 3 - Hringlaga venturi-stútur

(*) = Keila í snertilínu við radíus
G = Kónískar gengjur beggja megin
Grófleiki á slípun innra yfirborðs Ra 0,4 µm

Tafla 1

Vídd stúta

Loft - streymi l/s	A mm	B mm	C mm	D mm	E mm	F mm	G táknun
12 - 40	16,00	6,350	2,40	9,93	17,70	60,5	R 1,0
24 - 90	24,00	9,525	3,60	14,86	19,05	91,0	R 1,5
50 - 160	32,00	12,700	4,60	19,81	25,40	121,5	R 2,0
100 - 360	48,00	19,050	7,10	29,72	38,10	182,0	R 2,5
180 - 650	64,00	25,400	9,60	39,65	50,80	243,0	R 3,0
280 - 1000	80,00	31,750	12,00	49,53	63,50	303,5	R 3,5
400 - 1500	95,00	38,100	14,20	59,44	76,20	364,0	R 4,0

12.5 Prófun

Þegar stöðugu loftstreymi hefur verið náð skal mæla eftirfarandi:

loftþrýsting (P_b)
þrýsting ofan við stút (P_N)
hitastig ofan við stút (t_n)
hitastig og þrýsting við þetta loftstreymi (t_0, P_0)

12.6 Útreikningur á rúmmáli loftstraums

$$q_m = 0{,}1 \cdot \pi \cdot B^2 \cdot C_D \cdot C^* \frac{P_N}{\left[4(R \cdot T_N)^{1/2}\right]}$$

þar sem:

q_m er massi loftstraumsins í kg/sek.
B er þvermál stútsins í mm
C_D er afhleðslustuðull
C^* er markflæðistuðull
P_N er þrýstingurinn ofan við stútinn í börum
T_N er þrýstingurinn ofan við stútinn í K
R er lofttegundarfastinn í J/(kg K) (fyrir loft er R = 287,1)

$$C^* = 0{,}684858 + (3{,}60575 - 4{,}76902 \cdot 10^{-2} \cdot t_N{}^2) \cdot p_N \cdot 10^{-4}$$

þar sem:

t_N = hitastigið ofan við stútinn í Celsíusgráðum. Á grundvelli undangenginna prófana og vegna nákvæmni við mælingar skal C_D vera 0,9888.

Þegar mæling á t_N er gerð við útblástursop á litlum vélknúnum loftpressum liggur gildið á bilinu 20 °C til 70 °C og P_N er frá 2 til 8 bör. C^* er því breytilegt frá 0,6871 til 0,6852 og meðalgildið 0,6862 má því nota. Við þessar aðstæður má einfalda jöfnuna í:

$$q_m = 0{,}1 \cdot \pi \cdot B^2 \cdot 0{,}9888 \cdot 0{,}6862 \cdot \frac{P_N}{\left[4 \cdot (287{,}1 \cdot T_N)^{1/2}\right]} = 3{,}143 \cdot 10^{-3} \cdot B^2 \cdot \left(\frac{P_N}{T_N{}^{1/2}}\right) \text{ kg/s}$$

eða breytt í rúmmál loftstreymis (q_v) í viðmiðunaraðstæðum:

$$q_v = 9 \cdot 10^{-3} \cdot B^2 \cdot P_N \cdot \frac{T_0}{\left(P_0 \cdot T_N{}^{1/2}\right)} \text{ l/s}$$

þar sem:

P_0 = hreinn viðmiðunarþrýstingur í börum
T_0 = algilt viðmiðunarhitastig í K.

VIÐAUKI II

FYRIRMYND AÐ LÝSINGU Á VÉLKNÚINNI LOFTPRESSU SEM Á AÐ FYLGJA UMSÓKN UM EBE-GERÐARPRÓFUN

1. **Almennt.**

1.1. Nafn og heimilisfang framleiðanda .....
.....

1.2. Nafn og heimilisfang umboðsmanns framleiðanda (ef við á) .....
.....

1.3. Heiti vélar (nafn fyrirtækis) .....

1.4. Viðskiptaheiti .....

1.5. Gerð .....

1.6. Loftþrýstingskerfi: stimplar, hverfill eða miðflóttaafl[1]

2. **Stærð loftpressunnar**

2.1. Lengd ..... m
Breidd ..... m
Hæð ..... m
Massi ..... kg

3. **Notkun**

3.1. *Notkun aflvélar*

3.1.1. Heiti og gerð .....

3.1.2. Orkugjafi: bensín, dísilolía, rafmagn, gas[1]

3.1.3. Uppgefinn hraði ..... (snún./mín.)

3.1.4. Vélarafl ..... kW (*Tilskipun ráðsins 80/1269/EBE*)

3.2. *Notkun pressunnar*

3.2.1. Heiti og gerð .....

3.2.2. Uppgefinn hraði við fullt álag ..... snún./mín.

3.2.3. Uppgefinn loftþrýstingur ..... kPa

3.2.4. Uppgefið loftstreymi miðað við ofangreindan snúningshraða og loftþrýsting, mælt í samræmi við 12. lið í I. viðauka ..... m^3/mín.


4. Ef til er bæklingur með tæknilegum leiðbeiningum skal hann látinn fylgja.

---

[1] Strikið yfir það sem ekki á við

VIÐAUKI III

FYRIRMYND AÐ MERKI UM HLJÓÐAFLSSTIG



19. maí 1994 Nr. 325

REGLUR

um leyfilegt hljóðaflsstig vélknúinna rafala

1. gr.

Þessar reglur gilda um leyfilegt hljóðaflsstig vélknúinna rafala sem notaðir eru á byggingarstöðum og við aðra verktakavinnu og settir eru á markað eftir gildistöku reglnanna. Reglurnar gilda um vélknúna rafala sem falla undir lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Reglurnar gilda jafnframt um slíkar vélar og búnað sem seldur er eða leigður jöfnum höndum til notkunar við atvinnurekstur og einkanota almennings, sé hann ekki háður öðrum lögum eða reglum. Reglurnar eru sérreglur settar á grundvelli gildandi reglna um aðferð við að ákvarða hávaða sem berst í lofti við notkun véla utanhúss.

2. gr.

Í þessum reglum merkir „vélknúinn rafali“ hvert það tæki sem samsett er úr aflvél og rafala til þess að framleiða samfelldan rafstraum.

3. gr.

1. Vinnueftirlit ríkisins eða aðili sem það samþykkir gefur út vottorð um EBE-gerðarprófun fyrir hverja gerð vélknúins rafala sem hefur ekki hærra hljóðaflsstig vegna hávaða í lofti

en leyfilegt er samkvæmt eftirfarandi töflu, mælt við skilyrði sem kveðið er á um í I. viðauka við gildandi reglur um aðferð við að ákvarða hávaða sem berst í lofti við notkun véla utanhúss, eins og honum er breytt með I. viðauka við þessar reglur:

Orkuafköst rafalans	Leyfilegt hljóðaflstig í dB(A)/1 pW
$P \leq 2$ kVA	102
2 kVA $< P \leq 8$ kVA	100
8 kVA $< P \leq 249$ kVA	100
$P > 240$ kVA	100

2. Umsóknum um vottorð um EBE-gerðarprófun vegna leyfilegs hljóðaflsstigs vélknúinna rafala skulu fylgja upplýsingar samkvæmt fyrirmyndinni sem sýnd er í II. viðauka.
3. Vinnueftirlit ríkisins eða samþykkti aðilinn fyllir út vottorðið um EBE-gerðarprófun fyrir hverja gerð vélknúinna rafala sem hann viðurkennir í samræmi við fyrirmyndina sem sýnd er í III. viðauka við gildandi reglur um vélar og búnað á byggingarsvæðum.
4. Vottorð um EBE-gerðarprófun er í mesta lagi gefið út til fimm ára. Heimilt er að framlengja þennan tíma um fimm ár enda hafi ný umsókn verið lögð fram á síðustu tólf mánuðum fyrsta fimm ára tímabilsins.
5. Framleiðandinn skal útfylla dálkana um EBE-gerðarprófun í samræmisvottorði fyrir hvern vélknúinn rafala sem smíðaður er í samræmi við þá gerð sem er viðurkennd eftir EBE-gerðarprófun og skal vottorðið vera með sama sniði og fyrirmyndin í IV. viðauka við gildandi reglur um vélar og búnað á byggingarsvæðum.
6. Á hverjum rafala sem smíðaður er í samræmi við gerð sem viðurkennd er eftir EBE-gerðarprófun skal vera skýrt og varanlegt merki sem á er skráð það hljóðaflsstig tækisins í dB(A) miðað við 1 pW sem framleiðandinn ábyrgist og ákvarðað hefur verið með þeim hætti sem mælt er fyrir um í I. viðauka við gildandi reglur um aðferð við að ákvarða hávaða sem berst í lofti við notkun véla utanhúss, ásamt tákninu ε (epsilon). Fyrirmyndin að þessu merki er sýnd í III. viðauka við þessar reglur.

4. gr.

Eftirlit með því að framleiðsla tækjanna sé í samræmi við þá gerð sem var prófuð, eins og kveðið er á um í 12. gr. gildandi reglna um vélar og búnað á byggingarsvæðum, framkvæmir Vinnueftirlit ríkisins eftir föngum.

5. gr.

Ekki er heimilt að setja á markað vélknúna rafala sem ekki fullnægja kröfum samkvæmt þessum reglum eða reglum um vélar og búnað á byggingarsvæðum.

6. gr.

1. Vinnueftirlit ríkisins hefur eftirlit með framkvæmd reglna þessara. Það getur þó samþykkt aðra aðila til þess að fara með slíkt eftirlit að hluta eða öllu leyti, sbr. 1. mgr. 80. gr. laga nr. 46/1980, og fylgist þá með eftirliti slíkra aðila.
2. Um samskipti Vinnueftirlitsins og annarra stjórnvalda við önnur aðildarríki og framkvæmdastjórn EB fer, að öðru leyti en því sem kveðið er á um í reglum þessum, samkvæmt tilskipun 84/536/EBE sem vísað er til í 6. tölul., VI. kafla, II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

7. gr.

Um áfrýjun á ákvörðunum og úrskurðum vegna framkvæmdar á reglum þessum gilda ákvæði 98. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

8. gr.

Brot á reglum þessum varða ákvæði 99. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

9. gr.

Reglur þessar eru settar af stjórn Vinnueftirlits ríkisins samkvæmt heimild í 34., 38. og 47. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Jafnframt staðfestir ráðuneytið ákvæði 1. gr. reglnanna samkvæmt 3. mgr. 3. gr. laga nr. 46/1980. Reglurnar eru settar með hliðsjón af ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sem vísað er til í 6. tölul., VI. kafla, II. viðauka, tilskipun 84/536/EBE, um samræmingu laga aðildarríkjanna um leyfilegt hljóðaflsstig vélknúinna rafala, eins og henni var breytt með tilskipun 85/408/EBE. Reglurnar öðlast gildi við birtingu.

Félagsmálaráðuneytið, 19. maí 1994.

F. h. r.
Berglind Ásgeirsdóttir.

Gylfi Kristinsson.

VIÐAUKI I

AÐFERÐ VIÐ AÐ MÆLA HÁVAÐA SEM BERST Í LOFTI FRÁ VÉLKNÚNUM RAFÖLUM

GILDISSVIÐ

Þessi mælingaraðferð gildir um vélknúna rafala. Í henni eru gefin fyrirmæli um aðferðina við að ákvarða hljóðaflsstig slíkra tækja vegna EBE-gerðarprófunar og eftirlits með samræmi.

Þessar tæknilegu aðferðir eru í samræmi við kröfurnar í I. viðauka við gildandi reglur um aðferð við að ákvarða hávaða sem berst í lofti við notkun véla utanhúss.

Allir liðir I. viðauka við gildandi reglur um aðferð við að ákvarða hávaða sem berst í lofti við notkun véla utanhúss skulu gilda um vélknúna rafala, að teknu tilliti til eftirfarandi breytinga:

4.	VIÐMIÐANIR SEM NOTA SKAL ÞEGAR GREINT ER FRÁ NIÐURSTÖÐUM
4.1.	Hljóðeðlisfræðileg viðmiðun fyrir umhverfi vélknúinna rafala skal gefin upp sem hljóðaflsstig þeirra.
6.	MÆLINGARAÐSTÆÐUR
6.2.	Notkun hávaðavaldsins meðan mælingar eru gerðar
6.2.1.	Gildir ekki.
6.2.2.	Rafalinn skal notaður í samræmi við fyrirmæli framleiðandans. Hann skal látinn ganga á stöðugum hraða meðan straumnum er hleypt í gegnum rás sem hefur ekkert spanviðnám við álag sem nemur þremur fjórðu hlutum af afkastagetu rafalans í kW talið, eins og það er skilgreint á grundvelli uppgefins afls í kVA, að teknu tilliti til aflstuðulsins (cos θ).
6.3.	Mælingastaður Mælingastaðurinn skal vera sléttur og láréttur. Mælingastaðurinn, ásamt þeim stöðum þar sem hljóðnemum er komið fyrir, skal vera með steyptu eða malbikuðu yfirborði. Vélknúnir rafalar á meiðum skulu settir á 40 cm háa grind, nema framleiðandi krefjist þess að annar háttur verði hafður á við uppsetningu.

6.4.1. Mælingayfirborð
Mælingayfirborðið sem notað er skal vera hálfkúla.
Radíusinn skal vera:
- 4 m, sé stærsta mál rafalans sem prófa skal ekki meira en 1,5 m,
- 10 m, sé stærsta mál rafalans sem prófa skal meira en 1,5 m og ekki meira en 4 m,
- 16 m, sé stærsta mál rafalans sem prófa skal meira en 4 m.

6.4.2.1. Við mælingarnar skal nota sex mælingapunkta, nefnilega 2, 4, 6, 8, 10 og 12 og þeim skal ákveðinn staður í samræmi við lið 6.4.2.2 í I. viðauka við gildandi reglur um aðferð við að ákvarða hávaða sem berst í lofti við notkun véla utanhúss.
Við prófun á rafalanum skal honum komið þannig fyrir að miðja hans sé í stefnu við miðju hálfkúlunnar.
X-ásinn í hnitakerfinu sem staðsetning mælingapunktanna miðast við skal vera samsíða meginási rafalans.

7. FRAMKVÆMD MÆLINGANNA

7.1.1. Við leiðréttingar skal einvörðungu tekið tillit til hávaða í bakgrunni.

7.1.5. Hindranir sem endurkasta hljóði
Nægilegt er að svipast um á hringlaga svæði með þreföldum radíus mælingayfirborðsins og sammiðja við það til að ganga úr skugga um að ákvæðum þriðju undirgreinar í lið 6.3 í I. viðauka við gildandi reglur um aðferð við að ákvarða hávaða sem berst í lofti við notkun véla utanhúss sé fullnægt.

7.2. Mælingar á hljóðstiginu L_{pA}
Sé hljóðstigið við mælingapunktana ákvarðað með lestri af hljóðmæli skal lesa að minnsta kosti fimm sinnum af honum með reglulegu millibili.

8. NOTKUN Á NIÐURSTÖÐUM

8.2. Gildir ekki.

8.6.2. Með hliðsjón af lið 6.3 gildir liður 8.6.2 ekki og C = 0.

VIÐAUKI II
FYRIRMYND AÐ LÝSINGU Á GERÐ AF VÉLKNÚNUM RAFALA SEM Á AÐ FYLGJA UMSÓKN UM EBE-GERÐARPRÓFUN


1. **Almennt**
1.1. Nafn og heimilisfang framleiðanda .....
1.2. Nafn og heimilisfang viðurkennds umboðsmanns, ef við á .....
1.3. Heiti vélar (nafn fyrirtækis) .....
1.4. Viðskiptaheiti .....
1.5. Gerð .....
2. **Mál rafalans**
2.1. Lengd ..... m
Breidd ..... m
Hæð ..... m
Massi ..... kg
2.2. Uppsetning búnaðar: á meiðum, vagni, annað[1]
3. Notkunaraðstæður

3.1. *Aflvél*
3.1.1. Heiti og gerð .....
3.1.2. Orkugjafi: bensín, olía, gas[1]
3.1.3. Snúningshraði .....snún./mín.
3.2. *Rafallinn*
3.2.1. Heiti og gerð .....
3.2.2. Snúningshraði .....snún./mín
3.2.3. Afl við stöðugan gang.....
____ afl í kVA
____ raunverulegt afl (kW)
3.2.4. Straumgerð: riðstraumur, einfasa, þriggja fasa, jafnstraumur o.s.frv.[1]
3.2.5. Spenna: milli fasa - milli fasa og núll - o. s. frv.
3.2.6 Tíðni (Hz) .....
4. Ef til er bæklingur með tæknilegum leiðbeiningum skal hann látinn fylgja.

[1] Strikið yfir það sem ekki á við

VIÐAUKI III

FYRIRMYND AÐ MERKI UM HLJÓÐAFLSSTIG



REGLUR

um takmörkun hávaða frá vökva- og víragröfum, jarðýtum, hjóla- og beltaskóflum og traktorsgröfum.

1. gr.

Þessar reglur gilda um leyfilegt hljóðaflsstig vegna hávaða í lofti í vökva- og víragröfum, jarðýtum, hjóla- og beltaskóflum og traktorsgröfum sem notaðar eru á byggingarstöðum og við aðra verktakavinnu og nefnast hér á eftir "jarðvinnuvélar". Reglurnar gilda um slíkar vélar og búnað sem fellur undir lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og sem settur eru á markað eftir gildistöku reglnanna. Reglurnar gilda jafnframt um slíkar vélar og búnað sem seldur er eða leigður jöfnum höndum til notkunar við atvinnurekstur og einkanota almennings, sé hann ekki háður öðrum lögum eða reglum. Reglurnar eru sérreglur settar á grundvelli gildandi reglna um aðferð við að ákvarða hávaða sem berst í lofti við notkun véla utanhúss.

2. gr.

Í þessum reglum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. Vökva- eða víragrafa merkir vél með sjálfknúnum undirvagni sem á er burðarvirki sem snúist getur meira en 360°. Vélin grefur, lyftir, flytur og sturtar efni með bómu eða armi og skóflu (vökvaknúnar gröfur) eða með skóflu sem stjórnað er af vindubúnaði (dragskófla eða kló).
2. Jarðýta merkir sjálfknúna vél á hjólum eða beltum sem búin er tönn að framanverðu til að færa efni úr stað eða dreifa því.
3. Hjóla- eða beltaskófla merkir sjálfknúna vél á hjólum eða beltum sem búin er skóflu að framanverðu. Með vélinni og skóflunni er efni mokað á, lyft, flutt og sturtað.
4. Traktorsgrafa er sjálfknúin vél á hjólum eða beltum með skóflu að framan en gröfuarm að aftan. Með vélinni og skóflunni er efni mokað á, lyft, flutt og sturtað. Með gröfuarminum er grafið, efni lyft og því sturtað.

3. gr.

1. Vinnueftirlit ríkisins eða aðili sem það samþykkir gefur út vottorð um EBE-gerðarprófun fyrir hverja gerð jarðvinnuvélar sem um getur í 1. mgr. 1. gr., ef hljóðaflsstig hávaða sem berst í lofti út í umhverfið og mældur er við skilyrði sem kveðið er á um í I. viðauka við gildandi reglur um aðferð við að ákvarða hávaða sem berst í lofti við notkun véla utanhúss, eins og bætt er við hann með I. viðauka við þessar reglur, er ekki hærra en leyfilegt stig miðað við nettóafl vélar samkvæmt eftirfarandi töflu:

Nettóafl vélar í kW(*)	Leyfilegt hljóðaflsstig í dB(A)/1 pW
≤ 70	103
> 70 ≤ 160	105
> 160 ≤ 350	
— vökva- og víragröfur	109
— aðrar jarðvinnuvélar	110
> 350	115
(*) Samkvæmt skilgreiningu í lið 6.2.1 í I. viðauka	

2. Umsóknum um vottorð um EBE-gerðarprófun vegna leyfilegs hljóðaflsstigs gerðar jarðvinnuvélar skulu fylgja upplýsingar samkvæmt fyrirmyndinni í IV. viðauka.

3. Vinnueftirlit ríkisins eða samþykkti aðilinn fyllir út vottorðið um EBE-gerðarprófun fyrir hverja gerð jarðvinnuvéla sem hann viðurkennir í samræmi við fyrirmyndina í III. viðauka við gildandi reglur um vélar og búnað á byggingarsvæðum.
4. Vottorð um EBE-gerðarprófun er í mesta lagi gefið út til sex ára.
5. Fyrir hverja jarðvinnuvél sem framleidd er í samræmi við gerð sem hlotið hefur vottorð um EBE-gerðarprófun útbýr framleiðandinn samræmisvottorð með því sniði sem sýnt er í IV. viðauka við gildandi reglur um vélar og búnað á byggingarsvæðum og skal tilgreina þar nettóafl vélar og snúningsbúnað.
6. Á hverri jarðvinnuvél sem smíðuð er í samræmi við gerð sem viðurkennd er eftir EBE-gerðarprófun skal vera skýrt og varanlegt merki sem á er skráð;

   — það hljóðaflsstig í dB(A) miðað við 1pW,
   — það hljóðstig í dB(A) á stjórnpalli miðað við 20 μPa,

   sem framleiðandinn ábyrgist og ákvarðað hefur verið með þeim hætti sem mælt er fyrir um í I. viðauka við gildandi reglur um aðferð við að ákvarða hávaða sem berst í lofti við notkun véla utanhúss, eins og honum er breytt með I. eða II. og III. viðauka við þessar reglur, ásamt tákninu ε (epsilon). Fyrirmyndin að þessum merkjum er sýnd í V. viðauka við þessar reglur.

4. gr.

Eftirlit með því að framleiðsla tækjanna sé í samræmi við þá gerð sem var prófuð, eins og kveðið er á um í 12. gr. gildandi reglna um vélar og búnað á byggingarsvæðum, framkvæmir Vinnueftirlit ríkisins eftir föngum.

5. gr.

Ekki er heimilt að setja á markað jarðvinnuvélar sem ekki fullnægja kröfum samkvæmt þessum reglum eða reglum um vélar og búnað á byggingarsvæðum.

6. gr.

1. Vinnueftirlit ríkisins hefur eftirlit með framkvæmd reglna þessara. Það getur þó samþykkt aðra aðila til þess að fara með slíkt eftirlit að hluta eða öllu leyti, sbr. 1. mgr. 80. gr. laga nr. 46/1980, og fylgist þá með eftirliti slíkra aðila.
2. Um samskipti Vinnueftirlitsins og annarra stjórnvalda við önnur aðildarríki og framkvæmdastjórn EB fer, að öðru leyti en því sem kveðið er á um í reglum þessum, samkvæmt tilskipun 86/662/EBE sem vísað er til í 10. tölul., VI. kafla, II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

7. gr.

Um áfrýjun á ákvörðunum og úrskurðum vegna framkvæmdar á reglum þessum gilda ákvæði 98. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

8. gr.

Brot á reglum þessum varða ákvæði 99. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

9. gr.

Reglur þessar eru settar af stjórn Vinnueftirlits ríkisins samkvæmt heimild í 34., 38. og 47. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Jafnframt staðfestir ráðuneytið ákvæði 1. gr. reglnanna samkvæmt 3. mgr. 3. gr. laga nr. 46/1980. Reglurnar eru settar með hliðsjón af ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sem vísað er til í 10. tölul., VI. kafla, II. viðauka, tilskipun 86/662/EBE, um takmörkun hávaða frá vökva- og

víragröfum, jarðýtum, hjóla- og beltaskóflum og traktorsgröfum, eins og henni var breytt með tilskipun 89/514/EBE. Reglurnar öðlast gildi við birtingu.

Félagsmálaráðuneytið, 19 maí 1994.

F. h. r.
Berglind Ásgeirsdóttir

Gylfi Kristinsson.

VIÐAUKI I

AÐFERÐ VIÐ AÐ MÆLA HÁVAÐA SEM BERST Í LOFTI FRÁ VÖKVA- OG VÍRAGRÖFUM, JARÐÝTUM, HJÓLA- OG BELTASKÓFLUM OG TRAKTORSGRÖFUM

GILDISSVIÐ

Þessi mælingaraðferð gildir um vökva- og víragröfur, jarðýtur, hjóla- og beltaskóflur og traktorsgröfur sem hér eftir nefnast "jarðvinnuvélar". Í henni eru gefin fyrirmæli um aðferðina við að ákvarða hljóðaflsstig slíkra jarðvinnuvéla vegna EBE-gerðarprófunar og eftirlits með samræmi.

Þessar tæknilegu aðferðir eru í samræmi við kröfurnar í I. viðauka við gildandi reglur um aðferð við að ákvarða hávaða sem berst í lofti við notkun véla utanhúss og ákvæði þess viðauka skulu gilda um jarðvinnuvélar, að teknu tilliti til eftirfarandi breytinga:

4.	VIÐMIÐANIR SEM NOTA SKAL ÞEGAR GREINT ER FRÁ NIÐURSTÖÐUM
4.1.	Hljóðeðlisfræðileg viðmiðun gagnvart umhverfi Hljóðeðlisfræðileg viðmiðun fyrir umhverfi jarðvinnuvélar er táknuð með hljóðaflsstiginu, L_{WA}.
6.2.	Notkun meðan mælingar eru gerðar Hávaðinn frá jarðvinnuvélinni er mældur þegar hún er kyrrstæð og vél hennar í lausagangi. Við þessar mælingar skulu vélin og vökvakerfið hituð upp í samræmi við fyrirmæli framleiðanda og fylgja ber öllum öryggiskröfum.
6.2.1.	Prófunin fer þannig fram að jarðvinnuvélin er kyrrstæð í hlutlausum gír og vinnutæki hennar hreyfingarlaus. Við prófunina skal vélin ganga í lausagangi á hraða sem sé eigi minni en uppgefinn snúningshraði samkvæmt nettóafli vélar eins og það er skilgreint og ákveðið í I. viðauka við *tilskipun ráðsins 80/1269/EBE frá 16. desember 1980.* Framleiðandi jarðvinnuvélarinnar gefur upp snúningshraða og nettóafl vélar og verður það að birtast í tæknilýsingu með vélinni og á samræmisvottorði sem kaupandi fær í hendur. Sé jarðvinnuvélin búin fleiri en einum hreyfli verða þeir að vera í gangi samtímis meðan prófunin fer fram enda sé sá háttur í samræmi við venjuleg vinnubrögð vélarinnar. Sé hreyfill jarðvinnuvélarinnar búinn viftu verður hún að vera í gangi við prófunina. Hafi hún fleiri hraða en einn skal hún ganga á mesta hraða við prófunina. Framleiðandinn gefur upp málhraða hreyfilsins. Vinnutækin (skófla eða tönn á vélskóflu eða ýtu) á að vera í 300 ± 50 mm hæð yfir jörð. Sé um að ræða gröfu eða traktorsgröfu skulu vinnutækin vera dregin að.
6.2.2.	Vinna við álag Gildir ekki.
6.3.	Mælingastaður Mælingastaður verður að vera sléttur og láréttur. Þessi staður og þeir staðir sem hljóðnemar eru settir á skulu vera steyptir eða malbikaðir.
6.4.	Mælingayfirborð, mælingafjarlægð, staðsetning og fjöldi mælingapunkta
6.4.1.	Mælingayfirborð, mælingafjarlægð Mælingayfirborðið sem notað er skal vera hálfkúla. Radíus hálfkúlunnar er ákvarðaður út frá grunnlengdinni l (sjá mynd 1).

Radíusinn skal vera:
— 4 m, sé stærsta mál jarðvinnuvélarinnar sem prófa skal eigi meira en 1,5 m,
— 10 m, sé stærsta mál jarðvinnuvélarinnar sem prófa skal meira en 1,5 m og ekki meira en 4 m,
— 16 m, sé stærsta mál jarðvinnuvélarinnar sem prófa skal meira en 4 m.

6.4.2. Staðsetning og fjöldi mælingapunkta

6.4.2.1. Almennt

Við mælingarnar skulu vera sex mælingapunktar, þ.e. 2, 4, 6, 8, 10 og 12 og þeim fyrir komið í samræmi við lið 6.4.2.2 í I. viðauka við gildandi reglur um aðferð við að ákvarða hávaða sem berst í lofti við notkun véla utanhúss.

Við mælingar á jarðvinnuvélinni skal henni stillt upp þannig að miðja hennar sé beint yfir miðju hálfkúlunnar og framhluti hennar vísi að mælingapunkti 1.

7.1.1. Mælingar á utanaðkomandi hljóði

Við leiðréttingar skal einvörðungu tekið tillit til hávaða í bakgrunni.

7.1.5. Hindranir sem endurkasta hljóði

Nægilegt er að svipast um á hringlaga svæði með þreföldum radíus mælingayfirborðsins og sammiðja við það til að ganga úr skugga um að fullnægt sé ákvæðum þriðju undirgreinar í lið 6.3 í I. viðauka við gildandi reglur um aðferð við að ákvarða hávaða sem berst í lofti við notkun véla utanhúss.

7.2. Sé hljóðstigið við mælingapunktana ákvarðað með aflestri á hljóðmæli skal lesa að minnsta kosti fimm sinnum af honum með reglulegu millibili.

8.5. Útreikningur á hljóðstiginu L_{WA}

Leiðréttingarstuðullinn K_2 er núll.

II. VIÐAUKI

AÐFERÐ VIÐ AÐ PRÓFA HÁVAÐA SEM BERST Í LOFTI FRÁ VÖKVA- OG VÍRAGRÖFUM, JARÐÝTUM, HJÓLA- OG BELTASKÓFLUM OG TRAKTORSGRÖFUM VIÐ RAUNVERULEG VINNUSKILYRÐI

GILDISSVIÐ

Þessi mælingaraðferð gildir um vökva- og víragröfur, jarðýtur, hjóla- og beltaskóflur og traktorsgröfur, sem hér eftir nefnast "jarðvinnuvélar". Í henni er mælt fyrir um aðferðir við að ákvarða hljóðaflsstig slíkra jarðvinnuvéla við venjuleg vinnuskilyrði vegna EBE-gerðarprófunar og eftirlits með samræmi.

Þessar tæknilegu aðferðir eru í samræmi við kröfurnar í I. viðauka við gildandi reglur um aðferð við að ákvarða hávaða sem berst í lofti við notkun véla utanhúss og ákvæði þess viðauka skulu gilda um jarðvinnuvélar, að teknu tilliti til eftirfarandi breytinga:

4. FORSENDUR SEM NOTA SKAL ÞEGAR GREINT ER FRÁ NIÐURSTÖÐUM

4.1. Hljóðeðlisfræðileg viðmiðun gagnvart umhverfi

Hljóðeðlisfræðileg viðmiðun jarðvinnuvélar gagnvart umhverfi skal vera hljóðaflsstig hennar í L_{WA}.

6.2. Notkun meðan mælingar eru gerðar

Hávaðinn frá jarðvinnuvélinni er mældur meðan vélin er að verki við venjuleg vinnuskilyrði hverrar vélar eins og þeim er lýst í 6.2.2.

6.2.1. Prófun á hávaðavaldi í hægagangi

Gildir ekki.

6.2.2. Prófun við álag

Venjulegum vinnuskilyrðum hverrar vélar er lýst að neðan.

Fylgja ber öllum viðeigandi öryggisreglum og fyrirmælum framleiðanda meðan mælingarnar fara fram.

Ekki má nota neinn merkjabúnað, t.d. flautu eða bakkaðvörun, meðan prófunin fer fram.

6.2.2.1. Vökvagrafa eða víragrafa

Á gröfunni skal vera aukabúnaður sem smíðaður er af framleiðanda vélarinnar, t. d. gröfuarmur, ámokstursskófla, gripskófla eða dragskófla. Hreyfillinn og vökvakerfið skulu hituð upp í það hitastig sem eðlilegt er við vinnu við ríkjandi aðstæður. Eldsneytisgjöf skal sett í efstu stillingu (án álags). Allar hreyfingar skulu framkvæmdar á hámarkshraða án þess þó að öryggisventlar séu virkjaðir eða slinkur komi á vélina þegar hreyfingu lýkur.

Snúningsás efri hluta gröfunnar skal vera í stefnu á miðjuna, C, á hálfkúlunni (sjá mynd 5). Miðjuás vélarinnar verður að liggja eins og x-ásinn og framendi vélarinnar að vísa að punkti B.

Vinnulotan án flutnings á efni er fólgin í þremur snúningum um 90° frá x-ásnum til y-ássins og til baka. Í hverjum snúningi skal hreyfa til fremsta hluta aukabúnaðarins í þeirri röð sem lýst er í köflum A, B, C og D hér að neðan.

A. Gröfuarmur

Tilgangurinn með þessari vinnulotu er að líkja eftir skurðgreftri og losun efnisins á skurðbakkann. Í byrjun lotunnar skal seilst fram með bómu og gröfuarmi sem nemur 75% af mestu lengd og honum haldið 50 cm fyrir ofan jörð. Færið skurðarflöt aukabúnaðar fram á við þannig að hann myndi 60° horn við yfirborðið. Lyftið fyrst bómu og dragið síðan arminn að þannig að aukabúnaðurinn sé 50 cm ofan við prófunarstað helminginn af þeirri hreyfingu sem eftir er. Síðan skal aukabúnaður teygður fram eða dreginn saman. Lyftið búnaðinum með því að lyfta bómunni og haldið áfram að draga arminn að til að líkja eftir því að aukabúnaði sé lyft nógu hátt til að vera laus við skurðbrúnina (30% af mestu lyftihæð). Snúið um 90° til vinstri miðað við stöðu stjórnanda. Lyftið bómunni um leið og snúið er og teygið fram arminn uns búnaðurinn er kominn í 60% af hámarkslyftihæð. Teygið síðan arminn fram uns hann hefur náð 75% af mestu lengd. Skóflunni skal síðan komið í lóðrétta stöðu aftur. Snúið síðan skóflunni og setjið bómu og skóflu í upphafsstöðu. Framangreind athöfn skal framkvæmd tvisvar sinnum í viðbót til að ljúka vinnulotunni. Vinnulotan er endurtekin að minnsta kosti þrisvar sinnum til að fullnægja kröfunum í lið 7.2.

B. Ámokstursskófla

Tilgangurinn með þessari vinnulotu er að að líkja eftir mokstri upp fyrir háan vegg. Við upphaf lotunnar er skurðarflötur skóflunnar samsíða jörðinni í 50 cm hæð og armurinn dreginn að sem nemur 75%. Þessu næst er seilst fram með arminum uns náð er 75% af hámarksseilingu með skófluna í upphaflegri stöðu. Seilist fram eða dragið arminn að og lyftið honum í 75% af mestu lyftihæð með arminn teygðan fram sem nemur 75% af hámarksseilingu. Snúið um 90° til vinstri miðað við stöðu stjórnanda og losið því næst um sleppibúnað skóflunnar. Snúið vélinni til baka í upphafsstöðu með skófluna í þeirri stöðu sem lýst er í upphafi kaflans. Framangreind athöfn skal framkvæmd tvisvar sinnum í viðbót til að ljúka vinnulotunni. Vinnulotan er endurtekin að minnsta kosti þrisvar sinnum til að fullnægja kröfunum í lið 7.2.

C. Gripskófla

Tilgangurinn með þessari vinnulotu er að líkja eftir holugreftri. Við upphaf lotunnar skal þess gætt að gripskóflan sé opin og í 50 cm hæð yfir prófunarstaðnum. Lokið gripskóflunni og lyftið henni hálfa leið upp. Snúið um 90° til vinstri miðað við stöðu stjórnanda. Opnið gripskóflunа. Snúið til baka um leið og gripskóflan er látin síga í upphaflega stöðu. Framangreind athöfn skal framkvæmd tvisvar sinnum í viðbót til að ljúka vinnulotunni. Vinnulotan er endurtekin að minnsta kosti þrisvar sinnum til að fullnægja kröfunum í lið 7.2.

D. Dragskófla

Tilgangurinn með þessari vinnulotu er að líkja eftir því að lag sé skafið upp af skurðbotni og því sturtað á skurðbakkann. Í lotunni verður að halla bómunni 40°. Skóflan hangir lóðrétt niður úr bómunni og 50 cm yfir prófunarstaðnum án þess að keðjurnar snerti jörð. Dragið skóflunа eins nálægt vélinni og hægt er en gætið þess að hún sé í 50 cm hæð yfir prófunarstaðnum. Um leið og skóflan hefur verið dregin inn skal vélinni snúið um 90° til vinstri miðað við stöðu stjórnanda. Um leið skal skóflan hífð upp í 75% af mestu lyftihæð og færð út að álagspunkti. Snúið vélinni til baka um leið og skóflunni er hvolft og hún dregin inn í upphaflega stöðu. Framangreind athöfn skal framkvæmd tvisvar sinnum í viðbót til að ljúka vinnulotunni. Vinnulotan er endurtekin að minnsta kosti þrisvar sinnum til að fullnægja kröfunum í lið 7.2.

6.2.2.2. Jarðýta

Vélin þarf að vera búin ýtutönn sem framleiðandinn hefur ætlað henni. Hreyfillinn og vökvakerfið skulu hituð upp í það hitastig sem eðlilegt er við vinnu við ríkjandi aðstæður.

Brautin sem vélin fer um við prófunina er sýnd á mynd 5. Hún er táknuð með x-ásnum og miðjuás vélarinnar skal liggja eins. Lengd mælibrautarinnar AB jafngildir 1,4-földum radíus hálfkúlunnar. Miðpunktur þessarar brautar verður að falla saman við miðjuna C í hálfkúlunni.

Vélinni skal ekið áfram í stefnuna A-B og aftur á bak í stefnuna B-A.

Vélinni skal ekið með ýtutönnina í flutningsstöðu, 30 cm ± 5 cm yfir brautinni. Í öllum tilvikum skal hreyfillinn látinn ganga á mesta snúningshraða (án álags) og vélinni ekið á jöfnum hraða áfram og aftur á bak. Vélar á beltum og málmhjólum skulu aka á allt að 4 km/klst. en 8 km/klst. séu þær á gúmmíhjólbörðum. Sama gírhlutfall skal notað við að bakka án tillits til þess hver hraðinn er. Á flestum vélum er þetta fyrsti gír áfram og fyrsti gír aftur á bak. Vélum með vökvaknúinni sjálfskiptingu og beltum eða málmhjólum skal ekið á milli 3,5 og 4 km hraða á klukkustund en vélum á gúmmíhjólbörðum milli 7 og 8 km hraða þar sem örðugt er að stjórna hraða þeirra af mikilli nákvæmni.

Við þessi skilyrði skal vélunum ekið viðstöðulaust gegnum hálfkúluna, í báðar áttir og án þess að hreyfa ýtutönnina. Leiði lægra gírhlutfall til þess að hraðinn verði meiri en að ofan getur skal prófunin gerð við þetta hlutfall með hreyfilinn á mesta snúningshraða (án álags). Sé um að ræða vélar með vökvaknúinni sjálfskiptingu skal hreyfillinn settur á mesta snúningshraða (án álags) og inngjöfinni stjórnað þannig að ofangreindum hraða verði náð.

Mælið hljóðstigið aðeins þegar miðja vélarinnar er á brautinni milli punkta A og B á mynd 5.

Ökumanninum er heimilt að rétta vélina af meðan henni er ekið áfram svo að hún haldist á miðri brautinni.

Ein vinnulota er endurtekin að minnsta kosti þrisvar sinnum til að fullnægja kröfunum í lið 7.2.

6.2.2.3. Hjóla- og beltaskóflur

Vélin þarf að vera búin skóflu sem framleiðandinn hefur ætlað henni. Hreyfillinn og vökvakerfið skulu hituð upp í það hitastig sem eðlilegt er við vinnu við ríkjandi aðstæður.

Allar hreyfingar skulu framkvæmdar á hámarkshraða án þess þó að öryggisventlar séu virkjaðir eða slinkur komi á vélina þegar hreyfingu lýkur.

A. Prófun á hreyfingu

Brautin sem vélin fer um við prófunina er sýnd á mynd 5. Hún er táknuð með x-ásnum og miðjuás vélarinnar skal liggja eins. Lengd mælibrautarinnar AB jafngildir 1,4-földum radíus hálfkúlunnar. Miðpunktur þessarar brautar verður að falla saman við miðjuna C í hálfkúlunni. Vélinni skal ekið áfram í stefnuna A-B og aftur á bak í stefnuna B-A. Vélinni skal ekið með tóma skóflunа í flutningsstöðu, 30 cm ± 5 cm yfir brautinni. Í öllum tilvikum skal hreyfillinn látinn ganga á mesta snúningshraða (án álags) og vélinni ekið á jöfnum hraða áfram og aftur á bak. Vélar á beltum og málmhjólum skulu aka á allt að 4 km/klst. en 8 km/klst. séu þær á gúmmíhjólbörðum. Sama gírhlutfallið skal notað við að bakka án tillits til þess hver hraðinn er. Á flestum vélum er þetta fyrsti gír áfram og fyrsti gír aftur á bak. Vélum með vökvaknúinni sjálfskiptingu og beltum eða málmhjólum skal ekið á milli 3,5 og 4 km hraða á klst. en vélum á gúmmíhjólbörðum milli 7 og 8 km hraða á klst. þar sem örðugt er að stjórna hraða þeirra af mikilli nákvæmni. Við þessi skilyrði skal vélunum ekið viðstöðulaust gegnum hálfkúluna, í báðar áttir og án þess að hreyfa skóflunа. Leiði lægra gírhlutfall til þess að hraðinn verði meiri en að ofan getur skal prófunin gerð við þetta hlutfall með hreyfilinn á mesta snúningshraða (án álags). Sé um að ræða vélar með vökvaknúinni sjálfskiptingu skal hreyfillinn settur á mesta snúningshraða (án álags) og inngjöfinni stjórnað þannig að ofangreindum hraða verði náð. Mælið hljóðstigið aðeins þegar miðja vélarinnar er á brautinni milli punkta A og B á mynd 5. Ökumanninum er heimilt að rétta vélina af meðan henni er ekið áfram svo að hún haldist á miðri brautinni. Ein vinnulota er fólgin í einni ferð áfram og einni ferð aftur á bak. Vinnulotan er endurtekin að minnsta kosti þrisvar sinnum til að fullnægja kröfunum í lið 7.2.

B. Prófun á kyrrstæðri vél með vökvabúnaði

Miðjuás vélskóflunnar verður að falla saman við x-ásinn og framendi hennar að vísa að punkti B. Miðpunktur grunnlengdar 1 á mynd 3 verður að falla saman við miðjuna C á hálfkúlunni á mynd 5. Hreyfillinn skal látinn ganga á mesta snúningshraða (án álags). Setjið í hlutlausan gír. Lyftið skóflunni úr flutningsstöðu upp í 75% af mestu lyftihæð og látið hana síga niður í flutningsstöðu

aftur þrisvar sinnum í röð. Þessi röð athafna telst vera eina lota í prófun á kyrrstæðri vél með vökvabúnaði. Þessi lota er endurtekin að minnsta kosti þrisvar sinnum til að fullnægja kröfunum í lið 7.2.

6.2.2.4. Traktorsgrafa

Vélin þarf að vera búin gröfuarmi og skóflu sem framleiðandinn hefur ætlað henni. Hreyfillinn og vökvakerfið skulu hituð upp í það hitastig sem eðlilegt er við vinnu við ríkjandi aðstæður.

Við gröft skal eldsneytisinngjöf sett á hæstu stillingu (án álags) eða þá stöðu sem framleiðandinn tiltekur. Allar hreyfingar með skóflunni skulu framkvæmdar á hámarkshraða án þess þó að öryggisventlar virkist eða slinkur komi á vélina þegar hreyfingu lýkur.

A. Unnið við gröft]

Miðjuás vélarinnar verður að liggja eins og x-ásinn og framendi vélarinnar verður að snúa að punkti B, þ. e. gröfuhluti traktorsgröfunnar á mynd 4 verður að snúa að punkti B. Miðpunktur grunnlengdar l á mynd 4 verður að falla saman við miðjuna C á hálfkúlunni á mynd 5. Vélin skal látin vinna við gröft samkvæmt þeirri aðferð sem lýst er í 6.2.2.1 í A-lið en í stað 90° snúnings sem þar er mælt fyrir um komi 45°.

B. Unnið við ámokstur

Vélin skal látin vinna eftir þeirri aðferð sem lýst er í 6.2.2.3 með gröfuarminn í flutningsstöðu.

6.3. Mælingastaður

6.3.1. Almennt

Þrenns konar yfirborð, eins og lýst er í 6.3.2, 6.3.3 og 6.3.4 er leyfilegt á prófunarstaðnum:

a) harður flötur sem endurkastar hljóði (steyptur eða malbikaður);
b) blanda af hörðum fleti sem endurkastar hljóði og sandi;
c) sandur eða sandborinn jarðvegur.

Harði flöturinn skal notaður fyrir prófun á eftirtöldum vélum:

— vélar á gúmmíhjólbörðum við allar aðstæður;
— gröfur við allar aðstæður;
— vélskóflur og traktorsgröfur á beltum í kyrrstöðuprófun.

Blöndu af sandi og hörðu yfirborði skal nota við að prófa vélskóflur, traktorsgröfur og jarðýtur á beltum sem aka á sandinum en hljóðnemarnir eru á harða fletinum.

Annar kostur er að nota yfirborð sem eingöngu er sandur en þá aðeins fyrir vélskóflur og jarðýtur á beltum á hreyfingu og í kyrrstöðu að því tilskildu: 1. að leiðréttingarstuðullinn K_2, sem ákvarðaður er í samræmi við lið 8.6.2 í I. viðauka við gildandi reglur um aðferð við að ákvarða hávaða sem berst í lofti við notkun véla utanhúss sé lægri en 3,5 dB og 2. leiðréttingin sé tekin til greina við útreikning á hljóðaflsstiginu ef K_2 er stærra en 0,5 dB.

6.3.2. Hart yfirborð sem endurkastar hljóði

Prófunarsvæði sem hljóðnemunum verður raðað utan um skal vera steypt eða malbikað.

6.3.3. Blanda af hörðum fleti sem endurkastar hljóði og sandi

Yfirborð brautarinnar sem vélinni er ekið eftir eða yfirborðið á athafnasvæðinu verður að vera með blautum sandi með kornastærð minnst 2 mm eða með sandbornum jarðvegi. Þykkt sandsins verður að vera að minnsta kosti 30 cm. Sé nauðsynlegt að hafa þykkara undirlag fyrir spyrnubeltin en 30 cm skal undirlagið eða sandurinn aukinn til samræmis. Jörðin milli vélarinnar og hljóðnemans verður að verða harður flötur sem endurkastar hljóði í samræmi við 6.3.2. Þannig fæst harður flötur sem endurkastar hljóði frekar en gleypið yfirborð umhverfis mælingastaðinn.

Að öðrum kosti má notast við lágmarkssvæði þar sem sandbraut liggur meðfram fleti sem endurkastar hljóði. Vélinni er ekið tvisvar áfram sem við vinnu væri en í andstæðar áttir við staðina þar sem hljóðnemarnir eru staðsettir. Með sama hætti skal prófunin gerð þegar ekið er aftur á bak.

6.3.4. Yfirborð sem einvörðungu er úr sandi

Sandurinn verður að fullnægja þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í 6.3.3.

6.4. Mælingayfirborð, mælingafjarlægð

Mælingayfirborðið sem notað er skal vera hálfkúlulaga.

Radíus hálfkúlunnar er ákvarðaður út frá grunnlengdinni l, (sjá myndir 1, 2, 3 og 4).

Grunnlengd vélarinnar er sem hér segir:

— þegar um er að ræða gröfur er hún heildarlengd efri hlutans að frátöldum aukabúnaði og helstu hreyfanlegum hlutum, svo sem bómu og armi,

— að því er varðar aðrar vélar er grunnlengd vélarinnar heildarlengd hennar að frátöldum aukabúnaði, t.d. ýtutönn eða ámokstursskóflu.

Radíusinn skal vera:

— 4 m, sé stærsta mál jarðvinnuvélarinnar sem prófa skal eigi meira en 1,5 m,

— 10 m, sé stærsta mál jarðvinnuvélarinnar sem prófa skal meira en 1,5 m og ekki meira en 4 m,

— 16 m, sé stærsta mál jarðvinnuvélarinnar sem prófa skal meira en 4 m.

6.4.2. Staðsetning og fjöldi mælingapunkta

Við mælingarnar skulu vera sex mælingapunktar, þ.e. 2, 4, 6, 8, 10 og 12 og þeim fyrir komið í samræmi við lið 6.4.2.2 í I. viðauka við gildandi reglur um aðferð við að ákvarða hávaða sem berst í lofti við notkun véla utanhúss.

7. FRAMKVÆMD MÆLINGANNA

7.1.1. Utanaðkomandi hávaði

Við leiðréttingar skal einvörðungu tekið tillit til hávaða í bakgrunni.

7.1.5. Hindranir sem endurkasta hljóði

Nægilegt er að svipast um á hringlaga svæði með þreföldum radíus mælingayfirborðsins og sammiðja við það til að ganga úr skugga um að fullnægt sé ákvæðum þriðju undirgreinar í lið 6.3 í I. viðauka við gildandi reglur um aðferð við að ákvarða hávaða sem berst í lofti við notkun véla utanhúss.

7.2. Mæling á hljóðstiginu L_{pA}

Hljóðstigið L_{pA} skal mælt í samræmi við ákvæði fyrstu málsgreinar liðar 7.2 í I. viðauka við gildandi reglur um aðferð við að ákvarða hávaða sem berst í lofti við notkun véla utanhúss.

Mæla verður hljóðstigið L_{pA} að minnsta kosti þrisvar. Ef munurinn á því hljóðstigi sem fæst með tveimur þessara mælinga er ekki meiri en 1 dB eru frekari mælingar óþarfar. Að öðrum kosti skal mælingum haldið áfram uns fram koma tvær mælingar þar sem munurinn er ekki meiri en að ofan greinir. Eigi að finna A-vegið hljóðstig skal tekið meðaltal tveggja hæstu gildanna sem munar minna en 1 dB á.

8. NOTKUN Á NIÐURSTÖÐUM

8.1.1. Rótarferningsmeðalgildi á mælingapunkti

8.1.1.1. Jarðýtur

Þar sem akstur áfram og aftur á bak eru tvær ólíkar aðgerðir skal mæla tímann og hljóðstigið við báðar akstursstefnur. Eftirfarandi formúla skal notuð við að reikna út A-vegið jafngildishljóðstig $L_{pAeq,T}$ í desíbelum í hverri vinnulotu jarðýtunnar:

$$L_{pAeq,T} = 10\lg\frac{1}{T_1+T_2}\left[(T_1\times 10^{0,1}L_{pAeq,1})+(T_2\times 10^{0,1}L_{pAeq,2})\right]$$

þar sem:

T_1 er tíminn sem ekið er áfram eftir ákveðinni braut,

T_2 er tíminn sem ekið er aftur á bak eftir ákveðinni braut,

$L_{pAeq,1}$ og $L_{pAeq,2}$ eru gildi sem ákvörðuð eru á tímabilunum T_1 og T_2.

8.1.1.2. Hjóla- og beltaskóflur

a) Sameiginlegar niðurstöður fyrir tvenns konar ökumáta.
Þar sem akstur áfram og aftur á bak eru tvær ólíkar aðgerðir skal mæla tímann og hljóðstigið við báðar akstursstefnur. Eftirfarandi formúla skal notuð við að reikna út A-vegið jafngildishljóðstig $L_{pAeq,3}$, í desíbelum í hverri vinnulotu hjóla- eða beltaskóflunnar:

$$L_{pAeq,3} = 10\lg \frac{1}{T_1 + T_2}\left[(T_1 \times 10^{0,1\,L_{pAeq,1}}) + (T_2 \times 10^{0,1\,L_{pAeq,2}})\right]$$

þar sem:
T_1 er tíminn sem ekið er áfram eftir ákveðinni braut,
T_2 er tíminn sem ekið er aftur á bak eftir ákveðinni braut,

$L_{pAeq,1}$ og $L_{pAeq,2}$ eru gildi sem ákvörðuð eru á tímabilunum T_1 og T_2.

b) Sameiginlegar niðurstöður fyrir akstur annars vegar og kyrrstöðu með notkun vökvaknúins búnaðar hins vegar. Eftirfarandi formúla skal notuð við að reikna út A-vegið jafngildishljóðstig $L_{pAeq,T}$, í desíbelum í hverri vinnulotu hjóla- eða beltaskóflunnar:

$$L_{pAeq,T} = 10\lg\left[(0.5 \times 10^{0,1\,L_{pAeq,3}}) + (0.5 \times 10^{0,1\,L_{pAeq,4}})\right]$$

þar sem:
$L_{pAeq,3}$ er gildi sem ákvarðað er við akstur eftir ákveðinni braut,
$L_{pAeq,4}$ er gildi sem ákvarðað er við kyrrstöðu og beitingu vökvaknúins búnaðar.


8.1.1.3. Traktorsgröfur

Eftirfarandi formúla skal notuð við að reikna út A-vegið jafngildishljóðstig $L_{pAeq,T}$, í desíbelum í hverri vinnulotu traktorsgröfu:


$$L_{pAeq,T} = 10\lg(0.8 \times 10^{0,1\,L_{pAeq,grafa}} + 0.2 \times 10^{0,1\,L_{pAeq,ámoksturstæki}})$$

þar sem:
$L_{pAeq,grafa}$ er gildi sem ákvarðað er meðan vélin vinnur sem grafa,


$L_{pAeq,ámoksturstæki}$ er gildi sem ákvarðað er meðan vélin vinnur sem ámoksturstæki.




Mynd 1: Grafa




Mynd 2: Jarðýta



Mynd 3: Hjóla- eða beltaskófla



Mynd 4: Traktorsgrafa



Mynd 5: Braut sem vélin ekur eftir

VIÐAUKI III

AÐFERÐ VIÐ AÐ MÆLA HÁVAÐA SEM BERST Í LOFTI AÐ STJÓRNPALLI Á VÖKVA- OG VÍRAGRÖFUM, JARÐÝTUM, HJÓLA- OG BELTASKÓFLUM OG TRAKTORSGRÖFUM

Þessi mælingaraðferð gildir um vökva- og víragröfur, jarðýtur, hjóla- og beltaskóflur og traktorsgröfur sem hér eftir nefnast "jarðvinnuvélar". Í henni er mælt fyrir um prófunaraðferðir til að ákvarða ígildi samfellds hljóðstigs á stjórnpalli slíkra jarðvinnuvéla.
Þessar tæknilegu aðferðir eru í samræmi við kröfurnar í II. viðauka við gildandi reglur um aðferð við að ákvarða hávaða sem berst í lofti við notkun véla utanhúss, og ákvæði þess viðauka skulu gilda um jarðvinnuvélar, að teknu tilliti til eftirfarandi breytinga:

6. STJÓRNENDUR

Stjórnandi verður að vera á stjórnpalli meðan mælingarnar fara fram.

6.2.1. Stjórnandinn stendur
Gildir ekki.

7.1. Almennt
Hljóðnema skal komið fyrir eins og mælt er fyrir um í 7.3.

9.1. Almennt
Við uppsetningu og notkun vélarinnar skal farið að fyrirmælum um mælingar á hávaða sem berst í lofti út í umhverfið (I. eða II. viðauki eftir atvikum).

9.2. Vélar með stillanlegum búnaði
Við mælingarnar skal ekki tekið tillit til neins þess stillanlega búnaðar sem um getur í 9.2.1. heldur aðeins þess sem um getur í 9.2.2.

10.2.2. Við notkun á A-vegnu hljóðstigi, L_{pA}.
Séu mælingarnar gerðar með hljóðmæli skal T vera 5 sekúndur. Gera skal fimm mælingar.

VIÐAUKI IV

FYRIRMYND AÐ LÝSINGU Á GERÐ JARÐVINNUVÉLAR

1. **Almennt**

1.1. Nafn og heimilisfang framleiðanda (eða viðurkennds fulltrúa): .....
.....

1.2. Tegund (nafn fyrirtækis): .....
.....

1.3. Viðskiptaheiti: .....

2. **Vél**

2.1. Gerð: .....
Röð: .....
Númer: .....

2.2. Yfirlit um mál (upplýsingabæklingur): .....
.....

2.3. Lengd(l) : .....

3. **Tæknilegar upplýsingar**

3.1. Aðalvél: .....
Tegund: .....
Gerð: .....
Númer: .....
Vélarafl: .....kW([1]) við.....snún./mín.
Aðrar vélar (ef við á): .....
Tegund: .....
Gerð: .....
Númer: .....
Vélarafl: .....kW([1]) við.....snún./mín.

3.2. Vökvadælur

3.2.1. Dælumótor()
Framleiðandi: .....
Gerð: .....
Röð: .....
Númer: .....
Vinnsluþrýstingur: .....

3.2.2. Vökvakerfi
Framleiðandi: .....

3.2.3. Kælibúnaður fyrir vökvakerfi: .....

3.3. Lýsing á ráðstöfunum sem gerðar hafa verið til að draga úr hávaða (helst með ljósmyndum):
.....


4. **Ef til er bæklingur með tæknilegum leiðbeiningum skal hann látinn fylgja.**

---


[1] Nettóafl eins og það er skilgreint og ákveðið í I. viðauka við *tilskipun ráðsins 80/1269/EBE frá 16. desember 1980*

VIÐAUKI V

FYRIRMYNDIR AÐ SKILTI ÞAR SEM GEFIÐ ER UPP ÞAÐ HLJÓÐAFLSSTIG OG HLJÓÐSTIG Á STJÓRNPALLI SEM FRAMLEIÐANDINN ÁBYRGIST



Mynd 1



Mynd 2

REGLUR

um leyfilegt hljóðaflsstig garðsláttuvéla.

1. gr.

1. Tilgangurinn með þessum reglum er að takmarka leyfilegt hljóðaflsstig hávaða sem berst út í loftið frá garðsláttuvélum og leyfilegt hljóðstig hávaða sem berst í lofti að stjórnendum garðsláttuvéla sem hafa meiri sláttubreidd en 120 cm með því að ákvarða vikmörk og aðferðir til að mæla þessi stig. Reglurnar gilda um garðsláttuvélar sem falla undir lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og settar eru á markað eftir gildistöku reglnanna. Þær gilda jafnframt um slíkar vélar og búnað sem seldur er eða leigður jöfnum höndum til notkunar við atvinnurekstur og einkanota almennings, sé hann ekki háður öðrum lögum eða reglum. Reglurnar eru sérreglur settar á grundvelli gildandi reglna um aðferð við að ákvarða hávaða sem berst í lofti við notkun véla utanhúss.
2. Með "garðsláttuvél" er átt við öll vélknúin tæki sem notuð eru við hvers konar slátt á grasi vöxnum útivistarsvæðum, lystigörðum eða svipuðum grasflötum.
3. Þessar reglur gilda um garðsláttuvélar sem um getur í 2. tölul. með eftirtöldum undantekningum:
   — landbúnaðartæki og búnað til skógarnytja,
   — tæki sem er dregið eða er tengt öðru tæki, t.d. valsa sem dráttarvél dregur, með skurðarbúnað sem knúinn er af hjólunum eða af innbyggðu gangverki,
   — fjölnota tæki þar sem stærsta einingin er knúin stærri vél en 20 kW.

2. gr.

Garðsláttuvélar, eins og þær sem lýst er í 1. gr., skulu ekki settar á markað:

— nema hljóðaflsstig þeirra, eins og það er mælt við þær aðstæður sem tilgreindar eru í I. viðauka, sé ekki hærra en nemur leyfilegu hljóðaflsstigi miðað við sláttubreidd vélar eins og getur að líta í eftirfarandi töflu:

Sláttubreidd garðsláttuvélarinnar (L)	Leyfilegt hljóðaflsstig í dB(A)/1pW
L ≤ 50cm	96
50cm < L ≤ 120cm	100
L > 120 cm	105

— nema A-vegið hljóðstig hávaða sem berst í lofti, talið í desíbelum og mælt við stjórnvöl garðsláttuvélar með meiri sláttubreidd en 120 cm við aðstæður sem greinir í I. viðauka a, sé ekki hærra en 90 dB(A).

3. gr.

Framleiðandinn eða innflytjandi, sem búsettur er innan Evrópska efnahagssvæðisins (EES), vottar það á eigin ábyrgð að garðsláttuvél uppfylli kröfur þessara reglna með því að gefa út vottorð (sjá fyrirmynd í II. viðauka) sem fylgir vélinni og byggist á skýrslu um prófanir sem gerðar hafa verið á hverri gerð garðsláttuvéla á einni af þeim prófunarstofum sem eru á skrá hjá aðildarríkjum innan EES og hinum aðildarríkjunum er tilkynnt um. Vottorð þetta má skrá í notkunarleiðbeiningarnar eða á ábyrgðarskírteinið.

4. gr.

Áður en garðsláttuvél er sett á markað skal hún bera skýrt og varanlegt merki, annaðhvort letrað beint eða á áfesta plötu (sem fest er með hnoðum eða límd), þar sem fram komi hver framleiðandinn er, hvaða gerð er um að ræða og hæsta hljóðaflsstig í dB(A)/pW sem framleiðandinn ábyrgist og hljóðstig við stjórnvöl í dB(A) miðað við 20 μPa ef garðsláttuvélin

er með meiri sláttubreidd en 120 cm. Síðari athugasemdin á ekki við um rafknúnar garðsláttuvélar með minni sláttubreidd en 30 cm enda leiðir af hönnun þeirra að þær eru ekki háværar. Fyrirmyndirnar að þessum áletrunum er að finna í III. viðauka.

5. gr.

Eftirlit með því að framleiðsla tækjanna sé í samræmi við þá gerð sem var prófuð er framkvæmd eftir föngum með skyndikönnunum.

6. gr.

1. Vinnueftirlit ríkisins hefur eftirlit með framkvæmd reglna þessara. Það getur þó samþykkt aðra aðila til þess að fara með slíkt eftirlit að hluta eða öllu leyti, sbr. 1. mgr. 80. gr. laga nr. 46/1980, og fylgist þá með eftirliti slíkra aðila.
2. Um samskipti Vinnueftirlitsins og annarra stjórnvalda við önnur aðildarríki og framkvæmdastjórn EB fer, að öðru leyti en því sem kveðið er á um í reglum þessum, samkvæmt tilskipun 84/538/EBE sem vísað er til í 1. tölul., VII. kafla, II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

7. gr.

Um áfrýjun á ákvörðunum og úrskurðum vegna framkvæmdar á reglum þessum gilda ákvæði 98. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

8. gr.

Brot á reglum þessum varða ákvæði 99. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

9. gr.

Reglur þessar eru settar af stjórn Vinnueftirlits ríkisins samkvæmt heimild í 34., 38. og 47. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Jafnframt staðfestir ráðuneytið ákvæði 1. gr. reglnanna samkvæmt 3. mgr. 3. gr. laga nr. 46/1980. Reglurnar eru settar með hliðsjón af ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sem vísað er til í 1. tölul., VII. kafla, II. viðauka, tilskipun 84/538/EBE, um samræmingu laga aðildarríkjanna um leyfilegt hljóðaflsstig garðsláttuvéla, eins og henni var breytt með tilskipunum 87/252/EBE, 88/180/EBE og 88/181/EBE. Reglurnar öðlast gildi við birtingu.

Félagsmálaráðuneytið, 19. maí 1994.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Gylfi Kristinsson.

VIÐAUKI I

AÐFERÐ TIL AÐ MÆLA HÁVAÐA SEM BERST Í LOFTI FRÁ GARÐSLÁTTUVÉLUM

GILDISSVIÐ

Þessi mælingaraðferð gildir um garðsláttuvélar. Í henni eru gefin fyrirmæli um aðferð við að ákvarða hljóðaflsstig þeirra svo að ganga megi úr skugga um að þær uppfylli kröfur.

Þessar tæknilegu aðferðir eru í samræmi við kröfurnar sem settar eru í I. viðauka við gildandi reglur um aðferð við að ákvarða hávaða sem berst í lofti við notkun véla utanhúss.

Ákvæði I. viðauka við gildandi reglur um aðferð við að ákvarða hávaða sem berst í lofti við notkun véla utanhúss skulu gilda um garðsláttuvélar, að teknu tilliti til eftirfarandi breytinga:

4. VIÐMIÐANIR SEM NOTA SKAL ÞEGAR GREINT ER FRÁ NIÐURSTÖÐUM

4.1. **Hljóðeðlisfræðileg viðmiðun fyrir umhverfi**

Hljóðeðlisfræðileg viðmiðun fyrir umhverfi garðsláttuvélar skal vera hljóðaflsstig hennar.

6. MÆLINGARAÐSTÆÐUR

6.1. **Tilgangur mælinganna**

6.1.1. Garðsláttuvélar sem smíðaðar eru með búnaði til að safna grasinu í skulu prófaðar við eðlilegar aðstæður með þeim búnaði áföstum.

6.1.2. Skurðarbúnaðurinn skal stilltur í 3 cm hæð. Sé þetta ókleift af tæknilegum orsökum skal hann stilltur eins nærri 3 cm hæð og hægt er. Grasið á prófunarsvæðinu skal slegið með þessari stillingu áður en nokkrar hljóðmælingar eru gerðar.

Þegar hljóðmælingin er gerð skal garðsláttuvélin hreinsuð af grasi og söfnunarbúnaðurinn tæmdur.

6.1.3. Skurðarbúnaður á valsasláttuvélum skal stilltur á bil milli valsins og skurðarbrúnar samkvæmt fyrirmælum framleiðanda þannig að:

- stöðluð örk af 80 gramma pappír (kraftpappír ISO/R 4046) tætist á að minnsta kosti 50% af sláttubreiddinni, eða
- bilið milli valsablaðanna og skurðarbrúnarinnar sé ekki meira en 0,15 mm yfir alla sláttubreiddina, eða
- afstöðu skurðarbúnaðarins sé breytt uns blöðin snertast og síðan fjarlægðin aukin aftur þangað til snerting hættir er valsinn snýst á hámarkshraða.

Sú prófunaraðferð sem lýst er í þriðja undirlið hér að ofan takmarkast við rafknúnar valsasláttuvélar með minni sláttubreidd en 50 cm.

Fyrir mælingar og meðan á þeim stendur skal skurðarbúnaðurinn smurður með smurolíu af þykktarstiginu SAE 20/50.

6.2. **Notkun hávaðavalds meðan mælingar eru gerðar**

Á undan hverri hljóðmælingu skal garðsláttuvélin hituð upp í samræmi við fyrirmæli framleiðanda.

Hljóðaflsstig garðsláttuvélar skal yfirleitt mælt þegar vélin stendur kyrr án stjórnanda en skurðarbúnaður og hreyfill vinna á mesta hraða.

Verði skurðarbúnaðurinn ekki aðskilinn frá hjólum garðsláttuvélarinnar skal hún prófuð annaðhvort uppi á stoðum eða meðan stjórnandinn ekur henni við neðangreindar aðstæður:

- *beintengd garðsláttuvél:*
  Garðsláttuvélinni skal ekið áfram það hratt að skurðarbúnaðurinn vinni á mesta hraða samkvæmt fyrirmælum framleiðanda.
- *garðsláttuvél með gírskiptingu:*
  Aka skal í hæsta gír. Garðsláttuvélinni skal ekið áfram það hratt að skurðarbúnaðurinn vinni á mesta hraða samkvæmt fyrirmælum framleiðanda.

a) *garðsláttuvélar með brunahreyfli:*
Vélarolían sem notuð er á sláttuvélina við mælingarnar skal vera í samræmi við tilmæli framleiðanda. Eldsneytistankur sé eigi meira en hálffullur.

b) *garðsláttuvélar með rafhreyfli:*
Fái garðsláttuvélin orku frá rafal eða úr raflögn skal straumtíðnin, eins og hún er tilgreind af framleiðanda, vera stöðug meðan á prófuninni stendur upp á ± 1 Hz ef vélin er búin spanhreyfli; sé hún búin straumvendihreyfli skal spennan vera stöðug upp á ± 1% af málspennu garðsláttuvélarinnar. Tíðnin og spennan eru gefnar upp af framleiðanda hreyfilsins.
Spenna rafmagnsins er mæld við klóna á föstum kapli eða snúru eða við inntakið á garðsláttuvélinni ef hún er tengd með lausri snúru. Bylgjulögun straumsins frá rafal skal vera sú sama og þess straums sem kemur úr raflögn.

c) *Garðsláttuvélar sem svífa eða haldið er á*
Þessar sláttuvélar skulu heftar eða settar á undirstöðu svo að þær séu í eðlilegri vinnustöðu. Undirstöður þessar skulu þannig gerðar að þær hafi ekki áhrif á niðurstöður mælinganna.

6.3. **Mælingastaður**

6.3.1. *Almennt*
Mælingastaðurinn verður að samræmast tækniforskriftunum í liðum 6.3.2, 6.3.3 eða 6.3.4.
Rísi ágreiningur skulu mælingarnar gerðar á mælingastað sem er í samræmi við lið 6.3.2.

6.3.2. *Mælingar undir berum himni á tilbúnu undirlagi*
Prófunarsvæðið verður að vera slétt og lárétt. Prófunarsvæðið, þ.m.t. blettirnir beint undir hljóðnemunum, skal vera steypt eða malbikað með tilbúnu undirlagi samkvæmt viðauka A við þessar reglur og sammiðja við hálfkúluna sem minnst er á í lið 6.4; horn tilbúna undirlagsins vísi á hljóðnema 2, 4, 6 og 8.
Ef hjól garðsláttuvélarinnar sökkva í tilbúna undirlagið um meira en 1 cm skulu þau sett á upphækkanir þannig að þau séu í sömu hæð og tilbúna undirlagið án dældar. Upphækkanirnar skulu þannig úr garði gerðar að þær hafi ekki áhrif á niðurstöður mælinganna.

6.3.3. *Mælingar undir berum himni á grasi*
Prófunarsvæðið verður að vera slétt og lárétt. Prófunarsvæðið, þ.m.t. blettirnir beint undir hljóðnemunum, skal vera þurr grasvöllur.

6.3.4. *Mælingar innanhúss*
Hljóðsviðið inni í mælingaherberginu skal vera svipað því sem er undir berum himni og gildi fastans C skal ákveðið í samræmi við lið 8.6.2.
Gólfið verður að vera slétt og lárétt. Prófunarsvæðið, þ.m.t. blettirnir beint undir hljóðnemunum, skal hafa sömu hljóðeðlisfræðilega eiginleika og steinsteypa eða malbik með tilbúnu undirlagi samkvæmt viðauka A við þessar reglur og sammiðja við hálfkúluna sem minnst er á í lið 6.4; horn tilbúna undirlagsins vísi á hljóðnema 2, 4, 6 og 8.
Ef hjól garðsláttuvélarinnar sökkva í tilbúna undirlagið um meira en 1 cm skulu þau sett á upphækkanir þannig að þau séu í sömu hæð og tilbúna undirlagið án dældar. Upphækkanirnar skulu þannig úr garði gerðar að þær hafi ekki áhrif á niðurstöður mælinganna.

6.4. **Mælingayfirborð, mælingafjarlægð, staðsetning og fjöldi mælingapunkta**

6.4.1. *Mælingayfirborð*
Mælingayfirborðið sem notað er skal vera hálfkúla. Radíus hálfkúlunnar skal ákveðinn út frá sláttubreidd garðsláttuvélarinnar.
Radíusinn skal vera:
— 4 m, ef sláttubreidd garðsláttuvélarinnar sem verið er að prófa er ekki meiri en 1,2 m;
— 10 m, ef sláttubreidd garðsláttuvélarinnar sem verið er að prófa er meiri en 1,2 m.

6.4.2. *Staðsetning og fjöldi mælingapunkta*

6.4.2.1. Almennt
Við mælingar á hávaða frá garðsláttuvélum, hvort heldur þær eru kyrrstæðar eða á hreyfingu, skulu notaðir sex mælingapunktar, þ.e. punktar 2, 4, 6, 8, 10 og 12 og skulu þeir staðsettir í samræmi við lið 6.4.2.2 í I. viðauka við gildandi reglur um aðferð við að ákvarða hávaða sem berst í lofti við notkun véla utanhúss. Þegar mælingar eru gerðar á kyrrstæðri sláttuvél skal miðja hálfkúlunnar falla saman við línu sem hugsast dregin frá vélinni miðri niður á jörð og í stefnu frá punkti 1 til punkts 5. Við mælingar á vélinni á hreyfingu skal henni ekið í stefnu frá punkti 1 til punkts 5.

7. FRAMKVÆMD MÆLINGANNA

7.1.1. *Framandi hávaði*

Mæling á fylgihávaða skal ekki tekin til greina (b-liður í 7.1.1).

7.1.5. *Hindranir*

Nægilegt er að svipast um á hringlaga svæði með þreföldum radíus mælingayfirborðsins og sammiðja við það til að ganga úr skugga um að fullnægt sé ákvæðum þriðju málsgreinar í lið 6.3 í I. viðauka við gildandi reglur um aðferð við að ákvarða hávaða sem berst í lofti við notkun véla utanhúss.

7.2. **Mælingar á hljóðstiginu L_{pA}**

Hljóðstigið L_{pA} skal mælt í samræmi við fyrstu málsgrein liðar 7.2 í fyrsta viðauka við gildandi reglur um aðferð við að ákvarða hávaða sem berst í lofti við notkun véla utanhúss. Þegar sláttuvélin er á hreyfingu skal mælingatíminn vera sá tími sem það tekur vélina að komast vegalengdina AB (sjá mynd) á jöfnum hraða.

Mæla skal hljóðstigið L_{pA} að minnsta kosti þrisvar. Ef munurinn á gildum hljóðaflsstigs sem fást úr þessum mælingum er meiri en 1 dB skal mælingum haldið áfram uns tvö gildi hljóðaflsstigs fást sem ekki munar meira en 1 dB á og skal hærra gildið notað sem hljóðaflsstig garðsláttuvélarinnar.

Athugasemd: Sé notaður hljóðmælir við mælingar á vélinni á hreyfingu er gildið á L_{pA} í flestum tilvikum mælt þegar vélin fer um miðju hálfkúlunnar.

8. NOTKUN Á NIÐURSTÖÐUM

8.6.2. *Hljóðeðlisfræðilegir eiginleikar prófunarsvæðisins*

Við þessar mælingar skal fastinn C sem ákvarðaður er í samræmi við lið 8.6.2 í I. viðauka við gildandi reglur um aðferð við að ákvarða hávaða sem berst í lofti við notkun véla utanhúss vera á milli 0,5 og 2 dB og $K_2 = 0$.

9. UPPLÝSINGAR SEM BER AÐ SKRÁ

9.1. **Hávaðavaldurinn sem prófaður er:**

f) sláttubreidd;


g) snúningshraði á skurðarbúnaði.

9.4. **Hljóðeðlisfræðileg gögn:**

b) "flatarmálið S á mælingayfirborðinu í m^2" falli niður;

l) dag- og tímasetning mælinganna.

Viðbætir



Mynd

VIÐAUKI A

TILBÚIÐ UNDIRLAG

1. MÁL OG EFNI

1.1. **Mál**

Tilbúna undirlagið skal vera 360 × 360 cm.

1.2. **Efni**

Tilbúna undirlagið er gert úr yfirlagi úr gleypnu efni með gleypnistuðla α sem mældir eru í samræmi við ISO-staðal 354, fyrstu útgáfu 1985-02-01, og eru innan þeirra marka sem getur að líta í eftirfarandi töflu:

Tíðni í Hz	125	250	500	1 000	2 000	4 000
α að lágmarki	0,00	0,20	0,40	0,60	0,70	0,80
α að hámarki	0,20	0,40	0,60	0,80	0,90	1,00

Athugasemd: Dæmi um efni og smíð sem uppfyllir þessar kröfur er í viðauka B.

VIÐAUKI B


DÆMI UM EFNI OG SMÍÐ


Steinefnatrefjar, 20 mm þykkar, loftmótstaða 11 kNs/m^4 og þéttleiki 25 kg/m^3.
Til hægðarauka má smíða tilbúna undirlagið úr samsettum plötum.
Söguðum endum á spónaplötum skal lokað og þeir varðir gegn raka. Þetta má gera með einni yfirferð af plastmálningu.
Kantarnir eru með U-laga prófílum, 3 × 20 mm. Samsettu plöturnar eru notaðar á tvennan hátt:

A) plötur sem ekkert álag kemur á;
B) plötur sem eiga að standa undir garðsláttuvélinni og starfsmönnum.

Á samskeytum platnanna sem um getur í B-lið skulu settir T-laga prófílar 3 × 20 mm (sjá mynd 1).
Pallurinn er þessu næst klæddur með gleypnu efni sem sniðið hefur verið til.
Plöturnar sem nefndar eru í A-lið skulu klæddar 0,8 mm vírneti með möskvastærð 10 mm (hænsnanet).
Plöturnar sem nefndar eru í B-lið skulu klæddar vírneti úr 3,1 mm sverum vír og með 30 mm möskvastærð.
Vírnet þessi skulu fest við álprófílana.

DREIFING PRÓFUNARPLATNANNA





Mynd 1

I. VIÐAUKI a

Aðferð við að mæla hávaða sem berst í lofti að stjórnendum garðsláttuvéla
Þessi mælingaraðferð gildir um garðsláttuvélar með meiri sláttubreidd en 120 cm og áföstu sæti sem er fest með viðeigandi hætti við burðarvirki sláttuvélarinnar.
Þessar tæknilegu aðferðir uppfylla kröfur II. viðauka við gildandi reglur um aðferð við að ákvarða hávaða sem berst í lofti við notkun véla utanhúss, og ákvæði þess viðauka gilda um garðsláttuvélar að teknu tilliti til eftirfarandi breytinga:

6.	NÆRVERA STJÓRNANDANS
	Stjórnandi skal vera við stjórnvöl.
6.2.1.	*Standandi stjórnandi*
	Þetta atriði skal ekki tekið til greina.
7.1.	**Almennt**
	Hljóðnemanum skal komið fyrir eins og mælt er fyrir um í lið 7.3.
9.1.	**Almennt**
	Fyrirmæli um fyrirkomulag og notkun sláttuvélarinnar er að finna í lið 6.2 í I. viðauka.
9.2.	**Notkun garðsláttuvélar með stillanlegum búnaði**
	Þetta atriði skal ekki tekið til greina.
10.2.2.	Notast við A-vegið hljóðstig L_{pA}
	Sé notaður hljóðmælir skal T vera 5 sekúndur. Gera skal fimm mælingar.

VIÐAUKI II

FYRIRMYND AÐ SAMRÆMISVOTTORÐI SEM FRAMLEIÐANDI GEFUR ÚT

Undirritaður .....

.....
(Nafn og heimilisfang)

vottar hér með að sláttuvélin:

1. Flokkur: .....
(Brunahreyfill, rafhreyfill o.s.frv.)

2. Heiti: .....

3. Gerð: .....

4. Framleiðsluauðkenni: .....

samræmist kröfum gildandi reglna um leyfilegt hljóðaflsstig garðsláttuvéla

Hljóðaflsstig sem ábyrgð er tekin á: ..... dB(A)

Hljóðstig sem ábyrgð er tekin á: ..... dB(A)

- gerð skurðarbúnaðar .....
- sláttubreidd ..... cm
- snúningshraði skurðarbúnaðar ..... snún./mín.

5. Hreyfill: .....
   - framleiðandi .....
   - gerð .....
   - snúningshraði við prófun ..... snún./mín.


Gert í ..... hinn .....
(dagsetning)

.....
(undirskrift)

.....
(staða)


VIÐAUKI III

FYRIRMYND AÐ MERKI UM HLJÓÐAFLSSTIG



Allar stærðir má margfalda, til dæmis með 1/2, 1/3, 2, 3, 4 o.s.frv. sé þess gætt að farið sé eftir þeim tækniforskriftum sem mælt er fyrir um í 4. gr.
Heimilt er að vikið sé um 20 % frá ofangreindum stærðum.

FYRIRMYND AÐ MERKI ER GREINIR FRÁ HLJÓÐSTIGI VIÐ STJÓRNVÖL



REGLUR

um leyfilegt hljóðaflsstig vélknúinna handverkfæra fyrir múrbrot og fleygun.

1. gr.

Þessar reglur gilda um leyfilegt hljóðaflsstig vélknúinna handverkfæra fyrir múrbrot og fleygun sem notuð eru á byggingarstöðum og við aðra verktakavinnu (hér eftir nefnd „verkfæri") og sett eru á markað eftir gildistöku reglnanna. Reglurnar gilda um vélknúin handverkfæri fyrir múrbrot og fleygun sem falla undir lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Reglurnar gilda jafnframt um slík verkfæri og búnað sem seldur er eða leigður jöfnum höndum til notkunar við atvinnurekstur og einkanota almennings, sé hann ekki háður öðrum lögum eða reglum. Reglurnar eru sérreglur settar á grundvelli gildandi reglna um aðferð við að ákvarða hávaða sem berst í lofti við notkun véla utanhúss.

2. gr.

1. Vinnueftirlit ríkisins eða aðili sem það samþykkir gefur út vottorð um EBE-gerðarprófun fyrir hverja gerð verkfæris sem hefur ekki hærra hljóðaflsstig en leyfilegt er samkvæmt eftirfarandi töflu, mælt við skilyrði sem kveðið er á um í I. viðauka við gildandi reglur um aðferð við að ákvarða hávaða sem berst í lofti við notkun véla utanhúss, eins og honum er breytt með I. viðauka við þessar reglur:

Massi tækisins (m)	Leyfilegt hljóðaflsstig í dB(A)/1 pW
$m < 20$ kg	108
$20 \text{ kg} \leq m \leq 35$ kg	111
$m > 35$ kg	114
og verkfæri með innbyggðan brunahreyfil	

2. Umsóknum um vottorð um EBE-gerðarprófun vegna leyfilegs hljóðaflsstigs verkfæris skulu fylgja upplýsingar samkvæmt fyrirmyndinni í II. viðauka.
3. Vinnueftirlit ríkisins eða samþykkti aðilinn fyllir út vottorðið um EBE-gerðarprófun fyrir hverja gerð verkfæris sem hann viðurkennir í samræmi við fyrirmyndina sem sýnd er í III. viðauka við gildandi reglur um vélar og búnað á byggingarsvæðum.
4. Vottorð um EBE-gerðarprófun er í mesta lagi gefið út til fimm ára. Heimilt er að framlengja þennan tíma um fimm ár enda hafi ný umsókn verið lögð fram á síðustu tólf mánuðum fyrsta fimm ára tímabilsins.
5. Framleiðandinn skal útfylla dálkana um EBE-gerðarprófun í samræmisvottorði fyrir hvert verkfæri sem smíðað er í samræmi við þá gerð sem er viðurkennd eftir EBE-gerðarprófun og skal vottorðið vera með sama sniði og fyrirmyndin í IV. viðauka við gildandi reglur um vélar og búnað á byggingarsvæðum.
6. Á hverju verkfæri sem smíðað er í samræmi við gerð sem viðurkennd er eftir EBE-gerðarprófun skal vera skýrt og varanlegt merki sem á er skráð það hljóðaflsstig tækisins í dB(A) miðað við 1 pW sem framleiðandinn ábyrgist og ákvarðað hefur verið með þeim hætti sem mælt er fyrir um í I. viðauka við gildandi reglur um aðferð við að ákvarða hávaða sem berst í lofti við notkun véla utanhúss, ásamt tákninu ε (epsilon). Fyrirmyndin að þessu merki er sýnd í III. viðauka við þessar reglur.

3. gr.

Eftirlit með því að framleiðsla tækjanna sé í samræmi við þá gerð sem var prófuð, eins og kveðið er á um í 12. gr. gildandi reglna um vélar og búnað á byggingarsvæðum, framkvæmir Vinnueftirlit ríkisins eftir föngum.

4. gr.

Ekki er heimilt að setja á markað handverkfæri sem ekki fullnægja kröfum samkvæmt þessum reglum eða reglum um vélar og búnað á byggingarsvæðum.

5. gr.

1. Vinnueftirlit ríkisins hefur eftirlit með framkvæmd reglna þessara. Það getur þó samþykkt aðra aðila til þess að fara með slíkt eftirlit að hluta eða öllu leyti, sbr. 1. mgr. 80. gr. laga nr. 46/1980, og fylgist þá með eftirliti slíkra aðila.
2. Um samskipti Vinnueftirlitsins og annarra stjórnvalda við önnur aðildarríki og framkvæmdastjórn EB fer, að öðru leyti en því sem kveðið er á um í reglum þessum, samkvæmt tilskipun 84/537/EBE sem vísað er til í 7. tölul., VI. kafla, II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

6. gr.

Um áfrýjun á ákvörðunum og úrskurðum vegna framkvæmdar á reglum þessum gilda ákvæði 98. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

7. gr.

Brot á reglum þessum varða ákvæði 99. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

8. gr.

Reglur þessar eru settar af stjórn Vinnueftirlits ríkisins samkvæmt heimild í 34., 38. og 47. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Jafnframt staðfestir ráðuneytið ákvæði 1. gr. reglnanna samkvæmt 3. mgr. 3. gr. laga nr. 46/1980. Reglurnar eru settar með hliðsjón af ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sem vísað er til í 7. tölul., VI. kafla, II. viðauka, tilskipun 84/537/EBE, um samræmingu laga aðildarríkjanna um leyfilegt hljóðaflsstig vélknúinna handverkfæra fyrir múrbrot og fleygun, eins og henni var breytt með tilskipun 85/409/EBE. Reglurnar öðlast gildi við birtingu.

Félagsmálaráðuneytið, 19 maí 1994.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Gylfi Kristinsson.

VIÐAUKI I

AÐFERÐ VIÐ AÐ MÆLA HÁVAÐA SEM BERST Í LOFTI FRÁ VÉLKNÚNUM HANDVERKFÆRUM FYRIR MÚRBROT OG FLEYGUN

GILDISSVIÐ

Þessi mælingaraðferð gildir um vélknúin handverkfæri fyrir múrbrot og fleygun, sem hér eftir kallast „verkfæri". Í henni eru gefin fyrirmæli um aðferðina við að ákvarða hljóðaflsstig slíkra tækja vegna EBE-gerðarprófunar og eftirlits með samræmi.

Þessar tæknilegu aðferðir eru í samræmi við kröfurnar í I. viðauka við gildandi reglur um aðferð við að ákvarða hávaða sem berst í lofti við notkun véla utanhúss.
Allir liðir I. viðauka við gildandi reglur um aðferð við að ákvarða hávaða sem berst í lofti við notkun véla utanhúss skulu gilda um vélknúin handverkfæri fyrir múrbrot og fleygun, að teknu tilliti til eftirfarandi breytinga:

4. VIÐMIÐANIR SEM NOTA SKAL ÞEGAR GREINT ER FRÁ NIÐURSTÖÐUM

4.1. Hljóðeðlisfræðileg viðmiðun fyrir umhverfi verkfæris skal táknuð með hljóðaflsstigi þess.

6. MÆLINGARAÐSTÆÐUR

6.1.1. Massi verkfæris ákvarðaður
Þegar massinn er ákvarðaður skal tækið búið eins og við venjulega notkun, að frátöldum fleyg, loftslöngu og greinikút ef við á.

6.1.2. Undirstöður verkfærisins
a) Verkfærið skal fest við áhald sem situr í teningslaga steinsteypuklumpi sem komið hefur verið fyrir í steyptri gryfju, í því skyni að hægt verði að endurtaka prófunina með nákvæmlega sama hætti.
b) Heimilt er að setja millistykki úr stáli milli verkfærisins og áhaldsins í undirstöðunni. Millistykki þetta skal vera traust festing milli verkfærisins og áhaldsins í undirstöðunni. Á teikningunni á mynd 2 er þetta sýnt í viðunandi útfærslu.

6.1.3. Steypuklumpurinn
Klumpurinn á að vera teningslaga, 60 cm ± 2 mm á kant, og eins reglulega lagaður og hægt er. Hann skal gerður úr járnbentri steinsteypu sem lögð er í 20 cm lögum og skekin rækilega til að koma í veg fyrir botnfall.
Bilið milli ysta borðs verkfærisins (að fleygnum frátöldum) og steypta ytra byrðisins skal vera milli 10 og 20 cm.

6.1.4. Steypublandan
Á móti einum 50 kílógramma poka af hreinu Portland-sementi, flokki 400 eða samsvarandi, komi:
- 65 lítrar af kalksnauðum sandi með kornastærð frá 0,1 til 5 mm,
- 115 lítrar af kalksnauðri steypumöl með kornastærðina 5 til 25 mm,
- 15 lítrar af vatni,
- mögulegt er að bæta við herði.

Teningurinn skal styrktur með 8 mm stálteinum án bindinga og skulu teinarnir ekki snertast. Grunnteikningu af þessu getur að líta á mynd 1.

6.1.5. Undirstaðan
Undirstaðan sem er fest í steypuklumpinum skal vera slaghaus milli 178 og 220 mm að þvermáli og festibúnaður sams konar og venjulega er notaður á verkfærinu sem verið er að prófa og uppfyllir ISO-tilmæli R 1180 og R 1571 en þó nógu langur til að prófunin geti farið fram með eðlilegum hætti.
Hlutarnir tveir skulu festir með viðeigandi hætti. Tækinu skal þannig komið fyrir að neðsti hluti slaghaussins sé á 30 cm dýpi í steypuklumpinum (sjá mynd 1).
Steypuklumpurinn skal vera óskaddaður, einkum á þeim stað sem undirstaðan og steypan liggja saman. Fyrir og eftir hverja prófun skal gengið úr skugga um það að áhaldið sem situr í steypuklumpinum sé fast við hann.

6.1.6. Staðsetning steyputeningsins
Teningnum skal komið fyrir í steinsteyptri gryfju sem lokað er með hellu sem vegur að minnsta kosti 100 kg/m^2, eins og sýnt er á meðfylgjandi mynd 4, þannig að hellan ofanverð sé slétt við jörðina. Klumpurinn skal einangraður frá botni og hliðum gryfjunnar með fjaðrandi kubbum til að losna við fylgihljóð og skulu kubbarnir hafa útsláttartíðni sem er ekki meiri en hálfur högghraði verkfærisins sem verið er að prófa eins og hann er gefinn upp í slögum á sekúndu.
Gatið í hellunni sem leggurinn á áhaldinu gengur í gegnum skal vera eins lítið og hægt er og lokað með sveigjanlegu og hljóðeinangrandi þétti.

6.2. Notkun hávaðavaldsins meðan mælingar eru gerðar
Öll verkfæri sem prófuð eru skulu vera lóðrétt í því skyni að prófunina verði hægt að endurtaka með nákvæmlega sama hætti.

Þegar um er að ræða loftknúin verkfæri skal útblástursop tækisins sem verið er að prófa vera mitt á milli tveggja mælingapunkta (útblástur sem fer beint á hljóðnema raskar mælingunni og gerist slíkt skal henni hætt). Hljóðnema skal ekki komið fyrir milli verkfærisins og loftkútsins (sjá mynd 3).

6.2.1. Gildir ekki.

6.2.2. Þegar um er að ræða loftknúin verkfæri skal þeim beitt þannig að hljóðstyrkur þeirra sé eins jafn og gerist við venjulega notkun og enn fremur skal eftirfarandi kröfum fullnægt.

Verkfærið skal látið ganga við þrýstinginn 600 kPa.

Sé þetta ekki mögulegt skal greint frá þeim þrýstingi sem var notaður og ástæðum þess í prófunarskýrslunni.

Meðan mælingarnar fara fram og verkfærið er í gangi skal loftþrýstingur mældur. Verkfærið skal látið ganga eðlilega; koma skal í veg fyrir hvers konar hindrun á útblæstri lofts, t. d. ísingu. Gerð, flokkur og magn olíu sem notuð er skal vera í samræmi við tilmæli framleiðanda.

Ef í hlut eiga verkfæri sem ekki eru loftknúin skulu notkunarskilyrðin svara til mesta samfellda ganghraða verkfærisins samkvæmt því sem framleiðandinn gefur upp.

Fyrirkomulag við prófun

Verkfærin skulu látin ganga á eftirfarandi hátt, án þess að stjórnandi sé viðstaddur:

a) verkfærið skal látið ganga í lóðréttri stellingu á áhaldinu sem lýst er í 6.1.5 og búið er tengilegg sem er hæfilega stór;

b) tækinu skal þrýst niður með fjaðrandi búnaði til að skapa hliðstæðan stöðugleika og við venjuleg notkunarskilyrði, þegar fleygurinn situr í efninu sem á að brjóta. Þessi fjaðrandi búnaður getur til dæmis verið gerður úr stillanlegum gormum eða lofttjakki.

Eftirlit með þrýstingi á loftknúnum verkfærum

Þar sem tækið verður að ganga við 600 kPa þrýsting, eða við eigin þrýsting ef hann er annar, skal þrýstingurinn kannaður við loftinntakið í verkfærið (sjá mynd 3).

Hægt er að fylgjast með þrýstingnum á venjulegum þrýstingsmæli með skífu en miðað við titringinn í tækinu er æskilegt að hafa þann háttinn á að notaður sé 50 - 100 lítra loftkútur sem fær loft í gegnum 20 metra langa slöngu með 19 mm þvermáli. Frá þessum kút skal liggja 4,5 m löng slanga sem er 25 - 30 mm að þvermáli og festist hún í tengi á verkfærinu. Loftkútnum skal komið fyrir eins langt frá verkfærinu og hægt er. Þrýstingurinn inni í kútnum skal mældur í gegnum sérstakt úttak á honum.

Hægt er að jafna þrýstinginn annaðhvort með úttakskrana á loftpressunni eða með því að hleypa lofti af kútnum um stillanlegan hljóðdeyfi.

Grunnteikning af þessu fyrirkomulagi er á mynd 3.

6.3. Mælingastaðurinn sé sléttur og láréttur. Hann skal vera steyptur eða malbikaður og hafa minnst 4 m radíus.

6.4.1. Mælingayfirborð

Mælingayfirborðið sem notað er skal vera hálfkúla. Radíus hálfkúlunnar er gefinn í eftirfarandi töflu:

Massi tækisins við venjulega notkun	Radíus hálfkúlunnar	Gildið z fyrir punkta 2, 4, 6 og 8
minna en 10 kg	2 m	0,75 m
10 kg eða meira	4 m	1,50 m

6.4.2.1 Almennt

Við mælingar skulu mælingapunktarnir vera 6, þ. e. punktar 2, 4, 6, 8,10 og 12, fyrir komið í samræmi við lið 6.4.2.2 í I. viðauka við gildandi reglur um aðferð við að ákvarða hávaða sem berst í lofti við notkun véla utanhúss og skal gildið fyrir z á punktum 2, 4, 6 og 8 vera með þeim hætti sem greinir í töflunni hér að framan.

Við prófun á verkfærunum skal þeim komið þannig fyrir að miðja þeirra og miðpunktur hálfkúlunnar standist á.

7. FRAMKVÆMD MÆLINGANNA

7.1.1. Við leiðréttingar skal einvörðungu tekið tillit til hávaða í bakgrunni.

8. NOTKUN Á NIÐURSTÖÐUM

8.2. Gildir ekki.

8.6.2. Fyrst yfirborð prófunarsvæðisins er steypt eða malbikað gildir 8.6.2. ekki og C = 0.

8.6.3. Eftir föngum skal reynt að forðast að hrím myndist á meðan mælingarnar fara fram eins og algengt er þegar loftknúin handverkfæri eru notuð.

9. UPPLÝSINGAR SEM SKULU SKRÁÐAR


Fyrirmynd að skýrslu er sýnd í viðbætinum.

PRÓFUNARBLOKK

Teningur 0,60 m á kant, rækilega skekinn


Samsetning:

1 poki hreint Portland-sement, flokkur 400 eða sambærilegt
65 lítrar kalksnauður sandur með kornastærð frá 0,1 mm til 5 mm
115 lítrar kalksnauð steypumöl með kornastærðina 5 til 25 mm
15 lítrar af vatni
mögulegt er að bæta við herði




Mynd 1

GRUNNTEIKNING
Millistykkið sem um getur í 6.1.2




Mynd 2

TEIKNING AF TENGINGU VIÐ LOFTPRESSU



PRÓFUNARBÚNAÐUR



Mynd 4

Gildið á A sé þannig að hlífðarhellan sem hvílir á sveigjanlegu þéttinu J sé slétt við jörðina.

VIÐBÆTIR

FYRIRMYND AÐ SKÝRSLU

PRÓFUNARSKÝRSLA FYRIR VÉLKNÚIN HANDVERKFÆRI FYRIR MÚRBROT OG FLEYGUN

1. **Tæki sem prófað er**

Framleiðandi.....

Heiti.....Raðnúmer.....

Helstu mál.....

Lýsing.....Massi .....

Gerð: loftknúið, vökvaknúið, rafmagn, bensín[1]

[1] Strikið yfir það sem ekki á við.

2. **Notkun**

2.1. *Loftknúið*

Vinnsluþrýstingur ..... pasköl
Loftnotkun ..... m^3/sek.
Högghraði ..... slög/sek.
Hljóðdeyfing .....

2.2 *Vökvaknúið*

Vökvaþrýstingur ..... pasköl
Högghraði ..... slög/sek.

2.3. *Rafknúið*

Notkunarspenna ..... volt
Högghraði ..... slög/sek.

2.4. *Með bensínvél*

Snúningshraði ..... snún./mín
Heiti og gerð hljóðdeyfis .....
.....
Högghraði ..... slög/sek.
Hljóðdeyfing .....

3. **Prófunarskilyrði**

Loftþrýstingur ..... Lofthiti
Efni í endurkastsfleti og stærð .....
Athugasemdir .....

4. **Búnaður**

Hljóðnemi ..... Raðnúmer .....
Hljóðmælir ..... Raðnúmer .....
Tíðnimælir ..... Raðnúmer .....
Stillibúnaður ..... Raðnúmer .....
Ýmislegt (t.d. vindhlíf, skráningartæki) ..... Raðnúmer .....

5. Teikning sem sýnir staðsetningu hljóðnemanna og eftir atvikum hvert útblástur frá verkfærinu berst; einnig staðsetningu stórra hluta sem eru minna er 25 metra frá verkfærinu sem verið er að prófa

6. **Hljóðeðlisfræðilegar upplýsingar:**

- svæði S á mælingayfirborði í m^2 og gildið á $10\log_{10}\frac{S}{S_0}$
- hljóðstig sem mælist á mælingapunktum,
- meðaltalshljóðstig á mælingayfirborðinu,
- leiðréttingar á desíbelum,
- hljóðstig við yfirborð $L_{pam'}$
- hljóðaflsstig,
- stefnubindingarstuðull og fjöldi mælingapunkta þar sem L_{pAmax} var mælt,
- hvers konar hávaða er um að ræða: (aðgreindir tónar, högghljóð, tímatengd einkenni, o.s.frv.),
- dagsetning og tími mælinga.

---

[1] Strikið yfir það sem ekki á við.

VIÐAUKI II


FYRIRMYND AÐ LÝSINGU Á GERÐ VÉLKNÚINS HANDVERKFÆRIS FYRIR MÚRBROT EÐA FLEYGUN SEM Á AÐ FYLGJA UMSÓKN UM EBE-GERÐARPRÓFUN

1. **Almennt**
1.1. Nafn og heimilisfang framleiðanda .....
.....
1.2. Nafn og heimilisfang viðurkennds umboðsmanns, ef við á .....
1.3. Heiti vélar (nafn fyrirtækis) .....
1.4. Viðskiptaheiti (nefnið undirheiti) .....
1.5. Gerð .....
1.6. Staðsetning og festing á lögboðnum upplýsingaskiltum og áletrunum .....
2. **Massi**
2.1. Massi ..... kg
3. **Notkun verkfæris**
3.1. *Loftknúið*
3.1.1. Notkunarþrýstingur ..... pasköl
3.1.2. Loftnotkun ..... m^3/sek.
3.1.3. Högghraði ..... slög/sek.
3.1.4. Hljóðdeyfibúnaður: áfastur, færanlegur[1] (heiti og gerð)
3.2. *Vökvaknúið*
3.2.1. Vökvaþrýstingur .....
3.2.2. Högghraði ..... slög/sek
3.2.3. Hljóðdeyfibúnaður: áfastur, færanlegur[1] (heiti og gerð)
3.2.4. Massi óvirkra hluta .....
3.2.5. Massi hreyfanlegra hluta .....
3.2.6. Orkunotkun á mínútu .....
3.3. *Rafknúið*
3.3.1. Spenna ..... volt
3.3.2. Högghraði ..... slög/sek.
3.3.3. Hljóðdeyfibúnaður: áfastur, færanlegur[1] (heiti og gerð)
3.3.4. Þyngd óvirkra hluta .....
3.3.5. Þyngd hreyfanlegra hluta .....
3.3.6. Orkunotkun .....
3.4. *Með bensínvél*
3.4.1. Snúningshraði ..... snún/mín.
3.4.2. Högghraði ..... slög/sek.
3.4.3. Heiti og gerð hljóðdeyfis sem notaður er .....
3.4.4. Hljóðdeyfibúnaður: áfastur, færanlegur[1] (heiti og gerð)
4. **Aðrar upplýsingar**
4.1. Málsett teikning eða ljósmynd af verkfærinu .....
4.2. Heimilisfang þar sem frekari nauðsynlegar upplýsingar eru fáanlegar .....
.....
5. *Ef til er bæklingur með tæknilegum leiðbeiningum skal hann látinn fylgja*

[1] Strikið yfir það sem ekki á við

VIÐAUKI III

FYRIRMYND AÐ MERKI UM HLJÓÐAFLSSTIG



18. maí 1994 Nr. 329

REGLUR

um aðferð við að ákvarða hávaða sem berst í lofti við notkun véla utanhúss.

1. gr.

1. Reglur þessar gilda um vélar og búnað á byggingarsvæðum sem falla undir lög nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, sem skilgreindur er í 2. tölul. þessarar greinar og nánar er mælt fyrir um í sérreglum. Reglurnar gilda jafnframt um slíkar vélar og búnað sem seldur er eða leigður jöfnum höndum til notkunar við atvinnurekstur og einkanota almennings, sé hann ekki háður öðrum lögum eða reglum.
2. Í þessum reglum merkir "vélar og búnaður á byggingarsvæðum" vélbúnað, tæki, verkfæri og íhluta til þeirra sem eðli sínu samkvæmt eru notaðir við byggingarstörf og á byggingarstöðum en eru ekki fyrst og fremst ætlaðir til flutninga á vörum eða fólki og ákvarða þarf hávaðastig fyrir.
3. Landbúnaðardráttarvélar og lyftibúnaður falla ekki undir gildissvið þessara reglna.

2. gr.

1. Ef ákvæði í sérreglum fjalla um ákvörðun hávaðastigs véla og búnaðar á byggingarsvæðum sem um getur í 1. gr. skal það gert í samræmi við reglurnar í I.viðauka.

2. Ef ákvæði í sérreglum fjalla um ákvörðun hávaðastigs véla og búnaðar á byggingarsvæðum við stjórnvöl eða -palla vinnuvéla sem um getur í 1. gr. skal það gert í samræmi við reglurnar í II. viðauka.

3. gr.

1. Vinnueftirlit ríkisins hefur eftirlit með framkvæmd reglna þessara. Það getur þó samþykkt aðra aðila til þess að fara með slíkt eftirlit að hluta eða öllu leyti, sbr. 1. mgr. 80. gr. laga nr. 46/1980, og fylgist þá með eftirliti slíkra aðila.
2. Um samskipti Vinnueftirlitsins og annarra stjórnvalda við önnur aðildarríki og framkvæmdastjórn EB fer, að öðru leyti en því sem kveðið er á um í reglum þessum, samkvæmt tilskipun 79/113/EBE sem vísað er til í 1. tölul., VI. kafla, II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

4. gr.

Um áfrýjun á ákvörðunum og úrskurðum vegna framkvæmdar á reglum þessum gilda ákvæði 98. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

5. gr.

Brot á reglum þessum varða ákvæði 99. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

6. gr.

Reglur þessar eru settar af stjórn Vinnueftirlits ríkisins samkvæmt heimild í 34., 38. og 47. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Jafnframt staðfestir ráðuneytið ákvæði 1. gr. reglnanna samkvæmt 3. mgr. 3. gr. laga nr. 46/1980. Reglurnar eru settar með hliðsjón af ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sem vísað er til í 1. tölul., VI. kafla, II. viðauka, tilskipun 79/113/EBE, um samræmingu laga aðildarríkjanna um að ákvarða hávaðastig véla og búnaðar á athafnasvæðum, eins og henni var breytt með tilskipun 81/1051/EBE og með tilskipun 85/405/EBE. Reglurnar öðlast gildi við birtingu.

Félagsmálaráðuneytið, 18 maí 1994.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Gylfi Kristinsson.

I. VIÐAUKI

AÐFERÐ VIÐ AÐ ÁKVARÐA HÁVAÐA SEM BERST Í LOFTI VIÐ NOTKUN VÉLA UTANHÚSS

1. MARKMIÐ

Þessi aðferð er til þess ætluð að ákvarða hávaða frá vélum, vélarhlutum eða búnaði sem notaður er utanhúss. Að því er þessa aðferð varðar kallast vélarnar, vélarhlutarnir og búnaðurinn hávaðavaldar.

Í þessari aðferð eru skilgreindar margvíslegar hljóðeðlisfræðilegar viðmiðanir sem leggja má til grundvallar þegar hávaðavaldi er lýst og leiðir til að ákvarða þessar viðmiðanir.

Gildi sem fundin eru út með þessari aðferð eru þau grunngögn sem beitt er til að kanna hvort hávaðastig véla samrýmist kröfum og til að skipuleggja byggingarsvæði með tilliti til varnar gegn hávaða. Sé annars ekki getið eru vikmörkin innifalin í þessum gildum.
Þessi aðferð gildir nema í sérreglunum sé mælt fyrir um önnur eða frekari ákvæði þar sem sérkenni tiltekinnar gerðar af vél eru höfð til hliðsjónar.

2. GILDISSVIÐ

2.1. **Tegund hávaða**
Þessi aðferð gildir um hvers konar hávaða sem hávaðavaldurinn gefur frá sér við notkun utanhúss.

2.2. **Stærð hávaðavalds**
Sé ekki kveðið á um annað í sérreglunum gildir þessi aðferð um hávaðavalda af öllum stærðum.

3. SKILGREININGAR

3.1. **Hljóðstig L_{pA} fundið**
Hljóðstigið L_{pA} er fundið út með því að beita vægisþættinum A á hljóðstigið L_p.
Hljóðstigið L_p í desíbelum er skilgreint með:

$$L_p = 20\log_{10}(\frac{p}{p_0})$$

þar sem:
— p er virkt hljóðgildi miðað við mælingu á tilteknum stað og gefið upp í paskölum;
— p_0 er virkur viðmiðunarhljóðþrýstingur sem jafngildir 20 míkrópaskölum.
Gildið L_{pA}, sem er A-vegið hljóðstig gefið upp í desíbelum, er fundið út með því að beita vægisþættinum A á mælitækin.

3.2. **Mælingayfirborð**
Mælingayfirborðið S er ímyndað yfirborð umhverfis hávaðavaldinn þar sem mælingapunktarnir eru (sjá 6.4).

3.3. **Yfirborðshljóðstig L_{pAm}**
Yfirborðshljóðstigið L_{pAm} er rótarferningsmeðalgildi þess hljóðþrýstings sem skráður er á mælifletinum, reiknað eftir þeirri aðferð sem sýnd er í 8.4.

3.4. **Hljóðaflsstig L_{WA}**
Hljóðaflsstigið L_{WA} fæst þegar vægisþættinum A er beitt á hljóðaflsstigið L_W.
Hljóðaflsstig hávaðavalds L_W sem gefið er upp í desíbelum er skilgreint með:

$$L_W = 10\log_{10}(\frac{W}{W_0})$$

þar sem:
— W er heildarhljóðaflið sem hávaðavaldurinn gefur frá sér, tilgreint í vöttum;
— W_0 er viðmiðunarhljóðaflið og jafngildir 10-12 vöttum.
Gildið L_{WA}, sem er A-vegið hljóðaflsstig gefið upp í desíbelum, er fundið út með því að beita vægisþættinum A á mælitækin.

3.5. **Viðmiðunarmörk hljóðaflsstigsins L_{WA_l}**
Viðmiðunarmörk hljóðaflsstigsins í A-vegnum desíbelum eru svo sem mælt er fyrir um í sérreglum og skulu kallast L_{WA_l}.

3.6. **Stefnubindingarstuðull (DI)**
Stefnubindingarstuðullinn (DI) í desíbelum, sem nota á þegar þessari aðferð er beitt, er skilgreindur með formúlunni:

$$DI = L_{pA_{max}} - L_{pA_m} + 3$$

þar sem:
— L_{pAmax} er hæsta hljóðstigið sem skráð er við mælingapunktana (sjá 6.4.2), reiknað út í samræmi við 8.1.1 og leiðrétt í samræmi við almennu reglurnar sem mælt er fyrir um í 8.6.1, 8.6.3 og 8.6.4,
— L_{pAm} er hljóðstigið við yfirborðið sem ákvarðað er í samræmi við 8.4,
— 3 er hefðbundin viðbót.

Þegar gildin L_{pAmax} og L_{pAm} eru ákvörðuð þarf aðeins að taka tillit til þeirra mælingapunkta sem mælt er fyrir um.

3.7. **Framandi hávaði**

Með framandi hávaða er átt við hávaða í bakgrunni og fylgihávaða.

3.7.1. ***Hávaði í bakgrunni***

Hávaði í bakgrunni merkir hvern þann hávaða sem greinist við mælingapunktana og hávaðavaldurinn gefur ekki frá sér.

3.7.2. ***Fylgihávaði***

Fylgihávaði merkir hvern þann hávaða sem greinist við mælingapunktana og hávaðavaldurinn framleiðir en varpar ekki út frá sér.

4. VIÐMIÐANIR SEM NOTA SKAL ÞEGAR GREINT ER FRÁ NIÐURSTÖÐUM

4.1. **Hljóðeðlisfræðilegar viðmiðanir fyrir umhverfið**

Hljóðeðlisfræðileg viðmiðun fyrir umhverfi hávaðavalds skal gefin upp:

— annaðhvort sem hljóðaflsstig hávaðavaldsins L_{WA},

— eða sem hljóðaflsstig hávaðavaldsins að viðbættum stefnubindingarstuðli (DI). Ef útreiknað hljóðaflsstig L_{WA} er hins vegar lægra en viðmiðunarmörk hljóðaflsstigsins $L_{WA,}$ um stærð sem greint verður frá í sérreglum, er stefnubindingarstuðullinn (DI) aðeins gefinn í upplýsingaskyni.

5. MÆLITÆKI

5.1. **Almenn atriði**

Mælitækin skulu hönnuð til þess að mæla A-vegið rótarferningsmeðalgildi hljóðþrýstings. Rótarferningsmeðalgildi á tilteknu tímaskeiði fæst annaðhvort með beinum aflestri eða með útreikningum í samræmi við 11. lið.

5.2. **Mælitæki**

Eftirtalin tæki má nota til að uppfylla framangreind skilyrði:

a) hljóðmæli sem uppfyllir að minnsta kosti kröfur þær sem fram koma í riti IEC nr. 651, fyrstu útgáfu 1979, fyrir gerð mæla í 1. flokki. Mælirinn skal stilltur á hæga ("slow") svörun;

b) tegurmæli sem á tilteknu tímaskeiði getur tegrað merkið í öðru veldi með flaumrænum eða stafrænum hætti.

Athugasemd:

Ef notuð eru önnur tæki við mælingarnar en hljóðmælir eða samtengd tæki, svo sem tegurmælar, skulu allar tæknilýsingar uppfylla viðkomandi kröfur í riti IEC nr. 651, fyrstu útgáfu 1979

5.3. **Hljóðnemi með snúru**

Nota skal hljóðnema með snúru sem samræmist kröfum í riti IEC nr. 179, annarri útgáfu 1973, og er stilltur fyrir mælingar á vettvangi.

5.4. **Vægiskerfi**

Nota skal A-vægiskerfi sem stenst kröfur í riti IEC nr. 179, annarri útgáfu 1973.

5.5. **Skoðun mælitækja**

5.5.1. Áður en prófanir hefjast skulu hljóðeðlisfræðilegir eiginleikar alls búnaðar (mælitækja, að meðtöldum hljóðnema með snúru) kannaðir með hávaðavaldi sem stilltur er upp á 0,5 desíbela nákvæmni (t.d. hljóðbullu). Búnaðinn skal kanna aftur strax að lokinni hverri mælingalotu.

5.5.2. Til viðbótar þessum skoðunum á vettvangi skulu gerðar nákvæmari stillingar minnst einu sinni á ári á sérbúinni rannsóknastofu.

6. MÆLINGARAÐSTÆÐUR

Allt sem lýtur að uppsetningu, starfrækslu og notkun hávaðavalda skal tilgreint í viðaukum við sérreglurnar.

Getið er um almennar kröfur í liðum 6.1 til 6.4.

6.1. **Tilgangur mælinganna**

Öll tæki, þar með talin stoðbúnaður, rafalar o. s. frv., sem eru óaðskiljanlegur hluti af hávaðavaldinum skulu skilgreind nákvæmlega.

Þegar um er að ræða vélar með tengibúnaði sem hægt er að fjarlægja, t.d. ýmsan búnað til nota við sérstök verkefni, skulu mælingarnar gerðar á vélinni með helsta búnaði á. Niðurstöður mælinganna skulu einungis gilda fyrir þá samsetningu sem prófuð var.

Í sérreglunum skal eftir þörfum einnig geta þess með hvaða hætti skuli tekið tillit til ýmissa íhluta við mælingarnar sem eru strangt til tekið ekki hluti af vélinni (t.d. sjálfstæð verkfæri) en eru nauðsynlegir við notkun hennar.

6.2. **Notkun hávaðavaldsins á meðan mælingar eru gerðar**

Í sérreglunum skal vera nákvæm útlistun á þeim aðstæðum sem þurfa að ríkja og fylgja þarf eftir við mælingarnar svo að hægt sé að skapa aðstæður sem hægt er að endurtaka og að reikna út dæmigert hávaðastig hávaðavaldsins.

Í megindráttum skulu mælingarnar ná yfir:

6.2.1. *Prófun á hávaðavaldinum í lausagangi* við eðlilegan snúningshraða en án þess að tækjum sé beitt eða vélinni ekið úr stað.

6.2.2. *Prófanir við álag*

Í þessu tilviki skulu þau notkunarskilyrði sem mælt er fyrir um samsvara annaðhvort venjulegum eða hefðbundnum starfsskilyrðum sem í megindráttum hafa sömu áhrif og leiða af sér sams konar álag og verður við raunveruleg starfsskilyrði. Meðan mælingar standa yfir á búnaðurinn að vinna stöðugt eða vinna fyrirfram ákveðna röð af aðgerðum. Notkunarskilyrði hvers hávaðavalds eru tilgreind í viðaukunum við viðkomandi sérreglur.

6.3. **Mælingastaður**

Hávaðavaldinum skal komið fyrir á opnu svæði, og séu ekki gefin önnur fyrirmæli, á fleti með endurkasti sem samsvarar því sem gerist við eðlilegar vinnuaðstæður og á stað þar sem framandi hávaði er nægilega lítill (sjá 8.6).

Ef prófun sem mælt er fyrir um í sérreglum þarf að fara fram á fleti sem ekki endurkastar hljóði (t.d. á grasflöt) verður að lýsa eiginleikum þess flatar nákvæmlega í viðkomandi reglum.

Nánasta umhverfi mælingastaðarins skal vera laust við hluti sem kynnu að endurkasta hljóði og hafa þannig áhrif á niðurstöður mælinganna.

Ef viðmiðunarhávaðavaldur er notaður skal hann hafa lágmarkseiginleika þá sem tilteknir eru ISO-staðli 3741, viðauka B, útgáfu frá 15. júlí 1975.

6.4. **Mælingayfirborð, mælingafjarlægð, staðsetning og fjöldi mælingapunkta**

6.4.1. *Mælingayfirborð, mælingafjarlægð*

Mælingayfirborðið er ímyndað yfirborð umhverfis hávaðavaldinn; það takmarkast af prófunarsvæðinu þar sem vélin stendur. Það getur einnig takmarkast af nokkrum flötum (mynd 1). Það skal vera einfalt að lögun, gjarnan hálfkúlulaga eða rétthyrndur samhliðungur. Hávaðavaldinum skal komið fyrir á prófunarsvæðinu miðju (myndir 2 og 3).

Hafa ber þá meginreglu að velja mikla mælingafjarlægð.

Þegar hálfkúla er notuð er þetta gert þegar fjarlægðin milli hálfkúlunnar og útlína vélarinnar er ekki minni en tvöfalt stærsta mál (lengd, breidd, hæð) hávaðavaldsins.

Ef ekkert mál hávaðavalds þess sem prófa á er meira en 4 metrar á mælingayfirborðið helst að vera hálfkúla með 10 metra radíus. Ef ekkert málanna er meira en 1,5 metrar á mælingayfirborðið að vera hálfkúla með 4 metra radíus.

Þar sem í hlut eiga mjög stórir hávaðavaldar koma upp ýmis vandkvæði við framkvæmd prófananna. Í því tilviki eru tilteknir kostir við að nota samhliðung sem mælingayfirborð.

Ef mælt er fyrir um mælingayfirborð í viðaukum við sérreglur skal einvörðungu höfð hliðsjón af þeim.

Athugasemdir:

a) Hlutar hávaðavaldsins sem skaga út en stuðla á engan hátt að útbreiðslu hljóðsins skulu ekki teknir með þegar mál hávaðavaldsins eru ákvörðuð.

b) Þegar um er að ræða hávaðavald þar sem hið stærsta af málunum þremur (lengd, breidd, hæð) er stærra en hálf mælingafjarlægðin verður aukin óvissa um niðurstöður mælinganna. Draga má úr þeirri óvissu með því að fjölga mælingapunktunum. Ef fjarlægðin milli tveggja aðliggjandi mælingapunkta er minni en mælingafjarlægðin verður nákvæmni mælingarinnar sambærileg við það sem fengist með hálfkúlu eins og lýst er að ofan.

6.4.2. *Staðsetning og fjöldi mælingapunkta*

6.4.2.1. *Almennar athugasemdir*

Ef í ljós kemur að hávaðavaldurinn reynist varpa hljóðinu út í tiltekna stefnu vegna lögunar sinnar eða vinnslumáta (t.d. hreyfinga) skal mælingapunktunum jafnað niður samkvæmt hnitakerfi sem komið verður upp í þessu skyni. Ef mögulegt er skal upphafspunktur hnitakerfisins vera í stefnu beint út frá miðjum hávaðavaldinum.

6.4.2.2. *Staðsetning mælipunktanna á hálfkúlu með radíus r*

Sé notuð hálfkúla skal fylgja þeirri meginreglu að mælingapunktarnir séu tólf með eftirfarandi hnit (sjá mynd 2):

$$x = (\frac{x}{r})r,$$

$$y = (\frac{y}{r})r,$$

$$z = (\frac{z}{r})r.$$

Gildin $\frac{X}{r}$, $\frac{Y}{r}$, $\frac{Z}{r}$ og z eru gefin í töflu I hér á eftir:

TAFLA I

	$\frac{x}{r}$	$\frac{y}{r}$	$\frac{z}{r}$	z
1	1,00	0,00	-	1,5 m
2	0,70	0,70	-	1,5 m
3	0,00	1,00	-	1,5 m
4	-0,70	0,70	-	1,5 m
5	-1,00	0,00	-	1,5 m
6	-0,70	-0,70	-	1,5 m
7	0,00	-1,00	-	1,5 m
8	0,70	-0,70	-	1,5 m
9	0,65	0,27	0,71	-
10	-0,27	0,65	0,71	-
11	-0,65	-0,27	0,71	-
12	0,27	-0,65	0,71	-

6.4.2.3. *Staðsetning mælipunktanna á samhliðungi*

Ef mælingayfirborðið er samhliðungur eru mælingapunktarnir til dæmis eins og sjá má á mynd 3. Fjöldi mælingapunkta og staðsetning þeirra fer eftir stærð hávaðavaldsins. Þó skal vera að minnsta kosti einn mælingapunktur á miðri hverri hlið (almennt eru fjórar lóðréttar hliðar og ein lárétt) og á hornunum fjórum á samhliðungnum ofanverðum. Enn fremur skal höfð hliðsjón af b-lið í 6.4.1.

Athugasemd vegna 6.4.2.2 og 6.4.2.3:
Í sérreglunum er heimilt að mæla fyrir um aðra staðsetningu og fjölda mælingapunkta.

7. FRAMKVÆMD MÆLINGANNA

7.1. Mælingar á hljóðeðlisfræðilegum eiginleikum á mælingastaðnum

Áður en mælingarnar fara fram skal kanna aðstæður á mælingastaðnum. Eftirfarandi þættir skulu kannaðir:

a) framandi hávaði;
b) áhrif af vindi;
c) starfsskilyrði eins og titringur, hitastig, rakastig og loftþrýstingur;
d) hljóðeðlisfræðilegir eiginleikar prófunarsvæðisins;
e) endurkast hljóðs frá hlutum á mælingasvæðinu sem kynnu að hafa áhrif á niðurstöður mælinganna.

7.1.1. *Framandi hávaði*
Í viðaukum sérreglanna skal tilgreina hvaða framandi hljóða skuli tekið tillit til.
a) Mælingar á hávaða í bakgrunni.
Hávaði í bakgrunni skal skráður við mælingapunktana (sjá 6.4.2) eftir að slökkt hefur verið á hávaðavaldi (sjá aðferð sem nefnd er í 7.2).
b) Mælingar á fylgihávaða.
Fylgihávaði skal skráður við mælingapunktana (sjá 6.4.2) eftir að hávaðavaldurinn, sem skoða á, hefur verið skermaður af ef þörf krefur (sjá aðferð sem nefnd er í 7.2).

Athugasemd:
Yfirleitt nægir að slíkir skermar hafi yfirborðsmassann 25 kg/m^2. Æskilegt er að sú hlið sem snýr að hávaðavaldinum, sem á að prófa, sé hljóðgleypin.

7.1.2. *Vindhraði og vindátt*
Vindhraðinn og vindáttin skulu könnuð á punkti ofan við prófunarsvæðið. Hafa skal hliðsjón af ákvæðunum sem mælt er fyrir um í 8.6.4.

7.1.3. *Mæling á hitastigi, rakastigi, loftþrýstingi og öðrum þáttum sem geta valdið truflun*
Einvörðungu þarf að mæla truflanir sem líklegt er að hafi áhrif á hljóðmælingarnar (sjá 8.6.3).

7.1.4. *Mæling á hljóðeðlisfræðilegum eiginleikum prófunarsvæðisins*
Hljóðeðlisfræðilega eiginleika prófunarsvæðisins er hægt að ákvarða sem umhverfisfastann C eins og hann er skilgreindur í 8.6.2.
Sú aðferð sem fylgja skal við að ákvarða gildið á C sem skilgreint er í 8.6.2 verður sýnd annars staðar. Fastinn C gerir enn fremur kleift að meta hvort yfirborð sem endurkastar hljóði að hluta til geti verið áreiðanlegt prófunarsvæði.

7.1.5. *Hindranir*
Yfirleitt nægir að skyggnast um til að ganga úr skugga um að ákvæðum þriðju málsgreinar í 6.3 sé fullnægt. Svæðið sem á að kanna er skilgreint í sérreglunum.

7.2. **Mæling á hljóðstiginu L_{pA}**
Nota ber tæki eins og skilgreint er í 5.2 til þess að mæla hljóðstigið L_{pA}. Hljóðstigið L_{pA} á tilteknum mælingapunkti er rótarferningsmeðalgildi hljóðþrýstings yfir eitthvert tímaskeið. Ef hljóðmælir er notaður skal lesa nokkrum sinnum af honum á þessum stað og reikna meðalgildi aflestranna yfir eitthvert tímaskeið í samræmi við 11. lið.
Fylgja skal þeirri meginreglu að mælitíminn á hverjum mælingapunkti sé 15 sekúndur. Sé um að ræða lotubundið og breytilegt vinnsluferli skal fylgja þeirri reglu að mælingatíminn nái yfir að minnsta kosti þrjár heilar lotur. Ef tegurmælir er notaður skal tegrunartíminn vera jafn mælingatímanum.

7.3. **Ákvörðun á því hvers konar hljóð hávaðavaldurinn gefur frá sér**
Með hliðsjón af umhverfisverndarsjónarmiðum væri æskilegt að þekkja um hvers konar hljóð er að ræða svo að unnt sé að meta hvernig ertingu (ama) það veldur. Af þessum sökum er rétt að ákveða aðferð til að lýsa höggkenndum hávaða og samfelldum hávaða.

7.3.1. *Hljóð sem einkennist af höggum*
Samanburður á aflestrum hljóðmælis sem stilltur er á hæga svörun og á aflestrum höggmælis sem stilltur er á höggstillingu (Rit IEC nr. 651, fyrsta útgáfa 1979) gerir mögulegt að meta hvort hljóð er höggkennt eða ekki. Samkvæmt þessari mælingaraðferð bendir munurinn á rótarferningsmeðalgildi hljóðstigs yfir ákveðið tímabil, mælt bæði í hægri og höggstillingu, til þess hvort hávaðinn er höggkenndur eða ekki. Hljóðstigið sem mælist með höggstillingunni kallast "höggstig".
Þessi mæling skal gerð á einum af punktunum á mælingayfirborðinu.
Hávaði telst vera höggkenndur ef munurinn á þeim tveimur hljóðstigum er að ofan getur er meiri en eða jafn 4 desíbelum.

7.3.2. *Samfelldur hávaði*
(Liður 7.3.2 er í endurskoðun vegna tækniframfara. Endanlegur texti verður lagður fram í samræmi við tilhögunina um "nefnd um aðlögun að tækniframförum".)

8. NOTKUN NIÐURSTAÐNA

8.1. **Útreikningur á rótarferningsmeðalgildum**

8.1.1. *Rótarferningsmeðalgildi á mælingapunkti*
Þau gildi sem fást með mælingunum sem um getur í 7.2 eru rótarferningsmeðalgildi yfir ákveðið tímabil.

8.1.2. *Rótarferningsmeðalgildi á mælingayfirborðinu*
Rótarferningsmeðalgildi hljóðstigs í rúmi fyrir alla mælingapunktana skal reiknað út á grundvelli þeirra gilda sem fást með aðferðinni sem lýst er í 8.1.1.

8.2. **Útreikningur á meðalhljóðstigi framandi hávaða**
Meðalhljóðstig framandi hávaða yfir mælingayfirborðið fæst með því að beita aðferðinni sem lýst er í 8.1.2. á hljóðstig framandi hávaða eins og það er mælt á mismunandi mælingapunktum. Hljóðstig framandi hávaða á einhverjum mælingapunkti er jafnt samanlögðum meðalgildum hljóðþrýstings sem leiðir af hávaða í bakgrunni og fylgihávaða á þeim punkti.

8.3. **Útreikningur á flatarmáli *S* mælingayfirborðsins**
Sé um að ræða hálfkúlulaga mælingayfirborð er flatarmálið S í m^2 ákvarðað sem hér segir:

$$S = 2 \cdot \pi \cdot r^2$$

þar sem r = radíus hálfkúlunnar í metrum.
Sé um að ræða samhliðung er flatarmálið S í m^2 ákvarðað sem hér segir:

$$S=4\cdot(ab+bc+ca)$$

þar sem:

$2a$	$= 2d + i$	lengd mælingayfirborðsins í metrum;
$2b$	$= 2d + e$	breidd mælingayfirborðsins í metrum;
c	$= d + h$	hæð mælingayfirborðsins í metrum;
d	$=$	fjarlægðin frá mælingayfirborðinu að hávaðavaldinum í metrum;
l	$=$	lengd hávaðavaldsins í metrum;
e	$=$	breidd hávaðavaldsins í metrum;
h	$=$	hæð hávaðavaldsins í metrum.

Heimilt er að reikna flatarmál mælingayfirborðsins nokkurn veginn. Rétt er að benda á að 20% skekkja á flatarmálinu leiðir til fráviks sem nemur 1 dB á stærðinni:

$$10\log_{10}\frac{S}{S_0}$$

8.4. **Útreikningur á hljóðstigi við yfirborð L_{pAm}**
Hljóðstig við yfirborð er reiknað í samræmi við aðferðina sem lýst er í 8.1.2 og síðan leiðrétt svo sem lýst er í 8.6.1, 8.6.3 og 8.6.4.

8.5. **Útreikningur á hljóðaflsstigi L_{WA}**
Hljóðaflsstig hávaðavaldsins, L_{WA}, er reiknað út með eftirfarandi jöfnu:

$$L_{WA} = L_{pA_m} + 10\log_{10}(\frac{S}{S_0}) + K_2$$

þar sem:

L_{WA}	$=$	hljóðaflsstig þess hávaðavalds sem verið er að prófa í desíbelum (sjá 3.4);
L_{pAm}	$=$	hljóðstig í desíbelum við yfirborð eins og lýst er í 3.3;
S	$=$	flatarmál mælingayfirborðsins í m^2 reiknað út í samræmi við aðferðina sem lýst er í 8.3;
S_o	$=$	viðmiðunarflatarmál (1 m^2);
K_2	$=$	leiðréttingarstuðull í desíbelum fyrir mælingayfirborðið. Hann jafngildir núlli nema hann sé jafn C samkvæmt ákvæðum 8.6.2 og sérreglnanna.

Athugasemd (sjá 6.4.1):

Ef r = 4 m verður $10\log_{10}(\frac{S}{S_0}) = 20dB$.

Ef r = 10 m verður $10\log_{10}(\frac{S}{S_0}) = 28dB$.

8.6. **Leiðréttingar sem gera skal á mælingum**

8.6.1. *Framandi hávaði*

Meðaltal hljóðstigs á mælingayfirborðinu, sem reiknað er í samræmi við aðferð þá sem lýst er í 8.1, skal leiðrétt eftir þörfum til þess að taka tillit til áhrifa framandi hávaða sem ákvarðaður er í samræmi við aðferð þá sem lýst er í 8.2. Leiðréttingin K_1, í desíbelum, sem dregin er frá meðaltali hljóðstigs á mælingayfirborði er sýnd í töflu II.

TAFLA II

Munurinn (í desíbelum) á hljóðstigi þegar hávaðavaldurinn er í gangi og hljóðstigi framandi hávaða eingöngu	Leiðréttingin K_1 í desíbelum
minna en 6	engin mæling gild
6	1,0
7	1,0
8	1,0
9	0,5
10	0,5
meira en 10	engin leiðrétting

8.6.2. *Hljóðeðlisfræðilegir eiginleikar prófunarsvæðisins*

Fastinn C, sem gefur til kynna hljóðeðlisfræðilega eiginleika prófunarsvæðisins, er ákvarðaður með eftirfarandi jöfnu:

$$C = L_{WAr} - L_{WAs}$$

þar sem:

L_{WAr} = nafngildi á hljóðafli viðmiðunarhávaðavalds í desíbelum.

L_{WAs} = hljóðafl viðmiðunarhávaðavalds reiknaður á grundvelli mælinga sem gerðar eru á prófunarsvæðinu, að teknu tilliti til a-, b-, og c-liða í 7.1.

Ekki er nauðsynlegt að ákvarða umhverfisfastann C ef prófunarsvæðið er þétt í sér, steypt eða malbikað og engir hlutir á svæðinu sem endurkasta hljóði.

Ef prófunarsvæðið er þannig að hluti þess endurkastar hljóði verður gildið á C að vera innan þeirra vikmarka sem mælt er fyrir um í sérreglum. Raunverulegt gildi á C, sem lýsir hljóðeðlisfræðilegum eiginleikum mælingasvæðisins sem notað er, ákvarðast með ofangreindri jöfnu.

Þetta gildi er notað sem K_2 til að ákvarða hljóðaflsstig hávaðavaldsins sé annað ekki tilgreint í sérreglum.

Þar að auki ætti að gera frekari leiðréttingar sem tengjast notkun hávaðavaldsins (t.d. hæð mælingastaðarins).

8.6.3. *Truflanir: hiti, raki, hæð staðarins, o.s.frv.*

— Mælingatæki:
Fylgja ætti tilmælum framleiðandans svo að tekið sé tillit til áhrifa af þeirri truflun sem hann bendir á, eins og hita, loftþrýstingi og rakastigi.

— Hávaðavaldur:
Í sérreglum verður gefið til kynna hvaða truflanir séu líklegar til að hafa áhrif á mælingarnar og greint frá því hvernig eigi að taka tillit til þeirra.

8.6.4. *Truflun af vindi*

Leyfilegur hámarksvindhraði er 8 m/sek.

Sé vindhraðinn meiri en það sem framleiðandinn gefur upp skulu hljóðnemarnir búnir vindhlíf. Allar breytingar sem gerðar eru á útreikningum þeim sem um getur í 8.4. skulu gefnar upp af framleiðanda vindhlífanna.

9. UPPLÝSINGAR SEM SKULU SKRÁÐAR

Fylgja ber þeirri meginreglu að eftirfarandi upplýsingum verði safnað og þær skráðar í skýrslu sem nær til allra mælinga sem gerðar eru í samræmi við forskriftirnar fyrir þessa mælingaraðferð.

9.1. **Hávaðavaldurinn sem prófaður er**

a) Lýsing á hávaðavaldinum sem prófaður er (þar með talin mál);
b) notkunarskilyrði hávaðavalds meðan á prófun stendur;
c) aðstaða til að setja upp tæki á prófunarsvæðinu;
d) staðsetning hávaðavalds á mælingastað;
e) lýsing á þeim hljóðgjöfum sem eru virkir meðan mæling fer fram ef þeir eru fleiri en einn.

9.2. **Umhverfisþættir**

a) lýsing á mælingastaðnum, þar með talin lýsing á prófunarflatarmálinu; teikning sem sýnir staðsetningu hávaðavaldsins og alla hluti á mælingastaðnum sem endurkasta hljóði;
b) veðurfræðileg skilyrði: veður (t.d. sólskin, skýjað, rigning, þoka), lofthiti, loftþrýstingur, vindhraði og vindátt, rakastig;
c) leiðréttingarfasti sem stendur fyrir hljóðeðlisfræðilega eiginleika prófunarsvæðisins.

9.3. **Tækjabúnaður**

a) tækin sem notuð eru við mælingarnar, þar með talin nöfn þeirra, gerð, raðnúmer og nafn framleiðanda;
b) aðferðin sem notuð var til að stilla tækin í samræmi við 5.5.1. Nafn rannsóknarstofunnar sem stillti tækin svo sem krafist er í 5.5.2 og dagsetning síðustu stillingar.

9.4. **Hljóðeðlisfræðileg gögn**

a) lögun og mál mælingayfirborðsins, staðsetning hljóðnema. Fjöldi mælingapunkta og vindátt skulu gefin til kynna á skýringamynd sem krafist er samkvæmt a-lið 9.2.;
b) flatarmálið S á mælingayfirborðinu í m^2 (sjá 8.3) og gildið á $10\ log_{10} S/S_o$ (sjá 8.5);
c) hljóðstigið sem mælt er á mælingapunktunum (sjá 8.1.1);
d) meðalhljóðstig á mælingayfirborðinu (sjá 8.1.2);
e) leiðréttingar á desíbelum (sjá 8.6.1, 8.6.3 og 8.6.4);
f) hljóðstigið L_{pAm} (sjá 8.4);
g) umhverfisfastinn C (sjá 8.6.2);
h) hljóðaflsstigið (sjá 8.5);
i) stefnubindingarstuðull og fjöldi mælingapunkta þar sem L_{pAmax} var mælt (sjá 3.6);
j) tegund hávaða (sjá 7.3);
k) hljóðstigið við stjórnvöl ef við á (sjá 6.5);
l) dag- og tímasetning mælinganna.

10. UPPLÝSINGAR SEM EIGA AÐ KOMA FRAM Í SKÝRSLUNNI SEM MÆLT ER FYRIR UM Í 9. LIÐ

Einvörðungu skal skrásetja þau gögn sem safnað er í samræmi við 9. lið og þörf er á vegna mælinganna. Í skýrslunni skal berlega tekið fram að hljóðstigið hafi náðst í fullu samræmi við mælingaraðferðina. Enn fremur skal koma þar fram að hljóðaflsstigið sé tiltekið í A-vegnum desíbelum, viðmiðun 1 pW.

11. AÐFERÐ TIL AÐ REIKNA ÚT MEÐALTALIÐ SEM SVARAR TIL RÓTARFERNINGSMEÐALGILDIS MISMUNANDI HLJÓÐSTIGS

Rótarferningsmeðalgildi mismunandi hljóðstiga sem leiðir annaðhvort af nokkrum mælingum á sama staðnum (rótarferningsmeðalgildi yfir ákveðið tímabil) eða af nokkrum mælingum víðs vegar um mælingayfirborðið (rótarferningsmeðalgildi í rúmi) er hægt að ákvarða út frá eftirfarandi formúlu:

$$L_{pAm} = L_{p0} + 10\log_{10}\frac{1}{n}\sum_{i=1}^{i=n} g_i = L_{pA0} + 10\log_{10} g_m$$

þar sem:

L_{pA} jafngildir hljóðstiginu í i-undu mælingunni;

L_{pA_0} jafngildir viðbótarhljóðstigi til þess að einfalda útreikningana (til dæmis lægsta gildið á L_{pA_i}

g_i er viðbótarbreyta fyrir i-undu mælinguna: $g_i = 100{,}1(L_{pA_i} - L_{pA_0})$;

g_m er meðaltalið af breytunum g_i : $1/n$

$$\sum_{i=1}^{i=n} g_i$$

Gildið á ΔL er skilgreint með:

$$\Delta L = L_{pA_i} - L_{pA_0}$$


Í töflu III eru gefin gildin á g miðað við mismunandi gildi á ΔL.

TAFLA III


Gildið g sem fall af ΔL

Töfluna er hægt að framlengja í báðar áttir.

ΔL dB	g	ΔL dB	g	ΔL dB	g	ΔL dB	g	ΔL dB	g
-20,0	0,010	-10,0	0,100	0,0	1,00	10,0	10,0	20,0	100,0
-19,5	0,011	-9,5	0,112	0,5	1,12	10,5	11,2	20,5	112,0
-19,0	0,013	-9,0	0,126	1,0	1,26	11,0	12,6	21,0	125,9
-18,5	0,014	-8,5	0,141	1,5	1,41	11,5	14,1	21,5	141,3
-18,0	0,016	-8,0	0,158	2,0	1,58	12,0	15,8	22,0	158,8
-17,5	0,018	-7,5	0,178	2,5	1,78	12,5	17,8	22,5	177,8
-17,0	0,020	-7,0	0,200	3,0	2,00	13,0	20,0	23,0	199,5
-16,5	0,022	-6,5	0,224	3,5	2,24	13,5	22,4	23,5	223,9
-16,0	0,025	-6,0	0,251	4,0	2,51	14,0	25,1	24,0	251,2
-15,5	0,028	-5,5	0,282	4,5	2,82	14,5	28,2	24,5	284,8
-15,0	0,032	-5,0	0,316	5,0	3,16	15,0	31,6	25,0	316,2
-14,5	0,035	-4,5	0,355	5,5	3,55	15,5	35,5	25,5	354,8
-14,0	0,040	-4,0	0,398	6,0	3,98	16,0	39,8	26,0	398,1
-13,5	0,045	-3,5	0,447	6,5	4,47	16,5	44,7	26,5	446,7
-13,0	0,050	-3,0	0,501	7,0	5,01	17,0	50,1	27,0	501,2
-12,5	0,056	-2,5	0,562	7,5	5,62	17,5	56,2	27,5	562,3
-12,0	0,063	-2,0	0,631	8,0	6,31	18,0	63,1	28,0	631,0
-11,5	0,071	-1,5	0,708	8,5	7,01	18,5	70,1	28,5	707,9
-11,0	0,079	-1,0	0,794	9,0	7,94	19,0	79,4	29,0	794,3
-10,5	0,089	-0,5	0,891	9,5	8,91	19,5	89,1	29,5	891,3
-10,0	0,100	-0,0	1,000	10,0	10,00	20,0	100,0	30,0	1000,0




Mynd 1



Mynd 2

Hálfkúlulagað mælingayfirborð



Mynd 3

Samhliðungslaga mælingayfirborð

II. VIÐAUKI

AÐFERÐ VIÐ AÐ ÁKVARÐA HÁVAÐA SEM BERST Í LOFTI VIÐ STJÓRNVÖL EÐA -PALLA VINNUVÉLA SEM NOTAÐAR ERU UTANHÚSS

1. MARKMIÐ

Markmið þessarar aðferðar er að ákvarða hávaða við stjórnvöl eða -palla á öllum flokkum véla, vélarhluta eða búnaðar sem notaður er utanhúss og nefnist hér eftir "vélin" og er skilgreindur í 1. gr. reglnanna.

Hún á ekki við um mælingar til að ákvarða hávaðastyrk hjá stjórnanda við stjórnvöl eða á stjórnpalli.

Þau gildi sem fást með þessari aðferð gera það kleift að ákvarða jafngildishljóðstig hávaða frá vélinni við stjórnvöl eða -palla. Sé annars ekki getið eru vikmörkin innifalin í þessum gildum. Stjórnvölur eða -pallar hinna ýmsu véla eru tilgreindir í sérreglum.
Þessi aðferð gildir nema sérreglurnar kveði á um annað eða þar séu sett viðbótarákvæði með hliðsjón af séreinkennum tiltekinna vélagerða.

2. GILDISSVIÐ

2.1. Tegund hávaða

Þessi aðferð gildir um allar tegundir hávaða sem berst að stjórnveli eða -pöllum frá vélinni.

2.2. Gerð vélar

Þessi aðferð gildir um allar vélar með einum eða fleiri stjórnvölum eða -pöllum.

3. SKILGREININGAR

3.1. Hljóðstig L_{pA}

Sjá lið 3.1 í I. viðauka.

3.2. Jafngildishljóðstig $L_{Aeq}(t_1, t_2)$

Jafngildishljóðstig L_{Aeq} (t_1, t_2) fæst með því að beita A-vægisþættinum, eins og hann er skilgreindur í riti IEC nr. 651, fyrstu útgáfu 1979, á jafngildishljóðstig $L_{eq}(t_1, t_2)$ sem skilgreint er hér að neðan. Þessi vægisþáttur fæst meðal annars með því að beita A-veginni leiðréttingu á mælitækin.
Jafngildishljóðstig á tilteknum stað yfir takmarkað tímaskeið milli t_1 og t_2, $L_{eq}(t_1, t_2)$, í desíbelum talið, er skilgreint með:

$$L_{eq}(t_1,t_2) = 10\log_{10}\left(\frac{1}{t_2-t_1}\int_{t_1}^{t_2}\frac{p^2(t)}{p_0^2}dt\right) = 10\log_{10}\left(\frac{1}{t_2-t_1}\int_{t_1}^{t_2}10^{L_{p(t)}/L_0}dt\right)$$

þar sem:

$p(t)$	er gildi hljóðþrýstingsins á tilteknum tíma og stað, talið í paskölum;
p_o	er viðmiðunarhljóðþrýstingur, jafngildi 20 míkrópaskala;
$L_p(t)$	er hljóðstigið á tilteknum tíma og stað, talið í desíbelum;
t_1 og t_2	er annars vegar upphaf og hins vegar endir viðmiðunartímans til ákvörðunar á L_{eq};
$t_2 - t_1$	er mælingatíminn.

4. VIÐMIÐANIR SEM NOTA SKAL ÞEGAR GREINT ER FRÁ NIÐURSTÖÐUM

Hljóðeðlisfræðilega viðmiðun fyrir stjórnvöl eða -palla vinnuvélar er A-vegið jafngildishljóðstig $L_{Aeq}(t_1, t_2)$.

5. MÆLITÆKI

Farið skal eftir fyrirmælunum í 5. lið I. viðauka, með þeirri viðbót við lið 5.3 að þvermál hljóðnemans utanverðs sé ekki meira en 13 mm.

6. NÆRVERA STJÓRNANDANS

Í sérreglunum er tilgreint hvort stjórnandi vélarinnar skuli vera viðstaddur prófanirnar eða ekki.

6.1. Klæðnaður stjórnanda vélarinnar

Sé stjórnandi vinnuvélarinnar viðstaddur prófunina skal hann klæddur venjulegum vinnufötum og öllum búnaði (t.d. öryggishjálmi) svo sem tíðkast í viðkomandi starfi.

6.2. Hæð stjórnanda (stjórnenda)


6.2.1. *Standandi stjórnandi*

Hæð stjórnandans eða stjórnendanna (í skóm) verður að vera 1,75 m ± 0,05 m.

6.2.2. *Sitjandi stjórnandi*

Hæð stjórnandans í sitjandi stellingu verður að vera 0,93 m ± 0,05 m, eins og sýnt er á mynd 1.

Mynd 1



h = hæð stjórnandans í sitjandi stellingu

7. STAÐSETNING HLJÓÐNEMA

7.1. **Almennt**

Staðsetning hljóðnemanna er ákveðin í sérreglunum. Almennar leiðbeiningar um staðsetningu eru veittar í liðum 7.2 og 7.3.

7.2 **Staðsetning hljóðnema við mælingar án stjórnanda**


7.2.1. *Á stjórnpalli þar sem að jafnaði er unnið standandi*

Hljóðnemanum er komið fyrir á þeim stað þar sem stjórnandinn/stjórnendurnir eru venjulega, í 1,60 m ± 0,25 m hæð yfir þeim fleti sem staðið er á .

7.2.2. *Á stjórnpalli þar sem að jafnaði er unnið í sitjandi stellingu*

Hljóðnemanum er komið fyrir á stað A eins og sýnt er á mynd 2.

Mynd 2



A *táknar staðsetningu hljóðnemans*

SIP *er málpunktur sætis eins og hann er skilgreindur í ISO 5353, 1978. Þennan punkt skal ákvarða með sætið eins nálægt láréttri og lóðréttri miðjustillingu og verða má og þrýst niður um helming þeirrar hæðar sem það getur fjaðrað.*

7.3. **Staðsetning hljóðnema við mælingar þegar stjórnandi er á vélinni**
Hljóðnemanum skal komið fyrir í 200 ± 20 mm fjarlægð frá miðfleti höfuðs, í augnhæð og til hliðar við höfuðið þar sem gildið á $L_{Aeq}(t_1, t_2)$ er hæst.

Athugasemd:
Til þæginda má koma hljóðnemanum fyrir á hjálmi stjórnandans eða á grind sem hann hefur á öxlum sér. Þegar mælingar eru gerðar með stjórnanda sitjandi verður sætið að vera þannig stillt að hann nái auðveldlega til stjórntækja vélarinnar.

8. UMHVERFI

8.1. **Mælingastaður**
Vélinni skal eftir föngum komið fyrir með líkum hætti og tilgreint er í lið 6.3 í I. viðauka.

8.2. **Bakgrunnshávaði**
Bakgrunnshávaði á hverjum mælingapunkti verður að vera að minnsta kosti 10 desíbelum (A) lægri en hávaðinn sem vélin gefur frá sér

9. SKILYRÐI VIÐ UPPSETNINGU OG NOTKUN

9.1. **Almennt**
Nákvæm fyrirmæli um uppsetningu og notkun vélanna er að finna í viðaukunum við viðkomandi sérreglur.
Þessi skilyrði skulu eftir föngum vera þau sömu og mælt er fyrir um í viðaukunum við sérreglurnar um ákvörðun á hljóðstigi vélarinnar.

9.2. **Notkun véla með stillanlegum búnaði (t.d. opnanlegum gluggum)**

9.2.1. Hafi vélarnar einhvern stillanlegan búnað, sem er ekki beint tengdur notkun þeirra, en getur þó haft áhrif á gildi $L_{Aeq}(t_1, t_2)$, er skylt að gera sérstakar hljóðprófanir og fjalla um þær í skýrslunni sem um getur í 12. lið.
Nánari lýsingar á þeim stillanlega búnaði sem taka þarf tillit til eru gefnar í viðaukunum við sérreglurnar.

9.2.2. Þegar um er að ræða vélar með húsi skal eftirfarandi reglum fylgt í stórum dráttum:
a) sé húsið búið loftkælingu eða loftræstingu skulu mælingarnar gerðar með dyr og glugga lokaða og loftkælinguna eða loftræstinguna á mesta hraða;
b) sé húsið þannig hannað að hægt er að nota það með dyr og glugga opna, og enginn loftkælibúnaður eða loftræsting er í því, skulu mælingarnar gerðar með dyr og glugga bæði opna og lokaða. Hærri aflesturinn sem fæst er síðan notaður.

10. FRAMKVÆMD MÆLINGANNA OG ÚTREIKNINGAR Á NIÐURSTÖÐUM

10.1. **Mælingatíminn T $(= t_2 - t_1)$**
Mælingatíminn T á hverjum mælingapunkti verður tilgreindur í sérreglunum. Hann skal að jafnaði vera að minnsta kosti 15 sekúndur; sé um að ræða lotubundna vinnu skal mælingatíminn þó spanna heilar vinnulotur.

10.2. **Ákvörðun A-vegins jafngildishljóðstigs $(L_{Aeq}(t_1, t_2))$**
Þetta stig fæst annaðhvort beint með tegrun á $p^2(t)$ eða með handahófsprófun á stiginu L_{pA}.

10.2.1. *Tegrun á $p(t)^2$*
$L_{Aeq}(t_1, t_2)$ er hægt að fá beint með því að tegra kvaðrat A-vegins hljóðþrýstings á tímabilinu $t_2 - t_1$ í samræmi við formúlu sem gefin er í lið 3.2.
Hægt er að notast við stafræna eða myndræna tegrun, t.d. með hljóðmæli sem tegrar sjálfur.

10.2.2. *Notast við A-vegið hljóðstig L_{pA}*
Hljóðstigið L_{pA} er mælt með tæki sem skilgreint er í lið 5.2. í I. viðauka.
Fjöldi mælinga og mælingatíminn verður ákveðinn fyrir hverja gerð vélar í sérreglunum.

10.3. **Mælingar á truflunum**
Fyrirmyndir eru í lið 7.1.3 í I. viðauka.

10.4. **Leiðréttingar sem gera skal á mælingum**

10.4.1. *Truflanir (hitastig, rakastig, hæð, o.s.frv.)*
Fyrirmyndir eru í lið 8.6.3 í I. viðauka.

10.4.2. *Bakgrunnshávaði*
Engin leiðrétting skal gerð vegna hávaða í bakgrunni.

11. HÖGGKENNDUR HÁVAÐI

(Þessi liður er í endurskoðun með hliðsjón af tækniframförum og mun nefndin um aðlögun að tækniframförum leggja fram endanlegan texta.)

12. UPPLÝSINGAR SEM SKULU SKRÁÐAR

Í skýrslunni skulu koma fram nauðsynlegar upplýsingar um hávaðamælingar við stjórnvöl eða -palla í samræmi við lið 10 í I. viðauka.

Veita skal frekari upplýsingar um fyrirkomulag við stjórnvöl eða -palla meðan á mælingum stendur.

Í skýrslunni skal enn fremur staðfesta að A-vegið jafngildishljóðstig L_{Aeq} (t_1, t_2) hafi fengist í nákvæmu samræmi við þessa mælingaraðferð og sérreglurnar.

Athugasemd:
Ef mælingarnar við stjórnvöl eða -palla eru gerðar jafnhliða því að hljóðstig vélarinnar er ákvarðað verður að skrá upplýsingarnar um það í sérstakri skýrslu.

Nr. 330 19. maí 1994

REGLUR
um leyfilegt hljóðaflsstig byggingarkrana.

1. gr.

Reglur þessar gilda um leyfilegt hljóðaflsstig hávaða sem berst í lofti út í umhverfið og leyfilegt hljóðstig hávaða sem berst í lofti á stjórnpalli byggingarkrana sem notaðir eru á byggingarstöðum og við aðra verktakavinnu og settir eru á markað eftir gildistöku reglnanna. Reglurnar gilda um byggingarkrana sem falla undir lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Reglurnar eru sérreglur settar á grundvelli gildandi reglna um aðferð við að ákvarða hávaða sem berst í lofti við notkun véla utanhúss.

2. gr.

Í reglum þessum merkir "byggingarkrani" vélknúinn lyftibúnað sem:

- er í notkun samsettur úr lóðréttum turni með bómu festa við efri hlutann,
- er með útbúnað til að lyfta og slaka hangandi byrði (þunga) og færa þannig byrði til lárétt með því að færa hana nær eða fjær turninum eða með því að snúa öllum búnaðinum eða færa hann úr stað,
- hægt er að taka niður og fjarlægja að loknu því verki sem hann var reistur fyrir.

3. gr.

1. Vinnueftirlit ríkisins eða aðili sem það samþykkir gefur út vottorð um EBE-gerðarprófun:
—fyrir hverja gerð byggingarkrana sem hefur ekki hærra hljóðaflsstig hávaða sem berst í lofti en leyfilegt er samkvæmt eftirfarandi töflu, mælt við skilyrði sem kveðið er á um í I. viðauka við gildandi reglur um aðferð við að ákvarða hávaða sem berst í lofti við notkun véla utanhúss, eins og honum er breytt með viðaukanum við þessar reglur:

	Leyfilegt hljóðaflstig í dB (A)/1pW
Vindubúnaður	100
Aflvél	Hljóðstig er gefið í reglum um aflvélar miðað við það afl sem þær skila
Búnaðurinn allur, bæði vindubúnaður og aflvél	Notast skal við hæstu mælinguna frá tækjunum tveimur

– fyrir hverja gerð byggingarkrana sem búinn er stjórnpalli sem festur er á burðarvirki hans og ekki mælist hærra hljóðaflsstig á stjórnpalli í desíbelum talið en leyfilegt er samkvæmt eftirfarandi töflu, mælt við skilyrði sem kveðið er á um í II. viðauka við gildandi reglur um aðferð við að ákvarða hávaða sem berst í lofti við notkun véla utanhúss með viðbót sem fylgir þessum reglum í I. viðauka a:

Leyfilegt hljóðstig í dB(A)/20μPa á stjórnpalli
80

2. Umsóknum um vottorð um EBE-gerðarprófun vegna leyfilegs hljóðaflsstigs byggingarkrana skulu fylgja upplýsingar samkvæmt fyrirmyndinni sem sýnd er í II. viðauka.
3. Vinnueftirlit ríkisins eða samþykkti aðilinn fyllir út vottorð um EBE-gerðarprófun fyrir hverja gerð byggingarkrana sem hann viðurkennir í samræmi við fyrirmyndina sem sýnd er í III. viðauka við gildandi reglur um vélar og búnað á byggingarsvæðum.
4. Vottorð um EBE-gerðarprófun er í mesta lagi gefið út til fimm ára. Heimilt er að framlengja þennan tíma um fimm ár enda hafi ný umsókn verið lögð fram á síðustu tólf mánuðum fyrsta fimm ára tímabilsins.
5. Framleiðandinn skal útfylla dálkana um EBE-gerðarprófun í samræmisvottorði fyrir hvern byggingarkrana sem smíðaður er í samræmi við þá gerð sem er viðurkennd eftir EBE-gerðarprófun og skal vottorðið vera með sama sniði og fyrirmyndin í IV. viðauka við gildandi reglur um vélar og búnað á byggingarsvæðum.
6. Á hverjum byggingarkrana sem smíðaður er í samræmi við gerð sem viðurkennd er eftir EBE-gerðarprófun skal vera skýrt og varanlegt merki sem á er skráð það hljóðaflsstig tækisins í dB(A) miðað við 1 pW og, þegar í hlut á sú gerð byggingarkrana sem hefur stjórnpall áfastan burðarviki kranans, það hljóðstig í dB(A) miðað við 20 μPa, sem framleiðandinn ábyrgist og ákvarðað hefur verið með þeim hætti sem mælt er fyrir um í I. og II. viðauka við gildandi reglur um aðferð við að ákvarða hávaða sem berst í lofti við notkun véla utanhúss og bætt við þá með I. og II. viðauka a við þessar reglur, ásamt tákninu ε (epsilon). Fyrirmyndin að þessum merkjum er sýnd í III. viðauka við þessar reglur.

4. gr.

Eftirlit með því að framleiðsla tækjanna sé í samræmi við þá gerð sem var prófuð, eins og kveðið er á um í 12. gr. gildandi reglna um vélar og búnað á byggingarsvæðum, framkvæmir Vinnueftirlit ríkisins eftir föngum.

5. gr.

Ekki er heimilt að setja á markað byggingarkrana sem ekki fullnægja kröfum samkvæmt þessum reglum eða reglum um vélar og búnað á byggingarsvæðum.

6. gr.

1. Vinnueftirlit ríkisins hefur eftirlit með framkvæmd reglna þessara. Það getur þó samþykkt aðra aðila til þess að fara með slíkt eftirlit að hluta eða öllu leyti, sbr. 1. mgr. 80. gr. laga nr. 46/1980, og fylgist þá með eftirliti slíkra aðila.
2. Um samskipti Vinnueftirlitsins og annarra stjórnvalda við önnur aðildarríki og framkvæmdastjórn EB fer, að öðru leyti en því sem kveðið er á um í reglum þessum, samkvæmt tilskipun 84/534/EBE sem vísað er til í 4. tölul., VI. kafla, II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

7. gr.

Um áfrýjun á ákvörðunum og úrskurðum vegna framkvæmdar á reglum þessum gilda ákvæði 98. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

8. gr.

Brot á reglum þessum varða ákvæði 99. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

9. gr.

Reglur þessar eru settar af stjórn Vinnueftirlits ríkisins samkvæmt heimild í 34., 38. og 47. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Jafnframt staðfestir ráðuneytið ákvæði 1. gr. reglnanna samkvæmt 3. mgr. 3. gr. laga nr. 46/1980. Reglurnar eru settar með hliðsjón af ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sem vísað er til í 4. tölul., VI. kafla, II. viðauka, tilskipun 84/534/EBE, um samræmingu laga aðildarríkjanna um leyfilegt hljóðaflsstig byggingarkrana, eins og henni var breytt með tilskipun 87/405/EBE. Reglurnar öðlast gildi við birtingu.

Félagsmálaráðuneytið, 19. maí 1994.

F. h. r.
Berglind Ásgeirsdóttir.

Gylfi Kristinsson.

VIÐAUKI I

AÐFERÐ VIÐ AÐ MÆLA HÁVAÐA SEM BERST Í LOFTI FRÁ BYGGINGARKRÖNUM

GILDISSVIÐ

Þessi mælingaraðferð gildir um byggingarkrana. Í henni eru gefin fyrirmæli um aðferðina við að ákvarða hljóðaflsstig slíkra tækja vegna EBE-gerðarprófunar og eftirlits með samræmi.

Þessar tæknilegu aðferðir eru í samræmi við kröfurnar í I. viðauka við gildandi reglur um aðferð við að ákvarða hávaða sem berst í lofti við notkun véla utanhúss.

Allir liðir I. viðauka við gildandi reglur um aðferð við að ákvarða hávaða sem berst í lofti við notkun véla utanhúss skulu gilda um byggingarkrana, að teknu tilliti til eftirfarandi breytinga:

4. VIÐMIÐANIR SEM NOTA SKAL ÞEGAR GREINT ER FRÁ NIÐURSTÖÐUM

a) Sé byggingarkraninn knúinn af sjálfstæðum aflgjafa skal hljóðeðlisfræðileg viðmiðun fyrir umhverfi hans gefin upp sem hljóðaflsstig vindubúnaðarins.

b) Sé aflgjafinn innbyggður í kranann skal hljóðeðlisfræðileg viðmiðun fyrir umhverfi hans annaðhvort gefin upp sem:
- hljóðaflsstig aflgjafans og vindubúnaðarins hvors um sig ef báðir eru ekki á sama stað, eða
- hljóðaflsstig aflgjafans og vindubúnaðarins samanlagt.

6. MÆLINGARAÐSTÆÐUR

6.2. Notkun hávaðavaldsins meðan mælingar eru gerðar.
Ef vindubúnaðurinn er á aftanverðri bómunni geta hávaðamælingarnar farið fram annaðhvort með búnaðinn áfastan bómunni eða niðri á jörðinni.
Ef kraninn er knúinn af sjálfstæðum aflgjafa (rafhreyfli, utanaðkomandi rafstraum, vökvakrafti eða lofti) skal einvörðungu mæla hávaðann frá vindubúnaðinum.
Sé aflgjafi tengdur krananum skulu aflgjafinn og vindubúnaðurinn mældir hvor í sínu lagi ef þeir eru ekki sambyggðir.
Ef tækin tvö eru sambyggð skulu mælingarnar miðast við alla uppsetninguna.
Við hávaðamælingarnar skulu vindubúnaðurinn og aflgjafinn settir upp og notaðir í samræmi við fyrirmæli framleiðandans. Orkugjafinn sem er sambyggður krananum skal látinn ganga af fullu afli samkvæmt því sem framleiðandinn gefur upp. Vindubúnaðurinn skal vinna með þeim hætti sem segir í 6.2.1 og 6.2.2 við hífingar og slökun.

6.2.1. Prófun á hávaðavaldinum í lausagangi
Vindubúnaðurinn vinni án álags með tromluna á þeim hraða að krókurinn slakist jafnt og þétt. Framleiðandinn skal gefa upplýsingar um þennan hraða.

6.2.2. Prófun við álag
Vindubúnaðurinn vinni þannig að vírinn sé strekktur á tromlunni eins og er við hámarksþunga (miðað við minnsta radíus) og krókinn á mesta hraða.
Framleiðandinn skal gefa upplýsingar um þunga og hraða.
Kanna skal hraðann meðan á prófuninni stendur.

Athugasemd:
Greina skal frá hærra hljóðaflsstiginu (við hífingu eða slökun) í niðurstöðum prófunarinnar.

6.3. Mælingastaður

6.3.1. Mælingar á vindubúnaðinum
Vindubúnaðurinn skal settur upp með einhverjum þeim hætti sem að neðan getur þegar hávaðamælingarnar fara fram. Lýsa skal þeirri uppsetningu sem notast er við í prófunarskýrslunni.
a) Vindubúnaður á jörðinni
Uppsettum krananum skal komið fyrir á sléttum steyptum eða malbikuðum fleti sem endurkastar hljóði.
b) Vindubúnaður á bómunni aftanverðri
Vindubúnaðurinn skal vera að minnsta kosta í 12 metra hæð.
c) Vindubúnaður festur niður á jörðinni
Vindubúnaður skal festur niður á sléttum steyptum eða malbikuðum fleti sem endurkastar hljóði.

6.3.2. Mælingar á aflgjafanum
Sé aflgjafinn tengdur krananum, hvort sem hann er í sambandi við vindubúnaðinn eða ekki, skal honum komið fyrir á sléttum steyptum eða malbikuðum fleti.

6.4. Mælingayfirborð, mælingafjarlægð, staðsetning og fjöldi mælingapunkta

6.4.1. Mælingayfirborð, mælingafjarlægð
a) Mælingar gerðar á jörðinni
Mælingayfirborðið sem notað er við mælingar á jörðinni skal vera hálfkúla (myndir 1 og 2). Miðja hálfkúlunnar skal vera annar endi línu sem hugsast dregin lóðrétt á jörðina um miðjan vindubúnaðinn, orkugjafann eða hvort tveggja.

Radíusinn skal vera:
- 4 m, sé stærsta mál vindubúnaðar, aflgjafa eða hvors tveggja eigi meira en 1,5 m,
- 10 m, sé stærsta mál vindubúnaðar, aflgjafa eða hvors tveggja meira en 1,5 m.

b) Mælingar gerðar í sömu hæð og bóman er
Sé vindubúnaðinum komið fyrir á bómunni skal mælingayfirborðið vera kúlulaga með 4 m radíus, sammiðja við vinduna (mynd 3).

6.4.2. Staðsetning og fjöldi mælingapunkta

a) Mælingar á jörðinni
Við hávaðamælingar niðri á jörðinni skulu notaðir sex mælingapunktar, þ.e. 2, 4, 6, 8, 10 og 12 og skulu þeir staðsettir í samræmi við lið 6.4.2.2. í I. viðauka við gildandi reglur um aðferð við að ákvarða hávaða sem berst í lofti við notkun véla utanhúss.

Við mælingar á vindubúnaðinum eða á vindubúnaði og aflgjafa saman, skal x-ás þess hnitakerfis sem staðsetning mælingapunktanna miðast við vera samsíða meginási tromlunnar á vindunni.

b) Mælingar gerðar í sömu hæð og bóman er
Sé vindubúnaðinum komið fyrir á aftanverðri bómunni skulu mælingapunktarnir vera með eftirfarandi hætti, eins og sýnt er á mynd 3.
Fjórir mælingapunktar á láréttri línu sem hugsast dregin í gegnum miðjan búnaðinn ($H = h/2$)

þar sem $L = \frac{r}{\sqrt{2}} = 2{,}80m$

og $d = 2{,}80m - \frac{1}{2}$

r = radíus mælingayfirborðsins = 4 m,
L = hálf fjarlægðin milli tveggja samliggjandi mælingapunkta,
l = lengd alls búnaðarins (miðað við miðjuás bómunnar),
b = breidd alls búnaðarins,
h = hæð alls búnaðarins,
d = fjarlægð milli grindar sem heldur hljóðnema og vélbúnaði í átt að bómunni.
Hinir tveir mælingapunktarnir skulu staðsettir þar sem skerast hálfkúlan og lóðrétta línan sem hugsast dregin gegnum vélbúnaðinn miðjan.

Athugasemd:
Framkvæmd mælinganna gæti orðið auðveldari ef hægt væri að nota tæki til að kanna staðsetningu og stillingu hljóðnemanna af jörðinni. Við mælingarnar skal þessu tæki komið fyrir á vindubúnaðinum ásamt hljóðnemunum.

7. FRAMKVÆMD MÆLINGANNA

7.1.1. Við leiðréttingar skal einvörðungu tekið tillit til hávaða í bakgrunni.

Athugasemd:
Þegar mælingarnar eru gerðar til að ákvarða hljóðaflsstig vindubúnaðarins skal þess vandlega gætt að fylgihljóð sem aflgjafinn gefur frá sér beint eða óbeint hafi engin áhrif á mælingarnar á hávaðanum í vindubúnaðinum.

7.1.5. Hindranir sem endurkasta hljóði
Nægilegt er að svipast um á hringlaga svæði með þreföldum radíus mælingayfirborðsins og sammiðja við það til að ganga úr skugga um að fullnægt sé ákvæðum þriðju undirgreinar í lið 6.3 í I. viðauka við gildandi reglur um aðferð við að ákvarða hávaða sem berst í lofti við notkun véla utanhúss.

7.2. Mælingar á hljóðstiginu L_{pA}
Hljóðstigið í vindubúnaðinum og/eða aflgjafanum skal mælt eins og frá greinir í fyrstu undirgrein liðar 7.2. í I. viðauka við gildandi reglur um aðferð við að ákvarða hávaða sem berst í lofti við notkun véla utanhúss.
Mæla skal hljóðstigið L_{pA} að minnsta kosti þrisvar. Ef munurinn á því hljóðstigi sem mælist í einhverjum tveimur þessara mælinga er ekki meira en 1 dB þarf ekki að gera frekari mælingar. Að öðrum kosti skal mælingunum haldið áfram uns munurinn á tveimur eða þremur mælingum er ekki meiri en 1 dB. Rótarferningsmeðaltal af gildum þeirra mælinga, sem fást þannig og munar um 1 dB á, skal teljast niðurstaða mælinganna.

Við mælingar á hljóðstigi vindubúnaðarins skal mælingatíminn vera $(t_r + t_f)$ sekúndur, þar sem:

- t_r er tíminn í sekúndum áður en hemlum er beitt og skal virkni vindubúnaðarins vera með þeim hætti sem um getur í 6.2.1 og 6.2.2. Við þessar mælingar er $t_r = 3$ sekúndur,
- t_f er tíminn í sekúndum frá því að hemlunum er beitt og þar til krókurinn stöðvast alveg. Sé notaður tegurhljóðmælir skal tegrunartíminn vera jafn $(t_r + t_f)$ sekúndum.

8. NOTKUN Á NIÐURSTÖÐUM

Við framkvæmd ákvæða þessara reglna skal hljóðstig fyrir byggingarkrana vera hæsta stigið sem fæst við útreikninga í samræmi við 7.2 að því er varðar prófanir í lausagangi og við álag eins og kveðið er á um í 6.2.

8.1.1. Rótarferningsmeðalgildi við mælingapunkt

Rótarferningsmeðalgildið við mælingapunkt fæst með:

$$L_{pi} = 10\log_{10}\frac{1}{t_r + t_f}\left(10^{0{,}1L_{1i}}\,t_r + 10^{0{,}1L_{2i}}\,t_f\right)$$

t_f = sjá 7.2;
t_r = sjá 7.2;
L_{1i} = hljóðstig við mælingapunkt i á tímanum t_r eins og sýnt er í 7.2.;
L_{2i} = hljóðstig við mælingapunkt i á hemlunartímanum t_f eins og sýnt er í 7.2.

8.2. Gildir ekki.

8.3. Svæðið S á mælingayfirborðinu reiknað út

a) Ef mælingayfirborðið er hálfkúlulaga:
Flöturinn S á mælingayfirborðinu í fermetrum talinn skal vera svo:
$S = 2\pi r^2$

Athugasemd:

Hljóðstigið $10\log_{10}\frac{S}{S_0}$ skal vera 20 dB ef r = 4 m en 28 dB ef r = 10 m.


b) Ef mælingayfirborðið er kúlulaga:
Flöturinn S á mælingayfirborðinu í fermetrum talinn skal vera svo:
$S = 4\,\pi\,r^2$
$= 200\ \text{m}^2$


Athugasemd:

Hljóðstigið $10\log_{10}\frac{S}{S_0}$ skal vera 23 dB.

8.6.2. Með hliðsjón af lið 6.3. í I. viðauka við gildandi reglur um aðferð við að ákvarða hávaða sem berst í lofti við notkun véla utanhúss gildir fastinn C ekki og $K_2=0$.


Mælingayfirborð miðað við staðsetningu vindubúnaðar






Mynd 1


Staðsetning mælingapunkta ef vindubúnaður er á jörðinni
Mælingapunktarnir eru: 2, 4, 6, 8, 10 og 12.





Mynd 2

Staðsetning mælingapunktanna (1 til 6) ef vindubúnaði er komið fyrir á bómunni aftanverðri



Mynd 3

I. VIÐAUKI a

AÐFERÐ VIÐ AÐ MÆLA HÁVAÐA SEM BERST Í LOFTI Á STJÓRNPALLI BYGGINGARKRANA

Þessi aðferð gildir um byggingarkrana sem búnir eru stjórnpalli sem festur er við burðarvirki kranans.
Þessi tæknilega útfærsla uppfyllir kröfur II. viðauka við gildandi reglur um aðferð við að ákvarða hávaða sem berst í lofti við notkun véla utanhúss, og ákvæði þess viðauka gilda um byggingarkrana með eftirfarandi breytingum og viðbótum:

6. STJÓRNANDINN

Stjórnandi verður að vera á stjórnpalli.

6.2.1. Stjórnandi stendur

Ef ekki er sæti á stjórnpalli skal stjórnandinn standa meðan mælingarnar fara fram.

6.2.2. Stjórnandinn situr

Ef sæti er á stjórnpalli skal stjórnandinn sitja meðan mælingarnar fara fram.

Athugasemd:
Greina skal frá því í prófunarskýrslunni hvort stjórnandinn situr eða stendur meðan mælingarnar fara fram.

7.1 Almennt
Hljóðnemanum skal komið fyrir eins og greinir í lið 7.3.

9. ALMENN ATRIÐI

Uppsetning og notkun byggingarkranans skal vera með þeim hætti sem frá greinir í lið 6.2 í I. viðauka. Sé vindubúnaðurinn á bómunni aftanverðri skal kraninn prófaður miðað við þá uppsetningu.

9.2. Notkun byggingarkrana með stillanlegum útbúnaði (t.d. gluggum sem hægt er að opna)
Við mælingarnar skal ekki tekið tillit til neins þess stillanlega búnaðar sem um getur í 9.2.1. nema þess sem um getur í 9.2.2.

10.2.2. Þegar beitt er A-vegnu hljóðstigi, L_{pA}. Ekki skal tekið tillit til þessa liðar.`


VIÐAUKI II


FYRIRMYND AÐ LÝSINGU Á GERÐ AF BYGGINGARKRANA SEM Á AÐ FYLGJA UMSÓKN UM EBE-GERÐARPRÓFUN

1. **Almennt**
1.1. Nafn og heimilisfang framleiðanda.....
1.2. Nafn og heimilisfang viðurkennds umboðsmanns (ef við á).....
1.3. Heiti vélar (nafn fyrirtækis).....
1.4. Viðskiptaheiti (tilgreinið undirheiti).....
1.5. Gerð.....
1.6. Flokkur.....
1.7. Staðsetning og festing á lögboðnum upplýsingaskiltum og áletrunum.....
2. **Notkun**
3. **Notkunarleiðbeiningar**
4. **Ef til er bæklingur með tæknilegum leiðbeiningum skal hann látinn fylgja.**

III. VIÐAUKI

FYRIRMYNDIR AÐ MERKJUM ÞAR SEM GEFIÐ ER UPP ÞAÐ HLJÓÐAFLSSTIG OG HLJÓÐSTIG Á STJÓRNPALLI SEM FRAMLEIÐANDINN ÁBYRGIST





19. maí 1994 Nr. 331

REGLUR
um leyfilegt hljóðaflsstig rafsuðuvéla.

1. gr.

Reglur þessar gilda um leyfilegt hljóðaflsstig rafsuðuvéla sem notaðar eru á byggingarstöðum og við aðra verktakavinnu og settar eru á markað eftir gildistöku reglnanna. Reglurnar gilda um rafsuðuvélar sem falla undir lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Reglurnar gilda jafnframt um slíkar vélar og búnað sem seldur er eða leigður jöfnum höndum til notkunar við atvinnurekstur og einkanota almennings, sé hann ekki háður öðrum lögum eða reglum. Reglurnar eru sérreglur settar á grundvelli gildandi reglna um aðferð við að ákvarða hávaða sem berst í lofti við notkun véla utanhúss.

2. gr.

Í þessum reglum merkir "rafsuðuvél" öll vélknúin tæki til að framleiða straum til rafsuðu.

3. gr.

1. Vinnueftirlit ríkisins eða aðili sem það samþykkir gefur út vottorð um EBE-gerðarprófun fyrir hverja gerð rafsuðuvélar sem hefur ekki hærra hljóðaflsstig vegna hávaða í lofti en leyfilegt er samkvæmt eftirfarandi töflu, mælt við skilyrði sem kveðið er á um í I. viðauka við gildandi reglur um aðferð við að ákvarða hávaða sem berst í lofti við notkun véla utanhúss, eins og honum er breytt með I. viðauka við þessar reglur:

Mesti leyfilegi rafsuðustraumur	Leyfilegt hljóðaflstig í dB(A)/1 pW
200 A eða minna	101
Meira en 200 A	100

2. Umsóknum um vottorð um EBE-gerðarprófun vegna leyfilegs hljóðaflsstigs rafsuðuvéla skulu fylgja upplýsingar samkvæmt fyrirmyndinni sem sýnd er í II. viðauka.
3. Vinnueftirlit ríkisins eða samþykkti aðilinn fyllir út vottorð um EBE-gerðarprófun fyrir hverja gerð rafsuðuvéla sem hann viðurkennir í samræmi við fyrirmyndina sem sýnd er í III. viðauka við gildandi reglur um vélar og búnað á byggingarsvæðum.
4. Vottorð um EBE-gerðarprófun er í mesta lagi gefið út til fimm ára. Heimilt er að framlengja þennan tíma um fimm ár enda hafi ný umsókn verið lögð fram á síðustu tólf mánuðum fyrsta fimm ára tímabilsins.
5. Framleiðandinn skal útfylla dálkana um EBE-gerðarprófun í samræmisvottorði fyrir hverja rafsuðuvél sem smíðuð er í samræmi við þá gerð sem er viðurkennd eftir EBE-gerðarprófun og skal vottorðið vera með sama sniði og fyrirmyndin í IV. viðauka við gildandi reglur um vélar og búnað á byggingarsvæðum.
6. Á hverri rafsuðuvél sem smíðuð er í samræmi við gerð sem viðurkennd er eftir EBE-gerðarprófun skal vera skýrt og varanlegt merki sem á er skráð það hljóðaflsstig tækisins í dB(A) miðað við 1 pW sem framleiðandinn ábyrgist og ákvarðað hefur verið með þeim hætti sem mælt er fyrir um í I. viðauka við gildandi reglur um aðferð við að ákvarða hávaða sem berst í lofti við notkun véla utanhúss, ásamt tákninu ε (epsilon). Fyrirmyndin að þessu merki er sýnd í III. viðauka við þessar reglur.

4. gr.

Eftirlit með því að framleiðsla tækjanna sé í samræmi við þá gerð sem var prófuð, eins og kveðið er á um í 12. gr. gildandi reglna um vélar og búnað á byggingarsvæðum, framkvæmir Vinnueftirlit ríkisins eftir föngum.

5. gr.

Ekki er heimilt að setja á markað rafsuðuvélar sem ekki fullnægja kröfum samkvæmt þessum reglum eða reglum um vélar og búnað á byggingarsvæðum.

6. gr.

1. Vinnueftirlit ríkisins hefur eftirlit með framkvæmd reglna þessara. Það getur þó samþykkt aðra aðila til þess að fara með slíkt eftirlit að hluta eða öllu leyti, sbr. 1. mgr. 80. gr. laga nr. 46/1980, og fylgist þá með eftirliti slíkra aðila.
2. Um samskipti Vinnueftirlitsins og annarra stjórnvalda við önnur aðildarríki og framkvæmdastjórn EB fer, að öðru leyti en því sem kveðið er á um í reglum þessum, samkvæmt tilskipun 84/535/EBE sem vísað er til í 5. tölul., VI. kafla, II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

7. gr.

Um áfrýjun á ákvörðunum og úrskurðum vegna framkvæmdar á reglum þessum gilda ákvæði 98. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

8. gr.

Brot á reglum þessum varða ákvæði 99. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

9. gr.

Reglur þessar eru settar af stjórn Vinnueftirlits ríkisins samkvæmt heimild í 34., 38. og 47. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Jafnframt staðfestir ráðuneytið ákvæði 1. gr. reglnanna samkvæmt 3. mgr. 3. gr. laga nr. 46/1980. Reglurnar eru

settar með hliðsjón af ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sem vísað er til í 5. tölul., VI. kafla, II. viðauka, tilskipun 84/535/EBE, um samræmingu laga aðildarríkjanna um leyfilegt hljóðaflsstig rafsuðuvéla, eins og henni var breytt með tilskipun 85/407/EBE. Reglurnar öðlast gildi við birtingu.

Félagsmálaráðuneytið, 19 maí 1994

F.h.r.
Berglind Ásgeirsdóttir.

Gylfi Kristinsson.

VIÐAUKI I

AÐFERÐ VIÐ AÐ MÆLA HÁVAÐA SEM BERST Í LOFTI FRÁ RAFSUÐUVÉLUM

GILDISSVIÐ
Þessi mælingaraðferð gildir um rafsuðuvélar. Í henni eru gefin fyrirmæli um aðferðina við að ákvarða hljóðaflsstig slíkra tækja vegna EBE-gerðarprófunar og eftirlits með samræmi.
Þessar tæknilegu aðferðir eru í samræmi við kröfurnar í I. viðauka við gildandi reglur um aðferð við að ákvarða hávaða sem berst í lofti við notkun véla utanhúss.
Allir liðir I. viðauka við gildandi reglur um aðferð við að ákvarða hávaða sem berst í lofti við notkun véla utanhúss skulu gilda um rafsuðuvélar, að teknu tilliti til eftirfarandi breytinga:

4. VIÐMIÐANIR SEM NOTA SKAL ÞEGAR GREINT ER FRÁ NIÐURSTÖÐUM

4.1. Hljóðeðlisfræðileg viðmiðun fyrir umhverfi rafsuðuvéla skal gefin upp sem hljóðaflsstig þeirra.

6. MÆLINGARAÐSTÆÐUR

6.2. Notkun hávaðavaldsins meðan mælingar eru gerðar

6.2.1. Gildir ekki.

6.2.2. Álag á vél meðan mæling er gerð
Rafsuðuvélin skal notuð í samræmi við fyrirmæli framleiðandans. Hún skal ganga með venjulegu álagi, eins og mælt er fyrir um í tilmælum ISO/R700--1968, fyrstu útgáfu 1968, og framleiða venjulegan rafsuðustraum gegnum mótstöðu.

6.3. Mælingastaður
Mælingastaðurinn skal vera sléttur og láréttur. Mælingastaðurinn, ásamt þeim stöðum þar sem hljóðnemum er komið fyrir, skal vera með steyptu eða malbikuðu yfirborði.
Rafsuðuvélar á meiðum skulu settar á 40 cm háa grind, nema framleiðandi krefjist þess að annar háttur verði hafður á við uppsetningu.

6.4.1. Mælingayfirborð
Mælingayfirborðið sem notað er skal vera hálfkúla.
Radíusinn skal vera:
- 4 m, sé stærsta mál rafsuðuvélarinnar sem prófa skal eigi meira en 1,5 m,
- 10 m, sé stærsta mál rafsuðuvélarinnar sem prófa skal meira en 1,5 m og ekki meira en 4 m,
- 16 m, sé stærsta mál rafsuðuvélarinnar sem prófa skal meira en 4 m.

6.4.2.1. Við mælingarnar skal nota sex mælingapunkta, nefnilega 2, 4, 6, 8, 10 og 12 og þeim skal ákveðinn staður í samræmi við lið 6.4.2.2. í I. viðauka við gildandi reglur um aðferð við að ákvarða hávaða sem berst í lofti við notkun véla utanhúss.
Við prófun á rafsuðuvélinni skal henni komið þannig fyrir að miðja hennar sé í stefnu við miðja hálfkúluna.
X-ásinn í hnitakerfinu sem staðsetning mælingapunktanna miðast við skal vera samsíða meginási rafsuðuvélarinnar.

7. FRAMKVÆMD MÆLINGANNA

7.1.1. Við leiðréttingar skal einvörðungu tekið tillit til hávaða í bakgrunni.

7.1.5. Hindranir sem endurkasta hljóði.
Nægilegt er að svipast um á hringlaga svæði með þreföldum radíus mælingayfirborðsins og sammiðja við það til að ganga úr skugga um að fullnægt sé ákvæðum þriðju undirgreinar í lið 6.3 í I. viðauka við gildandi reglur um aðferð við að ákvarða hávaða sem berst í lofti við notkun véla utanhúss.

7.2. Mælingar á hljóðstiginu L_{pA}
Sé hljóðstigið við mælingapunktana ákvarðað með lestri af hljóðmæli skal lesa að minnsta kosti fimm sinnum af honum með reglulegu millibili.

8. NOTKUN Á NIÐURSTÖÐUM

8.2. Gildir ekki.

8.6.2. Með hliðsjón af lið 6.3 gildir liður 8.6.2 ekki og C = 0.

VIÐAUKI II

FYRIRMYND AÐ LÝSINGU Á GERÐ AF RAFSUÐUVÉL SEM Á AÐ FYLGJA UMSÓKN UM EBE-GERÐARPRÓFUN

1. **Almennt**

1.1. Nafn og heimilisfang framleiðanda .....

1.2. Nafn og heimilisfang viðurkennds umboðsmanns, ef við á .....

1.3. Heiti vélar (nafn fyrirtækis) .....

1.4. Viðskiptaheiti .....

1.5. Gerð .....

2. **Mál rafsuðuvélarinnar**

2.1. Lengd ..... m
Breidd ..... m
Hæð ..... m
Massi ..... kg

2.2. Uppsetning búnaðar: á meiðum, vagni, annað[1]

3. **Notkunaraðstæður**

3.1. *Aflvél*

3.1.1. Heiti og gerð .....

3.1.2. Orkugjafi: bensín, olía, rafmagn, gas[1]

3.1.3. Snúningshraði ..... snún./mín.

3.2. *Rafallinn*

3.2.1. Heiti og gerð .....

3.2.2. Snúningshraði ..... snún./mín


3.2.3. Málspenna við rafsuðu ..... A

3.2.4. Mesta málspenna ..... A

4. Ef til er bæklingur með tæknilegum leiðbeiningum skal hann látinn fylgja.

VIÐAUKI III

FYRIRMYND AÐ MERKI UM HLJÓÐAFLSSTIG



[1] Strikið yfir það sem ekki á við.

7. júní 1994 Nr. 332

AUGLÝSING

um breytingu á skipulagsuppdrætti af Þykkvabæ, Djúpárhreppi.

Samkvæmt ósk hreppsnefndar Djúpárhrepps hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 27. apríl 1994 staðfest breytingu á skipulagsuppdrætti Þykkvabæjar frá 13. maí 1969, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin felst í því að innkeyrsla í þorpið færist til austurs.

Hreppsnefnd Djúpárhrepps hefur lýst því yfir, að hún taki að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfisráðuneytið, 7. júní 1994.

F. h. r.
Magnús Jóhannesson

Ingimar Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 274, 28. júní 1993, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1. september 1993 til 31. ágúst 1994.

1. gr.

2. mgr. 1. gr. orðist svo:

Falli varanlega niður veiðileyfi, sem skip hefur fengið samkvæmt 5. gr. laga nr. 38/1990, má veita nýju eða nýkeyptu sambærilegu skipi veiðileyfi í þess stað. Er heimilt að veita fleiri en einu skipi veiðileyfi í stað eins skips er úr flotanum hverfur eða úrelda fleiri en eitt skip í stað skips er í flotann bætist, enda sé tryggt að afkastageta fiskiskipaflotans aukist ekki við skiptin. Heimild þessi er bundin því skilyrði, að endurnýjunarrétti hafi ekki verið afsalað.

2. gr.

12. gr. orðist svo:

Rúmtala skips eða skipa, sem veiðileyfi fá samkvæmt 2. mgr. 1. gr., skal ekki vera hærri en rúmtala þess skips eða skipa, sem úr flotanum hverfa í þeirra stað.

3. gr.

16. gr. orðist svo:

Aðeins er heimilt að veita nýju eða nýkeyptu skipi veiðiheimildir, samkvæmt 1. gr. í stað skips er hverfur úr flotanum. Hinu nýja eða nýkeypta skipi er óheimilt að hefja veiðar í fiskveiðilögsögu Íslands fyrr en fyrir liggur staðfesting á því, að skipið sé horfið úr flotanum og Fiskistofa hefur veitt hinu nýja eða nýkeypta skipi leyfi til að hefja veiðar.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990 um stjórn fiskveiða til að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 10. júní 1994.

F. h. r.
Árni Kolbeinsson.

Jón B. Jónasson.

Stjórnartíðindi B 41, nr. 315–333. Útgáfudagur 20. júní 1994.

STJÓRNARTÍÐINDI B 42 - 1994

15. júní 1994 1113 Nr. 334

REGLUGERÐ

um greiðslumark mjólkur á lögbýlum og beinar greiðslur til bænda verðlagsárið 1994-1995.

I. KAFLI.
Um greiðslumark.

1. gr.
Heildargreiðslumark og greiðslumark lögbýla.

Heildargreiðslumark til framleiðslu mjólkur verðlagsárið 1994-1995 skal vera 101 milljónir lítra mjólkur og skiptist í greiðslumark lögbýla. Greiðslumark lögbýla reiknast í lítrum mjólkur.

2. gr.
Breyting greiðslumarks.

Þann 1. september 1994 skal heildargreiðslumark að frátöldu því greiðslumarki sem bundið er í leigusamningum við Framleiðnisjóð landbúnaðarins eða lagt hefur verið inn til geymslu, hækkað í 101 milljón lítra. Greiðslumark sem áfram verður bundið í leigusamningum við Framleiðnisjóð skal taka sömu breytingum og annað greiðslumark.

Greiðslumark hvers lögbýlis verðlagsárið 1994-1995 skal aukið um sama hlutfall og hækkun heildargreiðslumarks nemur.

Framleiðnisjóður landbúnaðarins skal tilkynna Framleiðsluráði landbúnaðarins fyrir 25. júní 1994 um greiðslumark sem tekið verður í notkun á ný verðlagsárið 1994-1995 að liðnum leigutíma og þá leigusamninga sem breytast munu í kaupsamninga og falla þannig út af sérstakri fullvirðisréttarskrá.

3. gr.
Fullvirðisréttur í leigusamningum við Framleiðnisjóð.

Handhafa leigusamnings við Framleiðnisjóð landbúnaðarins er heimilt að hefja framleiðslu við lok leigutíma og nýta rétt lögbýlis til greiðslumarks að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

a) Tilkynna skal Framleiðnisjóði landbúnaðarins með tilskildum fyrirvara hvort hefja á framleiðslu.
b) Starfsleyfi og fullgild framleiðsluaðstaða skal vera fyrir hendi á lögbýlinu.

B 78

Steindórsprent Gutenberg hf.

4. gr.

Aðilaskipti að greiðslumarki.

Heimil eru aðilaskipti að greiðslumarki á milli lögbýla, með eftirfarandi takmörkunum:

a) Greiðslumark byggt á fullvirðisrétti sem leigður var Framleiðnisjóði landbúnaðarins eða öðrum framleiðendum fyrir gildistöku reglugerðar nr. 527/1988, þ.e. 22. desember 1988, má því aðeins selja að það hafi verið í framleiðslu hjá leigusala, næstliðin tvö ár fyrir sölu. Framleiðendum sem gerðu leigusamning sín á milli er þó heimilt að breyta þeim í kaupsamning. Heimilt er að selja allt greiðslumarkið þegar framleiðsla á lögbýlinu hefur náð 70% greiðslumarksins að meðaltali í tvö ár, að öðrum kosti í hlutfalli við nýtingu þess.

b) Sé ábúandi lögbýlis annar en eigandi þess þarf samþykki beggja fyrir ráðstöfun greiðslumarks frá lögbýli.

Nú á framleiðandi fleiri en eitt lögbýli eða flytur af einu lögbýli á annað og er þá heimilt að sameina greiðslumark beggja lögbýlanna án takmarkana. Á sama hátt er landbúnaðarráðherra heimilt að flytja greiðslumark milli lögbýla í eigu ríkisins.

Aðilaskipti greiðslumarks skulu tilkynnt á þar til gerðum eyðublöðum sem Framleiðsluráð landbúnaðarins lætur í té og liggja frammi á skrifstofum búnaðarsambanda. Með tilkynningu um aðilaskipti að greiðslumarki skal fylgja staðfesting um eignarhald að lögbýli. Tilkynningar um aðilaskipti fyrir verðlagsárið 1994-1995 skulu hafa borist Framleiðsluráði landbúnaðarins í síðasta lagi 20. apríl 1995 til að þau taki gildi á verðlagsárinu. Aðilaskiptin taka fyrst gildi þegar staðfesting Framleiðsluráðs landbúnaðarins liggur fyrir.

5. gr.

Nýting greiðslumarks lögbýla.

Afurðastöð skal greiða framleiðanda fullt verð innan greiðslumarks skv. gildandi verðlagsgrundvelli á innleggsdegi.

Greiðslutilhögun vegna framleiðslu umfram greiðslumark skal vera með eftirfarandi hætti:

a) Fyrstu 4% sem framleiðandi framleiðir umfram greiðslumark sitt hefur forgang að greiðslum frá afurðastöð sé ónotað greiðslumark þá fyrir hendi á viðkomandi mjólkursamlagssvæði.

b) Verði enn ónotað greiðslumark á samlagssvæði gengur það til annarra svæða til nýtingar allt að 104% greiðslumarks.

c) Verði enn ónotað greiðslumark, vegna þess sem er umfram 104% greiðslumarks á landinu öllu, enda liggi fyrir heimild Framleiðsluráðs, sbr. 3. mgr.

Framleiðsla, umfram það magn sem unnt er að greiða fyrir skv. stafliðum a-c að ofan, skal markaðsfært erlendis, þó getur Framleiðsluráð landbúnaðarins heimilað sölu hennar innanlands ef gengið hefur á birgðir þannig að fyrirsjáanlegur sé skortur á mjólk.

Áður en afurðastöð kaupir eða selur mjólk umfram greiðslumark framleiðanda skal gert sérstakt samkomulag (umsýslusamningur) milli afurðastöðvar og framleiðanda um afurðaverð og greiðslu þess.

6. gr.

Brottfall og geymsla greiðslumarks.

Greiðslumark sem ekki hefur verið nýtt til framleiðslu að neinu leyti í full tvö verðlagsár er landbúnaðarráðherra heimilt að fella niður að fengnu samþykki handhafa greiðslumarks.

Heimilt er framleiðanda að leggja greiðslumark lögbýlisins inn til geymslu til 31. ágúst 1998 og sætir það þá sömu breytingum og annað greiðslumark.

II. KAFLI.
Um beinar greiðslur.

7. gr.
Beinar greiðslur.

Bein greiðsla er framlag úr ríkissjóði til framleiðanda mjólkur og skal svara til 47,1% af framleiðslukostnaði mjólkur samkvæmt verðlagsgrundvelli á innleggsdegi. Dreifing beinna greiðslna og fráviksmörk skulu vera með eftirfarandi hætti:

A: 57,54% skal greiða óháð framleiðslu, að því tilskildu að framleiðsla lögbýlisins sé a.m.k. 80% greiðslumarks á tímabilinu. Greiða skal 1. hvers mánaðar, 1/12 hluta, í fyrsta sinn 1. september 1994.

B: 25,48% skal greiða eftir framleiðslu. Greiða skal 1. hvers mánaðar fyrir innlegg næstsíðasta mánaðar, í fyrsta sinn 1. nóvember 1994.

C: 16,98% skal greiða með jöfnum hlutfallslegum fjárhæðum fyrir innlegg í mánuðunum nóvember til febrúar. Greiða skal 1. hvers mánaðar fyrir innlegg næstsíðasta mánaðar, í fyrsta sinn 1. janúar 1995.

Að því marki sem beinar greiðslur ganga ekki út eftir uppgjör innan greiðslumarks skal greitt út á framleiðslu umfram greiðslumark þó þannig að fyrstu 4% njóti forgangs, sbr. greiðslur afurðastöðva skv. 5. gr..

8. gr.
Viðtakandi beinna greiðslna.

Beinar greiðslur greiðast ábúanda á lögbýli. Á hverju lögbýli skal aðeins einn framleiðandi vera skráður handhafi. Þó er heimilt, þegar um fleiri sjálfstæða rekstraraðila er að ræða sem standa að búinu, að skrá þá sérstaklega. Sjálfstæður rekstraraðili telst sá einn sem hefur sjálfstætt virðisaukaskattsuppgjör. Tilkynna skal Framleiðsluráði landbúnaðarins allar breytingar á því hver eigi að vera handhafi beinna greiðslna. Séu handhafar tveir eða fleiri, skal gefa upp hlutfallslega skiptingu beinna greiðslna. Jafnframt skulu viðtakendur beinna greiðslna tilgreina sérstakan reikning í banka eða öðrum viðskiptastofnunum, sem greiðslur skulu lagðar inn á.

9. gr.
Uppgjör beinna greiðslna.

Sjái framleiðandi fram á að nýting greiðslumarks gefi ekki rétt til a.m.k. 80% af beinum greiðslum verðlagsársins, ber honum að tilkynna það Framleiðsluráði landbúnaðarins, sem þá skal haga beinum greiðslum í samræmi við áætlaða nýtingu. Komi samt fram við lok verðlagsárs, að ofgreitt hafi verið, ber viðtakanda beinna greiðslna að endurgreiða mismuninn samkvæmt reikningi.

III. KAFLI.
Ýmis ákvæði.

10. gr.
Útreikningur á greiðslumarki lögbýla.

Framleiðsluráð landbúnaðarins reiknar út greiðslumark til framleiðslu mjólkur og heldur skrá yfir greiðslumark lögbýla og handhafa réttar til beinna greiðslna og lætur afurðastöðvum og búnaðarsamböndum í té eintak af henni fyrir starfssvæði viðkomandi afurðastöðvar og búnaðarsambands.

Framleiðsluráð landbúnaðarins aflar upplýsinga og annast útreikninga vegna framkvæmdar þessarar reglugerðar og hefur eftirlit með uppgjöri afurðastöðva við framleiðendur.

Afurðastöðvum er skylt að láta Framleiðsluráði landbúnaðarins í té allar þær upplýsingar sem að gagni geta komið við störf þess og þær geta veitt.

11. gr.

Tilkynningar um greiðslumark lögbýla.

Framleiðsluráð landbúnaðarins skal tilkynna framleiðendum um greiðslumark lögbýlisins. Þeir eiga þess kost að gera athugasemdir við það og skulu þær berast Framleiðsluráði landbúnaðarins innan 20 daga frá dagsetningu tilkynningar um greiðslumark, ella gildir það fyrir verðlagsárið. Framleiðsluráð landbúnaðarins endurskoðar útreikninga, sem athugasemdir eru gerðar við og tilkynnir framleiðanda niðurstöðu sína.

Berist Framleiðsluráði ekki athugasemdir við þá niðurstöðu innan 25 daga frá dagsetningu úrskurðarins, gildir hann fyrir hlutaðeigandi verðlagsár.

Uni viðkomandi framleiðandi ekki þeirri niðurstöðu, hefur hann rétt til þess að skjóta ágreiningnum með rökstuddri kæru til úrskurðarnefndar.

12. gr.

Úrskurðarnefnd.

Ágreiningi um ákvörðun á greiðslumarki lögbýlis, skráningu á greiðslumarki og rétt til beinna greiðslna, er heimilt að skjóta til úrskurðarnefndar, sem starfar skv. lögum nr. 99/1993. Úrskurði nefndarinnar, sem skal liggja fyrir innan 45 daga frá því erindi berst henni, verður ekki skotið til ráðherra.

13. gr.

Viðurlög og gildistaka.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 70. gr. laga nr. 99 8. september 1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99 8. september 1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 604 18. desember 1989 um árstíðarbundið verðmiðlunargjald af verði mjólkur til framleiðenda.

Landbúnaðarráðuneytið, 15. júní 1994.

Halldór Blöndal.

Jón Höskuldsson.

Nr. 335 16. júní 1994

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 554/1993, um virðisaukaskattsskylda sölu á vörum til manneldis o.fl.

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 2. gr.:

a. Eftirfarandi efnisliðir bætast við:

1806.9011-1806.9019	Efni til framleiðslu á drykkjarvörum sem innihalda kakaó.
2106.9025	Tilreidd drykkjarvöruefni sem innihalda prótein o.fl.
2106.9026	Tilreidd drykkjarvöruefni úr ginsengkjörnum o.fl.

b. Tollskrárnúmerið 1806.9001 breytist og verður tollskrárnúmer 1806.9021.

c. Tollskrárnúmerið 1806.9002 breytist og verður tollskrárnúmer 1806.9022.
d. Tollskrárnúmerið 1806.9008 breytist og verður tollskrárnúmer 1806.9027.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 14. gr. og 42. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, og öðlast gildi 1. júlí 1994.

Fjármálaráðuneytið, 16. júní 1994.

F. h. r.
Jón H. Steingrímsson.

Jón Guðmundsson.

16. júní 1994 Nr. 336

AUGLÝSING

um breyting á viðauka I við lög nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum.

1. gr.

1) Við gjaldflokk A bætast við tollskrárnúmerin: 1806.9011, 1806.9012, 1806.9019, 1901.9011, 1901.9019, 2106.9025 og 2106.9026.
2) Úr gjaldflokki B fellur brott tollskrárnúmerið 4003.1000.
3) Við gjaldflokk B bætist tollskrárnúmerið 4003.0001.
4) Úr gjaldflokki D falla brott tollskrárnúmerin: 1806.9003, 1806.9004, 1806.9005, 1806.9006, 1806.9007, 1806.9009, 2204.2101, 2204.2901, 2204.3000 og 2206.0000.
5) Við gjaldflokk D bætast tollskrárnúmerin: 1806.2003, 1806.9023, 1806.9024, 1806.9025, 1806.9026, 1806.9028, 1806.9029, 2204.1001, 2204.2111, 2204.2121, 2204.2131, 2204.2141, 2204.2151, 2204.2161, 2204,2911, 2204.2921, 2204.2931, 2204.2941, 2204.2951, 2204.2961, 2204.3001, 2205.1001, 2205.9001, 2206.0001, 2206.0009 og 2208.1009.

2. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 11. gr. laga nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum, sbr. 7. gr. sömu laga, öðlast gildi 1. júlí 1994 og tekur til allra ótollafgreiddra vara.

Fjármálaráðuneytið, 16. júní 1994.

F. h. r.

Jón H. Steingrímsson.

Jón Guðmundsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 43 – 1994

Nr. 337 1118 16. júní 1994

REGLUGERÐ

um bann við rækjuveiðum fyrir Norðurlandi.

1. gr.

Allar rækjuveiðar eru bannaðar á eftirgreindum svæðum fyrir Norðurlandi:

1. Á svæði, sem markast af línum, sem dregnar eru á milli eftirgreindra punkta:

1. 67°15'N – 19°37'V
2. 67°02'N – 19°37'V
3. 67°02'N – 19°50'V
4. 67°05'N – 19°50'V
5. 67°05'N – 21°10'V
6. 67°10'N – 21°10'V
7. 67°15'N – 20°50'V

Þrátt fyrir bann í 1. tl. er skipum, sem stunda rækjuveiðar með seiðaskilju, heimilt að stunda rækjuveiðar á ofangreindu svæði. Seiðaskilju skal komið fyrir í belg vörpunnar og skal bil milli rimla vera í mesta lagi 21 mm. Á efra byrði vörpunnar fyrir framan skiljuna skal vera gat þar sem fiskur, sem ekki fer í gegnum skiljuna, skilst út.

2. Á svæði, sem markast af línum, sem dregnar eru á milli eftirgreindra punkta:

1. 67°03'N – 18°34'V
2. 67°03'N – 18°20'V
3. 66°53'N – 18°20'V
4. 66°53'N – 18°34'V

3. Á svæði, sem markast af línum, sem dregnar eru á milli eftirgreindra punkta:

1. 66°49'N – 19°20'V
2. 66°49'N – 19°12'V
3. 66°36'N – 19°12'V
4. 66°36'N – 19°20'V

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Steindórsprent Gutenberg hf.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 25. júní 1994 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Frá sama tíma fellur út gildi reglugerð nr. 482, 2. desember 1993, um bann við rækjuveiðum fyrir Norðurlandi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 16. júní 1994.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson

22. júní 1994 Nr. 338

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 247/1991, um endurgreiðslu virðisaukaskatts til erlendra fyrirtækja.

1. gr.

1. tölul. 1. mgr. 1. gr. orðast svo: Kaupa, aðvinnslu, geymslu eða flutnings á vörum, hálfunnum eða fullunnum, sem þau hafa vegna atvinnustarfsemi sinnar flutt úr landi í eigin nafni, svo og kaupa á þjónustu sem því tengist.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með heimild í 3. mgr. 43. gr. og 1. mgr. 49. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 22. júní 1994.

F. h. r.

Jón H. Steingrímsson.

Jón Guðmundsson.

Stjórnartíðindi B 43, nr. 337–338. Útgáfudagur 23. júní 1994.

STJÓRNARTÍÐINDI B 44 – 1994

Nr. 339 1120 22. júní 1994

REGLUGERÐ

um loðnuveiðar 1994/1995.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til loðnuveiða á tímabilinu frá og með 1. júlí 1994 til 1. maí 1995.

2. gr.

Aðeins skipum, sem aflamark hafa í loðnu, er heimilt að stunda loðnuveiðar. Veiðar umfram aflamark í loðnu varða gjaldtöku samkvæmt ákvæðum laga nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólöglegs sjávarafla.

3. gr.

Veiðar eru heimilaðar í lögsögu Íslands, Grænlands og Jan Mayen með þeirri takmörkun, að veiðar í lögsögu Grænlands eru bannaðar sunnan 64°30'N.

Ráðuneytinu er heimilt að stöðva loðnuveiðar í lögsögu Jan Mayen, þegar íslensku skipin hafa veitt 60% af heildarafla sínum í lögsögu Jan Mayen.

4. gr.

Skipstjóri veiðiskips skal, þegar skipið siglir inn í fiskveiðilögsögu Jan Mayen eða Grænlands, tilkynna staðsetningu skipsins hlutaðeigandi aðilum, samkvæmt leiðbeiningum ráðuneytisins þar að lútandi. Ennfremur um loðnuafla, sem veiddur er í lögsögu Grænlands og Jan Mayen.

5. gr.

Skipstjóri veiðiskips skal í skeyti tilkynna áætlaðan loðnuafla til veiðieftirlits Fiskistofu, strax þegar skip heldur til lands til löndunar afla. Skal tilgreina í tilkynningu reit þar sem afli er fenginn. Geta skal sérstaklega í aflatilkynningu ef afli er fenginn í lögsögu Grænlands eða Jan Mayen verði það ekki greint á uppgefnum reiti.

6. gr.

Rangar upplýsingar um aflamagn varða sviptingu veiðileyfis.

7. gr.

Ráðuneytið getur takmarkað eða bannað loðnuveiðar á ákveðnum svæðum í tiltekinn tíma þyki ástæða til þess, m.a. vegna verndunarsjónarmiða og til þess að stuðla að sem bestri hagnýtingu loðnustofnsins. Jafnframt getur ráðherra ákveðið, að aðeins stundi loðnuveiðar í tilraunaskyni ákveðinn fjöldi skipa í því skyni að kanna ástand loðnustofnsins undir eftirliti Hafrannsóknastofnunarinnar.

Steindórsprent Gutenberg hf.

8. gr.

Bannað er að veiða smáloðnu minni en 12 cm að lengd, sé hún verulegur hluti af loðnuafla fiskiskips. Lágmarksstærð loðnu er mæld frá trjónuoddi að sporðenda.

9. gr.

Sé skipstjóri fiskiskips í vafa um hlutfall smáloðnu í kasti, þá ber honum, áður en verulega hefur verið þrengt að loðnunni í nótinni að taka sýnishorn af aflanum í smáriðinn háf og mæla 100 loðnur valdar af handahófi. Reynist fleiri en 50 loðnur vera undir 12 cm að lengd ber honum að sleppa loðnunni þegar í stað.

10. gr.

Nú kemur loðnuveiðiskip með loðnufarm blandaðan smáloðnu til hafnar og er þá kaupanda aflans skylt að ganga úr skugga um, hvert sé hlutfall smáloðnu í aflanum, á þann hátt að tekin skulu þrjú sýnishorn valin af handahófi með 100 loðnum í hverju. Sé hlutur smáloðnu, sbr. 8. gr., að meðaltali úr þessum þremur sýnishornum meiri en 55%, skal kaupandi aflans gera veiðieftirliti Fiskistofu aðvart.

11. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum á reglugerð þessari, skal farið að hætti opinberra mála og varða brot á viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða.

12. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og laga nr. 34, 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Ákvæði til bráðabirgða.

Á loðnuvertíðinni 1994/1995, sbr. 1. gr., er íslenskum veiðiskipum heimilt að veiða 636.500 lestir af loðnu.

Sjávarútvegsráðuneytið 22. júní 1994.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 45 – 1994

Nr. 340 1122 16. júní 1994

AUGLÝSING

um nafn á sveitarfélagi því sem til verður við sameiningu Borgarnesbæjar, Hraunhrepps, Norðurárdalshrepps og Stafholtstungnahrepps.

Nafn hins nýja sveitarfélags (bæjar) skal vera Borgarbyggð.

Félagsmálaráðuneytið, 16. júní 1994.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Sesselja Árnadóttir.

Nr. 341 21. júní 1994

REGLUGERÐ

um veiðikort og sérstök veiðikort (hlunnindakort).

1. gr.

Skotveiðileyfi gilda sem veiðikort og sérstök veiðikort (hlunnindakort) frá og með 1. júlí 1994 til og með 31. mars 1995. Veiðikort skulu á þessum tíma vera frí.

2. gr.

Veiðikortshafi skal ætíð bera kortið á sér á veiðum og framvísa því sé þess óskað.

3. gr.

Hafi aðili ekki veiðikort og stundi veiðar án skotvopna, s.s. lundaveiðar með háfum, veiðar á fýls- og skarfsungum, minkaveiðar með gildrum o.s.frv. skal hann afla sér sérstakrar undanþágu hjá veiðistjóraembættinu er gildi til og með 31. mars 1995.

Telji eigandi veiðiréttar sig hafa heimild til nýtingar hlunninda skv. 18. gr. laga nr. 64/1994 skal hann afla sér staðfestingar viðkomandi sveitarstjórnar og sýslumanns á rétti sínum. Neiti þessir aðilar að staðfesta heimild veiðirétthafa sker umhverfisráðherra úr þeim ágreiningi.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 11. gr. laga nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, öðlast gildi 1. júlí 1994.

Umhverfisráðuneytið 21. júní 1994.

Össur Skarphéðinsson.

Magnús Jóhannesson.

Steindórsprent Gutenberg hf.

AUGLÝSING

um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár o.fl.

I. Almenn ákvæði um verðtryggingu.

1. gr.

Sparifé og lánsfé með vísitölutryggingu skal miðast við lánskjaravísitölu eins og Seðlabankinn auglýsir hana mánaðarlega, sbr. ákvæði 39. gr. laga nr. 13/1979 með áorðnum breytingum, reglugerð nr. 18/1989, um lánskjaravísitölu til verðtryggingar sparifjár og lánsfjár, og auglýsingu nr. 19/1989, um grundvöll lánskjaravísitölu til verðtryggingar sparifjár og lánsfjár.

2. gr.

Gengisbinding miðist við reikningsgengi, sem auglýst er með gildistöku frá og með 1. degi hvers mánaðar og er hið sama og skráð opinbert viðmiðunargengi (kaupgengi) Seðlabankans 21. dag undanfarandi mánaðar á reikningseiningu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (SDR) eða Evrópureikningseiningu (ECU). Falli gengisskráning niður skal síðast skráða opinbera viðmiðunargengi (kaupgengi) SDR eða ECU á ofangreindum viðmiðunardegi lagt til grundvallar. Seðlabankinn auglýsir reikningsgengi, sem gildir í hverjum mánuði, í Lögbirtingablaðinu. Sjá nánar reglugerð nr. 540/1988, um almenna heimild til að binda inn- og útlán við reikningsgengi SDR og ECU.

Innstæður á innlendum gjaldeyrisreikningum (IG reikningum) lúta hins vegar ákvæðum reglugerðar nr. 471/1992, sbr. auglýsingu Seðlabankans um upplýsinga- og tilkynningarskyldu vegna gjaldeyrisviðskipta frá 23. desember 1992.

3. gr.

Um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár vísast að öðru leyti til ákvæða VII. kafla laga nr. 13 10. apríl 1979.

II. Verðtryggðir innlánsreikningar í bönkum og sparisjóðum.

4. gr.

Innlánsstofnunum er því aðeins heimilt að taka á móti sparifé gegn verðtryggingu miðað við lánskjaravísitölu eða reikningsgengi að innstæða sé bundin í 12 mánuði eða lengur.

Innlánsstofnunum er þó heimilt að verðtryggja innlánsfé í eftirtöldum tilvikum:

1. Sé í samningsskilmálum kveðið á um að innstæða losni að afloknum upphaflega umsömdum binditíma í tiltekið tímabil, að hámarki 1 mánuð í senn, er heimilt að verðtryggja innstæðuna bindist hún á ný í 6 mánuði eða lengur.
2. Til og með 31. desember 1994 er heimilt að verðtryggja innlánsfé á óbundnum sparireikningum þar sem vísitölubinding nær aðeins til óhreyfðrar innstæðu á tólf mánaða tímabili, en innstæða umfram það beri nafnvexti.
3. Með samningi um reglulegan mánaðarlegan sparnað í minnst 12 mánuði, þar sem vísitölubinding nær til óhreyfðrar innstæðu í hverjum mánuði, en innstæða umfram það beri nafnvexti.
4. Á orlofsreikningum skv. ákvæðum laga um orlof, nr. 30 27. mars 1987.
5. Á skyldusparnaðarreikningum ungmenna hjá innlánsdeild Byggingarsjóðs ríkisins skv. ákvæði IV. til bráðabirgða í lögum nr. 97/1993 um Húsnæðisstofnun ríkisins.

5. gr.

Fyrir innstæðu á reikningi skal gefa út stofnskírteini, viðtökuskírteini eða bók. Innlánsstofnun skráir fullt nafn og heimilisfang reikningseiganda skv. I. tl. 39. gr. laga nr. 13/1979, ásamt kennitölu hans eða fyrirtækisnúmeri.

Verðbætur innstæðna á verðtryggðum innlánsreikningum eru reiknaðar á þann hátt sem segir í næstu þremur málsgreinum.

Verðbætur eru reiknaðar á tvennan hátt, þ.e. lægsta innstæða í almanaksmánuði tekur breytingum skv. lánskjaravísitölu eða reikningsgengi sé innstæða gengisbundin, en inn- og útborganir eru verðbættar innan mánaðarins með sérstökum verðbótum í formi vaxta, sem innlánsstofnanir auglýsa.

Fyrsta dag hvers mánaðar skal höfuðstóll, sem staðið hefur óhreyfður sl. mánuð, hafa tekið sömu hlutfallslegu breytingu og verður þá á lánskjaravísitölu, eða reikningsgengi, sé innstæða gengisbundin, hvort sem breytingin er til hækkunar eða lækkunar.

Innborgað fé ber sérstakar verðbætur frá innborgunardegi til næstu mánaðamóta, en þá leggjast þær við höfuðstólinn eftir vísitölu- eða gengisfærslu. Útborgað fé ber á sama hátt sérstakar verðbætur frá síðustu mánaðamótum að útborgunardegi, sem leggjast við höfuðstól um næstu mánaðamót. Sérstakar verðbætur innan úttektarmánaðar greiðast þó út með höfuðstól og áunnum vöxtum sé reikningur eyðilagður.

III. Verðtryggð útlán.

6. gr.

Lán með ákvæði um að höfuðstóll láns miðist að fullu við lánskjaravísitölu eða reikningsgengi skulu skráð á nafn og vera til tveggja ára hið minnsta, sbr. 39. gr. laga nr. 13/1979.

Höfuðstóll láns breytist í hlutfalli við breytingar á lánskjaravísitölu eða reikningsgengi frá grunnvísitölu eða grunngengi til fyrsta gjalddaga og síðan í hlutfalli við breytingar á vísitölunni eða genginu milli gjalddaga. Skal höfuðstóll lánsins breytast á hverjum gjalddaga, áður en vextir og afborgun eru reiknuð út. Grunnvísitala eða grunngengi skal vera lánskjaravísitala sú eða reikningsgengi það, sem í gildi er þegar lán er veitt, nema samningur eða eðli máls leiði til annars.

Gjalddagar láns skulu allir vera á sama degi mánaðar, þannig að tímabilið milli gjalddaga teljist í heilum mánuðum. Leitast skal við að hafa gjalddaga á sama degi mánaðar og lán er veitt, þannig að tímabilið frá lánveitingu til fyrsta gjalddaga teljist einnig í heilum mánuðum. Sé gjalddagi láns á einhverjum öðrum degi mánaðar en lánveiting á sér stað, skal til leiðréttingar reikna dagvexti með sérstökum verðbótum, fyrir frávikið innan lánveitingarmánaðar (mest 29 dagar). Við útborgun láns greiðir lánþegi dagvextina, ef gjalddagi er síðar í mánuði en lánveiting, en lánveitandi greiðir, ef gjalddagi er fyrr.

Á kvittunum skal jafnan gera nákvæma grein fyrir útreikningi greiðslu og áföllnum verðbótum.

IV. Jöfnuður verðtryggðra eigna og skulda innlánsstofnana.

7. gr.

Í reglulegum skýrslum (mánaðarskýrslum), eða sérstökum mánaðarlegum skýrslum innlánsstofnana til Seðlabankans, skal koma fram hve miklar verðtryggðar eignir og skuldir eru svo unnt sé að reikna í hverjum mánuði hlutfallið milli mismunar verðtryggðra eigna og skulda annars vegar og eigin fjár hins vegar. Með eigin fé í þessu sambandi vísast til skilgreiningar í gildandi lögum um viðskiptabanka og sparisjóði nr. 43/1993.

Með verðtryggðum eignum er hér átt við allar eignir sem verðtrygging gildir um, sbr. 1. gr. og 1. mgr. 2. gr. þ.e.a.s. verðtryggð útlán, verðtryggð skyldabréf og verðtryggðar innstæður í öðrum bönkum, þ.m.t. bundnar innstæður í Seðlabanka, séu þær verðtryggðar. Ennfremur skal telja með veðtryggðum eignum vaxtaskiptasamninga sem fela í sér verðtryggingu á eignahlið.

Með verðtryggðum skuldum er hér átt við allar skuldir sem verðtrygging gildir um, sbr. 1. gr. og 1. mgr. 2. gr. Með verðtryggðum skuldum telst því allt fé á sparireikningum þeim sem taldir eru í 4. gr. og útistandandi verðtryggð verðbréf sem hlutaðeigandi innlánsstofnun hefur gefið út. Innstæður skv. 2. tl. 2. mgr. 4. gr. skulu þó aðeins taldar að hálfu með verðtryggðum skuldum árið 1994. Ennfremur skal telja með verðtryggðum skuldum vaxtaskiptasamninga sem fela í sér verðtryggingu á skuldahlið.

8. gr.

Innlánsstofnanir skulu stefna að því að koma á jafnvægi milli verðtryggðra eigna og skulda eigi síðar en frá árslokum 1995. Sé verðtryggingarhalli innlánsstofnunar meiri en sem svarar 20% af eigin fé hennar og fer einhverju sinni hækkandi að meðaltali frá einum ársfjórðungi til annars skal hlutaðeigandi innlánsstofnun tafarlaust gera ráðstafanir sem miða að því að fyrir árslok 1995 verði umrætt hlutfall orðið lægra en 20%. Ráðstafanirnar skulu kynntar Seðlabankanum skriflega.

V. Gildistaka o.fl.

9. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er með tilvísun til ákvæða VII. kafla laga nr. 13 frá 10. apríl 1979 með áorðnum breytingum og reglugerðar nr. 540/1988, öðlast gildi 1. júlí 1994, og fellur þá jafnframt úr gildi auglýsing Seðlabankans um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár o.fl. frá 25. júní 1993.

Reykjavík, 23. júní 1994.

Seðlabanki Íslands.

Birgir Ísleifur Gunnarsson. Steingrímur Hermannsson. Eiríkur Guðnason.

16. júní 1994 Nr. 343

AUGLÝSING

um nafn á sveitarfélagi því sem til verður við sameiningu Helgafellssveitar og Stykkishólmsbæjar.

Nafn hins nýja sveitarfélags skal vera Stykkishólmsbær.

Félagsmálaráðuneytið, 16. júní 1994.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Sesselja Árnadóttir.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Sinfóníuhljómsveit æskunnar.

1. gr.

Stofnunin er sjálfseignarstofnun og heitir Sinfóníuhljómsveit æskunnar. Heimili hennar og varnarþing er í Reykjavík. Sinfóníuhljómsveit æskunnar er með sjálfstæðan fjárhag og lýtur sérstakri stjórn.

Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með stofnfé og þeim eignum sem hún kann að fá að gjöf eða eignast með öðrum hætti. Starfsár Sinfóníuhljómsveitar æskunnar er frá 1. janúar til 31. desember ár hvert.

2. gr.

Stofnfé Sinfóníuhljómsveitar æskunnar er 441.000 kr. sem þegar hefur verið greitt.

3. gr.

Markmið Sinfóníuhljómsveitar æskunnar er að gefa nemendum tónlistarskóla fjölbreytt tækifæri til að kynnast hljómsveitarverkum, íslenskum sem erlendum, afla sér reynslu í hljómsveitarleik í sinfóníuhljómsveit og að undirbúa sig svo sem kostur er fyrir atvinnumennsku í hljómsveitarleik.

Markmiðum sínum hyggst Sinfóníuhljómsveit æskunnar m.a. ná fram með eftirfarandi hætti:

a. Með a.m.k. tveimur hljómsveitarnámskeiðum á ári, sem spanni sem fjölbreytilegast svið tónbókmenntanna. Námskeiðin skulu standa yfir í um það bil 2 vikur hvert.
b. Með tónleikahaldi í lok hvers námskeiðs.
c. Með samstarfi og þátttöku í verkefnum Sinfóníuhljómsveitar Íslands eða annarra hljómsveita.
d. Með þátttöku Sinfóníuhljómsveitar æskunnar í alþjóðlegu samstarfi sem byggist m.a. á þátttöku einstaklinga, hópa eða fullskipaðrar hljómsveitar í námskeiðum og/eða tónleikahaldi hérlendis sem erlendis. Einnig verði erlendum tónlistarnemum gefinn kostur á að taka þátt í starfi Sinfóníuhljómsveitar æskunnar.
e. Með hljóðritunum til flutnings í ljósvakamiðlum eða til útgáfu.

4. gr.

Sinfóníuhljómsveit æskunnar er opin öllum tónlistarnemendum landsins, sem náð hafa lágmarksárangri á hljóðfæri sitt að mati hljómsveitarstjóra. Þátttaka nemenda miðast við hvert námskeið og sækja þeir um aðild sérstaklega hverju sinni að höfðu samráði við kennara sinn. Ef hljómsveitarstjóri æskir þess skulu nemendur taka þátt í hæfnisprófi (prufuspili). Ef ekki tekst að fullskipa hljómsveitina með nemendum hefur hljómsveitarstjóri í samráði við framkvæmdastjóra heimild til að fylla auð sæti með öðrum hljóðfæraleikurum, hvort heldur er áhuga- eða atvinnumönnum.

5. gr.

Í stjórn Sinfóníuhljómsveitar æskunnar sitja þrír menn til tveggja ára í senn. Einn skal skipaður af Samtökum tónlistarskólastjóra, annar af Tónlistarráði Íslands og sé hann tónskald eða tónlistarflytjandi og þriðji af menntamálaráðherra. Stjórnin kýs sér formann.

6. gr.

Stjórn Sinfóníuhljómsveitar æskunnar ber að vinna að markmiðum hljómsveitarinnar og kemur fram fyrir hennar hönd gagnvart þeim sem veita henni fjárhagslegan stuðning. Hún ber ábyrgð á því að staðið sé við fjárhagsáætlun, hefur umsjón með rekstri og fjárhag stofnunarinnar.

7. gr.

Stjórn hljómsveitarinnar ræður aðalhljómsveitarstjóra og gestastjórnendur og skiptir stjórnin verkum með þeim. Aðalhljómsveitarstjóri gerir tillögur til stjórnar um gestastjórnendur. Aðalhljómsveitarstjóri fer með listræna stjórn hljómsveitarinnar.

Aðalhljómsveitarstjóri skal leggja tillögur að starfsáætlun og heildarverkefnavali fyrir stjórnina til samþykktar eigi síðar en 9 mánuðum fyrir upphaf hvers starfsárs. Einnig skal hann leggja fram áætlun yfir leiðbeinendur á hverju námskeiði og fjölda hljóðfæraleikara ásamt hljóðfæraskipan í hverju verki. Tillögur aðalhljómsveitarstjóra eru háðar samþykki stjórnar hvað varðar fjárhagslegan ramma starfseminnar. Miða skal við að tímasetning námskeiða falli sem best að starfi tónlistarskólanna.

8. gr.

Stjórn Sinfóníuhljómsveitar æskunnar ræður framkvæmdastjóra að höfðu samráði við aðalhljómsveitarstjóra. Framkvæmdastjóri fer með daglegan rekstur og stjórn fjármála Sinfóníuhljómsveitar æskunnar í umboði stjórnar. Hann undirbýr fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár, sem skal lögð fyrir stjórnina eigi síðar en 1. maí ár hvert. Framkvæmdastjóri vinnur að fjáröflun og annast reikningsskil. Framkvæmdastjóri aðstoðar aðalhljómsveitarstjóra við undirbúning og skipulagningu námskeiða og tónleika og aðstoðar hljómsveitarstjóra á meðan á námskeiðum stendur.

9. gr.

Tekjur Sinfóníuhljómsveitar æskunnar eru opinber framlög frá ríki og sveitarfélögum, þátttökugjöld frá tónlistarskólum og nemendum á námskeiðum, tekjur af miðasölu og upptökum auk frjálsra framlaga frá einstaklingum, fyrirtækjum og samtökum og annars aflafjár. Tekjum og eignum Sinfóníuhljómsveitar æskunnar má einvörðungu verja í þeim tilgangi sem samrýmist markmiðum stofnunarinnar.

10. gr.

Reikningsár hljómsveitarinnar er frá 1. janúar til 31. desember ár hvert. Framkvæmdastjóri skal í fyrstu viku marsmánaðar leggja eftirfarandi gögn fyrir stjórn Sinfóníuhljómsveitar æskunnar til afgreiðslu:

a. Skýrslu um starfsemi síðasta starfsárs.
b. Endurskoðaðan ársreikning liðins starfsárs.

Reikningar Sinfóníuhljómsveitar æskunnar skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda, sem skipaður er af stjórn til a.m.k. tveggja ára í senn. Endurskoðaðir reikningar skulu sendir Ríkisendurskoðun eigi síðar en 30. júní ár hvert fyrir næst liðið ár ásamt skýrslu um hvernig fé stofnunarinnar hefur verið ráðstafað á því ári.

11. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari. Skipulagsskránni verður aðeins breytt með samþykki allra stjórnarmanna og skulu þær hljóta staðfestingu dómsmálaráðherra.

Verði starfsemi Sinfóníuhljómsveitar æskunnar hætt og stofnunin lögð niður skulu

eignir hennar renna til eflingar tónlistarlífs í landinu. Menntamálaráðherra skipar sérstaka nefnd þriggja manna, sem hafa staðgóða þekkingu á íslensku tónlistarlífi, sem gerir tillögur til menntamálaráðherra um hvernig fjármunum og eignum stofnunarinnar verði best varið í því skyni.

Bráðabirgðaákvæði.

Fyrsta tilnefning í stjórn skal fara fram innan mánaðar frá því að skipulagsskrá þessi er staðfest og lætur núverandi stjórn Sinfóníuhljómsveitar æskunnar þá af störfum. Fyrsta stjórnin sem starfar samkvæmt þessari skipulagsskrá skal sitja til 31. desember 1996.

Reykjavík, 12. apríl 1994.

F.h. fráfarandi stjórnar
Sinfóníuhljómsveitar æskunnar,

Halldór Haraldsson,
Runólfur Birgir Leifsson,
Gunnar Gunnarsson.

F.h. menntamálaráðuneytisins,

Ólafur G. Einarsson menntamálaráðherra.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 10. júní 1994.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Jón Thors.

Nr. 345 20. júní 1994

REGLUGERÐ

um að aflétta friðun svartbaks, sílamáfs, silfurmáfs og hrafns.

1. gr.

Friðun svartbaks, sílamáfs, silfurmáfs og hrafns er aflétt allt árið.

2. gr.

Við veiðar á þessum fuglum má eingöngu nota skotvopn sem úr má skjóta fríhendis frá öxl. Óheimilt er að nota haglabyssu með hlaupvídd stærri en nr. 12

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með heimild í 17. gr. laga nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum öðlast gildi 1. júlí nk.

Umhverfisráðuneytið 20. júní 1994.

Össur Skarphéðinsson.

Magnús Jóhannesson.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir sjálfseignarstofnunina Mannréttindastofnun Háskóla Íslands.

1) Stofnendur eru Háskóli Íslands, Lögmannafélag Íslands og Dómarafélag Íslands.

2) Stofnendur leggja fram kr. 500.000 fjárframlag til stofnunarinnar sem skal vera óskerðanlegur höfuðstóll og ávaxta skal með tryggilegum hætti. Háskóli Íslands leggur fram 3/4 hluta stofnframlags en Lögmannafélag Íslands 1/4.

3) Heimilisfang og varnarþing stofnunarinnar er í Reykjavík. Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum. Hún er ekki háð neinum öðrum lögaðilum. Meginstarfsemi stofnunarinnar fer fram innan veggja háskólans eða á þeim stað sem stjórn stofnunarinnar ákveður síðar.

4) Megintilgangur stofnunarinnar er að vinna að rannsóknum á lögfræðilegum þáttum mannréttinda, annast dreifingu á niðurstöðum þeirra og að styðja við kennslu á þessu sviði. Stofnuninni er heimilt að rannsaka aðra þætti mannréttinda eftir því sem stjórn stofnunarinnar ákveður hverju sinni.

Í þessu skyni skal stjórn stofnunarinnar vinna að því að koma upp bókasafni, stofna til fræðslufunda um mannréttindamálefni og styrkja stúdenta, kennara, lögmenn, dómara og aðra til náms og kynningarfunda um mannréttindamálefni.

5) Stjórn stofnunarinnar skal skipuð fjórum mönnum og tveimur til vara til tveggja ára í senn. Háskólaráð kýs tvo stjórnarmenn og einn til vara en stjórn Lögamnnafélags Íslands og Dómarafélags Íslands einn mann af hálfu hvors aðila og einn til vara. Ákvarðanir á stjórnarfundum eru teknar með meirihluta atkvæða.

6) Stjórnin skal framfylgja meginmarkmiðum stofnskrár þessarar og einstökum ákvæðum hennar. Hún skal taka allar meiri háttar ákvarðanir á vegum stofnunarinnar. Stjórnin ákveður m.a. stefnu stofnunarinnar almennt og í einstökum málefnum, sér um bókhald, gerir rekstraráætlanir og ræður starfslið.

7) Boða skal til stjórnarfunda með tryggilegum hætti. Enga mikilvæga ákvörðun má taka fyrir hönd stofnunarinnar nema stjórnin sé fullskipuð. Stjórnarmaður má ekki taka þátt í meðferð einstaks máls ef það málefni sem fyrir liggur til ákvörðunar skiptir hann verulegu máli fjárhagslega eða siðferðilega. Aðalatriði þess sem fram fer á stjórnarfundum skal færa til bókar.

8) Stjórnin er að öll leyti óháð boðvaldi stofnenda eða annarra aðila. Árlega og ávallt samkvæmt sérstakri beiðni skal hún gefa háskólaráði og stjórn Lögmannafélags Íslands og Dómarafélags Íslands skýrslu um starfsemi sína og svara þeim fyrirspurnum sem þessir aðilar beina að henni.

9) Stjórninni er heimilt, ef hún er einhuga og ef fjárhagur og aðrar aðstæður leyfa, að ráða forstöðumann sem sitja skal stjórnarfundi með fullu málfrelsi. Honum skal setja erindisbréf.

10) Stofnunin aflar rekstrartekna m.a. með því:
   a) að veita viðtöku styrkjum og öðrum fjárframlögum,
   b) að taka lán,
   c) að hafa tekjur af rekstri.

11) Stjórn má ráðstafa eignum stofnunarinnar:
   a) til frekari uppbyggingar stofnunarinnar,

b) til rannsókna, kennslu og menntunarmála sem tengjast megintilgangi stofnunarinnar.

12) Til þess að stofnunin geti náð megintilgangi sínum er stjórninni heimilt fyrir hönd stofnunarinnar að eiga samstarf við aðra aðila og gerast í því skyni aðili að samstarfssamningi um lengri eða skemmri tíma. Gert er ráð fyrir því í upphafi að stofnunin geri sérstakt samkomulag við Háskóla Íslands um aðstöðu og nauðsynlega aðstoð starfsmanns. Gera skal skriflegt samkomulag um slíkt samstarf.

13) Stjórninni er heimilt að stofna fulltrúaráð sér til ráðuneytis sem í eiga sæti aðilar frá þeim samtökum sem vinna að markmiðum stofnunarinnar. Stjórnin skal setja skriflegar reglur sem að þessu lúta og kynna þær fyrir stofnendum.

14) Stofnendur geta breytt stofnskrá þessari með samkomulagi sínu. Þrír af fjórum stjórnarmönnum stofnunarinnar skuli vera meðmæltir slíkum breytingum.

15) Stofnuninni verður slitið með sameiginlegri ákvörðun stofnenda og skulu tveir stjórnenda vera því meðmæltir. Leita skal samþykkis dómsmálaráðuneytisins fyrir slitunum. Tveir menn, lögmenn eða löggiltir endurskoðendur, sem stofnendur tilnefna sameiginlega skulu sjá um skuldaskil og aðrar aðgerðir í sambandi við skiptin. Telji skilanefndarmenn að stofnunin geti ekki staðið í skilum við lánardrottna sína eða að vafi leiki á því skulu þeir óska eftir gjaldþrotaskiptum fyrir hennar hönd. Í öðrum tilvikum skulu eignir, að lokinni greiðslu eða tryggingu skulda, renna til Háskólans.

16) Stjórn sjálfseignarstofnunarinnar skal ganga frá reikningum stofnunarinnar fyrir 1. júní ár hvert. Þeir skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda sem stjórn stofnunarinnar ræður til tveggja ára í senn.

17) Um reikningshald fer að l. nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

18) Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 14. apríl 1994.

f.h. Háskóla Íslands skv. umboði,
Sveinbjörn Björnsson,

Reykjavík, 8. maí 1994.

f.h. Lögmannafélags Íslands skv. umboði,
Ragnar Aðalsteinsson,

Reykjavík, 2. maí 1994.

f.h. Dómarafélags Íslands skv. umboði,
Valtýr Sigurðsson.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 10. júní 1994.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Jón Thors.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Flugminjasafn Egils Ólafssonar að Hnjóti, Örlygshöfn, Vestur-Barðastrandasýslu.

1. gr.

Safnið heitir Flugminjasafn Egils Ólafssonar.

2. gr.

Stofnendur safnsins hjónin Egill Ólafsson og Ragnheiður Magnúsdóttir ásamt sonum sínum Ólafi, Gunnari og Kristni Þór hafa með gjafabréfi dagsettu 18. mars 1992 gefið flugmálastjórn til fullrar eignar alla muni, sem samkvæmt skrá hefur nú verið komið í Flugminjasafn Egils Ólafssonar að Hnjóti og fylgir skráin bréfinu. Samgönguráðherra veitti gjöfinni viðtöku með undirritun sinni hinn 31. mars 1992.

3. gr.

Stofnfé safnsins er flugminjasafn, sem stofnendur gáfu samkvæmt fyrrgreindu gjafabréfi og munaskrá sem fylgdi því.

4. gr.

Tilgangur safnsins er að efla og styrkja íslenska flugsögu með verðveislu flugminja og hafa þær til sýnis almenningi. Þeim markmiðum skal ná með því að veita fé til aukningar og endurbóta á aðbúnaði safnsins og með öflun fleiri muna er tengjast flugsögunni.

5. gr.

Stjórn safnsins skal skipuð 3 mönnum og skiptir stjórnin sjálf með sér verkum. Tveir eru tilnefndir af flugmálastjóra og stjórn Félags íslenskra atvinnuflugmanna, einn frá hvorum aðila til fjögurra ára í senn. Meðan Egils Ólafssonar nýtur við skal hann vera sjálfkjörinn í safnstjórnina, en eftir hans daga verður einn af þremur stjórnarmönnum tilefndur af afkomendum Egils Ólafssonar og Ragnheiðar Magnúsdóttur úr þeirra hópi.

6. gr.

Flugmálastjórn ber ábyrgð á fjárvörslu og annast rekstur og viðhald safnsins þar með talið bókhald og fjármálastjórn, og skal gera ráð fyrir rekstri og viðhaldi safnsins við fjárlagagerð.

Tekjur safnsins til að auka við eignir þess eru samkvæmt ákvörðun Alþingis. Safnstjórn er þó heimilt að taka við gjafafé og hlutum. Tekna skal aflað til rekstrar safnsins með aðgangseyri, gjafafé og framlagi samkvæmt heimildum á fjárlögum.

7. gr.

Reikningsár safnsins er almanaksárið. Flugmálastjórn skal eigi síðar en 30. júní ár hvert senda Ríkisendurskoðun reikning flugminjasafnsins endurskoðaðan af endurskoðanda flugmálastjórnar fyrir næstliðið ár ásamt skýrslu um hvernig fé safnsins hefur verið ráðstafað á því ári.

Stjórn safnsins skal jafnframt tilkynna sjóðaskrá hverjir skipi stjórn hverju sinni.

8. gr.

Eigi má selja eða veðsetja fasteignir sem eru eign safnsins, nema að fengnu samþykki dómsmálaráðherra.

9. gr.

Nú hafa þjóðfélagshættir og aðstæður breyst svo mjög frá því að skipulagsskrá safnsins var staðfest að markmiðum þeim, sem skipulagsskrá gerir ráð fyrir, verður eigi náð eða stjórn verður ekki skipuð samkvæmt ákvæðum hennar og er dómsmálaráðherra þá heimilt að breyta skipulagsskrá. Við slíka breytingu skal þess gætt að fara eftir óskum stofnenda svo sem unnt er. Ef unnt er skal fá samþykki stjórnar safnsins til breytinganna.

10. gr.

Að ósk gefenda skal safnið halda sér sem ein heild um ókomin ár og skal það varðveitt í þeim húsakynnum sem því hafa verið eða munu verða búin að Hnjóti.

11. gr.

Að öðru leyti fer um stjórn safnsins samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988 og í samræmi við þjóðminjalög nr. 88/1989 eftir því sem við á.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 10. júní 1994.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Jón Thors.

Fylgiskjal 1:

GJAFABRÉF

Með bréfi þessu gefa hjónin, Egill Ólafsson og Ragnheiður Magnúsdóttir, Hnjóti, Vestur-Barðastrandasýslu, alla muni sem nú hefur verið komið í Flugminjasafn Vestur-Barðastrandasýslu, að Hnjóti.

Safnið er skráð í bráðabirgðaskrá, sem fylgir gjafabréfi þessu, en gefendur munu síðar gera fyllri skrá yfir munina. Safnið er gefið Flugmálastjórn til fullrar eignar og telst Flugmálastjórn eigandi þess frá deginum í dag að telja.

Gjöfin er bundin eftirfarandi skilyrðum:

1. Að safnið beri nafnið „Flugminjasafn Egils Ólafssonar".
2. Að safnstjórn verði skipuð þremur mönnum, sem tilnefndir verði af Flugmálastjóra og stjórn Félags Íslenskra Atvinnuflugmanna, einum frá hvorum til fjögurra ára í senn og skipti stjórnin með sér verkum.
   Meðan Egils Ólafssonar nýtur við, skal hann sjálfkjörinn í safnstjórnina, en eftir hans dag verði einn af þremur stjórnarmönnum kjörinn af afkomendum Egils Ólafssonar og Ragnheiðar Magnúsdóttur úr þeirra hópi.
3. Að safnið fái að halda sér sem ein heild um ókomin ár og að það verði varðveitt í þeim húsakynnum, sem því hafa verið eða verða búin, að Hnjóti.
4. Flugmálastjórn annist rekstur og viðhald safnsins.

Gert að Hnjóti þann 18. mars 1992.

Ragnheiður Magnúsdóttir **Egill Ólafsson.**

Við undirritaðir samþykkjum í einu og öllu framangreinda ráðstöfun.

Ólafur Egilsson **Gunnar Egilsson** **Kristinn Þór Egilsson.**

Höfðingsgjöf þessi er móttekin með þakklæti, 31. mars 1992.

Halldór Blöndal,
samgönguráðherra.

Fylgiskjal 2:

Flugminjasafn Egils Ólafssonar, Hnjóti.

Safnaskrá:

Flugstöð frá Patreksfjarðarflugvelli, notuð sem flugstöð frá 18. nóvember 1965 til 9. janúar 1985.

Hlutir til sýnis í flugstöðinni tengdir starfsemi í húsinu:
Stólar og borð.
Fyrsta talstöðin.
Fyrsta símatækið.
Síðasta símatækið.
Fyrsta símatækið fyrir farþega.
Fyrsta símaskráin.
Síðasta símaskráin.
Fyrsta slökkvitækið notað við gangsetningu Fokker F. 27-200.
Móttakari fyrir radíóvitana BT og PA.
Tvær gerðir af brautarluktum (notaðar við sjúkraflug).
Aðrir hlutir til sýnis í húsinu:
Sjúkrakarfa er notuð var í vélum Björns Pálssonar flugmanns.
Súrefnistæki (sjúkraflug).
Flugvélaskrúfa (gömul gerð).
Flugvélaskrúfa með stillanlegum skurði.
Merkjabyssa frá fyrstu árum flugsins.
Miðunarstöð, gömul gerð (flugvél).
Miðunarstöð, ný gerð (flugvél).
Fyrstu brautarluktir er notaðar voru á landinu.
Ratar, notaður við flug til Ísafjarðar árin 1964 til 1972.
Mynd af Grími Jónssyni er annaðist ratarinn meðan hann var í notkun.
Fjölsími (notaður í flugstjórn).
Neyðarsendir úr flugvél (gömul gerð).
Ratarsvari (sennilega fyrsta gerð er notuð var í heiminum).
Ratarsvari, tvær gerðir er sýna þróun þessa tækis.
Frímerkjavél (stimpilvél) notuð hjá Flugmálastjórn fyrir tugum ára.
Reikningstokkar (notaðir í flugvélum við flugleiðsögu).
Talstöð, Boeing TF-VLB.
Talstöð, Gonset/V.H.T.
Viðtæki (móttökutæki Agnars Kofoed-Hansen flugmálastjóra).
Handvirkt símatæki (Keflavík, flugstjórn).
Handvirkt símatæki (Hornafjörður, flugstjórn).
Krónometir (flugvél).

Brautarlukt (Reykjavíkurflugvöllur árið 1944).
Áttaviti TF-ISH (árið 1946) síðar TF-NPK.
Stálþynna úr flugrita (svörtum kassa).
Tæki til að lesa af stálþynnu úr flugrita, svarta kassanum (sennilega fyrsta gerð sinnar tegundar í heiminum).
Sextant (flugvél), gjöf frá yfirmanni varnarliðsins í Keflavík.
Manual (handbók) Fokker 50, gjöf frá yfirflugstjóra. Fokkerflugvélaverksmiðjanna í Hollandi.
Flugstöð Þingeyrarflugvöllur, notuð sem flugstöð árin 1970 til 1984:
Flugstöðin er stýrishús af skipinu Hamona ÍS-29.
Hlutir til sýnis í flugstöðinni tengdir starfsemi í húsinu:
Talstöð séra Stefáns Eggertssonar flugvallarvarðar.
Stóll séra Stefáns.
Kaffibúnaður séra Stefáns er hann notaði fyrir áhöfn Fokkerflugvélanna.
Bollar er séra Stefán notaði fyrir flugmenn flugfélagsins Ernis, Ísafirði.
Baujuluktir er séra Stefán notaði sem brautarluktir (sjúkraflug).
Aðrir hlutir til sýnis í húsinu:
Morselampi TF-ISP (Gamli Pétur).
Brunakrani, Reykjavíkurflugvöllur árið 1941.
Toppljós af fyrsta Flugturninum í Reykjavík.
Neyðarblys er notuð voru í flugvélum og skipum á stríðsárunum.
Talstöð sömu gerðar og notuð var í stýrishúsinu á Hamonu ÍS-29 (Íslensk smíði).
Staglukt (leguljós) sömu gerðar og var í Hamonu ÍS-29.
Náms- og handbækur Íslenskra atvinnuflugmanna, sýnishorn af starfi flugmannsins.
Hópmynd af flestum þeim flugmönnum Flugfélags Íslands er notið hafa afgreiðslu í þessari merkilegustu flugstöð Íslands.
Radíóvitahús, eitt af fyrstu radíóvitahúsum landsins, sett upp á Garðaholti við Hafnarfjörð (aðflug fyrir Reykjavíkurflugvöll).
Radíóviti (gömul gerð).

Þetta eru þeir hlutir er afhentir voru þegar ég tók þá ákvörðun að gefa safnið. Síðan hef ég bætt við miklu myndefni og hlutum er varða flugsöguna sem verða eign safnsins þegar það verður tölvuskrásett..

Í minni eigu eru margir hlutir er minna á flugsögu okkar. Þeim mun ég koma fyrir í safninu þegar ég fæ húspláss til að hafa þá til sýnis. Verða þeir þar með eign safnsins..

Það er margra ára verk að byggja upp flugminjasafn sem þetta, safn sem sýnir baráttuvilja og framsýni þeirra manna er fært hafa íslensku þjóðina inn á flugsögu heimsins..

Hnjóti, 1. maí 1994.
Egill Ólafsson.

SKIPULAGSSKRÁ

Gerðuminningar, minningarsjóðs um Þorgerði Þorvarðsdóttur húsmæðrakennara.

Sjóðurinn er gefinn til minningar um Guðríði Þorgerði Þorvarðsdóttur, af vandamönnum hennar og vinum, og var 31. maí 1951 rúmar tuttuguguogfimmþúsund krónur.

Þorgerður fæddist að Stað í Súgandafirði 27. september 1916 og fórst í flugslysinu mikla við Héðinsfjörð, 29. maí 1947.

Hún tók próf frá Kvennaskólanum í Reykjavík 1934 og vann síðan skrifstofustörf þar til hún fór í Húsmæðrakennaraskóla Íslands 1942 og lauk húsmæðrakennaraprófi 1944. Hún kenndi við Austurbæjarskólann 1944-45, var við framhaldsnám í Minnesótaháskóla í Bandaríkjunum 1945-46 og fór í námsferð til Englands og Norðurlanda haustið 1946.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Gerðuminning og er til minningar um Guðríði Þorgerði Þorvarðsdóttur húsmæðrakennara. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Sjóðurinn var hinn 31. desember 1993 kr. 437.272,49.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja til framhaldsnáms eða sérstakra verkefna efnalitla húsmæðrakennara eða kennara (B. ed.) með húsmæðrakennslu sem valgrein enda hafi þeir kynnt sig að áhuga og dugnaði í námi og starfi.

4. gr.

Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun í vörslu þriggja manna sjóðstjórnar. Hana skipa húsmæðrakennari eða lektor húsmæðrakennsluviðs Kennaraháskólans, fulltrúi Húsmæðrakennarafélagsins, kosinn á aðalfundi þess til fjögurra ára og einhver ættingja Þorgerðar Þorvarðsdóttur, tilnefndur af þeim. Sjóðstjórnin skiptir þannig með sér störfum að einn er formaður, annar gjaldkeri og þriðji ritari. Stjórnin velur sér tvo varamenn. Þá skal boða á hvern fund og hafa þeir tillögurétt en ekki atkvæðisrétt nema þeir taki sæti aðalmanns.

5. gr.

Sjóðstjórnin skal ávaxta sjóðinn í tryggum verðbréfum er ábyrgð ríkissjóðs fylgir eða á annan öruggan hátt er hún telur heppilegt hverju sinni. Sjóðinn má efla með minningargjöfum og öðrum framlögum sem sjóðstjórnin samþykkir. Reikningsárið er almanaksárið og skal senda reikninginn Ríkisendurskoðun fyrir 30. júní ár hvert og birta hann einnig með ársreikningum Húsmæðrakennarafélagsins.

6. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Helming vaxta skal leggja við höfuðstólinn þangað til sjóðurinn nemur krónum 500.000,00. Eftir það skal leggja 1/10 vaxta við höfuðstólinn. Þá má færa út starfssvið sjóðsins ef ástæða þykir til en hann skal þó fyrst og fremst vera styrktarsjóður. Komi það fyrir eitthvert ár að ekki sé veittur styrkur úr sjóðnum eða eigi svo hár sem leyfilegt er, skulu vextir þeir sem til útborgunar koma en eigi er úthlutað lagðir við höfuðstólinn eða bætt við úthlutun næsta árs eftir ákvörðun sjóðstjórnar, en þá lagðir við höfuðstól sé ekki úthlutað á því ári.

7. gr.

Styrkinn skal auglýsa með tilkynningu í Kennaraháskóla Íslands og í fréttabréfi Hússtjórnarkennarafélags Íslands að hausti ár hvert. Umsóknir um styrk úr sjóðnum ber að senda formanni sjóðstjórnar fyrir janúarlok ár hvert og er fjallað um þær á fundi sjóðstjórnar. Úthlutun á styrk skal fara fram fyrir 10. mars hið sama ár. Eigi má veita sömu manneskju styrk oftar en þrisvar sinnum.

8. gr.

Verði Hússtjórnarkennarafélag Íslands lagt niður getur stjórn sjóðsins ákveðið hvernig sjóðnum skuli varið. Þó skal ráðstafa sjóðnum þannig að hann stuðli að því að efla hússtjórnarfræðsluna í landinu.

9. gr.

Stjórn sjóðsins getur breytt skipulagsskrá þessari enda sé hún einhuga um breytinguna.

10. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

11. gr.

Skipulagsskrá þessi kemur í stað skipulagsskrár Gerðuminningar frá 1951.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 10. júní 1994.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Jón Thors.

Nr. 349 10. júní 1994

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir verðlaunasjóð Guðmundar P. Bjarnasonar frá Sýruparti, Akranesi.

1. gr.

Tilgangur sjóðsins er að auka áhuga og iðni við nám í grunnskólum Akraness, með því að verðlauna þá nemendur, sem fá hæstu einkunn við burtfararpróf úr Brekkubæjarskóla og Grundaskóla.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 733.110,00.

3. gr.

Sjóðurinn skal vera í vörslu útibús Landsbanka Íslands á Akranesi, er ávaxtar hann eftir því sem hagkvæmast er á hverjum tíma, og annast bókhald hans og alla umsjón, og endurskoðun.

4. gr.

Höfuðstól sjóðsins má ekki skerða, og leggja skal helming vaxta við höfuðstólinn árlega, þó skal allur kostnaður við umsjón sjóðsins greiðast af vöxtum hans áður.

5. gr.

Árlega skal varið, að frádregnum kostnaði, helming vaxta til verðlauna, er skiptast á milli skólanna og afhendist með skrautrituðu skjali undirrituðu af skólastjóra, um leið og prófskírteini er látið af hendi, í fyrsta sinn greiðist verðlaun vorið 1995.

6. gr.

Þegar sjóðurinn er orðinn 2 milljónir, er leyfilegt að skipta verðlaunum milli þriggja skóla, bæta nemanda úr Fjölbrautaskóla á Akranesi við.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skipa: einn frá Landsbanka Íslands á Akranesi og svo skólastjórar skólanna.

8. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

9. gr.

Sjóðurinn verður aðeins lagður niður með samhljóða ákvörðun stjórnar hans og renni þá fé hans til skólamála á Akranesi eftir því sem stjórnin ákveður.

Akranesi, 13. maí 1994.

Guðmundur P. Bjarnason.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr, 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 10. júní 1994.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Jón Thors.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Sinfóníuhljómsveit Norðurlands.

1. gr.

Sinfóníuhljómsveit Norðurlands, áður Kammerhljómsveit Akureyrar, er stofnuð að frumkvæði Tónlistarfélags Akureyrar og Tónlistarskólans á Akureyri.

2. gr.

Sinfóníuhljómsveit Norðurlands er sjálfseignarstofnun með heimili og varnarþing á Akureyri.

3. gr.

Meginmarkmið Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands er að stuðla að auknu tónlistarlífi og menningarstarfsemi á Norðurlandi með tónleikahaldi.

4. gr.

Stofnfé Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands er 500 þúsund krónur. Stofnfé má ekki skerða.

5. gr.

Tekjur Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands eru eftirfarandi:

a) Framlag menntamálaráðuneytis og Akureyrarbæjar samkvæmt sérstökum samningi þessara aðila og Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands,
b) aðgöngumiðasala að tónleikum,
c) gjafir og styrkir til Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands,
d) sala auglýsinga og styrktarlína í efnisskrár,
e) sala á upptökum af tónleikum og
f) aðrar tekjur.

6. gr.

Hljómsveitarráð skal skipað 6 mönnum sem skipaðir eru til eins árs í senn:

a) Stjórn Tónlistarfélags Akureyrar tilnefnir formann og tvo aðra fulltrúa og skulu þeir ekki gegna föstu starfi hjá hljómsveitinni.
b) Fastir hljóðfæraleikarar hljómsveitarinnar, sbr. 4. mgr. 8. gr., tilnefna 2 fulltrúa.
c) Bæjarstjórn Akureyrar tilnefnir 1 fulltrúa.

Hljómsveitarráð tekur allar meginákvarðanir er hljómsveitina varða svo sem um gerð fjárhagsáætlunar, ráðningu fastra starfsmanna svo og um samninga við tónlistarmenn. Hljómsveitarráð tekur einnig ákvarðanir um tónleikahald að fengnum tillögum verkefnavalsnefndar, sjá 8. gr.

Fastir starfsmenn Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands sitja fundi hljómsveitarráðs með málfrelsi og tillögurétt ásamt skólastjóra Tónlistarskólans á Akureyri.

7. gr.

Formaður boðar til funda í hljómsveitarráði. Honum er skylt að halda fund ef a.m.k.

tveir stjórnarmenn krefjast þess. Fundur er ályktunarfær ef formaður og tveir hljómsveitarráðsmenn eða varamenn sækja hann, hið fæsta. Afl atkvæða ræður úrslitum á fundum en falli atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns. Gerðir hljómsveitarráðs skulu bókfærðar.

8. gr.

Þriggja manna verkefnavalsnefnd skal starfa í nánu samráði við hljómsveitarráð. Í henni sitja:

- einn fulltrúi fastra hljómlistarmanna í Sinfóníuhljómsveit Norðurlands
- einn fulltrúi hljómsveitarráðs og
- aðalhljómsveitarstjóri.

Fulltrúar í verkefnavalsnefnd eru tilnefndir til eins árs í senn.

Fastir hljómlistarmenn í hljómsveitinni teljast þeir sem starfa á Norðurlandi og hafa leikið með henni a.m.k. tvisvar á undangengnu starfsári.

Verkefnavalsnefnd á að gera tillögu að tónleikum og verkefnavali komandi starfsárs og leggja þær fyrir hljómsveitarráð til samþykktar eigi síðar en í lok maí.

9. gr.

Reikningsár Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands er frá 1. júlí ár hvert til 30. júní næsta ár og skulu endurskoðendur hafa lokið endurskoðun reikninga fyrir lok septembermánaðar ár hvert. Endurskoðaðir reikningar skulu kynntir á aðalfundi Tónlistarfélags Akureyrar. Menntamálaráðuneytið og bæjarstjórn Akureyrar tilnefna hvor sinni endurskoðanda reikninga hljómsveitarinnar til tveggja ára í senn.

10. gr.

Hljómsveitarráð getur ákveðið að leggja hljómsveitina niður ef 5 hljómsveitarráðsmenn eru því samþykkir. Leggist starfsemi Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands niður skulu eignir hennar varðveittar á vegum Tónlistarskólans á Akureyri uns komið hefur verið á fót á nýju sambærilegri eða svipaðri starfsemi, en þá getur skólanefnd Tónlistarskólans ákveðið að ráðstafa eignunum til hennar.

11. gr.

Skipulagsskrá þessari má breyta að tillögu hljómsveitarráðs með samþykki bæjarstjórnar Akureyrar og menntamálaráðuneytisins. Leita skal staðfestingar dóms- og kirkjumálaráðuneytis á þessari skipulagsskrá og hugsanlegum síðari breytingum.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 10. júní 1994.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Jón Thors.

REGLUGERÐ

um undirbúning og framkvæmd álagningar og innheimtu undirboðs- og jöfnunartolla.

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

Gildissvið.

1. gr.

Reglugerð þessi kveður á um sérstakar aðgerðir til þess koma í veg fyrir að erlendar vörur séu fluttar inn eða boðnar til sölu á undirboðskjörum eða með útflutningsverðlaunum, uppbótum, endurgreiðslum o.þ.h. erlendis, sem valdið hafa innlendum atvinnurekstri tjóni eða hættu á tjóni eða torveldað hann til muna. Reglugerð þessi gildir með sömu skilyrðum um þjónustuviðskipti.

Við framkvæmd reglugerðar þessarar skal gætt ákvæða fríverslunar- og milliríkjasamninga sem Ísland er aðili að.

Samráðsnefnd.

2. gr.

Fjármálaráðherra skipar sjö sérfróða menn til fjögurra ára í senn í samráðsnefnd sem skal fjalla um kærur samkvæmt 23. gr. og vinna önnur störf sem nefndinni eru falin með reglugerð þessari. Skal einn nefndarmanna tilnefndur af viðskipta- og iðnaðarráðherra, annar af sjávarútvegsráðherra, þriðji af landbúnaðarráðherra, fjórði af utanríkisráðherra, fimmti af Samkeppnisstofnun, sá sjötti skal vera ríkistollstjóri eða fulltrúi hans en einn nefndarmaður er skipaður án tilnefningar. Ráðherra skipar fomann samráðsnefndar úr hópi nefndarmanna. Samkeppnisstofnun og embætti ríkistollstjóra aðstoða nefndina í störfum hennar eftir því sem þörf er á. Kostnaður af störfum samráðsnefndar greiðist úr ríkissjóði.

Undirboð.

3. gr.

Með undirboði er átt við að útflutningsverð vöru, eins og það er skilgreint í 10. gr., sé lægra en eðlisverð sams konar vöru, eins og það er skilgreint í 5. til 9. gr.

Opinberir styrkir.

4. gr.

Með opinberum styrkjum er átt við hvers konar styrki sem veittir eru beint eða óbeint í uppruna- eða útflutningslandi við aðvinnslu, framleiðslu, útflutning eða flutning á vöru.

Undanþága frá aðflutningsgjöldum og óbeinum sköttum sem lagt er á sams konar vörur og efnivörur sem hafa verið notaðar í þær þegar þær eru ætlaðar til neyslu í uppruna- eða útflutningslandinu eða endurgreiðsla slíkra gjalda eða skatta, telst ekki styrkur í skilningi reglugerðar þessarar.

Eðlisverð.

5. gr.

Samkvæmt reglugerð þessari er eðlisverð vöru:

1. *Sambærilegt verð* sem raunverulega er greitt eða greiða ber við venjuleg viðskiptaskilyrði fyrir sams konar vöru sem ætluð er til neyslu í útflutnings- eða uppruna-

landi vörunnar. Tekið skal tillit til afsláttar eða endurgreiðslu sem beinlínis tengist þeirri vöru sem til athugunar er enda geri aðili sem hagsmuna hefur að gæta kröfu til þess og sanni á fullnægjandi hátt að slíkur afsláttur hafi verið veittur eða endurgreiðsla farið fram. Taka má tillit til afsláttar sem síðar er veittur ef sannað er að afsláttur hafi verið veittur í samræmi við fyrri viðskipti eða samkvæmt skuldbindingu um að fullnægja skilmálum til þess að öðlast rétt til afsláttar eftir á.

2. Ef sams konar vara er ekki seld við venjuleg viðskiptaskilyrði á heimamarkaði í útflutnings- eða upprunalandinu eða fullnægjandi samanburður getur ekki farið fram með tilliti til slíkrar sölu, skal eðlisverð vera annað hvort:
   a. *Samanburðarhæft verð* sams konar vöru þegar slík vara er flutt til þriðja lands sem má vera hæsta útflutningsverð en er að jafnaði samsvarandi því sem almennt gerist í viðskiptum.
   b. *Tilbúið verð*, reiknað á grundvelli framleiðslukostnaðar sams konar vöru að viðbættu sanngjörnu álagi fyrir sölukostnaði og ágóða. Framleiðslukostnaður skal reiknaður á grundvelli allra kostnaðarliða miðað við venjuleg viðskiptaskilyrði í upprunalandinu, þ.m.t. bæði fastur kostnaður og breytilegur, efni og vinna, svo og sanngjarnt álag vegna sölukostnaðar, umsýslukostnaðar og annarra almennra útgjalda. Fjárhæð sölukostnaðar, umsýslukostnaðar, annarra almennra útgjalda og ágóða skal reiknuð á grundvelli þess kostnaðar sem stofnað hefur verið til og þess ágóða sem framleiðandi eða útflytjandi hefur af arðbærri sölu sams konar vöru á heimamarkaði. Ef slíkar upplýsingar eru ófáanlegar, óáreiðanlegar eða ónothæfar, skulu þær reiknaðar á grundvelli þess kostnaðar sem stofnað hefur verið til og þess ágóða sem aðrir framleiðendur eða útflytjendur í útflutnings- eða upprunalandinu hafa af arðbærri sölu sams konar vöru. Sé hvoruga aðferðina hægt að nota skal kostnaður, sem stofnað hefur verið til, og ágóði reiknaður út frá sölu útflytjanda eða framleiðanda í sömu atvinnugrein í útflutnings- eða upprunalandi eða á annan sanngjarnan hátt.

3. Ef útflytjandi í upprunalandinu hvorki framleiðir né selur sams konar vöru í upprunalandinu skal eðlisverðið ákveðið á grundvelli verðs eða kostnaðar annarra seljenda eða framleiðenda í upprunalandinu á sama hátt og um ræðir í a- og b-lið. Almennt skal verð eða kostnaður birgis útflytjanda notað í þessum tilgangi.

6. gr.

Sé réttmæt ástæða til að ætla að það verð, sem vara er raunverulega seld á til neyslu í upprunalandi, sé lægra en framleiðslukostnaður eins og hann er skilgreindur í 2. tölul. 1. mgr. 5. gr., verður talið að sala á slíku verði hafi ekki myndast við venjuleg viðskiptaskilyrði ef:

1. Um verulegt magn hefur verið að ræða á því tímabili sem rannsókn tekur til, sbr. 4. mgr. 25. gr.
2. Á verði sem gerir ókleift að endurheimta, við venjuleg viðskiptaskilyrði og innan þess tíma sem vísað er til í a-lið, allan kostnað sem réttmætt er að reikna með.

Ef vara er ekki seld við venjuleg viðskiptaskilyrði samkvæmt 1. mgr. má ákveða eðlisverð vöru á grundvelli sölu á öðru tímabili en rannsóknin tekur til, enda sé það verð ekki lægra en framleiðslukostnaður. Ef slík sala hefur ekki farið fram má ákveða eðlisverð á grundvelli 2. tölul. 5. gr.

Ef ekki er mögulegt að ákveða eðlisverð vöru á grundvelli 2. mgr. má ákveða eðlisverð vöru með því að leiðrétta verð hennar þannig að tapi sé eytt og myndaður sanngjarn ágóði.

7. gr.

Þegar um innflutning er að ræða frá ríkjum sem búa ekki við markaðshagkerfi, skal ákveða eðlisverðið á viðeigandi og sanngjarnan hátt samkvæmt einni af eftirfarandi aðferðum:

1. Miðað við verð fyrir sams konar vöru í öðru landi sem býr við markaðshagkerfi og raunverulega er seld til neyslu á heimamarkaði í því landi, eða til annarra landa.
2. Miðað við tilbúið verð fyrir sams konar vöru í öðru landi sem býr við markaðshagkerfi.
3. Ef hvorki verð né tilbúið verð, fundið samkvæmt 1. og 2. tölul., telst fullnægjandi skal miða við verð sem raunverulega er greitt eða greiða ber hér á landi fyrir sams konar vöru, að teknu tilliti til sanngjarns ágóða.

8. gr.

Sé vara ekki flutt inn beint frá upprunalandinu, skal eðlisverðið vera sambærilegt verð sem raunverulega er greitt eða greiða ber fyrir sams konar vöru á heimamarkaði útflutningslandsins. Ef vara er aðeins í flutningi um útflutningslandið, ekki framleidd þar og ekkert sambærilegt verð er til í útflutningslandinu, skal miða við verð í upprunalandinu.

9. gr.

Við ákvörðun eðlisverðs samkvæmt reglugerð þessari verða viðskipti milli aðila, sem eru háðir hvor öðrum í skilningi 8. gr. tollalaga eða hafa sín á milli fyrirkomulag um jöfnun kostnaðar, ekki talin eiga sér stað við venjuleg viðskiptaskilyrði nema samráðsnefnd, skv. 2. gr., telji að verð og kostnaður sem er innifalinn sé sambærilegur við það sem innifalið er í viðskiptum milli aðila sem hafa engin slík tengsl.

Útflutningsverð.

10. gr.

Útflutningsverð skal vera það verð sem raunverulega er greitt eða greiða ber fyrir vöru við innflutning að frádregnum sköttum, afslætti og endurgreiðslum sem raunverulega eiga sér stað og tengjast beint þeirri sölu sem til athugunar er. Einnig skal tekið tillit til afsláttar sem frestað hefur verið, hafi hann raunverulega verið veittur og tengist beint þeirri sölu sem til athugunar er.

Liggi ekkert útflutningsverð fyrir eða ætla má að tengsl eða fyrirkomulag um kostnaðarskiptingu sé milli útflytjanda og innflytjanda eða þriðja aðila eða að það verð sem raunverulega er greitt eða greiða ber fyrir vöru við innflutning sé af öðrum ástæðum óáreiðanlegt, má ákvarða útflutningsverðið á grundvelli fyrsta endursöluverðs vörunnar til óháðs aðila. Sé varan ekki endurseld til óháðs aðila eða ekki endurseld í því ástandi sem hún var flutt til landsins má ákvarða verðið á annan sanngjarnan hátt. Í nefndum tilvikum skal tekið tillit til hvers konar kostnaðar sem stofnað hefur verið til eftir innflutning til endursölu og sanngjarns ágóðahluta. Til slíks kostnaðar skal m.a. telja:

1. Venjulegan kostnað vegna flutnings, trygginga og útskipunar og annan slíkan kostnað.
2. Tolla, undirboðstolla og aðra skatta sem greiða ber hér á landi vegna innflutnings eða sölu vörunnar.
3. Eðlileg útgjöld vegna fastakostnaðar og ágóða og/eða umboðslauna sem almennt eru greidd eða samið um.

Samanburður.

11. gr.

Við samanburð á eðlisverði og útflutningsverði samkvæmt reglugerð þessari, skal miða við verð á sem næst sama tíma. Til að tryggja sanngjarnan samanburð skal taka tillit til atriða sem hafa áhrif á samanburðinn, m.a. mismunandi:

1. Hlutlægra eiginleika; eðlisverð, eins og það er ákveðið samkvæmt 5. til 9. gr., skal leiðrétt með fjárhæð sem svari til sanngjarns mats á verði hinna mismunandi eiginleika viðkomandi vara.
2. Aðflutningsgjalda og óbeinna skatta; eðlisverð skal lækkað um upphæð sem svari til hvers konar aðflutningsgjalda og óbeinna skatta, skilgreint í samræmi við athugasemdir við viðauka við þessa reglugerð, sem lagt er á sams konar vörur og efnivörur sem hafa verið notaðar í þær þegar þær eru ætlaðar til neyslu í upprunaeða útflutningslandinu og ekki innheimt eða endurgreitt vegna vara sem fluttar hafa verið til landsins.
3. Sölukostnaðar vegna sölu á mismunandi viðskiptastigi, mismunandi magni eða við mismunandi aðstæður og söluskilmála. Til sölukostnaðar telst m.a.:
   a. *Kostnaður vegna flutnings, trygginga og útskipunar svo og annar slíkur kostnaður*: Lækka skal eðlisverðið um kostnað sem stofnað hefur verið til vegna flutnings viðkomandi vöru frá athafnasvæði útflytjanda til fyrsta óháða kaupanda. Útflutningsverð skal lækka um kostnað sem stofnað hefur verið til af útflytjanda vegna flutnings viðkomandi vöru frá honum í útflutningslandinu til ákvörðunarstaðar hér á landi.
   b. *Umbúðakostnaður*: Lækka skal eðlisverðið um umbúðakostnað viðkomandi vöru.
   c. *Lántökukostnaður*: Lækka skal eðlisverðið um hvers konar kostnað vegna lána sem veitt eru vegna sölu þeirrar vöru sem til athugunar er. Fjárhæð lántökukostnaðar sem til lækkunar kemur skal reiknuð út miðað við almenn kjör í viðskiptum sem í gildi eru í uppruna- eða útflutningslandinu.
   d. *Ábyrgðir, tryggingar, tæknileg aðstoð og önnur þjónusta sem veitt er þegar sala hefur farið fram:* Lækka skal eðlisverðið um upphæð sem svari til beins kostnaðar fyrir að útvega ábyrgðir, tryggingar, tæknilega aðstoð og aðra þjónustu.
   e. *Annar sölukostnaður:* Lækka skal eðlisverðið um upphæð sem svari til umboðslauna sem greidd hafa verið vegna þeirrar sölu sem til athugunar er. Laun greidd sölumönnum, þ.e. starfsmönnum sem eingöngu fást við beina sölustarfsemi, skulu einnig dregin frá.

Fjárhæð leiðréttingar skal reiknuð út á grundvelli upplýsinga sem miðast við rannsóknartímabilið eða upplýsingar frá næst liðnu fjárhagsári. Krafa um leiðréttingu sem er óveruleg með tilliti til verðs eða áætlaðs verðs í þeim viðskiptum sem eiga í hlut skal ekki tekin til greina. Almennt skal einstök leiðrétting, skv. 1. til 3. tölul. 1. mgr., sem hefur innan við 0,5% áhrif á verð vöru, talin óveruleg.

Sams konar vara.

12. gr.

Í reglugerð þessari er með sams konar vöru átt við vöru sem er eins að öllu leyti og varan sem til athugunar er eða, þegar slík vara er ekki til, aðra vöru sem hefur eiginleika sem verulega líkjast eiginleikum þeirrar vöru sem til athugunar er.

13. gr.

Með innlendum atvinnurekstri er átt við alla framleiðendur hér á landi sem framleiða sams konar vörur og boðnar eru fram á undirboðskjörum eða með ríkisstyrkjum eða þá framleiðendur sem samanlagt framleiða meirihluta allrar innlendrar framleiðslu þeirra vara, þó ekki framleiðendur sem eru háðir útflytjendum eða innflytjendum í skilningi 8. gr. tollalaga eða eru sjálfir innflytjendur þeirra vara sem taldar eru fluttar inn á undirboðskjörum eða styrkjum.

Undirboðsfrávik.

14. gr.

Með undirboðsfráviki er átt við mismun á eðlisverði og útflutningsverði, þegar eðlisverð er hærra en útflutningsverð. Séu undirboðsfrávik breytileg, má reikna út vegið meðaltal þeirra.

15. gr.

Ef mismunurinn milli eðlisverðs og útflutningsverðs er 5% eða minni, skulu aðgerðir samkvæmt reglugerð þessari látnar niður falla.

Skipting kostnaðar.

16. gr.

Almennt skal allur kostnaðarútreikningur gerður á grundvelli tiltækra bókhaldsgagna og skipt í hlutfalli við veltu sérhverrar vöru og markað sem til athugunar er.

Meðaltal og úrtak.

17. gr.

Sé vöruverð breytilegt:

1. Skal eðlisverð almennt reiknað út miðað við vegið meðaltal.
2. Skal útflutningsverð almennt borið saman við eðlisverð miðað við hver viðskipti fyrir sig ef vegið meðaltal hefði ekki efnislega áhrif á niðurstöðu rannsóknarinnar.
3. Má, þegar um veruleg viðskipti er að ræða, beita úrtaksaðferð, þ.e. nota það verð sem oftast gildir til þess að finna eðlisverð eða útflutningsverð.

Útreikningur styrkja.

18. gr.

Fjárhæð styrks skal reiknuð út miðað við hverja einingu sem styrkt hefur verið og flutt til landsins.

Við útreikning styrks skal draga eftirfarandi þætti frá heildarstyrknum, enda geri aðili sem hagsmuna hefur að gæta, kröfu um frádrátt og sýni fram á að krafan sé réttmæt.

1. Umsóknargjald eða annan sambærilegan kostnað.
2. Útflutningsgjöld, tolla eða önnur gjöld sem lögð eru á vöru við innflutning til landsins og sérstaklega er ætlað að bæta upp styrki.

Sé styrkur veittur án tillits til magns, skal upphæðin ákveðin með því að deila verðmæti styrksins, eftir því sem við á, á framleiðslu eða útflutning viðkomandi vara yfir hæfilegt framleiðslutímabil. Almennt skal tímabil þetta miðast við framtalsár styrkþega.

Sé styrkur veittur til að afla fastafjármuna, skal styrkurinn reiknaður á þann hátt að dreifa honum yfir tímabil sem endurspegli eðlilegar afskriftir slíkra eigna í viðkomandi atvinnugrein. Verði eign ekki afskrifuð, skal styrkurinn metinn sem vaxtalaust lán.

Þegar um er að ræða innflutning frá ríki sem býr ekki við markaðshagkerfi, má ákveða upphæð styrks á viðeigandi og sanngjarnan hátt með samanburði á útflutningsverði og eðlisverði. Ákvæði 11. gr. skulu gilda um slíkan samanburð.

Sé upphæð styrks breytileg má reikna út vegið meðaltal.

Tjón.

19. gr.

Undirboðs- eða jöfnunartollar verða því aðeins lagðir á samkvæmt reglugerð þessari, hafi innflutningur á undirboðskjörum eða með ríkisstyrkjum valdið tjóni eða hættu á tjóni fyrir innlendan atvinnurekstur eða torveldað hann til muna. Verði innlendur atvinnurekstur fyrir tjóni eða skapist hætta á tjóni af öðrum orsökum eða atvinnurekstur er torveldaður til muna, svo sem vegna innflutnings í miklu magni eða á lágu verði sem ekki verður rakið til undirboðskjara eða styrkja, verður því ekki mætt með undirboðs- eða jöfnunartollum.

20. gr.

Við mat á tjóni skal m.a. taka til eftirtalinna þátta:

1. Magns innfluttra vara á undirboðskjörum eða styrkjum, einkum hvort veruleg aukning hafi orðið annað hvort að öllu leyti eða í samanburði við framleiðslu eða neyslu hér á landi.
2. Verðs á innfluttum vörum á undirboðskjörum eða styrkjum, einkum hvort veruleg verðundirboð hafi átt sér stað samanborið við verð á sams konar framleiðslu hér á landi.
3. Áhrifa, sem af þessu leiðir á viðkomandi avinnustarfsemi, sem marka má af raunverulegri eða mögulegri þróun þátta eins og framleiðslu, nýtingu framleiðslugetu, birgðum, sölu, markaðshlutdeild, verði, m.a. lækkun verðs eða hindrun verðhækkana sem annars hefðu orðið, arði af fjárfestingu, greiðsluflæðis og fjölda starfsmanna.

21. gr.

Um hættu á tjóni getur einungis verið að ræða þegar sérstakar aðstæður eru líklegar til þess að þróast með þeim hætti að um raunverulegt tjón verði að ræða. Í þessu sambandi má taka tillit til þátta eins og:

1. Hlutfallslegrar aukningar útflutnings til landsins á undirboðskjörum eða styrkjum.
2. Útflutningsgetu í uppruna- eða útflutningslandinu sem þegar er fyrir hendi eða verður til staðar í náinni framtíð og líkum á innflutningi til landsins.
3. Eðli hvers konar styrkja og viðskiptaáhrif sem líklegt er að af þeim muni leiða.

22. gr.

Áhrif innflutnings á undirboðskjörum eða með styrkjum skulu metin með tilliti til innlendrar framleiðslu á sams konar vöru ef hægt er að aðgreina þær frá öðrum vörum á grundvelli tiltækra upplýsinga. Sé ekki unnt að aðgreina sams konar innlenda framleiðslu skulu áhrif innflutnings á undirboðskjörum eða styrkjum metin með tilliti til þrengsta vöruhóps eða vörusviðs sem í eru sams konar vörur.

II. KAFLI
Málsmeðferð.

Kæra.

23. gr.

Aðilar sem telja að vara sé flutt inn eða boðin til sölu á undirboðskjörum eða með styrkjum, geta kært slíkt skriflega til fjármálaráðuneytisins. Með kæru skal sýnt fram á, með fullnægjandi hætti, að um undirboð eða styrki sé að ræða sem hafi valdið tjóni á innlendum atvinnurekstri eða skapað hættu á tjóni eða torveldað hann að mun.

Kæra skal þegar send til samráðsnefndar, skv. 2. gr., sem annast frumathugun málsins. Formaður nefndarinnar skal boða til fundar innan fimm virkra daga frá því að mál hefur verið kært til fjármálaráðuneytisins.

Sé kæra dregin til baka, skal málsmeðferð hætt nema slíkt verði ekki talið til hagsbóta fyrir innlenda atvinnustarfsemi.

Frumathugun.

24. gr.

Við frumathugun skal einkum kanna:

1. Hvort um undirboð eða styrki sé að ræða í tengslum við þá vöru sem kært er út af og leita leiða til að staðreyna undirboðsfrávik eða upphæð styrks.
2. Hvort um tjón eða hættu á tjóni sé að ræða.
3. Hvort orsakasamband sé milli undirboðs eða styrks vegna innflutnings og tjóns eða meints tjóns.
4. Til hvaða aðgerða sé rétt að grípa miðað við aðstæður til að hindra tjón eða bæta úr því tjóni sem undirboð eða styrkir valda og hvaða úrræði séu fyrir hendi til að hrinda slíkum aðgerðum í framkvæmd.

Komi í ljós eftir frumathugun að kæra sé ekki studd nægilegum gögnum eða sönnunargögn séu ófullnægjandi til að réttmætt sé að hefja rannsókn í máli, skal samráðsnefndin tilkynna fjármálaráðuneytinu það sem tilkynnir kæranda skriflega um niðurstöðuna.

Rannsókn.

25. gr.

Telji samráðsnefndin að frumathugun lokinni, skv. 24. gr., að nægar sannanir séu fyrirliggjandi til að taka kæru til efnislegrar úrlausnar, skal þegar hefja rannsókn máls.

Birta skal tilkynningu um upphaf rannsóknar í Lögbirtingablaðinu. Þar skal tilgreina þá vöru sem rannsókn beinist að og viðkomandi útflutnings- eða upprunalandi. Jafnframt skal gerð grein fyrir þeim upplýsingum sem borist hafa og tilgreint innan hvaða frests aðilar sem hagsmuna hafa að gæta geti komið að upplýsingum og skriflegum sjónarmiðum.

Nefndin skal tilkynna kæranda og öðrum aðilum sem kunnugt er um að hafi hagsmuna að gæta, svo sem útflytjendum, innflytjendum og stjórnvöldum útflutningslandsins um upphaf rannsóknar.

Rannsókn skal eftir atvikum ná til undirboðs og/eða styrkja og tjóns sem af því leiðir. Almennt skal rannsókn ekki taka til styttra tímabils en síðustu sex mánaða fyrir útgáfudag tilkynningar um upphaf rannsóknar.

26. gr.

Við rannsókn máls skal samráðsnefndin leita þeirra upplýsinga sem hún telur þörf á og láta rannsaka bókhald innflytjenda, útflytjenda, viðskiptaaðila, umboðsaðila, framleiðenda og félaga og samtaka sem tengjast málinu.

Samráðsnefndin getur óskað eftir að stjórnvöld hér á landi veiti aðstoð við upplýsingaöflun og framkvæmi nauðsynlega athugun og eftirlit, einkum vegna innflytjenda, viðskiptaaðila og framleiðenda hér á landi.

Sé það talið nauðsynlegt, getur samráðsnefndin látið fara fram rannsókn erlendis að því marki sem slíkt er unnt. Samráðsnefndin skal aðstoða embættismenn viðkomandi ríkja við rannsókn málsins sé þess óskað.

27. gr.

Samráðsnefndin getur ákveðið að gefa aðilum kost á að flytja mál sitt munnlega ef líkur eru á að niðurstaða máls geti haft áhrif á hagsmuni þeirra og rök séu til þess að mál sé munnlega flutt.

Nefndin getur ennfremur gefið aðilum, sem beinna hagsmuna hafa að gæta, tækifæri á að koma saman fyrir nefndina þannig að andstæð sjónarmið verði kynnt og frávísunarrökum komið að. Aðilum er ekki skylt að sækja slíka fundi og þótt fundur sé ekki sóttur skal það ekki skaða málstað viðkomandi aðila.

28. gr.

Neiti hagsmunaaðilar, skv. 2. mgr. 25. gr., að veita nauðsynlegar upplýsingar innan hæfilegs frests, hindri aðgang að upplýsingum eða tefji verulega rannsókn máls, má taka endanlega afstöðu til kæru eða taka ákvörðun um aðgerðir til bráðabirgða á grundvelli fyrirliggjandi gagna. Verði nefndin þess áskynja að hagsmunaaðilar hafi lagt fyrir hana rangar eða villandi upplýsingar getur hún virt slíkar upplýsingar að vettugi og hafnað öllum kröfum sem á þeim eru byggðar.

29. gr.

Rannsókn vegna undirboða eða styrkja skal ekki vera því til fyrirstöðu að heimiluð sé tollafgreiðsla á viðkomandi vöru.

Rannsókn skal lokið annað hvort með frávísun eða endanlegri ákvörðun. Rannsókn skal almennt lokið innan árs frá því hún hófst.

III. KAFLI
Ákvarðanir um afgreiðslu máls.

Frávísun máls.

30. gr.

Telji samráðsnefndin, að lokinni rannsókn máls, engra aðgerða þörf, skal hún þegar senda fjármálaráðherra greinargerð um niðurstöður sínar ásamt tillögu um frávísun máls.

Fallist fjármálaráðherra á tillögur samráðsnefndarinnar um frávísun skal samráðsnefndin tilkynna fulltrúum uppruna- eða útflutningslands og aðilum sem vitað er að hagsmuna hafa að gæta um ákvörðun ráðherra og jafnframt tilkynna í Lögbirtingablaði þá ákvörðun þar sem fram komi meginniðurstöður og lagarök.

Loforð um úrbætur.

31. gr.

Komi fram loforð um úrbætur meðan á rannsókn máls stendur sem samráðsnefndin telur fullnægjandi, getur hún hætt rannsókn máls.

Um úrbætur er að ræða þegar:

1. Styrkir eru felldir niður eða takmarkaðir, eða aðrar fullnægjandi ráðstafanir gerðar af stjórnvöldum uppruna- eða útflutningslands.

2. Verði er breytt eða dregið er úr útflutningi að því marki sem samráðsnefndin telur fullnægjandi þannig að skaðleg áhrif undirboðsfrávika eða styrkja falli brott. Þegar aðili afsalar sér styrk eða nýtir hann ekki skal fylgja staðfesting yfirvalda upprunaeða útflutningslands þar að lútandi.

Samráðsnefndin getur að eigin frumkvæði gert tillögur um úrbætur.

Niðurfelling rannsóknar samkvæmt þessari grein útilokar ekki endanlega innheimtu tryggingarfjár sem lagt hefur verið fram vegna álagningar jöfnunar- eða undirboðstolla samkvæmt ákvæðum 34. gr.

32. gr.

Þótt samráðsnefndin hafi tekið til greina loforð um úrbætur, getur hún engu að síður ákveðið að ljúka rannsókn máls.

Komist samráðsnefndin að þeirri niðurstöðu að engin hætta sé á tjóni, fellur skuldbinding um úrbætur niður. Þó getur samráðsnefndin ákveðið að staðið skuli við slíka skuldbindingu þegar staðfest þykir að hætta á tjóni sé fyrir hendi ef úrbótanna nyti ekki við.

33. gr.

Samráðsnefndin getur krafist þess af hverjum þeim sem gefið hefur loforð um úrbætur, að hann veiti reglulega upplýsingar um að staðið hafi verið við slíkar skuldbindingar og leyfi sannprófun viðkomandi upplýsinga. Sé ekki orðið við slíkum kröfum skal litið svo á að um vanefnd sé að ræða.

Telji samráðsnefndin að um vanefndir sé að ræða og hagsmunir innlends atvinnurekstrar kalli á aðgerðir, getur fjármálaráðherra, að fengnum tillögum nefndarinnar og eftir að útflytjanda hefur verið veitt tækifæri til að tjá sig, lagt á undirboðs- eða jöfnunartolla til bráðabirgða með hliðsjón af þeim upplýsingum sem aflað hafði verið áður en loforð um úrbætur var tekið til greina.

Aðgerðir til bráðabirgða.

34. gr.

Hafi frumathugun leitt í ljós að verulegar líkur séu á að um ólögmæt undirboð eða styrki samkvæmt 1. kafla sé að ræða og tjón af þeirra völdum þykir nægilega sannað og hagsmunir innlends atvinnurekstrar kalli á aðgerðir til að hindra tjón meðan á meðferð máls stendur, getur samráðsnefndin lagt til við fjármálaráðherra að undirboðs- eða jöfnunartollur verði lagður á til bráðabirgða.

Í því tilviki skal tollafgreiðsla vöru heimiluð, gegn því að trygging í formi peningagreiðslu er svari til bráðabirgðatolls sé lögð fram, en endanlegt uppgjör tollsins skal fara fram þegar ákvörðun fjármálaráðherra samkvæmt 35. gr. liggur fyrir.

Aðgerðir til bráðabirgða skulu ekki gilda lengur en í 12 mánuði.

Endanleg afgreiðsla.

35. gr.

Komist samráðsnefndin að þeirri niðurstöðu að um undirboð eða styrki hafi verið að ræða á því tímabili sem til rannsóknar er sem valdið hafa innlendum atvinnurekstri tjóni eða skapað hættu á tjóni eða torveldað hann að mun skal nefndin gera tillögu til fjármálaráðherra um álagningu undirboðs- eða jöfnunartolla.

Ef endanleg fjárhæð undirboðs- eða jöfnunartolls er lægri en sá tollur sem lagður var á til bráðabirgða, skal endurgreiða mismuninn.

IV. KAFLI
Álagning og innheimta.
Almenn ákvæði um tolla.

36. gr.

Ákvörðun um álagningu undirboðs- eða jöfnunartolla skal birta í Stjórnartíðindum. Í henni skal tilgreina fjárhæð og tegund tolls sem lagður er á, til hvaða vara hann taki, uppruna- eða útflutningsland og nafn birgja, ef ástæða þykir til. Ennfremur skal senda tilkynningu um ákvörðunina til aðila málsins, ásamt rökstuðningi.

Undirboðs- og jöfnunartollar mega ekki vera hærri en sem nemur undirboðsfráviki eða upphæð þeirra styrkja sem eru grundvöllur tollsins. Hafi tollur verið lagður á til bráðabirgða getur endanlegur tollur ekki verið hærri en sem nemur bráðabirgðatollinum fyrir það tímabil sem liðið er. Ákveða skal lægri fjárhæð, verði það talið fullnægjandi til að bæta tjón.

37. gr.

Undirboðs- eða jöfnunartolla skal ekki leggja á með afturvirkum hætti nema:

1. Þegar vara hefur verið flutt inn í miklu magni á skömmum tíma og boðin fram á undirboðskjörum sem valdið hefur tjóni innanlands. Í slíkum tilvikum má leggja undirboðstolla afturvirkt á innflutning sé það til þess fallið að koma í veg fyrir að innflutningur á undirboðskjörum endurtaki sig.
2. Þegar vara sem notið hefur útflutningstyrkja, sem brjóta í bága við hið almenna samkomulag um tolla og viðskipti, GATT, hefur verið flutt inn í miklu magni á skömmum tíma og valdið tjóni sem erfitt er að bæta. Í slíkum tilvikum má leggja á jöfnunartolla afturvirkt á innflutning sé það til þess fallið að koma í veg fyrir frekari innflutning á vörum sem njóta styrkja með þessum hætti.
3. Þegar um er að ræða vöru á undirboðskjörum eða styrkjum og loforð um úrbætur hefur verið vanefnt.

Undirboðs- eða jöfnunartollar sem lagðir eru á með afturvirkum hætti geta náð til innflutnings sem fluttur er inn allt að 90 dögum áður en kæra skv. 23. gr. er lögð fram.

38. gr.

Þegar um er að ræða innflutning til landsins frá fleiri en einu landi skal leggja viðeigandi toll á allan innflutning slíkra vara sem taldar eru vera á undirboðskjörum eða styrkjum og valda tjóni, þó ekki í þeim tilvikum þar sem loforð um úrbætur hefur verið tekið til greina.

Undirboðs- eða jöfnunartollar skulu lagðir á óháð öðrum tollum, sköttum og gjöldum sem almennt eru innheimtir við tollafgreiðslu á vörum.

Ekki skal leggja bæði á undirboðs- og jöfnunartolla á vöru til þess að leysa úr einu og sama máli sem upp hefur komið vegna undirboðs eða styrkja.

39. gr.

Undirboðs- og jöfnunartolla má leggja á vörur sem settar eru á markað hér á landi eftir að hafa verið settar saman eða framleiddar hér á landi að því tilskildu:

1. Að samsetningin eða framleiðslan sé á vegum aðila sem er tengdur eða háður framleiðanda sams konar útflutnigsvara sem á verða lagðir undirboðs- eða jöfnunartollar.
2. Að samsetningin eða framleiðslan hafi farið af stað eða verið verulega aukin eftir að rannsókn á undirboði hófst.
3. Að verðmæti hluta eða efnivara, sem notað er við samsetninguna eða framleiðsluna

og upprunnin er í útflutningslandi vöru sem er andlag undirboðs- eða jöfnunartolls, sé 50% eða meira en verðmæti allra annarra hluta og efnivara sem notað er.

Þegar ákvæðum þessarar greinar er beitt skal fullt tillit tekið til breytilegs kostnaðar sem stofnað er til við samsetningu eða framleiðslu svo og rannsóknar- og þróunarkostnaðar og tækni sem notuð er.

Áður en vörur, sem settar eru saman eða framleiddar hér á landi, eru settar á markað skal tollyfirvöldum afhent skýrsla um þær. Við álagningu undirboðs- eða jöfnunartolla skal slík skýrsla hafa sama gildi og aðflutningsskýrsla samkvæmt tollalögum.

Fjárhæð undirboðs- eða jöfnunartolls skal vera sú sama og gildir gagnvart framleiðendum í upprunalöndum vara, sem leggja má á undirboðstoll og innlendur framleiðandi er tengdur eða háður. Fjárhæðin skal vera í réttu hlutfalli við þann undirboðs- eða jöfnunartoll sem gildir gagnvart framleiðanda hinnar fullbúnu vöru miðað við cif-verð hluta og efnivara sem flutt hafa verið inn.

40. gr.

Leggi aðili, sem beinlínis hefur hagsmuna að gæta, fram fullnægjandi sönnur fyrir því að undirboðs- eða jöfnunartollur hafi beint eða óbeint verið greiddur af útflytjanda, þ.e. að endursöluverð til fyrsta kaupanda vöru sem háð er undirboðstolli er ekki hækkað um fjárhæð sem svari til undirboðstollsins, skal samráðsnefndin rannsaka málið og gefa útflytjendum og innflytjendum kost á því að tjá sig um málið.

Komist samráðsnefndin að þeirri niðurstöðu að undirboðs- eða jöfnunartollur hafi verið greiddur að hluta eða öllu leyti af útflytjanda og hagsmunir innlends atvinnurekstrar krefjast þess að gripið sé til ráðstafana, skal leggja á viðbótartoll í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar.

Viðbótartoll má leggja á með afturvirkum hætti í samræmi við ákvæði 37. gr.

Ef rannsókn leiðir í ljós að verð hækkar ekki um fjárhæð sem nemur undirboðstolli og skýringar sé ekki að leita í lækkun kostnaðar eða hagnaðar hjá viðkomandi innflytjanda, skal það talin vísbending um að útflytjandi hafi borið undirboðstollinn.

Endurupptaka máls.

41. gr.

Ákvörðun um álagningu undirboðs- eða jöfnunartolla og ákvörðun um að taka til greina loforð um úrbætur má taka til endurskoðunar, að hluta eða öllu leyti, þar sem það þykir réttmætt.

Endurupptaka getur farið fram að frumkvæði samráðsnefndarinnar. Ennfremur skal endurupptaka fara fram komi fram beiðni um það frá aðila sem hagsmuna hefur að gæta, enda sýni hann fram á að aðstæður hafi breyst á þann hátt að réttlæti endurupptöku máls. Beiðni um endurupptöku skal þó ekki tekin til greina nema minnst 6 mánuðir séu liðnir frá því að rannsókn lauk. Beiðni skal beint til fjármálaráðuneytisins.

Þyki ljóst eftir frumathugun að endurupptaka sé réttmæt skal rannsókn hafin að nýju í samræmi við 25. til 27. gr. sé slíkt nauðsynlegt. Upptaka máls skal ekki út af fyrir sig hafa áhrif á þær ráðstafanir sem þegar hefur verið tekin ákvörðun um.

Komi í ljós að forsendur fyrir álagningu undirboðs- eða jöfnunartolla hafi breyst skal taka tillit til þeirra breytinga.

42. gr.

Undirboðs- eða jöfnunartollar skulu falla niður eigi síðar en 5 árum eftir að ákvörðun um álagningu þeirra hefur verið birt í Stjórnartíðindum.

Sýni hagsmunaðili samráðsnefndinni fram á að brottfall undirboðs- eða jöfnunartolla

muni leiða á ný til tjóns skal hún birta tilkynningu í Lögbirtingablaði um endurskoðun gildandi ráðstafana sem leitt gætu til ákvörðunar um áframhaldandi ráðstafanir í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar.

Endurgreiðsla.

43. gr.

Geti innflytjandi sýnt fram á að innheimta undirboðs- eða jöfnunartolls hafi farið fram úr raunverulegu undirboðsfráviki eða upphæð styrks skal oftekinn tollur þegar endurgreiddur. Endurgreiðslufjárhæð skal ákveðin með hliðsjón af þeim breytingum sem orðið hafa á undirboðsfráviki eða upphæð frá því að upphafleg rannsókn fór fram.

Innflytjandi skal senda skriflega umsókn til fjármálaráðuneytisins um endurgreiðslu samkvæmt 1. mgr. Sé umsókn um endurgreiðslu á rökum reist, skal samráðsnefndin reikna út endurgreiðslufjárhæðina og senda niðurstöðuna fjármálaráðherra til ákvörðunar.

V. KAFLI

Ýmis ákvæði.

Þagnarskylda.

44. gr.

Með upplýsingar, sem fengnar hafa verið samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar skal farið sem trúnaðarmál sé þess óskað.

Hvorki samráðsnefndarmenn né aðrir mega birta upplýsingar sem látnar hafa verið í té sem trúnaðarmál, nema sá sem gaf þær veiti skriflegt leyfi til þess.

Sé óskað eftir því að farið sé með upplýsingar sem trúnaðarmál skal tilgreina hvers vegna og skal fylgja útdráttur úr efni þeirra sem trúnaðarskylda taki ekki til eða yfirlýsing um hvers vegna útdráttur verði ekki gerður úr slíkum upplýsingum.

Upplýsingar skulu almennt taldar trúnaðarmál ef birting þeirra gæti haft verulega neikvæð áhrif fyrir heimildarmann eða þann sem veitti þær.

Komi í ljós að ósk um trúnað sé ekki réttmæt og heimildarmaður er ófáanlegur til að birta upplýsingar eða að leyfa birtingu þeirra með almennu orðalagi eða útdrætti, má virða þær að vettugi. Upplýsingar má einnig virða að vettugi sé ósk í þá veru réttmæt og heimildarmaður ófáanlegur til að leggja fram útdrátt úr efni þeirra.

Ákvæði þessarar greinar koma ekki í veg fyrir að yfirvöld birti almennar upplýsingar, einkum ef slíkt er nauðsynlegt til að upplýsa á hvaða málsástæðum ákvörðun samkvæmt reglugerð þessari er byggð. Við slíka birtingu skal taka tillit til lögmætra hagsmuna viðkomandi aðila af því að viðskiptaleyndarmálum sé ekki ljóstrað upp.

Lögvernd o.fl.

45. gr.

Um innheimtu og lögvernd undirboðs- og jöfnunartolla fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum.

Gildistaka.

46. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 118. og 148. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 15. júní 1994.

Friðrik Sophusson.

Snorri Olsen.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir minningarsjóð Guðnýjar Ellu Sigurðardóttur.

1. Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Guðnýjar Ellu Sigurðardóttur og stofnaður 25. maí 1983 til minningar um Guðnýju Ellu Sigurðardóttur yfirkennara Þroskaþjálfaskóla Íslands er andaðist 29. janúar 1983.
2. Markmið sjóðsins er að styrkja nemendur er lokið hafa námi við Þ.S.Í. til framhaldsnáms. Við styrkveitinguna skal haft það sjónarmið að veita eigi fleiri styrki en svo að þeir komi styrkþega að verulegum notum.
3. Stofnendur eru kennarar, nemendur, skólastjórn Þ.S.Í., Félag þroskaþjálfa ásamt nokkrum öðrum aðilum
4. Stofnfé sjóðsins er 23.300 kr.
5. Tekjur sjóðsins eru arður af eignum hans, svo og gjafir og áheit, er honum kunna að berast.
   Fé sjóðsins skal ávaxta á þann hátt, er sjóðstjórn telur hagkvæmastan.
6. Höfuðstól sjóðsins má ekki skerða.
7. Stjórn sjóðsins skipa skólastjóri Þ.S.Í., fulltrúi úr skólastjórn, tveir fulltrúar úr Félagi þroskaþjálfa og fulltrúi úr fjölskyldu Guðnýjar Ellu.
   Nefndir fulltrúar skulu valdir til fjögurra ára í senn.
8. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Halda skal sérstaka gerðarbók fyrir sjóðinn, færa í hana árlega reikninga sjóðsins og skrá í hana allar gerðir, er sjóðinn varða.
9. Telji sjóðstjórn að nauðsyn beri til að breyta skipulagsskrá þessari vegna breyttra aðstæðna, er henni það heimilt, enda samþykki dómsmálaráðuneytið breytinguna.
10. Skipulagsskrá þessi kemur í stað skipulagsskrár fyrir sjóðinn sem staðfest var 29. júní 1983, Stjórnartíðindi B nr. 502/1983.
11. Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 10. júní 1994.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Jón Thors.

GJALDSKRÁ

vegna mats á umhverfisáhrifum.

1. gr.

Embætti skipulagsstjóra ríkisins skal innheimta gjald af framkvæmdaraðilum vegna kostnaðar embættisins af málsmeðferð samkv. 7., 8., 10. og 11. gr. laga nr. 63/1993, sbr. 9.-18. gr. reglugerðar nr. 179/1994.

Framkvæmdaraðili skal greiða sérstakt gjald við frumathugun og aðra athugun fari hún fram.

2. gr.

Gjaldið skal vera kr. 3.000 fyrir hverja unna klukkustund hvers sérfræðings.

Til viðbótar kemur útlagður kostnaður Skipulags ríkisins vegna málsins s.s. ferðakostnaður, auglýsingakostnaður o.þ.h. skv. viðurkenndum reglum þar sem það á við en annars skv. framlögðum reikningum.

3. gr.

Heimilt er embætti skipulagsstjóra ríkisins að krefjast fyrirframgreiðslu allt að kr. 150.000 vegna hvorrar athugunar sbr. 1. gr. Gjaldið kemur í slíkum tilvikum því aðeins til endurgreiðslu að svo miklu leyti sem kostnaður embættisins af verkinu er minni en sem því nemur.

4. gr.

Áður en embætti skipulagsstjóra ríkisins hefur málsmeðferð skv. 9.-12. gr. eða 13.-18. gr. reglug. nr. 179/1994 skal það semja sundurliðaða áætlun um kostnað þess af málsmeðferð og senda framkvæmdaraðila.

Eftir að úrskurður hefur gengið skv. 12. eða 18. gr. reglugerðar nr. 179/1994 skal embætti skipulagsstjóra gera upp heildarkostnað við verkið, sundurliða hann og senda til framkvæmdaraðila. Rökstyðja skal þau frávik frá upphaflegri áætlun sem leiða til hækkunar.

5. gr.

Gjalddagi er 15 dögum eftir útsendingu reiknings. Eindagi er 15 dögum eftir gjalddaga. Um greiðslu dráttarvaxta fer skv. II. kafla vaxtalaga nr. 25/1987.

6. gr.

Heimilt er embætti skipulagsstjóra ríkisins að krefjast tryggingar fyrir skilvísri greiðslu skv. gjaldskrá þessari, eftir að áætlun sbr. 4. gr. liggur fyrir og áður en mat hefst, ekki síst þar sem fyrirsjáanlegt er að mat verður viðamikið og kostnaðarsamt.

7. gr.

Gjaldskrá þessi sem sett er skv. 12. gr. laga nr. 63/1993, um mat á umhverfisáhrifum, öðlast gildi þegar í stað.

Umhverfisráðuneytið 21. júní 1994.

Össur Skarphéðinsson.

Magnús Jóhannesson.

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Bessastaðahrepps nr. 244/1990.

1. gr.

2. mgr. 18. gr. samþykktarinnar hljóði svo:
Oddviti hreppsnefndar skal kjörinn til eins árs í senn.

2. gr.

56. gr. B samþykktarinnar hljóði svo:

B. Til fjögurra ára. Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum hreppsnefndarkosningum:

1. *Áfengisvarnarnefnd* (verði verkefni hennar ekki falið félagsmálaráði). Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 30. gr. áfengislaga nr. 82/1969.
2. *Barnaverndarnefnd* (verði verkefni hennar ekki falið félagsmálaráði). Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. laga um vernd barna og ungmenna nr. 58/1992.
3. *Byggingarnefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. byggingarlaga nr. 54/1978. Einn fulltrúi í svæðisbyggingarnefnd og annar til vara.
4. *Félagsmálanefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Félagsmálanefnd fer með stjórn og framkvæmd félagsþjónustu sveitarfélaga í umboði sveitarstjórnar, sbr. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Jafnframt fer félagsmálanefnd með stjórn og rekstur leikvalla, dagvista og öldrunarmál sbr. 9. gr. laga nr. 78/1994 um leikskóla og laga nr. 82/1989 um málefni aldraða.
5. *Heilbrigðisnefnd.* Einn fulltrúi í nefndina skv. 6. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.
6. *Húsnæðisnefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 40. gr. laga nr. 97/1993 um Húsnæðisstofnun ríkisins.
7. *Kjörstjórn við sveitarstjórnarkosningar.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 23. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
8. *Skólanefnd grunnskóla.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 19. gr. laga nr. 49/1991 um grunnskóla.
9. *Skólanefnd tónlistarskóla.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 2. gr. laga nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla.
10. Einn *búfjáreftirlitsmaður* og annar til vara skv. 9. gr. laga nr. 46/1991 um búfjárhald.
11. Einn *úttektarmaður* og annar til vara skv. 39. gr. ábúðarlaga nr. 64/1976.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Bessastaðahrepps hefur sett, samkvæmt 3. mgr. 7. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 með síðari breytingum, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 10. júní 1994.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 14/1993 um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu.

1. gr.

Á eftir 7. gr. komi ný grein 7. gr. a. svohljóðandi:

Einstaklingur sem verið hefur samfellt atvinnulaus í sex mánuði eða lengur skv. staðfestingu Atvinnuleysistryggingasjóðs á rétt á heilbrigðisþjónustu á sömu kjörum og lífeyrisþegar njóta. Staðfestingu Atvinnuleysistryggingasjóðs skal endurnýja á þriggja mánaða fresti.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með stoð í 36. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar og 20. gr. laga nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu með síðari breytingum öðlast gildi 1. júlí 1994.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 16. júní 1994.

Guðmundur Árni Stefánsson.

Páll Sigurðsson.

16. júní 1994 Nr. 356

REGLUGERÐ

um tekjutengingu ekkjulífeyris.

1. gr.

Frá og með 1. júlí 1994 skal ekkjulífeyrir skv. 7. gr. laga um félagslega aðstoð nr. 118/1993 skertur ef árstekjur hlutaðeigandi eru hærri en kr. 839.187 eða kr. 69.932 á mánuði. Ef tekjur eru umfram þessi mörk skal skerða ekkjulífeyri um 25% þeirra tekna sem umfram eru uns hann fellur niður.

Til tekna í þessu sambandi teljast hvorki bætur almannatrygginga né bætur félagslegrar aðstoðar.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 1. sbr. 13. gr. laga um félagslega aðstoð nr. 118/1993 og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 16. júní 1994.

Guðmundur Árni Stefánsson.

Páll Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um breytingu tekjumarks skv. 11. og 12. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar.

1. gr.

Ellilífeyri (grunnlífeyri) skal skerða í samræmi við ákvæði 11. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993 ef árstekjur einstaklinga eða hjóna hvors um sig eru hærri en kr. 822.227 eða kr. 68.519 á mánuði.

2. gr.

Örorkulífeyri (grunnlífeyri) skal skerða í samræmi við ákvæði 12., sbr. 11. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993 ef árstekjur einstaklinga eða hjóna hvors um sig eru hærri en kr. 839.187 eða kr. 69.932 á mánuði.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 65. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993 öðlast gildi 1. júlí 1994.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 16. júní 1994.

Guðmundur Árni Stefánsson.

Páll Sigurðsson.

Nr. 358 21. júní 1994

REGLUGERÐ

um að aflétta friðun refa og um veiðar á refum og minkum.

1. gr.

Friðun refa skv. lögum nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, er aflétt.

2. gr.

Um framkvæmd veiða á refum og minkum fer skv. 9., 12. og 13. gr. laga nr. 64/1994 sbr. og reglugerð nr. 177/1958 um eyðingu refa og minka eftir því sem við getur átt.

3. gr.

Heimilt er að nota áfram þær gildrur og þá fótboga sem notaðir hafa verið til þessa við minkaveiðar og til að ná tófuyrðlingum við greni.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 7. gr. sbr. 12. gr. laga nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum öðlast gildi 1. júlí 1994.

Umhverfisráðuneytið 21. júní 1994.

Össur Skarphéðinsson.

Magnús Jóhannesson.

AUGLÝSING

um val á reynslusveitarfélögum.

1. gr.

Í samræmi við tillögur verkefnisstjórnar reynslusveitarfélaga, og með heimild í 1. mgr. 4. gr. laga um reynslusveitarfélög, nr. 82 frá 19. maí 1994, hefur verið ákveðið að eftirtalin tólf sveitarfélög skuli verða reynslusveitarfélög:

1. Sameinað sveitarfélag Keflavíkurbæjar, Njarðvíkurbæjar og Hafnahrepps.
2. Hafnarfjarðarkaupstaður.
3. Garðabær.
4. Reykjavíkurborg.
5. Borgarbyggð.
6. Snæfellsbær.
7. Dalabyggð.
8. Sameinað sveitarfélag Barðastrandarhrepps, Rauðasandshrepps, Patrekshrepps og Bíldudalshrepps.
9. Akureyrarkaupstaður.
10. Neskaupstaður.
11. Hornafjarðarbær.
12. Vestmannaeyjakaupstaður.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 20. júní 1994.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Anna G. Björnsdóttir.

REGLUR

um fyrsta söludag almennra útboða verðbréfa.

Seðlabanki Íslands setur hér með á grundvelli heimildar í 17. gr. laga nr. 9/1993 um verðbréfaviðskipti, reglur um fyrsta söludag einstakra almennra útboða verðbréfa í því skyni að koma í veg fyrir sveiflur í framboði nýrra verðbréfa á verðbréfamarkaðnum.

1. gr.

Útgefandi (skuldari) eða verðbréfafyrirtæki sem annast almennt útboð, skal tilkynna Seðlabankanum, lögfræðideild, með a.m.k. 10 daga fyrirvara, þar af séu 7 heilir dagar afgreiðsludagar banka, um upphaf sölu ásamt upplýsingum um öll helstu einkenni útboðsins á sérstöku eyðublaði sem liggur frammi í afgreiðslu bankans. Umræddur frestur skal þó vera 5 heilir afgreiðsludagar banka vegna almennra útboða víxla eða annarra skuldabréfa með lánstíma allt að 12 mánuðum. Sé almennt útboð selt í fleiri en einum áfanga, skal lýsa áformuðum áföngum og tilkynna síðan um fyrsta söludag í síðari áföngum með sama hætti og tilkynnt var um fyrsta söludag í fyrsta áfanga. Seðlabankanum

er heimilt að breyta dagsetningum útgefenda eða verðbréfafyrirtækja með tilliti til aðstæðna á peningamarkaði.

Seðlabankinn tilkynnir útgefanda eða verðbréfafyrirtæki, að höfðu samráði við Verðbréfaþing Íslands, um heimilaðan fyrsta söludag (í hverjum áfanga), með minnst tveggja daga fyrirvara hafi útboðsgöngin þá verið fullbúin.

2. gr.

Reglur þessar öðlast gildi hinn 1. júlí 1994. Jafnframt falla úr gildi reglur frá 23. júní 1993 um fyrsta söludag almennra útboða verðbréfa.

Reykjavík, 21. júní 1994.

Seðlabanki Íslands.

Birgir Ísleifur Gunnarsson. *Eiríkur Guðnason.*

Nr. 361 10. júní 1994

AUGLÝSING

um breytingu á skipulagsskrá fyrir Samvinnuháskólann nr. 73 31. janúar 1990.

Skólanefnd sjálfseignarstofnunarinnar, Samvinnuháskólinn hefur samkvæmt heimild í 10. gr. skipulagsskrár stofnunarinnar, á fundi sínum 2. mars 1994 samþykkt eftirfarandi breytingu á 4. gr. skipulagsskrárinnar:

4. gr.

orðist svo:

Menntamálaráðherra skipar fimm menn í skólanefnd til tveggja ára. Einn skólanefndarmaður er skipaður án tilnefningar, skólaráð tilnefnir einn, Nemendasamband Samvinnuskólans og Samvinnuháskólans einn og Vinnumálasamband Samvinnufélaganna tvo. Varamenn skal tilnefna og skipa fyrir hvern skólanefndarmann. Við skipun skólanefndarinnar skal þess gætt að meginhluti aðalmanna og varamanna sé hvorki í námi né föstum störfum við Samvinnuháskólann.

Ofangreind breyting á skipulagsskrá fyrir sjálfseignarstofnunina Samvinnuháskólinn staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 10. júní 1994.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Jón Thors.

REGLUGERÐ

um eingreiðslur til elli- og örorkulífeyrisþega árið 1994.

1. gr.

Á fjárhæð tekjutryggingar skv. 17. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar og fjárhæðir heimilisuppbótar og sérstakrar heimilisuppbótar skv. 9. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð skal greiða tekjuauka sem hér segir á árinu 1994:

a) Í júlí 1994 skal greiða á þessar fjárhæðir eins og þær eru í júní 1994 28% uppbót vegna láglaunabóta og 16,8% uppbót vegna viðskiptakjarabata.
b) Í ágúst 1994 skal greiða á þessar fjárhæðir eins og þær eru í júní 1994 20% uppbót vegna orlofsuppbótar.
c) Í desember 1994 skal greiða á þessar fjárhæðir eins og þær eru í júní 1994 30% uppbót vegna desemberuppbótar og 28% uppbót vegna láglaunabóta.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 65. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, sbr. 13. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 16. júní 1994.

Guðmundur Árni Stefánsson.

Páll Sigurðsson.

24. júní 1994 Nr. 363

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 341/1992 um úthlutun örorkustyrkja.

1. gr.

Í stað 871.373 í 3. og 4. gr. komi: 839.187.
Í stað 1.463.164 í 3. og 4. gr. komi: 1.430.979.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 65. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993 öðlast gildi 1. júlí 1994.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 24. júní 1994.

Guðmundur Árni Stefánsson.

Páll Sigurðsson.

SAMÞYKKTIR

fyrir Tryggingarsjóð innlánsdeildanna.

1. gr.

Tryggingarsjóður innlánsdeildanna (hér eftir nefndur Tryggingarsjóður) er í eigu þeirra innlánsdeilda samvinnufélaga sem lagt hafa honum fé skv. 4. gr. Sjóðurinn starfar á grundvelli 2. gr. a laga nr. 22/1991 um samvinnufélög, sbr. lög nr. 84/1993.

Allar innlánsdeildir samvinnufélaga skulu vera aðilar að Tryggingarsjóði. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Tryggingarsjóður hefur það meginhlutverk að tryggja full skil á innlánsfé við innlánsdeild samvinnufélags ef bú þess er tekið til gjaldþrotaskipta að því leyti sem eignir sjóðsins hrökkva til og mælt er fyrir um í samþykktum þessum.

3. gr.

Stefnt skal að því að eigið fé Tryggingarsjóðs nemi að minnsta kosti 3,5% af heildarfjárhæð inneigna viðskiptamanna hjá innlánsdeildum samvinnufélaga. Stjórn sjóðsins ákveður þetta hlutfall nánar og skal hlutfallið vera hið sama fyrir allar innlánsdeildir. Ef þörf krefur skal hver innlánsdeild greiða í þessu skyni, eigi síðar en 1. mars ár hvert, gjald til Tryggingarsjóðs sem ákveðið skal af stjórn sjóðsins hverju sinni.

4. gr.

Auk árlegs gjalds skv. 3. gr. er hverri innlánsdeild skylt að leggja sjóðnum til fé í sérstakan séreignarsjóð er nemi að minnsta kosti 5% af heildarfjárhæð inneigna viðskiptamanna í hverri innlánsdeild miðað við næstu áramót á undan. Ef þörf krefur skal hver innlánsdeild leggja til hliðar í þessu skyni, eigi síðar en 1. mars ár hvert, þá fjárhæð sem upp á kann að vanta að þessu marki sé náð. Fé séreignarsjóðs telst ekki til eigin fjár sjóðsins, heldur skal hlutdeild hverrar innlánsdeildar haldið aðgreindri í sjóðnum. Fé séreignarsjóðs verður ekki notað til þess að bæta viðskiptamönnum í innlánsdeildum tjón þeirra skv. 11.-15. gr., heldur gengur hlutdeild hverrar innlánsdeildar í séreignarsjóði til greiðslu á inneignum viðskiptamanna í hlutaðeigandi innlánsdeild við gjaldþrot eða skuldaskil samvinnufélags, sbr. nánar 11.–15. gr.

Ef hlutdeild innlánsdeildar í séreignarsjóði fer fram úr 10% af heildarinnlánsfé deildarinnar er stjórn Tryggingarsjóðs heimilt að greiða það fé, sem umfram er, til deildarinnar.

Um ávöxtun séreignarsjóðs gilda ákvæði 9. gr.

5. gr.

Aðalfundur Tryggingarsjóðs fer með æðsta vald í málefnum hans.

Hver innlánsdeild fer með atkvæðisrétt á aðalfundi í samræmi við það fé, sem hún hefur greitt til sjóðsins frá upphafi skv. 3. gr., til síðustu áramóta fyrir aðalfund. Þó má engin innlánsdeild fara með meira en 1/5 hluta heildaratkvæðamagns í Tryggingarsjóði. Atkvæðisréttur innlánsdeildar skal vera í höndum þess fulltrúa er hlutaðeigandi samvinnufélag tilnefnir til þess að fara með atkvæði hennar á aðalfundi.

Árlegur aðalfundur skal haldinn fyrir lok júlímánaðar ár hvert. Aðalfundur skal

boðaður með 15 daga fyrirvara hið skemmsta. Aukafundi skal halda ef aðilar Tryggingarsjóðs, sem fara með minnst 1/3 hluta atkvæðamagns í sjóðnum, krefjast þess skriflega og greina fundarefni. Þá skal stjórn sjóðsins boða til fundar með sama hætti og til aðalfundar. Aukafundi skal annars halda þegar stjórn sjóðsins telur þess þörf með þeim fyrirvara sem hún ákveður.

Hver innlánsdeild á rétt til að fá ákveðið mál tekið til úrlausnar á aðal- og aukafundum Tryggingarsjóðs ef hún gerir skriflega kröfu um það til stjórnar sjóðsins með svo miklum fyrirvara að unnt sé að taka málið á dagskrá fundarins.

Aðalfundur getur ekki tekið endanlega ákvörðun í öðrum málefnum en þeim sem getið er í boðaðri dagskrá.

6. gr.

Formaður stjórnar Tryggingarsjóðs stýrir aðalfundum sjóðsins. Skal hann sjá um að haldin sé gerðabók um það sem gerist á aðalfundum.

Á aðalfundi skal m.a. taka eftirgreind mál fyrir:

a) skýrslu stjórnar um starfsemi liðins starfsárs,
b) staðfestingu á endurskoðuðum ársreikningi,
c) kosningu stjórnar,
d) þóknun stjórnarmanna,
e) breytingar á samþykktum Tryggingarsjóðs,
f) önnur mál.

Afl atkvæða ræður úrslitum á aðalfundi nema öðruvísi sé fyrir mælt í samþykktum þessum.

7. gr.

Stjórn Tryggingarsjóðs skipa þrír menn. Tveir stjórnarmenn, ásamt jafn mörgum varamönnum, skulu kjörnir á aðalfundi til eins árs í senn, hlutbundinni kosningu ef óskað er. Seðlabanki Íslands skipar þriðja stjórnarmanninn og varamann hans.

Stjórn Tryggingarsjóðs kýs sér formann úr sínum hópi og skiptir með sér verkum að öðru leyti.

Stjórnin heldur fundi svo oft sem þurfa þykir og hvenær sem stjórnarmaður óskar þess.

Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnarmanna er á fundi. Afl atkvæða ræður úrslitum við afgreiðslu máls. Haldin skal gerðabók um það sem gerist á stjórnarfundum.

8. gr.

Stjórn Tryggingarsjóðs fer með málefni hans milli aðalfunda.

Verkefni stjórnarinnar eru m.a. eftirfarandi:

a) að ákveða árlegt árgjald til Tryggingarsjóðs skv. 3. gr.,
b) að sjá um innheimtu á árlegu gjaldi til sjóðsins og framlagi í séreignarsjóð skv. 5. gr.
c) að taka ákvarðanir um ávöxtun á fé sjóðsins,
d) að taka ákvarðanir um greiðslur úr sjóðnum,
e) að semja ársreikning,
f) að ráða löggiltan endurskoðanda,
g) að hafa á hendi daglegan rekstur sjóðsins nema hann hafi verið falinn öðrum aðila, sbr. 18. gr.,
h) að taka ákvarðanir sem snerta starfsemi sjóðsins að öðru leyti en talið er upp hér að framan.

9. gr.

Ávöxtun heildareigna Tryggingarsjóðs skal við það miðuð að sjóðurinn verði sem hæfastur til að gegna hlutverki sínu. Fé Tryggingarsjóðs skal vera bundið í eftirfarandi eignum:

9.1. Í skuldabréfum, tryggðum með veði í fasteignum, allt að 50% af brunabótamatsverði. Ef brunabótamat er ekki fyrir hendi eða það telst ófullnægjandi viðmiðun skal miðað við matsverð sem löggiltur fasteignasali eða annar sérfróður aðili framkvæmir.

9.2. Í bönkum og sparisjóðum.

9.3. Í skuldabréfum stofnlánasjóða atvinnuveganna, fjárfestingastofnana og annarra lánastofnana en þeirra, sem getið er í 9.2., enda starfi þær samkvæmt sérstökum lögum eða séu undir eftirliti bankaeftirlits Seðlabanka Íslands.

9.4. Í ríkisskuldabréfum og skuldabréfum tryggðum með ábyrgð ríkissjóðs.

9.5. Í skuldabréfum sveitarfélaga með trausta rekstrarlega afkomu og fjárhagslega stöðu.

9.6. Í traustum erlendum verðbréfum sem skráð eru á opinberum verðbréfamörkuðum í aðildarríkjum Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD).

10. gr.

Stjórn Tryggingarsjóðs er heimilt að kalla eftir reikningsskilum frá hverri innlánsdeild og óska annarra upplýsinga frá stjórnendum hlutaðeigandi samvinnufélags, eftir því sem ástæða þykir til. Stjórnin getur jafnframt falið löggiltum endurskoðanda sjóðsins að fara yfir bókhald og fjárreiður hverrar innlánsdeildar hvenær sem er. Er stjórninni heimilt að láta hlutaðeigandi samvinnufélag bera kostnað af slíkri athugun.

Stjórn sjóðsins getur beint því til hlutaðeigandi samvinnufélags að það geri þær ráðstafanir, sem stjórnin telur nauðsynlegar, til þess að treysta hag innlánsdeildar og tryggja hagsmuni viðskiptamanna hennar. Ber stjórninni jafnframt að tilkynna bankaeftirliti Seðlabanka Íslands þetta þegar í stað.

11. gr.

Ef bú samvinnufélags er tekið til gjaldþrotaskipta ber skiptastjóra þegar að staðreyna heildarfjárhæð inneigna viðskiptamanna í innlánsdeild að meðtöldum þeim vöxtum og/eða verðbótum, sem á inneignarfjárhæð hafa fallið á þeim degi sem búið var tekið til skipta. Skal skiptastjóri tilkynna stjórn Tryggingarsjóðs án tafar um heildarfjárhæð þessa.

12. gr.

Sé heildarfjárhæð inneigna, reiknuð samkvæmt 11. gr., og að frádreginni hlutdeild innlánsdeildar í séreignarsjóði skv. 4. gr., minni en nemur helmingi af eigin fé Tryggingarsjóðs á þeim degi, sem bú samvinnufélags er tekið til gjaldþrotaskipta, skal Tryggingarsjóður innan tveggja vikna frá því honum berst tilkynning skiptastjóra stofna sérstakan reikning við Seðlabanka Íslands, sem skiptastjóri hefur ráðstöfunarrétt yfir, og leggja þar inn heildarfjárhæðina.

13. gr.

Nemi heildarfjárhæð inneigna, reiknuð samkvæmt 11. gr. og að frádreginni hlutdeild innlánsdeildar í séreignarsjóði skv. 4. gr., meira en helmingi af eigin fé Tryggingarsjóðs á þeim degi, sem bú innlánsdeildar er tekið til gjaldþrotaskipta, ber sjóðnum ekki að láta skiptastjóra hærri fjárhæð af hendi til ráðstöfunar en hlutfalli þessu nemur. Verður Tryggingarsjóður ekki síðar krafinn um frekari greiðslur vegna innlánsdeildarinnar og skal skiptastjóri skipta greiðslu Tryggingarsjóðs hlutfallslega milli eigenda innláns-

reikninga þannig að allir fái þeir sama hlutfall inneignarfjárhæðar. Um framkvæmd útborgunar til skiptastjóra gilda að öðru leyti fyrirmæli 12. gr.

14. gr.

Skiptastjóri skal greiða eigendum innlánsreikninga inneignarfjárhæð þeirra eða það hlutfall hennar, sem greiðsla Tryggingarsjóðs hrekkur til, sbr. 13. gr., jafnskjótt og við verður komið eftir að krafa um greiðslu berst. Standi eftir fé á reikningi, sem Tryggingarsjóður stofnar til að hætti 12. gr., að fullgreiddum kröfum eigenda innlánsreikninga, öðrum en eftirstæðum kröfum þeirra við búskiptin, skal það renna á ný til Tryggingarsjóðs.

Frá því skiptastjóri greiðir eiganda innlánsreiknings kröfu hans samkvæmt fyrirmælum 1. mgr. telst Tryggingarsjóður eigandi kröfunnar á hendur þrotabúi samvinnufélagsins að því leyti sem krafan hefur greiðst með þessum hætti.

Hafi greiðsla Tryggingarsjóðs verið með þeim hætti, sem greinir í 13. gr. og hrökkvi eignir þrotabús samvinnufélagsins ekki til þess að eigendur innlánsreikninga fái fullnustu krafna sinna á hendur því, skal úthlutun sú úr búinu, sem falla ætti í hlut Tryggingarsjóðs vegna fyrirmæla 2. mgr., deilast við úthlutun úr búinu milli eigenda innlánsreikninga að því marki, sem þarf til að fullnægja kröfum þeirra vegna innlánsreikninga, öðrum en eftirstæðum kröfum við búskiptin.

15. gr.

Stjórn Tryggingarsjóðs er heimilt að verja fé sjóðsins til þess að greiða eigendum innlánsreikninga í innlánsdeild inneignarfjárhæð þeirra eða tiltekinn hluta hennar í sambandi við nauðasamninga samvinnufélags eða annars konar samninga um skuldaskil þess enda séu allir stjórnarmenn sammála um það.

Sé það gert skal fara eftir ákvæðum 11. - 14. gr., eftir því sem við á.

16. gr.

Reikningsár Tryggingarsjóðs skal vera almanaksárið. Ársreikning skal semja fyrir hvert reikningsár. Ársreikningur skal gerður samkvæmt lögum og góðri reikningsskilavenju.

Ársreikningur Tryggingarsjóðs skal lagður fyrir endurskoðanda eigi síðar en þremur mánuðum eftir lok reikningsárs. Ársreikningur skal undirritaður af stjórn Tryggingarsjóðs.

17. gr.

Stjórn Tryggingarsjóðs skal ráða löggiltan endurskoðanda til að annast árlega endurskoðun hjá sjóðnum.

18. gr.

Stjórn Tryggingarsjóðs getur falið Samvinnusjóði Íslands eða annarri viðurkenndri fjármálastofnun að annast daglegan rekstur sjóðsins.

Stjórn Tryggingarsjóðs og starfsmenn eru bundnir þagnarskyldu í samræmi við almenn ákvæði laga.

19. gr.

Við frjáls slit innlánsdeildar gengur hún sjálfkrafa úr Tryggingarsjóði og endurgreiðist þá hlutdeild hennar í séreignarsjóði. Áður ber þó stjórn Tryggingarsjóðs að ganga úr skugga um það að inneignir viðskiptamanna í innlánsdeildinni hafi verið greiddar eða fullnægjandi trygging sett fyrir greiðslu þeirra.

20. gr.

Til breytingar á samþykktum þessum þarf samþykki 2/3 hluta greiddra atkvæða á aðalfundi. Breytingin tekur ekki gildi fyrr en hún hefur hlotið staðfestingu ráðherra.

21. gr.

Tryggingarsjóði verður slitið með sömu skilmálum og í 20. gr. greinir.

Við slit sjóðsins rennur hlutdeild hverrar inneignardeildar í séreignarsjóði óskipt til hennar, en að öðru leyti skiptast eignir sjóðsins á milli þeirra innlánsdeilda, sem aðild eiga að sjóðnum, í hlutfalli við það fé sem þær hafa greitt til sjóðsins frá upphafi skv. 3. gr.

22. gr.

Samþykktir þessar, sem eru settar af aðalfundi Tryggingarsjóðs innlánsdeilda, staðfestast hér með skv. 3. tl. 2. gr. a laga um samvinnufélög nr. 22/1991, sbr. lög nr. 84/1993.

Ákvæði til bráðabirgða:

Sérhver innlánsdeild, sem aðild á að Tryggingarsjóði, skal greiða til sjóðsins 1% af heildarinnlánsfé innlánsdeildarinnar 31. desember 1993 eigi síðar en 1. júlí 1994, 0,9% af heildarinnlánsfé deildarinnar 31. desember 1994 eigi síðar en 1. mars 1995, 0,8% af heildarinnlánsfé deildarinnar 31. desember 1995 eigi síðar en 1. mars 1996 og það hlutfall af heildarinnlánsfé deildarinnar sem nægir til þess að ná því 3,5% marki, er greinir í 3. gr., eigi síðar en 1. mars 1997.

Það fé, sem einstakar innlánsdeildir áttu í Tryggingarsjóði 31. desember 1993, rennur í séreignarsjóð og skoðast eign hverrar innlánsdeildar fyrir sig, sbr. 4. gr. Allt fé þeirra innlánsdeilda, sem aðild eiga að sjóðnum og bundið er á reikningum þeirra í Seðlabanka Íslands, skal og flytjast í séreignarsjóð skv. 4. gr. eigi síðar en 1. júlí 1994. Nægi hvort tveggja ekki til að ná því 5% marki, er greinir í 4. gr., skulu deildirnar greiða mismuninn í séreignarsjóðinn eigi síðar en 1. mars 1995. Fari hvort tveggja fram úr 5% markinu er deildunum heimilt að láta mismuninn renna til sjóðsins í samræmi við 1. mgr. þessara bráðabirgðaákvæða og fullnægja þannig skuldbindingum sínum samkvæmt 3. gr., eftir því sem féð hrekkur til.

Viðskiptaráðuneytið, 23. júní 1994.

Sighvatur Björgvinsson.

Þorkell Helgason.

Nr. 365 28. júní 1994

REGLUGERÐ

um verðjöfnunargjald af innfluttum landbúnaðarvörum.

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð við tollafgreiðslu verðjöfnunargjald af þeim landbúnaðarvörum, sem falla undir tollskrárnúmer sem upp eru talin í 3. gr., skv. eftirfarandi gjaldskrá. Gjaldið skal lagt á sem krónur á kíló.

2. gr.

Fjárhæð gjaldanna grundvallast á mismun á innlendu og erlendu viðmiðunarverði eftirfarandi landbúnaðarafurða:

Landbúnaðarhráefni	Innlent viðmiðunarverð kr/kg	Erlent viðmiðunarverð kr/kg
Smjör	275,80	67,92
Mjólkurduft	240,00	77,34
Undanrennumjöl ón.gr.	306,85	59,49
Ostur	450,62	150,25
Nautgripakjöt	487,20	135,53

3. gr.

Fjárhæð gjaldanna eftir tollskrárnúmerum er eftirfarandi:

Tollskrárnúmer	Verðjöfnunargjald kr/kg
0402.1000	163
0403.9004	108
0403.9009	184
0405.0000	253
0406.2000	394
0406.3000	316
0406.9000	240
1602.4900	101

4. gr.

Að því leyti sem ekki er kveðið á um vöruflokkun, gjalddaga, lögvernd, viðurlög og aðra framkvæmd álagningar og innheimtu verðjöfnunargjalds skulu ákvæði laga nr. 55/1987, með síðari breytingum, gilda eftir því sem við á svo og ákvæði reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim.

5. gr.

Skil á innheimtu verðjöfnunargjaldi skv. reglugerð þessari fer eftir fyrirmælum reglugerðar nr. 530/1975 um reikningsskil innheimtumanna ríkissjóðs.

6. gr.

Landbúnaðarráðherra getur veitt undanþágu frá greiðslu gjalda skv. 1. gr., enda innihaldi vara engin eða óverulegt magn af hráefnum sem verðjafna á fyrir.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, sbr. breytingu með lögum nr. 34/1994 og öðlast gildi 1. júlí 1994.

Landbúnaðarráðuneytið, 28. júní 1994.

Halldór Blöndal.

Jón Höskuldsson.

REGLUGERÐ

um hámark lána og ábyrgða viðskiptabanka, sparisjóða og annarra lánastofnana.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til lánveitinga, ábyrgða og annarra skuldbindinga viðskiptabanka, sparisjóða og lánastofnana annarra en viðskiptabanka og sparisjóða, hér eftir nefndar áhættuskuldbindingar, við einstaka viðskiptamenn eða fjárhagslega tengda aðila, og mats á áhættu vegna slíkra skuldbindinga. Hún tekur einnig til samstæðu lánastofnunar og fyrirtækja sem stunda starfsemi samkvæmt 44. gr. laga um viðskiptabanka og sparisjóði.

2. gr.

Í reglugerð þessari merkir:

1. *Áhættuskuldbinding:* Eignaliði og liði utan efnahagsreiknings sem um getur í A, B og C liðum viðauka með reglum þessum, þó ekki eignaliði sem dragast frá eigin fé, sbr. 54. og 55. gr. laga um viðskiptabanka og sparisjóði, sbr. og 2. mgr. 10. gr. laga um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði.
2. *Stór áhættuskuldbinding:* Skuldbindingu lánastofnunar vegna einstaks viðskiptamanns eða fjárhagslega tengdra aðila, sem nemur 10% eða meira af eigin fé lánastofnunar eins og það er skilgreint í 54. og 55. gr. laga um viðskiptabanka og sparisjóði.
3. *Fjárhagslega tengdir aðilar:*
   a. tvo eða fleiri einstaklinga eða lögpersónur þar sem einn hefur bein eða óbein yfirráð yfir hinum og því teljist skuldbindingar þeirra vegna mynda eina áhættuskuldbindingu;
   b. tvo eða fleiri einstaklinga eða lögpersónur sem teljast mynda eina áhættuskuldbindingu þar sem þeir eru svo fjárhagslega tengdir innbyrðis að líkur séu á að fjárhagserfiðleikar eins leiði til greiðsluerfiðleika hins eða hinna.

3. gr.

Stórar áhættuskuldbindingar vegna einstakra viðskiptamanna eða fjárhagslega tengdra aðila mega ekki fara yfir 25% af eigin fé lánastofnunar. Þó mega slíkar skuldbindingar vera allt að 40% af eigin fé til og með 31. desember 1998. Síðan skal hlutfall þeirra fara lækkandi og vera að hámarki 35% þann 31. desember 1999, að hámarki 30% miðað við 31. desember 2000 og að hámarki 25% þann 31. desember 2001.

Heildarfjárhæð stórra áhættuskuldbindinga má ekki fara yfir 800% af eigin fé lánastofnunar.

Ákvæði 1. og 2. mgr. eiga ekki við um áhættuskuldbindingar lánastofnunar vegna fyrirtækja sem stunda starfsemi samkvæmt 44. gr. laga um viðskiptabanka og sparisjóði og mynda samstæðu með hlutaðeigandi lánastofnun.

4. gr.

Við útreikning hlutfalla samkvæmt 1. og 2. mgr. 3. gr. er heimilt að undanskilja eftirtalda liði í samræmi við eftirfarandi:

1. Kröfur á eða með ábyrgð ríkissjóðs Íslands og Seðlabanka Íslands.
2. Köfur á eða með ábyrgð ríkissjóða og seðlabanka í öðrum OECD ríkjum svo og kröfur á eða með ábyrgð Evrópusambandsins.
3. Kröfur á eða með ábyrgð ríkissjóða og seðlabanka í ríkjum utan OECD, enda sé um að ræða kröfur í þarlendri mynt og fjármagnaðar eru í sömu mynt.
4. Kröfur tryggðar með handveði í innstæðum og innlánsskírteinum útgefnum af lánastofnuninni sjálfri eða lánastofnun sem er móðurfyrirtæki eða dótturfyrirtæki lánastofnunarinnar.
5. Kröfur tryggðar með handveði í verðbréfum útgefnum af aðilum sem tilgreindir eru í 1. og 2. tölul.
6. Kröfur á eða með ábyrgð innlendra sveitarfélaga og sveitarfélaga og svæðisbundinna stjórnvalda í öðrum OECD ríkjum að 80% hluta.
7. Kröfur á innlendar lánastofnanir og lánastofnanir í öðrum ríkjum og kröfur með ábyrgð sömu aðila með lánstíma eftirstöðva að hámarki eitt ár. Kröfur með lánstíma eftirstöðva yfir einu ári og allt að þremur árum má undanskilja að 80% hluta, en kröfur með lánstíma eftirstöðva yfir þremur árum eða lengur má undanskilja að 50% hluta. Ákvæðin varðandi kröfur með lánstíma eftirstöðva yfir einu ári eru háð því skilyrði að kröfurnar séu í formi skuldaskjala sem eru gefin út af lánastofnun og þessi skuldaskjöl séu framseljanleg á markaði sem er starfræktur af viðurkenndum aðilum og söluverð þeirra sé daglega skráð. Víkjandi kröfur eru undanskildar ákvæðum þessa töluliðar.
8. Kröfur sem tryggðar eru á fullnægjandi hátt með veði í fullbúnu íbúðarhúsnæði sem lántaki nýtir eða leigir út allt að 50% af fasteignamati eða sérstöku mati Fasteignamats ríkisins á markaðsvirði íbúðarhúsnæðis með sama viðmiðunartíma og fasteignamatið.
9. Kröfur tryggðar með handveði í verðbréfum öðrum en þeim sem tilgreind eru í 4. og 5. tölul. að því tilskildu að þau séu ekki gefin út af viðskiptamanni lánastofnunar eða hópi tengdra viðskiptamanna. Verðbréfin þurfa að vera skráð á verðbréfamarkaði sem uppfyllir skilyrði 1. tölul. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 10/1993, um verðbréfasjóði. Bréfin skulu metin á markaðsvirði og vera meira virði en áhætturnar sem tryggðar eru. Umframverð sem krafist er skal vera 100%. Þó skal það vera 150% þegar um hlutabréf er að ræða og 50% þegar um er að ræða skuldabréf útgefin af lánastofnunum, sveitarstjórnum, sbr. 6. tölul., Fjárfestingarbanka Evrópu og fjölþjóðlegum þróunarbönkum. Víkjandi kröfur undanskildar eru undanskildar ákvæðum þessa töluliðar.
10. Liðir utan efnahags samkvæmt lið B.3. í viðauka með þessari reglugerð að 50% hluta.
11. Liðir utan efnahags samkvæmt lið B.4. í viðauka með þessari reglugerð.
12. Áhættuskuldbindingar í gjaldeyrisviðskiptum sem verða til í tengslum við eðlilegt uppgjör á 48 klukkustundum eftir greiðslu og áhættur í viðskiptum vegna kaupa og sölu á verðbréfum sem verða til í tengslum við eðlilegt uppgjör á fimm virkum dögum eftir greiðslu verðbréfanna, eða afhendingu þeirra, ef sú dagsetning fer á undan.

5. gr.

Fari áhættuskuldbindingar lánastofnunar yfir þau mörk sem kveðið er á um í 1. og 2. mgr. 3. gr. skal það tilkynnt bankaeftirliti Seðlabanka Íslands sem er þá heimilt, ef aðstæður leyfa, að veita hlutaðeigandi lánastofnun tiltekinn frest til að laga sig að gildandi takmörkum.

6. gr.

Lánastofnun skal hafa yfir að ráða traustu stjórnunar- og upplýsingakerfi og innra eftirlitskerfi þar sem allar stórar áhættuskuldbindingar og breytingar á þeim eru auðkenndar og skráðar þannig að unnt sé að hafa eftirlit með þeim.

7. gr.

Eigi sjaldnar en tvisvar á ári skal lánastofnun tilkynna bankaeftirlitinu, með þeim hætti sem það ákveður, um einstaka viðskiptamenn eða fjárhagslega tengda aðila þar sem áhættuskuldbindingar stofnunarinnar eru yfir þeim mörkum sem um getur í 2. tölul. 2. gr.

Áhættuskuldbindingar skv. 1., 2. og 4. tölul. 4. gr. eru undanþegnar tilkynningarskyldu skv. 1. mgr.

8. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 1. mgr. 46. gr. laga nr. 43/1993, um viðskiptabanka og sparisjóði, og 5. mgr. 8. gr. laga nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði, öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Hafi áhættuskuldbinding viðskiptabanka, sparisjóðs eða annarrar lánastofnunar verið yfir 40% af eigin fé eða samanlagðar áhættuskuldbindingar verið yfir 800% af eigin fé, sbr. 1. og 2. mgr. 3. gr., 28. júní 1994 skal hlutaðeigandi lánastofnun grípa til viðeigandi ráðstafana til að þær verði innan leyfilegra marka eigi síðar en í árslok 2001. Áætlun lánastofnunar um aðlögun samkvæmt þessu ákvæði, sem er háð samþykki bankaeftirlitsins, skal liggja fyrir eigi síðar en í árslok 1994.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er lánastofnun heimilt að halda áhættuskuldbindingum með lengri lánstíma en til ársloka 2001, enda sé stofnunin bundin samningsskilmálum þar að lútandi út lánstímann.

Viðskiptaráðuneytið, 28. júní 1994.

F. h. r.

Þorkell Helgason.

Finnur Sveinbjörnsson.

Viðauki.

Eignaliðir og liðir utan efnahagsreiknings sem vísað er til í 2. gr. reglugerðarinnar eru:

A. Liðir innan efnahagsreiknings.

Allir eignaliðir í efnahagsreikningi.

B. Liðir utan efnahagsreiknings aðrir en vaxta- og gjaldeyrissamningar, sbr. C- lið.

B.1. Mikil áhætta.

a. Ábyrgðir sem jafna má til beinna lána.
b. Samþykktir víxlar.
c. Sölu- og endurkaupatryggingar þar sem lánaáhættan helst hjá lánastofnuninni.
d. Aðrir liðir með mikla áhættu.

B.2. Miðlungsáhætta.
a. Útgefnar skjalaábyrgðir og staðfestar skjalaábyrgðir.
b. Ábyrgðir og tryggingar (þar með taldar tilboðs-, fullnustu-, tolla- og skattaábyrgðir) og ábyrgðir sem ekki verður jafnað til beinna lána.
c. Ónotaðar lánsheimildir (skuldbindingar um að lána, kaupa verðbréf, afla trygginga eða samþykkis á víxla) upphaflega til lengri tíma en eins árs.
d. Sölutryggingar vegna verðbréfaútgáfu og hlaupandi sölutryggingar vegna verðbréfa.
e. Aðrir liðir með miðlungsáhættu.

B.3. Miðlungslítil áhætta
a. Skjalaábyrgðir þar sem vörusending er sett sem veð og önnur áþekk viðskipti.
b. Aðrir liðir með miðlungslitla áhættu.

B.4. Lítil áhætta.
a. Ónotaðar lánsheimildir (skuldbindingar um að lána, kaupa verðbréf, afla trygginga eða samþykkis á víxla) sem upphaflega eru til eins árs eða skemmri tíma eða hægt er að segja upp skilyrðislaust án fyrirvara hvenær sem er.
b. Aðrir liðir með litla áhættu.

C. Vaxtasamningar og gjaldeyrissamningar.

C.1. Vaxtasamningar.
a. Vaxtaskipti innan sama gjaldmiðils.
b. „Basis" vaxtaskiptasamningar.
c. Framvirkir vaxtasamningar.
d. Samningar um vaxtaviðskipti í framtíðinni.
e. Keyptur skiptiréttur að vöxtum.
f. Aðrir svipaðir samningar.

C.2. Galdeyrissamningar að undanskildum samningum til 14 daga eða skemmri tíma.
a. Vaxtaskipti milli gjaldmiðla.
b. Framvirkir gjaldeyrissamningar.
c. Samningar um gjaldeyrisviðskipti í framtíðinni.
d. Keyptur skiptiréttur að erlendum gjaldeyri.
e. Aðrir svipaðir samningar.

D. Útreikningur á áhættu í tengslum við vaxta- og gjaldeyrissamninga.

Þegar um er að ræða vaxtasamninga og gjaldeyrissamninga, sbr. C-lið, er áhætta í tengslum við slík viðskipti reiknuð út eins og lýst er hér á eftir.

Reiknuð höfuðstólsfjárhæð hvers samnings skal margfölduð með eftirfarandi hlutfallstölum með hliðsjón af upphaflegum lánstíma samnings:

Upphaflegur lánstími	Vaxtasamningar	Gjaldeyrissamningar
Eitt ár eða skemmri	0,5%	2,0%
Lengri en eitt ár en skemmri en tvö ár	1,0%	5,0%
Viðbót fyrir hvert ár umfram tvö ár	1,0%	3,0%

AUGLÝSING

um gildistöku EES-reglugerða um almannatryggingar.

1. gr.

Eftirtaldar breytingar á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og fjölskyldum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja, sbr. 1. tölulið VI. viðauka við EES-samninginn skulu gilda á Íslandi, með þeirri aðlögun sem fram kemur í viðaukanum og bókun 1 við samninginn:

1. Reglugerð ráðsins nr. 1247/92 frá 30. apríl 1992, þó ekki 2. gr.
2. Reglugerð ráðsins nr. 1248/92 frá 30. apríl 1992.
3. Reglugerð ráðsins nr. 1249/92 frá 30. apríl 1992.
4. Reglugerð ráðsins nr. 1945/93 frá 30. júní 1993, þó ekki 3. gr.

2. gr.

Eftirtaldar breytingar á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 574/72 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og fjölskyldum þeirra sem flytjast milli aðildarríkja, sbr. 2. tölulið VI. viðauka við EES-samninginn skulu gilda á Íslandi með þeirri aðlögun sem fram kemur í viðaukanum og bókun 1 við samninginn:

1. Reglugerð ráðsins nr. 1248/92 frá 30. apríl 1992.
2. Reglugerð ráðsins nr. 1249/92 frá 30. apríl 1992.
3. Reglugerð ráðsins nr. 1945/93 frá 30. júní 1993.

3. gr.

EB-gerðir sem vísað er til í 1. og 2. gr. hafa verið birtar í EES viðbæti við Stjórnartíðindi EB - sérstakri útgáfu: Bók 4, bls. 35 - 80.

4. gr.

Auglýsing þessi er birt skv. heimild í 66. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993 og öðlast gildi 1. júlí 1994. Auglýsingin er viðbót við auglýsingu nr. 550/1993.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 28. júní 1994.

F. h. r.
Páll Sigurðsson.

Dögg Pálsdóttir.

Nr. 368 28. júní 1994

REGLUGERÐ

um gildistöku tilskipunar Evrópubandalagsins um lækningatæki.

1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sem vísað er til í 1. tl. XXX. kafla II. viðauka, skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af II. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans.

2. gr.

Tilskipun ráðsins 93/42/EBE frá 14. júní 1993 um lækningatæki öðlast því gildi hér á landi. Tilskipun þessi er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB - Sérstök útgáfa: Bók 3, bls. 680 - 722.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 3. gr. lyfjalaga nr. 108/1984 öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 28. júní 1994.

F. h. r.
Páll Sigurðsson.

Ragnheiður Haraldsdóttir.

28. júní 1994 Nr. 369

AUGLÝSING

um (1.) breytingu á fylgiskjali með reglugerð um staðfestingu starfsleyfa nokkurra heilbrigðisstétta o.fl. skv. ákvæðum EES-samningsins, nr. 244/1994.

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á fylgiskjali 1: Læknar:

a. Í stað gerðanna sem vísað er til í 1. og 2. tölulið (tilskipanir ráðsins 75/362/EBE og 75/363/EBE og breytingargerðir) komi eftirfarandi:

1. 393L0016: Tilskipun ráðsins 93/16/EBE frá 5. apríl 1993 um að greiða fyrir frjálsum flutningum lækna og um gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum þeirra, vottorðum og öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi.

Þar fyrir neðan komi eftirfarandi á undan núverandi aðlögun:

Noregur skal, með undanþágu frá ákvæðum 30. gr. tilskipunar 93/16/EBE, eins og þau eru aðlöguð að því er þennan samning varðar, standa við skuldbindingarnar sem þar eru settar fram eigi síðar en 1. janúar 1995 í stað gildistökudags samningsins.

b. 3. töluliður verður 2. töluliður.

2. gr.

Tilskipun ráðsins 93/16/EBE sbr. a-lið 1. gr. hefur birst í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB - Sérstakri útgáfu: Bók 4, bls. 111 - 134.

3. gr.

Auglýsing þessi er birt með vísan til 2. málsgr. 1. gr. reglugerðar nr. 244/1994 og öðlast gildi 1. júlí 1994.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 28. júní 1994.

F. h. r.
Páll Sigurðsson.

Dögg Pálsdóttir.

REGLUGERÐ

um skipulag Húsnæðisstofnunar ríkisins.

I. KAFLI
Skipulag og yfirstjórn stofnunarinnar.

1. gr.

Húsnæðisstofnun ríkisins starfar sem ein heild en skiptist í tvö svið, rekstrarsvið og lánasvið.

Rekstrarstjórn fer með daglega stjórn stofnunarinnar. Í rekstrarstjórn eru framkvæmdastjóri, aðstoðarframkvæmdastjóri og rekstrarstjóri. Aðstoðarframkvæmdastjóri er yfirmaður lánasviðs og staðgengill framkvæmdastjóra. Rekstrarstjóri er yfirmaður rekstrarsviðs og starfsmannastjóri stofnunarinnar.

II. KAFLI
Rekstrarsvið.

2. gr.

Deildir rekstrarsviðs.

Á rekstrarsviði eru þrjár deildir:
rekstrardeild, tæknideild og þjónustudeild.

3. gr.

Rekstrardeild.

Rekstrardeild annast starfsmannahald, það bókhald sem fært er í stofnuninni, rekstraráætlanir, kerfisþjónustu, innkaup og lagerhald fyrir stofnunina.

4. gr.

Tæknideild.

Tæknideild annast gerð tæknilegra umsagna, kostnaðareftirlit og lokaúttektir á félagslegum íbúðarbyggingum, úrvinnslu á tæknilegum upplýsingum og þátttöku í þróun mála í byggingariðnaði.

5. gr.

Þjónustudeild.

Þjónustudeild annast upplýsingagjöf til einstaklinga, móttöku viðskiptavina, símavörslu, útgáfu á ársskýrslu stofnunarinnar, ráðgjöf til einstaklinga, aðstoð við íbúðareigendur í greiðsluerfiðleikum og öflun og miðlun upplýsinga um húsnæðismál.

III.KAFLI
Lánasvið.

6. gr.

Deildir lánasviðs.

Á lánasviði eru fjórar deildir:
lögfræðideild, félagsíbúðadeild, verðbréfadeild og húsbréfadeild.

7. gr.

Lögfræðideild.

Lögfræðideild annast lögfræðilega innheimtu á vegum stofnunarinnar og önnur lögfræðileg málefni á hennar vegum. Deildin er húsnæðismálastjórn, framkvæmdastjóra, rekstrarstjórn og starfsfólki stofnunarinnar til ráðuneytis um lögfræðileg málefni. Hún annast umsjón með innlánsdeild Byggingarsjóðs ríkisins.

8. gr.
Félagsíbúðadeild.

Félagsíbúðadeild annast starfrækslu Byggingarsjóðs verkamanna, lánveitingar og önnur fjármál á vegum félagslega lánakerfisins og undirbýr tillögur um ráðstöfun þess fjármagns sem sjóðurinn hefur til umráða.

9. gr.
Verðbréfadeild.

Verðbréfadeild annast umsjón með stöðu þeirra sjóða sem eru í vörslu stofnunarinnar, semur áætlanir um fjárþörf þeirra á hverjum tíma, hefur eftirlit með útstreymi húsbréfa, undirbýr og gefur út nýja húsbréfaflokka í nafni Byggingarsjóðs ríkisins í samráði við húsbréfadeild, stuðlar að því að húsbréf séu ávallt seljanleg á almennum markaði og útdrátt húsbréfa.

10. gr.
Húsbréfadeild.

Húsbréfadeild annast starfrækslu Byggingarsjóðs ríkisins, úrvinnslu aðsendra gagna vegna húsbréfalána og dagleg samskipti við þá aðila er annast greiðslumat fyrir einstaklinga vegna fyrirhugaðra húsbréfalána.

IV. KAFLI
Gildistaka.

11. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins nr. 97/1993, með vísan til 3. gr. laganna, öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 16. júní 1994.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Elín S. Jónsdóttir.

24. júní 1994 Nr. 371

REGLUGERÐ

um breytingu á byggingarreglugerð nr. 177/1992 með síðari breytingum.

1. gr.

Liður 6.10.7.6 orðist svo:

Þegar gert er deiliskipulag fyrir sumarbústaðasvæði og það hefur hlotið málsmeðferð samkvæmt gr. 4.4 í skipulagsreglugerð nr. 318/1985 skal ákveða stærð mannvirkja og fyrirkomulag í skipulagsskilmálum, sbr. einnig gr. 6.10.7.5.

Þegar veitt er leyfi fyrir staka bústaði og ekki liggur fyrir deiliskipulag sbr. 1. mgr., skal stærð sumarbústaða vera mest 60 m^2 og meðallofthæð ekki minni en 2.20 m. Þá er unnt að heimila geymslu allt að 10 m^2 og bátaskýli allt að 15 m^2 þegar aðstæður gefa tilefni til.

Unnt er að heimila frávik frá ákvæðum 2. mgr. ef aðstæður gefa sérstakt tilefni til enda fái leyfisumsókn þá málsmeðferð í samræmi við gr. 4.4 og 4.4.1 í skipulagsreglugerð.

Sumarbústaðir skulu gerðir úr timbri og skulu veggir og þök vera að minnsta kosti B30 og klæðningar í flokki 2. Þar sem sérstaklega stendur á má heimila þá úr öðru efni.

Í sumarbústaðahverfum á vegum launþegasamtaka eða starfsmannafélaga skal að minnsta kosti einn bústaður hverfisins vera hannaður þannig að hann henti hreyfihömluðum.

Í hverjum bústað skal vera hreinlætisaðstaða sem uppfyllir kröfur heilbrigðisreglugerðar.

2. gr.

Liður 7.4.9 orðist svo:

7.4.9 *Hljóðstig frá umferð.*

Reglur um hljóðstig samkvæmt þessari grein víkja fyrir ákvæðum mengunarvarnareglugerðar nr. 48/1994 með síðari breytingum, sbr. 7. kafla þeirrar reglugerðar og viðauka V.

Hljóðstig frá umferð er mælt og markgildi sett sem s.k. jafngildishljóðstig í dB(A) fyrir heilan sólarhring. Viðmiðunargildin miðast við ákveðna tímadreifingu umferðarinnar, þannig að reiknað er með 7-8% næturumferð á stofnbrautum og tengibrautum, en um 4-5% næturumferð á safngötum og húsagötum. Næturumferð telst vera milli kl. 00:00 og 07:00.

Þessi forsenda um tímadreifingu umferðarinnar gefur um 7-8 dB(A) minni umferðarhávaða að næturlagi en að degi til á stofnbrautum og tengibrautum, en um 9-10 dB(A) á safn- og húsagötum. Ef veruleg frávik eru á tímadreifingu umferðarinnar miðað við þessar forsendur, skulu viðmiðunargildin fyrir umferðarhávaðann breytast í samræmi við það.

Viðmiðunar- og leiðbeiningargildi fyrir umferðarhávaða mæld sem jafngildishljóðstig í dB(A) fyrir sólarhring eru sem hér segir. (Leiðbeiningargildi eru innan sviga.):

	Grunntafla Nýskipulag	Frávik[1] I	II
Innanhúss:			
Íbúðarhúsnæði	30	40	30
Kennslu- og sjúkrastofur	30	35	30
Hávaðalitlir vinnustaðir	40	50	40
Utan við glugga:			
Íbúðarhúsnæði	55 (45)	65	70/55[2]
Kennslu- og sjúkrastofur	55 (45)	60	70
Útisvæði:			
Útivistarsvæði í þéttbýli	55 (45)	65	
Sumarhúsabyggð	45 (40)	65	70

Viðmiðunargildin „innanhúss“ í töflunni miðast við lokaða glugga.

Viðmiðunargildin „utan við glugga“ í töflunni eru frísviðsgildi, annaðhvort mæld beint án áhrifa frá endurkastandi flötum, eða mæligildi við húshlið leiðrétt m.t.t. áhrifa frá endurkastandi flötum.

[1] Frávik: I Veruleg breyting á umferðaræð í byggð sem fyrir er.
II Endurnýjun byggðar sem fyrir er.

[2] 70/55 merkir að viðmiðunarkrafan um 55 dB(A) utan við glugga skal vera uppfyllt fyrir a.m.k. helming íveruherbergja í hverri íbúð, en fyrir önnur herbergi er leyfilegt hljóðstig utan við allt að 70 dB(A).

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 4. gr. byggingarlaga nr. 54/1978, öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytið, 24. júní 1994.

Össur Skarphéðinsson.

Magnús Jóhannesson.

24. júní 1994 Nr. 372

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um holræsagjöld í Egilsstaðahreppi nr. 469/1977.

1. gr.

Í stað orðsins „Egilsstaðahreppi" í heiti reglugerðarinnar og 1. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar komi: Egilsstaðabæ.

2. gr.

4. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar falli brott.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Egilsstaðabæjar, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15/1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 24. júní 1994.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Sesselja Árnadóttir.

4. mars 1994 Nr. 373

REGLUGERÐ

um tíðnisvið fyrir þráðlausa fjarskiptaþjónustu.

1. gr.

Markmið reglugerðar þessarar er að stuðla að öruggri og hagkvæmri fjarskiptaþjónustu innan Evrópska efnahagssvæðisins með því að samræma tíðnisvið sem eru notuð fyrir þráðlausar fjarskiptaþjónustu.

2. gr.

Í reglugerð þessari hafa hugtök eftirfarandi merkingu:

a) *Almenn Evrópufarsímaþjónusta (GSM)* merkir almenna, stafræna, fjarskiptaþjónustu með hólfskiptum þjónustusvæðum sem komið er á samkvæmt sameiginlegri tækniforskrift og notandi þjónustunnar í einu aðildarríki EES getur fengið aðgang að henni í sérhverju öðru ríki sem er aðili að hinni samevrópsku farsímaþjónustu.

b) *Almenn samevrópsk boðþjónusta (ERMES)* merkir almenna, þráðlausa persónuleitarþjónustu um landstöðvakerfi, sem fylgir sameiginlegri tækniforskrift og gerir þeim er þess óska, kleift að senda og/eða taka á móti boðum í tölum eða bókstöfum á öllu því svæði sem þjónustan nær til.

c) *Evrópskt stafrænt þráðlaust fjarskiptakerfi (DECT)* merkir notkun á tækni, sem er í samræmi við evrópska fjarskiptastaðla (ETS) fyrir stafræn þráðlaus fjarskipti og þau fjarskiptakerfi, bæði almenn og í einkaeign þar sem þessi tækni er notuð með beinum hætti.

3. gr.

Tíðnisviðið 890-914 og 935-959 MHz er eingöngu ætlað fyrir almenna Evrópufarsímaþjónustu.

Undanskilin er notkun þessara tíðna fyrir föst sambönd milli tveggja staða sem til eru þegar reglugerðin tekur gildi að því tilskildu að þær trufli ekki almennu Evrópufarsímaþjónstuna eða hindri að henni sé komið á.

4. gr.

Eftirtaldar fjórar rásir eru ætlaðir til notkunar fyrir almennu samevrópsku boðþjónustuna og mundu þær njóta forgangs og verndar gagnvart annarri þjónustustarfsemi á sömu tíðnum:

- 169,6 MHz
- 169,65 MHz
- 169,7 MHz
- 169,75 MHz.

5. gr.

Tíðnisviðið 1880-1900 MHz er ætlað fyrir stafræn evrópsk þráðlaus fjarskiptakerfi, og skal það hafa forgang og njóta verndar gagnvart annarri þjónustustarfsemi á sama tíðnisviði.

6. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt lögum um fjarskipti nr. 73/1984, sbr. nr. 32/1993 og með hliðsjón af tilskipunum ráðherraráðs EB nr. 87/372/EBE, 90/544/EBE og 91/287/EBE, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytið, 4. mars 1994.

Halldór Blöndal.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 46 - 1994

1. júlí 1994 1177 Nr. 374

REGLUGERÐ

um skipan Rannsóknarráðs Íslands.

1. gr.

Menntamálaráðherra skipar níu aðalmenn og jafnmarga varamenn til setu í Rannsóknarráði Íslands til þriggja ára í senn, samkvæmt eftirfarandi ákvæðum:

a) Þrír aðalmenn og þrír varamenn eru skipaðir úr hópi er tilnefna skal þannig:
   1. Sex tilnefndir af Háskóla Íslands.
   2. Einn tilnefndur af Háskólanum á Akureyri.
   3. Einn tilnefndur af Kennaraháskóla Íslands.
   4. Einn tilnefndur í sameiningu af Landsbókasafni Íslands - Háskólabókasafni, Listasafni Íslands, Stofnun Árna Magnússonar, Þjóðminjasafni Íslands og Þjóðskjalasafni Íslands.
   5. Einn tilnefndur af Vísindafélagi Íslendinga.

   Menntamálaráðherra leitar eftir tilnefningum samkvæmt liðum 1-5, hér að ofan. Skal tilnefning samkvæmt fjórða lið ákveðin á fundi sem menntamálaráðherra boðar og skal kveðja þangað einn fulltrúa frá hverri stofnun.

b) Þrír aðalmenn og þrír varamenn eru skipaðir úr hópi er tilnefna skal þannig:
   1. Sjö eru tilnefndir af rannsóknastofnunum atvinnuveganna og annarra rannsóknarstofnana utan verksviðs menntamálaráðuneytis. Tilnefning þeirra skal ákveðin á fundi sem menntamálaráðherra boðar og skal kveðja þangað fulltrúa einn frá hverri eftirtalinna stofnana:
      Hafrannsóknastofnun,
      Iðntæknistofnun Íslands,
      Náttúrufræðistofnun Íslands,
      Orkustofnun,
      Rannsóknastofnun byggðingaiðnaðarins,
      Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins,
      Rannsóknastofnun landbúnaðarins,
      Skógrækt ríkisins,
      Veðurstofu Íslands,
      Veiðimálastofnun.

B 82

Steindórsprent Gutenberg hf.

2. Einn skal tilnefndur af hvorum eftirtalinna aðila:

Læknaráði Landspítalans,
Læknaráði Borgarspítalans.

Menntamálaráðherra leitar eftir þessum tilnefningum.

c) Þrír aðalmenn og þrír varamenn tilnefndir af ríkisstjórn samkvæmt tillögu menntamálaráðherra.

Við tilnefningu til setu í Rannsóknarráði Íslands skal velja einstaklinga, sem hafa þekkingu á vísindalegum rannsóknum, yfirsýn yfir rannsóknir í landinu og eru hæfir til þess að taka virkan þátt í mótun og framkvæmd vísinda- og tæknistefnu. Þeir sem skipaðir eru til setu í Rannsóknarráði Íslands eru ekki fulltrúar þeirra stofnana er tilnefna þá heldur fulltrúar vísinda- og tæknisamfélagsins alls.

Við val einstaklinga til setu í Rannsóknarráði Íslands ber ráðherra að tryggja að jafnvægi sé á milli vísinda, tækni og nýsköpunar og skal þess gætt að sjónarmið atvinnulífs komi fram í ráðinu.

2. gr.

Menntamálaráðherra skipar formann og varaformann úr hópi hinna skipuðu.

3. gr.

Aðalmenn og varamenn í Rannsóknarráði Íslands skulu hafa háskólapróf eða sambærilega menntun, hafa reynslu og þekkingu á rannsóknarstörfum og þekkingu á nýsköpun í atvinnulífi.

4. gr.

Framangreindir fundir þar sem tilnefndir skulu fulltrúar í Rannsóknarráð Íslands eru lögmætir ef 2/3 boðaðra fulltrúa sækja þá. Afl atkvæða ræður kjöri, en hlutkesti ef atkvæði falla jöfn.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 61/1994, um Rannsóknarráð Íslands og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 1. júlí 1994.

Ólafur G. Einarsson.

Guðríður Sigurðardóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 47 - 1994

30. júní 1994 1179 Nr. 375

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 594 31. desember 1993 um efnislegar samkeppnisreglur í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið

1. gr.

Við bætist ný grein sem verður 3. gr. og hljóðar svo:

Ákvæði ákvörðunar Sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/94 frá 21. mars 1994 um breytingu á bókun 47 og tilteknum viðaukum við EES-samninginn, sem vísað er til í 12. viðauka við ákvörðunina skulu öðlast gildi með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af 12. viðauka við ákvörðunina, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans.

2. gr.

Við bætist ný grein sem verður 4. gr. og hljóðar svo:

Eftirtaldar EB-gerðir öðlast því gildi hér á landi, sbr. 3. gr.:

a. Reglugerð um beitingu 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins gagnvart tilteknum flokkum samninga, ákvarðana og samstilltra aðgerða á sviði trygginga nr. 3932/92.
b. Reglugerð um breytingar á reglugerðum (EBE) nr. 417/85, (EBE) nr. 418/85, (EBE) nr. 2349/84 og (EBE) nr. 556/89 um beitingu 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins gagnvart tilteknum flokkum samninga um sérhæfingu, rannsóknir og þróun, nytjaleyfissamningum um einkaleyfi og nytjaleyfissamningum um kunnáttu nr. 151/93.
c. Reglugerð um beitingu 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins gagnvart tilteknum flokkum samninga, ákvarðana og samstilltra aðgerða varðandi sameiginlega áætlunargerð og samræmda ferðaáætlun, sameiginlegan rekstur, samráð um fargjöld og farmgjöld í áætlunarflugi og um úthlutun afgreiðslutíma á flugvöllum nr. 1617/93.
d. Reglugerð um beitingu 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins gagnvart tilteknum flokkum samninga milli fyrirtækja um tölvufarskráningarkerfi fyrir flugrekstur nr. 3652/93.
e. Ákvörðun nr. 3654/91/KSE um breytingu á ákvörðun nr. 25/67/KSE um undanþágu frá fyrirfram veittu leyfi með hliðsjón af framkvæmd 3. mgr. 66. gr. sáttmálans.

3. gr.

Við 3. gr. sem verður 5. gr. bætist ný málsgrein sem verður 2. mgr. svohljóðandi:

EB-gerðir sem vísað er til í 3. og 4. gr. eru birtar í EES viðbæti við Stjórnartíðindi EB, sérstakri útgáfu, bók 5, bls. 1-27. Ákvörðun sameiginlegu nefndarinnar sem vísað er til í 3. gr. er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, nr. 17, 1. árg., 28. júní 1994, á bls. 1.

Steindórsprent Gutenberg hf.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 48. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993, öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytið, 30. júní 1994.

F. h. r.

Þorkell Helgason.

Gunnar Viðar.

STJÓRNARTÍÐINDI B 48 - 1994

5. júlí 1994 1181 Nr. 376

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 339, 23. júní 1994 um loðnuveiðar 1994/1995.

1. gr.

3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Veiðar eru heimilaðar í lögsögu Íslands, Grænlands og Jan Mayen með eftirfarandi takmörkunum:

A. Veiðar í lögsögu Grænlands eru bannaðar sunnan 64° 30'N.

B. Veiðar eru bannaðar vestan 19°V sunnan línu, sem dregin er um eftirfarandi punkta:

1. 67° 45'N - 19°00'V
2. 67° 45'N - 22°00'V
3. 66° 00'N - 27°00'V

Syðri mörk svæðisins út af Vestfjörðum markast af 66°00'N.

Ráðuneytinu er heimilt að stöðva loðnuveiðar í lögsögu Jan Mayen, þegar íslensku skipin hafa veitt 60% af heildarafla sínum í lögsögu Jan Mayen.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og laga nr. 34, 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 5. júlí 1994.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.

Stjórnartíðindi B 48, nr. 376. Útgáfudagur 5. júlí 1994.

Steindórsprent Gutenberg hf.

STJÓRNARTÍÐINDI B 49 - 1994

Nr. 377 1182 27. júní 1994

REGLUGERÐ

um umhverfismál á Evrópska efnahagssvæðinu.

1. gr.

Með vísun til meginmáls samnings um Evrópskt efnahagssvæði, viðauka XX, ásamt viðbótum og breytingum, bókunar 1 við samninginn og annarra ákvæða, öðlast eftirtaldar reglugerðir ráðs ESB gildi hér á landi.

2. gr.

Eftirtaldar gerðir öðlast því gildi hér á landi sbr. 1. gr.

a) Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1836/93 um frjálsa aðild iðnfyrirtækja að umhverfismála- og vistúttektarkerfi bandalagsins.
b) Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 259/93 um umsjón og eftirlit með flutningi úrgangs innan, til og út úr Evrópubandalaginu.
c) Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 880/92 um kerfi um veitingu vistmerkis EB.

3. gr.

ESB-gerðir sem vísað er til í 2. gr. reglugerðar þessarar eru birtar í sérriti, sbr. auglýsingu í C deild Stjórnartíðinda nr. 31/1993.

Umhverfisráðuneytið mun gefa út í sérstakri handbók, sem hægt verður að fá hjá Hollustuvernd ríkisins, upplýsingar um reglugerðir EES á sviði umhverfismála.

4. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með heimild í 3. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit ásamt síðari breytingum, sbr. lög nr. 65/1994, öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytið, 27. júní 1994.

Össur Skarphéðinsson.

Magnús Jóhannesson.

Steindórsprent Gutenberg hf.

REGLUGERÐ

um breytingu á mengunarvarnareglugerð nr. 48/1994.

1. gr.

2. gr. orðist svo:

Merking orða og orðasambanda í reglugerð þessari:

Bein losun í grunnvatn: losun efna í grunnvatn án þess að þau síist í gegnum jarðveg, þéttan jarðgrunn eða berggrunn.

Efnafræðileg súrefnisþörf (COD): mælikvarði á magn lífrænna efna í vatni, mælt með staðlaðri aðferð.

Eftirlitsmæling: stakar mælingar sem framkvæmdar eru samkvæmt fyrirmælum í starfsleyfum, sbr. ákvæði 8. kafla, eða í þeim tilgangi að kanna hvort settum reglum og viðmiðunarmörkum sé fylgt.

Endurmyndun: aðgerð til að hreinsa úrgang svo að hann eða hluti hans komist í svipað eða sama form og hann var upphaflega.

Endurvinnsla: hvers konar nýting úrgangs til framleiðslu, orkuvinnslu o.þ.h.

Ferskvatnsmörk: sá staður í á þar sem selta hækkar vegna nálægðar sjávar á fjöru enda sé miðað við lítið rennsli í ánni.

Fráveita: leiðslukerfi og búnaður til meðhöndlunar skólps.

Fráveituvatn: vatn (skólp, ofanvatn, vatn frá upphitunarkerfum húsa o.fl.) sem veitt er í fráveitur.

Förgun spilliefna: skil á spilliefnum til viðurkenndrar spilliefnamóttökustöðvar, svo og meðhöndlun og eyðing þeirra.

Förgun úrgangs: aðgerð eða ferli þegar úrgangi er umbreytt og komið fyrir varanlega eða í geymslu (sjá nánar aðferðir sem getið er í viðauka 18).

Gámastöð: sérstök aðstaða þar sem tekið er við úrgangi frá almenningi og smærri fyrirtækjum til flokkunar áður en hann er fluttur til móttökustöðva.

Grunnvatn: vatn í gegnmettuðum jarðlögum undir yfirborði jarðar.

Hreinsun skólps:

Eins þreps hreinsun: hreinsun skólps með aflfræðilegum og/eða efnafræðilegum aðferðum þar sem svifagnir eru botnfelldar eða önnur hreinsun þar sem BOD_5-gildi skólps er lækkað um að minnsta kosti 20% áður en það er losað og heildarmagn svifagna í skólpi er lækkað um að minnsta kosti 50%.

Grófhreinsun: hreinsun fastra hluta úr fráveituvatni, með rist, síu eða öðrum búnaði, til að koma í veg fyrir sjónmengun.

Tveggja þrepa hreinsun: frekari hreinsun skólps en eins þreps með aðferð sem oftast felur í sér líffræðilega hreinsun sem fylgt er eftir með botnfellingu eða öðru ferli, sbr. kröfur í viðauka 12 (I. viðauki, 1. tafla). Rotþró með siturlögn eða sandsíu telst t. d. vera tveggja þrepa hreinsun.

Viðeigandi hreinsun: hreinsun skólps með viðurkenndum hreinsibúnaði í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar svo að gæðamarkmiðum fyrir viðtaka sé náð, sbr. viðauka 1, 2 og 12.

Húsaskólp: skólp frá íbúðarhúsnæði og þjónustustarfsemi sem einkum á rætur að rekja til efnaskipta mannslíkamans og heimilisstarfa.

Iðjuver: þar sem iðnaðarstarfsemi, orkufrekur iðnaður eða önnur mengandi starfsemi fer fram.

Iðnaðarskólp: skólp annað en húsaskólp og ofanvatn sem losað er frá húsnæði eða annarri aðstöðu sem notuð er til atvinnurekstrar eða iðnaðar.

Líffræðileg súrefnisþörf (BOD_5): mælikvarði fyrir magn lífrænna efna í vatni mælt með staðlaðri aðferð.

Losun: þegar efnum og efnasamböndum er veitt í fráveitur og viðtaka.

Meðhöndlun spilliefna: söfnun, flokkun, flutningur, umpökkun og umbreyting spilliefna sem nauðsynleg er fyrir endurmyndun, endurvinnslu eða eyðingu þeirra.

Meðhöndlun úrgangs: söfnun, böggun, flutningur, nýting, endurvinnsla og förgun úrgangs, þar með talið eftirlit með slíkri starfsemi og umsjón með förgunarstöðvum eftir að þeim hefur verið lokað.

Mengun: þegar örverur, efni og efnasambönd valda óæskilegum og skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings, raska lífríki eða óhreinka loft, láð eða lög. Mengun tekur einnig til óþæginda vegna ólyktar, óbragðs, hvers konar hávaða og titrings, geislunar og varmaflæðis.

Móttökustöð: staður og aðstaða þar sem tekið er við úrgangi til lengri eða skemmri geymslu, umhleðslu, flokkunar eða annarrar meðhöndlunar. Þaðan fer úrgangur til förgunar eða nýtingar.

Nýting úrgangs: hvers konar meðhöndlun, umbreyting eða endurvinnsla efna eða hluta í stað förgunar, sbr. og aðgerðir sem nefndar eru í viðauka 18.

Næringarefnaauðgun: ofauðgun næringarsalta í vatni, einkum efnasambanda köfnunarefnis og/eða fosfórs, sem veldur því að þörungar og æðri tegundir plantna vaxa hraðar en ella og valda óæskilegri röskun á jafnvægi lífríkis í vatninu og spilla gæðum þess.

Ofanvatn: regnvatn og leysingarvatn sem rennur í fráveitur af húsþökum, götum, gangstéttum og öðru þéttu yfirborði.

Óbein losun í grunnvatn: þegar efni eða gerlar berast, eða er hætt við að geti borist, í grunnvatn eftir síun í gegnum jarðveg, þéttan jarðgrunn eða berggrunn.

Persónueining (p.e.): magn lífrænna efna, næringarsalta og annarra efna sem samsvarar því sem einn einstaklingur er að jafnaði talinn losa frá sér á sólarhring. Ein p.e. af lífrænu efni er það magn lífrænna efna í skólpi sem getur brotnað niður líffræðilega með 60g súrefnis á dag mælt með 5 sólarhringa líffræðilegri súrefnisnotkun.

Ruslabiða: ílát sem komið er fyrir á almannafæri í því skyni að auðvelda fólki að losa sig við rusl.

Sigvatn: mengað vatn frá hvers konar starfsemi sem ekki er veitt í fráveitu og vatn sem rennur frá úrgangi eða í gegnum hann.

Siturleiðsla: götuð leiðsla sem lögð er í jörðu og dreifir fráveituvatni út í jarðveg.

Skólp: húsaskólp og iðnaðarskólp eða blanda húsaskólps eða iðnaðarskólps og/eða ofanvatns.

Sorpbrennslustöð: hvers kyns tæknibúnaður sem notaður er til að meðhöndla úrgang með brennslu, hvort sem hitinn sem myndast við brennsluna er nýttur eða ekki. Undanskildar eru þó stöðvar sem notaðar eru sérstaklega til að brenna seyru, spilliefnum, sóttmenguðum úrgangi eða öðrum tegundum sérstaks úrgangs, á landi eða í sjó, jafnvel þótt þessar stöðvar brenni öðrum úrgangi jafnhliða.

Sorpílát: ílát sem sorpi er safnað í áður en það er losað eða flutt til móttökustöðvar.

Strandsjór: sjór utan við stórstraumsfjörumörk eða ytri mörk ármynnis.

Strandsvæði: fjara ásamt 250 m breiðu svæði út frá stórstraumsfjörumörkum.

Úrgangur: hvers kyns efni eða hlutir sem einstaklingar eða lögaðilar ákveða að losa sig við eða er gert að losa sig við á tiltekinn hátt, sbr. og flokkun og evrópsk skrá um úrgang í viðauka 18.

Helstu gerðir úrgangs eru:

Framleiðsluúrgangur: úrgangur sem fellur til við framleiðslu, verslun og þjónustu, svo sem pappír, timbur, gler o.þ.h.

Ristarúrgangur: fastur úrgangur sem fellur til við grófhreinsun á skólpi.

Salernisúrgangur: allur úrgangur frá þurr- eða vatnssparandi salernum sem ekki eru tengd við fráveitu.

Seyra: allur fastur úrgangur sem fellur til við skólphreinsun nema ristarúrgangur.

Sérstakur úrgangur: úrgangur sem ekki verður meðhöndlaður á sama hátt og sorp eða framleiðsluúrgangur, t.d. vegna umfangs, eðlis eða hættu á alvarlegri mengun.

Sorp (neysluúrgangur): leifar, rusl og umbúðir sem til falla við heimilishald eða aðra starfsemi og úrgangur sem hefur svipaða eiginleika.

Sóttmengaður úrgangur: hvers kyns úrgangur sem getur haft í för með sér smithættu fyrir menn og dýr sem komast í beina eða óbeina snertingu við hann.

Spilliefni: hvers kyns sérstakur úrgangur (hættulegur úrgangur) sem inniheldur efni sem skráð eru í viðauka 4 eða 19 eða er mengaður af þeim, á þann hátt, í slíku magni eða af slíkum styrkleika að það stofni heilsu manna eða umhverfi í hættu.

Útblástursmörk: leyfilegur hámarksstyrkur og/eða massi mengunarefna í útblæstri iðjuvera og vélknúinna ökutækja miðað við tiltekinn tíma.

Úttektarrannsókn: viðamikil rannsókn eða langtímamæling, venjulega bundin við stærra svæði, svo sem landsvæði, þéttbýli eða hluta af þéttbýli, eða rannsókn á yfirgripsmiklum þáttum mengunar, svo sem frá farartækjum, eða rannsókn á mengun er berst frá öðrum löndum.

Viðmiðunarmörk: leyfilegur hámarksstyrkur mengandi efna í viðtaka á tilteknu tímabili.

Viðtaki: svæði sem tekur við mengun og þynnir hana eða eyðir.

Yfirborðsvatn: kyrrstætt eða rennandi yfirborðsvatn, ár, vötn og jöklar.

Ytra umhverfi: land, lögur og loft utandyra og utan vinnustaða.

Þéttbýlissvæði: svæði þar sem þéttbýli er nægilegt og/eða atvinnustarfsemi nægilega mikil til að hægt sé að safna og veita skólpi til hreinsistöðva eða til staða þar sem það er endanlega losað.

Þynningarsvæði: sá hluti viðtaka þar sem þynning mengunar á sér stað og eftirlitsaðilar með reglugerð þessari samþykkja, að mengun megi vera yfir viðmiðunarmörkum.

Viðkvæm og síður viðkvæm svæði: svæði flokkuð samkvæmt flokkum I og II, sbr. 4. kafla og/eða svæði skilgreind, sbr. viðmiðanir í viðauka 12 (II. viðauki) og/ eða, sbr. viðauka 27 (I. viðauki).

2. gr.

Á eftir 2. mgr. 5. gr. bætist við málsgrein:

5.3 Eftirlitsaðila er heimilt að draga úr eftirliti, samkvæmt 4. gr. með atvinnurekstri sem upp er talinn í viðaukum 7 eða 8 og tekur þátt í umhverfisstjórn og eftirlitskerfi fyrirtækja, sbr. sérstaka reglugerð þar að lútandi.

3. gr.

6. gr. orðist svo:

6.1 Fyrirtæki sem upp eru talin í viðaukum 7 og 8, greiða árlegt eftirlitsgjald samkvæmt gjaldskrá sem ráðherra staðfestir að fengnum tillögum stjórnar Hollustuverndar ríkisins vegna fyrirtækja í viðauka 7 og hlutaðeigandi svæðisnefndar um heilbrigðiseftirlit vegna fyrirtækja í viðauka 8. Gjaldið skal standa straum af kostnaði við eftirlitið.

6.2 Eftirlitsaðila er heimilt að innheimta lægra gjald, sbr. 1. mgr. 6. gr., eða fella gjaldið niður hjá atvinnurekstri sem fellur undir 3. mgr. 5. gr.

4. gr.

9. gr. orðist svo:

Með sérstöku samkomulagi við hlutaðeigandi heilbrigðisnefndir, sem ráðherra staðfestir, getur Hollustuvernd ríkisins tekið að sér að sinna hluta eftirlitsins með starfsemi fyrirtækja sem talin eru upp í viðauka 8. Á sama hátt getur heilbrigðisnefnd tekið að sér að sinna hluta eftirlits með starfsemi fyrirtækja sem talin eru upp í viðauka 7.

5. gr.

Á eftir 5. mgr. 10. gr. bætast við eftirfarandi málsgreinar:

10.6 Í hverfi íbúðarhúsa, sumarbústaða eða atvinnuhúsnæðis skal komið á sameiginlegu fráveitukerfi, sbr. þó 4. mgr. 15. gr. Þar sem skólpi frá einstökum húsum eða sumarbústöðum verður ekki veitt í sameiginlega fráveitu skal veita því eftir vatnsheldum lögnum í rotþrær og siturlögn eða sandsíu. Afla skal fyrirmæla og leyfis hlutaðeigandi heilbrigðisnefndar hverju sinni. Aðeins er heimilt að nota rotþrær sem Hollustuvernd ríkisins hefur viðurkennt. Rotþró skal sýnd á holræsateikningu hússins.

10.7 Gera skal ráðstafanir til að draga úr hættu á að vatn mengist og koma í veg fyrir mengun vatns af völdum köfnunarefnis frá landbúnaði eða af öðrum orsökum.

10.8 Til að koma í veg fyrir mengun yfirborðsvatns og grunnvatns skal heilbrigðisnefnd láta tilgreina sérstaklega vatna- og grunnvatnssvæði sem hafa lítið viðnám gegn mengun og eru menguð eða gætu mengast, þ.m.t. af völdum köfnunarefnis, sbr. viðauka 27 (I. viðauki), ef ekki er gripið til sérstakra aðgerða til verndar. Sama á við um grannsvæði og fjarsvæði, sbr. verndarflokkun vatnsbóla samkvæmt heilbrigðisreglugerð nr. 149/1990.

10.9 Heilbrigðisnefnd sendir yfirlit til Hollustuverndar ríkisins yfir svæði, sbr. 8. mgr., sem tilgreind hafa verið að gætu verið viðkvæm. Hollustuvernd ríkisins metur hvort um viðkvæm svæði sé að ræða eða ekki og gefur út lista yfir viðkvæm svæði. Stofnunin endurskoðar listann á fjögurra ára fresti.

10.10 Til að stuðla að vernd vatns gegn mengun af völdum notkunar áburðar í landbúnaði, gefur Hollustuvernd ríkisins, í samráði við stofnanir landbúnaðarráðuneytisins, út starfsreglur um góða búskaparhætti á svæðum sem hafa lítið viðnám gegn mengun. Í starfsreglunum skulu vera a. m. k. ákvæði um þau atriði sem tilgreind eru í viðauka 27 (II. viðauki A). Hollustuvernd ríkisins skal í samráði við landbúnaðarráðuneytið koma starfsreglunum á framfæri við bændur.

10.11 Innan tveggja ára frá því viðkvæm svæði eru fyrst tilgreind, sbr. 8. mgr., eða innan árs frá því bætt er við svæðum, skal birta framkvæmdaráætlun um vernd viðkomandi svæða í viðauka með mengunarvarnareglugerð. Áætlunin skal taka mið af tiltækum gögnum á sviði vísinda og tækni, einkum sem hafa tilvísun til ákomu köfnunarefnis frá landbúnaði. Áætlunin skal einnig taka mið af umhverfisaðstæðum á viðkomandi landsvæði. Í áætluninni skulu vera ákvæði um bindandi ráðstafanir, sbr. viðauka 27 (III. viðauki). Ákvæði í starfsreglum um góða búskaparhætti sem ekki eru tilgreind í viðauka 27 (III. viðauki), skulu einnig vera bindandi á svæðum sem eru viðkvæm og hafa lítið viðnám gegn mengun. Áætlanirnar skulu koma til framkvæmda fjórum árum eftir að þær eru birtar.

10.12 Til að stuðla að því að tilætluð vernd náist með framkvæmdaráætlun sbr. 11 mgr., skal endurskoða hana á fjögurra ára fresti og gera viðbótarráðstafanir reynist þess þörf.

10.13 Hlutaðeigandi heilbrigðisnefnd, í samráði við Hollustuvernd ríkisins, skal koma á fót vöktun á köfnunarefnisinnihaldi yfirborðsvatns og grunnvatns á völdum mælistöðum, sbr. 23. gr., til að meta árangur verndaraðgerða og til að unnt sé að meta ákomu köfnunarefnis frá landbúnaði og öðrum upptökum almennt.

10.14 Hollustuvernd ríkisins gefur á fjögurra ára fresti út yfirlitsskýrslu um stöðu og ástand mála hvað næringarefnaauðgun í fersku vatni, árósum og strandsjó varðar.

6. gr.

1. mgr. 11. gr. orðist svo:

11.1 Til að koma í veg fyrir vatnsmengun skulu sveitarstjórnir og skipulagsyfirvöld flokka vatnasvæði í eftirfarandi flokka við gerð svæðis- og aðalskipulags í samráði við heilbrigðisnefnd, Náttúruverndarráð og Hollustuvernd ríkisins:

Flokkur I: svæði sem hafa sérstaka þýðingu vegna nytja af ýmsu tagi, lífríkis, jarðmyndana eða útivistar, auk annarra sérstakra vatnsverndunarsvæða.

Flokkur II: yfirborðsvatn sem ekki nýtur sérstakrar verndar.

Flokkun þessi gildir einnig þó að skipulagsáætlanir hafi ekki verið samþykktar. Tilgreina skal sérstaklega í þessum tilgangi svæði sem eru viðkvæm og hafa lítið viðnám gegn mengun og sérstakar verndaraðgerðir gilda fyrir, sbr. 8. mgr. 10. gr. og viðauka 27 (I. viðauki).

7. gr.

4. mgr. 11. gr. orðist svo:

11.4 Fráveituvatn einstakra íbúðarhúsa eða sumarbústaða er undanþegið rannsóknarskyldu, enda sé það veitt um rotþró og siturleiðslu samkvæmt leiðbeiningum Hollustuverndar ríkisins og fyrirmælum heilbrigðisnefndar.

8. gr.

5. mgr. 13. gr. orðist svo:

13.5 Fráveituvatn sem veitt er frá einstökum íbúðarhúsum eða sumarbústöðum er undanþegið rannsóknarskyldu enda sé því veitt um rotþró og siturleiðslu samkvæmt leiðbeiningum Hollustuverndar ríkisins og fyrirmælum heilbrigðisnefndar.

9. gr.

3. mgr. 17. gr. orðist svo:

17.3 Hreinsun skólps, sbr. a - c, skal a. m. k. uppfylla kröfur sem gerðar eru til eins þreps hreinsunar, sbr. skilgreiningu í 2. gr. Notkun síubúnaðar til hreinsunar skólps jafngildir eins þreps hreinsun á síður viðkvæmum svæðum.

10. gr.

Fyrirsögn 24. gr. verði „Rekstur fráveitna." í stað „Starfandi fráveitur.".

11. gr.

Á eftir 4. mgr. 26. gr. bætist ný málsgrein:

26.5 Styrkur ósons í andrúmlofti sem mældur er í samræmi við tilvísunaraðferð í viðauka 28 (V. viðauki) eða aðrar sambærilegar aðferðir sem Hollustuvernd ríkisins samþykkir, skal ekki vera yfir viðmiðunarmörkum í viðauka 3. Fari styrkur ósons yfir almenn tilkynningarmörk eða almenn viðvörunarmörk í viðauka 28 (I. viðauki 3. eða 4. liður), skal hlutaðeigandi heilbrigðisnefnd senda út tilkynningu í samræmi við viðauka 28 (IV. viðauka) til almennings t.d. í útvarpi eða sjónvarpi.

12. gr.

3. mgr. 35. gr. orðist svo:

35.3 Í viðauka 13, 14, 15, 16 og 28 eru birtar aðferðir sem beita skal við loftgæðarannsóknir. Heimilt er að beita jafngildum aðferðum, enda hafi Hollustuvernd ríkisins staðfest að þær uppfylli ákvæði alþjóðlegra samninga sem Ísland er aðili að.

13. gr.

3. mgr. 37. gr. orðist svo:

37.3 Óheimilt er að meðhöndla úrgang nema í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar og starfsleyfa.

14. gr.

Á eftir 3. mgr. 37. gr. kemur ný málsgrein:

37.4 Bannað er að skilja eftir, flytja eða geyma úrgang á þann hátt að valdið geti skaða eða lýtum á umhverfinu. Þetta gildir jafnt um smærri sem stærri hluti, svo sem bílflök, skipsskrokka o.s.frv.

15. gr.

40. gr. orðist svo:

Þeim hluta sérstaks úrgangs, sem telst til spilliefna samkvæmt viðauka 4 má ekki blanda saman við annan úrgang. Einstökum tegundum spilliefna skal auk þess halda aðgreindum. Aðgreina skal spilliefnablöndur, þar sem kostur er.

16. gr.

3. mgr. 43. gr. orðist svo:

43.3 Spilliefni samkvæmt viðauka 4 og viðauka 19 með reglugerð þessari, og annan úrgang sem inniheldur spilliefni skal flytja til móttökustöðva sem hafa fengið starfsleyfi til að taka á móti slíkum úrgagni, sbr. 8. kafla þessarar reglugerðar.

17. gr.

1. mgr. 44. gr. orðist svo:

44.1 Heimila má starfsleyfishafa, sbr. 3. mgr. 43. gr., að farga úrgangi sem inniheldur takmarkað magn spilliefna á sama hátt og heimilis- og framleiðsluúrgangi. Hollustuvernd ríkisins gefur út lista yfir þennan úrgang þar sem fram kemur við hvaða styrk spilliefna miðað er í hverju tilfelli og hvernig förgunin skuli framkvæmd.

18. gr.

3. mgr. 46. gr. orðist svo:

46.3 Þar sem verður til, er safnað og/eða fargað meira en 200 lítrum af olíuúrgangi á ári, ber að halda dagbók yfir magn, ástand, uppruna og geymslustað úrgangsolíunnar, móttöku, afhendingu og/eða förgun.

19. gr.

1. mgr. 47. gr. orðist svo:

47.1 Draga skal eins og unnt er úr myndun spilliefna, sbr. viðauka 4 og viðauka 19. Stuðla ber að öruggri eyðingu þeirra eða nýtingu og öðru sem lýtur að endurnotkun.

20. gr.

5. mgr. 47. gr. orðist svo:

47.5 Spilliefni skal skrá og staðfesting liggja fyrir um hvar eða hvernig þeim hafi verið fargað. Fyrirtæki þar sem spilliefni verða til eða meðhöndla spilliefni skulu halda nákvæma skrá yfir þau. Í skránni skal m.a. koma fram gerð og magn úrgangs, eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar, uppruni úrgangs, flutningsaðili, meðferð hans og móttöku- eða förgunarstaður. Allar færslur skulu varðveittar í a.m.k. 3 ár og skulu eftirlitsaðilar og fyrri eigendur úrgangsins hafa aðgang að þeim.

21. gr.

6. mgr. 47. gr. orðist svo:

47.6 Þeir aðilar sem flytja spilliefni til annarra landa skulu hlíta ákvæðum reglugerðar um umsjón og eftirlit með flutningi úrgangs innan, til og út úr Evrópubandalaginu og tilkynningaskyldu aðila sem meðhöndla og flytja slíkan úrgang, og m.a. afla sér vottorðs Hollustuverndar ríkisins áður en spilliefnin eru flutt frá landinu. Sama gildir um innflutning spilliefna. Í beiðni um vottorð skulu m.a. koma fram upplýsingar um gerð og magn úrgangsins, nafn og aðsetur viðtakanda, innflutnings- eða útflutningsland, fyrirhugaða flutningsleið og fyrirhugaða meðhöndlun eða förgun spilliefnanna.

22. gr.

48. gr. orðist svo:

48.1 Aðili sem sem hefur með höndum starfsemi þar sem spilliefni verða til eða hefur undir höndum spilliefni og hefur ekki starfsleyfi samkvæmt 3. mgr. 47. gr. skal eins fljótt og unnt er, afhenda þau til stöðvar, stofnunar eða fyrirtækis sem hefur samkvæmt áðurnefndri grein leyfi til að meðhöndla þau.

48.2 Aðilar sem sjá um flutning spilliefna er skylt að láta fylgja með farminum skrifleg gögn þar sem fram koma upplýsingar um gerð, samsetningu, magn og þyngd úrgangs, nafn og heimilisfang framleiðanda eða fyrri úrgangshafa, nafn og heimilisfang móttakanda úrgangs eða förgunaraðila og hvar úrgangnum verði endanlega fargað, ef vitað er, sbr. reglugerð um umsjón og eftirlit með flutningi úrgangs innan, til og út úr Evrópubandalaginu og tilkynningaskyldu aðila sem meðhöndla og flytja slíkan úrgang.

48.3 Fyrirtæki sem farga spilliefnum eða senda þau til annarra landa skulu eigi síðar en 1. mars ár hvert senda Hollustuvernd ríkisins skrá yfir móttöku, meðferð, förgun og útflutning spilliefna almanaksárið á undan, sbr. reglugerð um umsjón og eftirlit með flutningi úrgangs innan, til og út úr Evrópubandalaginu og tilkynningaskyldu aðila sem meðhöndla og flytja slíkan úrgang.

23. gr.

50. gr. orðist svo:

Hávaði skal vera undir þeim viðmiðunarmörkum sem fram koma í viðauka 5 með reglugerð þessari, sbr. þó 53. gr. Ennfremur skal leitast við að uppfylla þau leiðbeiningarmörk sem fram koma í viðauka 5. Ef ekki er um ný skipulögð svæði að ræða, heldur svæði þar sem skipulag eða starfsemi er fyrir, má heimila undanþágur sem lýst er í viðauka 5.

24. gr.

2. mgr. 54. gr. orðist svo:

54.2 Heilbrigðisnefnd framkvæmir eða lætur framkvæma reglubundnar eftirlitsmælingar á hávaða. Hollustuvernd ríkisins gefur út reglur um framkvæmd mælinga.

25. gr.

Á eftir 2. mgr. 54. gr. bætist við ný málsgrein:

54.3 Í viðauka 5 er gerð grein fyrir þeim aðferðum sem nota skal við mælingar og/eða útreikninga á hávaða.

26. gr.

55. gr. orðist svo:

Við gerð svæða- og aðalskipulags skulu skipulagsyfirvöld hafa hliðsjón af niðurstöðum hávaðamælinga og útreikninga, svo og áliti eftirlitsaðila samkvæmt reglugerð þessari, sbr. einnig skipulagsreglugerð nr. 318/1985, ásamt síðari breytingum.

27. gr.

57. gr. orðist svo:

Ef um er að ræða atvinnurekstur, sem upp er talinn í viðaukum 7 eða 8 og er háður mati á umhverfisáhrifum, sbr. lög nr. 63/1993 skal niðurstaða á mati liggja fyrir, áður en starfsleyfi er gefið út. Einnig skal áður en starfsemi hefst framkvæma nauðsynlegar rannsóknir, vegna starfsleyfis og eftirlits, á þeim umhverfisþáttum sem starfsemin hefur helst áhrif á. Slíkar rannsóknir eru á kostnað umsækjanda.

28. gr.

2. mgr. 66. gr. orðist svo:

66.2 Umsóknum skulu fylgja upplýsingar um þau atriði er heilbrigðisnefnd telur að fylgja þurfi hverju sinni, s.s. nákvæmar upplýsingar um fyrirhugaða starfsemi, hugsanlega mengunarhættu og fyrirhugaðar mengunarvarnir, lýsing á staðháttum, uppdrættir af staðsetningu mannvirkja og næsta umhverfi, svo og annað það er máli kann að skipta.

29. gr.

71. gr. orðist svo:

71.1 Hollustuvernd ríkisins gefur út starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem upp er talinn í viðauka 7 og ekki fellur undir ákvæði 1. mgr. 72. gr.

71.2 Heilbrigðisnefnd gefur út starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem upp er talinn í viðauka 8 og ekki fellur undir ákvæði 1. mgr. 72. gr.

30. gr.

72. gr. orðist svo:

72.1 Umhverfisráðherra gefur út starfsleyfi fyrir starfsemi þar sem fjárfesting framkvæmda er meiri en 800 milljónir miðað við byggingarvísitölu 187 febrúar 1992.

72.2 Hollustuvernd ríkisins afgreiðir endanlegar starfsleyfistillögur fyrir atvinnurekstur sem fellur undir 1. mgr. og upp er talinn í viðauka 7, til ráðuneytisins í samræmi við kynntar tillögur, úrskurð og/eða samkomulag vegna framkominna athugasemda, sbr. 62. - 65. gr.

72.3 Heilbrigðisnefnd afgreiðir endanlegar starfsleyfistillögur fyrir atvinnurekstur, sem fellur undir 1. mgr. og upp er talinn í viðauka 8 til ráðuneytisins í samræmi við kynntar tillögur, úrskurð og/eða samkomulag vegna framkominna athugasemda, sbr. 69. og 70. gr.

31. gr.

1. mgr. 73. gr. orðist svo:

73.1 Starfsleyfi skal gefa út til tiltekins tíma.

32. gr.

1. mgr. 82. gr. orðist svo:

82.1 Í starfsleyfum fyrirtækja, sbr. 47. gr., skulu vera ákvæði um gerð og magn úrgangs, tæknikröfur, varúðarráðstafanir, förgunarstað og förgunaraðferðir. Starfsleyfisskyldir aðilar sem stunda starfsemi þar sem spilliefni myndast, hafa þau undir höndum eða farga þeim, skulu halda skrár um magn, gerð, eðlis- og efnafræðilega eiginleika og uppruna efnanna, förgunaraðferðir og förgunarstaði ásamt upplýsingum um dagsetningar móttöku og förgunar. Að öðru leyti er vísað til 6. kafla hvað varðar meðhöndlun olíuúrgangs.

33. gr.

2. mgr. 84. gr. orðist svo:

84.2 Ef sérstaklega stendur á getur ráðherra veitt tímabundnar undanþágur frá einstökum ákvæðum reglugerðar þessarar, m.a. í samræmi við ákvæði EES-samningsins. Áður en undanþágur eru veittar skal leita umsagnar Hollustuverndar ríkisins eða Siglingamálastofnunar ríkisins eftir því sem við á, hverju sinni.

34. gr.

86. gr. orðist svo:

86.1 Reglugerð þessi er sett með stoð í 3. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, ásamt síðari breytingum, og samkvæmt lögum nr. 32/1986 um varnir gegn mengun sjávar, ásamt síðari breytingum, einkum 9. og 10. gr. laganna til að öðlast þegar gildi. Reglugerðin er ennfremur sett með hliðsjón af 4., 6., 8. - 18., 20. - 22., 26.-27., 29. og 32. tölul. XX. viðauka við EES-samninginn (tilskipanir nr. 76/464/EBE, 80/68/EBE, 82/176/EBE, 83/513/EBE, 84/156/EBE, 84/491/EBE, 86/280/EBE, ásamt síðari breytingum, 91/271/EBE, 80/779/EBE, ásamt síðari breytingum, 82/884/EBE, 84/360/EBE, 85/203/EBE, ásamt síðari breytingu, 87/217/EBE, 89/369/EBE, 89/429/EBE, 76/403/EBE, 75/439/EBE, ásamt síðari breytingu, 74/442/EBE, ásamt síðari breytingu, og 86/278/EBE) og XX. viðauka 1. viðbótarpakka EES-samningsins (tilskipanir 91/676/EBE, 92/72/EBE, 94/3/EBE, 91/689/EBE og 92/112/EBE).

35. gr.

2. mgr. 86. gr. verður óbreytt en fyrir framan hana kemur eftirfarandi:

86.2

36. gr.

Á eftir 2. mgr. 86. gr. koma eftirfarandi málsgreinar:

86.3 Með vísun til meginmáls samnings um Evrópskt efnahagssvæði, viðauka XX, ásamt viðbótum og breytingum, bókunar 1 við samninginn og annarra ákvæða, öðlast eftirtaldar tilskipanir ráðs ESB gildi og verða hluti af viðaukum reglugerðar þessarar:

a) Tilskipun ráðsins 75/442/EBE um úrgang.
b) Tilskipun ráðsins 91/689/EBE um hættulegan úrgang.
c) Tilskipun ráðsins 91/676/EBE um vernd vatns gegn mengun af völdum nítrata úr landbúnaði.
d) Tilskipun ráðsins 92/72/EBE um loftmengun af ósoni.
e) Tilskipun ráðsins 92/112/EBE um samræmingu áætlana um að draga úr og hugsanlega stöðva mengun af völdum úrgangs frá títandíoxíðiðnaði.

86.4 ESB gerðir sem vísað er til í 3. mgr. hér að framan eru birtar í sérriti, sbr. auglýsingu í C deild Stjórnartíðinda nr. 31/1993, sbr. lög nr. 95/1994 um breytingu á lögum um birtingu laga og stjórnvaldsfyrirmæla nr. 64/1943. Umhverfisráðuneytið mun gefa út í sérstakri handbók viðauka þá er vísað er til og öðlast gildi með reglugerð þessari. Viðauka þessa mun vera hægt að fá hjá Hollustuvernd ríkisins.

37. gr.

Ákvæði til bráðabirgða fellur á brott og í stað kemur nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðist svo:

Ákvæði til bráðabirgða

1. Þeir sem bera ábyrgð á atvinnurekstri samkvæmt reglugerð þessari skulu innan þriggja mánaða frá útgáfu eða endurskoðun starfsleyfis hafa lokið öllum almennum úrbótum vegna ákvæða þess. Heimilt er í starfsleyfi að veita lengri frest fyrir sértækum, flóknum og/eða kostnaðarsömum úrbótum.
2. Endurskoðun starfsleyfa atvinnurekstrar sem við gildistöku reglugerðar þessarar losar efni eða fellur að öðru leyti undir ákvæði sem getið er í tilskipun nr. 76/464/EBE, nr. 82/176/EBE, nr. 83/513/EBE, nr. 84/156/EBE, nr. 84/491/EBE, nr. 86/280/EBE, nr. 88/347/EBE, nr. 90/415/EBE, nr. 80/779/EBE, nr. 89/427/EBE, nr. 82/884/EBE, nr. 84/360/EBE, nr. 87/217/EBE, nr. 78/319/EBE, eða fellur undir ákvæði tilskipana nr.

76/403/EBE, nr. 81/857/EBE og nr. 85/203/EBE eins og við á hverju sinni skal lokið fyrir 1. janúar 1996.

3. Endurskoðun starfsleyfa atvinnurekstrar sem við gildistöku reglugerðar þessarar losar efni eða fellur að öðru leyti undir ákvæði sem getið er í tilskipun nr. 80/68/EBE, nr. 87/101/EBE, nr. 91/156/EBE eða nr. 86/278/EBE eða fellur undir ákvæði tilskipana nr. 75/439/EBE, nr. 75/442/EBE, nr. 78/176/EBE, nr. 83/29/EBE eða nr. 82/883/EBE eins og við á hverju sinni skal lokið fyrir 1. júlí 1995.
4. Starfsleyfi starfandi sorpbrennslu skulu endurskoðuð fyrir 1. desember 1995. Þá skulu stöðvarnar uppfylla ákvæði viðauka 24. Frá 1. desember 2000 gilda sömu ákvæði fyrir nýjar og starfandi sorpbrennslustöðvar, sbr. viðauka 23.
5. Endurskoðun starfsleyfa vegna starfandi skólphreinsistöðva skal vera lokið fyrir 1. janúar 1995.
6. Iðnaðarstarfsemi, sbr. 77. gr., skal uppfylla ákvæði reglugerðar þessarar eigi síðar en 31. desember 2000.
7. Atvinnurekstur, þ. m. t. sorpbrennslustöðvar, sem fær/eða fengið hefur útgefið starfsleyfi eftir 27. janúar 1994 telst nýr atvinnurekstur enda hafi meginundirbúningur leyfisins farið fram fyrir þann tíma. Atvinnurekstur, þ. m. t. sorpbrennslustöðvar, sem fengið hefur útgefið starfsleyfi í fyrsta sinn fyrir 27. janúar 1994 eða að undirbúningur starfsleyfis hefur að mestu leyti farið fram fyrir það tímamark telst starfandi atvinnurekstur.
8. Þrátt fyrir ákvæði 87. gr. taka viðaukar nr. 10, 16, 20, 21, 22, 23 og 25 gildi 1. janúar 1995. Sama á við um viðmiðunarmörk fyrir blý í viðauka 3, 3. mgr. 26. gr. og 79. gr.

38. gr.

Núverandi viðauki 3 er felldur úr gildi og í stað hans kemur nýr viðauki 3 sem orðist svo:

VIÐAUKI 3
Viðmiðunarmörk fyrir hámarksmengun andrúmslofts.

Efni	Viðmiðunartími	Mörk
Brennisteinsdíoxíð (SO_2)	Sólarhringur	50 µg/m^3
	Ár og vetur	30 µg/m^3
Köfnunarefnisdíoxíð (NO_2)	Ein klst.	110 µg/m^3
	Sólarhringur	75 µg/m^3
	Ár og vetur	30 µg/m^3
Kolmonoxíð (CO)	Ein klst.	20 mg/m^3
	Átta klst.	6 mg/m^3
Svifryk (Þ < 10 µm)	Sólarhringur	130 µg/m^3
	Ár og vetur	40 µg/m^3
Fallryk, ekki vatnsleysanlegt	Mánuður	10 g/m^2
Blý	Ár og vetur	0,4 µg/m^3
Óson	Ein klst.	120 µg/m^3
(O_3)	Átta klst	90 µg/m^3
	Sólarhringur	65 µg/m^3

Mörk fyrir mánuð og ár eru meðaltöl sem mengun má ekki fara yfir. Vetur er skilgreindur frá 1. október. til 31. mars. ár hvert. Mörk fyrir sólarhring eða skemmri tíma skulu vera undir viðmiðunarmörkum í 98% tilvika á ári, sbr. og viðauka 13 (I. viðauki). Svifryksmælingar eru miðaðar við þyngdarmælingar, sbr. viðauka 15 (IV. viðauki). Átta klst. meðaltöl fyrir óson eru reiknuð fjórum sinnum á dag út frá klukkustundargildunum milli 00.00 og 09.00, 08.00 og 17.00, 12.00 og 21.00 og 16.00 og 01.00.

39. gr.

Núverandi viðauki 5 er felldur úr gildi og í stað hans kemur nýr viðauki 5 sem orðist svo:

VIÐAUKI 5
Reglur um hávaða utanhúss.

1. Almennt.

Við nýskipulag hverfa skal taka mið af Töflu 1, sem sýnir viðmiðunargildi og leiðbeiningargildi varðandi hljóðstig frá bílaumferð og atvinnustarfsemi.

Ef upp koma tilvik sem þessar reglur ná ekki yfir, skal velja viðurkennda hávaðareglu sem stuðst er við í slíkum tilvikum í einhverju hinna Norðurlandanna.

Ef ekki er um nýskipulag íbúðarhverfa að ræða, heldur skipulag eða starfsemi sem fyrir er, má heimila undanþágur varðandi umferðarhávaða, sem nánar er fjallað um í grein 5 í þessum viðauka. Um hávaða á iðnaðarsvæðum er fjallað í grein 4 í þessum viðauka.

2. Hugtök og skilgreiningar.

2.1 *Hljóðstig* er mælikvarði á hljóðstyrk. Það er oft mælt í decibelum í gegnum s.k. A-síu („filter"), sem líkir eftir næmi eyrans. Hljóðstigið er þá táknað L_A og einingin er dB(A).

2.2 *Jafngildishljóðstig*, L_{eq} er ákveðið meðaltalshljóðstig, sem samsvarar sömu hljóðorku á mælitímanum og hinn raunverulegi breytilegi hávaði. Ef jafngildishljóðstigið er mælt í dB(A), er það táknað L_{Aeq}.

2.3 *Hámarkshljóðstig* er hæsta gildi sem hljóðmælir sýnir yfir ákveðinn mælitíma, þegar hann er stilltur á staðlaða tímastillingu „FAST". Ef hámarkshljóðstigið er mælt í dB(A) er hámarkshljóðstigið táknað L_{Amax}.

2.4 *Viðmiðunargildi* er það gildi sem verður að uppfylla til þess að ástandið geti talist viðunandi. Ef þetta viðmiðunargildi er samt sem áður ekki uppfyllt, skal skilgreina hvernig hægt verður að uppfylla það innan ákveðins tíma.

2.5 *Leiðbeiningargildi* er gildi sem ákjósanlegt er að uppfylla eða stefna að því að uppfylla sem langtímamarkmið, en leitast skal við að uppfylla það þar sem þess er nokkur kostur.

3. Mæliaðferðir.

Ef ástæða þykir til þess að kanna hvort hljóðstig sé innan marka skulu mælingar gerðar samkvæmt ákveðnum mæliaðferðum. Þær aðferðir sem nota skal þar til Evrópustaðlar hafa tekið gildi hérlendis á þessu sviði eru eftirfarandi: (NT = Nordtest, samræmdar norrænar mæliaðferðir.)

3.1

3.1.1 Við athugun á hávaða frá atvinnustarfsemi skal mæla skv. samnorrænni mæliaðferð, t.d. sænsku útgáfunni: „Metod för imissionsmätning av externt industribuller. Statens Naturvårdsverk: Meddelande 6/1984".

3.1.2 Við útreikninga á hávaða frá atvinnustarfsemi skal nota Nordtest aðferðina NT ACOU 080: „Industrial plants: Noise emission". Þar er hávaðinn fyrst mældur við upptökin, og síðan má reikna útbreiðslu hans.

3.2

3.2.1 Við athuganir á hljóðstigi frá umferð skal mæla skv. NT ACOU 039: „Road traffic: Noise" eða NT - ACOU 056: „Road traffic: Noise - Simplified method".

3.2.2 Útreiknað hljóðstig skal fundið með samnorrænu reiknilíkani fyrir umferðarhávaða: „Nordisk beräkningsmodell för vägtrafikbuller."

Tafla 1. Viðmiðunargildi og leiðbeiningargildi fyrir hljóðstig í og við íbúðarhúsnæði, kennslu- og sjúkrastofur. (Leiðbeiningargildi eru innan sviga). Hljóðstig „utan við glugga" í töflunni er frísviðsgildi, annaðhvort mælt beint án áhrifa frá endurkastandi flötum, eða mæligildi við húshlið leiðrétt m.t.t. áhrifa frá endurkastandi flötum.

Hljóðgjafar úti

		Mesta hljóðstig utan við glugga	inni	Mælitími
Bílaumferð:				
Íbúðarhúsnæði, kennslu- og sjúkrastofur	L_{Aeq}	55 (45)	30	24 klst.
Atvinnustarfsemi - virka daga (07 - 18):				
Blönduð byggð: verslun, þjónusta,				
smáiðnaður, íbúðarbyggð	L_r	55		
Hrein íbúðarbyggð	L_r	50		
Sumarhúsabyggð	L_r	40		
Atvinnustarfsemi - kvöld (18 - 23) og helgidaga:				
Blönduð byggð: verslun, þjónusta,				
smáiðnaður, íbúðarbyggð	L_r	50		
Hrein íbúðarbyggð	L_r	45		
Sumarhúsabyggð	L_r	35		
Atvinnustarfsemi - nótt (23 - 07):				
Blönduð byggð: verslun, þjónusta,				
smáiðnaður, íbúðarbyggð	L_r	40		
Hrein íbúðarbyggð	L_r	40		
Sumarhúsabyggð	L_r	35		

L_r stendur fyrir „rating level" skv. ISO 1996/1 (1982) par. 3.11 og er jafnt L_{Aeq} nema þegar hljóðið inniheldur ríkjandi tón eða högghljóð, en þá bætast 5 dB við mæligildið.

4. Hljóðstig frá fyrirtækjum og annarri starfsemi.

Auk þeirra viðmiðunargilda sem sýnd eru í töflu 1, gilda eftirfarandi mörk fyrir iðnaðarsvæði um mesta hljóðstig utan við glugga:

		Virkir dagar kl. 07-18	Kvöld kl. 18-23	Nætur kl. 23-07
Iðnaðarsvæði	L_r	70	70	70

5. Hljóðstig frá umferð.

Hljóðstig frá umferð er mælt og markgildi sett sem sk. jafngildishljóðstig í dB(A) fyrir heilan sólarhring. Viðmiðunargildin miðast við ákveðna tímadreifingu umferðarinnar, þannig að reiknað er með 7-8% næturumferð á stofnbrautum og tengibrautum, en um 4-5% næturumferð á safngötum og húsagötum. (Næturumferð hérlendis telst vera milli kl. 00.00 og 07.00.)

Þessi forsenda um tímadreifingu umferðarinnar gefur um 7-8 dB(A) minni umferðarhávaða að næturlagi en að degi til á stofnbrautum og tengibrautum, en um 9-10 dB(A) á safn- og húsagötum. Ef veruleg frávik eru á tímadreifingu umferðarinnar miðað við þessar forsendur, skulu viðmiðunargildin fyrir umferðarhávaðann breytast í samræmi við það.

Viðmiðunargildi og leiðbeiningargildi fyrir umferðarhávaða, jafngildishljóðstig í dB(A) fyrir sólarhring. (Leiðbeiningargildi eru innan sviga.) Viðmiðunargildin „innanhúss" í töflunni miðast við lokaða glugga. Viðmiðunargildin „utan við glugga" í töflunni eru frísviðsgildi, annaðhvort mæld beint án áhrifa frá endurkastandi flötum, eða mæligildi við húshlið leiðrétt m.t.t. áhrifa frá endurkastandi flötum.

	Grunntafla: Nýskipulag	Frávik 1) I	II
Innanhúss:			
Íbúðarhúsnæði	30	40	30
Kennslu- og sjúkrastofur	30	35	30
Hávaðalitlir vinnustaðir	40	50	40
Utan við glugga:			
Íbúðarhúsnæði	55 (45)	65	70/55
Kennslu- og sjúkrastofur	55 (45)	60	70
Útisvæði:			
Útivistarsvæði í þéttbýli	55 (45)	65	
Sumarhúsabyggð	45 (40)	65	70

70/55 merkir að viðmiðunarkrafan um 55 dB(A) utan við glugga skal vera uppfyllt fyrir a.m.k. helming íveruherbergja í hverri íbúð, en í öðrum herbergjum er leyfilegt hljóðstig allt að 70 dB(A).

1) Frávik: I Veruleg breyting á umferðaræð í byggð sem fyrir er.
II Endurnýjun byggðar sem fyrir er.

40. gr.

Við viðauka 18 bætist við nýr viðauki III um Evrópska skrá yfir úrgang, sem er skrá yfir úrgang samkvæmt a-lið 1. gr. tilskipunar ráðsins nr. 75/442/EBE.

41. gr.

Núverandi viðauki 19 er felldur úr gildi og í stað hans kemur nýr viðauki 19 með eftirfarandi viðaukum við tilskipun ráðsins 91/689/EBE um hættulegan úrgang:

I. Viðauki A og B um flokka eða helstu gerðir af hættulegum úrgangi, flokkað eftir því hvers eðlis úrgangurinn er eða frá hvaða starfsemi hann kemur.

II. Viðauki um efni sem gera úrgang í I viðauka A og B hættulegan þegar hann hefur eiginleika sem lýst er í III viðauka.

III. Viðauki um eiginleika sem gera úrgang hættulegan.

42. gr.

Við reglugerðina bætist við viðauki 27 með eftirfarandi viðaukum við tilskipun ráðsins 91/676/EBE um vernd vatns gegn mengun af völdum nítrata úr landbúnaði:

I. Viðauki um viðmiðanir við kortlagningu vatns samkvæmt 1. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar.

II. Viðauki um starfsreglur um góða búskaparhætti.

III. Viðauki um ráðstafanir sem skulu felast í aðgerðaráætlunum, samanber A-lið 4. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar.

IV. Viðauki um mælingaraðferðir.

V. Viðauki um upplýsingar sem skulu vera í skýrslunni samkvæmt 10. gr. tilskipunarinnar.

43. gr.

Við reglugerðina bætist við viðauki 28 með eftirfarandi viðaukum við tilskipun ráðsins 92/72/EBE um loftmengun af ósoni:

I. Viðauki um mörk ósonstyrkleika í loftinu.

II. Viðauki um eftirlit með ósonstyrkleika.

III. Viðauki útreikningar á mælingarniðurstöðum á árlegum viðmiðunartíma.

IV. Viðauki um skrá yfir lágmarksupplýsingar til íbúa ef mikið ósonmagn er í lofti.

V. Viðauki um tilvísunaraðferð við greiningu sem nota skal í tengslum við þessa tilskipun.

44. gr.

Við reglugerðina bætist við fylgiskjal IV. sem er tilskipun ráðsins 92/112/EBE um samræmingu áætlana um að draga úr og hugsanlega stöðva mengun af völdum úrgangs frá títandíoxíðiðnaði.

45. gr.

Endurskoðun þessi er í samræmi við 9. tölul. ákvæðis til bráðabirgða í núverandi mengunarvarnareglugerð.

Umhverfisráðuneytið, 30. júní 1994.

Össur Skarphéðinsson.

Magnús Jóhannesson.

Nr. 379 30. júní 1994

AUGLÝSING

um nafn á sveitarfélagi því sem til varð við sameiningu Barðastrandarhrepps, Rauðasandshrepps, Patrekshrepps og Bíldudalshrepps.

Nafn hins nýja sveitarfélags (bæjar) skal vera Vesturbyggð.

Félagsmálaráðuneytið, 30. júní 1994.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

REGLUGERÐ

fyrir Háskólann á Akureyri.

I. KAFLI
Hlutverk skólans.

1. gr.

Háskólinn á Akureyri skal vera vísindaleg fræðslu- og rannsóknastofnun er veiti nemendum sínum menntun til þess að sinna sjálfstætt vísindalegum verkefnum, gegna ýmsum störfum í atvinnulífinu, öðrum ábyrgðarstöðum og stunda frekara háskólanám. Háskólanum er einnig heimilt að annast endurmenntun á vettvangi fræða sem kennd eru í deildum skólans, sbr. 9. gr.

II. KAFLI
Stjórn.

A. Háskólanefnd: skipan hennar, starfssvið og starfshættir.

2. gr.

Háskólinn á Akureyri heyrir undir menntamálaráðuneyti. Stjórn hans er falin háskólanefnd og rektor.

Í háskólanefnd eiga sæti:

a. Rektor sem jafnframt er formaður nefndarinnar.
b. Forstöðumenn deilda háskólans.
c. Einn fulltrúi kennara og annar til vara, kjörnir til tveggja ára á almennum fundi þeirra. Kennarar, samkvæmt þessum lið, teljast þeir sem hafa skilgreinda kennsluskyldu við skólann og eru ráðnir til a.m.k. eins árs.
d. Einn fulltrúi og annar til vara kjörnir af starfsmönnum öðrum en kennurum, samkvæmt c lið, til tveggja ára á almennum fundi þeirra.
e. Tveir fulltrúar nemenda og tveir til vara kjörnir til eins árs á almennum fundi þeirra.
f. Framkvæmdastjóri, sbr. 4. gr., á sæti á fundum nefndarinnar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt en ekki atkvæðisrétt. Framkvæmdastjóri er ritari nefndarinnar.

Háskólanefnd kýs sér varaformann úr hópi forstöðumanna deilda til eins árs í senn og er hann jafnframt staðgengill rektors.

Rektor boðar til funda í háskólanefnd eftir þörfum og þó að jafnaði ekki sjaldnar en einu sinni í mánuði. Skylt er að boða til fundar ef fjórir eða fleiri nefndarmenn krefjast þess. Varamenn sitja fundi nefndarinnar í forföllum aðalfulltrúa. Háskólanefnd er ályktunarhæf ef tveir þriðju hlutar nefndarmanna sækja fund. Afl atkvæða ræður úrslitum mála. Falli atkvæði jöfn ræður atkvæði rektors. Færa skal til bókar ákvarðanir háskólanefndar.

Háskólanefnd, undir forsæti rektors, fer með yfirumsjón málefna er varða háskólann í heild, stuðlar að, skipuleggur og hefur umsjón með samvinnu deilda og samskiptum við aðila utan skólans, þar með talið samstarf við aðra skóla og rannsóknastofnanir. Enn fremur afgreiðir háskólanefnd árlega fjárhagsáætlun fyrir skólann í heild og hefur að öðru leyti úrskurðarvald í málefnum háskólans.

Háskólanefnd skipar, sbr. 10. gr., í dómnefndir um stöðuveitingar lektora, dósenta og prófessora við háskólann, eftir því sem lög mæla.

Háskólanefnd kveður á um skipulagningu nýrra námsbrauta, með samþykki menntamálaráðherra, sbr. 9. gr. Ennfremur tekur nefndin endanlega afstöðu til innritunarbeiðna nemenda sem ekki hafa lokið stúdentsprófi, en hafa starfsreynslu eða annars konar óformlega þjálfun.

Háskólanefnd samþykkir, með nauðsynlegum fyrirvara, almanak fyrir komandi skólaár og gefur út kennsluskrá fyrir komandi skólaár, sbr. 14. gr., ekki síðar en í apríl ár hvert.

Háskólanefnd eða rektor í umboði hennar skulu boða til almenns starfsmannafundar til umræðna um málefni Háskólans á Akureyri að minnsta kosti tvisvar á ári. Skylt er að boða til slíks fundar ef stjórnir starfsmannafélaga skólans eða 1/3 hluti starfsmanna æskir þess. Fundir skulu auglýstir með þriggja daga fyrirvara hið minnsta. Allir starfsmenn skólans eiga rétt á að sækja þessa fundi og njóta þar atkvæðisréttar. Dreifa skal fundargerðum starfsmannafunda til starfsmanna skólans innan tveggja vikna eftir að fundur var haldinn.

Í Háskólanum á Akureyri skal fara fram reglulegt mat á innra starfi skólans með stöðugar umbætur í huga. Háskólanefnd í samráði við menntamálaráðuneytið lætur fara fram, með reglulegu millibili, og að jafnaði eigi sjaldnar en fimmta hvert ár, mat á starfsemi deilda skólans, bókasafns hans og aðalskrifstofu. Skal óvilhöllum, utanaðkomandi aðila falið að sinna mati þessu sem taki til skipulagningar, gæða og árangurs.

B. Um rektor og framkvæmdastjóra, ráðningu þeirra og starfssvið.

3. gr.

Rektor er yfirmaður stjórnsýslu háskólans og æðsti fulltrúi hans. Hann vinnur að mörkun heildarstefnu í málefnum háskólans og hefur eftirlit með rekstri hans, kennslu, rannsóknum, þjónustu og annarri starfsemi.

Rektor skal, í umboði háskólanefndar, sjá til þess að til séu starfslýsingar fyrir allt starfsfólk skólans, að svo miklu leyti sem þær koma ekki fram í lögum, reglugerð og kjarasamningum.

Rektor hefur yfirumsjón með sjóðum skólans og öðrum eigum. Um stjórnir sjóða fer að öðru leyti eftir því sem stofnskrár eða aðrar samþykktir mæla fyrir um.

Rektor hefur umsjón með að árbók háskólans fyrir hvert kennsluár komi út ekki síðar en fyrir upphaf þarnæsta kennsluárs. Í árbókinni skal vera skýrsla um starfsemi háskólans, stofnanir hans og sjóði og ráðstöfun á fé því sem háskólinn hefur haft til umráða, svo og um málefni nemenda.

Rektor er skipaður af menntamálaráðherra til fimm ára. Skal staðan auglýst laus til umsóknar.

Háskólanefnd skipar hverju sinni þriggja manna nefnd til þess að dæma um hæfi umsækjenda til að gegna stöðu rektors. Menntamálaráðuneytið tilnefnir einn mann í nefndina en háskólanefnd Háskólans á Akureyri hina tvo og er annar þeirra formaður nefndarinnar. Í nefnd þessa má skipa þá eina sem lokið hafa æðri prófgráðu við háskóla og öðlast stjórnunarreynslu á háskólastigi.

Hæfni umsækjenda um rektorsembætti skal metin eftir vísinda- og útgáfustörfum hans, ferli hans sem háskólakennara, stjórnunarreynslu og öðrum störfum sem á einhvern hátt lúta að háskólastjórn og æðri menntun. Engum manni má veita embætti rektors við Háskólann á Akureyri nema meirihluti dómnefndar hafi látið í ljós það álit að hann sé hæfur til þess og meirihluti háskólanefndar hafi mælt með honum.

Heimilt er að tillögu háskólanefndar að endurskipa sama mann rektor önnur fimm ár. Hámarksstarfstími hvers rektors er því 10 ár.

Falli rektor frá eða láti af störfum áður en embættistími hans er liðinn, skal staðgengill hans (sbr. 2. gr.) gegna rektorsembætti þangað til ráðið hefur verið í það embætti samkvæmt lögum.

4. gr.

Rektor ræður framkvæmdastjóra að fengnum tillögum háskólanefndar. Framkvæmdastjóri stýrir í umboði rektors og í samvinnu við forstöðumenn deilda skrifstofuhaldi háskólans og annast fjárreiður hans. Með sama hætti undirbýr framkvæmdastjóri árlega fjárhagsáætlun og hefur eftirlit með því að rekstur skólans sé í samræmi við gildandi heimildir.

Rektor ræður annað starfslið við stjórnsýslu og rekstur eftir því sem fjárveitingar leyfa og heimildir standa til.

C. Um forstöðumenn deilda og deildarfundi.

5. gr.

Forstöðumaður, í umboði deildarfundar, hefur yfirumsjón með starfsemi og rekstri deildar og vinnur að stefnumörkun í málefnum hennar. Hann á jafnframt sæti í háskólanefnd.

Forstöðumaður deildar hefur yfirumsjón með kennslu, námskrárgerð deildar sinnar, svo og gerð stundaskrár og próftöflu, og hefur eftirlit með útvegun námsbóka, handbóka og annarra gagna. Hann hefur einnig umsjón með málum sem snerta rannsóknir deildar. Forstöðumaður boðar til deildarfunda og stjórnar þeim. Hann gerir í samvinnu við framkvæmdastjóra fjárhagsáætlanir fyrir deild sína. Forstöðumaður beitir sér fyrir samstarfi við aðrar deildir, sbr. 9. gr.

Forstöðumaður hverrar deildar er kjörinn á deildarfundi. Skal staðan auglýst laus til umsóknar. Kjörgengur er hver sá umsækjandi sem uppfyllir hæfnisskilyrði um stöðu háskólakennara, sbr. 10. gr. laga nr. 51/1992 um Háskólann á Akureyri, 11. gr. laga nr. 131/1990, um Háskóla Íslands, eða 32. gr. laga nr. 29/1988 um Kennaraháskóla Íslands, á vettvangi fræða sem annaðhvort eru kennd í viðkomandi deild eða tengjast viðfangsefnum hennar. Að fengnu samþykki háskólanefndar ræður rektor þann sem kjör hlýtur til þriggja ára. Atkvæðagreiðsla við kjör forstöðumanns á deildarfundi skal vera leynileg og skrifleg. Allir sem rétt eiga á setu á deildarfundi skulu hafa jafnan atkvæðisrétt. Umsækjendur um starf forstöðumanns skulu þá víkja af fundi bæði við umræður og atkvæðagreiðslu. Rektor boðar deildarfund þar sem kjósa skal forstöðumann á hefðbundinn og löglegan hátt sem fyrst eftir að dómnefndarálit liggur fyrir. Sé starfandi forstöðumaður í hópi umsækjenda um starf forstöðumanns skal hann víkja af fundi eins og aðrir umsækjendur þegar umsóknir eru teknar fyrir. Rektor tekur þá við fundarstjórn. Ekki er heimilt að framselja atkvæði á deildarfundi til annars aðila, hvorki munnlega né skriflega. Ekki er heldur heimilt að greiða atkvæði fyrirfram. Falli atkvæði jöfn við kjör forstöðumanns skal endurtaka kosninguna. Falli atkvæði enn jöfn skal hlutkesti ráða úrslitum.

Deildarfundur kýs jafnframt staðgengil forstöðumanns til þriggja ára úr hópi fastráðinna kennara við deildina.

6. gr.

Á deildarfundum eiga sæti forstöðumaður deildar, prófessorar, dósentar og lektorar, hvort sem þeir gegna fullu starfi eða hlutastarfi. Sama gildir um starfsmenn samstarfs-

stofnana sem ráðnir hafa verið skv. 8. gr. og hafa kennsluskyldu við skólann, sem og sérfræðinga sem ráðnir eru að viðkomandi deild. Einnig eiga þar sæti tveir fulltrúar stundakennara og tveir fulltrúar nemenda í viðkomandi deild og skulu þeir kjörnir til eins árs í senn. Framkvæmdastjóra eða fulltrúa hans er heimilt að sitja deildarfundi með málfrelsi og tillögurétt en án atkvæðisréttar.

Deildarfundir skulu að jafnaði haldnir mánaðarlega en skylt er að boða til fundar ef rektor eða þriðjungur deildarmanna sem rétt eiga á fundarsetu æskja þess. Forstöðumaður deildar boðar fundi bréflega og með þriggja daga fyrirvara ef unnt er. Fundarefni skal greina í fundarboði.

Deildarfundur er ályktunarfær ef fund sækir meira en helmingur atkvæðisbærra manna. Afl atkvæða ræður úrslitum mála. Nú eru atkvæði jöfn og ræður þá atkvæði forstöðumanns. Ákvarðanir deildarfunda skulu bókfærðar.

Deildarfundur fjallar um meginatriði í starfsemi viðkomandi deildar og ber ásamt forstöðumanni ábyrgð á að hún sé í samræmi við lög og gildandi reglur. Deildarfundur sker úr málum er varða skipulag kennslu og próf, kýs forstöðumann, leggur fram tillögu til háskólanefndar um árlega fjárhagsáætlun deildarinnar, fjallar um mál einstakra nemenda deildarinnar og sinnir að öðru leyti þeim verkefnum sem honum eru falin af háskólanefnd eða rektor.

7. gr.

Háskólanefnd setur starfsfólki við stjórnsýslu erindisbréf.

D. Um samráð við aðra háskóla og samstarfsstofnanir háskólans.

8. gr.

Háskólinn á Akureyri og einstakar deildir hans skulu fyrir sitt leyti hafa samráð og samstarf við aðra skóla á háskólastigi til að nýta sem best tiltæka starfskrafta og gagnakost og stuðla með hagkvæmum hætti að fjölbreyttari menntunartækifærum. Í því skyni skulu samstarfsaðilar m.a. setja framkvæmdareglur um gagnkvæma viðurkenningu námsþátta. Háskólanum er einnig heimilt að gera samstarfssamninga við aðrar stofnanir, sem tengjast starfssviði skólans, um kennslu, rannsóknir og ráðningu starfsfólks.

Í samstarfssamningum er heimilt að kveða á um að starfsmenn samstarfsstofnana, sem hafa kennsluskyldu við skólann, en gegna rannsóknaskyldu sinni við samstarfsstofnun, eigi rétt á, eða sé skylt, að dómnefnd, sbr. 10. gr., meti hæfi þeirra til að gegna þar lektors-, dósents- eða prófessorsstöðu. Sá er hlýtur slíkan hæfnisdóm skal njóta sambærilegra réttinda og gegna sambærilegum skyldum og lektorar, dósentar eða prófessorar, eftir því sem við á, þó að ráðning sé við aðra stofnun, enda sé slíkt í samræmi við lög, reglugerðir og kjarasamninga er gilda fyrir þessa stofnun. Háskólanefnd getur sett framgangsreglur fyrir starfsmenn samstarfsstofnana sem hafa kennsluskyldu við skólann, enda séu reglurnar í samræmi við framgangsreglur fyrir kennara við skólann.

III. KAFLI
Kennarar, deildir og stofnanir háskólans.

A. Deildir háskólans.

9. gr.

Í Háskólanum á Akureyri eru þessar deildir: heilbrigðisdeild, kennaradeild, rekstrardeild og sjávarútvegsdeild. Menntamálaráðuneytið heimilar stofnun fleiri deilda og skiptingu deilda í námsbrautir að fengnum tillögum háskólanefndar og innan marka fjárveitinga í fjárlögum.

Deildir háskólans skulu hafa með sér náið samstarf. Þannig skal með samnýtingu mannafla, bókasafns, kennslutækja og annarrar aðstöðu stefnt að því að efla fjölbreytta menntunarkosti og tryggja hagkvæmni í rekstri. Í þessu skyni má nýta starfsskyldu þeirra sem ráðnir eru til starfa við einhverja deild skólans í þágu annarra deilda eða skólans í heild.

Við heilbrigðisdeild fara fram kennsla og rannsóknir í hjúkrunarfræði og undirstöðugreinum hennar. Námið er skipulagt sem fjögurra ára nám og lýkur með BS-prófi í hjúkrunarfræði. Námið er að lágmarki 120 einingar, 30 einingar á ári. Nemendur í hjúkrunarfræði skulu á námstíma sínum afla sér þriggja mánaða starfsreynslu á heilbrigðisstofnunum.

Við kennaradeild fara fram kennsla og rannsóknir í uppeldis- og kennslufræði, og öðrum greinum er tengjast kennarastarfinu. Námið er skipulagt sem þriggja ára nám (90 ein.) og skal samræmast gildandi lögum um kennaramenntun. Að loknu 90 eininga námi og tilskildum prófum í kennaradeild hlýtur nemandi B.Ed. gráðu.

Við rekstrardeild fara fram kennsla og rannsóknir í þeim greinum sem tengjast rekstri fyrirtækja og stofnana. Við rekstrardeild eru iðnrekstrarbraut og rekstrarbraut og eru nemendur brautskráðir af þeim að loknu tveggja ára námi (60 ein.). Brautskráðum nemendum af þessum brautum, eða öðrum með sambærilega menntun að baki, gefst kostur á tveggja ára námi (60 ein.) til BS-prófs af gæðastjórnunarbraut.

Við sjávarútvegsdeild fara fram kennsla og rannsóknir í greinum sjávarútvegs. Nám í sjávarútvegsfræði er skipulagt sem fjögurra ára nám og lýkur með BS-prófi í sjávarútvegsfræði. Námið er að lágmarki 120 einingar, 30 einingar á ári. Deildum er heimilt að setja nemendum skilyrði um að ljúka námsefni 1. og 2. árs áður en nám er hafið á þriðja ári. Hámarksnámstími í hverri braut skal vera 50% umfram áætlaðan námstíma. Deildarfundi er heimilt að veita undanþágur frá þessu ákvæði um hámarksnámstíma.

Háskólinn sinnir endurmenntun á vettvangi fræða sem kennd eru í deildum skólans. Við skólann starfar þriggja manna endurmenntunarnefnd, skipuð af háskólanefnd til þriggja ára í senn. Boða skal til funda í nefndinni eigi sjaldnar en tvisvar á ári. Rektor ræður endurmenntunarstjóra sem vinnur að stefnumótun og stýrir daglegri framkvæmd í umboði endurmenntunarnefndar og á sæti á fundum hennar með málfrelsi og tillögurétt.

B. Kennarar háskólans og veiting kennaraembætta.

10. gr.

Fastir kennarar háskólans eru lektorar, dósentar eða prófessorar. Einnig starfa stundakennarar við skólann. Dósents- eða prófessorsstöðu skal því aðeins stofna að forsendur séu fyrir því að staðan tengist rannsóknastörfum.

Forseti Íslands skipar prófessora, menntamálaráðuneyti skipar dósenta, en háskólanefnd ræður lektora. Rektor ræður stundakennara.

Þá eina má skipa fasta kennara sem lokið hafa fullnaðarprófi frá háskóla eða annarri sambærilegri stofnun í aðalgrein þeirri er þeir eiga að kenna.

Umsækjendur um prófessorsembætti, dósentsstöður og lektorsstöður skulu láta fylgja umsókn sinni rækilega skýrslu um vísindastörf þau er þeir hafa unnið, ritsmíðar, rannsóknir, kennslustörf, stjórnunarstörf svo og námsferil sinn og önnur störf.

Háskólanefnd skipar hverju sinni þriggja manna nefnd til þess að dæma um hæfi umsækjenda til að gegna fastri stöðu prófessors, dósents eða lektors. Menntamálaráðuneyti tilnefnir einn mann í nefndina, Háskóli Íslands annan og háskólanefnd Háskólans á Akureyri hinn þriðja og er hann formaður nefndarinnar. Í nefnd þessa má skipa þá eina

sem lokið hafa háskólaprófi í hlutaðeigandi grein eða eru að öðru leyti viðurkenndir sérfræðingar í greininni.

Dómnefnd skal láta uppi rökstutt álit um það hvort af vísindagildi rita og rannsókna umsækjanda svo og námsferli hans og störfum megi ráða að hann sé hæfur til að gegna embættinu. Álitsgerð nefndarinnar skal höfð til hliðsjónar þegar embættið er veitt og má engum manni veita embætti prófessors, dósents eða lektors við Háskólann á Akureyri nema meirihluti dómnefndar hafi látið í ljós það álit að hann sé hæfur til þess og að meiri hluti háskólanefndar hafi mælt með honum.

Dómnefnd skal hraða störfum sínum eftir föngum og skal hún að jafnaði hafa lokið störfum innan tveggja mánaða frá því er hún var skipuð.

Heimilt er að binda ráðningu lektora, dósenta og prófessora við ákveðinn tíma. Heimilt er að endurnýja ráðningu ef háskólanefnd mælir með því.

Heimilt er að flytja kennara úr lektorsstöðu í dósentsstöðu og úr dósentsstöðu í prófessorsstöðu samkvæmt reglum um framgangskerfi sem háskólanefnd setur og menntamálaráðuneytið staðfestir. Sæki háskóladeild um slíka hækkun ber háskólanefnd að sjá svo til að umsóknir sæti þeirri meðferð sem kveðið er á um í lögum um dósents- og prófessorsembætti við Háskólann á Akureyri, sbr. 10. gr.

Háskólanefnd ákveður að fenginni umsögn forstöðumanna deilda hvernig starfsskylda einstakra háskólakennara skuli skiptast milli kennslu og annarra starfsþátta innan marka gildandi kjarasamninga.

Um starfsskyldur og réttindi kennara fer að öðru leyti eftir kjarasamningum og nánari ákvæðum í lögum og reglugerðum.

C. Um rannsóknir við skólann: rannsóknarleyfi, Rannsóknastofnun og bókasafn.

11. gr.

Háskólanefnd er heimilt að veita kennurum og öðrum fastráðnum starfsmönnum háskólans rannsóknarleyfi um allt að eins árs skeið með föstum embættislaunum, enda liggi fyrir fullnægjandi greinargerð um hvernig umsækjandi hyggst verja rannsóknarleyfinu til að auka þekkingu sína eða sinna sérstökum rannsóknaverkefnum. Leita skal umsagnar rektors um umsókn um rannsóknarleyfi.

Eftir því sem fjárlög heimila og kjarasamningar gera ráð fyrir getur háskólanefnd veitt einstaklingi, sem rannsóknarleyfi hlýtur, styrk til að standa straum af nauðsynlegum ferða- og dvalarkostnaði í sambandi við rannsóknarleyfið.

Háskólanefnd skal setja nánari reglur um rannsóknarleyfi og styrkveitingar og skulu þær lagðar fyrir menntamálaráðuneytið til staðfestingar.

12. gr.

Við háskólann starfar Rannsóknastofnun, og gildir um hana sérstök reglugerð.

Kennarar skólans geta fullnægt rannsóknaskyldu sinni að nokkru eða öllu leyti með störfum í þágu stofnunarinnar. Heimilt er að ráða sérfræðinga til starfa við hana.

Háskólanefnd skal setja reglur um skipulag og ráðstöfun á rannsóknasjóðum sem háskólinn hefur til umráða.

13. gr.

Við háskólann er rannsókna- og sérfræðibókasafn sem tengist fræðasviðum skólans. Hlutverk þess er að veita nemendum og kennurum háskólans og öðrum lánþegum safnsins sérhæfða þjónustu vegna kennslu, náms og rannsókna.

Rektor ræður yfirbókavörð að undangenginni auglýsingu og að fengnum tillögum

háskólanefndar. Rektor ræður annað starfsfólk að safninu eftir því sem þörf krefur og fjárveitingar leyfa.

Yfirbókavörður hefur yfirumsjón með bókasafni og lesstofum háskólans. Hann er ábyrgur gagnvart rektor og háskólanefnd. Yfirbókavörður gerir fjárhagsáætlanir fyrir bókasafnið í samvinnu við forstöðumenn deilda og framkvæmdastjóra. Yfirbókavörður hefur bókasafnsnefnd sér til ráðuneytis. Yfirbókavörður og bókasafnsnefnd annast og gera tillögu um uppbyggingu bókasafns og þjónustu þess. Í bókasafnsnefnd skulu eiga sæti yfirbókavörður, einn fulltrúi frá hverri deild, kosinn af deildarfundi, einn fulltrúi starfsmanna bókasafns og einn fulltrúi nemenda. Fulltrúar skulu hafa varamenn og vera tilnefndir til tveggja ára í senn, nema fulltrúi nemenda sem tilnefndur er til eins árs.

IV. KAFLI
Nemendur, kennsla og próf.

A. Háskólaár og kennsla.

14. gr.

Háskólaárið telst frá 15. ágúst til jafnlengdar næsta ár. Kennsluár skiptist í tvö kennslumisseri, haustmisseri og vormisseri. Á kennslumisseri skulu eigi vera færri en 15 kennsluvikur, próf og leyfi koma þar til viðbótar. Próf skulu að jafnaði ekki taka lengri tíma en tvær vikur þannig að starfsvikur á haustmisseri verði sem næst 17. Starfstími á vormisseri skal á sama hátt vera sem næst 17 vikur, fyrir utan páskaleyfi. Haustmisseri skal vera lokið í síðasta lagi 21. desember og vormisseri byrja í fyrsta lagi 3. janúar. Um páska skal ekki kennt á miðvikudegi fyrir skírdag og á þriðjudegi eftir annan í páskum. Engin kennsla fer fram 1. desember, á helgidögum þjóðkirkjunnar eða á öðrum lögboðnum frídögum. Háskólanefnd getur ákveðið að fella niður kennslu á öðrum dögum en hér eru tilgreindir.

Háskólanefnd skal gefa út kennsluskrá fyrir komandi skólaár, ekki síðar en í apríl ár hvert. Þessi kennsluskrá skal að jafnaði gilda fyrir nemendur sem innritast það námsárið og stunda nám með eðlilegri námsframvindu. Í kennsluskránni skulu vera skráð númer og nöfn allra námskeiða og stutt lýsing á hverju námskeiði fyrir sig. Tilgreina ber öll skilyrði um undanfara einstakra námskeiða þegar það á við. Í námskeiðslýsingum skulu koma fram upplýsingar um kennara, markmið námskeiðsins, námsmat og lesefni.

Fyrirlestrar, æfingar og námskeið eru fyrir skrásetta nemendur. Fyrirlestrar eru öðrum opnir, eftir nánari reglum sem háskólanefnd setur, með samþykki kennara.

Háskóladeildum er heimilt að setja reglur um skyldu nemenda til þátttöku í verklegum æfingum, verklegu námi og vettvangsþjálfun.

B. Nemendur.

15. gr.

Hver sá sem staðist hefur stúdentspróf frá íslenskum skóla sem heimild hefur til að brautskrá stúdenta getur sótt um að skrá sig til náms við háskólann gegn því að greiða skrásetningargjald. Háskólanefnd er heimilt að leyfa skrásetningu einstaklinga er lokið hafa öðrum prófum en að ofan greinir ef hlutaðeigandi deild eða námsbraut telur að um sé að ræða fullnægjandi undirbúning til náms við háskólann.

Inntaka nemenda er í höndum háskólanefndar og getur hún að fengnu samþykki menntamálaráðuneytis takmarkað fjölda þeirra sem hefja nám við deildir skólans.

Regluleg skrásetning nýnema fer fram á tímabilinu 1. maí til 1. júní ár hvert.

Skráning annarra fer fram á tímabilinu 1. júní til 15. júní ár hvert. Beiðni um skrásetningu nýnema skal fylgja ljósrit eða staðfest afrit af stúdentsprófsskírteini og önnur þau skilríki sem nánar kann að verða kveðið á um af hálfu viðkomandi deildar.

Nemar skulu greiða 25% skrásetningargjalds við innritun og er þessi hluti óafturkræfur fyrir þá nemendur sem fá skólavist. Gjalddagi eftirstöðva er 1. ágúst.

Nemendur hafa ekki rétt til að ganga undir próf nema þeir uppfylli framangreind skilyrði.

Ár hvert skal háskólanefnd ákveða skrásetningargjald, í samræmi við forsendur fjárlaga, að höfðu samráði við stjórnir Félagsstofnunar stúdenta á Akureyri og Félags stúdenta við Háskólann á Akureyri og með samþykki menntamálaráðuneytis.

Skipting skrásetningargjalds skal ákveðin með sama hætti.

Gerist nemandi sekur um brot á lögum eða öðrum reglum háskólans getur háskólanefnd veitt honum áminningu eða vikið úr skóla um tiltekinn tíma eða að fullu.

Nemanda er heimilt að skjóta úrskurði háskólanefndar til menntamálaráðherra. Kæra frestar framkvæmd úrskurðar en nemandi má þó ekki ganga undir próf meðan á málskoti stendur.

C. Próf.

16. gr.

Próf eru haldin í 16. og 17. starfsviku hvors kennslumisseris og í síðustu viku fyrir upphaf haustmisseris. Sjúkra- og endurtökupróf skulu haldin vegna haustmisseris á tímabilinu 3. til 15. janúar og vegna vormisseris fyrir 10. júní.

Próf eru munnleg, skrifleg eða verkleg. Heimilt er að meta ritgerðir, skýrslur o.þ.h. í stað prófs eða sem hluta af námsmati og áskilja lágmarkseinkunn í hverjum þessara hluta. Skal um þetta vera samráð á milli forstöðumanns deildarinnar og hlutaðeigandi kennara og ákvörðun kunngerð nemendum eigi síðar en við upphaf kennslu í viðkomandi námskeiði.

Fyrir upphaf kennslutímabils skrá nemendur sig í þau námskeið er þeir hyggjast sækja. Innritun í námskeið gildir sem innritun í próf sem haldið er að námskeiðinu loknu. Þeir sem ekki hafa innritað sig í námskeiðið með framangreindum hætti en hyggjast þreyta próf í viðkomandi grein skulu skrá sig í próf með minnst tveggja vikna fyrirvara.

Nemandi sem ekki mætir til prófs vegna veikinda, skal tilkynna forföll áður en próf hefst. Læknisvottorði skal skilað til skrifstofu skólans við fyrstu hentugleika og eigi síðar en fimm dögum eftir að próf var haldið, annars telst hann hafa þreytt prófið.

Einkunnir eru í heilum tölum frá 1 til 10. Nemandi telst ekki hafa staðist próf nema hann hljóti einkunnina 5 minnst.

Háskóladeildum er heimilt að taka upp prófnúmer. Nemandi skráir þá númer á úrlausnarblöð í stað nafns. Deildir geta sett nánari reglur um framkvæmd prófnúmera.

Við munnlegt og verklegt próf skal vera prófdómari. Við lokaverkefni skal ætíð vera prófdómari hvort sem það er munnlegt eða skriflegt. Önnur skrifleg próf dæma hlutaðeigandi kennarar einir.

Niðurstöður prófa skulu liggja fyrir eigi síðar en á ellefta virka degi eftir prófdag. Nemandi á rétt til að fá útskýringar á mati skriflegrar úrlausnar sinnar innan 10 daga frá birtingu einkunnar. Vilji nemandi sem ekki hefur staðist próf þá eigi una mati kennarans getur hann snúið sér til forstöðumanns viðkomandi deildar. Skal þá prófdómari skipaður í hverju tilviki sé ekki um lokaverkefni að ræða. Einnig getur kennari eða meirihluti nemenda í viðkomandi námskeiði, telji þeir til þess sérstaka ástæðu, óskað skipunar prófdómara í einstöku prófi.

Menntamálaráðuneytið skipar prófdómara að fengnum tillögum háskóladeildar.

Nemandi sem kemur ekki til prófs sem hann er skráður í og hefur ekki boðað forföll telst hafa þreytt prófið. Honum er þó ekki heimilt að skrá sig í endurtökupróf.

Úrsögn úr prófi skal vera skrifleg og hafa borist skrifstofu skólans eigi síðar en þremur virkum dögum fyrir prófdag.

Nú stenst nemandi ekki próf og er honum þá heimilt að endurtaka það tvisvar. Sækja þarf sérstaklega um það til háskólanefndar ef þreyta á endurtekningarpróf í þriðja sinni.

Hafi nemandi staðist próf getur hann óskað eftir, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, að fá að endurtaka prófið. Heimili deildarfundur endurtöku skal hún fara fram í næsta skipti sem viðkomandi próf er haldið. Seinni einkunnin skal gilda.

Próftöflur skulu liggja fyrir eigi síðar en fjórum vikum áður en viðkomandi prófтímabil hefst. Prófstjóri sér um að koma endanlegum prófтöflum til allra umsjónarkennara sem próf eiga á töflunni og birta nemendum þær á auglýsingatöflum skólans þegar þær liggja fyrir.

Skrifstofa háskólans sér um færslu einkunna og varðveislu þeirra. Hún sér um að birta nemendum einkunnir. Að liðnum fjórum árum frá prófdegi skulu úrlausnir eyðilagðar.

Háskólakennarar standa fyrir prófum en háskólanefnd ræður sérstakan prófstjóra sem annist undirbúning og framkvæmd prófa í samráði við forstöðumenn deilda og skrifstofu.

Háskólanefnd er heimilt að setja nánari reglur um prófahald en hér er kveðið á um.

V. KAFLI
Gildistaka.

17. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 17. gr. laga nr. 51/1992, um Háskólann á Akureyri, og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 405/1990, um Háskólann á Akureyri.

Ákvæði til bráðabirgða:

Háskólanefnd er heimilt að veita undanþágur frá ákvæðum 14. greinar um kennsluár og 16. greinar um prófтíma ef sérstakar ástæður þykja liggja til. Þetta ákvæði fellur úr gildi við lok kennsluárs 1995 - 1996.

Menntamálaðuneytið, 27. júní 1994.

Ólafur G. Einarsson.

Guðríður Sigurðardóttir.

28. júní 1994 Nr. 381

REGLUGERÐ

um bifreiðagjald.

1. gr.

Greiða skal til ríkissjóðs bifreiðagjald af bifreiðum sem skráðar eru hér á landi eins og nánar er kveðið á í reglugerð þessari.

Með gjaldskyldri bifreið er átt við vélknúið ökutæki sem uppfyllir eitt eða fleiri eftirtalinna skilyrða:

a. Vélknúið ökutæki sem aðallega er ætlað til fólks- eða vöruflutninga og er á fjórum hjólum eða fleiri eða á þremur hjólum og 400 kg að eigin þyngd eða meira og hannað er til hraðari aksturs en 30 km á klukkustund eða aka má svo hratt án verulegra breytinga.

b. Vélknúið ökutæki sem aðallega er ætlað til að draga annað ökutæki og hannað er til hraðari aksturs en 30 km á klukkustund.
c. Vélknúið ökutæki sem aðallega er ætlað til fólks- eða vöruflutninga eða til að draga annað ökutæki og er búið beltum og eftir atvikum stýrimeiðum/stýrihjólum og er 400 kg að eigin þyngd eða meira.
d. Fjórhjól er fellur í vörulið 8703 í viðauka I við tollalög, nr. 55/1987, með síðari breytingum.

Verði ágreiningur um gjaldskyldu bifreiðar sker fjármálaráðherra úr.

2. gr.

Bifreiðagjald skal vera 5,64 kr. fyrir hvert kílógramm af eigin þyngd bifreiðar. Sé bifreið þyngri en 1000 kg skal að auki greiða 3,66 kr. fyrir hvert kílógramm af eigin þyngd bifreiðar sem er umfram 1000 kg. Þó skal aldrei greiða lægra gjald en 2.882 kr. né hærra gjald en 18.210 kr. af hverri bifreið á hverju gjaldtímabili.

3. gr.

Eftirtaldar bifreiðir skulu undanþegnar bifreiðagjaldi:

a. Bifreiðir í eigu þeirra, sem njóta örorkustyrks, örorkubóta eða umönnunarbóta vegna örorku barna frá Tryggingastofnun ríkisins. Ef sá sem á rétt á niðurfellingu bifreiðagjalds skv. þessum staflið, á fleiri en eina bifreið skal bifreiðagjald fellt niður af þeirri bifreið sem er þyngst.
b. Bifreiðir í eigu björgunarsveita.
c. Bifreiðir sem eru eldri en 25 ára í upphafi gjaldárs talið frá og með árgerðarári þeirra.
d. Bifreiðir hverra skráningarmerki hafa verið afhent Bifreiðaskoðun Íslands hf. til varðveislu í minnst þrjá mánuði samfellt. Undanþága þessi miðast við dagsetningu innlagnar skráningarmerkja.

4. gr.

Gjalddagar bifreiðagjalds eru 1. janúar ár hvert vegna gjaldtímabilsins 1. janúar til 30. júní og 1. júlí ár hvert vegna gjaldtímabilsins 1. júlí til 31. desember, en eindagi er síðasti dagur næsta mánaðar eftir gjalddaga. Skal gjaldið innheimtast þar sem bifreið er skráð á gjalddaga.

Gjald vegna nýskráðra bifreiða skal greiðast í hlutfalli við skráningartíma þeirra á gjaldtímabilinu og telst gjaldskyldan frá og með afhendingu skráningarmerkis. Gjaldið reiknast fyrir heila mánuði þannig, að 15 dagar eða fleiri teljast heill mánuður en færri dögum skal sleppt. Bifreiðagjald skal þó aldrei vera lægra en 1.141 kr. Gjald vegna nýskráðra bifreiða fellur í eindaga við skráningu.

Ef bifreiðir sem hafa verið undanþegnar bifreiðagjaldi samkvæmt d-lið 3. gr. eru settar á skráningarmerki að nýju, skal greiða bifreiðagjald í hlutfalli við þann tíma sem eftir er af gjaldtímabilinu þegar skráningarmerki eru sett á bifreiðina og telst gjaldskyldan frá og með afhendingu skráningarmerkis. Gjaldið reiknast fyrir heila mánuði þannig, að 15 dagar eða fleiri teljast heill mánuður en færri dögum skal sleppt. Bifreiðagjald skal þó aldrei vera lægra en 1.141 kr. Gjald vegna skráðra bifreiða sem sett eru á skráningarmerki að nýju fellur í eindaga við afhendingu skráningarmerkis.

Við afskráningu bifreiða skal endurgreiða eða fella niður bifreiðagjald í hlutfalli við þann tíma sem eftir er af því gjaldtímabili sem er að líða þegar afskráning fer fram.

Endurgreiðslu bifreiðagjalds vegna afskráningar eða innlagnar skráningarmerkja annast innheimtumaður ríkissjóðs í viðkomandi umdæmi, í Reykjavík tollstjóri.

Bifreiðagjald skal sá greiða sem er skráður eigandi á gjalddaga. Hafi orðið eigendaskipti að bifreið án þess að það hafi verið tilkynnt til skráningar hvílir greiðsluskyldan jafnframt á hinum nýja eiganda.

Eigi skal endurgreiða gjald af bifreið sem greitt hefur verið af þótt eigendaskipti verði á henni.

5. gr.

Við árlega aðalskoðun bifreiðar skal eigandi hennar eða umráðamaður færa sönnur á að greitt hafi verið af henni gjaldfallið bifreiðagjald. Að öðrum kosti skal skoðunarmaður neita um skoðun á bifreiðinni.

Skráning bifreiðar skal ekki fara fram nema gjaldfallið bifreiðagjald hafi áður verið greitt af henni.

Óheimilt er að afhenda skráningarmerki sem afhent hafa verið Bifreiðaskoðun Íslands hf. til varðveislu nema greitt hafi verið bifreiðagjald fyrir þann tíma sem eftir er af gjaldtímabilinu.

Ef bifreiðagjald er ekki greitt fyrir eindaga skal lögreglustjóri, eftir kröfu innheimtumanns, taka af bifreiðinni skráningarmerki og afhenda Bifreiðaskoðun Íslands hf. til geymslu.

6. gr.

Fjárhæðir sem um ræðir í 2. og 4. gr., skulu breytast tvisvar á ári í samræmi við byggingarvísitölu, sbr. lög nr. 42/1987, sem hér segir:

1. Hinn 1. janúar skulu þær taka hlutfallslegri breytingu sem nemur mismun á byggingarvísitölu sem í gildi er 1. júní og byggingarvísitölu sem í gildi er 1. desember næstan á undan gjalddaga.
2. Hinn 1. júlí skulu þær taka hlutfallslegri breytingu sem nemur mismun á byggingarvísitölu sem í gildi er 1. desember og byggingarvísitölu sem í gildi er 1. júní næstan á undan gjalddaga.

Fjárhæðir þær sem hér um ræðir skulu breytast í fyrsta sinn hinn 1. janúar 1995 í samræmi við mismun sem er á byggingarvísitölu sem í gildi var hinn 1. júní 1994 og þeirri sem í gildi verður hinn 1. desember 1994.

7. gr.

Sé bifreiðagjald ekki greitt í síðasta lagi á eindaga skal greiða ríkissjóði dráttarvexti, sbr. III. kafla laga nr. 25/1987, af því sem ógreitt er, talið frá og með gjalddaga.

8. gr.

Innheimtu bifreiðagjalds annast lögreglustjórar, í Reykjavík tollstjóri, og fer um reikningsskil eftir því sem fjármálaráðherra ákveður. Heimilt er að fela Bifreiðaskoðun Íslands hf. innheimtu bifreiðagjalds.

Bifreiðagjald nýtur lögtaksréttar.

9. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 8. gr. laga nr. 39/1988, um bifreiðagjald með síðari breytingum, og öðlast gildi þann 1. júlí 1994. Undanþága samkvæmt d-lið 3. gr. tekur fyrst gildi fyrir gjaldtímabilið 1. júlí til 31. desember 1994, en gildir ekki um fyrri gjaldtímabil. Frá og með sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 590/1987, um bifreiðagjald með síðari breytingum.

Fjármálaráðuneytið, 28. júní 1994.

Friðrik Sophusson.

Rúnar Hannesson.

REGLUGERÐ

um skilyrði fyrir leyfum til að veita fjarskiptaþjónustu.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um fjarskiptaþjónustu, sem ráðherra heimilar aðilum með staðfesturétt innan Evrópska efnahagssvæðisins að veita.

Reglugerðin gildir ekki um talsímaþjónustu.

Markmiðið er að auka samkeppni á markaðnum fyrir fjarskiptaþjónustu að uppfylltum grunnkröfum og samræma skilyrði fyrir leyfum til að veita fjarskiptaþjónustu (og aðgang leyfishafa að almenna fjarskiptanetinu).

2. gr.

Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a. Almennt fjarskiptanet: Innviðir fyrir almenn fjarskipti sem gera kleift að flytja merki milli skilgreindra nettengipunkta með rafþræði, örbylgjum, ljóstæknilegum aðferðum eða með öðrum rafsegulaðferðum.

b. Fjarskiptaþjónusta: Þjónusta sem að nokkru eða öllu leyti felst í því að beina merkjum um fjarskiptanet með fjarskiptaaðferðum öðrum en hljóðvarpi og sjónvarpi.

c. Talsímaþjónusta: Þjónusta, seld almenningi, sem fólgin er í beinum rauntímaflutningi á tali um almenna sjálfvirka netið eða netin þannig að hver notandi getur notað búnað tengdan við tengipunkt á netinu til að hafa samband við annan notanda búnaðar sem tengdur er við annan tengipunkt.

d. Nettengipunktar: Allar efnislegar tengingar og tækniforskriftir varðandi aðgang að þeim sem eru hluti af almenna fjarskiptanetinu og nauðsynlegar fyrir aðgang og skilvirk fjarskipti um viðkomandi net.

e. Grunnkröfur: Sjónarmið sem varða almannaheill án þess að vera efnahagslegs eðlis og geta valdið því að aðgangur er takmarkaður að almennu fjarskiptaneti eða almennri fjarskiptaþjónustu. Þessi sjónarmið varða rekstraröryggi netsins, heildstæði þess og í rökstuddum tilvikum rekstrarsamhæfni þjónustugreina og verndun gagna.
   1) Með rekstraröryggi netsins er í þessu sambandi átt við það að tryggja að almenna netið sé ávallt tiltækt í neyðartilvikum.
   2) Með tæknilegu heildstæði netsins er átt við að tryggð sé eðlileg virkni og samtenging almennra neta í EES á grundvelli sameiginlegrar tæknilýsingar.
   3) Rekstrarsamhæfni þjónustugreina merkir að fylgt sé þeim tæknilýsingum sem gerðar hafa verið til að auka framboð á þjónustu og valmöguleika notenda.
   4) Verndun gagna merkir ráðstafanir gerðar til að tryggja fjarskiptaleynd og verndun persónulegra upplýsinga.

f. Pakka- og rásaskipt gagnaflutningsþjónusta: Þjónusta sem seld er almenningi og fólgin er í beinum flutningi gagna um almenna sjálfvirka netið eða netin, þannig að hver notandi getur notað tæki tengt við tengipunkt á netinu til að hafa samband við tæki tengt öðrum tengipunkti.

g. Einföld endursala á flutningsgetu: Sala til almennings á gagnaflutningi á leigðum línum sem látin er í té sem sérstök þjónusta og felur aðeins í sér þá tengingu, meðhöndlun eða geymslu gagna eða umbreytingu á samskiptareglum sem nauðsynleg er fyrir rauntímasendingu til eða frá almenna sjálfvirka netinu.

3. gr.

Samgönguráðherra veitir leyfi til að reka fjarskiptaþjónustu á almennum netum samkvæmt reglugerð þessari.

Við leyfisveitingu skal þess gætt að grunnkröfum sé fullnægt. Einnig má kveða á um landfræðilega útbreiðslu á þjónustu þegar ríkið hefur falið Póst- og símamálastofnun það verkefni að láta í té pakka- og rásaskipta gagnaflutningsþjónustu fyrir almenning og hætta er á að sú þjónusta verði erfiðleikum bundin vegna samkeppni frá öðrum umsækjendum um leyfi.

Við mat á umsóknum um leyfi skal gæta jafnræðis og beita aðferðum sem byggjast á almennum hlutlægum auðskildum viðmiðum. Tryggja skal að allir þjónustuaðilar hljóti sambærilega og sanngjarna afgreiðslu.

Synjun umsóknar skal vera rökstudd.

4. gr.

Málsmeðferð við leyfisveitingu á pakka- eða rásaskiptri gagnaflutningsþjónustu fyrir almenning skal lúta eftirfarandi meginreglum:

a. grunnkröfum,

b. reglum sem fjalla um tilhögun og gæði þjónustu,

c. ráðstöfunum til að vernda það verkefni Póst- og símamálastofnunar að veita gagnaflutningsþjónustu, ef líklegt er að starfsemi umsækjanda hindri framkvæmd þess verkefnis.

5. gr.

Fjarskiptaþjónusta sem veitt er samkvæmt reglugerð þessari skal veitt á almenna fjarskiptanetinu.

Skilyrði fyrir aðgangi að netunum skulu hlutlæg, auðskilin og án mismununar.

6. gr.

Fjarskiptaeftirlit ríkisins hefur eftirlit með því að ákvæðum leyfisbréfs skv. 3. gr. sé fullnægt og starfsemin fari fram í samræmi við viðurkennda staðla.

7. gr.

Samgönguráðherra ákveður gjöld fyrir leyfi samkvæmt reglugerð þessari.

8. gr.

Ef leyfishafi brýtur gegn ákvæðum starfsleyfis er ráðherra heimilt að fella leyfið úr gildi.

9. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt lögum um fjarskipti nr. 73/1984, sbr. lögum nr. 32/1993 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 4. mars 1994.

Halldór Blöndal.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

REGLUGERÐ

um aðgang að almennum fjarskiptanetum.

1. gr.

Ríkið hefur einkarétt á að starfrækja talsímaþjónustu á Íslandi og í íslenskri landhelgi og lofthelgi og að eiga og reka almenn fjarskiptanet. Póst- og símamálastofnun annast framkvæmd þessa réttar.

2. gr

Samkvæmt fjarskiptalögunum er samgönguráðherra heimilt að veita leyfi til að veita fjarskiptaþjónustu aðra en talsímaþjónustu á almennum fjarskiptanetum að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, sbr. reglugerð nr. 382/1994 um skilyrði fyrir leyfum til að veita fjarskiptaþjónustu.

3. gr.

Póst- og símamálastofnun skal tryggja notendum og þeim, sem leyfi ráðherra hafa fengið til að veita fjarskiptaþjónustu, aðgang að almennum fjarskiptanetum og þjónustu. Skilmálar fyrir aðgang skulu fullnægja eftirfarandi grundvallarreglum:

- þeir skulu byggjast á hlutlægum viðmiðunum.
- þeir verða að vera auðskyldir og birtir opinberlega.
- þeir verða að tryggja jafnan aðgangsrétt án mismununar.

4. gr

Skilmálar fyrir aðgangi að almennum fjarskiptanetum eða almennri fjarskiptaþjónustu mega ekki fela í sér takmarkanir, nema af ástæðum, sem byggja á grunnkröfum, þ.e. kröfum um:

- rekstraröryggi neta.
- tryggingu heildstæðis neta.
- samhæfni mismunandi þjónustu í rökstuddum tilvikum.
- verndun gagna.

Hér merkir rekstraröryggi nets tryggingu þess að það sé ávallt tiltækt í neyðartilvikum, heildstæði nets að tryggð sé eðlileg starfsemi og samtenging almennra neta, samhæfni að fylgt sé tæknilýsingum. sem gerðar hafa verið til að auka framboð á þjónustu og valmöguleikum notenda og verndun gagna að tryggð sé leynd fjarskipta og verndun persónulegra upplýsinga.

Að auki er heimilt að setja skilmála um að búnaður, sem tengja á við netin, uppfylli ákvæði reglugerðar um notendabúnað.

5. gr.

Nota skal viðurkennda evrópska staðla sem grundvöll fyrir tæknilegri samhæfingu við almenn fjarskiptanet eða þjónustu í þeim tilgangi að tryggja opinn aðgang. Með því að hlíta ákvæðum staðlanna telst sá, sem veitir þjónustu, hafa uppfyllt gunnkröfur sbr. 4. gr. Sömuleiðis telst Póst- og símamálastofnun hafa uppfyllt kröfur um greiðan og skilvirkan aðgang að netum hlíti hún ákvæðum staðlanna. Ákvæði þessarar greinar skulu einnig eiga við um samhæfingu þjónustu innan EES.

6. gr.

Skilmála sbr. 3. og 4. gr. skal setja eigi síðar en 1. janúar 1995 í gjaldskrá og reglur Póst- og símamálastofnunar. Skilmálarnir skulu fjalla um eftirfarandi svið:

1. Talsímaþjónustu.
2. Gagnaflutningsþjónustu.
3. Leigðar línur.
4. Fjarritaþjónustu.
5. Farstöðvaþjónustu.

Bæta skal við þennan lista eftir því sem opnuð er ný þjónusta eða net.

Skilmálar þeir, sem hér um ræðir, skulu vera í samræmi við ákvæði um opinn aðgang að netum, sem gilda innan EES.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um fjarskipti nr. 73/1984 sbr. lögum nr. 32/1993 og með hliðsjón af tilskipun 90/387/EBE frá 28. júní 1990 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 4. mars 1994.

Halldór Blöndal.

Ragnildur Hjaltadóttir.

23. júní 1994 Nr. 384

REGLUGERÐ

um skipulag og starfsemi Náttúrustofu Austurlands í Neskaupstað.

1. gr.

Starfrækt skal Náttúrustofa Austurlands í Neskaupstað. Neskaupstaður og önnur sveitarfélög í Austurlandskjördæmi sem gerast kunna aðilar eiga og reka stofuna með stuðningi ríkissjóðs.

Ríkissjóður greiðir laun forstöðumanns í fullu starfi. Framlag ríkissjóðs til stofnkostnaðar vegna húsnæðis eða leigukostnaðar eigi það við, innréttinga og bóka- og tækjakaupa getur numið allt að helmingi kostnaðar og fer eftir því sem ákveðið er á fjárlögum hverju sinni, enda liggi fyrir trygging um jafnhátt framlag frá heimaaðilum. Ríkissjóður er eigandi þess framlags sem hann leggur til stofnkostnaðar.

2. gr.

Auk framlags skv. 1. gr. hefur stofan tekjur af útseldri vinnu og annarri gjaldhæfri þjónustu. Renna þær óskiptar til stofunnar og hafa ekki áhrif á framlög ríkissjóðs og heimaaðila skv. 1. gr.

3. gr.

Þær eignir sem til stofnkostnaðar teljast skulu aðeins nýttar í þágu stofunnar nema fyrir liggi samþykki ráðuneytisins um annað.

4. gr.

Hlutverk Náttúrustofu Austurlands í Neskaupstað er:

a) að stunda vísindalegar rannsóknir á náttúru Austurlands,
b) að safna gögnum og varðveita heimildir um náttúrufar og stuðla að almennum náttúrurannsóknum og skal einkum lögð áhersla á Austurland og sérstöðu náttúrufars á þeim slóðum,

c) að stuðla að æskilegri landnýtingu, náttúruvernd og fræðslu um umhverfismál bæði fyrir almenning og í skólum á Austurlandi,
d) að veita fræðslu um náttúrufræði og aðstoða við gerð náttúrusýninga á Austurlandi,
e) að veita Neskaupstað og öðrum sveitarfélögum á Austurlandi umbeðna aðstoð og ráðgjöf á verksviði stofnunarinnar m.a. vegna nýtingar náttúrulegra auðlinda, skipulagsmála og mats á umhverfisáhrifum framkvæmda enda komi greiðsla fyrir.

5. gr.

Heimilt er Náttúrustofu Austurlands í Neskaupstað með sérstökum samningi að gerast aðili að sýningarsafni en fjárhagur hennar og safnsins skal vera aðskilinn.

6. gr.

Yfir Náttúrustofu í Neskaupstað skal starfa sérstök stjórn, skipuð þremur mönnum og þremur til vara. Eigendur í héraði tilnefna tvo en ráðherra einn og skal hann vera formaður. Sömu reglur gilda um varamenn. Skipunartími stjórnar er milli reglulegra sveitarstjórnarkosninga. Hlutverk stjórnar er að annast rekstur stofunnar, gera fjárhagsáætlanir og fylgjast með fjárhag hennar og starfsemi.

Launa- og ferðakostnaður stjórnarmanna greiðist af tilnefningaraðilum. Annar kostnaður vegna starfa stjórnarinnar greiðist af stofunni.

7. gr.

Stjórn stofunnar ræður forstöðumann í fullt starf. Hann skal hafa háskólapróf í náttúrufræði eða sambærilega þekkingu. Hann stjórnar daglegum rekstri stofunnar, ræður að henni starfslið með samþykki stjórnar og er í fyrirsvari fyrir stofuna.

Forstöðumaður skal sækja lögbundna fundi Náttúrufræðistofnunar Íslands og náttúrustofa til að samræma starfsemina og greina frá niðurstöðum rannsókna sem unnar hafa verið á stofunni.

8. gr.

Til að sinna hlutverki stofunnar skal sérfræðingum og aðstoðarmönnum þeirra á stofunni sem stunda almennar náttúrurannsóknir eða söfnun náttúrugripa og annarra heimilda um náttúruna frjáls för um lönd manna en forðast skulu þeir óþarfa átroðning og skylt er að greiða fullar bætur fyrir tjón sem þeir kunna að valda.

Sömu aðilum er í þessu skyni heimilt að safna náttúrugripum hvar sem er án þess að endurgjald komi fyrir. Þetta gildir þó ekki ef um er að ræða náttúrugripi sem fémætir eru fyrir landeiganda eða aðra rétthafa lands.

Komi í ljós við rannsókn verðmæti sem áður voru ókunn ber rannsakanda að tilkynna rétthafa þess lands þar sem verðmætin eru.

9. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. 2. mgr. 12. og 16. gr. laga nr. 60/1992 um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur og öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytið, 23. júní 1994.

Össur Skarphéðinsson.

Magnús Jóhannesson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi fyrir Kirkjubæjarklaustur, Skaftárhreppi, 1988–2008.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðherra þann 30. júní 1994 staðfest breytingu á aðalskipulagsuppdrætti fyrir Kirkjubæjarklaustur, Skaftárhreppi, 1988 - 2008, sem staðfestur var 21. maí 1990.

Breytingar eru:
- Landnotkun við íþróttavöll á Kleifum breytist á þann veg að opið svæði óbyggt, verði opið svæði til sérstakra nota (tjaldstæði).
- Landnotkun í landi Kirkjubæjar 2, breytist á þann veg að ræktað landbúnaðarsvæði og opin óbyggð svæði, verði opin svæði til sérstakra nota (tjaldstæði). Jafnframt minnkar frátekið íbúðarsvæði til nota eftir lok skipulagstímabils.
- Landnotkun í landi Nýjabæjar breytist á þann veg að opið svæði óbyggt verði opið svæði til sérstakra nota (tjaldstæði).
- Suðurlandsvegur er færður til á tveimur stöðum sunnan Skaftár.

Breytingar þessar hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Skaftárhrepps.
Skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytið, 30. júní 1994.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Ingimar Sigurðsson.

9. júní 1994 Nr. 386

AUGLÝSING

um umferð á Blönduósi.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarstjórnar Blönduóss, eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Blönduósi.

I. KAFLI.

Aðalbrautarréttur:

Eftirtaldar götur skulu vera aðalbrautir:
1. Húnabraut.
2. Hnjúkabyggð.

Biðskylda:

Á eftirtöldum götum skal vera biðskylda:
1. Á Brekkubyggð gagnvart Efribyggð.
2. Á Garðabyggð gagnvart Efribyggð.
3. Aðalgötu gagnvart Þingbraut.
4. Á Neðribyggð gagnvart Þingbraut.
5. Á Brimslóð gagnvart Aðalgötu.
6. Á Hnjúkabyggð gagnvart Aðalgötu.
7. Á Ólafsbyggð gagnvart Hnjúkabyggð.
8. Á Blöndubyggð gagnvart Hnjúkabyggð.
9. Á Þingbraut gagnvart Hnjúkabyggð.
10. Á Hnjúkabyggð gagnvart hringtorginu.
11. Á Þjóðvegi 1, Norðurlandsvegi, gagnvart hringtorginu.
12. Á Svínvetningabraut gagnvart hringtorginu.
13. Á Flúðabakka gagnvart Svínvetningabraut.
14. Á Húnabraut gagnvart Þjóðvegi 1, Norðurlandsvegi.
15. Á Melabraut gagnvart Húnabraut.
16. Á Vallarbraut gagnvart Húnabraut.
17. Á Árbraut gagnvart Húnabraut.
18. Á Þverbraut gagnvart Húnabraut.
19. Á Ægisbraut gagnvart Húnabraut.
20. Á Ennisbraut gagnvart Húnabraut.
21. Á Mýrarbraut gagnvart Ennisbraut.
22. Á Holtabraut gagnvart Melabraut.
23. Á Hólabraut gagnvart Melabraut.
24. Á Hólabraut gagnvart Þjóðvegi 1, Norðurlandsvegi.
25. Á Efstubraut gagnvart Þjóðvegi 1, Norðurlandsvegi.
26. Á vegi að tjaldstæði.
27. Á Urðarbraut gagnvart Hólabraut.
28. Á Hlíðarbraut gagnvart Hólabraut.
29. Á Heiðarbraut gagnvart Hólabraut.
30. Á vegi að Arnargerði gagnvart umferð um Svínvetningabraut.

II. KAFLI.

Bann við að leggja ökutæki:

Bannað að leggja ökutæki á austari hluta Aðalgötu frá Þingbraut að Hnjúkabyggð.

Bannað að leggja ökutæki á vestari hluta Húnabrautar frá Þjóðvegi 1, Norðurlandsvegi, að Ennisbraut.

Bannað að leggja á austari hluta Mýrarbrautar.

III. KAFLI.

Gangbrautir:

Á eftirtöldum stöðum skulu vera gangbrautir:

Á Húnabraut á móts við Grunnskólann.
Á Húnabraut á móts við Búnaðarbankann.

Á Húnabraut á móts við Vísi.
Á Melabraut á móts við Holtabraut 2.
Á Melabraut við Húnabraut 2.
Á Hólabraut á móts við hús nr. 5.
Á Hólabraut á móts við hús nr. 15.
Á Þjóðvegi 1, Norðurlandsvegi á móts við Vélsmiðjuna.
Á Flúðabakka á móts við göngustíg.

IV. KAFLI.

Bann við tiltekinni umferð:

1. Allur akstur fjórhjóla, snjósleða og annarra torfærutækja er bannaður innan marka skipulagðs þéttbýlis. Þó er heimilt að aka stystu leið frá heimili og út fyrir mörk þéttbýlis.
2. Allur akstur bifreiða og annarra ökutækja utan vegar, án brýnnar nauðsynjar, er bannaður.
3. Framúrakstur er bannaður á Þjóðvegi 1, Norðurlandsvegi, frá hringtorgi og að Efstubraut.

V. KAFLI.

Ökuhraði:

Almennur hámarkshraði ökutækja á Blönduósi er 50 km/klst. Á Flúðabakka er þó leyfilegur hámarkshraði aðeins 30 km/klst.

VI. KAFLI.

Umferðarmerki:

Við götur og vegi og á þeim skulu vera umferðarmerki sem gefa glögglega til kynna þær sérreglur sem auglýsing þessi tekur til. Ökumönnum og öðrum vegfarendum ber að fara nákvæmlega eftir þessum merkingum og öðrum þeim leiðbeiningum sem ástæða þykir til að hafa.

VII. KAFLI.

Við birtingu þessarar auglýsingar falla úr gildi allar eldri auglýsingar um umferð svo og allar reglur um umferð á Blönduósi sem settar hafa verið og brjóta í bága við þessa auglýsingu. Samþykkt þessi tekur gildi þegar við birtingu auglýsingarinnar.

Sýslumaðurinn á Blönduósi, 9. júní 1994.

Kjartan Þorkelsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á endurskoðuðu deiliskipulagi miðbæjar Hafnarfjarðar.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðherra þann 30. júní 1994 staðfest breytingu á deiliskipulagi miðbæjar Hafnarfjarðar er staðfest var 27. maí 1992 og breytt 2. júní 1993.

Endurskoðunin fellst einkum í breytingum á hringtorgi á gatnamótum Reykjavíkurvegar, Vesturgötu og Fjarðargötu og er Strandgata tengd inn á þetta hringtorg. Byggingarmagn er óbreytt á ráðhúsreit en gert ráð fyrir stækkun á skrifstofum bæjarins, sýslumannsembættis og héraðsdóms. Þá er gert ráð fyrir bensínstöð við hringtorgið.

Uppdráttur þessi og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Hafnarfjarðar. Skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt breytingu þessa til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytið, 30. júní 1994.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Ingimar Sigurðsson.

Nr. 388 30. júní 1994

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á deiliskipulagi á norðvesturhluta staðgreinireits 1.171.2., Iðnaðarmannahúsreit.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðherra þann 30. júní 1994 staðfest breytingu á deiliskipulagi fyrir norðvesturhluta staðgreinireits 1.171.2, svokölluðum Iðnaðarmannahúsreit, sem markast af Bankastræti, Skólavörðustíg, Bergstaðastræti, Hallveigarstíg og Ingólfsstræti.

Breytingin frá áður staðfestu deiliskipulagi er að fallið er frá nýbyggingum á nokkrum lóðanna og í staðinn eru núverandi hús látin standa, auk þess sem heimiluð er ofanábygging húss nr. 7b við Ingólfsstræti.

Uppdráttur þessi og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki borgarstjórnar Reykjavíkur. Skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt breytingu þessa til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytið, 30. júní 1994.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Ingimar Sigurðsson.

Stjórnartíðindi B 49, nr. 377-388. Útgáfudagur 11. júlí 1994.

STJÓRNARTÍÐINDI B 50 - 1994

13. júlí 1994 1217 Nr. 389

REGLUGERÐ

um takmörkun á sölu gerileyðandi efna sem innihalda etanól.

1. gr.

Bannað er að selja í almennum verslunum, öðrum en lyfjaverslunum og verslunum sem til þess hafa fengið leyfi Hollustuverndar ríkisins, gerileyðandi efni sem innihalda meira en 30 hundraðshluta af etanóli og ætluð eru til notkunar í matvælaiðnaði.

2. gr.

Framleiðendur og innflytjendur mega selja fyrirtækjum gerileyðandi efni sem falla undir reglugerð þessa. Aðeins má þó afhenda vöruna einstaklingum sem eru fullra 18 ára og skal skrá sölu vörunnar í þar til gerðar sölubækur sem fást hjá Lyfjaeftirliti ríkisins. Það sama gildir um verslanir sem hafa heimild til að selja gerileyðandi efni samkv. 1. gr.

3. gr.

Söluaðilar efna sem þessi reglugerð nær til skulu fyrir 1. febrúar ár hvert senda Hollustuvernd ríkisins yfirlit yfir sölu síðastliðins árs.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett með stoð í 11. gr. laga nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni og 6. gr. laga nr. 24/1936 um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum, öðlast gildi þegar við birtingu.

Umhverfisráðuneytið, 13. júlí 1994.

Össur Skarphéðinsson.

Ingimar Sigurðsson.

B 85

Steindórsprent Gutenberg hf.

VIÐAUKI

við reglugerð nr. 92, 28. febrúar 1994, um hrognkelsaveiðar.

1. gr.

Þrátt fyrir ákv. 6. gr., er heimilt á árinu 1994 að stunda grásleppuveiðar:

1. Fyrir Vesturlandi, í Breiðafirði og fyrir Vestfjörðum til 20. ágúst.
2. Fyrir Suðurlandi til 1. ágúst.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 14. júlí 1994.

F. h. r.
Árni Kolbeinsson.

Þórður Eyþórsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 51 – 1994

6. júlí 1994 1219 Nr. 391

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Keflavíkur 1982–2002.

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Keflavíkur hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 22. júní 1994 staðfest breytingu á aðalskipulagi Keflavíkur 1982–2002, sem staðfest var 23. september 1983, skv. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingarnar eru:

– Lóð við Framnesveg, áður lóð frystihúss norðvestan við sundhöll, breytist úr iðnaðarsvæði í íbúðarsvæði. Jafnframt færist vegur norðaustur fyrir sundhöll og tengist Básvegi í stað Hrannargötu.

– Svæði norðan og austan við Vatnsnes breytist úr íbúðasvæði í iðnaðarsvæði.

– Ströndin sem er iðnaðarsvæði breytist í friðlýst svæði.

Bæjarstjórn Keflavíkur tekur að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfisráðuneytið, 6. júlí 1994.

F. h. r.
Magnús Jóhannesson.

Ingimar Sigurðsson.

4. júlí 1994 Nr. 392

AUGLÝSING

um umferð í Egilsstaðabæ.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Egilsstaðabæjar hefur verið ákveðið að setja eftirfarandi reglu um umferð í Egilsstaðabæ.

Hámarkshraði á Reynivöllum er 30 km.

Regla þessi tekur þegar gildi.

Sýslumaðurinn á Seyðisfirði, 4. júlí 1994.

Helgi Jensson fulltrúi.

Steindórsprent Gutenberg hf.

REGLUGERÐ

um viðurkenningu notendabúnaðar á grundvelli sameiginlegra tæknilegra reglugerða á Evrópska efnahagssvæðinu.

I KAFLI
Gildissvið og orðaskýringar.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um notendabúnað sem hefur hlotið viðurkenningu staðfesta með CE-merkingu.

2. gr.

Í reglugerð þessari merkir:

„almennt fjarskiptanet“: innviðir fyrir almenn fjarskipti sem gera kleift að flytja merki milli skilgreindra nettengipunkta með rafþræði, þráðlaust, ljóstæknilegum aðferðum eða með öðrum rafsegulaðferðum;

„notendabúnaður“: búnaður ætlaður til að tengjast almennu fjarskiptaneti, þ.e.:

a) er ætlað að vera tengdur beint við tengipunkt almenns fjarskiptanets

eða

b) er ætlað að virka með almennu fjarskiptaneti tengdur beint eða óbeint við nettengipunkt á netinu í þeim tilgangi að senda, meðhöndla eða taka á móti upplýsingum.

Tengingin getur verið með rafþræði, þráðlaus, með ljóstæknilegum aðferðum eða öðrum rafsegulaðferðum.

II KAFLI
Markaðssetning og frjáls innflutningur.

3. gr.

Framleiðandi eða dreifingaraðili búnaðarins skal leggja fram yfirlýsingu um hvaða tilgangi búnaðurinn þjónar. Gera skal ráð fyrir að notendabúnaður skv. ofangreindri skilgreiningu, er getur tengst almennu fjarskiptaneti þráðlaust, sé jafnframt ætlaður til að tengjast við almennt fjarskiptanet.

Þrátt fyrir það sem segir í 2. gr. skal búnaði, sem tengja má við almennt fjarskiptanet en ekki er til þess ætlaður, fylgja yfirlýsing framleiðanda hans eða dreifingaraðila, en fyrirmynd að henni er sýnd í VIII. viðauka, ásamt notkunarleiðarvísi. Ef búnaðurinn hefur ekki verið settur áður á markað í öðrum löndum EES, skal afrit af þessum skjölum sent til þess aðila, sem tilgreindur er og um getur í 1. mgr 10. gr. Að auki heyrir slíkur búnaður undir ákvæði 4. mgr. 11. gr.

Framleiðandi eða dreifingaraðili skal að ósk einhvers þeirra aðila, sem um getur í 1. mgr. 10. gr, hafi hann ekki gert það áður, réttlæta fyrirhugaða notkun slíks tækis á grundvelli þeirra tæknilegu eiginleika þess sem máli skipta, svo og hvernig það starfar og hvaða markaðsgeira það er ætlað.

4. gr.

Notendabúnað má því aðeins setja á markað og taka í notkun að hann fullnægi kröfum þessarar reglugerðar, þegar hann er settur upp og við haldið og notaður í fyrirhuguðum tilgangi.

Búnað sem um getur í 2. mgr. 3. gr. má því aðeins setja á markað að hann uppfylli þær kröfur um slíkan búnað sem kveðið er á um í þessari reglugerð. Ekki má tengja slíkan búnað almenna fjarskiptanetinu í skilningi 2. gr.

Búnað sem um getur í 3. gr skal taka úr sambandi við almenna fjarskiptanetið sé hann ekki notaður í fyrirhuguðum tilgangi. Gerðar skulu viðeigandi ráðstafanir til að hindra að

búnaður sem ekki er notaður í fyrirhuguðum tilgangi sé tengdur við almenna fjarskiptanetið.

5. gr.

Notendabúnaður skal fullnægja eftirfarandi grunnkröfum:

a) um öryggi notenda, að því leyti sem ekki er fjallað um það í reglugerð um raforkuvirki nr. 264/1971 með síðari breytingum;
b) um öryggi starfsmanna þeirra fyrirtækja sem reka almennu fjarskiptakerfin, að því leyti sem ekki er fjallað um það í reglugerð um raforkuvirki nr. 264/1971 með síðari breytingum;
c) um rafsegulsviðssamhæfi að svo miklu leyti sem þær eiga sérstaklega við notendabúnað;
d) um varnir gegn skaða á almenna fjarskiptanetinu;
e) um skilvirka notkun tíðnisviðsins fyrir þráðlaus fjarskipti, þar sem við á;
f) um að hægt sé að tengja notendabúnaðinn við búnað almenna fjarskiptanetsins í þeim tilgangi að koma á, breyta, gjaldfæra, viðhalda raunverulegum samböndum eða sýndarsamböndum eða rjúfa þau;
g) um að unnt sé að tengja notendabúnaðinn öðrum notendabúnaði gegnum almenna fjarskiptanetið, þannig að þeir vinni saman á eðlilegan hátt, í réttlætanlegum tilvikum.

6. gr.

Notendabúnaður sem uppfyllir ákvæði þessarar reglugerðar skal njóta óhindraðrar markaðssetningar og ekki má hefta flutninga eða notkun slíks búnaðar.

7. gr.

Litið er svo á að grunnkröfur sem getur í a- og b-lið 4. gr. séu uppfylltar, ef sýnt er fram á að notendabúnaðurinn sé í samræmi við viðeigandi samhæfða staðla sem vísað hefur verið til í Staðlatíðindum útgefnum af Staðlaráði Íslands.

Grunnkröfur sem getur í c-til g-liðum 5. gr. skulu vera skilgreindar í sameiginlegum tæknilegum reglugerðum (Common Technical Regulation, CTR).

8. gr.

Ef í ljós kemur að notendabúnaður, sem merktur er eins og mælt er fyrir um í þeim ákvæðum sem tilgreind eru í III. kafla, samræmist ekki grunnkröfunum, þegar hann er rétt notaður í þeim tilgangi sem fyrirhugaður er af framleiðandanum, skulu gerðar viðeigandi ráðstafanir til að taka slíka vöru af markaði eða banna eða takmarka markaðssetningu hennar.

Beri notendabúnaður, sem samræmist ekki viðkomandi grunnkröfum, EB-merkingu, verða gerðar viðeigandi ráðstafanir gegn hverjum þeim sem sett hefur merkið á búnaðinn og tilkynnt um það til Eftirlitsstofnunar EFTA.

III KAFLI
Samræmismat.

9. gr.

Framleiðandinn eða umboðsmaður hans með staðfestu á evrópska efnahagssvæðinu getur valið um hvort notendabúnaður sæti EB-gerðarprófun eins og lýst er í I. viðauka eða fær EB-samræmisyfirlýsingu eins og lýst er í IV. viðauka.

EB-gerðarprófun eins og lýst er í I.viðauka skal fylgja samræmisyfirlýsing, sem lýst er í II. eða III. viðauka.

10. gr.

Stjórnvöld skulu tilkynna til Eftirlitsstofnunar EFTA um þá aðila, sem þau hafa útnefnt til að framkvæma vottun, vöruprófun og skyld eftirlitsstörf sem lið í málsmeðferð þeirri sem um getur í 9. gr, ásamt einkennismerkjum þeirra. Beita skal þeim lágmarksviðmiðum sem tilgreind eru í V. viðauka við útnefningu slíkra aðila. Gert verður ráð fyrir að aðilar sem uppfylla viðmið, sem sett eru samkvæmt viðeigandi samhæfðum stöðlum, uppfylli einnig viðmið sem fram koma í V. viðauka.

Stjórnvöld skulu upplýsa Eftirlitsstofnun EFTA um prófunarstofur, sem þau hafa útnefnt til að framkvæma prófanir sem lið í málsmeðferð þeirri sem um getur í 9. gr. Tilnefndir aðilar skulu beita þeim viðmiðum sem gert er ráð fyrir í samsvarandi hlutum þeirra samhæfðu staðla, sem við eiga þegar þeir útnefna prófunarstofur.

Ef tilnefndur aðili eða prófunarstofa, sem útnefnd hafa verið samkvæmt 1. eða 2. mgr. uppfylla ekki lengur þau viðmið sem máli skipta fyrir útnefninguna, skal útnefningin afturkölluð.

Tilnefndir aðilar skulu viðurkenna skjöl gefin út af viðeigandi aðilum í landi utan hins evrópska efnahagssvæðis, ef um það hefur náðst samkomulag milli EES og þess lands, sem viðunandi er fyrir báða aðila.

Þegar tilnefndu aðilarnir sem um getur í 1. mgr. 10. gr. gefa út EB-gerðarprófunarvottorð svo sem um getur í I. viðauka og eftir fylgir viðeigandi skjal svo sem um getur í II. eða III. viðauka eða eftir ákvörðun um gæðatryggingarmat svo sem um getur í IV. viðauka, gefa þeir samtímis út samþykki stjórnvalda fyrir tengingu viðkomandi notendabúnaðar við almenna fjarskiptanetið.

IV. KAFLI
EB-samræmismerki og áletranir.

11. gr.

Notendabúnaður sem er í samræmi við reglugerð þessa skal merktur með EB-merkinu sem er táknið „CE“, ásamt einkennismerki tilnefnda aðilans sem ábyrgur er og tákni sem gefur til kynna að búnaðurinn sé til þess ætlaður og til þess hæfur að tengjast almenna fjarskiptanetinu. EB-merkið og þessi tvö tákn eru sýnd í VI. viðauka.

Bannað er að nota merki sem hætt er við að villst verði á og samræmismerkjunum sem sýnd eru í VI. viðauka.

Framleiðandinn skal auðkenna notendabúnaðinn með gerð, framleiðslueiningu og/eða raðnúmeri og með nafni framleiðanda og/eða dreifingaraðila, sem ber ábyrgð á að setja hann á markað.

Framleiðendur búnaðar eða dreifingaraðilar, sem setja á markað búnað eins og um getur í 2. gr skulu setja á hann táknið sem sýnt er í VII. viðauka, þannig að það komi á eftir EB-merkinu og sé sjónrænn hluti af heildarmerkingunni.

12. gr.

Ef sannreynt er að merkingin sem um getur í 1. mgr. 11. gr hafi verið sett á notendabúnað sem:

- ekki er í samræmi við samþykkta gerð,
- er í samræmi við samþykkta gerð en uppfyllir ekki þær grunnkröfur sem um hana eru gerðar,

eða hafi framleiðandinn ekki gegnt skyldum sínum samkvæmt viðeigandi EB-samræmisyfirlýsingu,

skal tilnefndi aðilinn afturkalla EB-gerðarprófunarvottorðið sem um getur í I. viðauka, EB-ákvörðunina um viðurkenningu á gæðakerfi sem um getur í III. viðauka eða EB-ákvörðunina um EB-viðurkenningu á gæðakerfi sem um getur í IV. viðauka, án tillits til ákvarðana, sem teknar hafa verið samkvæmt 8. gr.

V. KAFLI
Lokaákvæði og bráðabirgðaákvæði.

13. gr.

Fyrri gerðarsamþykki, sem veitt hafa verið á grundvelli NET-staðla (Norme Européenne de Telecommunication) halda gildi sínu innan þeirra viðmiða sem í gildi voru, þegar þau voru upphaflega veitt.

14. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt lögum um fjarskipti nr. 73/1984 sbr. l. nr. 32/1993 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytið, 4. mars 1994.

Halldór Blöndal.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

I. VIÐAUKI
EB-gerðarprófun.

óbreytt

II. VIÐAUKI
Gerðarsamræmi.

óbreytt

III. VIÐAUKI
Gæðatrygging framleiðslu.

óbreytt

IV. VIÐAUKI
Full gæðatrygging.

óbreytt

V. VIÐAUKI
Lágmarksviðmið sem aðildarríkin skulu uppfylla þegar útnefndir eru tilnefndir aðilar samkvæmt 1. mgr. 10. gr.

óbreytt, en athuga texta í fyrirsögn

VI. VIÐAUKI
Merki til að setja á notendabúnað sem um getur í 1. mgr. 11. gr.

óbreytt (athuga tilvísun í fyrirsögn)

VII. VIÐAUKI
Merki til að setja á notendabúnað sem um getur í 4. mgr. 11. gr.

óbreytt (athuga tilvísun í fyrirsögn)

VIII. VIÐAUKI
Fyrirmynd yfirlýsingar sem um getur í 1. mgr. 2. gr.

óbreytt

Nr. 394 11. júlí 1994

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 427, 26. október 1993, um vigtun sjávarafla.

1. gr.

Á eftir orðunum: „Hafnarsambandi sveitarfélaga" í 1. málslið 27. gr. reglugerðarinnar komi: einum tilnefndum af Fiskistofu.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 11. júlí 1994.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

Nr. 395 6. júlí 1994

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 1992–2012.

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Kópavogs hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 22. júní 1994 staðfest breytingar á aðalskipulagi Kópavogs 1992–2012 frá 29. apríl 1994, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin er fólgin í því að landnotkun á lóðinni Engihjalla 6 breytist úr „skipulagi frestað" í opið svæði til sérstakra nota, það er almenningsgarð.

Bæjarstjórn Kópavogs tekur að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfisráðuneytið, 6. júlí 1994.

F. h. r.
Magnús Jóhannesson.

Ingimar Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um (19.) breytingu á reglugerð um gerð lyfseðla og ávísun lyfja, afgreiðslu þeirra og merkingu nr. 421/1988.

1. gr.

Í viðauka 4 skal bæta við eftirfarandi ákvæði um áletrun lyfja, sem innihalda Loperamidum við fyrri texta undir fyrirsögninni *varúð*:

„Þungaðar konur og konur með barn á brjósti eiga ekki að taka lyfið nema í samráði við lækni."

2. gr.

Eftirfarandi skal bætt við viðauka 4 við reglugerðina:

Efni	Hámarksmagn og/eða takmarkanir	Dæmi um lyf og lyfjaform, er selja má án lyfseðils	Áletrun og/eða upplýsingar á fylgiseðli, sem afhenda skal með lyfinu.
Cimetidinum	Lyfjaform í afmældum skömmtum. Einstakur skammtur mest 200 mg. Mest 50 stk. handa einstaklingi.	CÍMETIDÍN, töflur.	Lyf við maga- og skeifugarnarsári og fyrirbyggjandi gegn slíkum sárum. *Skammtar handa fullorðnum:* 4 töflur fyrir svefn eða 2 töflur tvisvar á dag. Meðferð skal standa í a.m.k. 4 vikur, þótt einkenni hverfi fyrr. *Fyrirbyggjandi meðferð*: 2 töflur fyrir svefn. Lyfið er ekki ætlað börnum. *Varúð*: Barnshafandi konur og konur með barn á brjósti eiga ekki að nota lyfið nema að læknisráði.
Famotidinum	Lyfjaform í afmældum skömmtum. Einstakur skammtur mest 20 mg. Mest 30 stk. handa einstaklingi.	FAMEX, töflur.	Lyf við maga- og skeifugarnarsári og fyrirbyggjandi gegn slíkum sárum. *Skammtar handa fullorðnum:* 1 tafla tvisvar á dag eða 2 töflur fyrir svefn. *Fyrirbyggjandi meðferð*: Ein tafla fyrir svefn. Lyfið er ekki ætlað börnum. *Varúð*: Barnshafandi konur og konur með barn á brjósti eiga ekki að nota lyfið nema að læknisráði.

Ranitidinum	Lyfjaform í afmældum skömmtum. Einstakur skammtur mest 150 mg. Mest 50 stk. handa einstaklingi.	ASÝRAN, töflur, GASTRAN, töflur, RANEX, töflur.	Lyf við maga- og skeifugarnarsári og fyrirbyggjandi gegn slíkum sárum. *Skammtar handa fullorðnum:* 2 töflur fyrir svefn eða 1 tafla tvisvar á dag. Meðferð skal standa í a.m.k. 4 vikur, þótt einkenni hverfi fyrr. *Fyrirbyggjandi meðferð*: 1 tafla fyrir svefn. Lyfið er ekki ætlað börnum. *Varúð*: Barnshafandi konur og konur með barn á brjósti eiga ekki að nota lyfið nema að læknisráði.
Sucralfatum	Lyfjaform í afmældum skömmtum. Einstakur skammtur mest 1 g.	MÚKAL, töflur 500 mg.	Lyf við maga- og skeifugarnarsári og fyrirbyggjandi gegn slíkum sárum. *Skammtar handa fullorðnum:* 4 töflur á morgnana og fyrir svefn eða 2 töflur 3-4 sinnum á dag, 1 klst. fyrir mat og fyrir svefn. Meðferð skal standa í 4-6 vikur. *Fyrirbyggjandi meðferð*: 2 töflur tvisvar á dag. *Athugið:* Ef sýrubindandi lyf eru einnig notuð, verður að taka þau inn minnst 1/2 klst. fyrir eða eftir töku þessa lyfs. *Varúð*: Sjúklingar með nýrnabilun eiga ekki að nota lyfið.
		ANTEPSIN, töflur 1 g, MÚKAL, töflur.	Lyf við maga- og skeifugarnarsári og fyrirbyggjandi gegn slíkum sárum. *Skammtar handa fullorðnum:* 2 töflur á morgnana og fyrir svefn eða 1 tafla 3-4 sinnum á dag, 1 klst. fyrir mat og fyrir svefn. Meðferð skal standa í 4-6 vikur. *Fyrirbyggjandi meðferð*: 1 tafla tvisvar á dag. *Athugið*: Ef sýrubindandi lyf eru einnig notuð, verður að taka þau inn minnst 1/2 klst. fyrir eða eftir töku þessa lyfs. *Varúð*: Sjúklingar með nýrnabilun eiga ekki að nota lyfið.

	Mixtúrur	ANTEPSIN, mixtúra 200 mg/ml	Lyf gegn maga- og skeifugarnarsári og fyrirbyggjandi gegn slíkum sárum. *Skammtar handa fullorðnum*: 10 ml (= 2 g) á morgnana og fyrir svefn eða 5 ml (=1 g) 3-4 sinnum á dag, 1 klst. fyrir mat og fyrir svefn. Meðferð skal standa í 4-6 vikur. *Fyrirbyggjandi meðferð*: 5 ml (=1 g) tvisvar á dag. *Athugið*: Ef sýrubindandi lyf eru einnig notuð, verður að taka þau inn minnst 1/2 klst. fyrir eða eftir töku þessa lyfs. Lyfið er ekki ætlað börnum. *Varúð:* Sjúklingar með nýrnabilun eiga ekki að nota lyfið.
Terbinafinum	Lyfjaform til útvortis notkunar. Ekki yfir 10 mg/g (1%). Mest 15 g (=150 mg virkt efni) handa einstaklingi.	LAMISIL, krem.	Samkvæmt ákvörðun ráðuneytis við skráningu lyfsins.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 16. og 17. gr. lyfjalaga nr. 108/1984, öðlast gildi 1. júlí 1994.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 30. júní 1994.

F. h. r.
Páll Sigurðsson.

Einar Magnússon.

10. júní 1994 Nr. 397

AUGLÝSING

um umferð í Ólafsfirði.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarstjórnar Ólafsfjarðar, eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Ólafsfirði:

Aðalbraut.
Múlavegur að Aðalgötu.
Aðalgata frá Múlavegi til suðurs að gatnamótum Ægisgötu og eftir Ægisgötu til suðurs.

Biðskylda verði af:
Strandgötu inn á Aðalgötu.
Kirkjuvegi inn á Aðalgötu.
Vesturgötu inn á Aðalgötu.
Ólafsvegi að austan inn á Aðalgötu.
Ólafsvegi vestan inn á Aðalgötu.
Gunnólfsgötu inn á Aðalgötu.
Sundlaugavegur inn á Aðalgötu.
Bílastæðum við íþróttahús og barnaskóla inn á Aðalgötu.
Garðstíg inn á Aðalgötu.
Af Aðalgötu inn á aðalbraut Aðalgötu, Ægisgötu.
Ægisgötu að norðan inn á Aðalgötu.
Ægisbyggð inn á Aðalgötu.
Af tengigötu við Mararbyggð inn á Bylgjubyggð.
Af tengigötu austan Hrannarbyggðar inn á Bylgjubyggð.
Af Hlíðarvegi inn á Hornbrekkuveg.
Af Túngötu inn á Hornbrekkuveg.
Af Brekkugötu inn á Hornbrekkuveg.
Af Vesturgötu inn á Hafnargötu.
Af Kirkjuvegi inn á Hafnargötu.
Af Ægisgötu að sunnan inn á Ólafsveg.
Af Ægisgötu að norðan inn á Ólafsveg.
Af Hafnargötu inn á Ólafsveg.
Af hafnarsvæði norðan KEA inn á Múlaveg.
Af Brekkugötu og Brimnesvegi inn á Múlaveg.
Af hafnarsvæði austan bílvogar inn á Múlaveg.
Af Þverbrekku inn á Múlaveg.
Af Námuvegi vestan Múlavegar inn á Múlaveg.
Af Hafnargötu inn á Strandgötu.
Af Hrannarbyggð inn á Ægisbyggð.
Af Bylgjubyggð inn á Ægisbyggð.
Af Gunnólfsgötu inn á Ægisgötu.
Af Bylgjubyggð inn á Ægisgötu (Ólafsfjarðarveg eystri).
Af afleggjara við Hornbrekku inn á Ægisgötu (Ólafsfjarðarveg eystri).
Af Námuvegi austan Múlavegar inn á Múlaveg.
Af Ægisgötu inn á Strandgötu.

Stöðvunarskylda.
Af Hornbrekkuvegi inn á Aðalgötu.

Einstefna.
Verði á Brekkugötu til suðurs frá Félagastíg.

Allur akstur bannaður.
Á gangstígum frá barnaskóla að bókasafni og gagnfræðaskóla.

Bannað verði að leggja bifreiðum.
1. Hornbrekkuvegur, frá gatnamótum við Túngötu að gangstétt norðan Hornbrekkuvegar 8.
2. Frá Strandgötu 4 að Strandgötu 12 að norðan.
3. Kirkjuvegur að sunnan.

Hraðahindranir.
1. Hindrun á lóðamörkum Aðalgötu 19 og 21.
2. Hindrun á Múlavegi sunnan Múlatinds.
3. Hindrun á Hlíðarvegi fyrir norðan hús nr. 48.

Gangbrautir.
1. Á Aðalgötu austan útibús KEA að gangstíg austan götunnar.
2. Á Aðalgötu austan verslunarinnar Valberg.
3. Á Aðalgötu við lóðarmörk Ólafsvegar 1 og Gunnólfsgötu 2.
4. Á hraðahindrun á Aðalgötu á lóðarmörkum Aðalgötu 19 og 21.
5. Á Aðalgötu við gatnamót Ægisbyggðar og Ólafsvegar.
6. Á Ægisgötu vestan gagnfræðaskóla.
7. Á Bylgjubyggð við hús nr. 10.
8. Á Kirkjuvegi við gatnamót við Aðalgötu.
9. Á Strandgötu við gatnamót við Aðalgötu.
10. Á Vesturgötu við gatnamót við Aðalgötu.

Allar eldri samþykktir um umferðarmál í Ólafsfirði eru felldar úr gildi með samþykkt þessari. Reglur þessar taka gildi við birtingu þeirra.

Lögreglustjórinn í Ólafsfirði, 10. júní 1994.

Kjartan Þorkelsson settur.

1. júlí 1994 Nr. 398

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1980–2000.

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Hafnarfjarðar hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 22. júní 1994 staðfest breytingu, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1980–2000 frá 8. desember 1982.

Breytingin er í því fólgin, að landnotkun á svæði milli Hamrabergs, Vörðubergs og Tinnubergs breytist úr iðnaði/þjónustu í íbúðarsvæði. Ennfremur breytist umferðartenging við Garðabæ á þann veg, að hún verður um Vörðuberg í stað Tinnubergs.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefur lýst því yfir, að hún taki að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfisráðuneytið, 1. júlí 1994.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Hrafn Hallgrímsson.

REIKNINGUR

Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 1993.

Rekstrarreikningur

Tekjur:

	Kr.
Ríkisframlag	1.615.999.820
Landsútsvar	621.740.215
Tekjur alls	2.237.740.035

Gjöld:

	Kr.
Bundin framlög	812.559.265
Sérstök framlög	641.880.110
Jöfnunarframlög	892.124.195
Laun og launategnd gjöld	3.617.809
Önnur rekstrargjöld	4.033.379
Gjöld alls	2.354.214.758
Tekjur umfram gjöld án fjármunatekna	(116.474.723)

Fjármunatekjur:

Vaxtatekjur	31.722.346
Vaxtagjöld	(5.767)
Fjármunatekjur alls	31.716.579
Tekjur umfram gjöld	(84.758.144)

Efnahagsreikningur 31. desember

Eignir:

Veltufjármunir:	Kr.
Bankareikningur	124.819.812
Viðskiptakröfur	11.071.580
Óendurgr. virðisaukaskattur	2.207.009
Veltufjármunir alls	138.098.401
Eignir alls	138.098.401

Skuldir og eigið fé:

Skammtímaskuldir:	Kr.
Viðskiptaskuldir	26.519.193
Ógreiddir skattar	0
Skammtímaskuldir alls	26.519.193

Eiginfjárreikningur:	
Eigið fé 01.01	196.337.352
Endurmat	0
Rekstrarafkoma ársins	(84.758.144)
Eiginfjárreikningur alls	111.579.208
Skuldir og eigið fé alls	138.098.401

Sjóðstreymi

Framlag rekstrar:	Kr.
Rekstrarafkoma ársins skv. rekstrarreikningi	(84.758.144)
Afskriftir	0
	(84.758.144)
Breyting liða innan hreins veltufjár:	
(Aukning) minnkun viðskiptakrafna	(9.929.178)
(Aukning) minnkun fyrirfr. gr. skatta	(2.177.966)
Aukning (minnkun) viðskiptaskulda	3.410.657
Aukning (minnkun) ógr. skatta	(6.587)
Breytingar á veltufjárreikningi	(8.703.074)
Lækkun á handbæru fé	(93.461.218)
Handbært fé í ársbyrjun	218.281.030
Handbært fé í árslok	124.819.812

Áritun ríkisendurskoðunar

Ársreikning Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 1993 hefur stofnunin endurskoðað. Ársreikningurinn samanstendur af rekstrarreikningi, efnahagsreikningi, sjóðstreymi og skýringum nr. 1.-12. Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju og voru í því sambandi gerðar þær kannanir á bókhaldi sem taldar voru nauðsynlegar.

Það er álit Ríkisendurskoðunar að ársreikningurinn sé gerður í samræmi við lög, reglur og góða reikningsskilavenju og gefi glögga mynd af rekstri sjóðsins á árinu 1993, efnahag í lok þess árs og breytingu á handbæru fé á árinu 1993.

Ríkisendurskoðun, 13. júní 1994.

Sigurður Þórðarson.
Sveinn Arason.

Staðfesting ársreiknings

Félagsmálaráðherra og formaður ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 1993.

Reykjavík, 13. júní 1994.

Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra.
Húnbogi Þorsteinsson formaður ráðgjafarnefndar.

Nr. 400 15 . júlí 1994

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 341/1994
um veiðikort og sérstök veiðikort (hlunnindakort).

1. gr.
Í stað orðsins „skotveiðileyfi“ í 1. gr. komi „skotvopnaleyfi.“

2. gr.
Reglugerð þessi, sem sett er skv. 11. gr. laga nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytið, 15. júlí 1994.

Össur Skarphéðinsson.

Ingimar Sigurðsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 52 – 1994

20. júlí 1994 1233 Nr. 401

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um gerð og búnað ökutækja, nr. 411 11. nóvember 1993, sbr. reglugerð nr. 242 13. maí 1994.

1. gr.

3. gr. breytist þannig:

a. Liður 03.10 (1), 3. efnismgr., orðist svo:
Hemlar: Staðfesting eða vottorð frá framleiðanda viðkomandi bifreiðar eða óháðum rannsóknaraðila um að hún standist kröfur um hemla skv. EBE tilskipun nr. 71/320 með áorðnum breytingum, síðast með tilskipun nr. 85/647, eða öðrum sambærilegum reglum og nánari ákvæðum í 6. gr.

b. Liður 03.10 (1), 7. efnismgr., orðist svo:
Útblástursmengun: Staðfesting eða vottorð frá framleiðanda viðkomandi bifreiðar eða óháðum rannsóknaraðila um að hún standist kröfur um takmörkun mengandi efna í útblæstri eftir því sem við á skv. EBE tilskipun nr. 70/220 með áorðnum breytingum, síðast með tilskipun nr. 93/59, EBE tilskipun nr. 88/77 með breytingum í tilskipun nr. 91/542 eða öðrum sambærilegum reglum og nánari ákvæðum í 18. gr.

c. Liður 03.11 (2) orðist svo:
Ef framvísað er gögnum frá framleiðanda fólksbifreiðar eða óháðum rannsóknaraðila um að viðkomandi bifreiðargerð uppfylli kröfur skv. EBE tilskipun nr. 70/156 með áorðnum breytingum, síðast með tilskipunum nr. 92/53 og 93/81, skal skráningaraðili samþykkja þau gögn sem vottorð um fullnægjandi gerðarviðurkenningu.

d. Nýr liður, 03.11 (3), orðist svo:
(3) **Gildistaka:** Frá 1. janúar 1998 skal gerðarviðurkenning fólksbifreiðar byggjast á gögnum og/eða viðurkenningum skv. lið 03.11 (2).

e. Liður 03.13 (2) orðist svo:
Innflytjanda er heimilt að framvísa staðfestingu eða vottorði frá framleiðanda sendibifreiðar eða óháðum rannsóknaraðila um að viðkomandi bifreiðargerð uppfylli kröfur í sambandi við gerðarviðurkenningu skv. EBE tilskipun nr. 70/156 með áorðnum breytingum, síðast með tilskipun nr. 87/403. Getur skráningaraðili samþykkt þau gögn sem vottorð um fullnægjandi gerðarviðurkenningu. Skráningaraðili ákveður hvort eða hvaða tæknilegar viðbótarupplýsingar þurfa að fylgja staðfestingunni eða vottorðinu.

B 86 Steindórsprent Gutenberg hf.

f. Liður 03.20 (2) orðist svo:
Ef framvísað er gögnum frá framleiðanda bifhjóls eða óháðum rannsóknaraðila um að viðkomandi gerð bifhjóls uppfylli kröfur skv. EBE tilskipun nr. 92/61 skal skráningaraðili samþykkja þau gögn sem vottorð um fullnægjandi gerðarviðurkenningu.

g. Liður 03.22 orðist svo:
Þungt bifhjól.
(1) **Hljóðstyrkur:** Staðfesting eða vottorð frá framleiðanda viðkomandi bifhjóls eða óháðum rannsóknaraðila um að það standist kröfur sem gerðar eru um takmörkun hljóðstyrks skv. EBE tilskipun nr. 78/1015 með breytingum í tilskipunum nr. 87/56 og 89/235 eða öðrum sambærilegum reglum. Einnig skal tilgreina tölulegar niðurstöður hljóðstyrksmælingar samkvæmt kyrrstöðumælingu.

h. Liður 03.30 (1), 2. efnismgr., orðist svo:
Hljóðmerki: Staðfesting eða vottorð frá framleiðanda viðkomandi dráttarvélar eða óháðum rannsóknaraðila um að hún standist kröfur um hljóðmerki skv. EBE tilskipun nr. 74/151 með breytingum í tilskipunum nr. 82/890 og 88/410 eða öðrum sambærilegum reglum.

i. Núverandi liður 03.50 (1) falli niður.

j. Nýr liður, 03.51, orðist svo:
03.51 Eftirvagn I.
(1) Innflytjanda er heimilt að framvísa staðfestingu eða vottorði frá framleiðanda eftirvagns eða óháðum rannsóknaraðila um að viðkomandi gerð eftirvagns uppfylli kröfur í sambandi við gerðarviðurkenningu skv. EBE tilskipun nr. 70/156 með áorðnum breytingum, síðast með tilskipun nr. 87/403. Getur skráningaraðili samþykkt þau gögn sem vottorð um fullnægjandi gerðarviðurkenningu. Skráningaraðili ákveður hvort eða hvaða tæknilegar viðbótarupplýsingar þurfa að fylgja staðfestingunni eða vottorðinu.

2. gr.

4. gr. breytist þannig:
a. Nýr liður, 04.20, orðist svo:
04.20 Bifhjól.
(1) Flötur fyrir aftanvert skráningarmerki bifhjóls telst vera fullnægjandi ef ákvæði EBE tilskipunar nr. 93/94 eru uppfyllt.

b. Nýr liður, 04.20 (2), orðist svo:
(2) Skilti með varanlega skráðu nafni framleiðanda bifhjóls, verksmiðjunúmeri þess, tölugildum hljóðstyrksmælingar skv. kyrrstöðumælingu og eftir atvikum fleiri ökutækisbundnum upplýsingum telst vera fullnægjandi ef það uppfyllir ákvæði EBE tilskipunar nr. 93/34.

3. gr.

5. gr. breytist þannig:
a. Liður 05.10 (8) orðist svo:
Stýrisbúnaður bifreiðar og virkni hans telst vera fullnægjandi ef viðkomandi ákvæði EBE tilskipunar nr. 70/311 með breytingum í tilskipun nr. 92/62 eru uppfyllt.

b. Liður 05.11 orðist svo:
(1) Búnaður til þess að draga úr líkum á meiðslum ökumanns af völdum stýrisbúnaðar við framanverðan árekstur fólksbifreiðar telst vera fullnægjandi ef ákvæði EBE tilskipunar nr. 74/297 með breytingum í tilskipun nr. 91/662 eða sambærilegra reglna eru uppfyllt.

c. Nýr liður, 05.13, orðist svo:
05.13 Sendibifreið.
(1) Búnaður til þess að draga úr líkum á meiðslum ökumanns af völdum stýrisbúnaðar við framanverðan árekstur sendibifreiðar sem er innan við 1500 kg að leyfðri heildarþyngd telst vera fullnægjandi ef ákvæði EBE tilskipunar nr. 74/297 með breytingum í tilskipun nr. 91/662 eða sambærilegra reglna eru uppfyllt.

d. Liður 05.50 (3) orðist svo:
Stýrisbúnaður eftirvagns og virkni hans telst vera fullnægjandi ef viðkomandi ákvæði EBE tilskipunar nr. 70/311 með breytingum í tilskipun nr. 92/62 eru uppfyllt.

4. gr.

6. gr. breytist þannig:
a. Liður 06.10 (18) orðist svo:
Hemlabúnaður bifreiðar og virkni hans telst vera fullnægjandi ef viðkomandi ákvæði EBE tilskipunar nr. 71/320 með áorðnum breytingum, síðast með tilskipun nr. 91/422, eru uppfyllt.

b. Nýr liður, 06.20 (7), orðist svo:
(7) Hemlabúnaður bifhjóls og virkni hans telst vera fullnægjandi ef ákvæði EBE tilskipunar nr. 93/14 eru uppfyllt.

c. Liður 06.50 (16) orðist svo:
Hemlabúnaður eftirvagns og virkni hans telst vera fullnægjandi ef viðkomandi ákvæði EBE tilskipunar nr. 71/320 með áorðnum breytingum, síðast með tilskipun nr. 91/422, eru uppfyllt.

5. gr.

7. gr. breytist þannig:
a. Liður 07.10 (1), ákvæði 6. þankastriks, falli niður.

b. Liður 07.10 (2), ákvæði 5. þankastriks, orðist svo:
- hliðarljósker

c. Liður 07.10 (9), 1. mgr., orðist svo:
Staðsetning ljósabúnaðar og glitaugna bifreiðar telst vera fullnægjandi ef viðkomandi ákvæði EBE tilskipunar nr. 76/756 með áorðnum breytingum, síðast með tilskipun nr. 91/663, eru uppfyllt.

d. Nýr liður, 07.20 (7), orðist svo:
(7) Staðsetning ljósabúnaðar og glitaugna bifhjóls telst vera fullnægjandi ef ákvæði EBE tilskipunar nr. 93/92 eru uppfyllt.

e. Liður 07.50 (1), ákvæði 3. þankastriks, falli niður.

f. Liður 07.50 (2), ákvæði 5. þankastriks, orðist svo:
- hliðarljósker

g. Liður 07.50 (8), 1. mgr., orðist svo:
Staðsetning ljósabúnaðar og glitaugna eftirvagns telst vera fullnægjandi ef viðkomandi ákvæði EBE tilskipunar nr. 76/756 með áorðnum breytingum, síðast í tilskipun nr. 91/663, eru uppfyllt.

6. gr.

8. gr. breytist þannig:

a. Liður 08.10 (3) orðist svo:
Merkingar á stjórnbúnaði og gaumljósum bifreiðar teljast vera fullnægjandi ef þær uppfylla ákvæði EBE tilskipunar nr. 78/316 með breytingum í tilskipun nr. 93/91.

b. Nýr liður, 08.20, orðist svo:

08.20 Bifhjól.

(1) Farþegasæti á bifhjóli skal búið handfestu eða álíka öryggisbúnaði fyrir farþega.

(2) Gerð handfestu fyrir farþega á bifhjóli telst vera fullnægjandi ef hún uppfyllir ákvæði EBE tilskipunar nr. 93/32.

(3) Merkingar á stjórnbúnaði og gaumljósum bifhjóls teljast vera fullnægjandi ef þær uppfylla ákvæði EBE tilskipunar nr. 93/29.

c. Núverandi liður 08.22 (1) falli niður.

d. Núverandi liður 08.22 (2) verði: 08.22 (1).

7. gr.

9. gr. breytist þannig:

a. Liður 09.10 (8) orðist svo:
Eiginleikar og efni í rúðum bifreiðar telst vera fullnægjandi ef ákvæði EBE tilskipunar nr. 92/22 eru uppfyllt.

b. Núverandi liður 09.10 (8) verði: 09.10 (9).

c. Liður 09.11 (3) orðist svo:
Sjónsvið ökumanns fólksbifreiðar telst vera fullnægjandi ef það uppfyllir ákvæði EBE tilskipunar nr. 77/649 með áorðnum breytingum, síðast með tilskipun nr. 90/630.

d. Nýr liður, 09.50, orðist svo:

09.50 Eftirvagn.

(1) Eiginleikar og efni í rúðum eftirvagns telst vera fullnægjandi ef ákvæði EBE tilskipunar nr. 92/22 eru uppfyllt.

8. gr.

12. gr. breytist þannig:

a. Liður 12.12 (3) orðist svo:
Gildistaka: Ákvæði liðar 12.12 (2) gildir frá 1. janúar 1996 um hópbifreið sem skráð er fyrsta sinni. Ákvæðið gildir þó frá 1. janúar 1995 um hópbifreið sem skráð er eða var skráð eftir 1. janúar 1988 og notuð er í fjölþjóðlegri umferð. Frá 1. janúar 1998 gildir ákvæðið um hópbifreið sem skráð var eftir 1. janúar 1988 og notuð er innanlands.

b. Liður 12.14 (3) orðist svo:
Gildistaka: Ákvæði liðar 12.14 (2) gildir frá 1. janúar 1996 um vörubifreið sem skráð er fyrsta sinni. Ákvæðið gildir þó frá 1. janúar 1995 um vörubifreið sem skráð er eða var skráð eftir 1. janúar 1988 og notuð er í fjölþjóðlegri umferð. Frá 1. janúar 1998 gildir ákvæðið um vörubifreið sem skráð var eftir 1. janúar 1988 og notuð er innanlands.

9. gr.

13. gr. breytist þannig:

a. Nýr liður, 13.20, orðist svo:

13.20 Bifhjól.

(1) Búnaður bifhjóls til hljóðmerkisgjafar telst vera fullnægjandi ef hann uppfyllir ákvæði EBE tilskipunar nr. 93/30.

10. gr.

14. gr. breytist þannig:

a. Nýr liður, 14.11 (2), orðist svo:

(2) Leyfður hámarksmassi fólksbifreiðar skal ekki vera meiri en tæknilega leyfður hámarksmassi hennar með hleðslu, eins og framleiðandi skilgreinir hann.
Massi og dráttarmassi fólksbifreiðar telst innan leyfðra marka ef ákvæði EBE tilskipunar nr. 92/21 eru uppfyllt.

b. Nýr liður, 14.20, orðist svo:

14.20 Bifhjól.

(1) Tveggja hjóla bifhjól skal búið standara.

(2) Útfærsla og fyrirkomulag standara á bifhjóli telst vera fullnægjandi ef ákvæði EBE tilskipunar nr. 93/31 eru uppfyllt.

(3) Massi bifhjóls telst innan leyfðra marka ef ákvæði EBE tilskipunar nr. 93/93 eru uppfyllt.

11. gr.

16. gr. breytist þannig:

a. Liður 16.10 (6) orðist svo:
Gerð og ásetning hjólbarða á bifreið telst vera fullnægjandi ef ákvæði EBE tilskipunar nr. 92/23 eru uppfyllt.

b. Núverandi liður 16.10 (6) verði: 16.10 (7).

c. Liður 16.50 (4) orðist svo:
Gerð og ásetning hjólbarða á eftirvagni telst vera fullnægjandi ef ákvæði EBE tilskipunar nr. 92/23 eru uppfyllt.

d. Núverandi liður 16.50 (4) verði: 16.50 (5).

12. gr.

17. gr. breytist þannig:

a. Liður 17.13 (1) orðist svo:
Sömu ákvæði gilda og um fólksbifreið, sbr. liði 17.11 (1) og (2).

b. Nýr liður, 17.13 (2), orðist svo:
(2) Skermun hjóla sendibifreiðar telst vera fullnægjandi ef ákvæði EBE tilskipunar nr. 91/226 eru uppfyllt.

c. Nýr liður, 17.14 (2), orðist svo:
(2) Skermun hjóla vörubifreiðar telst vera fullnægjandi ef ákvæði EBE tilskipunar nr. 91/226 eru uppfyllt.

d. Liður 17.50 (1) orðist svo:

Skermun hjóla eftirvagns telst vera fullnægjandi ef ákvæði EBE tilskipunar nr. 91/226 eru uppfyllt.

e. Nýr liður, 17.51, orðist svo:

17.51 Eftirvagn I.
(1) Sömu ákvæði gilda varðandi skermun hjóla á eftirvagni I og um fólksbifreið, sbr. liði 17.11 (1) og (2).

f. Nýr liður, 17.52, orðist svo:

17.52 Eftirvagn II.
(1) Sömu ákvæði gilda varðandi skermun hjóla á eftirvagni II og um hópbifreið II, sbr. liði 17.12 (2) og (3).

13. gr.

18. gr. breytist þannig:

a. Liður 18.10 (1) orðist svo:
Í bifreið skal vera innbyggður gangsetningarlás eða annar búnaður til þess að fyrirbyggja að óviðkomandi geti ekið henni, sv o sem stýrislás eða gírlás.
Búnaður til þess að fyrirbyggja að óviðkomandi geti ekið bifreið telst vera fullnægjandi ef hann uppfyllir ákvæði EBE tilski punar nr. 74/61.

b. Liður 18.10 (12) orðist svo:

Aðferð til að mæla eldsneytiseyðslu og magn koldíoxíðs í útblæstri bifreiðar telst vera fullnægjandi ef hún uppfyllir ákvæði EBE tilskipunar nr. 80/1268 með breytingum í tilskipunum nr. 89/491 og 93/116.

c. Liður 18.10 (13) orðist svo:
Hljóðdeyfibúnaður fyrir útblástur frá hreyfli bifreiðar telst vera fullnægjandi ef ákvæði EBE tilskipunar nr. 70/157 með áorðnum breytingum, síðast með tilskipun

nr. 92/97, eru uppfyllt. Takmörkun hljóðstyrks frá bifreið telst vera fullnægjandi ef viðkomandi ákvæði sömu tilskipunar eru uppfyllt.

d. Liður 18.10 (14) orðist svo:
Ef bifreið með dísilhreyfli uppfyllir ekki ákvæði um takmörkun mengandi efna í útblæstri skv. EBE tilskipun nr. 70/220 með áorðnum breytingum, síðast með tilskipun nr. 93/59, skal dísilhreyfill bifreiðarinnar uppfylla ákvæði um takmörkun mengandi efna í útblæstri skv. EBE tilskipun nr. 88/77 eða sambærilegar reglur.
Takmörkun mengandi efna í útblæstri telst vera fullnægjandi ef ákvæði EBE tilskipunar nr. 88/77 með breytingum í tilskipun nr. 91/542 eru uppfyllt.

e. Liður 18.10 (15) falli niður.

f. Liður 18.11 (2) orðist svo:
Fólksbifreið skal uppfylla ákvæði um takmörkun á mengandi efnum í útblæstri skv. EBE tilskipun nr. 70/220 með áorðnum breytingum, síðast með tilskipun 93/59, eða sambærilegar reglur.

g. Liður 18.12 (8) orðist svo:
Hópbifreið sem búin er hreyfli með rafkveikju skal uppfylla ákvæði um takmörkun mengandi efna í útblæstri skv. EBE tilskipun nr. 70/220 með áorðnum breytingum, síðast með tilskipun nr. 93/59, eða sambærilegar reglur.

h. Liður 18.13 (2) orðist svo:
Sendibifreið skal uppfylla ákvæði um takmörkun mengandi efna í útblæstri skv. EBE tilskipun nr. 70/220 með áorðnum breytingum, síðast með tilskipun nr. 93/59, eða sambærilegar reglur.

i. Liður 18.14 (2) orðist svo:
Vörubifreið sem búin er hreyfli með rafkveikju skal uppfylla ákvæði um takmörkun mengandi efna í útblæstri skv. EBE tilskipun nr. 70/220 með áorðnum breytingum, síðast með tilskipun nr. 93/59, eða sambærilegar reglur.

j. Liður 18.20 (1) orðist svo:
Á bifhjóli skal vera innbyggður gangsetningarlás og stýrislás eða annar álíka búnaður sem torveldar óheimila notkun hjólsins. Búnaður til þess að hindra að óviðkomandi geti ekið bifhjóli telst vera fullnægjandi ef hann uppfyllir ákvæði EBE tilskipunar nr. 93/33.

14. gr.

21. gr. breytist þannig:

a. Liður 21.11 (2) orðist svo:
Massi dráttarbeislis á tengibúnað fólksbifreiðar telst innan leyfðra marka ef ákvæði EBE tilskipunar nr. 92/21 eru uppfyllt.

b. Núverandi liður 21.11 (2) verði: 21.11 (3).

15. gr.

22. gr. breytist þannig:

a. Liður 22.11 (3) orðist svo:
Takmörkun útstæðra hluta á ytri hluta yfirbyggingar, að tengikúlu og útispeglum undanþegnum, telst fullnægjandi ef ákvæði EBE tilskipunar nr. 74/483 með breytingum í tilskipun nr. 79/488 eru uppfyllt.

b. Nýr liður, 22.11 (4), orðist svo:
(4) Hámarksstærð fólksbifreiðar skal vera sem hér segir:
- lengd: 12,00 m,
- breidd: 2,50 m,
- hæð: 4,00 m.

c. Nýr liður, 22.13 (2), orðist svo:
(2) Takmörkun útstæðra hluta framan við afturgafl ökumannshúss sendibifreiðar, að útispeglum og aukabúnaði, s.s. loftnetsstöng og farangursgrind, undanþegnum, telst fullnægjandi ef ákvæði EBE tilskipunar nr. 92/114 eru uppfyllt.

d. Nýr liður, 22.14 (2), orðist svo:
(2) Takmörkun útstæðra hluta framan við afturgafl ökumannshúss vörubifreiðar, að útispeglum og aukabúnaði, s.s. loftnetsstöng og farangursgrind, undanþegnum, telst fullnægjandi ef ákvæði EBE tilskipunar nr. 92/114 eru uppfyllt.

e. Nýr liður, 22.20, orðist svo:
22.20 Bifhjól.
(1) Hámarksstærð bifhjóls skal vera sem hér segir:
- lengd: 4,00 m,
- breidd: 1,00 m fyrir tveggja hjóla bifhjól,
2,00 m fyrir önnur bifhjól,
- hæð: 2,50 m.

16. gr.

24. gr. breytist þannig:
a. Liður 24.01 (1) orðist svo:
Öryggisbelti skulu þannig gerð að þau hæfi því ökutæki sem þau eru í. Á sætum þar sem því verður við komið skulu öryggisbelti vera a.m.k. þriggja festu og með sjálfvirkum samdrætti. Á öðrum sætum skulu vera tveggja festu öryggisbelti og, þar sem því verður við komið, með sjálfvirkum samdrætti.

b. Núverandi liður 24.10 (1) falli niður.

c. Núverandi liðir 24.10 (2) og (3) verði: 24.10 (1) og (2).

d. Liður 24.10 (3) orðist svo:
Öryggisbelti skal vera tryggilega fest við styrkta hluta bifreiðar. Festur fyrir öryggisbelti teljast vera fullnægjandi ef ákvæði EBE tilskipunar nr. 76/115 með áorðnum breytingum, síðast með tilskipun nr. 90/629, eða sambærileg ákvæði eru uppfyllt.

e. Liður 24.11 (1) orðist svo:
Fólksbifreið sem er 3500 kg að leyfðri heildarþyngd eða minna skal búin öryggisbeltum á öllum sætum sem snúa fram, að veltisætum undanskildum. Fólksbifreið

sem er meira en 3500 kg að leyfðri heildarþyngd skal búin öryggisbeltum á framsætum.

f. Liður 24.11 (2) orðist svo:
Fólksbifreið sem er 3500 kg að leyfðri heildarþyngd eða minna skal búin höfuðpúðum á framsætum.

g. Liður 24.12 (1) orðist svo:
Hópbifreið IB sem er 3500 kg að leyfðri heildarþyngd eða minna skal búin öryggisbeltum á öllum sætum sem snúa fram, að velti sætum undanskildum.
Í hópbifreið IB sem er meira en 3500 kg að leyfðri heildarþyngd og í hópbifreið IIB skal ökumannssæti vera búið öryggisbelti. Sama gildir um önnur sæti sem ekki veita nægjanlega vörn með afturhluta sætisbaks eða þils beint framan við farþega.

17. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987, svo og með hliðsjón af I. og II. kafla II. viðauka EES samningsins, öðlast þegar gildi.

EB gerðir sem vísað er til eru birtar í sérritunum EES gerðir S4 og S5, sbr. auglýsingu nr. 31/1993 í C-deild Stjórnartíðinda, og í EES viðbæti við Stjórnartíðindi EB, sérstakri úgáfu, bók 2.

Ákvæði reglugerðarinnar gilda um ökutæki sem skráð verða, viðurkennd eða tekin í notkun í fysta sinn 1. október 1994 eða síðar, nema annað sé ákveðið.

Heimilt er nú þegar að búa ökutæki í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 20. júlí 1994.

F. h. r.
Ólafur W. Stefánsson.

Guðni Karlsson.

13. júlí 1994 Nr. 402

REGLUGERÐ

um stjórn hreindýraveiða.

1. gr.

Umhverfisráðuneytið fer með yfirstjórn þeirra mála sem um ræðir í reglum þessum.

2. gr.

Nú telur umhverfisráðuneytið, að fenginni umsögn veiðistjóra og hreindýraráðs skv. 3. gr., að hreindýrastofninn sé það stór, að honum stafi ekki hætta af veiðum, og skal veiðum þá hagað með þeim hætti sem segir í reglugerð þessari.

3. gr.

Umhverfisráðherra skipar 5 menn í hreindýraráð til fjögurra ára í senn og jafnmarga til vara. Þeir skulu skipaðir með þessum hætti:

Búnaðarsamband Austurlands tilnefnir tvo. Búnaðarsamband A.-Skaftafellssýslu tilnefnir einn. Samband sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi tilnefnir einn. Umhverfisráðherra skipar einn án tilnefningar, og er hann formaður hreindýraráðs. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Veiðistjóri situr fundi hreindýraráðs með málfrelsi og tillögurétt.

4. gr.

Hlutverk hreindýraráðs er að hafa fyrir hönd umhverfisráðherra umsjón með því að reglugerð þessari sé fylgt.

Þá er og hlutverk hreindýraráðs:

1. Að vera umhverfisráðherra til ráðgjafar við hvaðeina er við kemur friðun, vernd, nýtingu og rannsóknum á hreindýrastofninum, sbr. 2. gr.
2. Að sjá um sölu veiðileyfa, sbr. 9. gr.
3. Að útvega hæfa eftirlitsmenn með hreindýraveiðum, sbr. 13. gr.
4. Að skipta veiðiheimildum milli sveitarfélaga, sbr. 6. gr.
5. Að skipta arði af sölu veiðileyfa og afurða felldra dýra milli sveitarfélaga, sbr. 3. mgr. 10. gr.

Hreindýraráði er heimilt að semja við tiltekna aðila um skrifstofuhald fyrir ráðið þar sem sala veiðileyfa og önnur starfsemi á vegum ráðsins geti farið fram. Ef hentugra þykir getur ráðið sjálft starfrækt slíka skrifstofu

5. gr.

Veiðistjóraembættið stundar hagnýtar rannsóknir á vistfræði hreindýra og stofnstærð. Það leggur faglegt mat á landfræðileg mörk veiðisvæða og æskilegan fjölda dýra á hverju svæði.

6. gr.

Umhverfisráðherra ákveður og auglýsir fyrir 20. júlí ár hvert, hve mörg hreindýr megi veiða og hvernig veiðum skuli skipt eftir svæðum, aldri og kyni dýra, að fengnum tillögum veiðistjóra og hreindýraráðs.

Hreindýraráð skiptir veiðiheimildum milli sveitarfélaga með hliðsjón af ágangi hreindýra.

Veiðitími er frá 1. ágúst til 15. september ár hvert. Þó má veiða tarfa frá 20. júlí ef hreindýraráð og veiðistjóri telja það æskilegt. Þess skal vandlega gætt að þessar tarfaveiðar trufli ekki kýr né kálfa.

Ef ekki tekst á veiðitímanum að veiða nægilega mörg dýr til þess að stofnstærð verði innan fyrirhugaðra marka getur umhverfisráðherra heimilað hreindýraveiðar í nóvember og desember. Hreindýraráð sér alfarið um þær veiðar, ber af þeim allan kostnað og nýtur arðs ef einhver er.

Umhverfisráðherra getur heimilað veiðar utan veiðitíma í vísindaskyni að fenginni umsögn hreindýraráðs og veiðistjóra.

Veiðistjóri og hreindýraráð geta hvenær sem er látið fella sjúk eða særð dýr og dýr sem af einhverri annarri ástæðu eiga sér ekki lífs von.

7. gr.

Eignarréttur eða afnotaréttur á landi, þar sem hreindýr halda sig, veitir ekki rétt til veiða á dýrunum.

8. gr.

Sveitarfélag sem fengið hefur úthlutað veiðiheimildum skv. 6. gr. getur valið eina eða fleiri eftirtalinna leiða við ráðstöfun veiðiheimilda sinna:

1. Að ráða eftirlitsmann hreindýra, skv. 13. gr., til þess að veiða upp í heimildir.
2. Að skipta veiðiheimildum milli íbúa sveitarfélagsins með hliðsjón af ágangi hreindýra.
3. Að afhenda hreindýraráði veiðiheimildir sínar til sölu á almennum markaði.

Velji sveitarfélag 1. eða 2. kost skal það greiða hreindýraráði leyfisgjald af hverju veiðileyfi skv. ákvörðun umhverfisráðuneytis, til þess að standa straum af kostnaði við rannsóknir og starfsemi ráðsins.

Velji sveitarfélag 3. kost hlýtur það arð af sölu veiðileyfa að frádregnum kostnaði af starfsemi hreindýraráðs, sbr. 10. gr.

Veiðar samkvæmt veiðiheimildum hvers sveitarfélags, þ. á m. veiðiheimildum sem afhentar hafa verið hreindýraráði, geta farið fram hvar sem hreindýr á viðkomandi svæði halda sig á veiðitímanum, utan friðlanda hreindýra. Þó getur hreindýraráð takmarkað veiðisvæði frekar að fengnum tillögum viðkomandi sveitarstjórna.

9. gr.

Hreindýraráð skal kappkosta að selja þau veiðileyfi sem sveitarfélög afhenda því, gegn gjaldi sem það ákveður og getur það verið breytilegt eftir svæðum, kyni og aldri dýra.

Hreindýraráði er heimilt að gera ráðstafanir til þess að veiði dreifist sem jafnast á veiðitímann á hverju svæði.

Takist ekki að selja öll veiðileyfi skal hreindýraráð ráða eftirlitsmenn með hreindýraveiðum til þess að veiða upp í heimildir, ef kostur er og þurfa þykir.

10. gr.

Hreindýraráð sér um árlegt uppgjör tekna og gjalda vegna reksturs, sölu veiðileyfa og hreindýraafurða og vegna leyfisgjalda. Tekjur umfram gjöld teljast arður.

Umhverfisráðherra ákveður árlega, að fengnum tillögum veiðistjóraembættis og hreindýraráðs, hve stórum hluta arðs skuli varið til rannsókna á hreindýrastofninum, sbr. 5. gr. og greiðir hreindýraráð þá upphæð inn á reikning veiðistjóraembættis.

Að öðru leyti skiptir hreindýraráð arði milli sveitarfélaga í samræmi við fjölda veiðiheimilda, sem stjórnir þeirra hafa afhent hreindýraráði, í samræmi við verðlag á seldum veiðiheimildum úr viðkomandi hjörð svo og kostnað við að veiða þau dýr sem ekki nást með sölu veiðileyfa.

Skal sveitarstjórn fyrst og fremst láta þá bændur og aðra, sem fyrir mestum ágangi verða af hreindýrum á lönd sín, njóta arðs af veiðunum. Þó er óheimilt að láta arð af hreindýraveiðum ganga til þeirra eigenda eða umráðamanna, sem ekki heimila hreindýraveiðar á sínu landi skv. reglum þessum.

Ákveði sveitarstjórn að ráðstafa arði af hreindýrum fyrirfram með því að skipta veiðiheimildum milli íbúa sveitarfélagsins, getur íbúi falið sveitarstjórn að afhenda hreindýraráði veiðiheimildir sínar til sölu. Hlýtur hann þá arð í samræmi við það að frádregnu leyfisgjaldi til hreindýraráðs, sbr. 8. gr., sem sveitarsjóður þarf þá ekki að greiða. Taki íbúi út fyrirfram greiddan arð með því að veiða hreindýr sjálfur í fylgd hreindýraeftirlitsmanns eða fái hann eftirlitsmann til þess að gera það fyrir sig, er sveitarsjóði heimilt að krefja hann um þá upphæð er nemur leyfisgjaldi til hreindýraráðs.

Sveitarstjórnir skulu árlega senda hreindýraráði skýrslu um arðgreiðslur til landeigenda þar sem fram komi hvernig arði var skipt milli aðila og hverjar reglur hafi verið lagðar þar til grundvallar. Skal hreindýraráð ef þurfa þykir hlutast til um að koma reglu á arðgreiðslur einstakra sveitarstjórna.

11. gr.

Sá einn getur fengið leyfi til þess að veiða hreindýr sem hefur veiðikort og heimild lögreglu til þess að nota skotvopn af réttri stærð, sbr. 12. gr.

Veiðileyfi skal gefið út á nafn veiðimanns og er ekki framseljanlegt til þriðja aðila, nema til hreindýraráðs. Veiðileyfishafa eru hreindýraveiðar óheimilar nema í fylgd eftirlitsmanns.

Fellt hreindýr er eign veiðileyfishafa og ber hann ábyrgð á að koma því til byggða með aðstoð eftirlitsmanns með hreindýraveiðum, sbr. 13. gr.

Hreindýraráði er heimilt að takmarka fjölda veiðileyfa sem seld eru hverjum veiðimanni.

Óheimilt er að selja hreindýrakjöt nema það hafi verið heilbrigðisskoðað og stimplað af dýralækni.

12. gr.

Til veiða á hreindýrum má einungis nota riffla með hlaupvídd 6 mm eða meira. Kúluþyngd skal ekki vera minni en 6,5 g (100 grains) og slagkraftur ekki minni en 180 kgm (1300 pundfet) á 200 metra færi. Veiðikúlur skulu vera gerðar til veiða á stærri dýrum, þ.e.a.s. þenjast hæfilega út í veiðibráð. Óheimilt er að nota sjálfvirka eða hálfsjálfvirka riffla við hreindýraveiðar. Fyrir upphaf veiðiferðar skal gengið úr skugga um að riffill sé rétt stilltur.

Óheimilt er veiðimanni að skjóta frá vélknúnu farartæki og ekki má smala hreindýrum á ákveðinn veiðistað.

Sært dýr ber að aflífa svo fljótt sem auðið er.

13. gr.

Hreindýraráð veitir eftirlitsmönnum með hreindýraveiðum starfsleyfi til allt að þriggja ára í senn að fengnu samþykki veiðistjóra.

Til þess að geta fengið starfsleyfi sem eftirlitsmaður með hreindýraveiðum þarf umsækjandi að leggja fram eftirfarandi:

1. Skotvopnaleyfi í samræmi við 11. gr.
2. Staðfestingu a.m.k. tveggja eftirlitsmanna með hreindýraveiðum um reynslu umsækjanda af veiðum, fláningu og meðferð afurða hreindýra.
3. Staðfesting viðkomandi sveitarstjórna um staðgóða þekkingu á veiðisvæði þar sem sótt er um starfsleyfi.
4. Staðfestingu á þátttöku í námskeiðum í (a) líffræði, vistfræði og náttúruvernd með sérstöku tilliti til hreindýra, (b) náttúruverndarlögum, lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, reglugerð um hreindýraveiðar og öðrum lögum sem máli skipta, (c) leiðsögn, (d) skyndihjálp, (e) meðferð skotvopna og (f) veiði villtra dýra og siðfræði og siðareglum veiðimanna.

Ef þurfa þykir hlutast hreindýraráð til um að námskeið skv. 4. tl. verði haldin. Þátttaka í námskeiðum um skyndihjálp og meðferð skotvopna þarf að hafa átt sér stað á síðastliðnum þremur árum fyrir útgáfu starfsleyfis.

Í byrjun fær eftirlitsmaður starfsleyfi sem gildir í eitt ár.

Hreindýraráð getur fyrirvaralaust svipt eftirlitsmann starfsleyfi tímabundið ef grunur leikur á að hann hafi brotið gegn reglum þessum.

Hlutverk eftirlitsmanns með hreindýraveiðum er að fylgja veiðimanni um veiðisvæði, hjálpa honum til þess að þekkja þau dýr sem hann má veiða og sjá til þess að veiðimaður fari rétt að við veiðarnar.

Eftirlitsmaður með hreindýraveiðum skal aðstoða veiðimann við að gera að felldu dýri og koma því óskemmdu til byggða.

Eftirlitsmanni með hreindýraveiðum ber að sjá til þess að sært dýr sé fellt sem fyrst.

Eftirlitsmanni með hreindýraveiðum er skylt að gefa hreindýraráði og veiðistjóraembætti skýrslu um öll felld og særð dýr og skal skýrslan undirrituð af bæði eftirlitsmanni og veiðileyfishafa. Eftirlitsmanni með hreindýraveiðum er einnig skylt að afla sýna eða annarra líffræðilegra gagna fyrir veiðistjóraembættið sé farið fram á það.

Starfsleyfi eftirlitsmanns með hreindýraveiðum skal bundið við tiltekið veiðisvæði og getur hann mest fylgt þrem veiðimönnum í veiðiferð.

Eftirlitsmaður með hreindýraveiðum er trúnaðarmaður hreindýraráðs. Hreindýraráð innheimtir laun hans af veiðimanni eða sveitarfélagi ef hann óskar þess.

14. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum eða varðhaldi. Mál út af slíkum brotum sæta meðferð opinberra mála.

15. gr.

Reglugerð þessi sem sett er skv. 14. gr. laga nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Endurskoða skal reglur þessar með hliðsjón af fenginni reynslu og skal endurskoðun lokið eigi síðar en 1. júní 1996.

Umhverfisráðuneytið, 13. júlí 1994.

Össur Skarphéðinsson.

Ingimar Sigurðsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 53 – 1994

Nr. 403 1246 25. júlí 1994

REGLUGERÐ

um bann við togveiðum á Öræfagrunni.

1. gr.

Frá og með 27. júlí 1994 eru allar togveiðar bannaðar á svæði sem markast af eftirtöldum punktum:

1.	63°34'N	16°46'V
2.	63°34'N	16°20'V
3.	63°27'N	15°55'V
4.	63°24'N	16°10'V
5.	63°23'N	16°37.5'V
6.	63°31'N	16°45'V

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 25. júlí 1994.

F. h. r.
Árni Kolbeinsson.

Þórður Eyþórsson.

Stjórnartíðindi B 53, nr. 403. Útgáfudagur 26. júlí 1994.

Steindórsprent Gutenberg hf.

STJÓRNARTÍÐINDI B 54 – 1994

18. júlí 1994 1247 Nr. 404

AUGLÝSING

um gildistöku EES-reglugerða um efni sem eyða ósonlaginu og um inn- og útflutning tiltekinna hættulegra efna.

1. gr.

Með vísun til meginmáls EES-samnings, viðauka II, ásamt viðbótum, breytingum og bókunum, auk annarra ákvæða hans, er hér með auglýst gildistaka eftirtalinna EB-gerða hér á landi.

1. Reglugerð ráðsins nr. 594/91 um efni sem eyða ósonlaginu, frá 4. mars 1991.
2. Reglugerð ráðsins nr. 3952/92 um breytingu á gerð nr. 594/91 frá 30. desember 1992.
3. Reglugerð ráðsins nr. 2455/92 um inn- og útflutning tiltekinna hættulegra efna.

2. gr.

EB-gerð sem vísað er til í 1. tl. 1. gr er prentuð og birt sem fylgiskjal með reglugerð þessari.

EB-gerð um breytingar sem vísað er til í 2. tl. 1. gr. hefur verið birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB-sérstakri útgáfu: Bók 3, bls 478-480.

EB-gerð sem vísað er til í 3. tl. 1. gr. hefur verið birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB-sérstakri útgáfu: Bók 3, bls. 468-473.

3. gr.

Auglýsing þessi, er birt skv. heimild í 3. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit ásamt síðari breytingum, og 1. gr. laga nr. 51/1993 um breytingu á lögum nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni, öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytið, 18. júlí 1994.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Lúðvík Bergvinsson.

Fylgiskjal.

REGLUGERÐ RÁÐSINS (EBE) nr. 594/91 frá 4. mars 1991 um efni sem eyða ósonlaginu.

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 130. gr. s,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ([1]),

með hliðsjón af áliti Evrópuþingsins ([2]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndarinnar ([3]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Það hefur verið staðfest að stöðug losun ósoneyðandi efna í núverandi mæli veldur umtalsverðum skaða á ósonlaginu. Alþjóðleg samstaða er um nauðsyn þess að draga umtalsvert úr bæði framleiðslu og notkun slíkra efna. Í ákvörðunum 80/372/EBE ([4]) og 82/795/EBE ([5]) er kveðið á um stjórnun sem hefur takmörkuð áhrif og tekur aðeins til tveggja slíkra efna (CFC 11 og CFC 12).

Í ljósi þess hver ábyrgðarhluti bandalagsins er í umhverfismálum og viðskiptum hafa öll aðildarríkin og bandalagið gerst aðilar að Vínarsáttmálanum um verndun ósonlagsins og að Montrealbókuninni um efni sem eyða ósonlaginu.

Í reglugerð (EBE) nr. 3322/88 (6) er kveðið á um stjórnun á tilteknum klórflúorkolefnum og halónum sem eyða ósonlaginu.

Í ljósi nýrra vísindalegra niðurstaðna samþykktu aðilar að Montrealbókuninni á öðrum fundi sínum, þar sem bandalagið og aðildarríkin höfðu forustu, frekari ráðstafanir til verndunar ósonlaginu.

Nauðsynlegt er að gripið verði til aðgerða innan bandalagsins til að standa við skuldbindingar bandalagsins samkvæmt Vínarsáttmálanum og breyttu bókuninni, einkum til að stjórna framleiðslu og notkun tiltekinna klórflúorkolefna og halóna og annarra ósoneyðandi efna innan bandalagsins.

Í ljósi vísindalegra niðurstaðna er rétt í sérstökum tilvikum að gera ráðstafanir sem eru enn strangari en þær sem er að finna í breyttu bókuninni.

Með aðstæður á markaði fyrir klórflúorkolefni, önnur fullhalógenuð klórflúorkolefni, halóna, koltetraklóríð og 1,1,1-tríklóretan í huga er rétt — til að tryggja að staðið verði við skuldbindingar bandalagsins samkvæmt breyttu bókuninni — að stjórna notkun þessara efna með því að stýra framboði frekar en eftirspurn. Hægt er að stýra framboði með því að takmarka sölu framleiðenda og notkun innan bandalagsins og með takmörkun á frjálsri dreifingu innfluttra vara.

Nauðsynlegt er að stjórna þróun markaðar ofangreindra efna, einkum með tilliti til þess að til séu nægar birgðir af þeim til bráðnauðsynlegra nota, og þróunarstigi viðeigandi efna sem koma í staðinn.

Þörf gæti verið á frekari ráðstöfunum til að standa við skuldbindingar bandalagsins samkvæmt bókuninni að því er varðar rannsókn og þróun og tæknilega aðstoð.

Reglugerð (EBE) nr. 3322/88 er ofaukið og ætti því að fella hana úr gildi.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Gildissvið

Reglugerð þessi gildir um innflutning, útflutning, framleiðslu og notkun klórflúorkolefna, annarra fullhalógenaðra klórflúorkolefna, halóna, koltetraklóríðs, og 1,1,1-tríklóretans. Hún gildir líka um skil upplýsinga varðandi þessi efni og millistigsefni.

2. gr.

Skilgreiningar

Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

— „bókunin“: Montrealbókunin um efni sem eyða ósonlaginu, hvort sem um ræðir aðlagaða eða aðlagaða og breytta útgáfu hennar,

— „aðili“: sérhver aðili að bókuninni. Að því er varðar réttindi og skyldur sem breytingar á bókuninni fela í sér teljast þó þau lönd ekki „aðilar“

([1]) Stjtíð. EB nr. C 86, 4.4. 1990, bls. 4.
([2]) Stjtíð. EB nr. C 19, 28.1. 1991.
([3]) Stjtíð. EB nr. C 332, 31.12. 1990, bls. 14.
([4]) Stjtíð. EB nr. L 90, 3.4. 1980, bls. 45.
([5]) Stjtíð. EB nr. L 329, 25.11. 1982, bls. 29.
([6]) Stjtíð. EB nr. L 297, 31.10. 1988, bls. 1.

sem hafa ekki samþykkt breytingarnar eða ráðstafanir til að framkvæma þær,

— „tímatakmörkuð efni": klórflúorkolefni, önnur fullhalógenuð klórflúorkolefni, halónar, koltetraklóríð og 1,1,1-tríklóretan, hvort sem þau eru hrein eða í blöndu. Skilgreining þessi á ekki við um tímatakmörkuð efni í iðnaðarvörum öðrum en ílátum sem notuð eru við flutning eða geymslu þessa efnis,

— „klórflúorkolefni": efni sem skráð eru í flokki I í I. viðauka, þar með talin myndbrigði þeirra,

— „önnur fullhalógenuð klórflúorkolefni": efni sem skráð eru í flokki II í I. viðauka, þar með talin myndbrigði þeirra,

— „halónar": efni sem skráð eru í flokki III í I. viðauka, þar með talin myndbrigði þeirra,

— „koltetraklóríð": efni sem skráð eru í flokki IV í I. viðauka,

— „1,1,1-tríklóretan": efni sem skráð eru í flokki V í I. viðauka,

— „millistigsefni": hálfhalógenuð klórflúorkolefni, þar með talin myndbrigði þeirra, sem skráð eru í flokki VI í I. viðauka, hvort sem þau eru hrein eða í blöndu. Skilgreining þessi tekur þó ekki til millistigsefnis, blöndu eða myndbrigðis í iðnaðarvörum öðrum en ílátum sem notuð eru við flutning eða geymslu þessa efnis.

— „framleiðandi": einstaklingur eða lögaðili sem framleiðir tímatakmarkað efni eða millistigsefni innan bandalagsins.

— „framleiðsla": magn efna sem framleidd eru, að frátöldu því magni sem eyðileggst vegna tækniaðferða er aðilar skulu viðurkenna og að frátöldu því magni sem notað er sem aðalhráefni við framleiðslu annarra kemískra efna. Allt endurunnið eða endurnýtt magn telst ekki „framleiðsla``,

— „fyrirtæki": einstaklingur eða lögaðili sem framleiðir, endurvinnur til markaðssetningar eða notar í bandalaginu tímatakmarkað efni eða millistigsefni í iðnaðar- eða viðskiptaskyni eða sá sem setur í frjálsa dreifingu innan bandalagsins slík innflutt efni, eða flytur slík efni út úr bandalaginu í iðnaðar- eða viðskiptaskyni,

— „ósoneyðingarvægi": tölustafur í síðasta dálki í I. viðauka sem gefur til kynna möguleg áhrif hvers efnis á ósonlagið,

— „reiknað magn": magn ákvarðað með því að margfalda magn hvers efnis með ósoneyðingarvægi efnisins sem tilgreint er í I. viðauka og með því að leggja saman niðurstöðutölurnar úr hverjum flokki efna í I. viðauka,

— „hagræðing í iðnaði": flutningur alls eða hluta hins reiknaða magns, annaðhvort milli aðila að bókuninni eða innan aðildarríkis í því skyni að ná fram efnahagslegri skilvirkni eða til að bregðast við líklegum skorti á birgðum vegna lokunar verksmiðja.

I. HLUTI

VIÐSKIPTASTJÓRN

3. gr.

Innflutningur efna frá þriðju löndum

1. Tímatakmörkuð efni, hvort sem þau eru ný, endurunnin eða notuð, sem flutt eru inn frá þriðju löndum og sett í frjálsa dreifingu í bandalaginu, skulu vera háð magntakmörkunum.

2. Í þessu skyni ber bandalaginu að taka upp kvótana í II. viðauka er eiga að gilda á tímabilinu sem kveðið er á um í þeim viðauka og úthluta þeim til fyrirtækja í samræmi við málsmeðferðina í 12. gr.

3. Framkvæmdastjórninni er heimilt, í samræmi við málsmeðferðina í 12. gr., að breyta kvótunum í II. viðauka.

4. gr.

Innflutningsleyfi

1. Framvísa verður innflutningsleyfi vegna tímatakmarkaðra efna sem sett eru í frjálsa dreifingu í bandalaginu og heyra undir kvótana í 3. gr. Leyfi þetta skal gefið út af framkvæmdastjórninni. Framkvæmdastjórninni ber að senda afrit af leyfi þessu til lögbærs yfirvalds aðildarríkisins sem fyrirhugað er að flytja efnið inn til. Í þessu skyni ber hverju aðildarríki að útnefna sitt lögbæra yfirvald.

2. Í beiðni um leyfi skal eftirfarandi koma fram:

a) nafn og heimilisfang innflytjandans;

b) lýsing á hverju efni þar sem tilgreint er:

— vörulýsing,

— fyrirsögn í sameinaða flokkunarkerfinu,

— landið sem efnið er flutt inn frá;

c) upplýsingar um magn hvers efnis sem flytja á inn í tonnum; og

d) staður og dagsetning fyrirhugaðs innflutnings, ef það er vitað.

5. gr.

Innflutningur tímatakmarkaðra efna frá löndum sem eru ekki aðilar að bókuninni

1. Frjáls dreifing klórflúorkolefna eða halóna frá löndum sem eru ekki aðilar að bókuninni er bönnuð í bandalaginu.

2. Frá 1. janúar 1993 er frjáls dreifing á öðrum fullhalógenuðum klórflúorkolefnum, koltetraklóríði eða 1,1,1-tríklóretani innfluttu frá löndum sem eru ekki aðilar að bókuninni bönnuð í bandalaginu.

6. gr.

Innflutningur framleiðsluvara frá löndum sem eru ekki aðilar að bókuninni og innihalda tímatakmörkuð efni

1. Frá 1. janúar 1993 er bannað að setja framleiðsluvörur innfluttar frá löndum sem eru ekki aðilar að bókuninni og innihalda klórflúorkolefni eða halóna í frjálsa dreifingu í bandalaginu, samanber þó ákvörðunina sem um getur í 3. mgr.

2. Frá 1. janúar 1996 er bannað að setja framleiðsluvörur innfluttar frá löndum sem eru ekki aðilar að bókuninni og innihalda önnur fullhalógenuð klórflúorkolefni, koltetraklóríð eða 1,1,1-tríklóretan í frjálsa dreifingu í bandalaginu, samanber þó ákvörðunina sem um getur í 3. mgr.

3. Ráðið samþykkir fyrir áðurnefndar dagsetningar, samkvæmt tillögu frá framkvæmdastjórninni, skrá yfir þessar framleiðsluvörur með hliðsjón af skránni sem aðilar hafa gert.

Ráðið tekur ákvörðun með auknum meirihluta.

7. gr.

Innflutningur framleiðsluvara frá löndum sem eru ekki aðilar að bókuninni og framleiddar eru með tímatakmörkuðum efnum

Með hliðsjón af ákvörðun aðilanna samþykkir ráðið, samkvæmt tillögu frá framkvæmdastjórninni, reglur um frjálsa dreifingu framleiðsluvara sem eru fluttar inn frá löndum sem eru ekki aðilar að bókuninni og eru framleiddar með tímatakmörkuðum efnum en innihalda ekki þessi efni. Ráðið tekur ákvörðun með auknum meirihluta.

8. gr.

Útflutningur tímatakmarkaðra efna til landa sem eru ekki aðilar að bókuninni.

Frá 1. janúar 1993 er útflutningur bannaður frá bandalaginu á nýjum, endurunnum eða notuðum tímatakmörkuðum efnum til landa sem eru ekki aðilar að bókuninni.

9. gr.

Sérstök leyfi til viðskipta við lönd sem eru ekki aðilar að bókuninni.

Þrátt fyrir 5. gr., 1. og 2. mgr. 6. gr., 7. og 8. gr. getur framkvæmdastjórnin heimilað viðskipti með tímatakmörkuð efni og framleiðsluvörur sem innihalda og/eða eru framleiddar með einu eða fleiri þessara efna við lönd sem eru ekki aðilar að bókuninni, að því tilskildu að landið teljist, á fundi aðilanna, fara að ákvæði 2. gr., 2a til 2e, og 4. gr. bókunarinnar og hafi lagt fram upplýsingar því til stuðnings eins og tilgreint er í 7. gr. bókunarinnar. Framkvæmdastjórnin tekur ákvarðanir í samræmi við málsmeðferðina í 12. gr.

II. HLUTI

BANNÁÆTLUN

10. gr.

Stýring á framleiðslu

1. Með fyrirvara um ákvæði 6. — 9. mgr. ber hverjum framleiðanda að tryggja að:

— reiknað magn klórflúorkolefnaframleiðslu, á tímabilinu 1. júlí 1991 til 31. desember 1992, fari ekki yfir reiknað magn framleiðslunnar árið 1986. Þó má reiknað magn klórflúorkolefnaframleiðslu þeirra aðildarríkja þar sem framleiðslan var innan við 15 000 tonn árið 1986 ekki fara, á tímabilinu 1. júlí 1991 til 31. desember 1992, yfir 150% af reiknuðu framleiðslumagni þeirra árið 1986.

— reiknað magn klórflúorkolefnaframleiðslu, á tímabilinu 1. janúar til 31. desember 1993 og á tólf mánaða tímabili þar á eftir, fari ekki yfir 50% af reiknuðu framleiðslumagni ársins 1986,

— reiknað magn klórflúorkolefnaframleiðslu, á tímabilinu 1. janúar til 31. desember 1995, fari ekki yfir 32,5% af reiknuðu framleiðslumagni ársins 1986,

— reiknað magn klórflúorkolefnaframleiðslu, á tímabilinu 1. janúar til 31. desember 1996, fari ekki yfir 15% af reiknuðu framleiðslumagni ársins 1986,

— reiknað magn klórflúorkolefnaframleiðslunnar, á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 1997, fari ekki

yfir 7,5% af reiknuðu framleiðslumagni ársins 1986,

— að klórflúorkolefni verði ekki framleidd eftir 30. júní 1997.

Framkvæmdastjórnin ákvarðar, í samræmi við málsmeðferðina í 12. gr., til hverra bráðnauðsynlegra nota megi heimila klórflúorkolefni í bandalaginu eftir 30. júní 1997 og til 31. desember 1999 í síðasta lagi og ákveður það magn klórflúorkolefna sem heimila má hverjum framleiðanda að framleiða í þessum tilgangi. Einungis má heimila slíka framleiðslu ef ekki er um aðra kosti að ræða eða endurunnin klórflúorkolefni eru ekki fyrir hendi.

2. Með fyrirvara um ákvæði 6. — 9. mgr. ber hverjum framleiðanda að tryggja að:

— reiknað magn framleiðslu annarra fullhalógenaðra klórflúorkolefna, á tímabilinu 1. janúar til 31. desember 1992 og á hverju tólf mánaða tímabili þar á eftir, fari ekki yfir 50% af reiknuðu framleiðslumagni ársins 1989,

— reiknað magn framleiðslu annarra fullhalógenaðra klórflúorkolefna, á tímabilinu 1. janúar til 31. desember 1995, fari ekki yfir 32,5% af reiknuðu framleiðslumagni ársins 1989,

— reiknað magn framleiðslu annarra fullhalógenaðra klórflúorkolefna, á tímabilinu 1. janúar til 31. desember 1996, fari ekki yfir 15% af reiknuðu framleiðslumagni ársins 1989,

— reiknað magn framleiðslu annarra fullhalógenaðra klórflúorkolefna, á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 1997, fari ekki yfir 7,5% af reiknuðu framleiðslumagni ársins 1989,

— að önnur fullhalógenuð klórflúorkolefni verði ekki framleidd eftir 30. júní 1997.

Framkvæmdastjórnin ákvarðar, í samræmi við málsmeðferðina í 12. gr., til hverra bráðnauðsynlegra nota megi heimila önnur fullhalógenuð klórflúorkolefni í bandalaginu eftir 30. júní 1997 og til 31. desember 1999 í síðasta lagi og ákveður það magn annarra fullhalógenaðra klórflúorkolefna sem heimila má hverjum framleiðenda að framleiða í þessum tilgangi. Einungis má heimila slíka framleiðslu ef ekki er um aðra kosti að ræða eða önnur endurunnin halógenuð klórflúorkolefni eru ekki fyrir hendi.

3. Með fyrirvara um ákvæði 6. — 9. mgr. ber hverjum framleiðenda að tryggja að:

— reiknað magn halónframleiðslu, á tímabilinu 1. janúar til 31. desember 1992, og á hverju tólf mánaða tímabili þar á eftir, fari ekki yfir reiknað framleiðslumagn ársins 1986,

— reiknað magn halónframleiðslu, á tímabilinu 1. janúar til 31. desember 1995, og á hverju tólf mánaða tímabili þar á eftir, fari ekki yfir 50% af reiknuðu magni halónframleiðslu ársins 1986,

— að halónar verði ekki framleiddir eftir 31. desember 1999.

Með hliðsjón af ákvörðun aðilanna ákvarðar framkvæmdastjórnin, í samræmi við málsmeðferðina í 12. gr., til hverra bráðnauðsynlegra nota megi heimila halóna í bandalaginu eftir 1. janúar 2000 og ákveður það magn halóna sem heimila má hverjum framleiðenda að framleiða í þessum tilgangi. Einungis má heimila slíka framleiðslu ef ekki er um aðra kosti að ræða eða endurunnir halónar eru ekki fyrir hendi.

4. Með fyrirvara um ákvæði 6. — 9. mgr. ber hverjum framleiðenda að tryggja að:

— magn koltetraklóríðsframleiðslu, á tímabilinu 1. janúar til 31. desember 1992, og á hverju tólf mánaða tímabili þar á eftir, fari ekki yfir 50% af framleiðslumagni ársins 1989,

— magn koltetraklóríðsframleiðslu, á tímabilinu 1. janúar til 31. desember 1995, og á hverju tólf mánaða tímabili þar á eftir, fari ekki yfir 15% af framleiðslumagni ársins 1989,

— að koltetraklóríð verði ekki framleitt eftir 31. desember 1997.

Framkvæmdastjórnin ákvarðar, í samræmi við málsmeðferðina í 12. gr., til hverra bráðnauðsynlegra nota megi heimila koltetraklóríð í bandalaginu frá 1. janúar 1998 og til 31. desember 1999 í síðasta lagi og ákveður það magn koltetraklóríðs sem heimila má hverjum framleiðanda að framleiða í þessum tilgangi. Einungis má heimila slíka framleiðslu ef ekki er um aðra kosti að ræða eða endurunnið koltetraklóríð er ekki fyrir hendi.

5. Með fyrirvara um ákvæði 6. — 9. mgr. ber hverjum framleiðanda að tryggja að:

— magn 1,1,1-tríklóretansframleiðslu, á tímabilinu 1. janúar til 31. desember 1992 og á hverju tólf mánaða tímabili þar á eftir, fari ekki yfir framleiðslumagn ársins 1989,

— magn 1,1,1-tríklóretansframleiðslu, á tímabilinu 1. janúar til 31. desember 1995 og á hverju tólf mánaða tímabili þar á eftir, fari ekki yfir 70% af framleiðslumagni ársins 1989,

— magn 1,1,1-tríklóretansframleiðslu, á tímabilinu

1. janúar til 31. desember 2000 og á hverju tólf mánaða tímabili þar á eftir, fari ekki yfir 30% af framleiðslumagni ársins 1989,

— að 1,1,1-tríklóretan verði ekki framleitt eftir 31. desember 2004.

6. Að því marki sem bókunin leyfir getur lögbært yfirvald aðildarríkisins þar sem viðkomandi framleiðsla fer fram heimilað framleiðanda, til að fullnægja grundvallarþörfum heimamarkaðar þeirra aðila sem heyra undir 5. gr. bókunarinnar, að fara yfir reiknað framleiðslumagn í 1. — 5. mgr., að því tilskildu að viðbótarmagn reiknaðrar framleiðslu hlutaðeigandi aðildarríkis fari ekki yfir það magn sem er leyft í þessum tilgangi samkvæmt 2. gr., 2a til 2e, bókunarinnar fyrir tímabilin sem um er að ræða.

Lögbæru yfirvaldi hlutaðeigandi aðildarríkis ber að tilkynna framkvæmdastjórninni slíka heimild fyrirfram.

7. Að því marki sem bókunin leyfir getur lögbært yfirvald aðildarríkisins þar sem viðkomandi framleiðsla fer fram heimilað framleiðanda, vegna hagræðingar í iðnaði innan hlutaðeigandi aðildarríkis, að fara yfir reiknað framleiðslumagn í 1. — 6. mgr., að því tilskildu að reiknað framleiðslumagn aðildarríkisins fari ekki yfir summu reiknaðs framleiðslumagns innlendra framleiðenda í 1. — 6. mgr. á þeim tímabilum sem um er að ræða. Lögbæru yfirvaldi hlutaðeigandi aðildarríkis ber að tilkynna framkvæmdastjórninni slíka heimild fyrirfram.

8. Að því marki sem bókunin leyfir getur framkvæmdastjórnin, með samþykki lögbærs yfirvalds aðildarríkisins þar sem viðkomandi framleiðsla fer fram, heimilað framleiðanda að fara yfir reiknað framleiðslumagn sem er leyft samkvæmt 1. — 7. mgr., vegna hagræðingar í iðnaði milli aðildarríkja, að því tilskildu að samanlagt magn reiknaðrar framleiðslu hlutaðeigandi aðildarríkja fari ekki yfir summu reiknaðs framleiðslumagns innlendra framleiðenda í 1. — 7. mgr. á þeim tímabilum sem um er að ræða. Einnig er þörf á samþykkt lögbærs yfirvalds þeirra aðildarríkja þar sem áætlað er að draga úr framleiðslu.

9. Að því marki sem bókunin leyfir getur framkvæmdastjórnin, með samþykki bæði lögbærs yfirvalds aðildarríkisins þar sem viðkomandi framleiðsla fer fram og ríkisstjórnar hlutaðeigandi þriðja aðila, heimilað framleiðanda að sameina reiknað framleiðslumagn sem er leyft samkvæmt 1. — 8. mgr. og leyfilegt reiknað framleiðslumagn framleiðanda í þriðja landi, samkvæmt bókuninni og innlendri löggjöf, að því tilskildu að samanlagt reiknað framleiðslumagn framleiðendanna tveggja fari ekki yfir summu reiknaðs framleiðslumagns samkvæmt 1. — 8. mgr. fyrir framleiðanda í bandalaginu og leyfilegt reiknað framleiðslumagn þriðja aðila samkvæmt bókuninni og innlendri löggjöf.

11. gr.

Stýring á notkun með því að stjórna framboði í bandalaginu

1. Með fyrirvara um ákvæði 6. mgr. ber hverjum framleiðanda að tryggja að:

— reiknað magn klórflúorkolefna sem viðkomandi markaðssetur eða notar í eigin þágu á tímabilinu 1. júlí 1991 til 31. desember 1992 fari ekki yfir reiknað magn klórflúorkolefna sem framleiðandinn markaðssetti eða notaði í eigin þágu árið 1986,

— reiknað magn klórflúorkolefna sem viðkomandi markaðssetur eða notar í eigin þágu á tímabilinu 1. janúar til 31. desember 1993 og á tólf mánaða tímabili þar á eftir, fari ekki yfir 50% af reiknuðu magni klórflúorkolefna sem framleiðandinn markaðssetti eða notaði í eigin þágu árið 1986,

— reiknað magn klórflúorkolefna sem viðkomandi markaðssetur eða notar í eigin þágu á tímabilinu 1. janúar til 31. desember 1995 fari ekki yfir 32,5% af reiknuðu magni klórflúorkolefna sem framleiðandinn markaðssetti eða notaði í eigin þágu árið 1986,

— reiknað magn klórflúorkolefna sem viðkomandi markaðssetur eða notar í eigin þágu á tímabilinu 1. janúar til 31. desember 1996 fari ekki yfir 15% af reiknuðu magni klórflúorkolefna sem framleiðandinn markaðssetti eða notaði í eigin þágu árið 1986,

— reiknað magn klórflúorkolefna sem viðkomandi markaðssetur eða notar í eigin þágu á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 1997 fari ekki yfir 7,5% af reiknuðu magni klórflúorkolefna sem framleiðandinn markaðssetti eða notaði í eigin þágu árið 1986,

— viðkomandi hvorki markaðssetji klórflúorkolefni né noti þau í eigin þágu eftir 30. júní 1997.

Framkvæmdastjórnin ákvarðar, í samræmi við málsmeðferðina í 12. gr., það magn klórflúorkolefna sem hver framleiðandi gæti markaðssett eða notað í eigin þágu til bráðnauðsynlegra nota eftir 30. júní 1997 og til 31. desember 1999 í síðasta lagi.

2. Með fyrirvara um ákvæði 6. mgr. ber hverjum framleiðanda að tryggja að:

— reiknað magn annarra fullhalógenaðra klórflúor-

kolefna sem viðkomandi markaðssetur eða notar í eigin þágu á tímabilinu 1. janúar til 31. desember 1992, og á hverju tólf mánaða tímabili þar á eftir, fari ekki yfir 50% af reiknuðu magni annarra fullhalógenaðra klórflúorkolefna sem framleiðandinn markaðssetti eða notaði í eigin þágu árið 1989,

— reiknað magn annarra fullhalógenaðra klórflúorkolefna sem viðkomandi markaðssetur eða notar í eigin þágu á tímabilinu 1. janúar til 31. desember 1995, fari ekki yfir 32,5% af reiknuðu magni annarra fullhalógenaðra klórflúorkolefna sem framleiðandinn markaðssetti eða notaði í eigin þágu árið 1989,

— reiknað magn annarra fullhalógenaðra klórflúorkolefna sem viðkomandi markaðssetur eða notar í eigin þágu á tímabilinu 1. janúar til 31. desember 1996, fari ekki yfir 15% af reiknuðu magni annarra fullhalógenaðra klórflúorkolefna sem framleiðandinn markaðssetti eða notaði í eigin þágu árið 1989,

— reiknað magn annarra fullhalógenaðra klórflúorkolefna sem viðkomandi markaðssetur eða notar í eigin þágu á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 1997, fari ekki yfir 7,5% af reiknuðu magni annarra fullhalógenaðra klórflúorkolefna sem framleiðandinn markaðssetti eða notaði í eigin þágu árið 1989,

— viðkomandi hvorki markaðssetji önnur fullhalógenuð klórflúorkolefni né noti þau í eigin þágu eftir 30. júní 1997.

Framkvæmdastjórnin ákvarðar, í samræmi við málsmeðferðina í 12. gr., það magn annarra fullhalógenaðra klórflúorkolefna sem hver framleiðandi gæti markaðssett eða notað í eigin þágu til bráðnauðsynlegra nota eftir 30. júní 1997 og til 31. desember 1999 í síðasta lagi.

3. Með fyrirvara um ákvæði 6. mgr. ber hverjum framleiðanda að tryggja að:

— reiknað magn halóna sem viðkomandi markaðssetur eða notar í eigin þágu á tímabilinu 1. janúar til 31. desember 1992, og á hverju tólf mánaða tímabili þar á eftir, fari ekki yfir reiknað magn halóna sem framleiðandinn markaðssetti eða notaði í eigin þágu árið 1986,

— reiknað magn halóna sem viðkomandi markaðssetur eða notar í eigin þágu á tímabilinu 1. janúar til 31. desember 1995, og á hverju tólf mánaða tímabili þar á eftir, fari ekki yfir 50% af reiknuðu magni halóna sem framleiðandinn markaðssetti eða notaði í eigin þágu árið 1986,

— viðkomandi hvorki markaðssetji halóna né noti þá í eigin þágu eftir 31. desember 1999.

Með hliðsjón af ákvörðun aðilanna ákvarðar framkvæmdastjórnin, í samræmi við málsmeðferðina í 12. gr., það magn halóna sem sérhver framleiðandi gæti markaðssett eða notað í eigin þágu til bráðnauðsynlegra nota frá 1. janúar 2000.

4. Með fyrirvara um ákvæði 6. mgr. ber hverjum framleiðanda að tryggja að:

— reiknað magn koltetraklóríðs sem viðkomandi markaðssetur eða notar í eigin þágu á tímabilinu 1. janúar til 31. desember 1992, og á hverju tólf mánaða tímabili þar á eftir, fari ekki yfir 50% af reiknuðu magni koltetraklóríðs sem framleiðandinn markaðssetti eða notaði í eigin þágu árið 1989,

— reiknað magn koltetraklóríðs sem viðkomandi markaðssetur eða notar í eigin þágu á tímabilinu 1. janúar til 31. desember 1995, og á hverju tólf mánaða tímabili þar á eftir, fari ekki yfir 15% af reiknuðu magni koltetraklóríðs sem framleiðandinn markaðssetti eða notaði í eigin þágu árið 1989,

— viðkomandi hvorki markaðssetji koltetraklóríð né noti það í eigin þágu eftir 31. desember 1997.

Framkvæmdastjórnin ákvarðar, í samræmi við málsmeðferðina í 12. gr., það magn koltetraklóríðs sem hver framleiðandi gæti markaðssett eða notað í eigin þágu til bráðnauðsynlegra nota frá 1. janúar 1998 og til 31. desember 1999 í síðasta lagi.

5. Með fyrirvara um ákvæði 6. mgr. ber hverjum framleiðanda að tryggja að:

— reiknað magn 1,1,1-tríklóretans sem viðkomandi markaðssetur eða notar í eigin þágu á tímabilinu 1. janúar til 31. desember 1992, og á hverju tólf mánaða tímabili þar á eftir, fari ekki yfir reiknað magn 1,1,1-tríklóretans sem framleiðandinn markaðssetti eða notaði í eigin þágu árið 1989,

— reiknað magn 1,1,1-tríklóretans sem viðkomandi markaðssetur eða notar í eigin þágu á tímabilinu 1. janúar til 31. desember 1995, og á hverju tólf mánaða tímabili þar á eftir, fari ekki yfir 70% af reiknuðu magni 1,1,1-tríklóretans sem framleiðandinn markaðssetti eða notaði í eigin þágu árið 1989,

— reiknað magn 1,1,1-tríklóretans sem viðkomandi markaðssetur eða notar í eigin þágu á tímabilinu 1. janúar til 31. desember 2000, og á hverju tólf mánaða tímabili þar á eftir, fari ekki yfir

30% af reiknuðu magni 1,1,1-tríklóretans sem framleiðandinn markaðssetti eða notaði í eigin þágu árið 1989,

— viðkomandi hvorki markaðssetji 1,1,1-tríklóretan né noti það í eigin þágu eftir 31. desember 2004.

6. Magnið sem um getur í 1. — 5. mgr. er það magn sem framleiðandinn markaðssetur eða notar í eigin þágu, af eigin framleiðslu, innan bandalagsins.

7. Framkvæmdastjórnin getur aukið magnið sem leiðir af beitingu 1. — 5. mgr. ef magn innfluttra efna sem sett eru í frjálsa dreifingu á tólf mánaða tímabili samkvæmt 1. — 5. mgr. verður minna en hámarksmagnið sem ákveðið er í II. viðauka.

Framkvæmdastjórnin tekur ákvörðun í samræmi við málsmeðferðina í 12. gr.

8. Hverjum framleiðanda, sem rétt hefur til að markaðssetja eða nota í eigin þágu efnin sem um getur í þessari grein, er heimilt að afsala sér rétti sínum, vegna alls eða hluta þess magns sem ákveðið er í samræmi við þessa grein, í hendur hvaða framleiðanda í bandalaginu sem er. Framleiðandinn sem öðlast réttinn skal tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað. Færsla réttar til að markaðssetja efni eða nota í eigin þágu felur ekki í sér viðbótarrétt til framleiðslu.

III. HLUTI

STJÓRNUN, SKIL UPPLÝSINGA OG LOKAÁKVÆÐI

12. gr.

Stjórnun

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar sem skipuð er fulltrúum aðildarríkjanna undir formennsku fulltrúa framkvæmdastjórnarinnar.

2. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skal skila áliti sínu á drögunum fyrir þann frest sem formanninum er heimilt að setja eftir því hversu brýnt málið er. Álit skal samþykkt með þeim meirihluta sem kveðið er á um í 2. mgr. 148. gr. sáttmálans í því tilviki þegar ráðinu ber að samþykkja ákvarðanir samkvæmt tillögu frá framkvæmdastjórninni. Atkvæði aðildarríkjanna vega eins og kveðið er á um í þeirri grein. Formaður greiðir ekki atkvæði.

3. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja ráðstafanir sem öðlast gildi þegar í stað. Séu ráðstafanir þessar hins vegar ekki í samræmi við álit nefndarinnar ber framkvæmdastjórninni að senda þær tafarlaust til ráðsins. Framkvæmdastjórninni er þá heimilt að fresta því að ráðstafanirnar komi til framkvæmda um einn mánuð hið lengsta frá því að þær voru tilkynntar ráðinu.

4. Ráðinu er heimilt að taka aðra ákvörðun með auknum meirihluta innan þeirra marka sem um getur í 3. mgr.

13. gr.

Skil upplýsinga

1. Hverjum framleiðanda, innflytjanda og/eða útflytjanda tímatakmarkaðra efna eða millistigsefna ber, í síðasta lagi 31. mars ár hvert, í fyrsta sinn árið 1992, að senda framkvæmdastjórninni, og afrit til lögbærs yfirvalds hlutaðeigandi aðildarríkis, tölur yfir:

— framleiðslu,

— endurunnið magn,

— magn sem eyðilagt hefur verið í samræmi við tækniaðferðir sem aðilar að bókuninni viðurkenna,

— birgðir,

— innflutt efni sem sett eru í frjálsa dreifingu innan bandalagsins, sérstaklega fyrir lönd sem eru aðilar að bókuninni og þau sem eru ekki aðilar að henni,

— magn útfluttrar framleiðslu frá bandalaginu, sérstaklega fyrir lönd sem eru aðilar að bókuninni og þau sem eru ekki aðilar að henni,

— magn útfluttra endurunninna efna frá bandalaginu, sérstaklega fyrir lönd sem eru aðilar að bókuninni og þau sem eru ekki aðilar að henni,

— magn þeirrar framleiðslu sem framleiðandinn markaðssetur eða notar í eigin þágu innan bandalagsins,

— magn endurunninna efna sem markaðssett eru eða notuð í þágu fyrirtækisins innan bandalagsins,

— magn sem er framleitt og notað sem hráefni

varðandi öll tímatakmörkuð efni og millistigsefni með tilliti til áðurnefnds tímabils 1. janúar til 31. desember, nema varðandi klórflúorkolefni þar sem fyrstu skil á upplýsingum skulu vera fyrir tímabilið 1. júlí til 31. desember 1991, síðan koma regluleg árleg skýrslutímabil sem hefjast 1. janúar 1992.

Þrátt fyrir þessa skuldbindingu skulu skil á upplýsingum, sem um getur í þessari málsgrein, fyrir klórflúorkolefni og önnur fullhalógenuð klórflúorkolefni fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 1997 vera eigi síðar en 30. september 1997.

2. Hverjum framleiðanda, innflytjanda og/eða útflytjanda annarra fullhalógenaðra klórflúorkolefna, koltetraklóríðs, 1,1,1-tríklóretans og/eða millistigsefna ber að veita framkvæmdastjórninni, eins og um getur í 1. mgr., upplýsingar um árið 1989 og senda afrit til lögbærs yfirvalds hlutaðeigandi aðildarríkis eigi síðar en 30. júní 1997.

3. Framkvæmdastjórninni ber að gera viðeigandi ráðstafanir til að farið verði með upplýsingar sem lagðar eru fram sem trúnaðarmál.

14. gr.

Stjórnun

1. Framkvæmdastjórninni er heimilt, til að inna af hendi þau störf sem henni ber samkvæmt þessari reglugerð, að afla allra nauðsynlegra upplýsinga hjá ríkisstjórnum og lögbærum yfirvöldum aðildarríkjanna og hjá fyrirtækjunum.

2. Ef framkvæmdastjórnin sendir beiðni um upplýsingar til fyrirtækis ber henni samtímis að senda afrit af beiðninni til lögbærs yfirvalds aðildarríkisins þar sem fyrirtækið hefur aðsetur, ásamt greinargerð um hvers vegna farið er fram á þessar upplýsingar.

3. Lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum skulu láta fara fram þær rannsóknir sem framkvæmdastjórnin telur þörf á samkvæmt þessari reglugerð.

4. Ef framkvæmdastjórnin og lögbært yfirvald aðildarríkisins þar sem rannsóknirnar eiga að fara fram eru því samþykk ber embættismönnum framkvæmdastjórnarinnar að aðstoða embættismenn yfirvaldsins við að sinna skyldustörfum sínum.

5. Framkvæmdastjórninni ber að gera viðeigandi ráðstafanir til að farið verði með upplýsingar sem aflað er samkvæmt þessari grein sem trúnaðarmál.

15. gr.

Brot

Aðildarríkin skulu gera viðeigandi ráðstafanir með lögum og stjórnvaldsaðgerðum ef ákvæði reglugerðar þessarar eru ekki virt.

16. gr.

Gildistaka og tímabundin ákvæði

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins. Reglugerð (EBE) nr. 3322/88 fellur úr gildi 1. júlí 1991. Skilum á upplýsingunum sem um getur í 11. gr. reglugerðar (EBE) nr. 3322/88 fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 1991 verður þó að vera lokið fyrir klórflúorkolefnin ein eigi síðar en 31. ágúst 1991.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. mars 1991.

Fyrir hönd ráðsins,
J. F. POOS
forseti.

VIÐAUKI I
Efni sem reglugerðin gildir um

Flokkur	Efni		Óson-eyðingarvægi (1)
Flokkur I	$CFCl_3$	(CFC-11)	1,0
	CF_2Cl_2	(CFC-12)	1,0
	$C_2F_3Cl_3$	(CFC-113)	0,8
	$C_2F_4Cl_2$	(CFC-114)	1,0
	C_2F_5Cl	(CFC-115)	0,6
Flokkur II	CF_3C	(CFC-13)	1,0
	C_2FCl_5	(CFC-111)	1,0
	$C_2F_2Cl_4$	(CFC-112)	1,0
	C_3FCl_7	(CFC-211)	1,0
	$C_3F_2Cl_6$	(CFC-212)	1,0
	$C_3F_3Cl_5$	(CFC-213)	1,0
	$C_3F_4Cl_4$	(CFC-214)	1,0
	$C_3F_5Cl_3$	(CFC-215)	1,0
	$C_3F_6Cl_2$	(CFC-216)	1,0
	C_3F_7Cl	(CFC-217)	1,0
Flokkur III	CF_2BrCl	(halónar-1211)	3,0
	CF_3Br	(halónar-1301)	10,0
	$C_2F_4Br_2$	(halónar-2402)	6,0
Flokkur IV	CCl_4	(koltetraklóríð)	1,1
Flokkur V	$C_2H_3Cl_3$ [2]	(1,1,1-tríklóretan)	0,1
Flokkur VI	$CHFCl_2$	(HCFC-21)	
	CHF_2Cl	(HCFC-22)	
	CH_2FCl	(HCFC-31)	
	C_2HFCl_4	(HCFC-121)	
	$C_2HF_2Cl_3$	(HCFC-122)	
	$C_2HF_3Cl_2$	(HCFC-123)	
	C_2HF_4Cl	(HCFC-124)	
	$C_2H_2FCl_3$	(HCFC-131)	
	$C_2H_2F_2Cl_2$	(HCFC-132)	
	$C_2H_2F_3Cl$	(HCFC-133)	
	$C_2H_3FCl_2$	(HCFC-141)	
	$C_2H_3F_2Cl$	(HCFC-142)	
	C_2H_4FCl	(HCFC-151)	
	C_3HFCl_6	(HCFC-221)	
	$C_3HF_2Cl_5$	(HCFC-222)	
	$C_3HF_3Cl_4$	(HCFC-223)	
	$C_3HF_4Cl_3$	(HCFC-224)	
	$C_3HF_5Cl_2$	(HCFC-225)	
	C_3HF_6Cl	(HCFC-226)	
	$C_3H_2FCl_5$	(HCFC-231)	
	$C_3H_2F_2Cl_4$	(HCFC-232)	
	$C_3H_2F_3Cl_3$	(HCFC-233)	
	$C_3H_2F_4Cl_2$	(HCFC-234)	
	$C_3H_2F_5Cl$	(HCFC-235)	
	$C_3H_3FCl_4$	(HCFC-241)	
	$C_3H_3F_2Cl_3$	(HCFC-242)	
	$C_3H_3F_3Cl_2$	(HCFC-243)	
	$C_3H_3F_4Cl$	(HCFC-244)	

$C_3H_4FCl_3$	(HCFC-251)
$C_3H_4F_2Cl_2$	(HCFC-252)
$C_3H_4F_3Cl$	(HCFC-253)
$C_3H_5FCl_2$	(HCFC-261)
$C_3H_5F_2Cl$	(HCFC-262)
C_3H_6FCl	(HCFC-271)

(1) Tölurnar sem gefa til kynna ósoneyðingarvægi eru áætlanir byggðar á núverandi þekkingu og verða endurskoðaðar og staðfærðar reglulega með hliðsjón af ákvörðunum sem aðilar að bókuninni taka.
(2) Þessi formúla á ekki við um 1,1,2-tríklóretan.

VIÐAUKI II

Magntakmarkanir á innflutningi frá þriðju löndum
(reiknað magn í tonnum)

Efni	Flokkur I	Flokkur II (% af innflutningi 1989) (1)	Flokkur III	Flokkur IV (% af innflutningi 1989) (1)	Flokkur V (% af innflutningi 1989) (1)
Á tólf mánaða tímabili frá 1. janúar til 31. desember:					
1991	2 322(2)				
1992		50 %	700	50 %	100 %
1993	1 161	50 %	700	50 %	100 %
1994	1 161	50 %	700	50 %	100 %
1995	755	32,5 %	350	15 %	70 %
1996	348	15 %	350	15 %	70 %
1997	174 (3)	7,5 % (3)	350	15 %	70 %
1998			350	0 %	70 %
1999			350		70 %
2000			0		30 %
2001					30 %
2002					30 %
2003					30 %
2004					30 %
2005					0 %

(1) Í stað þessara hlutfallstalna koma hreinar tölur um leið og þær eru fyrirliggjandi. Þær verða birtar í *Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins* fyrir tilstilli framkvæmdastjórnarinnar.
(2) Á tímabilinu 1. júlí 1991 til 31. desember 1992.
(3) Á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 1997. Eftir það verður ekki um að ræða neinn innflutning viðkomandi efna.

REGLUGERÐ

um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1994/1995.

Veiðileyfi í atvinnuskyni.

1. gr.

Við veitingu veiðileyfa í atvinnuskyni á fiskveiðiárinu 1. september 1994 til 31. ágúst 1995 koma aðeins til greina þau skip sem veiðileyfi fengu samkvæmt 5. gr. l. nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða.

Heimilt er að flytja veiðileyfi, sem skip hefur fengið samkvæmt 5. gr. laga nr. 38/1990, til nýs eða nýkeypts sambærilegs skips, enda hafi slíkum rétti til endurnýjunar ekki verið afsalað. Skilyrði þess að veiðileyfi sé flutt til nýs eða nýkeypts skips er að skipið, sem veiðileyfi er flutt af, sé horfið varanlega úr rekstri og tekið af skipaskrá eða útgerð skipsins hafi skriflega óskað eftir því að veiðileyfið sé varanlega flutt til annars skips.

Heimilt er að veita fleiri en einu skipi veiðileyfi í stað skips samkvæmt 2. mgr. eða einu skipi veiðileyfi í stað fleiri skipa, enda sé tryggt að afkastageta fiskiskipaflotans, sem veiðileyfi hefur í fiskveiðilögsögu Íslands, aukist ekki við skiptin.

Heildarafli og veiðitímabil.

2. gr.

Fyrir fiskveiðiárið 1. september 1994 til 31. ágúst 1995 skal leyfilegur heildarafli og úthlutað aflamark úr botnfisktegundum vera sem hér segir:

		Utan aflamarks			
	Leyfilegur heildarafli 1994/1995 Lestir	Línu-afli 1994/1995 Lestir	Jöfnunar-sjóður 1994/1995 Lestir	Króka-bátar 1994/1995 Lestir	Úthlutað aflamark 1994/1995 Lestir
1. Þorskur	155.000	14.211	6.458	21.500	112.831
2. Ýsa	65.000	2.789	3.304	2.000	56.907
3. Ufsi	75.000		1.500	2.300	71.200
4. Karfi	77.000		1.476		75.524
5. Grálúða	30.000		1.103		28.897
6. Skarkoli	13.000		549		12.451

Afli samkvæmt ofangreindu miðast við óslægðan fisk með haus.

Aflamark einstakra skipa skal miðað við slægðan fisk með haus í öðrum tegundum en karfa.

Steindórsprent Gutenberg hf.

3. gr.

Á tímabilinu 1. september 1994 til 31. ágúst 1995 skal heildarafli fyrir neðangreindar tegundir vera sem hér segir:

	Lestir	Lestir
1. Síld		120.000
2. Úthafsrækja		50.000
3. Humar		2.200
4. Hörpudiskur samtals:		10.050
þ.a. Breiðafjörður	8.500	
þ.a. Arnarfjörður	300	
þ.a. Ísafjarðardjúp	250	
þ.a. Húnaflói	1.000	
5. Innfjarðarrækja samtals:		5.750
þ.a. Eldey	1.200	
þ.a. Arnarfjörður	600	
þ.a. Ísafjarðardjúp	1.500	
þ.a. Húnaflói	1.000	
þ.a. Skagafjörður	350	
þ.a. Skjálfandaflói	500	
þ.a. Axarfjörður	600	

Leyfilegur heildarafli af innfjarðarrækju skv. tl. 5 á öðrum svæðum en við Eldey, er miðaður við tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um upphafsafla. Endanleg ákvörðun um heildarafla verður tekin að loknum haustrannsóknum.

Veiðitímabil síldar er frá og með 1. september 1994 til og með 1. maí 1995. Veiðitímabil úthafsrækju er fiskveiðiárið. Veiðitímabil humars er frá og með 14. maí 1995 til og með 15. ágúst 1995. Veiðitímabil innfjarðarrækju er frá og með 1. október 1994 til og með 1. maí 1995 á öllum svæðum öðrum en við Eldey. Á Eldeyjarsvæðinu lýkur yfirstandandi veiðitímabili, sem heildaraflaákvörðun þessarar reglugerðar nær til, þann 1. desember 1994. Nýtt veiðitímabil hefst 1. maí 1995 og stendur út fiskveiðiárið. Heimilt er með tilkynningu til leyfishafa að seinka upphafi vertíðar á tilgreindum veiðisvæðum innfjarðarrækju liggi fyrir tillögur um það frá Hafrannsóknastofnunni.

Veiðitímabil annarra tegunda verður ákveðið sérstaklega með reglugerð, ennfremur heildarafli af loðnu.

Úthafsrækjuveiðisvæði.

4. gr.

Til úthafsrækju telst rækja, sem veidd er utan viðmiðunarlínu, sbr. 1. nr. 81/1976, að undanskildu svæði við Eldey, sem að sunnan markast af línu, sem dregin er réttvísandi 245° frá Reykjanesaukavita. Að vestan markast svæðið af 23°40'V og að norðan af 64°05'N. Til úthafsrækju telst og rækja, sem er veidd í Héraðsflóa utan línu, sem dregin er í einnar sjómílu fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins, milli lína, sem dregnar eru réttvísandi austnorðaustur frá Bjarnareyjarvita og Ósfles. Ennfremur telst til úthafsrækju, rækja sem veidd er samkvæmt sérstökum leyfum á Breiðafirði.

Úthafsrækja, sem veidd er á Dohrnbanka vestan 26°V telst ekki til aflamarks af úthafsrækju, enda staðfesti skipstjóri nákvæmlega í afladagbók og aflaskýrslu hversu mikill afli sé fenginn vestan 26°V. Rangar eða villandi upplýsingar leiða til þess að allur rækjuafli skipsins reiknast til aflamarks í úthafsrækju.

Endurprentað blað.

Skipting leyfilegs afla.

5. gr.

Veiðiheimildum á þeim tegundum sem heildarafli er takmarkaður af skv. 2. og 3. gr. skal skipt milli einstakra skipa.

Aflamark hvers skips af hverri einstakri tegund ræðst annars vegar af aflahlutdeild skipsins af viðkomandi tegund en hins vegar af úthlutuðu heildaraflamarki tegundarinnar skv. 2. og 3. gr.

Aflahlutdeild hvers skips skal vera sú sama, sem úthlutað var fyrir fiskveiðiárið 1. september 1993 til 31. ágúst 1994, að teknu tilliti til breytinga er leiða af breyttu fyrirkomulagi á veiðiheimildum krókabáta, leiðréttingum og flutningi á aflahlutdeild milli einstakra skipa.

Áður en leyfðum heildarafla er skipt á grundvelli aflahlutdeildar er eftirtalin afli dreginn frá:

1. Áætlaður afli krókabáta skv. 6. gr.
2. Línuafli utan aflamarks skv. 4. mgr. 8. gr.
3. Aflaheimildir, sem nota skal til jöfnunar sbr. 2. gr.

Krókabátar.

6. gr.

Bátar sem valið hafa leyfi til línu- og handfæraveiða, skv. 6. gr. laga nr. 38/1990, kallast í 6., 7. og 16. gr. reglugerðarinnar krókabátar, veiðileyfi þeirra krókaleyfi og veiðar þeirra krókaveiðar.

Óheimilt er að stunda krókaveiðar frá 1. desember 1994 til 31. janúar 1995, frá 11. apríl til 17. apríl 1995 og frá 1. ágúst til 7. ágúst 1995, að báðum dögum meðtöldum. Auk þess er óheimilt að stunda krókaveiðar aðra og fjórðu helgi hvers mánaðar auk föstudaga á undan hvorri helgi. Skulu banndagar krókabáta tilkynntir með sérstakri auglýsingu.

Hafi bátur fengið leyfi með aflahlutdeild er óheimilt að úthluta slíkum bát síðar krókaleyfi. Jafnframt er óheimilt að flytja til slíks báts krókaleyfi frá öðrum báti, jafnvel þótt sá bátur hafi verið tekinn úr rekstri og teljist sambærilegur að öðru leyti. Aðeins er heimilt að víkja frá ákvæðum 2. ml. þessarar mgr. vegna krókabáta í þeim tilvikum að bátur hafi verið dæmdur óbætandi vegna sjótjóns og tekinn af skipaskrá eða bátur sé settur á minjasafn, enda liggi fyrir umsögn Þjóðminjasafns Íslands um að báturinn hafi verulegt minjagildi og rík ástæða sé til varðveislu hans. Einungis er heimilt að víkja frá ákvæðum 2 ml. þessarar mgr. að krókaleyfið sé flutt á jafnstóran eða minni bát, sem áður hafði leyfi með aflahlutdeild.

Ekki er heimilt að veita nýjum eða nýkeyptum báti er kemur í stað krókabáts veiðileyfi í atvinnuskyni sé nýi báturinn 6 brúttótonn eða stærri.

7. gr.

Fiskveiðiári krókabáta samkvæmt 6. gr., er skipt upp í fjögur tímabil og skal hámarksafli þeirra ákveðinn á hverju tímabili. Tímabilin eru sem hér segir:

1. tímabil: 1. september til 30. nóvember.
2. tímabil: 1. febrúar til 30. apríl.
3. tímabil. 1. maí til 30. júní.
4. tímabil: 1. júlí til 31. ágúst.

Sameiginlegur hámarksafli krókabáta skal vera 20.170 lestir í þorskígildum talið og skal honum skipt þannig milli veiðitímabila að á fyrsta tímabili falla 4.841 lest, á annað tímabil 2.219 lestir, á þriðja tímabil 6.454 lestir og á fjórða tímabil 6.656 lestir.

Fari afli á fiskveiðiárinu sem hefst 1. september 1994 fram úr fyrrgreindum mörkum

skal banndögum á sama tímabili á því fiskveiðiári, sem hefst 1. september 1995 fjölgað. Í því sambandi skal reikna meðalafla á dag á umræddu veiðitímabili á fiskveiðiári því, sem hófst 1. september 1994 og finna viðbótarbanndaga með því að deila þeirri tölu í viðkomandi umframafla. Skal banndögum fjölgað um heilan dag og broti sleppt. Hámarksafli skv. 2. mgr. á viðkomandi tímabili á fiskveiðiárinu, sem hefst 1. september 1995 skal lækka sem nemur umframaflanum.

Viðbótarbanndögum skv. 3. mgr. skal bætt framan við banndaga á viðkomandi tímabili og skipt eins jafnt niður og unnt er.

Útreikningur aflamarks.

8. gr.

Þegar umreikna skal óslægðan fisk í slægðan skal margfalda magn þorsks, ýsu og ufsa með 0,8, en grálúðu og skarkola með 0,92.

Þegar umreikna skal slægðan fisk í óslægðan skal margfalda magn þorsks, ýsu og ufsa með 1,25, en grálúðu og skarkola með 1,09.

Ráðuneytið skal ákveða reiknistuðla til útreikninga á afla skipa sem vinna eigin afla um borð. Má við þá ákvörðun miða við aflanýtingu hvers einstaks skips og meðalaflanýtingu ákveðins flokks skipa.

Við línuveiðar í nóvember, desember, janúar og febrúar skal fiskur aðeins reiknast að hálfu til aflamarks fiskiskipa þar til sameiginlegur línuafli á þorski og ýsu hefur náð 34.000 lestum miðað við óslægðan fisk. Fiskistofa skal fylgjast með línuafla á þessu tímabili og tilkynna ráðuneytinu hvenær líklegt megi telja að ofangreindu hámarki verði náð. Ráðuneytið tilkynnir síðan frá hvaða tíma línuafli skuli reiknast að fullu til aflamarks. Þegar meta skal hvort línuafli telst veiddur í framangreindum mánuðum skal miða við að veiðiferð hefjist 1. nóvember eða síðar og að afla sé landað fyrir 1. mars.

Þorskur og ufsi styttri en 50 cm að lengd, ýsa styttri en 45 cm og karfi innan við 500 grömm að þyngd telst ekki að tveimur þriðju hlutum með til aflamarks fiskiskips, enda fari fiskur undir þessum lágmarksmörkum ekki yfir 10% af afla þessara fisktegunda í veiðiferð og fyrir liggi staðfesting frá löggiltum vigtarmanni, sem annaðist vigtun aflans innanlands, um magn einstakra tegunda samkvæmt reglum er ráðuneytið setur. Þetta gildir ekki um afla sem frystur er um borð í veiðiskipi nema um heilfrystan fisk sé að ræða. Allur fiskur sem veiddur er á handfæri telst þó til aflamarks.

Allan afla af botnfisktegundum, sem sæta ákvæðum um leyfilegan heildarafla, sbr. 2. gr., og fluttur er óunninn á erlendan markað skal reikna með álagi til aflamarks. Skal álagið vera 20% á þorsk og ýsu, 15% á ufsa, karfa og grálúðu en 10% á skarkola.

9. gr.

Þegar meta skal til hvaða fiskveiðiárs tiltekinn afli telst skal miða við hvenær afla er landað hér á landi. Þannig telst afli sem landað er 1. september 1994 eða síðar til fiskveiðiársins 1. september 1994 til 31. ágúst 1995, enda þótt veiðiferð hefjist fyrir upphaf þess fiskveiðiárs. Á sama hátt telst afli sem landað er 1. september 1995 eða síðar til fiskveiðiárs er hefst þann dag, enda þótt veiðiferð hefjist fyrr.

Sigli skip með eigin afla á erlendan markað, skal afli teljast til þess fiskveiðiárs, þá er skipið sannanlega hættir veiðum fyrir siglingu.

Framsal og sameining veiðiheimilda.

10. gr.

Flutning á aflaheimildum samkvæmt 11. og 12. gr. laga nr. 38/1990 skal tilkynna Fiskistofu skriflega fyrirfram. Eigandi þess skips, sem aflaheimildir eru fluttar frá, skal

undirrita beiðni um flutning. Við flutning á aflahlutdeild samkvæmt 11. gr. laga nr. 38/1990 skal leggja fram veðbókarvottorð þess skips sem flutt er frá, ásamt samþykki þeirra aðila, sem áttu þinglýst veð í skipinu 1. janúar 1991. Flutningur aflahlutdeildar öðlast ekki gildi fyrr en staðfesting Fiskistofu liggur fyrir.

Þegar meira en 15% af aflamarki því af einstakri tegund, sem úthlutað er til skips í upphafi fiskveiðiárs, hefur verið flutt frá skipinu, er óheimilt á sama fiskveiðiári að flytja aflamark að sömu tegund til skipsins. Á sama hátt er óheimilt að flytja aflamark frá skipi þegar meira en sem svarar 15% af upphaflegu aflamarki skipsins af viðkomandi tegund hefur verið flutt til skipsins á fiskveiðiárinu. Flutningur milli skipa í eigu sömu útgerðar og jöfn skipti sæta ekki takmörkunum samkvæmt þessari málsgrein. Fiskistofu er heimilt að veita undanþágu frá þessu banni við flutningi aflamarks frá skipi ef alvarlegar bilanir verða þess valdandi að veiðiheimildir þess nýtast ekki.

Óheimilt er að framselja þann hluta aflahlutdeildar skips, sem rekja má til uppbóta samkvæmt ákvæði I til bráðabirgða í l. nr. 38/1990. Sama á við um meðalaflahlutdeild samkvæmt 5. mgr. ákvæðis II til bráðabirgðalaga í l. nr. 38/1990.

Séu veiðiheimildir skips, sem uppbætur hefur fengið, sameinaðar varanlega aflahlutdeild annars skips, falla uppbætur niður nema fyrir liggi yfirlýsing eigenda um að skipið verði tekið af skipaskrá og réttur til endurnýjunar þess falli niður. Sama á við um meðalaflahlutdeild.

Veiði fiskiskip minna en 50% af samanlögðu aflamarki sínu í þorskígildum talið tvö fiskveiðiár í röð fellur veiðileyfi þess og aflahlutdeild niður og skal aflahlutdeild annarra skipa í viðkomandi tegundum hækka sem því nemur.

Aldrei er heimilt að flytja aflamark eða aflahlutdeild milli skipa leiði slíkur flutningur til þess að veiðheimildir þess skips, sem flutt er til, verði bersýnilega umfram veiðigetu þess.

Verðmætastuðlar.

11. gr.

Við mat á því hvernig veiðiheimildir eru nýttar, sbr. 4. mgr. 12. gr. l. nr. 38/1990, skulu verðmætastuðlar fyrir fiskveiðiárið 1. september 1994 til 31. ágúst 1995 vera eftirfarandi: Þorskur 1.00, ýsa 1.22, ufsi 0.48, karfi 0.46, grálúða 0.88, skarkoli 1.01, loðna 0.06, síld 0.09, humar (slitinn) 9.52, rækja 0.99 og hörpudiskur 0.42. Ofangreindir verðmætastuðlar gilda einnig varðandi færslu milli tegunda, sbr. 10. gr. laga nr. 38/1990, eftir því sem við á. Jafnframt skal á þeim byggt við mat á því hvort um jöfn skipti sé að ræða, sbr. 1. mgr. 12. gr. laga nr. 38/1990.

Endurnýjun fiskiskipa.

12. gr.

Fyrir þilfarsskip úrskurðar Fiskistofa hvort um sambærileg skip sé að ræða, samkvæmt 2. mgr. 1. gr. þessarar reglugerðar. Við mat á því skal leggja til grundvallar rúmtölu skipa sem er margfeldi eftirgreindra hönnunarmála:

1. Lóðlínulengdar, sem er lárétt fjarlægð milli aftari lóðlínu, sem er lóðrétt lína er gengur í gegnum stýrisás og fremri lóðlínu, sem er lóðrétt lína er gengur í gegnum skurðpunkt stefnis og hönnunarvatnslínu.
2. Mótaðrar breiddar, sem er mesta breidd á miðbandi. Þversnið skipsgrindar, sem tekið er mitt á milli lóðlína, nefnist miðband.
3. Mótaðrar dýptar, að neðra þilfari, sem er lóðrétt fjarlægð frá neðra punkti miðbands við kjöl að efri brún þilfarsbita við byrðing.

Fyrir opna vélbáta ákvarðast rúmtala sem 4.3 x brúttótonn, þar sem brúttótonnatala er fundin samkvæmt 5. gr. reglugerðar nr. 433, 17. ágúst 1990, um mælingar skipa undir 24 metrum að lengd.

13. gr.

Rúmtala skips eða skipa sem veiðileyfi fá skv. 2. mgr. 1. gr. skal ekki vera hærri en rúmtala þess skips eða skipa sem veiðileyfi láta í þeirra stað.

14. gr.

Við útreikning samkvæmt 12.-13. gr. skal byggt á gögnum tæknideildar Fiskifélags Íslands og Fiskveiðasjóðs Íslands.

Heimilt er að meta það sérstaklega, ef lögun skipsins er ekki hefðbundin. Sama gildir þegar það er miklum vandkvæðum bundið að finna hönnunarmál.

15. gr.

Heimilt er með samþykki Fiskistofu að flytja veiðileyfi tveggja eð þriggja skipa til eins nýs eða nýkeypts skips sbr. 2.-3. mgr. 1. gr. Leyfileg rúmtala nýja skipsins skal þá miðast við samtölu rúmtalna þeirra skipa er leyfin eru flutt af.

Heimild 1. mgr. skal því aðeins beitt að eitt skipanna sé a.m.k. 70% af rúmtölu nýja eða nýkeypta skipsins. Frá þessu má þó víkja megi ætla að sóknargeta aukist ekki við skiptin.

Hafi veiðileyfi verið flutt af skipi skv. 1. mgr. er aðeins heimilt að flytja til þess veiðileyfi aftur að það sé flutt af sambærilegu skipi skv. 12. gr.

16. gr.

Heimilt er með samþykki Fiskistofu að flytja veiðileyfi eins skips til tveggja eða fleiri skipa sbr. 2.-3. mgr. 1. gr. Leyfileg rúmtala hinna nýju skipa skal þá miðast við rúmtölu þess skips, sem leyfið er flutt af. Heimild þessi tekur ekki til flutnings krókaleyfis skv. 6. gr.

17. gr.

Séu heimildir 13.-16. gr. til endurnýjunar skips eða stækkunar ekki fullnýttar fellur það sem umfram er af rúmtölunni niður.

18. gr.

Aðeins er heimilt að veita nýju eða nýkeyptu skipi veiðiheimildir að fullnægt sé skilyrðum 2.-3. mgr. 1. gr. Hinu nýja skipi er óheimilt að hefja veiðar í fiskveiðilögsögu Íslands fyrr en Fiskistofa hefur veitt hinu nýja eða nýkeypta skipi leyfi til að hefja veiðar.

19. gr.

Óheimilt er án sérstaks leyfis Fiskistofu að breyta nýjum og nýkeyptum skipum, sem veiðileyfi hafa fengið í fyrsta sinn eftir 1. janúar 1986, þannig að rúmmál þeirra vaxi sbr. 12. gr.

Ýmis ákvæði.

20. gr.

Skylt er að hirða og koma með að landi allan afla sem markaður er fyrir. Þó skal sleppa lifandi þorski og ufsa styttri en 50 cm að lengd og ýsu styttri en 45 cm sem fæst á handfæri.

21. gr.

Skylt er að hirða alla rækju, sem fæst í rækjuvörpu. Skipstjóra er óheimilt að stunda rækjuveiðar á veiðisvæði þar sem rækja er það smá að fleiri en 300 stykki eru í hverju kg.

22. gr.

Skipstjóra er skylt að halda fiski um borð í veiðiskipum aðgreindum eftir tegundum. Verði slíku ekki viðkomið vegna smæðar báts skal afli aðgreindur eftir tegundum við lönd-

un. Ennfremur er skylt að láta vigta afla samkvæmt ákvæðum reglugerðar um vigtun sjávarafla.

Skipstjórar fiskiskipa sem fara til veiða á tegundum, sem reiknast ekki til aflamarks fiskiskips, skulu tilkynna sérstaklega til Fiskistofu hvenær veiðar á þessum tegundum hefjast og hvenær þeim lýkur. Gildir þetta um veiðar á úthafskarfa, rækjuveiðar vestan 26°V og veiðar á botnfiski og rækju utan fiskveiðilögsögu Íslands.

Í einni og sömu veiðiferð er óheimilt að stunda veiðar innan fiskveiðilögsögu Íslands á kvótabundnum tegundum og jafnframt veiðar á sömu tegundum utan fiskveiðilögsögunnar. Þetta tekur þó ekki til veiða á loðnu.

23. gr.

Útgerðum skipa er skylt að senda Fiskistofu skriflegar upplýsingar fyrir hverja þrjá mánuði um afla á eyðublöðum sem Fiskistofa leggur til. Þá er skipstjórum fiskiskipa skylt að halda sérstakar afladagbækur sem Fiskistofa leggur til samkvæmt nánari reglum þar um og skal upplýsingum skilað mánaðarlega til Fiskistofu. Vanskil á skýrslum samkvæmt þessari málsgrein varða leyfissviptingu án frekari viðvörunar. Sama gildir verði aðili uppvís að undanskoti afla.

Kaupendum afla er skylt að skila til Fiskistofu skýrslum um móttekinn afla í því formi sem Fiskistofa ákveður.

24. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum IV. kafla laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Um gjald vegna ólögmæts sjávarafla skal beita ákvæðum l. nr. 37, 27. maí 1992.

25. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum, öðlast gildi 1. september 1994. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 274, 28. júní 1993, um veiðar í atvinnuskyni, fiskveiðiárið 1. september 1993 til 31. ágúst 1994 ásamt síðari breytingum.

Sjávarútvegsráðuneytið, 15. júlí 1994.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

Nr. 406 18. júlí 1994

REGLUGERÐ

um tryggingarskyldu við sölu notaðra ökutækja.

1. gr.

Í reglugerð þessari merkir:

1. *Viðskiptamaður:* Einstakling eða lögaðila sem bifreiðasali hefur annast milligöngu um kaup eða sölu skráningarskylds ökutækis fyrir.
2. *Tjónsatvik:* Hvert einstakt skaðabótaskylt atvik er hefur tjón í för með sér, sbr. 91. gr. laga nr. 20/1954, um vátryggingarsamninga.
3. *Ábyrgðartrygging:* Vátryggingu gegn skaðabótaábyrgð sem vátryggður kann að baka sér gagnvart þriðja manni (tjónþola) vegna atvika sem hafa tjón í för með sér og hann ber ábyrgð á. Tjónþoli nýtur ekki góðs af ábyrgðartryggingu nema hann eigi skaðabótakröfu á hendur vátryggðum.

2. gr.

Bifreiðasala ber eftir almennum reglum skaðabótaréttar að bæta viðskiptamönnum sínum það tjón sem hann kann að baka þeim með störfum sínum.

3. gr.

Leyfi til bifreiðasölu er háð því skilyrði að fullnægjandi tryggingar séu í gildi, sbr. 4. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 69/1994, um sölu notaðra ökutækja.

Til að fullnægja tryggingarskyldu skal bifreiðasali:

1. Kaupa vátryggingu hjá viðurkenndu vátryggingarfélagi,
2. afla sér bankatryggingar hjá viðskiptabanka eða sparisjóði eða
3. leggja fram annars konar tryggingu sem sýslumaður metur gilda.

Falli vátrygging eða bankaábyrgð úr gildi skal hlutaðeigandi vátryggingarfélag, viðskiptabanki eða sparisjóður með sannanlegum hætti tilkynna það sýslumanni á þeim stað þar sem leyfið er gefið út þegar í stað. Vátryggingartíma eða ábyrgðartíma telst þó eigi lokið fyrr en átta vikur eru liðnar frá því sýslumanni var tilkynnt um brottfall tryggingarinnar. Að þeim tíma liðnum telst leyfi til bifreiðasölu úr gildi fallið nema önnur fullnægjandi trygging hafi verið sett.

Ef um tryggingu skv. 3. tölul. 1. mgr. er að ræða skal sýslumaður hafa eftirlit með því að tryggingin haldi gildi sínu.

4. gr.

Trygging bifreiðasala skv. 3. gr. skal vera ábyrgðartrygging gegn skaðabótakröfum sem stofnast þegar viðskiptamaður hans verður fyrir skaðabótaskyldu fjártjóni vegna starfsemi bifreiðasalans, sbr. 2. gr. Með tryggingunni skal greiða bætur allt að 3.000.000 kr. vegna hvers einstaks tjónsatviks sem verður á hverju tólf mánaða tryggingartímabili. Heildarfjárhæð tryggingarbóta innan hvers tólf mánaða tryggingartímabils getur þó ekki orðið hærri en 9.000.000 kr. Vátryggingarfélagi er heimilt að endurkrefja hvern þann sem veldur tjóni af ásetningi eða stórfelldu gáleysi.

Ekki kemur til greiðslu tryggingarfjárins nema að gengnum fullnaðardómi eða að gerðri réttarsátt um vanefnd og þegar ljóst er orðið að bifreiðasali getur ekki efnt skyldu sína samkvæmt dóminum eða sáttinni.

Tryggingarfjárhæðir samkvæmt þessari grein eru miðaðar við lánskjaravísitölu 3358 og skulu breytast í samræmi við breytingar sem verða á henni.

5. gr.

Bifreiðasölum, vátryggingarfélögum, viðskiptabönkum og sparisjóðum er óheimilt að takmarka ábyrgð sína samkvæmt framangreindum reglum með samningum eða á annan hátt.

6. gr.

Um viðurlög við brotum á reglugerð þessari og meðferð slíkra mála fer eftir 10. gr. laga um sölu notaðra ökutækja.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 4. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 69/1994, um sölu notaðra ökutækja, öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytið, 18. júlí 1994.

Sighvatur Björgvinsson.

Þorkell Helgason.

REGLUGERÐ

um námskeið og próf til að öðlast leyfi til sölu notaðra ökutækja.

I. KAFLI
Prófnefnd og próf.

1. gr.

Prófnefnd bifreiðasala, sem viðskiptaráðherra skipar, skal hafa yfirumsjón með námskeiði og prófi samkvæmt ákvæðum 5. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 69/1994, um sölu notaðra ökutækja.

Viðskiptaráðherra skipar nefndina til tveggja ára í senn. Í henni eiga sæti þrír menn og skal einn þeirra vera fulltrúi bifreiðaeigenda og annar fulltrúi bifreiðasala. Þrír varamenn skulu valdir með sama hætti.

2. gr.

Prófnefnd heldur gerðabók. Í hana skal færa ákvarðanir nefndarinnar og niðurstöður prófa.

3. gr.

Prófnefnd tekur ákvörðun um efni sem prófað er úr. Við ákvörðun sína skal prófnefnd leggja til grundvallar að efnið krefjist þekkingar á:

1. Réttarreglum um störf bifreiðasala og um kaup og sölu á notuðum ökutækjum.
2. Fjármálalegum og hagnýtum atriðum sem reynt getur á við kaup og sölu á notuðum ökutækjum.
3. Gerð skjala sem tengjast kaupum og sölum á notuðum ökutækjum.

4. gr.

Próf skal að jafnaði haldið í beinu framhaldi af námskeiði en þó er unnt að ákveða aðra skipan.

Prófnefnd ákveður fjölda prófa og hvar og hvenær próf skulu haldin. Próf skulu að jafnaði vera skrifleg. Við skrifleg próf skal nemandi hafa a.m.k. tvær klst. til að vinna að úrlausn sinni.

5. gr.

Prófnefnd stendur fyrir prófum. Heimilt er henni að fela kennara sem annast kennslu á námskeiði, sbr. 7. gr., að semja prófverkefni, fara yfir og gefa einkunn fyrir prófúrlausnir á sérsviði hans. Einkunnir á prófum skulu gefnar í heilum og hálfum tölum frá 0 til 10. Til þess að standast próf þarf nemandi að hljóta a.m.k. 7,0 í einkunn og a.m.k. 5,0 í hverju prófi ef um fleiri en eitt próf er að ræða. Nemandi á rétt á að fá útskýringar prófnefndar eða kennara á einkunn sinni ef hann æskir þess innan fimmtán daga frá birtingu hennar. Telji nemandi skýringar kennara ófullnægjandi getur hann skotið mati kennara á úrlausn sinni til prófnefndar til endurmats. Mat prófnefndar á úrlausn er í öllum tilvikum endanlegt.

Prófnefnd skal staðfesta með skírteini að nemandi hafi staðist próf.

6. gr.

Prófnefnd er skylt að gangast fyrir sjúkraprófi hafi nemandi ekki sótt próf vegna veikinda nema því aðeins að fyrirsjáanlegt sé að næsta reglulega próf verði haldið innan þriggja mánaða.

Ekki er skylt að halda sérstakt upptökupróf fyrir nemendur sem ekki ná tilskildri lágmarkseinkunn. Þeim er hins vegar heimilt að þreyta próf næst þegar reglulegt próf er haldið án þess að sækja námskeið, þó ekki oftar en tvisvar sinnum.

II. KAFLI
Námskeið.

7. gr.

Prófnefnd stendur fyrir námskeiði til undirbúnings prófi og ákveður hvernig námskeiðshaldi skuli háttað. Námskeið skal haldið svo oft sem þurfa þykir. Eigi er skylt að halda námskeið nema þátttakendur á því verði tíu hið fæsta.

Prófnefnd ræður kennara og aðra sem tengjast námskeiðshaldinu. Ráðningarkjör skulu staðfest af viðskiptaráðherra.

8. gr.

Á námskeiði skv. 7. gr. skal einkum fjallað um eftirfarandi atriði:

1. Kauparétt.
2. Samningarétt.
3. Veðrétt lausafjármuna og þinglýsingar.
4. Viðskiptabréfareglur.
5. Vátryggingar ökutækja.
6. Opinber gjöld af ökutækjum og reglur um virðisaukaskattsbifreiðar.
7. Reglur um skráningu ökutækja, skoðun o.fl.
8. Mat á ástandi og verðmæti ökutækja, ráðgjöf við kaupendur.
9. Fjármálaleg ráðgjöf við kaupendur.

III. KAFLI
Námskeiðsgjald o.fl.

9. gr.

Viðskiptaráðherra ákveður námskeiðsgjald að fenginni tillögu prófnefndar. Námskeiðsgjald skal greitt fyrirfram áður en námskeið hefst. Við ákvörðun námskeiðsgjalds skal miða við það að nemendur greiði allan kostnað af námskeiði og prófi. Námskeiðsgjald er óendurkræft nema námskeið falli niður.

Nú nýtir nemandi sér heimild 2. mgr. 6. gr. og skal hann þá greiða helming námskeiðsgjalds.

10. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 5. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 69/1994, um sölu notaðra ökutækja, öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytið, 11. júlí 1994.

Sighvatur Björgvinsson.

Þorkell Helgason.

REGLUGERÐ

um öryggi leikfanga og hættulegar eftirlíkingar.

I. KAFLI
Gildissvið.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um leikföng sem greinilega eru hönnuð sem leikföng handa börnum yngri en fjórtán ára. Hún gildir einnig um vörur sem hafa þannig lögun, lykt, lit, útlit, umbúðir, merkingar, rúmmál eða stærð að þótt þær séu ekki matvæli er hætta á að neytendur, einkum börn, rugli þeim saman við matvæli og stingi þeim upp í sig, sjúgi þær eða gleypi.

Vörur þær sem taldar eru upp í viðauka I með reglugerð þessari teljast ekki til leikfanga í skilningi hennar.

II. KAFLI
Skilgreiningar.

2. gr.

Ábyrgðaraðili merkir aðila sem ber ábyrgð á markaðssetningu leikfanga og eða eftirlíkinga hér á landi. Ábyrgðaraðili getur verið framleiðandi eða innflytjandi. Á ábyrgðaraðila hvíla ákveðnar skyldur umfram aðra seljendur.

CE-merki er merki til staðfestingar á að vara fullnægi öllum skilgreindum grunnkröfum í reglugerðum og samhæfðum stöðlum. Um gerð og notkun merkisins er fjallað í ákvörðun ráðsins 93/465/EBE.

Efnafræðileikfang merkir leikfang, svo sem búnað til efnafræðitilrauna eða plaststeypunar, smækkaðar útgáfur af búnaði fyrir leirkeraverkstæði, glerjun og ljósmyndun og áþekk leikföng.

Eftirlíking merkir vöru sem hætta er á að sé ruglað saman við matvæli vegna þess að hún virðist vera önnur en hún er.

Faggilding merkir aðferð sem faggildingardeild Löggildingarstofunnar beitir til að veita formlega viðurkenningu á því að aðili sé hæfur til að vinna tiltekin verkefni í samræmi við settar reglur.

Framleiðandi merkir framleiðanda vöru og hvern annan aðila sem kynnir sig sem framleiðanda vöru, með því að merkja vöruna með nafni sínu, viðskiptaheiti eða öðru kennimarki. Þá getur framleiðandi talist aðili sem endurgerir vöru eða er umboðsmaður framleiðanda með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins ef framleiðandi hefur ekki staðfestu á því svæði. Loks getur framleiðandi átt við aðra þá aðila í aðfangakeðju vöru sem hafa framleitt íhluti sem öryggi vörunnar byggist á.

Markaðseftirlit merkir skipulegt eftirlit með vöru á markaði. Það greinist í markaðsskoðun annars vegar og skipulega öflun upplýsinga um vöru á markaði hins vegar, m.a. með því að taka á móti ábendingum um vöru sem talin er hættuleg. Markaðseftirlit er framkvæmt af faggiltri skoðunarstofu.

Markaðsskoðun merkir rannsókn á vöru og ákvörðun um hvort hún samræmist sérstökum eða almennum kröfum. Mat á samræmi vöru er framkvæmt eftir föstum og skilgreindum verklagsreglum.

Neytandi merkir kaupanda vöru og notanda hennar.

Nytjaleikfang merkir leikfang sem er notað á sama hátt og tæki eða búnaður fyrir fullorðna og líkist þeim í útliti.

Opinber markaðsgæsla merkir skipulagða viðleitni stjórnvalda til að tryggja að vara á markaði uppfylli settar reglur um öryggi, heilsuvernd og umhverfisvernd. Opinber markaðsgæsla greinist í markaðseftirlit og stjórnvaldsaðgerðir.

Samhæfður staðall merkir staðal sem saminn hefur verið með hliðsjón af grunnkröfum og samþykktur hefur verið af Staðlasamtökum Evrópu (CEN) eða Rafstaðlasamtökum Evrópu (CENELEC) í umboði Evrópusambandsins og Fríverslunarsamtaka Evrópu.

Samræmisyfirlýsing merkir yfirlýsingu framleiðanda um ábyrgð hans á að vara, ferli eða þjónusta sé í samræmi við staðla eða önnur kröfuskjöl.

Samvinnunefnd merkir samstarfsvettvang Löggildingarstofunnar og skoðunarstofu sem annast framkvæmd markaðseftirlits.

Seljandi merkir framleiðanda vöru, umboðsmann framleiðanda, innflytjanda, millilið á síðari stigum, dreifingaraðila og smásala.

Tilnefndur aðili merkir prófunarstofu, vottunarstofu eða skoðunarstofu sem stjórnvöld tilnefna til að annast yfirumsjón með samræmismati samkvæmt tilskipunum Evrópusambandsins og samkomulagi aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu um gagnkvæma viðurkenningu á niðurstöðum prófana og staðfestingum á samræmi frá 15. júní 1988 (Tamperesamningurinn).

Vara merkir sérhverja framleiðsluvöru sem boðin er neytendum gegn gjaldi eða endurgjaldslaust í tengslum við atvinnurekstur seljanda, hvort sem hún er ný, notuð eða endurgerð. Þetta gildir ekki ef um er að ræða notaða vöru sem telst hafa fornmunagildi eða þarfnast lagfæringar fyrir notkun enda geri seljandi kaupanda grein fyrir því áður en viðskiptin fara fram eða kaupanda má vera það ljóst.

Örugg vara merkir sérhverja vöru sem við eðlilega eða fyrirsjáanlega notkun fullnægir þeim kröfum sem gerðar eru vegna almannahagsmuna um öryggi og vernd heilsu og umhverfis.

III. KAFLI
Öryggi leikfanga og eftirlíkinga.

3. gr.

Óheimilt er að setja leikföng á markað hér á landi ef hætta er á að þau geti stofnað öryggi eða heilsu notenda og annarra í voða þegar þau eru notuð eins og til er ætlast eða fyrirsjáanlegt er miðað við eðlilega hegðun barna. Aðilum með staðfestu hér á landi er sömuleiðis óheimilt að setja slík leikföng á markað í öðrum ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Leikföng verða, í því ástandi sem þau eru þegar þau eru sett á markað og með hliðsjón af fyrirsjáanlegum og eðlilegum endingartíma þeirra, að standast þær öryggis- og heilbrigðiskröfur sem settar eru fram í viðauka II með reglugerð þessari.

4. gr.

Eigi er heimilt að setja leikföng á markað nema þau séu annaðhvort hönnuð og framleidd í samræmi við samhæfða evrópska staðla eða hönnuð og framleidd í samræmi við eintak sem hefur hlotið gerðarviðurkenningu tilnefnds aðila innan Evrópska efnahagssvæðisins. Framleiðandi skal lýsa yfir að leikfang uppfylli allar kröfur reglugerðarinnar með samræmisyfirlýsingu.

Í viðauka III með reglugerð þessari er að finna tilvísanir í viðeigandi staðla.

5. gr.

Viðskiptaráðherra getur tilnefnt eina eða fleiri prófunarstofur sem tilnefnda aðila á sviði leikfanga og gefið þeim umboð til þess að veita gerðarviðurkenningu á leikföngum samkvæmt ákvæðum reglugerðarinnar. Tilnefningin getur verið háð skilyrðum og takmörkunum.

Við útnefningu á tilnefndum aðila á sviði leikfanga skal velja prófunarstofu sem hlotið hefur faggildingu samkvæmt stöðlunum ÍST EN 45001, ÍST EN 45002 og ÍST EN 45003

til að framkvæma prófanir á leikföngum á tilheyrandi prófunarsviði. Í viðauka VII með reglugerð þessari eru talin upp nánari skilyrði sem tilnefndur aðili verður að uppfylla.

Um aðferðir framleiðenda við gerð samræmisyfirlýsinga og tilhögun gerðarviðurkenningar er fjallað í viðauka IV með reglugerð þessari.

6. gr.

Ábyrgðaraðili leikfanga sem eru framleidd í samræmi við samhæfða evrópska staðla verða að geta lagt fram upplýsingarnar sem um getur í viðauka V með reglugerð þessari.

Ábyrgðaraðili gerðarviðurkenndra leikfanga verður að geta lagt fram upplýsingarnar sem um getur í viðauka VI með reglugerðinni.

Ábyrgðaraðila er skylt að halda skrá yfir allar vörur sem hann hefur á boðstólum og hafa tiltæk afrit af vottorðum, tækniskjölum og yfirlýsingum um samræmi eftir því sem við á. Skjöl þessi skal varðveita í minnst tíu ár eftir að síðasta eintak af framleiðslunni hefur verið sett á markað.

7. gr.

Eingöngu er heimilt að setja á markað leikföng sem merkt eru með CE-merki. Á leikfanginu eða í notkunarleiðbeiningum sem því fylgir skal varað við hættu sem fylgir tilteknum leikföngum, ásamt upplýsingum um hvernig skuli brugðist við þeirri hættu. Á leikfanginu skal einnig vera nafn framleiðandans og merki ásamt heimilisfangi eða nafn og merki ábyrgðaraðila með heimilisfangi. Upplýsingar þessar skulu settar á leikfangið eða umbúðirnar og vera skýrar, læsilegar og óafmáanlegar. Þegar leikföng eru smágerð eða sett saman úr litlum hlutum er heimilt að setja þessar upplýsingar á merkimiða eða í notkunarleiðbeiningar. Óheimilt er að setja merki eða áletranir á leikföng sem rugla má saman við CE-merkið.

Heimilt er að nota skammstafanir í upplýsingum þeim sem um getur í 1. mgr., enda skal vera unnt að bera kennsl á framleiðanda eða ábyrgðaraðila með skammstöfuninni.

Auk upplýsinga sem um getur í 1. mgr. skulu viðvaranir og reglur um varúð við notkun fylgja eftirtöldum leikföngum svo sem hér greinir:

1. Leikföng sem kunna að vera hættuleg börnum yngri en þriggja ára skulu vera með viðvörun þar að lútandi ásamt ábendingu um hættuna sem viðvörunin lýtur sérstaklega að. Þetta ákvæði gildir ekki um leikföng sem vegna notagildis, stærðar, sérkenna, eiginleika eða af öðrum augljósum ástæðum eru ekki ætluð börnum yngri en þriggja ára.
2. Rennibrautum, rólum, hringjum, fimleikarólum, reipum og áþekkum leikföngum sem eru fest á þverslár skulu fylgja notkunarleiðbeiningar um hvernig eigi að setja þau saman og upplýsingar um hvaða hlutar geti verið hættulegir sé leikfangið ekki sett saman á réttan hátt. Ennfremur skulu fylgja upplýsingar um nauðsynlegt eftirlit og viðhald á mikilvægasta uppsetningarbúnaði og um hættu á falli eða veltu ef eftirliti eða viðhaldi er ekki framfylgt.
3. Umbúðir nytjaleikfanga skal merkja með varnaðarorðum um að þau skuli nota undir eftirliti fullorðinna. Ennfremur skulu fylgja þeim varúðarreglur sem notandi á að fara eftir og aðvörun um áhættuna sem notandi tekur geri hann það ekki. Ennfremur skal benda á að leikfangið skuli geymt þar sem börn yngri en þriggja ára nái ekki til þess.
4. Leikföngum sem innihalda hættuleg efni og efnafræðileikföngum skulu fylgja upplýsingar um varúðarreglur, ábending um sérstaka hættu og ábending um skyndihjálp ef slys verður, ásamt merkingum í samræmi við ákvæði í reglugerð um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna og hættulegra efna. Enn fremur skal benda á að leikfangið eigi að geyma þar sem börn yngri en þriggja ára nái ekki til þess. Á umbúðum utan um efnafræðileikföng skal ennfremur standa viðvörun um að leikfangið sé eingöngu ætlað börnum í aldursflokki sem nánar verður kveðið á um í viðkomandi stöðlum og það skuli notað undir eftirliti fullorðinna.

5. Hjólabretti og rúlluskauta fyrir börn skal merkja með viðvörun um að nota hlífðarbúnað. Í notkunarleiðbeiningum skal minna á að nota leikfangið með varúð og veita ábendingar um hlífðarbúnað sem mælt er með.
6. Á leikföng til nota í vatni, sbr. f-lið í kafla II.1 í viðauka II með reglugerð þessari, skal í samræmi við samræmda evrópska staðla sett viðvörun um að þau megi eingöngu nota undir eftirliti og í vatni þar sem barnið nær til botns.
Allar varúðarmerkingar skulu vera á íslensku.

8. gr.

Óheimilt er að flytja inn, framleiða eða markaðssetja vörur hér á landi sem hætta er á að sé ruglað saman við matvæli vegna þess að þær virðast aðrar en þær eru og geta þannig reynst hættulegar öryggi og heilsu neytenda því að þótt þær séu ekki matvæli hafa þær þannig lögun, lykt, lit, útlit, umbúðir, merkingar, rúmmál eða stærð að hætta er á að neytendur, einkum börn, rugli þeim saman við matvæli og stingi þeim upp í sig, sjúgi þær eða gleypi, sem gæti reynst hættulegt og til dæmis valdið köfnun, eitrun eða stungið gat á eða lokað meltingarvegi. Aðilum með staðfestu hér á landi er sömuleiðis óheimilt að setja slíka vöru á markað í öðrum ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins.

IV. KAFLI
Opinber markaðsgæsla með leikföngum og eftirlíkingum.

9. gr.

Með opinberri markaðsgæslu skal vinna að því að leikföng og eftirlíkingar á markaði uppfylli settar reglur og skapi ekki hættu.

Löggildingarstofan fer með stjórnvaldsþátt markaðsgæslu en skoðunarstofa annast markaðseftirlit. Samvinna Löggildingarstofunnar og skoðunarstofu fer fram á vettvangi samvinnunefndar.

10. gr.

Hlutverk Löggildingarstofunnar í opinberri markaðsgæslu með leikföngum og eftirlíkingum er sem hér greinir:

1. Að móta meginstefnu um áherslur í markaðseftirliti og umfang eftirlits á markaði og setja verklagsreglur.
2. Að annast samningsgerð við skoðunarstofu og greiða kostnað vegna hennar.
3. Að fella úrskurð í einstökum málum eftir að samvinnunefnd hefur fjallað um málið og lagt fram tillögu sína.

11. gr.

Markaðseftirlit skal framkvæmt af skoðunarstofu sem faggilt er samkvæmt reglugerð nr. 346/1993 um starfsemi faggiltra óháðra skoðunarstofa. Skoðunarstofa annast markaðsskoðun, aflar á skipulegan hátt upplýsinga um vörur á markaði og tekur við kvörtunum og ábendingum frá neytendum og öðrum aðilum. Samið skal við eina eða fleiri skoðunarstofur um framkvæmd markaðseftirlits.

12. gr.

Samvinnunefnd fjallar um starfsáætlanir í markaðseftirliti, athugasemdir sem gerðar eru við einstakar vörur og vöruflokka og gerir tillögur um stjórnvaldsaðgerðir en Löggildingarstofan tekur endanlega ákvörðun.

Viðskiptaráðherra skipar þriggja manna samvinnunefnd. Skal einn nefndarmanna vera frá Löggildingarstofunni og annar frá skoðunarstofu. Fulltrúar Hollustuverndar ríkisins og Rafmagnseftirlits ríkisins skulu boðaðir á fundi nefndarinnar þegar fjallað er um um sértæk málefni sem tengjast starfsvettvangi þessara stofnana.

V. KAFLI
Markaðseftirlit.

13. gr.

Skoðunarstofu er heimilt að skoða vörur hjá seljanda og krefjast upplýsinga um ábyrgðaraðila, svo og að taka sýnishorn vöru til rannsóknar. Skoðunarstofa getur krafið ábyrgðaraðila um vottorð, yfirlýsingu um samræmi við reglur og staðla, prófunarskýrslu, tæknilegar upplýsingar og aðrar nauðsynlegar upplýsingar til að sannreyna öryggi vöru.

Starfsmenn Löggildingarstofunnar, skoðunarstofu og fulltrúar í samvinnunefnd eru bundnir þagnarskyldu um atriði er fram koma við rannsókn og viðskiptaleynd hvílir yfir. Það skal þó ekki vera því til fyrirstöðu að þeir birti opinberlega upplýsingar um hættuleg leikföng og hættulegar eftirlíkingar ef brýna nauðsyn ber til sökum þess að af vörunni stafar hætta fyrir öryggi, heilsu eða umhverfi.

VI. KAFLI
Stjórnvaldsaðgerðir.

14. gr.

Ef leikföng eða eftirlíkingar uppfylla ekki formleg skilyrði um merkingar, leiðbeiningar, vottorð, yfirlýsingar um samræmi, prófunarskýrslur o.s.frv. getur Löggildingarstofan bannað sölu þeirra.

Ef ábyrgðaraðili torveldar skoðun eða rannsókn leikfanga eða eftirlíkinga eða hefur ekki tiltæk fullnægjandi gögn um öryggi þeirra getur Löggildingarstofan bannað sölu þeirra.

Ef rökstuddur grunur leikur á að leikföng eða eftirlíkingar uppfylli ekki settar öryggisreglur getur Löggildingarstofan ákveðið tímabundið bann við sölu þeirra á meðan rannsókn fer fram í málinu.

Þyki ljóst að leikföng eða eftirlíkingar uppfylla ekki settar öryggisreglur getur Löggildingarstofan bannað sölu þeirra.

Ef leikföng eða eftirlíkingar eru álitin sérstaklega hættuleg getur Löggildingarstofan krafist tafarlausrar afturköllunar allra eintaka vörunnar. Ábyrgðaraðili skal lagfæra vöruna þannig að hún uppfylli settar reglur, afhenda kaupendum sams konar vöru en hættulausa eða greiða kaupendum andvirði vörunnar. Löggildingarstofan getur þó ákveðið að óheimilt sé að lagfæra vöru eða endurnýta hana á annan hátt ef það telst hættulegt eða varhugavert að mati hennar. Hægt er að skylda ábyrgðaraðila til að eyðileggja öll eintök vörunnar með öruggum hætti, ef nauðsyn þykir af eðli máls.

15. gr.

Löggildingarstofan skal, eftir því sem unnt er, hafa samvinnu við ábyrgðaraðila um málsmeðferð, svo sem öflun gagna, skoðun og prófun vöru og aðgerðir eins og stöðvun sölu og afturköllun vöru.

Löggildingarstofunni ber að tilkynna ábyrgðaraðila um rökstudda ákvörðun sína svo fljótt sem unnt er. Ákvörðunin skal studd viðeigandi gögnum sem eftir aðstæðum geta verið skoðunarskýrsla, prófunarskýrsla eða önnur gögn.

Ábyrgðaraðila skal veittur eðlilegur frestur til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri en heimilt er að víkja frá því ef vara er álitin sérstaklega hættuleg.

Hafi Löggildingarstofan bannað sölu vöru á grundvelli þess að hún uppfylli ekki öryggiskröfur er ábyrgðaraðila heimilt að krefjast þess að varan skuli prófuð af faggiltri prófunarstofu. Slík prófun frestar ekki framkvæmd ákvörðunar Löggildingarstofunnar.

Löggildingarstofunni er heimilt að endurskoða ákvörðun ef breyttar aðstæður eru fyrir hendi.

Ákvörðunum Löggildingarstofunnar má skjóta til úrskurðar viðskiptaráðherra en málskot frestar ekki framkvæmd ákvörðunar.

16. gr.

Ábyrgðaraðili ber kostnað vegna þeirra sýnishorna vöru sem tekin eru til rannsóknar. Að lokinni rannsókn skal sýnishornum skilað eða þau eyðilögð með öruggum hætti eftir atvikum.

Ábyrgðaraðili ber allan kostnað af afturköllun vöru. Sé vara ekki í samræmi við settar reglur skal ábyrgðaraðili bera þann kostnað sem hlýst af skoðun, rannsókn, prófun, svo og annan kostnað.

VII. KAFLI
Gildistaka.

17. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 100/1992, um vog, mál og faggildingu, sbr. lög nr. 102/1994 um breytingu á þeim.

Reglugerð þessi er sett með hliðsjón af eftirfarandi ákvæðum EES-samningsins:

1. Ákvörðun ráðsins 93/465/EBE um aðferðareiningar fyrir hin ýmsu þrep samræmismatsins og reglur um áfestingu og notkun CE-samræmismerkja sem ætlað er að nota í tilskipunum um tæknilega samhæfingu, sbr. lið 3d í XIX. kafla II. viðauka. Ákvörðun þessi er birt í 3. bók sérstakrar útgáfu EES-viðbætis við Stjórnartíðindi EB, sbr. lög nr. 91/1994, um breytingu á lögum um Evrópska efnahagssvæðið nr. 2/1993, sbr. lög nr. 66/1993.
2. Tilskipun 88/378/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna um öryggi leikfanga, sbr. 1. tölul. XXIII. kafla II. viðauka, eins og henni var breytt með tilskipun 93/68/EBE. Fyrri tilskipunin er birt í 25. hefti sérritsins EES-gerðir, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 31/1993. Hin síðari er birt í 3. bók sérstakrar útgáfu EES-viðbætis við Stjórnartíðindi EB, sbr. lög nr. 91/1994.
3. Tilskipun 87/357/EBE um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um vörur sem geta reynst hættulegar heilsu og öryggi neytenda þar eð þær virðast aðrar en þær eru, sbr. 5. tölul. XIX. viðauka. Tilskipun þessi er birt í 46. hefti sérritsins EES-gerðir, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 31/1993.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytið, 12. júlí 1994.

Sighvatur Björgvinsson.

Þorkell Helgason.

Viðauki I.

Vörur sem teljast ekki til leikfanga samkvæmt reglugerðinni.

1. Jólaskreytingar.
2. Nákvæm líkön í réttum hlutföllum handa fullorðnum söfnurum.
3. Búnaður til nota á leikvöllum.
4. Íþróttabúnaður.
5. Búnaður fyrir vatnaíþróttir, til nota í djúpu vatni.
6. Brúður í þjóðbúningum og brúður til skrauts og áþekkir hlutir handa fullorðnum söfnurum.
7. Leiktæki sem greitt er fyrir að nota og komið er fyrir á opinberum stöðum (verslunarmiðstöðvum, umferðarmiðstöðvum o.s.frv.).
8. Raðspil með yfir 500 bitum með eða án mynda, ætluð kunnáttumönnum.

9. Loftbyssur og loftskammbyssur.
10. Flugeldar, að hvellhettum meðtöldum, að undanskildum hvellhettum sérstaklega gerðum fyrir leikföng.
11. Slöngvur og teygjubyssur.
12. Píluspil þar sem pílurnar eru með málmoddi.
13. Rafmagnsofnar, straujárn eða aðrar nytjavörur sem nota málspennu sem fer yfir 24 volt.
14. Vörur með hitarist, ætlaðar til nota í kennslu undir eftirliti fullorðinna.
15. Ökutæki með brennsluvél.
16 Leikfangalestir með gufuvél.
17. Reiðhjól til hjólreiðaíþrótta eða nota á vegum úti, þ.e. reiðhjól þar sem hæð hnakks fer yfir 635 mm.
18. Leiktæki tengd sjónvarpsskjá sem notaður er við málspennu sem fer yfir 24 volt.
19. Snuð.
20. Nákvæmar eftirlíkingar af skotvopnum.
21. Skartgripir fyrir börn.

Viðauki II.

Grunnkröfur um öryggi leikfanga.

I. Almennar reglur.

1. Samkvæmt ákvæðum 3. gr. reglugerðarinnar verður að vernda notendur leikfanga og aðra gegn heilsutjóni og líkamsmeiðslum þegar leikföng eru notuð eins og til er ætlast eða fyrirsjáanlegt er miðað við eðlilega hegðun barna. Um er að ræða hættur:
   a. er stafa af hönnun leikfangsins, smíði þess eða gerð,
   b. er felast í notkun leikfangsins og ekki er hægt að útrýma að fullu með því að breyta smíði og gerð leikfangsins án þess að notkun þess breytist eða það glati helstu eiginleikum sínum.
2. Hættan við notkun leikfangs verður að miðast við færni notenda og, þar sem við á, umsjónarmanna þeirra til að bregðast við hættunni. Þetta á einkum við um leikföng sem samkvæmt fyrirhugaðri notkun, stærð og sérkennum eru ætluð börnum yngri en þriggja ára.
   Fylgja skal þessari reglu með því að tiltaka, þar sem við á, lágmarksaldur notenda leikfanganna og gefa fyrirmæli um að þau megi einungis nota í umsjón fullorðinna.
3. Merkimiðar á leikföngum og umbúðum þeirra og notkunarleiðbeiningar með leikföngum verða að beina athygli notenda eða umsjónarmanna þeirra á árangursríkan og ótvíræðan hátt að þeim hættum sem felast í notkun leikfanganna og leiðum til að forðast þær.

II. Sérstakar hættur.

1. Eðliseiginleikar og aflfræðilegir eiginleikar.

a. Leikföng og einstakir hlutar þeirra og festingar, þegar um samsett leikföng er að ræða, verða að hafa nauðsynlegan aflfræðilegan styrkleika og, þar sem við á, stöðugleika til að þola álag við notkun án þess að brotna eða aflagast svo af því stafi hætta á meiðslum.
b. Brúnir, útskot, snúrur, kaplar og festingar á leikföngum verður að hanna og smíða þannig að sem minnst hætta sé á meiðslum þegar komið er við þau.
c. Leikföng verður að hanna og smíða á þann hátt að sem minnst hætta á meiðslum stafi af hreyfanlegum hlutum þeirra.
d. Leikföng sem eru augljóslega ætluð börnum yngri en þriggja ára, og einstakir hlutar þeirra og þeir hlutar leikfanga sem hægt er að taka í sundur og setja saman, skulu vera nægilega stór til að ekki sé hægt að gleypa þau og anda þeim að sér.

e. Leikföng og einstakir hlutar þeirra og smásöluumbúðir mega ekki geta valdið kyrkingu eða köfnun.
f. Þegar leikföng, sem ætluð eru til nota í grunnu vatni og geta borið barn eða haldið því á floti, eru hönnuð og smíðuð verður að leitast við eftir fremsta megni, með hliðsjón af ráðlagðri notkun þeirra, að draga úr hættu á að leikfangið missi flotkraft sinn eða hætti að halda barninu á floti.
g. Leikföng sem hægt er að fara inn í og mynda lokað rými fyrir þá sem inni eru verða að hafa útgönguleið sem er auðvelt að opna innan frá.
h. Leikföng sem auka hreyfanleika notenda verða, að því marki sem unnt er, að hafa hemlakerfi sem hæfir leikfanginu og miðast við hreyfiorkuna sem myndast við notkun þess. Notandi verður að eiga auðvelt með að stjórna þessu kerfi án þess að eiga á hættu að kastast út úr leikfanginu eða slasa sig eða aðra.
i. Miða skal lögun og gerð skeyta við það að hreyfiorkan, sem myndast þegar þeim er skotið úr þar til gerðu leikfangi, sé hvorki óþarflega hættuleg notanda né öðrum, með hliðsjón af eðli leikfangsins.
j. Leikföng með hitarist skulu smíðuð þannig að tryggt sé:
   i. að engir aðgengilegir fletir nái svo háu hitastigi að valdið geti brunasárum við snertingu,
   ii. að vökvar og lofttegundir sem eru í leikfanginu nái ekki svo háu hitastigi eða þrýstingi að þau sleppi út úr því, nema beinlínis sé ætlast til þess þegar leikfangið er notað, og valdi ef til vill brunasárum eða öðrum meiðslum.

2. Brunaeiginleikar.

a. Leikföng mega ekki skapa eldhættu í umhverfi barna. Þau verða því að vera úr efnum:
   i. sem brenna ekki þó að logar leiki um þau eða þau séu óvarin fyrir neistum eða öðru sem valdið getur íkveikju,
   ii. sem er erfitt að kveikja í (eldurinn slokknar um leið og íkveikjuvaldurinn er fjarlægður),
   iii. sem brenna hægt þótt kvikni í þeim og flýta ekki fyrir útbreiðslu elds,
   iv. sem hafa fengið meðhöndlun sem hægir á bruna sama hver efnasamsetning leikfangsins er.

   Sú hætta má ekki vera fyrir hendi að eldfim efni kveiki í öðrum efnum í leikfanginu.
b. Leikföng sem innihalda hættuleg efni, sem um er fjallað í sérstökum reglugerðum, vegna þess hlutverks sem þau gegna, m.a. efni og búnaður fyrir efnafræðitilraunir, samsetningu líkana, mótun úr plasti eða leir, glerjun, ljósmyndun eða áþekka starfsemi, mega ekki innihalda efni eða efnablöndur sem geta orðið eldfim ef þau glata rokgjörnum efnisþáttum sem ekki eru eldfimir.
c. Ekki má stafa sprengihætta af leikföngum og þau mega ekki innihalda efni eða efnisþætti sem hætta er á að springi þegar leikföngin eru notuð eins og til er ætlast samkvæmt ákvæðum í reglugerð þessari. Ákvæði þetta á ekki við um hvellhettur sem notaðar eru sem leikföng, eins og getið er um í 10. tölul. í viðauka I.
d. Leikföng, m.a. leikir og leikföng sem snerta efnafræði á einhvern hátt, mega ekki innihalda efni og efnablöndur sem geta sprungið
   i. ef þeim er blandað saman vegna efnahvarfa eða þegar þau hitna,
   ii. ef þeim er blandað saman við oxandi efni, sem innihalda rokgjarna efnisþætti sem eru eldfimir í andrúmslofti og geta myndað blöndu af gufu og lofti sem hætt er við að kvikni í eða springi.

3. Efnafræðilegir eiginleikar.

a. Leikföng verður að hanna og smíða þannig að þau valdi ekki heilsutjóni eða líkamsmeiðslum, þegar þau eru notuð, séu þau gleypt, þeim andað að sér eða komist þau í snertingu við hörund, slímhúð eða augu. Þau verða í öllum tilvikum að vera í samræmi við viðeigandi lög og reglur um ákveðnar vörutegundir, um bönn um takmarkanir á notkun og um meðferð og merkingu hættulegra efna.

b. Til að heilsu barna sé ekki stofnað í voða verður að hafa það að markmiði að aðgengi efna í leikfanginu, sem leiðir af notkun þess, fari ekki yfir eftirfarandi mörk á dag:

0,2 µg fyrir antímon,
0,1 µg fyrir arsen,
25,0 µg fyrir baríum,
0,6 µg fyrir kadmíum,
0,3 µg fyrir króm,
0,7 µg fyrir blý,
0,5 µg fyrir kvikasilfur,
0,5 µg fyrir selen,

eða önnur sambærileg mörk sem kunna að verða ákveðin fyrir þessi eða önnur efni í samræmi við ákvæði í öðrum lögum og stjórnsýslufyrirmælum.
Með aðgengi efna þessara er átt við að úr leikfangi geti losnað efnasambönd sem hafa eiturverkanir.

c. Leikföng mega ekki innihalda eiturefni eða hættuleg efni sem skilgreind eru í lögum og stjórnsýslufyrirmælum í þeim mæli að valdið gæti tjóni á heilsu barna sem þau nota. Óheimilt er að nota eiturefni eða hættuleg efni í leikföng ef ætlunin er að nota þau í leiknum.

Nú er takmarkaður fjöldi hættulegra efna aftur á móti ómissandi vegna fyrirhugaðrar notkunar ákveðinna leikfanga, m.a. efni og búnaður til nota í efnafræðitilraunir, samsetningu líkana, mótun úr plasti eða leir, glerjun, ljósmyndun eða áþekka starfsemi, og er þá leyfilegt að nota þau í styrkleika upp að tilteknu hámarki sem Staðlastofnun Evrópu (CEN) hefur umboð til að ákveða fyrir hvert efni, í samræmi við málsmeðferð nefndar þeirrar sem stofnuð var innan Staðlastofnunarinnar í þessum tilgangi og að því tilskildu að umrædd leyfileg efni séu í samræmi við ákvæði í lögum og stjórnsýslufyrirmælum.

4. Rafeiginleikar.

a. Rafmagnsleikföng mega ekki vera knúin rafmagni með málspennu sem fer yfir 24 volt og enginn hluti leikfangsins má fara yfir 24 volt.

b. Einangra verður vandlega þá hluta leikfanga sem tengdir eru eða geta komist í snertingu við spennuhafa sem valdið geta raflosti, svo og kapla eða aðra leiðara sem rafmagn er leitt eftir í hluta þessa, og búa þannig um þá að ekki sé hætta á raflosti af völdum þeirra.

c. Rafmagnsleikföng verður að hanna og smíða þannig að engir aðgengilegir fletir á yfirborðinu nái svo háu hitastigi að valdið geti brunasári við snertingu.

5. Hreinlæti.

Leikföng skal hanna og smíða þannig að þau uppfylli kröfur í lögum og stjórnsýslufyrirmælum um heilbrigði, hreinlæti og þrifnað til að koma í veg fyrir hættu á sýkingu, veikindum og smiti.

6. Geislavirkni.

Leikföng mega ekki innihalda geislavirka hluta eða efni í þeirri mynd og í því magni sem stofnað geta heilsu barns í voða. Við gerð leikfanga skal þess gætt að ákvæðum í og stjórnsýslufyrirmælum um geislavirkni sé fylgt.

Viðauki III.

Samhæfðir evrópskir staðlar um leikföng.

Eftirfarandi staðlar eiga við um framleiðslu leikfanga:
ÍST EN71-1, Leikföng. Öryggiskrafa. 1. hluti: Aflfræðilegir og eðlisfræðilegir eiginleikar.
ÍST EN71-2, Leikföng. Öryggiskrafa. 2. hluti: Eldfimi.
ÍST EN71-3, Leikföng. Öryggiskrafa. 3. hluti: Flæði ákveðinna efna.
ÍST EN71-4, Leikföng. Öryggiskrafa. 4. hluti: Prófunarsamstæða fyrir efnafræðirannsóknir og samsvarandi starfsemi.
CENELEC, HD 271 S1, Reglugerð um sterkstraum, C-deild, kafli 134-2-22, 2. hluti. Sérákvæði um rafmagnsleikföng með öryggisspennu.
1. breyting: HD 271 S1,
2. breyting: HD 271 S1 og
3. breyting: HD 271 S1.

Viðauki IV.

Gerð samræmisyfirlýsinga og tilhögun gerðarviðurkenninga.

1. Almenn atriði.

Framleiðandi leikfanga skal beita þeim aðferðaeiningum sem við eiga eins og lýst er í ákvörðun ráðsins nr. 93/465/EBE frá 22. júní 1993 um aðferðaeiningar fyrir hin ýmsu þrep samræmismatsins og reglur um áfestingu og notkun CE-merkisins sem ætlað er til nota í tilskipunum um tæknilega samhæfingu.

Ábyrgðaraðili skal sækja skriflega um gerðarprófun til tilnefnds aðila á sviði leikfanga og skal eftirfarandi fylgja umsókninni:

a. Nafn og heimilisfang framleiðanda og/eða ábyrgðaraðila.
b. Yfirlýsing um að umsækjandi hafi ekki lagt umsókn inn til annarra tilnefndra aðila innan hins evrópska efnahagssvæðis.
c. Tækniskjöl, en þau skulu innihalda eftir því sem skipta þykir máli til þess að unnt sé að framkvæma mat:
   i. Almenna lýsingu á gerðinni.
   ii. Hönnunar- og framleiðsluteikningar, skrá yfir íhluta, samsetningarhluta, rafrásir, o.s.frv.
   iii. Lýsingar og útskýringar sem nauðsynlegar eru til skilnings á teikningum og skrám, þar með talinni notkun.
   iv. Skrá yfir staðla sem gilda að einhverju eða öllu leyti og lýsing á þeim lausnum sem valdar eru til að uppfylla kröfur reglugerðarinnar ef staðlar eru ekki notaðir.
   v. Niðurstöður á útreikningum við hönnun, hönnunarrannsóknum, o.s.frv.
   vi. Prófunarskýrslur, ef við á.

2. Framkvæmd gerðarviðurkenningar á leikfangi.

Umsækjandi sendir tilnefndum aðila, samkvæmt samkomulagi, eitt eða fleiri prófsýni sem eru dæmigerð fyrir fyrirhugaða vöru, þ.e. svokallaða gerð eða gerðir.

Tilnefndi aðilinn:

a. skal rannsaka tækniskjölin og ganga úr skugga um að gerðin sé framleidd í samræmi við þau og ákveða hvaða þættir eru hannaðir í samræmi við staðla og hvaða þættir ekki,
b. skal framkvæma eða láta framkvæma prófun til eftirlits með því hvort úrlausnir framleiðandans uppfylla grundvallarkröfur reglugerðarinnar ef stöðlum er ekki fylgt,

c. skal framkvæma eða láta framkvæma prófun til eftirlits með því hvort framleiðandinn fylgi í raun viðkomandi stöðlum þegar framleiðandinn segist hafa fylgt þeim,
d. hefur hugsanlega samráð við umsækjandann um hvort framkvæma skuli nauðsynlegar prófanir,
e. getur ákveðið að láta aðra prófunarstofu framkvæma prófunina. Í því tilviki skal fá samþykki umsækjanda þar að lútandi.

Viðauki V.

Samræmisyfirlýsing ábyrgðaraðila leikfanga sem eru framleidd í samræmi við samhæfða evrópska staðla.

Ábyrgðaraðili skal merkja vöruna með CE-merki sem tryggingu fyrir því að varan sé í samræmi við kröfur í 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar og þar með í samræmi við samræmdar kröfur sem gerðar eru til leikfanga á Evrópska efnahagssvæðinu.

Til staðfestingar á þessu skal ábyrgðaraðilinn hafa undir höndum tækniskjal sem gerir kleift að skilja hönnun vörunnar, framleiðslu og notkun ásamt því að meta samræmi við reglugerðina og þar með samræmdar kröfur sem í gildi eru um leikföng á hinu evrópska efnahagssvæði.

Skjölin sem á að leggja fram ef eftirlitsaðili krefst þess skulu innihalda:
1. Heimilisfang ábyrgðaraðila.
2. Almenna lýsingu á vörunni.
3. Hönnunar- og framleiðsluteikningar, skrá yfir efni sem eru notuð, íhluta, samsetningarhluta, rafrás o.s.frv.
4. Lýsingar og útskýringar sem nauðsynlegar eru til skilnings á teikningum og skrám og þar með talið á notkun vörunnar.
5. Skrá yfir staðla sem eru notaðir.
6. Lýsingu á því hvernig tryggja megi að varan sé í samræmi við staðlana, þar með talið niðurstöður á útreikningum á hönnunarforsendum, hönnunarrannsóknum o.s.frv.
7. Prófunarskýrslur, ef við á.

Viðauki VI.

Samræmisyfirlýsing ábyrgðaraðila gerðarviðurkenndra leikfanga.

Ábyrgðaraðili skal merkja vöruna með CE-merki sem tryggingu fyrir því að viðkomandi vara sé í samræmi við eintakið sem lýst er í gerðarviðurkenningarvottorðinu og uppfylli kröfu í 2. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar.

Ef Löggildingarstofan eða skoðunarstofa krefst þess skal leggja fram eftirfarandi upplýsingar eða skjöl:
1. Heimilisfang ábyrgðaraðila.
2. Gerðarviðurkenningarvottorð ásamt þeim hluta tækniskjalanna sem máli skipta.
3. Afrit af skjölum sem voru afhent tilnefnda aðilanum.
4. Lýsingu á því hvernig tryggja megi að varan sé í samræmi við staðlana, þar með talið niðurstöður á útreikningum á hönnunarforsendum, hönnunarrannsóknum o.s.frv.

Viðauki VII.

Skilyrði sem tilnefndir aðilar verða að uppfylla.

Tilnefndir aðilar á sviði leikfanga skulu uppfylla eftirtalin atriði til viðbótar þeim skilyrðum sem fram koma í 4. gr. reglugerðarinnar:

1. Þeir verða að ráða yfir nauðsynlegum búnaði, fjármunum og starfsfólki.
2. Starfsfólk verður að hafa nauðsynlega tækniþekkingu og sýna fullkominn heiðarleika í fagi sínu.
3. Stjórnendur og tæknimenn, sem sjá um prófanir, skýrslur, útgáfu vottorða og eftirlitsaðgerðir sem ráð er gert fyrir í reglugerðinni, verða að vera óháðir öllum hagsmunahópum og aðilum sem hafa beint eða óbeint með leikföng að gera.
4. Starfsfólkið er bundið þagnarskyldu.
5. Undirrita verður samning um ábyrgðartryggingu nema ríkið eða annar opinber aðili sé skaðabótaskyldur fyrir hönd tilnefnda aðilans samkvæmt lögum.

Nr. 409

REIKNINGUR

Þjóðhátíðarsjóðs fyrir árið 1993.

Efnahagsreikningur 31. desember 1993

Eignir:	**Skýringar**	**1993**
Veltufjármunir:		
Bankainnstæða		537.247
Veltufjármunir samtals		537.247
Langtímakröfur:		
Spariskírteini ríkisjóðs		58.028.880
Langtímakröfur samtals		58.028.880
Eignir alls		58.566.127
Skuldir og eigið fé:		
Skammtímaskuldir:		
Óhafnar styrkveitingar		1.045.000
Skammtímaskuldir samtals		1.045.000
Höfuðstóll:		
Höfuðstóll 1. janúar 1993		55.658.705
Endurmat	1	1.852.536
Tekjur umfram gjöld		9.886
Samtals		57.521.127
Skuldir og eigið fé alls		58.566.127

Rekstrarreikningur árið 1993

Gjöld:	Skýringar	1993
Styrkveitingar	2	4.240.000
- Leiðréttir styrkir f. f. ári		0
Ýmis kostnaður		139.310
Gjöld samtals		4.379.310
Fjármagnstekjur og (gjöld):		
Vextir af bankainnstæðum		75.285
Vextir og verðbætur spariskírteina		5.868.720
Tekjur v/sölu spariskírteina		234.560
Vextir af ríkisvíxlum		63.167
Reiknuð gjöld vegna verðlagsbreytinga	1	-1.852.536
Fjármagnstekjur, nettó		4.389.196
Tekjur umfram gjöld		9.886

Reikningsskilaaðferðir

Skýringar með ársreikningi 1993

Í ársreikningi Þjóðhátíðarsjóðs fyrir árið 1993 er gerð breyting á reikningsskilaaðferð og í því sambandi er eftirfarandi aðferð beitt.

1. Áhrif verðlagsbreytinga á peningalegar eignir og skuldir eins og þær voru í byrjun reikningsársins og breytingu þeirra á árinu, eru reiknuð og færð í ársreikninginn. Útreikningurinn byggist á breytingu á vísitölu byggingakostnaðar innan ársins. Staða peningalegra eigna og skulda í ársbyrjun og árslok er reiknuð til meðalverðlags ársins. Mismunur á þannig umreiknaðri stöðu í ársbyrjun, að viðbættri breytingu á árinu annars vegar og stöðunni í árslok hins vegar, myndar hækkanir verðlagsbreytinga að fjárhæð kr. 1.852.536, og er sú fjárhæð færð til frádráttar fjármunatekjum. Hinar reiknuðu hækkanir eiga að endurspegla þá raunvirðisrýrnun sem verður á peningalegum eignum og skuldum við verðbólguaðstæður og mætt er með verðbótum og vöxtum. Færslan á sér því mótvægi í vaxtatekjum og verðbótum.

Vísitala í ársbyrjun	189,2
Meðalvísitala	192,0
Vísitala í árslok	195,6

2. Á árinu 1993 voru veittir 17 styrkir alls að fjárhæð 4.240.000 krónur. Eftirfarandi aðilar hlutu styrki:

Friðlýsingarsjóður v/Náttúruverndarráðs	kr. 1.060.000,00
Þjóðminjasafn Íslands	kr. 1.060.000,00
Framfarafélag Flateyjar	kr. 200.000,00
Hallgrímur og Halldór Valdimarssynir	kr. 105.000,00
Byggðasafn Vestmannaeyja	kr. 165.000,00
Zontaklúbbur Akureyrar	kr. 150.000,00
Djúpavogshreppur	kr. 150.000,00

Byggðasafn Skagfirðinga	kr.	165.000,00
KFUM í Reykjavík	kr.	150.000,00
Sóknarnefnd Stóra-Áss kirkju	kr.	140.000,00
Kvæðamannafélagið Iðunn	kr.	120.000,00
Landsbókasafn Íslands	kr.	100.000,00
Sögufélagið	kr.	110.000,00
Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi	kr.	210.000,00
Veiðistjóraembætti Reykjavíkur	kr.	135.000,00
Náttúruverndarráð	kr.	160.000,00
Fuglaverndarfélag Íslands	kr.	60.000,00

Áritun endurskoðenda

Ársreikning þennan fyrir Þjóðhátíðarsjóð hefur stofnunin endurskoðað.
Ársreikningurinn samanstendur af rekstrarreikningi fyrir árið 1993 og efnahagsreikningi 31. desember 1993 ásamt skýringum 1-2.

Við framkvæmd endurskoðunarinnar voru gerðar þær kannanir á bókhaldi og bókhaldsgögnum sem taldar voru nauðsynlegar.

Það er álit Ríkisendurskoðunar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstri sjóðsins á árinu 1993 og efnahag 31. desember 1993.

Ríkisendurskoðun, 8. júní 1994.

Sigurður Þórðarson.

Áritun endurskoðenda

Stjórn Þjóðhátíðarsjóðs.

Reykjavík, 15. júní 1994.

Hulda Valtýsdóttir.

Birgir Ísleifur Gunnarsson. **Björg Einarsdóttir.**
Ásgerður Bjarnadóttir. **Björn Teitsson.**

Sveinbjörn Hafliðason.

11. júlí 1994 Nr. 410

GJALDSKRÁ

fyrir þjónustu veitta af gæðasviði Fiskistofu.

1. gr.

Fiskistofa skal taka gjald fyrir vinnsluleyfi sem gefin eru út til vinnsluleyfishafa á grundvelli 12. gr. laga nr. 93/1992.

Gjaldið skal vera eins og hér segir:

A.

1. Grásleppustöðvar	kr.	5.000
2. Fiskgeymslur	kr.	15.000
3. Saltfisk-, síldarsöltunar-, skreiðarstöðvar og skelfiskvinnslur	kr.	20.000
4. Fiskimjölsverksmiðjur, fiskmarkaðir og lagmetisverksmiðjur	kr.	35.000
5. Frystihús og vinnsluskip	kr.	50.000

B. Fyrir vinnsluleyfi til fiskiskipa skal gjaldið vera eins og hér segir:

1. Fiskiskip 10 brúttórúmlestir eða minni	kr.	5.000
2. Fiskiskip stærri en 10 brúttórúmlestir en minni en 50	kr.	10.000
3. Fiskiskip stærri en 50 brúttórúmlestir en minni en 200	kr.	15.000
4. Fiskiskip stærri en 200 brúttórúmlestir	kr.	30.000

Gjald fyrir vinnsluleyfi samkvæmt þessari grein skal innheimta við afhendingu leyfisins.

2. gr.

Fiskistofa skal taka gjald fyrir útgáfu útflutningsvottorða. Gjald fyrir hvert vottorð skal vera kr. 500. Gjaldið skal innheimta við afhendingu vottorðsins.

3. gr.

Gjald Fiskistofu fyrir útselda vinnu vegna sérfræðistarfa eða mats á afurðum skal vera kr. 2.500 fyrir hverja klukkustund.

4. gr.

Gjöld samkvæmt reglugerð þessari eru lögð á og innheimt samkvæmt heimild í 2. gr. laga nr. 58/1994. Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 11. júlí 1994.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

Nr. 411 15. júlí 1994

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um starfshætti þeirra er annast almenna skoðun ökutækja, nr. 558 31. desember 1993.

1. gr.

Í stað „15. júlí 1994“ í 2. málsgr. ákvæðis til bráðabirgða, sbr. reglugerð nr. 296 31. maí 1994, komi: 31. desember 1994.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 67. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, sbr. lög nr. 44 7. maí 1993, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 15. júlí 1994.

F. h. r.

Ólafur W. Stefánsson.

Guðni Karlsson.

REIKNINGUR

Verðjöfnunarsjóðs sjávarútvegsins fyrir árið 1993.

Rekstrarreikningar 1. janúar – 31. desember.

Tekjur:	Sameiginl. reikningur	Unninn botnfiskur	Óunninn botnfiskur	Humar	Bið-reikningar	Samtals
Vaxtatekjur af bankainnstæðum	2.712.05	909.399	432.231	4.486	11.374.470	15.432.637
Gengismunur	6.639.687	2.170.419	899.089	12.562	22.460.573	32.182.330
Ýmsar tekjur	161.041.933	0	0	0	0	161.041.933
Samtals	**170.393.671**	**3.079.818**	**1.331.320**	**17.048**	**33.835.043**	**208.656.900**
Gjöld:						
Stjórnarlaun	1.533.038	0	0	0	0	1.533.038
Launatengd gjöld	95.048	0	0	0	0	95.048
Ýmis kostnaður	3.962.812	0	0	0	0	3.962.812
Vaxtagj af innstæðureikningum	0	1.038.303	477.095	6.440	11.423.172	12.945.010
Gengismunur	2.484	2.041.515	854.225	10.608	22.411.871	25.320.703
Samtals	**5.593.382**	**3.079.818**	**1.331.320**	**17.048**	**33.835.043**	**43.856.611**
Tekjur umfram gjöld	**164.800.289**	**0**	**0**	**0**	**0**	**164.800.289**

Efnahagsreikningar í árslok:

	Sameiginl. reikningur	Unninn botnfiskur	Óunninn botnfiskur	Bið-reikningar	Samtals
Eignir:					
Bankainnstæður, gengistryggðar	216.433.119	9.017.223	4.070.652	21.978.434	251.499.428
Bankainnstæður, aðrar	358.146	-	-	-	358.146
Skuldabréf	852.010	-	-	6.104.153	6.956.163
Samtals	**217.643.275**	**9.017.223**	**4.070.652**	**28.082.587**	**258.813.737**
Skuldir og eigið fé:					
Stofnfé frá Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins	3.266.885	-	-	21.978.434	25.245.319
Innstæður á verðjöfnunar-reikningum	-	9.017.223	4.070.652	-	13.087.875
Biðreikningur	28.709	-	-	-	28.709
Annað eigið fé	214.347.681	-	-	6.104.153	220.451.834
Samtals	**217.643.275**	**9.017.223**	**4.070.652**	**28.082.587**	**258.813.737**

Reikningsskilaaðferðir:

1. Gengisbundnar fjárhæðir eru færðar við kaupgengi SDR hinn 31. desember 1993.
2. Innstæður á verðjöfnunarreikningum eru færðar með áföllnum vöxtum í árslok 1993.
3. Vextir á innstæður á verðjöfnunarreikningum eru reiknaðir frá 21. desember 1992 til 20. desember 1993 sem og vextir á bankainnstæður.

Eigið fé:

Í 7. gr. laga um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins segir, að innstæður á verðjöfnunarreikningum sjóðsins teljist eign hans, en „...séu bundnar við verðjöfnun á afurðum þess framleiðanda, sem inneign myndaði."

1. Eigið fé greinist þannig:

	Verðjöfnunar-reikningar
Deild fyrir óunnar botnfiskafurðir:	
Frá fyrra ári	15.659.434
Innborgað vegna verðjöfnunar	0
Útborgað skv. lögum nr. 29/1992	(11.166.788)
Vextir á innstæðureikninga	477.095
Gengismunur	(899.089)
	4.070.652
Deild fyrir unnar botnfiskafurðir:	
Frá fyrra ári	43.050.386
Innborgað vegna verðjöfnunar	0
Útborgað skv. lögum nr. 29/1992	(32.901.047)
Vextir á innstæðureikninga	1.038.303
Gengismunur	(2.170.419)
	9.017.223
Deild fyrir humar:	
Frá fyrra ári	1.052.669
Innborgað	0
Útborgað skv. lögum nr. 29/1992	(1.046.547)
Vextir á innstæðureikninga	6.440
Gengismunur	(12.562)
	0

2. Í ákvæði til bráðabirgða í lögum um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins segir m.a.: „Innstæður deilda í Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins skulu færðar á sérstaka reikninga í Verðjöfnunarsjóði sjávarútvegsins. Þegar útborgunartilefni skapast skal greiða verðbætur á útflutning af þessum reikningum óháð innstæðu hvers fyrirtækis í Verðjöfnunarsjóði sjávarútvegsins." Þessar innstæður eru færðar í þeirri deild sjóðsins, sem kölluð er „biðreikningar."

Ýmsar tekjur:

Ýmsar tekjur á óskiptum reikningi eru samkvæmt síðustu málsgrein 7. gr. laga um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins, en þar segir: „Verði framleiðandi gjaldþrota eða sé félagi slitið án þess að ákvæði 1. mgr. eigi við skal innstæða á verðjöfnunarreikningi þess renna inn á óskiptan reikning Verðjöfnunarsjóðs".

Ýmis kostnaður:

Undir þessum lið á sameiginlegum reikningi er greiðsla til deildarinnar „biðreikningar", kr. 1.410.685, sem er vaxtatap vegna þess, að vextir eru útborgaðir á árinu til viðskiptamanna, en vextir af bankareikningum eru færðir í árslok. Einnig er greiðsla til Seðlabanka Íslands vegna viðbótarvinnu, kr. 2.500.000, skv. ákvörðun sjóðsstjórnar á fundi 22. janúar 1993.

Hreyfingar á biðreikningum 1993:

	Rækjudeild	Humardeild	Mjöl- og lýsisdeild	Saltfiskdeild	Freðfisk-deild	Skreiðar-deild	Hörpudisk-deild	Samtals
Frá fyrra ári ...	4.304.825	84.204.397	36.956.409	1.133.449	35.637.490	23.343.324	22.477.108	208.056.912
Vaxtatekjur ...	229.763	6.231.224	1.148.996	84.547	1.902.092	1.242.945	583.605	11.423.172
Gengismunur	583.748	10.837.671	1.885.445	148.724	4.832.561	3.134.017	989.705	22.411.871
Útb. skv. lögum nr. 29/1992...		(7.174.846)						(7.174.846)
Greiddar verð-bætur			(26.836.436)			(5.741.852)	(23.317.286)	(55.895.574)
Flutt á sameigin-legan reikning	(5.118.336)	(94.098.446)	(13.154.414)	(1.366.720)	(42.372.143)	0	(733.042)	(156.843.101)
Samtals	**0**	**0**	**0**	**0**	**0**	**21.978.434**	**0**	**21.978.434**

ÁRITUN ENDURSKOÐENDA

Ársreikning þennan fyrir Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins höfum við endurskoðað. Endurskoðað var í samræmi við viðurkenndar venjur og voru í því sambandi gerðar þær kannanir á bókhaldi sem nauðsynlegar þóttu.

Það er álit okkar, að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu og efnahag sjóðsins í samræmi við góða reikningsskilavenju.

Reykjavík, 16. mars 1994.

Stefán Svavarsson,
lögg. endurskoðandi.

Gunnlaugur Arnórsson,
aðalendurskoðandi
Seðlabanka Íslands.

ÁRITUN FORMANNS F.H. STJÓRNAR VERÐJÖFNUNARSJÓÐS SJÁVARÚTVEGSINS

Með tilvísun til yfirlýsingar endurskoðenda úrskurðar stjórn Verðjöfnunarsjóðs sjávarútvegsins ársreikning sjóðsins 1993 réttan.

Reykjavík, 28. apríl 1994.

Árni Kolbeinsson formaður.

ÁRITUN SJÁVARÚTVEGSRÁÐHERRA

Með skírskotun til yfirlýsingar endurskoðenda og stjórnarformanns f.h. sjóðsstjórnar er ársreikningur Verðjöfnunarsjóðs sjávarútvegsins 1993 hér með staðfestur.

Reykjavík, 24. maí 1994.

Þorsteinn Pálsson
sjávarútvegsráðherra.

REIKNINGUR

Fiskveiðasjóðs Íslands fyrir árið 1993.

Rekstrarreikningur 31. desember.

	Skýr.	Kr.
Fjármunatekjur:		
Vaxtatekjur	4	2.077.738.426
Gengishagnaður	2	3.379.204.185
Verðbætur	2	35.802.716
Lántökugjöld		16.855.847
Fjármunatekjur samtals		5.509.601.174
Fjármagnsgjöld:		
Vaxtagjöld		1.393.287.123
Gengistap	2	2.839.736.224
Verðbætur	2	25.322.619
Lántökugjöld		43.380.539
Fjármagnsgjöld samtals		4.301.726.505
Mismunur fjármunatekna og fjármagnsgjalda		1.207.874.669
Reiknuð gjöld vegna verðlagsbreytinga	1	(108.984.000)
Framlag til afskriftarreiknings útlána	3	(422.894.930)
Hreinar fjármunatekjur		675.995.739
Aðrar tekjur:		
Arður af hlutabréfum		6.989.813
Aðrar tekjur		845.185
Aðrar tekjur samtals		7.834.998
Önnur gjöld:		
Laun og annar rekstrarkostnaður		127.084.922
Rekstur Vogavíkur		29.107.400
Framlag til lífeyrisskuldbindinga		189.674.000
Framlag til þróunardeildar		0
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna	1	11.434.966
Önnur gjöld samtals		357.301.288
Hagnaður ársins fyrir skatta		326.529.449
Tekju- og eignarskattur ársins	8	185.872.095
HAGNAÐUR ÁRSINS		140.656.544

Efnahagsreikningur 31. desember.

Eignir:

	Skýr.	Kr.
Bankainnstæður og verðbréf:		
Gengistryggðar innstæður		3.251.302.898
Aðrar innstæður		311.379.097
Verðbréf		1.005.841.826
Bankainnstæður samtals		4.568.523.821
Útlán:		
Skuldabréf, gengistryggð	2	24.863.663.519
Skuldabréf, verðtryggð	2	932.444.495
		25.796.108.014
Afskriftarreikningar útlána	3	(644.902.700)
Útlán samtals		25.151.205.314
Ýmsir eignaliðir:		
Áfallnir vextir	4	439.202.842
Hlutabréf	5	277.108.440
Innleyst veð og ábyrgðir	6	139.479.661
Ýmsar skammtímakröfur		62.897.972
Ýmsir eignaliðir samtals		918.688.915
Varanlegir rekstrarfjármunir:		
Fasteignir		127.331.417
Skrifstofubúnaður, innréttingar o.fl.	1	15.252.913
Varanlegir rekstrarfjármunir samtals	1,7	142.584.330
EIGNIR SAMTALS		30.781.002.380

Skuldir og eigið fé

	Skýr.	Kr.
Lánsfé:		
Skuldabréf, gengistryggð	2	23.836.436.322
Skuldabréf, verðtryggð, lánskjaravísitala	2	1.164.623.077
Skuldabréf, verðtryggð, byggingarvísitala	2	70.844.941
Skuldabréfalán samtals		25.071.904.340
Innheimtufé:		
Stofnfjársjóður fiskiskipa		669.137.796
Greiðslumiðlunarsjóður		28.697.056
Gengismunarsjóður		13.162.965
Aðrir sjóðir		24.047.829
Innheimtufé samtals		735.045.646
Aðrar skuldir:		
Áfallnir vextir		278.611.894
Fyrirfram innheimtar tekjur		39.973.086
Lífeyrisskuldbindingar	9	199.700.000
Aðrar skuldir		17.749.149
Skattar ársins		182.089.713
Aðrar skuldir samtals		718.123.842
SKULDIR SAMTALS		26.525.073.828
Eigið fé:		
Óráðstafað eigið fé	10	4.255.928.552
SKULDIR OG EIGIÐ FÉ SAMTALS		30.781.002.380

Sjóðstreymi:

	Kr.
Handbært fé frá rekstri:	
Hagnaður ársins	140.656.544
Rekstrarliðir sem ekki breyta lausafjárstöðu:	
Afskriftir ársins	11.434.966
Reiknuð gjöld vegna verðlagsbreytinga	108.984.000
Framlag í afskriftareikning útlána	422.894.930
Verðbætur og gengismunur af útlánum	(3.301.309.860)
Verðbætur og gengismunur af lánsfé	2.865.058.843
Framlag til lífeyrisskuldbindinga	199.700.000
	447.419.423
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:	
Aðrar eignir, lækkun	117.465.877
Aðrar skuldir, hækkun	67.097.597
Handbært fé frá rekstri	631.982.897
Fjárfestingahreyfingar:	
Veitt lán	(3.717.648.260)
Afborganir útlána	4.301.206.585
Sala á hlutabréfum	0
Kaup á varanlegum rekstrarfjármunum	(21.070.592)
Fjárfestingarhreyfingar samtals	562.487.733
Fjármögnunarhreyfingar:	
Tekin ný lán	5.439.899.080
Afborganir af lánsfé	(4.023.154.039)
Innheimtufé í vörslu sjóðsins, (lækkun)	(48.346.574)
Fjármögnunarhreyfingar samtals	1.368.398.467
HÆKKUN Á HANDBÆRU FÉ	2.562.869.097
HANDBÆRT FÉ Í ÁRSBYRJUN	2.005.654.724
HANDBÆRT FÉ Í ÁRSLOK	4.568.523.821

Skýringar við ársreikning Fiskveiðasjóðs Íslands

Reikningsskilaaðferðir:

1. Við gerð þessa ársreikninga eru áhrif almennra verðlagsbreytinga á afkomu og fjárhagsstöðu sjóðsins reiknuð sem fyrr og færð í ársreikningi. Er í því sambandi miðað við breytingu á lánskjaravísitölu innan ársins. Lánskjaravísitalan hækkaði um 2,99% á árinu. Fylgt er eftirfarandi aðferðum við útreikning:

   Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir eru endurmetnir með því að framreikna upphaflegt stofnverð þeirra til ársloka 1993 með verðbreytingarstuðli sem miðast við hækkun lánskjaravísitölu á árinu sbr. framanritað. Viðbætur fastafjármuna á árinu eru endurmetnar frá kaupmánuði til ársloka á sama hátt.

   Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af endurmetnu stofnverði framreiknuðu til meðalverðlags 1993, sbr. eftirfarandi:

Fasteignir	2,4%
Aðrir varanlegir rekstrarfjármunir	20,0%

   Áhrif verðlagsbreytinga á peningalegar eignir og skuldir eins og þær voru í byrjun reikningsársins og á breytingu þeirra innan ársins eru reiknuð og færð í ársreikninginn. Útreikningurinn byggist á breytingu á lánskjaravísitölu innan ársins og myndar reiknuð gjöld vegna verðlagsbreytinga að fjárhæð 108.984 þúsund króna og er sú fjárhæð gjaldfærð í rekstrarreikningi og til mótvægis á eigið fé. Hin reiknuðu gjöld eiga að endurspegla þá raunvirðisrýrnun sem verður á peningalegum eignum og skuldum við verðbólguaðstæður og á færslan sér aðallega mótvægi í vöxtum, verðbótum og gengismun.

   Markmiðið með því að taka tillit til framangreindra verðlagsleiðréttinga, er að sýna afkomu sjóðsins umfram verðbólgu í rekstrarreikningi á meðalverðlagi, en fjárhæðir í efnahagsreikningi á árslokaverðlagi.

2. Útlán og skuldir sjóðsins í erlendum gjaldeyri eða reikningseiningum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á sölugengi viðkomandi gjaldmiðla eða reikningseininga í lok reikningsársins.

   Útlán og skuldir sjóðsins sem eru verðtryggðar miðað við vísitölur eru uppfærðar samkvæmt vísitölum, er tóku gildi 1. janúar 1994.

   Gengismunur og verðbætur á höfuðstól útlána og skulda eru færðar í rekstarreikning.

3. Afskriftarreikningur útlána, sem nemur 2,5% af útlánum er myndaður til að mæta þeirri almennu áhættu, sem fylgir útlánastarfsemi. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða, heldur er myndaður mótreikningur sem færður er til frádráttar útlána í efnahagsreikningi. Hreyfingar ársins á afskriftarreikningi útlána greinast þannig í þúsundum króna:

Staða í byrjun árs	586.060
Fært út vegna afskrifta	(364.052)
Gjaldfært framlag ársins	422.895
Staða í lok árs	644.903

4. Í vaxtauppgjöri sjóðsins er við það miðað að innheimtanlegt hlutfall áfallinna vaxta sé 96%. Þetta hlutfall er talið vera í samræmi við raunverulega innheimtu vaxtanna.

Hlutabréf:

5. Hlutabréfaeign sjóðsins í Íslandsbanka hf. og Þróunarfélaginu hf. er eignfærð á markaðsverði í árslok. Hlutabréfaeign í Íslenskri endurtryggingu hf. er eignfærð á nafnverði. Hlutabréfaeign sjóðsins í árslok 1993 greinist þannig í þúsundum króna:

	Eignarhlutdeild	Nafnverð	Bókfært verð
Íslandsbanki hf.	7,12%	276.000	237.360
Þróunarfélagið hf.	8,70%	30.000	39.000
Íslensk endurtrygging hf.	0,22%	748	748
		306.748	277.108

Ýmsar eignir:

6. Undir liðnum innleyst veð og ábyrgðir eru færðar kröfur, fasteignir og aðrar eignir sem sjóðurinn hefur eignast á nauðungaruppboðum og vegna innleystra ábyrgða.

Varanlegir rekstrarfjármunir:

7. Varanlegir rekstrarfjármunir, endurmat þeirra og afskriftir greinast þannig í þúsundum króna:

	Fasteignir	Skrifstofuáhöld, innréttingar o.fl.	Samtals
Stofnverð 1. janúar 1993	121.328	58.303	179.631
Viðbót á árinu	11.530	9.540	21.070
Endurmat á árinu	3.842	1.921	5.763
Fært út á árinu		(28.871)	(28.871)
Stofnverð 31. desember 1993	136.700	40.893	177.593
Afskrifað 1. janúar 1993	6.070	44.736	50.806
Afskrift ársins	3.074	5.474	8.548
Endurmat ársins	225	1.414	1.639
Fært út á árinu		(25.984)	(25.984)
Afskrifað samtals 31. desember 1993	9.369	25.640	35.009
Bókfært verð 31. desember 1993	127.331	15.253	142.584

Gjaldfærðar afskriftir samkvæmt rekstrarreikningi nema á árinu samtals 11.435 þúsundum króna og greinast þannig:

Afskriftir ársins samanber framanritað	8.548
Afskriftir vegna úreltra fastafjármuna	2.887
	11.435

Í árslok 1993 var fasteignamat húsa og lóða samtals 43.242 þúsund krónur en brunabótamat var samtals 85.140 þúsund krónur.

Skattamál:

8. Opinber gjöld vegna rekstrarársins 1993 hafa verið reiknuð og færð í ársreikningi og greinast þau þannig í þúsundum króna:

Tekjuskattur	116.695
Eignarskattur	69.178
Tryggingargjald	4.913
Fasteignagjöld til sveitarfélaga	690
	191.476

Lífeyrisskuldbindingar:

9. Nú er í fyrsta skipti fært í ársreikning sjóðsins skuldbinding hans vegna hlutdeildar í ófjármögnuðum halla á Eftirlaunasjóði starfsmanna Landsbankans og Seðlabankans, en starfsmenn sjóðsins eiga aðild að honum. Við gerð þessa ársreiknings lá fyrir tryggingarfræðilegur útreikningur um lífeyrisskuldbindingu sjóðsins. Í ársbyrjun var skuldbindingin 189.674 þúsund krónur og í árslok 199.700 þúsund krónur og er þá miðað við 2% ársvexti og að starfsmenn hefji töku lífeyris við 65 ára aldur.
Lífeyrisskuldbinding sjóðsins eins og hún var í ársbyrjun 189.674 þúsund krónur er færð til gjalda í rekstarreikningi undir liðnum önnur gjöld. Á árinu 1993 voru gjaldfærðar samtals 13.793 þúsund krónur vegna lífeyrisskuldbindinga sem skiptist annarsvegar á vexti og verðbætur og hinsvegar á framlag vegna lífeyrisskuldbindinga í liðnum laun og annar rekstrarkostnaður.

Eigið fé:

10. Yfirlit um breytingu á eiginfjárreikningi:

	Óráðstafað eigið fé 1993
Eigið fé í byrjun árs	4.145.684
Reiknuð gjöld v/áhrifa verðlagsbreytinga	108.984
Endurmat varanlegra rekstrarfjármuna	4.124
Fengið jöfnunarhlutabréf	0
Endurmat hlutabréfa	(143.520)
Hagnaður ársins	140.657
Eigið fé í lok árs	4.255.929

Eigið fé sjóðsins í ársbyrjun 1993 nam 4.145.684 þúsund krónur er jafngildir 4.269.640 þúsund krónur í árslok miðað við 2,99% verðlagsbreytingu innan ársins. Samkvæmt efnahagsreikningi nemur eigið fé sjóðsins 4.255.929 þúsund krónur eða 13.711 þúsund krónur lægri fjárhæð en í ársbyrjun miðað við verðlag í árslok 1993.
Breytingin greinist þannig í þúsund krónur:

	Samkvæmt ársreikn.	Á verðlagi 31. des. 1993
Eigið fé 1. janúar 1993	4.145.684	4.269.640
Hagnaður ársins	140.657	142.423
Endurmat varanlegra rekstrarfjármuna og verðbreytingarfærsla	113.108	
Endurmat hlutabréfa	(143.520)	
Mismunur á liðum sem fylgja ekki almennum verðlagsbreytingum		(156.134)
	4.255.929	4.255.929

Hagræðingar- og framkvæmdalánadeild:

11. Með bráðabirgðalögum nr. 46/1983 var stofnuð ný deild við Fiskveiðasjóð, er heitir „Hagræðingar- og framkvæmdalánadeild". Ársreikningur deildarinnar fylgir ársreikningi Fiskveiðasjóðs. Fjárhagur hennar skal sérstaklega aðgreindur frá fjárhag annarra hluta sjóðsins og hefur ekki áhrif á fjárhag hans.

Hagræðingar- og framkvæmdalánadeild Fiskveiðasjóðs Íslands

Rekstrarreikningur ársins 1993

	Kr.
Rekstrartekjur:	
Vaxtatekjur	4.806.166
Verðbætur af útlánum	172.438
Reiknaðar tekjur	2.903.000
Rekstrartekjur samtals	7.881.604
Rekstrargjöld:	
Vaxtagjöld	28.677.747
Gengistap af skuldum	11.161.012
Afskrifuð útlán	43.865.441
Rekstrargjöld samtals	83.704.200
HAGNAÐUR (TAP) ÁRSINS FÆRT Á EIGIÐ FÉ	(75.822.596)

Efnahagsreikningur 31. desember

	Kr.
Eignir	
Geymslufé í Fiskveiðasjóði Íslands	6.508
Útlán – skip	14.178.499
Útlán – fasteignir	4.305.070
Hlutdeildarskírteini	48.560.365
Ógreiddir vextir	374.371
Eignir samtals	67.424.813
Skuldir:	
Erlend skuld	162.840.708
Ógreiddir vextir	80.403.551
Skuldir samtals	243.244.259
Eigið fé:	
Eigið fé (neikvætt)	(175.819.446)
SKULDIR OG EIGIÐ FÉ SAMTALS	67.424.813

ÁRITUN ENDURSKOÐENDA

Við höfum endurskoðað ársreikning *Fiskveiðasjóðs Íslands* fyrir árið 1993 í umboði Ríkisendurskoðunar. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi, skýringar nr. 1–10 og sérstakan rekstrar- og efnahagsreikning fyrir Hagræðingar- og framkvæmdalánadeild. Við endurskoðunina voru gerðar þær kannanir á bókhaldi og bókhaldsgögnum sem við töldum nauðsynlegar.

Að okkar áliti er ársreikningurinn saminn í samræmi við gildandi lög, samþykktir og góða reikningsskilavenju og gefur glögga mynd af rekstri sjóðsins á árinu 1993, efnahag hans 31. desember 1993 og breytingu á lausafjárstöðu á árinu 1993.

Reykjavík, 2. mars 1994.
Endurskoðendaþjónustan.

Sævar Þ. Sigurgeirsson,
löggiltur endurskoðandi.

Jón Tryggvi Kristjánsson,
löggiltur endurskoðandi.

ÁRITUN STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRNAR

Reykjavík, 2. mars 1994
Fiskveiðasjóður Íslands.

Már Elísson	**Svavar Ármannsson**	**Gunnar P. Ívarsson**
forstjóri.	aðstoðarforstjóri.	skrifstofustjóri.

Með tilvísun til yfirlýsingar endurskoðenda úrskurðar stjórn Fiskveiðasjóðs Íslands ársreikninga sjóðsins 1993 rétta.

Reykjavík, 15. mars 1994.

Björgvin Vilmundarson.

Birgir Ísleifur Gunnarsson.	**Árni Benediktsson.**
Guðjón A. Kristjánsson.	**Jón Ingvarsson.**
Kristján Ragnarsson.	**Ragnar Önundarson.**

ÁRITUN SJÁVARÚTVEGSRÁÐHERRA

Með skírskotun til yfirlýsingar endurskoðenda og sjóðsstjórnar eru ársreikningar Fiskveiðasjóðs Íslands 1993 hér með staðfestir.

Reykjavík, 15. mars 1994.

Þorsteinn Pálsson.

15. júlí 1994 Nr. 414

REGLUGERÐ

um ráðstöfun aflaheimilda skv. 9. gr. laga nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða, sbr. lög nr. 87/1994.

1. gr.

Aflaheimildum, er nema 12.000 þorskígildislestum, skv. 9. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, sbr. 4. gr. laga nr. 87/1994, skal úthlutað til þeirra fiskiskipa, sem verða fyrir mestri skerðingu við úthlutun aflamarks á fiskveiðiári því, sem hefst 1. september 1994.

Skal Fiskistofa úthluta aflaheimildunum til þeirra skipa, sem orðið hafa fyrir meira en 6,0% skerðingu úthlutaðs aflamarks í þorskígildum talið á milli fiskveiðiáranna, sbr. 2. gr., þannig að skerðing umfram framangreind mörk verði að fullu bætt. Skal aflaheimildum skipt milli tegunda í hlutfalli við leyfðan heildarafla af einstökum tegundum og verðmætahlutföll þau sem kveðið er á um í reglugerð um veiðar í atvinnuskyni fyrir fiskveiðiárið, sem hefst 1. september 1994.

Við ákvörðun um að skerðingin verði aldrei meiri en 6,0% milli fiskveiðiáranna skv. 2. mgr. er miðað við, að leyfður heildarafli af innfjarðarrækju á hverju svæði verði óbreyttur milli fiskveiðiáranna.

2. gr.

Fyrir hvert fiskiskip, sem leyfi hefur til veiða í atvinnuskyni með aflahlutdeild, sbr. lög nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, skal reikna aflamark fyrir hverja tegund annars vegar fyrir kveiðiárið er hófst 1. september 1993 og hins vegar fyrir fiskveiðiárið, er hefst 1. september 1994, miðað við aflahlutdeild viðkomandi skips í hverri tegund 27. maí 1994. Skal miðað við úthlutað heildaraflamark hvors fiskveiðiárs fyrir hverja tegund að teknu tilliti til breytinga sem orðið hafa á heildaraflamarki innan fiskveiðiársins. Við þessa útreikninga skal þó ekki taka tillit til úthlutunar á aflaheimildum Hagræðingarsjóðs, sbr. lög nr. 119/1993. Þannig reiknað aflamark hvers skips fyrir hvort fiskveiðiár um sig skal reiknað til þorskígilda miðað við verðmætastuðla samkvæmt reglugerð um veiðar í atvinnuskyni fyrir fiskveiðiárið, sem hefst 1. september 1994. Sú hlutfallslega breyting, sem orðið hefur á aflaheimildum einstakra skipa milli fiskveiðiára miðað við framangreindar forsendur, skal lögð til grundvallar við úthlutun skv. 1. gr.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 2. mgr. 9. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða sbr. lög nr. 87, 24. maí 1994, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 15. júlí 1994.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

Nr. 415 15. júlí 1994

AUGLÝSING

um bann við veiðum krókabáta á fiskveiðiárinu 1994/1995.

1. gr.

Allar línu- og handfæraveiðar krókabáta skv. 6. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, sbr. 2. gr. laga nr. 87/1994, eru bannaðar eftirgreinda daga:

September:	9., 10., 11., 23., 24., 25.
Október:	7., 8., 9., 21., 22., 23.
Nóvember:	11., 12., 13., 25., 26., 27.
Desember:	1. til 31. að báðum dögum meðtöldum.
Janúar:	1. til 31. að báðum dögum meðtöldum.
Febrúar:	10., 11., 12., 24., 25., 26.
Mars:	10., 11., 12., 24., 25., 26.
Apríl:	7., 8., 9., 11. til 17. að báðum dögum meðtöldum, 21., 22., 23.
Maí:	12., 13., 14., 26., 27., 28.
Júní:	9., 10., 11., 23., 24., 25.
Júlí:	7., 8., 9., 21., 22., 23.
Ágúst:	1. til 7. að báðum dögum meðtöldum, 11., 12., 13., 25., 26., 27.

2. gr.

Brot á auglýsingu þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum IV. kafla laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Um gjald vegna ólögmæts sjávarafla skal beita ákvæðum laga nr. 37, 27. maí 1992.

3. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum, sbr. reglugerð um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1994/1995, öðlast gildi 1. september 1994.

Sjávarútvegsráðuneytið, 15. júlí 1994.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

20. júlí 1994 Nr. 416

REGLUGERÐ

um Þróunarsjóð sjávarútvegsins.

Hlutverk.

1. gr.

Hlutverk Þróunarsjóðs sjávarútvegsins er að stuðla að aukinni arðsemi í sjávarútvegi. Til að draga úr afkastagetu í sjávarútvegi veitir sjóðurinn styrki til úreldingar fiskiskipa, kaupir fiskvinnslustöðvar og framleiðslutæki þeirra. Jafnframt tekur sjóðurinn þátt í skipulagsbreytingum í samvinnu við lánastofnanir leiði endurskipulagningin til verulegrar hagræðingar. Þá er sjóðnum heimilt að veita ábyrgðir og lán til nýsköpunar í sjávarútvegi og til að greiða fyrir þátttöku sjávarútvegsfyrirtækja í verkefnum erlendis.

Stjórn.

2. gr.

Sjávarútvegsráðherra skipar sjóðnum þriggja manna stjórn til fjögurra ára í senn. Skal einn stjórnarmaður skipaður eftir tilnefningu samstarfsnefndar atvinnurekenda í sjávarútvegi, en tveir án tilnefningar. Ráðherra skipar formann sjóðsstjórnar. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Ráðherra ákveður þóknun sjóðsstjórnar.

Stjórnarfundir.

3. gr.

Formaður stjórnar boðar stjórnarfundi. Fundir stjórnar eru lögmætir ef tveir stjórnarmanna eru á fundinum. Afl atkvæða ræður úrslitum mála. Ákvarðanir stjórnar skulu færðar í gjörðabók.

Hlutverk stjórnar.

4. gr.

Stjórn Þróunarsjóðs hefur yfirumsjón með starfsemi sjóðsins. Hún ræður framkvæmdastjóra og annað starfsfólk til að annast daglegan rekstur hans, eða semur um það við fjármálastofnanir eftir því sem hagkvæmt þykir.

Þagnarskylda.

5. gr.

Stjórnarmenn og allir starfsmenn Þróunarsjóðs sjávarútvegsins eru bundnir þagnarskyldu um atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli máls. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

Rekstrar- og greiðsluáætlanir.

6. gr.

Fyrir upphaf hvers starfsárs skal stjórn sjóðsins leggja fyrir sjávarútvegsráðherra sundurliðaða rekstrar- og greiðsluáætlun fyrir næsta starfsár til staðfestingar. Áætlanir vegna ársins 1994 skulu lagðar til staðfestingar fyrir ráðherra eigi síðar en 15. ágúst 1994 og skal staðfesting hans liggja fyrir áður en hafist verður handa við að greiða úr sjóðnum til lögbundinna meginverkefna.

Eignir Þróunarsjóðs.

7. gr.

Þróunarsjóður tekur við öllum eignum og skuldbindingum Hagræðingarsjóðs sjávarútvegsins, sbr. l. nr. 65/1992, eignum og skuldbindingum Atvinnutryggingardeildar Byggðastofnunar vegna sjávarútvegsfyrirtækja, sbr. l. nr. 42/1991, og öllum eignum og skuldbindingum hlutafjárdeildar Byggðastofnunar, sbr. l. nr. 42/1991. Yfirtakan miðast við stöðu eigna og skulda við gildistöku laga þessara að frádregnum endurlánum ríkissjóðs til Atvinnutryggingardeildar að fjárhæð 950 m.kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt m.v. gengi 31. desember 1992, sem ríkissjóður tekur að sér að greiða. Jafnframt ábyrgist Þróunarsjóður gagnvart ríkissjóði það sem á kann að falla vegna ríkisábyrgðar á verðbættu nafnvirði A-hlutdeildarskírteina hlutafjárdeildar. Halda skal fjárreiðum framangreindra sjóða aðskildum í bókhaldi sjóðsins.

Þróunarsjóði er heimilt að kaupa hlutdeildarskírteini hlutafjárdeildar.

Fækkun fiskiskipa.

8. gr.

Þróunarsjóður sjávarútvegsins skal stuðla að aukinni hagkvæmni í útgerð með því að laga stærð og afkastagetu fiskiskipastólsins að afrakstursgetu nytjastofna sjávar. Í því skyni skal sjóðurinn veita styrki til úreldingar skipa enda sé tryggt að í stað hinna úreltu skipa komi ekki ný skip í fiskiskipaflotann eða að afkastageta flotans aukist með öðrum hætti.

Úreldingarstyrkur.

9. gr.

Sjóðurinn veitir eingöngu styrki vegna úreldingar þeirra skipa sem gjaldskyld eru samkvæmt 4. gr. l. nr. 92/1994 um Þróunarsjóð sjávarútvegsins. Á árinu 1994 skal úreldingarstyrkur vera 45% af húftryggingarverðmæti fiskiskips eins og það var við upphaf þess almanaksárs er umsókn um styrkinn barst. Falli skip ekki undir samræmdar reglur um húftryggingarmat (s.s. fjárhæðanefnd fiskiskipa eða Samábyrgð Íslands á fiskiskipum) eða liggi slíkt mat ekki fyrir skal stjórn sjóðsins áætla húftryggingarverðmæti skipsins og er í þeim efnum ekki bundin af umsaminni húftryggingarfjárhæð skipsins. Um mat af þessu

tagi skal stjórnin setja sérstakar starfsreglur og getur hún m.a. leitað um slíkt mat til sérfróðra eða reyndra aðila. Á árinu 1994 skal úreldingarstyrkur þó aldrei nema hærri fjárhæð en 90.000.000 kr. fyrir hvert skip.

Skilyrði fyrir að stjórn sjóðsins sé heimilt að veita loforð um styrk vegna úreldingar fiskiskips er að skipið hafi fengið leyfi til veiða í atvinnuskyni samkvæmt lögum nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða með síðari breytingum. Það eru ennfremur skilyrði að réttur eigandi eða eigendur skips og handhafi viðkomandi réttinda lýsi því yfir að skipið verði eða hafi verið tekið varanlega af skipaskrá, að réttur til endurnýjunar þess verði ekki nýttur og að allar aflaheimildir skipsins verði varanlega sameinaðar aflaheimildum annarra fiskiskipa. Greiði sjóðurinn styrk vegna úreldingar skips, sem orðið hefur fyrir tjóni sem bætt er af vátryggingarfélagi, skal samtala tjónabóta og úreldingarstyrks aldrei nema hærri fjárhæð en húftryggingarmati skipsins.

Stjórn sjóðsins er óheimilt að greiða úreldingarstyrk fyrr en fyrir liggur vottorð Siglingamálastofnunar um afskráningu skipsins af skipaskrá svo og að skipi hafi verið eytt eða það selt úr landi. Einnig liggi fyrir yfirlýsing eiganda skips og handhafa viðkomandi réttinda um það að skipið verði ekki að þeirra tilstuðlan aftur skráð á íslenska skipaskrá. Ennfremur liggi fyrir yfirlýsing frá Fiskistofu um að allar aflaheimildir skipsins hafi varanlega verið sameinaðar aflaheimildum annarra skipa og að fallið hafi verið frá rétti til endurnýjunar skipsins. Þá er óheimilt að veita skipi leyfi til veiða í atvinnuskyni ef Þróunarsjóður hefur greitt styrk vegna úreldingar þess.

Komi í ljós að fjárhagur Þróunarsjóðs leyfi ekki greiðslu úreldingarstyrkja samkvæmt ákvæðum þessarar greinar skal sjóðsstjórn gera tillögu til ráðherra um lækkun á því hlutfalli af húftryggingarverðmæti sem styrkur miðast við. Jafnframt er sjóðsstjórn heimilt að ákveða frestun á greiðslu styrkja ef hún telur að um tímabundinn skort á ráðstöfunarfé sé að ræða.

Kaup á fiskvinnslustöðvum.

10. gr.

Í því skyni að stuðla að aukinni arðsemi fiskvinnslu í landi og minnkun afkastagetu hennar er stjórn Þróunarsjóðs sjávarútvegsins heimilt til ársloka 1996 að kaupa fiskvinnslustöðvar og framleiðslutæki sem kunna að vera í þeim fasteignum.

Þegar metið verður hvort festa skuli kaup á fasteignum fiskvinnslustöðva skal sérstaklega haft í huga að kaupin leiði til betri rekstrarskilyrða þeirra fiskvinnslustöðva sem halda áfram rekstri. Meti sjóðsstjórn að ekki sé nægjanlegt að festa kaup á fasteignum fiskvinnslustöðva til að minnka afkastagetu fiskvinnslunnar er henni einnig heimilt að kaupa framleiðslutæki viðkomandi vinnslustöðvar enda sé ella hætt við að þau verði nýtt til að auka afkastagetu í öðrum fiskvinnslustöðvum.

11. gr.

Stjórn Þróunarsjóðs er heimilt að festa kaup á fiskvinnslustöð ef viðkomandi vinnslustöð hefur fengið útgefið fullgilt vinnsluleyfi Fiskistofu sbr. l. 93/1992, eða fiskvinnsla hafi verið stunduð í fasteigninni með tilskildu vinnsluleyfi á árinu 1991 eða 1992 og henni hafi ekki verið ráðstafað varanlega til annarra nota. Það er jafnframt skilyrði að þær eignir, sem sjóðurinn festir kaup á séu afhentar veðbandalausar. Þó er stjórn sjóðsins heimilt að inna kaupverð að hluta eða öllu leyti af hendi með því að taka við áhvílandi veðlánum.

Í reglugerð þessari er fiskvinnslustöð skilgreind sem hús sem metið er fasteignamati og þar sem sjávarafurðir eru tilreiddar, verkaðar, kældar, frystar, pakkaðar eða geymdar. Tilreidd sjávarafurð telst afurð þar sem fiskurinn er ekki lengur í heilu lagi en hefur t.d. verið slægður eða hausaður, skorinn í sneiðar, flakaður, hakkaður o.s.frv. Verkuð afurð telst

sjávarafurð sem hefur fengið efnameðferð s.s. hitun, reykingu, söltun, þurrkun eða verið lögð í kryddlög o.s.frv. og er unnin úr ferskum, kældum eða frystum sjávarafurðum hvort sem þær hafa verið beittar einni eða fleiri fyrrgreindra verkunaraðferða.

Hús telst í þessu sambandi ekki fiskvinnslustöð ef þar fer fram:

niðursuða og niðurlagning sjávarafurða,
fiskeldi,
umstöflun afla í gáma,
rekstur fiskmarkaðar,
skrifstofuhald tengt fiskvinnslu.

Til fiskvinnslustöðva teljast hús en ekki önnur mannvirki tengd fiskvinnslu s.s. skreiðarhjallar, hafnarmannvirki, vinnsluplön o.s.frv.

Sé eignin notuð til fiskvinnslu en einnig til annarra þarfa, skal skipta verðmæti eignarinnar hlutfallslega.

Kaupverð þeirra fiskvinnslustöðva og framleiðslutækja sem í þeim kunna að vera og sjóðsstjórn ákveður að festa kaup á, skal taka mið af markaðsverði sambærilegra eigna. Þó skal kaupverð aldrei nema hærri fjárhæð en sem nemur 75% af fasteignamati þess hluta eða þeirra hluta viðkomandi fasteigna sem reglugerð þessi tekur til samkvæmt mati sjóðsins og 25% af verðmæti framleiðslutækja samkvæmt mati sjóðsins.

Stjórn Þróunarsjóðs skal leitast við að selja fasteignir sem sjóðurinn eignast til óskyldrar starfsemi. Jafnframt þarf sjóðurinn að tryggja að endurráðstöfun framleiðslutækja leiði ekki til aukinnar afkastagetu fiskvinnslunnar. Það má gera t.d. með því að ráðstafa tækjum úr landi eða með því að skipta á þeim við fiskvinnslustöðvar innanlands og fá í staðinn jafn afkastamikil tæki. Þannig fengnum framleiðslutækjum yrði síðan eytt eða ráðstafað úr landi.

Halda skal fjárreiðum vegna eignakaupa, skv. þessari grein aðskildum í bókhaldi sjóðsins.

Þátttaka í þróunarverkefnum.

12. gr.

Þróunarsjóður sjávarútvegsins skal stuðla að vöruþróun og markaðssetningu íslenskra sjávarafurða innanlands sem utan, sem og annarri nýsköpun í sjávarútvegi. Með því er átt við sókn og nýtingu á fleiri tegundum sjávarfangs en hingað til hafa verið nýttar. Í þessu skyni er sjóðsstjórn heimilt að veita lán og ábyrgðir.

13. gr

Til að greiða fyrir þátttöku íslenskra aðila og fyrirtækja í sjávarútvegsverkefnum erlendis er stjórn Þróunarsjóðs heimilt að leggja fram framleiðslutæki sem sjóðurinn hefur keypt, sem hlutafé í sjávarútvegsfyrirtækjum utan Íslands eða hlutafélögum sem stofnuð eru hér á landi til að taka þátt í erlendum verkefnum á þessu sviði. Þá er sjóðnum heimilt að leggja fram hlutafé í reiðufé til slíkra fyrirtækja, veita þeim ábyrgðir eða víkjandi lán enda liggi fyrir að alþjóðleg lánastofnun hafi á grundvelli fyrirliggjandi arðsemisáætlana mælt með fjármögnun viðkomandi verkefnis.

14. gr.

Umsækjandi um lán eða ábyrgð sbr. 12. og/eða þátttöku sjóðsins í þróunarverkefni sbr. 13. gr. skal jafnan gera fullnægjandi grein fyrir fjármögnun þróunarverkefnis umfram það sem felst í þátttöku Þróunarsjóðs. Stjórn Þróunarsjóðs ákveður kjör útlána og metur í hverju tilviki tryggingar fyrir veittum lánum og ábyrgðum.

15. gr

Stjórn Þróunarsjóðs sjávarútvegsins ákveður árlega framlag sjóðsins til þróunarverkefna sbr. 6. gr.

Ýmis ákvæði.

16. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Ársreikningum skal fylgja skrá yfir ráðstafanir á fjármunum Þróunarsjóðs svo sem vegna greiðslu úreldingarstyrkja, kaupa á fasteignum og framleiðslutækjum fiskvinnsluhúsa, þátttöku í þróunarverkefnum og sölu á hlutabréfum hlutafjárdeildar. Ríkisendurskoðun annast endurskoðun reikninga Þróunarsjóðs og skal hún árlega gera sérstaka athugun á möguleikum sjóðsins til að standa undir skuldbindingum sínum miðað við stöðu efnahagsreiknings og áætlun um framtíðarútgjöld og -tekjur sjóðsins. Ráðherra staðfestir reikninga sjóðsins að lokinni endurskoðun.

17. gr.

Þróunarsjóður sjávarútvegsins er undanþeginn fasteignagjöldum af fasteignum sem sjóðurinn kann að eignast. Öll skjöl viðvíkjandi lánum sem sjóðurinn tekur skulu undanþegin stimpilgjöldum.

18. gr.

Stjórn sjóðsins er heimilt að taka lán, þó ekki með útgáfu og sölu á skuldabréfum og öðrum endurgreiðanlegum skuldaviðurkenningum til almennings, í því skyni að jafna misræmi milli innborgana af skuldabréfum í eigu sjóðsins og afborgana og vaxta af lánum sem sjóðurinn á að standa skil á.

19. gr.

Eignir sjóðsins skulu ávaxtaðar á hagkvæman og tryggan hátt.

Rekstrarkostnaður sjóðsins greiðist af tekjum hans.

Atvinnutryggingardeild og hlutafjárdeild.

20. gr.

Hlutverk atvinnutryggingardeildar vegna sjávarútvegsfyrirtækja er að innheimta skuldabréf sem eru í eigu deildarinnar.

Stjórn Þróunarsjóðs er óheimilt að veita ný lán úr atvinnutryggingardeild. Stjórn sjóðsins er þó heimilt að skuldbreyta lánum atvinnutryggingardeildar ef það er liður í sameiginlegum aðgerðum lánastofnana sem leiði til: Sameiningar sjávarútvegsfyrirtækja eða verulegrar minnkunar á afkastagetu einstakra fyrirtækja, sem sýnt þykir að muni leiða til betri rekstrarskilyrða.

Til 31. desember 1994 er stjórn Þróunarsjóðs heimilt að skuldbreyta lánum hjá lántakendum samkvæmt sérstakri ákvörðun ríkisstjórnarinnar frá 27. júní 1993. Heimildin nær til skuldbreytingar á ógjaldföllnum afborgunum sem falla til á árunum 1994 og 1995 þannig að þeim verði bætt við höfðustól og endurgreiðslutíminn lengdur um fjögur ár. Þetta er þó því aðeins heimilt að vanskil verði gerð upp og skuldari geri greiðslusamning við atvinnutryggingardeild um hlutfall af afla- eða framleiðsluverðmæti sem renni til að standa skil af lánum.

Stjórn Þróunarsjóðs er því aðeins heimilt að gefa eftir hluta lána eða tryggingа fyrir lánum að það sé talið nauðsynlegt vegna innheimtuhagsmuna atvinnutryggingardeildar og að það sé liður í skuldaskilasamningum sem aðrir kröfuhafar taka þátt í. Deildinni er ekki heimilt að gefa eftir stærri hluta krafna en aðrir kröfuhafar með sambærilega tryggingar-

stöðu samþykkja að gefa eftir. Lán með haldbærum tryggingum er ekki heimilt að gefa eftir.

Byggðastofnun skal annast reikningshald og innheimtu lána atvinnutryggingardeildar Þróunarsjóðs vegna sjávarútvegsfyrirtækja eftir nánara samkomulagi við stjórn Þróunarsjóðs.

21. gr.

Stjórn Þróunarsjóðs fer með hlutabréf í eigu hlutafjárdeildar. Stjórninni er heimilt að selja hlutafé í eigu deildarinnar og skal það boðið til sölu a.m.k. einu sinni á ári. Skal starfsfólk og aðrir eigendur þess fyrirtækis sem í hlut á hverju sinni njóta forkaupsréttar. Hlutafjárdeild er óheimilt að kaupa ný hlutabréf. Deildinni er þó heimilt við samruna félaga eða skipti á hlutabréfum að taka við nýjum hlutabréfum sem samsvara fyrri hlutabréfaeign. Hlutdeildarskírteini deildarinnar skulu skráð á nafn og geta gengið kaupum og sölum. Hlutafjárdeild skal tilkynnt um eigendaskipti á hlutdeildarskírteinum.

22. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í l. nr. 92/1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, öðlast þegar gildi.

Hafi umsókn um greiðslu úreldingarstyrks fiskiskips borist stjórn Hagræðingarsjóðs fyrir gildistöku laga nr. 92/1994 án þess að hljóta afgreiðslu skal stjórn Þróunarsjóðs afgreiða slíkar umsóknir í samræmi við ákvæði l. nr. 92/1994 um Þróunarsjóð sjávarútvegsins og reglugerðar þessarar.

Sjávarútvegsráðuneytið, 20. júlí 1994.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

Nr. 417

REIKNINGUR

Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 1993.

Rekstrarreikningur

Tekjur:

	Kr.
Ríkisframlag	1.615.999.820
Landsútsvar	621.740.215
Tekjur alls	2.237.740.035

Gjöld:

	Kr.
Bundin framlög	812.559.265
Sérstök framlög	641.880.110
Jöfnunarframlög	892.124.195
Laun og launategnd gjöld	3.617.809
Önnur rekstrargjöld	4.033.379
Gjöld alls	2.354.214.758

Tekjur umfram gjöld án fjármunatekna	(116.474.723)

Fjármunatekjur:

Vaxtatekjur	31.722.346
Vaxtagjöld	(5.767)
Fjármunatekjur alls	31.716.579
Tekjur umfram gjöld	(84.758.144)

Efnahagsreikningur 31. desember.

Eignir:

Veltufjármunir:	Kr.
Bankareikningur	124.819.812
Viðskiptakröfur	11.071.580
Óendurgr. virðisaukaskattur	2.207.009
Veltufjármunir alls	138.098.401
Eignir alls	138.098.401

Skuldir og eigið fé:

Skammtímaskuldir:	Kr.
Viðskiptaskuldir	26.519.193
Ógreiddir skattar	0
Skammtímaskuldir alls	26.519.193

Eiginfjárreikningur:	
Eigið fé 01.01	196.337.352
Endurmat	0
Rekstrarafkoma ársins	(84.758.144)
Eiginfjárreikningur alls	111.579.208
Skuldir og eigið fé alls	138.098.401

Sjóðstreymi

Framlag rekstrar:	Kr.
Rekstrarafkoma ársins skv. rekstrarreikningi	(84.758.144)
Afskriftir	0
	(84.758.144)
Breyting liða innan hreins veltufjár:	
(Aukning) minnkun viðskiptakrafna	(9.929.178)
(Aukning) minnkun fyrirfr. gr. skatta	(2.177.966)
Aukning (minnkun) viðskiptaskulda	3.410.657
Aukning (minnkun) ógr. skatta	(6.587)
Breytingar á veltufjárreikningi	(8.703.074)
Lækkun á handbæru fé	(93.461.218)
Handbært fé í ársbyrjun	218.281.030
Handbært fé í árslok	124.819.812

Áritun ríkisendurskoðunar

Ársreikning Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 1993 hefur stofnunin endurskoðað. Ársreikningurinn samanstendur af rekstrarreikningi, efnahagsreikningi, sjóðstreymi og skýringum nr. 1.-12. Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju og voru í því sambandi gerðar þær kannanir á bókhaldi sem taldar voru nauðsynlegar.

Það er álit Ríkisendurskoðunar að ársreikningurinn sé gerður í samræmi við lög, reglur og góða reikningsskilavenju og gefi glögga mynd af rekstri sjóðsins á árinu 1993, efnahag í lok þess árs og breytingu á handbæru fé á árinu 1993.

Ríkisendurskoðun, 13. júní 1994.

Sigurður Þórðarson.
Sveinn Arason.

Staðfesting ársreiknings

Félagsmálaráðherra og formaður ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 1993.

Reykjavík, 13. júní 1994.

Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra.
Húnbogi Þorsteinsson formaður ráðgjafarnefndar.

REGLUGERÐ

um merkingu lyfja og fylgiseðla með lyfjum, sem ætluð eru mönnum og dýrum.

Inngangur og skýringar.

1. gr.

Ákvæði reglugerðar þessarar eru í samræmi við tilskipanir ráðs Evrópubandalagsins 92/27/EBE, 81/851/EBE og 90/676/EBE sem allar fjalla um merkingu lyfja og fylgiseðla með lyfjum, sem ætluð eru mönnum og dýrum.

Í viðauka 1 eru nánari ákvæði, skýringar og leiðbeiningar um merkingu lyfja sbr. 4. gr. reglugerðarinnar og um fylgiseðla með lyfjum sbr. 5. og 6. gr.

Í viðauka 2 eru íslensk heiti lyfjaforma og skilgreining þeirra.

Í viðauka 3 er listi yfir efni, sem skert geta hæfni manna til aksturs bifreiða og/eða stjórnunar annarra véla.

Pakkningar og umbúðir, almenn ákvæði.

2. gr.

Pakkningar lyfja skulu vera hæfilegar að stærð með tilliti til notkunar og geymsluþols viðkomandi lyfs.

Efni í lyfjaumbúðum skal vera við hæfi og leitast skal við að velja umhverfisvæn efni í þær. Einnig skal leitast við að hafa þær þannig, að þeim verði hvorki ruglað saman við umbúðir um almennar neysluvörur, umbúðir um eiturefni og/eða hættuleg efni né umbúðir um snyrtivörur.

Leitast skal við að hafa lyfjaumbúðir þannig, að börn eigi ekki auðvelt með að opna þær. Þó skulu hafðir í huga sjúklingar, sem hafa skert handafl. Þá skal leitast við að hafa umbúðir um lyf þannig, að auðvelt sé að sjá hvort þær hafa verið rofnar.

Lyfjum, sem ætluð eru til inntöku og skömmtuð eru í dropatali eða með lyfjamáli (t.d. mæliskeið) skulu fylgja dropateljari eða lyfjamál, eftir því sem við á.

Umbúðir, sem innihalda lyf undir þrýstingi (aerosol) og eru stærri en 50 ml, skulu áletraðar aðvörun um, að innihald þeirra sé undir þrýstingi og hvorki megi geyma þær þar sem sól skín á þær né við hærra hitastig en 50°C.

Merking hugtaka.

3. gr.

Í þessari reglugerð er merking hugtaka sem hér greinir:

1. **merking:** allar áletranir og myndir á innri og ytri umbúðum lyfs auk fylgiseðils með því,
2. **merking umbúða:** áletranir, sem prentaðar eru á merkimiða innri eða ytri umbúða lyfs eða beint á umbúðirnar,
3. **heiti lyfs:** það nafn, sem lyfinu hefur verið valið og getur heiti lyfs verið:
   a. sérheiti,
   b. samheiti ásamt firmamerki eða nafni framleiðanda eða
   c. efnafræðilegt heiti ásamt firmamerki eða nafni framleiðanda,
4. **samheiti:** alþjóðlegt samheiti, (International Nonproprietary Name (INN)), samþykkt af Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni eða, ef það er ekki til, annað algengt samheiti,
5. **innri umbúðir:** ílát eða annars konar umbúðir, sem eru í beinni snertingu við lyfið,
6. **ytri umbúðir:** umbúðir utan um innri umbúðir,
7. **fylgiseðill:** seðill, sem fylgir lyfinu, með upplýsingum fyrir notendur,
8. **framleiðandi:** viðurkenndur sérlyfjaframleiðandi, sem ber ábyrgð á lyfinu.

Almenn ákvæði um merkingu lyfja.

4. gr.

Eftirfarandi upplýsingar skulu koma fram á ytri umbúðum lyfja eða á innri umbúðum, ef engar ytri umbúðir eru:

1. heiti lyfs, styrkleiki og lyfjaform,
2. pakkningastærð,
3. innihaldslýsing,
4. notkunarmáti,
5. nafn og heimilisfang handhafa markaðsleyfis lyfsins,
6. númer framleiðslulotu lyfsins,
7. fyrningardagsetning,
8. nauðsynlegar leiðbeiningar um geymslu,
9. nauðsynleg varnaðarorð,
10. leiðbeiningar um förgun lyfjaleifa eða lyfjaumbúða, ef slíkt á við,
11. norrænt vörunúmer (Vnr),
12. númer markaðsleyfis lyfsins (MTnr),
13. aðrar upplýsingar, er máli skipta um rétta notkun lyfsins.

Upplýsingar skv. 1. mgr. skulu einnig koma fram á innri umbúðum lyfs nema um sé að ræða mjög litlar lyfjaumbúðir eins og þynnupakkningar, innúðastauka, litlar lykjur (ampullae) og hettuglös svo og litlar túpur.

Á þynnupakkningum skulu a.m.k. eftirfarandi upplýsingar koma fram:

1. heiti lyfs,
2. styrkleiki og lyfjaform,
3. nafn handhafa markaðsleyfis lyfsins,
4. fyrningardagsetning,
5. númer framleiðslulotu lyfsins.

Þegar innri umbúðir um lyf eru það litlar, að ógerlegt er að áletra þær fullnægjandi merkingu, skulu a.m.k. eftirfarandi upplýsingar koma fram:

1. heiti lyfs,
2. styrkleiki,
3. notkunarmáti,
4. fyrningardagsetning,
5. númer framleiðslulotu lyfsins,
6. magn innihalds greint í þyngd, rúmmáli eða fjölda skammta.

Hettuglös/lykjur, sem innihalda geislavirk lyf, á að merkja með heiti lyfsins eða kóda og þar undir nafn eða efnafræðilegt tákn fyrir viðkomandi geislakjarna (radionuklide), númer framleiðslulotu, fyrningardagsetningu, alþjóðlegt tákn fyrir geislavirkni, nafn framleiðanda og magn geislavirkni. Innihaldi lyf geislakjarna skal heiti lyfsins og hugsanlegur kódi greindur á hlífðarumbúðum auk nafns eða efnafræðilegs tákns fyrir viðkomandi geislakjarna.

Þær upplýsingar, sem mestu máli skipta um rétta afgreiðslu og notkun lyfs, skal prenta með greinilegu og áberandi letri á umbúðir lyfsins. Þetta á einkum við um heiti lyfsins,

styrkleika og lyfjaform, upplýsingar um notkun þess, leiðbeiningar um geymslu, varnaðarorð og pakkningastærð. Aðrar upplýsingar, t.d. um innihaldsefni lyfsins og nafn handhafa markaðsleyfis þess, má prenta með smærra letri. Leitast skal við að hafa umbúðir þannig, að nægjanlegt rými sé á þeim fyrir merkimiða apóteks með notkunarleiðbeiningum.

Á ytri umbúðum mega vera tákn eða skýringarmyndir til skýringar á eiginleikum lyfsins og réttri notkun þess. Stærð þeirra og útfærsla má hins vegar hvorki vera þannig, að verra sé að lesa texta á umbúðum en ella, né að telja megi að þær hafi auglýsingagildi.

Heimilt er að prenta strikamerkingar á allar lyfjaumbúðir. Mælt er með notkun „Code 39“ eða „EAN 13“.

Nánari ákvæði og skýringar eru í viðauka 1 (Leiðbeiningar um merkingu lyfja).

Fylgiseðlar með lyfjum, sem ætluð eru mönnum.

5. gr.

Með umbúðum lyfja skulu vera fylgiseðlar með upplýsingum ætluðum notendum. Ef rými leyfir má prenta þessar upplýsingar á sjálfar umbúðirnar, en sé það gert, mega þær ekki rýra læsileika þeirrar áletrunar, sem jafnframt á að vera á umbúðum skv. 4. gr. þessarar reglugerðar og viðauka 1.

Textar á fylgiseðlum skulu vera í samræmi við viðurkennd skráningarákvæði lyfjanna.

Texti á fylgiseðli skal vera á íslensku.

Eftirtaldar upplýsingar skulu koma fram og í þeirri röð er hér greinir:

1. Heiti lyfsins, lyfjaform og styrkleiki.
2. Innihaldslýsing lyfjaforms, þar sem talin eru heiti allra efna, sem eru í lyfjaforminu; auk þess magn virkra innihaldsefna.
3. Flokkun lyfsins (lyfjameðferðarflokkur) eða verkunarháttur (-máti) þess.
4. Nafn og heimilisfang handhafa markaðsleyfis lyfs (= skráningarhafa) auk framleiðanda þess, ef hann er annar en sá, sem er handhafi markaðsleyfisins.
5. Viðurkennd(ar) ábending(ar) lyfsins, nema yfirvöld telji, að upplýsingar um þær gætu valdið sjúklingi alvarlegum óþægindum.
6. Upplýsingar, sem sjúklingur þarf að fá áður en hann notar lyfið, einkum:
   a. frábendingar,
   b. varúðarráðstafanir við notkun lyfsins,
   c. milliverkanir,
   d. sérstök varnaðarorð.
7. Upplýsingar um rétta notkun lyfsins, einkum:
   a. skömmtun,
   b. notkunarmáta,
   c. aðrar nauðsynlegar upplýsingar um lyfjameðferðina.
8. Aukaverkanir, sem geta komið fram við venjulega notkun lyfsins. Notandi skal sérstaklega hvattur til að tilkynna læknum um allar aukaverkanir, sem hann fær og ekki eru nefndar á fylgiseðlinum.
9. Upplýsingar um, að lyfið hafi takmarkað geymsluþol og að fyrningardagsetning sé áletruð á lyfjaumbúðunum. Ef þurfa þykir skal upplýsa um hugsanleg sýnileg merki þess, að lyfið geti verið skemmt.
10. Upplýsingar um sérstök geymsluskilyrði lyfsins, sé þess þörf.
11. Dagsetning, sem greinir hvenær viðkomandi fylgiseðill var síðast endurskoðaður.

Á fylgiseðlum með lyfjum, sem ætluð eru mönnum, má einnig bæta við texta þeirra samsvarandi upplýsingum um að þau megi einnig gefa dýrum ef slíkt á við.

Nánari ákvæði og skýringar eru í viðauka 1 (Fylgiseðlar með lyfjum).

Fylgiseðlar með lyfjum, sem ætluð eru dýrum.

6. gr.

Með umbúðum dýralyfja skulu vera fylgiseðlar með upplýsingum ætluðum eigendum dýranna. Ef rými leyfir má prenta þessar upplýsingar á sjálfar umbúðirnar, en sé það gert, mega þær ekki rýra læsileika þeirrar áletrunar, sem jafnframt á að vera á umbúðum skv. ákvæðum 4. gr. þessarar reglugerðar og viðauka 1.

Um tilgang með fylgiseðlum, sem afhentir eru af frjálsum vilja með dýralyfjum eiga sömu ákvæði við og um fylgiseðla með lyfjum, sem ætluð eru mönnum, sbr. 5. gr. og viðauka 1.

Ákvæði varðandi samningu og uppsetningu fylgiseðla með lyfjum, sem ætluð eru mönnum, eiga einnig við um fylgiseðla með dýralyfjum, eftir því sem við á.

Eftirfarandi atriði skulu koma fram á fylgiseðlum með dýralyfjum:

1. Innihald (heiti lyfs, lyfjaform, styrkleiki og innihaldslýsing).
2. Handhafi markaðsleyfis.
3. Ábendingar.
4. Frábendingar.
5. Aukaverkanir.
6. Varúðarráðstafanir og varnaðarorð.
7. Dýrategundir, sem lyfið er ætlað.
8. Skammtastærðir handa viðkomandi dýrategundum.
9. Notkunarmáti.
10. Notkunarleiðbeiningar.
11. Upplýsingar um útskilnaðartíma lyfsins m.t.t. afurðanýtingar dýrs eftir lyfjagjöf. Sé ekki um slíkt að ræða skal þess einnig getið.
12. Geymsluskilyrði og fyrningardagsetning.
13. Ef þörf er á, skulu gefnar upp leiðbeiningar á hvern hátt farga skuli lyfjaleifum eða aðrar varúðarráðstafanir viðhafðar.

Þessar upplýsingar skulu greindar á hliðstæðan hátt og við á um fylgiseðla með lyfjum, sem ætluð eru mönnum, sbr. 5. gr. þessarar reglugerðar og viðauka 1, eftir því sem við á hverju sinni.

Skráning.

7. gr.

Umsókn um skráningu/markaðsleyfi lyfs skulu fylgja tillögur að merkingu lyfsins og fylgiseðli með því skv. ákvæðum þessarar reglugerðar.

Umsóknum um skráningu/markaðsleyfi lyfs verður vísað frá fylgi framangreindar tillögur ekki umsókninni.

Undanþágur.

8. gr.

Ráðuneytið getur, ef knýjandi ástæður eru fyrir hendi, veitt undanþágur frá ákvæðum þessarar reglugerðar, enda mæli Lyfjanefnd ríkisins með slíkri undanþágu.

Viðurlög.

9. gr.

Um brot gegn ákvæðum þeim, sem sett eru með reglugerð þessari, fer eftir fyrirmælum XV. kafla lyfjalaga nr. 93/1994 og annarra laga eftir því sem við á.

Gildistaka.

10. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 44. gr. lyfjalaga nr. 93/1994, öðlast gildi 1. ágúst 1994 og fellur þá jafnframt úr gildi C-hluti reglugerðar um gerð lyfseðla og ávísun lyfja, afgreiðslu þeirra og merkingu nr. 421/1988 með áorðnum breytingum svo og önnur fyrirmæli, er fara í bága við ákvæði þessarar reglugerðar.

Ákvæði til bráðabirgða.

Viðauki 4 við reglugerð nr. 421/1988 um gerð lyfseðla og ávísun lyfja, afgreiðslu þeirra og merkingu með áorðnum breytingum, sbr. ákvæði 49. gr. þeirrar reglugerðar um undanþágur frá lyfseðilsskyldu eru enn í gildi uns annað verður ákveðið.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 15. júlí 1994.

Sighvatur Björgvinsson.

Einar Magnússon.

VIÐAUKI 1
Skýringar og leiðbeiningar um merkingu lyfja, sbr. 4. gr. reglugerðarinnar og um fylgiseðla með lyfjum, sbr. 5. og 6. gr.

Leiðbeiningar um merkingu lyfja.

Aðalmarkmið merkingar lyfs eru:

1. Sannkenni lyfsins.
2. Rétt notkun lyfsins.
3. Upplýsingar ætlaðar notendum lyfsins.

Við merkingu lyfs er mikilvægt að huga að þessum atriðum og gera þau sem greinilegust og mest áberandi. Æskilegt er, að textar viðkomandi þessum þremur aðalmarkmiðum séu aðgreindir hver fyrir sig, bæði á innri og ytri umbúðum lyfsins.

Sannkenni.

Með sannkenni lyfsins er átt við:

1. Heiti lyfsins.
2. Styrkleika.
3. Lyfjaform.
4. Pakkningastærð.
5. Norrænt vörunúmer (Vnr).

Þessi atriði skulu áletruð þannig, að þau sjáist öll í einu. Heiti lyfs og styrkleiki skulu að öllu jöfnu prentuð með sömu leturgerð og stærð. Ef heiti lyfs er samheiti ásamt firmamerki eða nafni framleiðanda, skal firmamerki/nafn framleiðanda vera aðskilið frá samheitinu og má firmamerki/nafn framleiðanda ekki vera prentað á milli heiti lyfsins og styrkleika. Sérstakar leiðbeiningar gilda um staðsetningu norræns vörunúmers. Nægjanlegt er að greina norrænt vörunúmer á ytri umbúðum lyfs ef slíkar umbúðir eru fyrir hendi.

Hætta á rangri afhendingu.

Leitast skal við að merkja lyf þannig, að ekki sé hætta á, að þau verði afgreidd rangt. Hér er m.a. átt við umbúðir um lyf, sem bera svipuð nöfn, svipuð lyfjaform (t.d. krem og smyrsli) og mismunandi styrkleika sama lyfs, enn fremur mismunandi lyf frá sama framleiðanda, þegar umbúðir og merkimiðar eru með svipuðu útliti. Vekja má athygli á framangreindum atriðum með því að nota mismunandi leturstærð á merkimiða, liti, útlit umbúða eða annað þess háttar.

Leturgerð.

Leturgerð skal velja þannig, að áletrun á merkimiða/umbúðir sé eins skýr og unnt er. Forðast skal að setja letur þétt og nota svera stafagerð. Auðveldara er að lesa texta, ef autt svæði er í kringum hann. Skal því leitast við að aðgreina mismunandi textaeiningar. Þá skal litamunur á texta og grunni merkimiða vera sem skýrastur.

Rétt notkun.

Merkja þarf lyf ákveðnum upplýsingum til að tryggja rétta notkun þeirra. Notendaupplýsingar ná til:

1. notkunarleiðbeininga,
2. tæknilegra leiðbeininga,
3. ábendinga og venjulegra skammtastærða, þegar um er að ræða lausasölulyf og náttúrulyf,
4. varnaðarorð,
5. geymsluskilyrði,
6. fyrningardagsetningar og notkunartíma.

Þessar upplýsingar skulu vera auðlesnar og eins skýrar og unnt er. Æskilegt er, að mikilvægustu upplýsingarnar séu sérstaklega áberandi, t.d. með því að prenta þær með breyttri eða stærri leturgerð en annan texta. Notendaupplýsingar skulu allar vera á einum stað á merkimiðanum og skal leitast við að láta þær snúa eins og aðrar áletranir. Séu þessar upplýsingar prentaðar á umbúðir á fleiri en einu tungumáli skal leitast við að prenta texta hvers tungumáls sérstaklega á einn stað. Ef ytri umbúðir eru notaðar má nota mismunandi hliðar á þeim fyrir mismunandi tungumál. Af tæknilegum ástæðum getur þó þurft að prenta fyrningardagsetningu lyfs á merkimiða á öðrum stað en aðrar notendaupplýsingar.

Annað.

Aðrar upplýsingar, sem vera eiga á merkimiða/ytri umbúðum lyfja má prenta með smærra letri eða staðsetja þar sem minna ber á.

Dæmi um slíkt er:

1. Innihaldslýsing lyfjaforms: Nota má smátt letur.
2. Nafn og/eða firmamerki handhafa markaðsleyfis lyfsins má ekki taka rými frá öðrum mikilvægari merkingum.
3. Myndir, sem notaðar eru sem hluti af leiðbeiningum, mega ekki vera þannig, að verra sé að lesa texta á umbúðum en ella.
4. Númer markaðsleyfis lyfsins. (Á norrænum umbúðum er nægilegt að greina slíkt sem MTnr (aðeins prentað einu sinni) og íslenska skráningarnúmeri lyfsins bætt við; fyrir aftan eða fyrir framan það skal áletra (IS)).

Merkimiði apóteks.

Gera verður ráð fyrir nægu rými fyrir merkimiða apóteks á innri umbúðum lyfs. Minnsta rými er áætlað 14x34 mm, en skal að öllu jöfnu vera stærra.

Staðsetning merkingar.

Merking á bæði að vera á innri umbúðum og þeim ytri umbúðum, sem ekki eru gegnsæjar (á þó ekki við um svonefndar flutningaumbúðir). Þegar rými er ekki nægjanlegt, má þó takmarka texta á innri eða ytri umbúðum þannig, að merking sé læsileg. Heildarmerking skal þó vera á umbúðum (innri+ytri umbúðum). Nauðsynleg merking, til að tryggja rétta notkun lyfs, skal vera á innri umbúðum.

Sérstök ákvæði um merkingu lyfja ***(Skýringar með skáletri).***

a. Heiti lyfs.

Nota skal heiti lyfs, sem Lyfjanefnd ríkisins samþykkir.

b. Lyfjaform.

Nota skal viðurkennt íslenskt heiti á lyfjaformi, sé það til. Þó skal nota bæði viðurkennt íslenskt og latneskt heiti á lyfjaformum, sem að jafnaði eru nær eingöngu notuð á sjúkrahúsum (t.d. Blóðskilunarþykkni/Haemodialytica concentrata; Kviðskilunarvökvi/Dialytica peritonealia; Innrennslislyf/Infundibilia). Bóluefni skulu merkt: „Bóluefni gegn .....“

Í viðauka 2 við þessa reglugerð eru viðurkennd íslensk heiti lyfjaforma og skilgreining á þeim.

c. Styrkleiki.

Þegar lyf inniheldur aðeins eitt virkt efni, skal styrkleiki þess vera hluti af heiti lyfsins.

1. Þegar um er að ræða lyfjaform í afmældum skömmtum (t.d. töflur, hylki o.fl.), skal greina magn virks efnis í hverjum skammti. Þetta á einnig við um úðalyf (t.d. innúðalyf), sem gefa afmældan skammt við hverja úðun.
2. Þegar um er að ræða lyfjaform, sem ekki er í afmældum skömmtum, skal greina magn virks efnis á eftirfarandi hátt:
   a. fljótandi lyfjaform (t.d. stungulyf og mixtúrur) sem magn í ml
   b. hálfföst eða föst lyfjaform (t.d. hlaup, smyrsli o.fl.) sem magn í g eða sem hundraðshluta af þunga (w/w%)
   c. um innrennslislyf (infundibilia) gildir, að í áritun skal að jafnaði greina styrkleika þeirra í 1000 ml eða í lítra
   d. um innrennslislyf, innrennslisþykkni og innrennslisstofna gildir, að bæta skal við innihaldslýsingu þeirra upplýsingum um magn elektrólýta, tilgreint sem millimól (mmól)
   e. styrkleiki bóluefna er að jafnaði greindur í hverjum afmældum skammti.

Magn virks innihaldsefnis skal að jafnaði greint í mg. Ef magn er eitt gramm eða meira, skal það greint í g. Ef magn er minna en 0,1 mg, skal það greint í míkróg. Nota má aðrar alþjóðlegar magneiningar ef þörf krefur, t.d. a.e. (alþjóðlegar einingar) og mmól (millimól).

Á hlífðarumbúðum um geislavirk lyf skal áletra upplýsingar um geislavirkni hvers skammts fyrir lyf í afmældum skömmtum eða í hettuglasi/lykju við ákveðinn tíma (dagsetning og tími) ef þarf.

Geislavirkni er greind í Bequerel-einingum (kBq, MBq eða GBq).

Þegar lyf inniheldur tvö virk efni og nöfn beggja efnanna eru í heiti lyfsins, má styrkleiki beggja hinna virku efna vera hluti af lyfjaheiti. Stungulyf eru almennt ekki talin sem lyfjaform í afmældum skömmtum. Á lykjum (ampullae) og einnota dælum tal styrkleiki því greindur sem magn/ml. Þá má að auki greina heildarmagn virks efnis/lykju eða/einnota dælu. Sömu ákvæði gilda um styrkleika fullbúinna stungulyfja, sem framleidd eru úr stungulyfsþykkni og -stofni með ákveðnu rúmmáli leysis. Á umbúðir lyfja í fljótandi lyfjaformum, sem ætluð eru til inntöku og eru skömmtuð í dropatali, skal einnig letra magn virks efnis í dropa eða dropafjölda í ml. Á umbúðir lyfja í föstum lyfjaformum, sem ætluð eru til inntöku (t.d. kyrni, duft til inntöku) og eru skömmtuð með lyfjamáli (t.d. mæliskeið), skal einnig letra magn virks efnis í því lyfjamáli, sem notað er, eða heildarmagn lyfsins, sem viðkomandi lyfjamál rúmar. Heimilt er að greina styrkleika í hundraðshlutum í þeim augn-, eyrna- og nefdropum, sem þegar eru skráðir sem slíkir, svo og í samsvarandi nýjum lyfjum í þessum lyfjaformum. Mismunandi styrkleikar sama lyfs skulu helst greindir með sömu einingu, t.d. töflur 250 mg, 500 mg, 1000 mg (eða 0,25 g, 0,5 g, 1 g). Einnig skal leitast við að greina styrkleika hvers lyfs í einu og sama formi hins virka efnis enda þótt um mismunandi lyfjaform sé að ræða og þau innihaldi t.d. mismunandi sölt virka efnisins. Þegar um ný lyf er að ræða, sem innihalda sölt, hýdröt, komplexa og í sumum tilfellum estra, skal leitast við að greina styrkleika sem magn hins virka hluta sameindarinnar, ef þess er nokkur kostur.

d. Pakkningastærð.

Stærð pakkningar skal greind nálægt heiti lyfsins bæði á innri og ytri umbúðum. Pakkningastærð lyfja í lyfjaformum, sem eru í afmældum skömmtum (t.d. töflur, hylki o.fl.), skal greind sem fjöldi afmældra skammta (eininga).

Pakkningastærð lyfja í fljótandi lyfjaformum, sem ekki eru í afmældum skömmtum, (t.d. stungulyf, mixtúrur), skal greind í ml.

Pakkningastærð lyfja í hálfföstum eða föstum lyfjaformum (t.d. smyrsli) skal greind í g.

Yfirmagn í lykjum (ampullae) og hettuglösum skal ekki greint í áletrun.

Þegar lyf er undir þrýstingi í umbúðum, skal greina bæði nettó- og brúttóþyngd umbúða.

Einnig skal greina fjölda einstakra eininga þeirra úðalyfja (t.d. innúðalyfja), sem gefa afmælda einingu við hverja úðun.

e. Innihaldslýsing.

Þau ákvæði, sem fram koma í 1. og 2. tölulið hér á eftir (ekki skáletrað) *eru lágmarkskröfur um merkingu lyfja. Hins vegar mega upplýsingar um innihaldsefni vera nákvæmari, ef rými á umbúðum leyfir eða sérstök þörf er á. Innihaldslýsing á lyfjaformi má byrja t.d. á eftirfarandi hátt: 1 tafla; 1 ml; 1g eða enda t.d.; ad 1 ml, ad 1 g.*

1. **Virk innihaldsefni (eða virkir drogar).**

Ávallt skal greina heiti virkra innihaldsefna (eða virkra droga) og magn þeirra.

Þegar lyf inniheldur aðeins eitt virkt efni og heiti lyfsins er annað en samheiti hins virka innihaldsefnis, skal prenta samheiti hins virka efnis á umbúðir með a.m.k. hálfri leturstærð miðað við fulla leturstærð, sem notuð er á heiti lyfs. Samheiti hins virka innihaldsefnis skal prenta undir heiti lyfsins eða þar sem innihaldslýsing lyfjaforms er. Sé síðari kosturinn valinn verður innihaldslýsing lyfjaformsins að vera á

sömu hlið umbúða og heiti lyfsins. Samheitið má ekki staðsetja á milli lyfjaheitis og styrkleika. Latnesk heiti má nota yfir heiti virkra innihaldsefna og þá jafnvel stytt. Tilgreina skal það efnasamband, sem styrkleikinn á við. Heiti hins virka efnis skal greint á merkimiða þar, sem það veldur ekki ruglingi á sannkenni lyfsins, þ.e. það má ekki standa á milli heitis lyfsins og styrkleika. Á stungulyfjum í lykjum (ampullae) eða í litlum hettuglösum skal heiti hins virka efnis vera a.m.k. á ytri umbúðum.

2. **Óvirk innihaldsefni (hjálparefni).**

Í stungulyfjum, innrennslislyfjum, skolvökvum, blóðskilunarþykknum (Haemodialytica concentrata) og kviðskilunarvökvum (Dialytica peritonealia) skal greina heiti og magn allra innihaldsefna. Í húðlyfjum (lyf ætluð til útvortis notkunar) og í augnlyfjum skal greina heiti allra innihaldsefna. Í augnlyfjum skal einnig greina magn rotvarnarefnis (-efna). Í eyrna- og neflyfjum skal greina heiti og magn rotvarnarefnis (-efna). Magn etanóls í lyfjum skal greint nema mjög lítið magn sé notað af tæknilegum ástæðum við framleiðslu lyfsins. Í fljótandi lyfjaformum til inntöku svo og í munnsog- og tuggutöflum skal greina heiti og magn sykurtegunda og sykuralkóhóla. Séu önnur sætuefni notuð skulu heiti þeirra greind.

Séu litarefni og rotvarnarnefni tilgreind, má nota E-númer þeirra (Evrópukóda-númer) og/eða heiti þeirra. Hjálparefni má tilgreina undir einu heiti t.d. sem constit. Vatn, sem notað er til framleiðslu stungulyfja/innrennslislyfja, skal greint Aqua ad iniectabilia (sæft vatn, vatn í stungulyf). Vatn, sem notað er í önnur sæfð lyf, skal greint Aqua sterilisata (sæft vatn). Vatn í önnur lyf (ekki sæfð) skal greint Aqua purificata (hreinsað vatn). Magn etanóls þarf almennt ekki að greina ef styrkleiki þess er minni en 1% (miðað við 99,5% v/v etanól). Heimilt er að greina nafn og magn laktósu í lyfjaformum, sem ætluð eru til inntöku.

3. **Nafngiftir og upplýsingar um magn.**

Heiti á innihaldsefnum lyfja skal greina sem:

a. **INN-heiti;** International Nonproprietary Name (Heiti samþykkt af Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni (WHO)), eða
b. **Ph. Eur.-heiti;** European Pharmacopoeia (Evrópska lyfjaskráin).

Séu slík heiti ekki til, má nota aðrar nafngiftir í þeirri röð, er hér greinir:

a. **BAN-heiti;** British Approved Name (Heiti samþykkt af bresku lyfjaskrárnefndinni).
b. **USAN-heiti;** United States Adopted Name (Heiti samþykkt af nafnanefnd bandarísku lyfjaskrárnefndarinnar, lyfjafræðingafélagsins (APHA) og læknafélagsins (AMA)).
c. Efnafræðileg heiti skv. **IUPAC-nafngiftareglum** (International Union of Pure and Applied Chemistry).

Sé ekki hægt að nota þær nafngiftir, sem að framan greinir, má nota íslenskt verslunarheiti efnisins. Þegar notuð eru BAN- eða USAN-heiti, skal nafngiftarheimildar getið. Magn innihaldsefna skal greina á sama hátt og styrkleika, sbr. c-staflið.

f. Handhafi markaðsleyfis lyfs (= skráningarhafi).

Nafn og heimilisfang handhafa markaðsleyfis lyfs skal greint bæði á innri og ytri umbúðum þess. Sé nægjanlegt rými á umbúðum má greina nafn umboðsmanns/umbjóðanda handhafa markaðsleyfis og einnig má greina nafn framleiðanda lyfs, ef hann er annar en handhafi markaðsleyfis þess.

Þegar um dýralyf er að ræða skal auk nafns og heimilisfangs handhafa markaðsleyfis lyfs greina nafn og heimilisfang framleiðanda lyfsins, ef hann er annar en handhafi markaðsleyfis þess. Einnig má greina nafn umboðsmanns/umbjóðanda handhafa markaðsleyfis lyfs.

Með framleiðanda er átt við viðurkenndan sérlyfjaframleiðanda, sem ber ábyrgð á lyfinu.

g. Númer framleiðslulotu og fyrningardagsetning.

Greina skal númer framleiðslulotu og fyrningardagsetningu lyfs bæði á ytri og innri umbúðum þess. Fyrningardagsetningu skal greina, samkvæmt ISO-staðli; International Organization for Standardization (Alþjóðleg staðlanefnd): „Notist fyrir.....". Hámarksnotkunartími hjá notanda skal greindur ef þörf er á.

Fyrningardagsetningu skal greina samkvæmt ISO-staðli á eftirfarandi hátt:

„Notist fyrir: 98-05" eða „Notist fyrir: 05-98". Óheimilt er að nota rómverska tölustafi eða skammstöfun mánaðarnafna með bókstöfum. Ártölin 2001-2012 skulu áletruð óstytt.

Ef geymsluþol lyfs styttist eftir að umbúðir hafa verið rofnar eða eftir að lyfjaform er fullbúið til notkunar (t.d. stungulyfsstofnar/-þykkni, mixtúruduft), skal greina hámarksnotkunartíma lyfsins hjá notanda. Hér er átt við breytingu á geymsluþoli lyfja, t.d. lyf, sem hafa minna geymsluþol eftir að þau eru fullbúin til notkunar (t.d. mixtúrur framleiddar úr þurrefni) og lyf, sem hafa minna geymsluþol eftir að umbúðir eru rofnar. Þessar upplýsingar má t.d. greina á eftirfarandi hátt:

„Notist fyrir 05-98, þó eigi síðar en ..... dögum/vikum/mánuðum eftir blöndun lyfsins/eftir að umbúðir hafa verið rofnar/eftir afhendingu lyfsins úr apóteki". Fyrningardagsetningu og hámarksnotkunartíma lyfsins má þó greina sitt í hvoru lagi.

Notkunartími augndropa hjá sjúklingi er takmarkaður við einn mánuð samkvæmt ákvæðum Ph. Eur. sé annað ekki tekið fram. Notkunartíma má greina t.d. á eftirfarandi hátt:

„Notist fyrir 05-98, þó eigi síðar en 1 mánuði eftir að umbúðir hafa verið rofnar". Fyrningardagsetningu og notkunartíma má greina sitt í hvoru lagi, t.d. má greina notkunartíma svo:

„Notist eigi síðar en 1 mánuði eftir að umbúðir hafa verið rofnar".

h. Geymsluskilyrði.

Þýðingarmiklar leiðbeiningar fyrir notendur um geymsluskilyrði lyfs skulu greindar á umbúðum. Slíkar leiðbeiningar skulu vera í samræmi við niðurstöður rannsókna á geymsluþoli lyfsins og viðurkenndar af Lyfjanefnd ríkisins.

Mælt er með notkun eftirtalinna fyrirmæla:

Geymist á köldum stað (+2 - +8°C)/Geymist í ísskáp.
Geymist á köldum stað (+2 - +8°C). Lyfið má ekki frjósa.
Geymist við stofuhita.
Geymist við lægra hitastig en +15°C. Lyfið má ekki frjósa (t.d. dýralyf).
Lokið ílátinu vandlega.
Ljósnæmt - geymið í öskjunni/Geymist varið ljósi.

Fæstir notendur (sjúklingar) hafa aðstæður til að geyma lyf á svölum stað (+8 - +15°C) og skulu þau fyrirmæli um geymslu lyfja því aðeins notuð í undantekningartil-

vikum. Ætla má, að ávallt séu fyrir hendi aðstæður til að geyma stórar pakkningar ýmist á köldum eða svölum stað og er hér einkum átt við dýralyf og sjúkrahússpakkningar lyfja. Fyrir slíkar pakkningar henta merkingarfyrirmælin „Geymist við lægra hitastig en +15°C" eða „Geymist við lægra hitastig en + 15°C. Lyfið má ekki frjósa". Fyrirmæli um geymslu lyfs skulu byggð á niðurstöðum geymsluþolsathugana lyfsins, sem geymt hefur verið við þau skilyrði, sem mælt er fyrir um.

i. Varnaðarorð.

Varnaðarorð, er miða að því að koma í veg fyrir slys af völdum lyfs, skulu greind í merkingu þess.

Allar lyfjaumbúðir skulu merktar áletruninni:

„Varúð - Geymið þar sem börn ná ekki til".

Undanþegnar þessu ákvæði eru sjúkrahússpakkningar lyfja.

Lyf, sem skert geta hæfni manna til aksturs bifreiða og/eða stjórnunar annarra véla, skulu merkt varúðarþríhyrningi; sjá viðauka 3.

Nokkur dæmi um varnaðarorð:

Varúðarþríhyrningur:

Öll lyf, sem talin eru á skrá yfir lyf, sem skert geta hæfni manna til aksturs bifreiða og/eða stjórnunar annarra véla, skulu merkt varúðarþríhyrningi. Þríhyrningurinn skal vera jafnhliða, rauður rammi, venjulega á hvítum grunni, og skulu hliðar eigi vera styttri en 10 mm á lengd og 2 mm á breidd. Varúðarþríhyrningurinn skal vera á áberandi stað á merkimiða.

Frumudrepandi lyf (cytostatica) í formi stungulyfs eða innrennslislyfs.

Cytostaticum.

Lyf, sem eru eldfim.

Eldfimt. Forðist eld og óbyrgt ljós.

Lyf, sem innihalda dextróprópoxýfen.

Takið ekki stærri skammt af lyfinu en læknir hefur ráðlagt. Varasamt er að neyta áfengis meðan lyfið er notað.

Lausasölulyf, sem innihalda meira en 1,2 g Na+ í dagsskammti.

Vegna mikils natríuminnihalds lyfsins hentar það ekki þeim, sem hafa háan blóðþrýsting, hjartabilun eða skerta nýrnastarfsemi.

eða:

Vegna mikils natríuminnihalds lyfsins hentar það ekki þeim, sem eru á saltsnauðu fæði.

Hægðalyf, sem auka þarmahreyfingar.

Við hægðatregðu. Lyfið örvar þarmahreyfingar og er varasamt að nota það að staðaldri, þar sem það getur hindrað eðlilega þarmastarfsemi. Notið hvorki lyfið lengur en eina viku í senn, né gefið það börnum yngri en 12 ára, án samráðs við lækni.

Dýralyf, sem innihalda útrýmingarefni og önnur eitur- og hættuleg efni.

Sömu reglur um merkingu og meðferð og gilda um eiturefni, hættuleg efni og vörutegundir, sem innihalda slík efni, sbr. reglugerð nr. 236/1990 um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda, sem innihalda slík efni.

Lyf, sem innihalda benzóýlperoxíð.

Lyfið má ekki snerta slímhúðir í augum eða munni. Ef það gerist, verður að skola vel af með vatni. Föt geta upplitast af lyfinu. Meðan lyfið er notað skal varast háfjallasól og sólböð.

Lyf, sem innihalda tretínóín.
Forðist alla aðra meðferð á húðinni og varist sólböð og háfjallasól. Þetta gildir einkum fyrstu vikurnar meðan lyfið er notað daglega. Varist að lyfið berist í augu, nasir og á varir. Lyfið er mjög ertandi fyrir slímhúðir.
Lyf, sem innihalda barkstera og afbrigði þeirra, og ætluð eru til útvortis notkunar.
Varist að lyfið berist í augu.
Innúðalyf, sem innihalda sympatómímetískar amínur.
Varúð. Ekki má nota stærri skammta af lyfinu en læknir hefur sagt fyrir um. Of stór skammtur lyfsins eykur ekki verkun þess, en getur verið skaðlegur.
Lyf í fljótandi formi, er innihalda hexaklórófen, ef magn fer fram úr 1 mg/ml (0,1%).
Gætið þess að lyfið berist ekki um vit. Skolið vandlega af með vatni eftir notkun.
Hvers konar tetracýklínsambönd, sem ætluð eru til inntöku, nema doxýcýklín.
Verkun lyfsins minnkar, ef sjúklingur drekkur mjólk eða súrmjólk eða tekur járn-, kalk- eða sýrubindandi lyf, þremur klukkustundum fyrir eða eftir töku lyfsins.
Lyf, sem innihalda doxýcýklín og eru ætluð til inntöku.
Verkun lyfsins minnkar, ef sjúklingur tekur járn- eða sýrubindandi lyf þremur klukkustundum fyrir eða eftir töku lyfsins.
Augndropar, augnskolvötn, augnsmyrsli og eyrnadropar, nema annað sé tekið fram.
Má aðeins nota í 4 vikur eftir að umbúðir hafa verið rofnar.
Augnlyf, sem innihalda benzalkónklóríð sem rotvarnarefni.
Lyfið má ekki nota samtímis mjúkum augnlinsum.
Benzýlbenzóat áburður (Linimentum benzyli benzoatis Nord 63).
Lyf við kláðamaur:
Eftir sápubað er áburðurinn borinn á allan líkamann nema andlit, þrisvar sinnum með 10 mínútna millibili. Þvoið áburðinn af eftir einn sólarhring.

j. Tæknilegar leiðbeiningar.

Nauðsynlegar tæknilegar leiðbeiningar skulu letraðar á lyfjaumbúðir. Hér er t.d. átt við leiðbeiningar um lokastig framleiðslu lyfjaforms.

Sem dæmi um tæknilegar leiðbeiningar má nefna leiðbeiningar um lokastig framleiðslu lyfjaforms, svo sem úr mixtúruduftí, stungulyfs- og innrennslisstofni, stungulyfs-og innrennslisþykkni, þ.m.t. cytostatica. Slíkar leiðbeiningar fara eftir gerð og notkun viðkomandi lyfjaforms.

k. Notkunarleiðbeiningar.

Nauðsynlegar leiðbeiningar um notkun lyfs skulu greindar í merkingu, t.d. um notkun úðaíláta, um notkun taflna (leysið töfluna upp fyrir inntöku, gleypið töfluna í heilu lagi), upplýsingar um að hrista mixtúrur og dreifur eða um að þynna lyf fyrir notkun svo sem innrennslisþykkni og stungulyfsþykkni.

Í merkingu stungulyfs skal koma fram, á hvern hátt það skal notað. Til þessa má nota alþjóðlegar skammstafanir, t.d. iv (intravenalis (í bláæð)), im (intramuscularis (í vöðva)), sc (subcutanae (undir húð)).

Þegar nauðsynlegar leiðbeiningar og upplýsingar um notkun lyfja komast ekki fyrir á umbúðum lyfja, eiga þær að fylgja með lyfjaumbúðum á sérstökum fylgiseðli. Eftirfarandi dæmi má nefna um notkunarleiðbeiningar:
Einungis til þynningar/þynnist.
Þykkni.
Hristist.

Lyf, sem botnfalla, eða skilja sig við geymslu.
Leysist í... glasi af vatni/vökva.
Freyðikyrni og -töflur, svo og önnur lyfjaform, sem leysa skal upp fyrir inntöku.
Gleypist/Gleypist með ... (t.d. og drekkið vatn með).
Lyfjaform, sem á að gleypa, t.d. lyfjaform með sýruheldri húð (sundrast ekki í maga), forðahylki, forðatöflur; einnig lyfjaform, sem skal gleypa vegna óþægilegs bragðs eða af öðrum orsökum. Bæta má við texta eftir því, sem við á og þörf krefur.
Tyggið vandlega.
Lyfjaform, sem á að tyggja, t.d. tuggutöflur.
Tyggið eða gleypið.
Lyfjaform, sem bæði má tyggja og gleypa.
Látið töfluna leysast í munni.
Munnsogtöflur.
Látið töfluna leysast í munni og kyngið síðan.
Munnlausnartöflur.
Látið töfluna leysast undir tungu.
Tungurótartöflur.
Gleypist/Gleypist í heilu lagi/ Gleypið í heilu lagi, en má skipta/ Gleypið í heilu lagi.
Hylki, lyfjaform, sem hafa sýruhjúp eða eru með forðaverkun auk lyfja, sem eru bragðvond eða á að gleypa af öðrum ástæðum.
Takist með mat. Takist milli máltíða.
Þessi áletrun á við, þegar slíkt skiptir verulegu máli vegna verkunar/aukaverkana lyfs, og þá jafnvel einnig tilgreindar mín./klst., ef nauðsynlegt er.
Stingist í endaþarm.
Lyfjaform ætluð til að stinga í endaþarm, t.d. endaþarmsstílar.
Stingist í fæðingarveg.
Lyfjaform ætluð til að stinga í skeið (fæðingarveg; vagina), t.d. skeiðarstílar. Oft þarf nákvæmari notkunarleiðbeiningar með þessum lyfjaformum.
Fleygið afgangslausn.
Þessi áletrun á t.d. við ákveðin stungulyf, sem eru í hettuglösum og innihalda ekki rotvarnarefni (t.d. lyf til mænudeyfingar, röntgenskuggaefni).
Ekki til innspýtingar. Gefist eingöngu með nefúðatæki eða öndunarvél.
Innöndunarlausnir í umbúðum, sem líkjast lykjum (ampullae) .

Sem dæmi um aðrar upplýsingar, sem einnig geta þurft að fylgja um notkun lyfs, t.d. „Skolið munninn eftir hverja úðun"; „Getur litað húð, hár og fatnað"; „Getur valdið staðbundinni ertingu, sviða um tíma eða hitatilfinningu"; „Getur litað þvag/hægðir"; „Getur litað augnlinsur".

I. Lausasölulyf og náttúrulyf.

Á lausasölulyfjum (lyfjum, sem selja má án lyfseðils), skal greina helstu ábendingar lyfs, venjulegar skammtastærðir, varnaðarorð, svo og aðrar upplýsingar, sem heilbrigðisyfirvöld telja nauðsynlegar. Sé lyfið ætlað börnum skulu skammtastærðir handa börnum greindar. Lausasölulyf, sem einungis skal gefa börnum samkvæmt læknisráði, skulu merkt: „Gefið ekki börnum yngri en ... ára án samráðs við lækni". Lausasölulyf, sem ekki eru ætluð börnum, skulu merkt: „Lyfið er ekki ætlað börnum". Náttúrulyf skal merkt með orðinu „Náttúrulyf" og notkun þess greind, sé annað ekki tekið fram, svo sem hér greinir: „Hefðbundin notkun er .....".

m. Dýralyf.

Við heiti dýralyfja skal bæta skammstöfuninni „vet". Umbúðir lyfja, sem einungis eru ætluð dýrum, skulu merktar „Dýralyf". Ákvæði um, hvenær nýta megi afurðir dýrs eftir notkun lyfsins, skulu greind á umbúðum eftir því sem við á.

Dýralyf, sem afhent eru eiganda eða umsjónarmanni dýrs, skulu einnig merkt notkunarleiðbeiningum, þ.m.t. ábendingum og skammtastærðum.

n. Förgun lyfjaleifa.

Ef þörf er á, skal greina á umbúðum sérstakar upplýsingar/leiðbeiningar um á hvern hátt farga skuli lyfjaleifum eða lyfjaumbúðum.

o. Norrænt vörunúmer.

Norrænt vörunúmer skal vera á ytri umbúðum sérlyfs. Séu slíkar umbúðir ekki fyrir hendi, skal norrænt vörunúmer vera á merkimiða. Lyfjanefnd ríkisins sækir um norrænt vörunúmer að fengnum upplýsingum um pakkningastærðir og gerð umbúða hvers sérlyfs. Undanþegin ákvæðum um norræn vörunúmer eru náttúrulyf, vítamín- og steinefni og geislavirk lyf.

Handhafa markaðsleyfis (=skráningarhafa) sérlyfs er úthlutað norrænu vörunúmeri, sem Lyfjanefnd ríkisins sækir um, að fengnum upplýsingum um heiti, lyfjaform, styrkleika, pakkningastærð og gerð umbúða viðkomandi sérlyfs. Norrænt vörunúmer er 6 tölustafa númer að viðbættum bókstöfunum Vnr fyrir framan. Norrænt vörunúmer á að prenta á umbúðir skráðra sérlyfja, sem sett eru á markað. Nægilegt er að prenta það á ytri umbúðir sérlyfs, en séu slíkar umbúðir ekki fyrir hendi, skal það prentað á merkimiða á innri umbúðum eða beint á innri umbúðir. Heimilt er að prenta norrænt vörunúmer bæði á innri og ytri umbúðir.

Fjölpakkningar:

Pakkningar t.d. töflur, þar sem 10 x 100 stk. er pakkað saman og þar sem 1 x 100 stk. getur verið sjálfstæð eining (pakkning): Sérstakt vörunúmer gildir þá fyrir hverja 100 stk. pakkningu. Annað vörunúmer gildir þá fyrir 10 x 100 stk. pakkningu. Ef 10 x 100 stk. er sérstök sölupakkning (t.d. til afgreiðslu á sjúkrahús) er nægjanlegt að hafa norrænt vörunúmer á ytri umbúðum um 10 x 100 stk. og sleppa númeri á innri 100 stk. umbúðum og óheimilt er þá að prenta vörunúmer fyrir 10 x 100 stk. á hverja einstaka 100 stk. pakkningastærð.

Leitast skal við að prenta norrænt vörunúmer samhliða og í sama sjónsviði og heiti lyfs, pakkningastærð, lyfjaform og styrkleika. Númerið, sem er 6 tölustafir, á að vera auðlæsilegt. Fyrir framan tölustafina eiga að standa bókstafirnir Vnr og síðan 2 og 2 tölustafir saman með bili á milli. Mælt er með því, að norrænt vörunúmer sé staðsett efst í hægra horni á merkimiða og/eða á framhlið ytri umbúða. Auk norræns vörunúmers er heimilt að prenta strikamerkingar á umbúðir og er mælt með notkun „Code 39" eða „EAN 13".

p. Númer markaðsleyfis lyfs.

Með númeri markaðsleyfis lyfs (MTnr) er átt við sex stafa númer, sem gefið er út af heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu.

Leiðbeiningar um fylgiseðla með lyfjum.

Ítarlegar upplýsingar ætlaðar notendum eiga að fylgja lyfjum, annað hvort á sérstökum

fylgiseðlum eða, ef rými leyfir, má áletra texta á sjálfar lyfjaumbúðirnar. Sé það gert, má textinn þó ekki rýra læsileika þeirra upplýsinga, sem jafnframt eiga að vera á umbúðunum skv. ákvæðum 4. gr. þessarar reglugerðar og viðauka 1.

Fylgiseðlar eru ætlaðir sjúklingum eða viðkomandi notendum og skulu tryggja þeim góðar upplýsingar um notkun og meðferð lyfja, bæði þeirra, sem ætluð eru mönnum og dýrum. Upplýsingarnar skulu vera nægilega víðtækar og auðskildar og auka þar með líkur á réttri notkun lyfsins. Fylgiseðla er ekki krafist með lyfjum, sem einungis eru gefin af hjúkrunarfólki/læknum eða dýralæknum eða sem einungis eru seld eða afgreidd til notkunar á sjúkrahúsum (hins vegar er þess krafist, að tæknilegar notkunarleiðbeiningar og þess háttar fylgi þessum lyfjum, skv. ákvæðum 4. gr. þessarar reglugerðar og viðauka 1).

Fylgiseðlar, sem settir eru í lyfjaumbúðir, áður en formleg ákvæði þar um hafa tekið gildi, skulu útbúnir í samræmi við þessar leiðbeiningar. Upplýsingar, sem koma fram á slíkum fylgiseðli, skulu vera í samræmi við viðurkennd skráningarákvæði lyfsins (texti í gildandi sérlyfjaskrá). Þetta á þó ekki við um þau lyf, sem fylgiseðlar eru þegar með, áður en leiðbeiningar þessar taka gildi. Í slíkum tilvikum skal endurskoða fylgiseðlana við endurprentun þeirra og eigi síðar en við endurnýjun á markaðsleyfi viðkomandi lyfs.

Fylgiseðlar með þegar skráðum lyfjum, ætluðum til getnaðarvarna, skulu óbreyttir fyrst um sinn.

Notendaupplýsingar geta náð yfir mismunandi lyfjaform og/eða styrkleika sama lyfs að því tilskyldu, að þau eigi að nota við sömu ábendingu, þau séu notuð á sama hátt og varúðarráðstafanir við notkun þeirra og frábendingar séu í aðalatriðum eins.

Samning og uppsetning; almenn sjónarmið.

Notendaupplýsingar eiga að vera byggðar á viðurkenndum upplýsingum um lyfið (texta í gildandi sérlyfjaskrá (SPC (Summary of Product Characteristic))) og á uppsetning að vera eins og greint er hér á eftir.

Upplýsingar á venjulega að greina í öllum aðalköflum (þ.e. undir þeim fyrirsögnum, sem taldar eru hér á eftir). Þetta á þó ekki við um einstök lyf eða lyfjaflokka og þegar svo er má sleppa einstökum aðalköflum.

Texta á fylgiseðlum á að setja undir eftirtöldum fyrirsögnum og í þeirri röð, sem greind er. Nýta skal þessar stöðluðu fyrirsagnir að svo miklu leyti sem unnt er. Upplýsingar eiga að vera á íslensku og orðaðar þannig, að þær séu auðskildar notandanum. Ef fylgiseðillinn er skrifaður á fleiri tungumálum, eiga upplýsingar að vera aðgreindar á hverju tungumáli sérstaklega. Texti þeirra á að vera samræmdur í aðalatriðum. Nota má tákn og myndir í fylgiseðlum til útskýringar eða til að gera skriflegar upplýsingar greinilegri. Slíkar skýringamyndir mega ekki hafa auglýsingagildi. Í inngangi að texta fylgiseðils með lyfjum, sem ætluð eru mönnum, skal þess getið að læknir geti ávísað lyfinu til annarrar notkunar eða með öðrum skammtastærðum en koma fram í upplýsingunum og skuli ávallt fylgja fyrirmælum læknis, ef um misræmi er að ræða. Textann má orða á eftirfarandi hátt: „Athugið að læknirinn getur ávísað þessu lyfi til annarrar notkunar og/eða í öðrum skammtastærðum en tilgreindar eru á fylgiseðlinum. Fylgið alltaf fyrirmælum læknis, sem áritið eru á merkimiðann frá apótekinu".

Fyrirsagnir á fylgiseðlum.

1. Hvað inniheldur lyfið (heiti lyfsins, lyfjaform, styrkleiki og innihaldslýsing)?

Heiti lyfsins. Nota skal heiti lyfsins sem fyrirsögn á fylgiseðlinum eða á annan þann hátt, svo að augljóst sé um hvaða lyf er að ræða.

Lyfjaform. Nota skal viðurkennt íslenskt heiti lyfjaforms. (Ef til er frábrugðin, hefðbundin íslensk nafngift á lyfjaforminu, má hugsanlega geta þess í sviga).

Styrkleiki lyfsins. Viðurkennd skilgreining á styrkleika skal notuð sbr. c-staflið í sérstökum ákvæðum um merkingu lyfja.

Innihaldslýsing. Heiti virkra innihaldsefna auk heita hjálparefna á að greina á íslensku. Magn virkra innihaldsefna á alltaf að greina og magn hjálparefna í samræmi við þær kröfur, sem gerðar eru í þessari reglugerð. Óskað er eftir því, að E-númer (Evrópukódanúmer) séu tilgreind fyrir litarefni og rotvarnarefni, ef þau eru til. Sé það æskilegt má gefa lýsingu á lyfjaforminu, t.d. útlit, lögun, litur, bragð, áletrun á sjálfar töflurnar o.s.frv.

Innihald. Greina má magn eða fjölda afmældra skammta í þeim pakkningastærðum, sem við á og skal það þá gert í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar, sbr. d-staflið í sérstökum ákvæðum um merkingu lyfja.

2. Hvernig verkar lyfið (lyfjaflokkur/verkun)?

Tilgreina skal lyfjaflokk (t.d. sýklalyf, sveppalyf) og/eða á hvern hátt lyfið verkar (t.d. lækkar blóðþrýsting, dregur úr ótta o.s.frv.).

3. Handhafi markaðsleyfis/sá sem veitir upplýsingar.

Tilgreina skal nafn og heimilisfang handhafa markaðsleyfis lyfsins. Í þeim tilvikum, þegar framleiðandi lyfs er annar en sá sem er handhafi markaðsleyfis þess, skal nafns hans og heimilisfangs einnig getið. Með skráningarhafa er átt við þann aðila, sem er handhafi markaðsleyfis lyfsins. Með framleiðanda er átt við viðurkenndan sérlyfjaframleiðanda, sem ber ábyrgð á lyfinu. Sé handhafi markaðsleyfis lyfs erlendur, má einnig tilgreina nafn umboðsmanns/umbjóðanda hans á Íslandi.

4. Hvers vegna hefur læknirinn þinn ávísað lyfinu? Við hvaða sjúkdómi/sjúkdómum er lyfið notað (ábendingar/notkunarsvið)?

Tilgreina skal viðurkenndar ábendingar. Ef einnar eða fleiri ábendinga er ekki getið á fylgiseðli, skal umsækjandi (framleiðandi/umboðsmaður) gera lyfjanefnd ríkisins grein fyrir því, þegar sótt er um viðurkenningu á texta fylgiseðils.

5. Hvenær ekki á að nota lyfið (frábendingar)?

Geta skal þeirra frábendinga, sem tilgreindar eru í texta gildandi sérlyfjaskrár.

6. Hvers þarft þú að gæta áður en þú notar lyfið (varúðarráðstafanir og varnaðarorð)?

Hér skulu tilgreind mikilvæg atriði, sem tengjast fyrst og fremst sjálfri meðferðinni með því lyfi, sem um ræðir, t.d. hvort notkun þess er ávanabindandi. Einnig skal hér tilgreint, ef notkun lyfsins getur dregið úr viðbragðsflýti hjá ákveðnum hópi sjúklinga vegna sljóleika (lyf, sem skerða hæfni manna til aksturs bifreiða og/eða stjórnunar annarra vélknúinna tækja) eða ef lyf geta valdið sjónskerðingu/-truflunum. Sérstakra ákvæða varðandi notkun lyfsins handa börnum eða öldruðum svo og hjá sjúklingum með skerta lifrar- eða nýrnastarfsemi skal getið, ef það á við.

7. Þungun.

Nota skal staðlaða texta. Ef unnt er skulu þeir vera eins og greint er hér á eftir og við á:

a. Ekki hefur verið sýnt fram á skaðleg áhrif á fóstur af völdum lyfsins.

b. Takmörkuð reynsla er af notkun lyfsins hjá þunguðum konum. Leitaðu því ráða hjá lækni, ef þú ætlar að nota .....(heiti lyfsins) oftar en einstaka sinnum á meðgöngutímanum.

c. Hugsanlegt er að lyfið hafi áhrif á fóstur. Leitaðu því alltaf ráða hjá lækni áður en þú notar ..... (heiti lyfsins) á meðgöngutíma.

d. Hætta er á, að lyfið valdi fósturskemmdum. Notaðu ..... (heiti lyfsins) því ekki á meðgöngutímanum nema læknir hafi ákveðið að ávísa þér því.

8. Brjóstagjöf.

Nota skal staðlaða texta. Ef unnt er skulu þeir vera eins og greint er hér á eftir og við á:

a. Lyfið berst ekki í brjóstamjólk.
b. Lyfið berst í brjóstamjólk, en verkun á barnið er ekki talin líkleg. Leitaðu samt ráða hjá lækni, ef þú ætlar að nota ..... (heiti lyfsins) oftar en einstaka sinnum meðan þú ert með barn á brjósti.
c. Lyfið berst í brjóstamjólk og er hugsanlegt að það hafi áhrif á barn, sem er á brjósti. Notaðu ..... (heiti lyfsins) því ekki á meðan þú ert með barn á brjósti nema læknir hafi ákveðið að ávísa þér því.
d. Ekki er vitað hvort ..... (heiti lyfsins) berst í brjóstamjólk. Leitaðu því fyrst ráða hjá lækni, ef þú ætlar að nota lyfið að staðaldri meðan þú ert með barn á brjósti.

9. Lyf sem geta skert akstursháefni manna.

Eftirfarandi texti skal vera á fylgiseðlum lyfja, sem flokkast þannig að þau teljast geta skert akstursháefni manna: „Lyfið getur dregið úr viðbragðsflýti. Þetta skal haft í huga þegar sérstök einbeiting er nauðsynleg svo sem við bifreiðaakstur eða við nákvæmnisvinnu.“ Um önnur lyf, sem geta skert viðbragðsflýti hjá ákveðnum hópi sjúklinga, á að geta hliðstæðrar varúðar og nefnt er í texta undir 6. tölulið hér að framan.

10. Hvað skalt þú forðast að borða eða drekka samtímis töku þessa lyfs?

Hér skal greina frá mikilvægum milliverkunum, sem geta haft áhrif á verkun lyfsins og tilgreindar eru í texta um lyfið í gildandi sérlyfjaskrá (t.d. önnur lyf, áfengi, matur).

11. Hvernig átt þú að nota lyfið (skömmtun)?

Hér skal skömmtun lyfsins greind og ef þörf er á, skal sundurgreina skammta handa fullorðnum, börnum og/eða öldruðum. Þegar um lyfseðilsskyld lyf er að ræða skal í upphafi þessa texta standa: „Læknirinn ákveður skammtastærðir, sem henta þér sérstaklega.“ Ennfremur skal, þegar um lyf til inntöku er að ræða, tilgreina upplýsingar um á hvern hátt lyfið skuli tekið inn (í heilu lagi, skipt, með ríkulegu vökvamagni o.s.frv.), hversu oft, hversu langt skal líða á milli lyfjatöku, inntaka í tengslum við máltíðir eða önnur lyf, meðferðarlengd, hvort draga á smám saman úr skammtastærðum, hvort hætta eigi skyndilega töku lyfsins (ef slíkt á við), taka skal fram hvað gera skal, ef töku eins eða fleiri skammta hefur verið sleppt o.fl. Þegar við á má einnig vísa til 9. töluliðar hér að framan. Hliðstæðar upplýsingar og að framan eru taldar skulu gefnar um önnur lyfjaform, t.d. lyfjaform til útvortis notkunar, augndropa o.s.frv. Þegar um lausasölulyf er að ræða, skal þess getið við hvaða lágmarksaldur barna eigi ekki að gefa lyfið.

12. Notkunarleiðbeiningar (fyrirmæli um meðferð og notkunarmáta).

Auk þeirra upplýsinga, sem koma fram í texta um „skammtastærðir“ skal hér gerð grein fyrir nauðsynlegum fyrirmælum um hvernig farið skuli með lyfið, hvernig það skuli gert tilbúið til notkunar og hvernig það skuli tekið inn eða notað á annan hátt. Sem dæmi má nefna upplýsingar um að lyfið skuli leysa upp eða þynna fyrir notkun, um sérstaka tækni við að taka lyfið eða um notkun sérstakra hjálpartækja við skömmtun þess.

13. Hvað gerist ef þú hefur tekið rangan skammt (ofskömmtun)?

Gera skal grein fyrir einkennum, sem koma fram við ofskömmtun og hugsanlegar aðgerðir, sem sjúklingur skal sjálfur grípa til í slíkum tilvikum og/eða fyrirmæli um að sjúklingur skuli leita læknis.

14. Hvaða aukaverkunum getur lyfið valdið (aukaverkanir)?

Aðeins skal tilgreina þær aukaverkanir, sem taldar eru í texta um lyfið í gildandi sérlyfjaskrá. Við lýsingu á aukaverkunum skal frekar lýsa einkennum þeirra en áhrifum (t.d. blæðingar fremur en blóðstorknunargallar). Auk þess má gjarnan lýsa nánar ástæðum aukaverkunarinnar. Sé aukaverkun þess eðlis, að rétt sé að leita læknis skal þess getið. Enn-

fremur skal telja aukaverkanir í flokkum eftir tíðni þeirra, annars vegar algengar og hins vegar sjaldgæfar og/eða mjög sjaldgæfar.

15. Hvernig á að geyma lyfið (geymsluskilyrði og geymsluþol)?

Hér skal vísa til áletrunar á umbúðum/merkimiða lyfsins um fyrningardagsetningu og auk þess, þegar það á við, skal tilgreina hversu langt geymsluþol fullbúið lyfjaform hefur (t.d. sýklalyfjamixtúrur) eða hversu langt geymsluþol lyfið hefur eftir að umbúðir þess eru rofnar (t.d. augndropar).

Eftirfarandi staðlaðan texta með tilvísun til geymsluþolsáletrunar skal nota:

„Geymsluþol lyfsins er í samræmi við fyrningardagsetningu, sem er á umbúðum þess."

Annað.

Tilgreina skal dagsetningu við síðustu endurskoðun á texta fylgiseðilsins.

VIÐAUKI 2
Íslensk heiti lyfjaforma og skilgreining þeirra.

Efnisyfirlit:

Augndropaduft, sjá Augndropar
Augndropar
  Augndropaduft
Augnflögur
Augnskolvatn
Augnsmyrsli
Áburður
  Úðaáburður
Blóðsíunarvökvi
Blóðskilunarvökvi
Blóðskilunarþykkni
Bóluefni
Dropaduft, sjá Dropar
Dropakyrni, sjá Dropar
Dropar
  Sjá einnig: Dropaduft, Dropakyrni
Duft
  Sjá einnig: Lausnarduft, Skammtar, Stráduft
Duft í innúðalyf, sjá Innúðalyf
Endaþarmshlaup, sjá Hlaup
Endaþarmskrem, sjá Krem
Endaþarmssmyrsli, sjá Smyrsli
Endaþarmsstílar
Endaþarmssvampar, sjá Svampar
Eyrnadropar
Eyrnasmyrsli, sjá Smyrsli
Forðahylki
  Sjá einnig: Hylki
Forðakyrni
  Sjá einnig: Kyrni
Forðaplástur
Forðatöflur
  Sjá einnig: Töflur
Framleiðslusett
  Sjá einnig: Stungulyfsstofn
Freyðikyrni
  Sjá einnig: Kyrni
Freyðitöflur
  Sjá einnig: Töflur, Lausnartöflur til inntöku
Froða, sjá Krem
Hársápa
  Sjá einnig: Lyfjasápa
Hlaup
  Endaþarmshlaup
  Leghálshlaup
  Skeiðarhlaup
  Sjá einnig: Smyrsli
Hylki
  Pillur
  Sjá einnig: Forðahylki, Sýruhjúphylki, Tungurótarhylki
Innhellislyf
Innrennslislyf
  Sjá einnig: Innrennslisstofn, Innrennslisþykkni
Innrennslisstofn
  Sjá einnig: Innrennslislyf
Innrennslisþykkni
  Sjá einnig: Innrennslislyf
Innúðaduft
Innúðalyf
  Duft í innúðalyf

Innöndunarlyf
Innöndunarlyf, sjá Innúðalyf
Krem
Endaþarmsfroða, Endaþarmskrem, Froða, Skeiðarfroða, Skeiðarkrem
Sjá einnig: Smyrsli
Kviðskilunarvökvi
Kyrni
Lyfjakyrni, Skammtakyrni
Sjá einnig: Forðakyrni, Freyðikyrni, Sýruhjúpkyrni
Kökur
Lausn
Sjá einnig: Þynningarlausn
Lausnarduft
Sjá einnig: Duft
Lausnartöflur
Lausnartöflur til inntöku
Sjá einnig: Freyðitöflur, Töflur
Leghálshlaup, sjá Hlaup
Legstílar
Lyfjasápa
Sjá einnig: Hársápa
Mixtúra
Mixtúruduft, Mixtúrukyrni, Mixtúru skammtar
Mixtúruduft, sjá Mixtúra
Mixtúrukyrni, sjá Mixtúra
Mixtúruskammtar, sjá Mixtúra
Munnlausnartöflur
Sjá einnig: Töflur
Munnsmyrsli, sjá Smyrsli
Munnsogtöflur
Sjá einnig: Töflur
Nefdropar
Nefúðalyf
Nefsmyrsli, sjá Smyrsli
Nefstifti, sjá Stifti
Nefúðalyf, sjá Nefdropar
Ónæmissermi
Pasta
Sjá einnig: Smyrsli
Pillur, sjá Hylki og Töflur
Sáralín, sjá Smyrsli
Skammtakyrni, sjá Kyrni
Skammtar
Sjá einnig: Duft
Skeiðarfroða, sjá Krem
Skeiðarhlaup, sjá Hlaup
Skeiðarkrem, sjá Krem
Skeiðarsmyrsli, sjá Smyrsli
Skeiðarstílar
Skeiðarsvampar, sjá Svampar
Skolvökvi
Smyrsli
Endaþarmssmyrsli, Eyrnasmyrsli, Munnsmyrsli, Nefsmyrsli, Sáralín, Skeiðarsmyrsli
Sjá einnig: Hlaup, Krem, Pasta
Spenalyf
Stifti
Nefstifti, Tannstifti
Stráduft
Úðaduft
Sjá einnig: Duft
Stungulyf
Sjá einnig: Stungulyfsstofn, Stungulyfsþykkni
Stungulyfsstofn
Framleiðslusett
Sjá einnig: Stungulyf
Stungulyfsþykkni
Sjá einnig: Stungulyf
Svampar
Endaþarmssvampar, Skeiðarssvampar
Sýruhjúphylki
Sjá einnig: Hylki
Sýruhjúpkyrni
Sjá einnig: Kyrni
Sýruhjúptöflur
Sjá einnig: Töflur
Tannstifti, sjá Stifti
Töflur
Lausnartöflur til inntöku, Pillur
Sjá einnig: Forðatöflur, Freyðitöflur, Munnlausnartöflur, Munnsogtöflur, Sýruhjúptöflur, Tuggutöflur, Tungurótartöflur
Tuggutöflur
Sjá einnig: Töflur
Tungurótarhylki
Sjá einnig: Hylki
Tungurótartöflur
Sjá einnig: Töflur
Úðaáburður, sjá Áburður
Úðaduft, sjá Stráduft
Vefjalím
Vefjatöflur
Þynningarlausn
Sjá einnig: Lausn

ÍSLENSK HEITI LYFJAFORMA OG SKILGREINING ÞEIRRA.
(Í svigum eru greind norræn heiti lyfjaformanna).

Lyfjaform eiga að uppfylla gildandi staðla í Evrópsku lyfjaskránni (Ph. Eur.) og í Danske lægemiddelstandarder (DLS).

Augndropaduft, sjá **Augndropar.**

Augndropar (Øjendråber/Ögondroppar/Silmätippoja).
Augndropar eru fljótandi lyfjaform, ætlað til að dreypa í auga. Duft, ætlað til framleiðslu á augndropum, nefnist **augndropaduft**, (pulver til øjendråber/pulver till ögondroppar/jauhe silmätippoja varten). Ath.: Ílát undir augndropaduft skulu merkt þannig, að heitið augndropar standi á þeim við afhendingu lyfsins úr lyfjabúð.

Augnflögur (Øjenlameller/Ögonlameller/Silmälamellia).
Augnflögur eru föst eða hálfföst lyfjaform af hæfilegri stærð og lögun til að setja undir augnlok. Þær innihalda venjulega lyf í afmældum skammti, sem á að losna hægt og hafa staðbundna verkun.

Augnskolvatn (Øjenbadevand/Öyebadevann/Ögonvatten/Silmävesi).
Augnskolvatn er fljótandi lyfjaform, ætlað til að skola augu eða til þess að væta augnsáraumbúðir.

Augnsmyrsli (Øjensalve/Ögonsalva/Silmäcvoide).
Augnsmyrsli er hálffast lyfjaform, ætlað til að bera í augu eða á hvarma. Augnsmyrsli eru framleidd sem smyrsli, krem eða hlaup.

Áburður (Liniment/Linimentti).
Áburður er fljótandi lyfjaform til útvortis notkunar. Áburður er framleiddur sem lausn (solutio), fleyti (emulsio) eða dreifa (suspensio). Áburður, sem borinn er á úr íláti undir þrýstingi, nefndist **úðaáburður** (aerosolliniment/aerosolinimentti).

Blóðsíunarvökvi (Hæmofiltreringsvæske/Hemofiltrationsvätska/Hemofiltraationeste).
Blóðsíunarvökvi er fljótandi lyfjaform til innstungu/innrennslis. Hann inniheldur sölt í magni, sem svarar til þess, sem er í blóðvökva (plasma). Blóðsíunarvökvi kann auk þess að innihalda þrúgusykur (glúkósu).

Blóðskilunarvökvi (Hæmodialysevæske/Hemodialysvätska/Hemodialyysineste).
Blóðskilunarvökvi er fljótandi lyfjaform til blóðskilunar. Hann inniheldur sölt í magni, sem svarar til þess, sem er í blóðvökva (plasma). Hann kann auk þess að innihalda þrúgusykur (glúkósu). Blóðskilunarvökvi er venjulega framleiddur með þynningu blóðskilunarþykknis með vatni af tilskildum gæðum.

Blóðskilunarþykkni (Hæmodialysekoncentrat/Hämodialyskoncentrat / Hemodialyysikonsentraatti).
Latneskt heiti: Haemodialytica concentrata. Blóðskilunarþykkni er fljótandi samsetning, ætluð til framleiðslu á vökva, sem nota skal við blóðskilun (hemodialýsu).

Bóluefni (Vaccinum).
Bóluefni er lyfjaform, sem hefur að geyma mótefnavaka. Það er gefið til þess að koma af

stað eða efla ónæmi gegn þeim smitefnum eða öðrum mótefnavökum, sem bóluefni hefur að geyma. Bóluefni er framleitt úr lifandi eða deyddum örverum, einfrumungum eða sníkjudýrum og/eða efnum, sem lífverur þessar mynda.

Dropaduft, sjá **Dropar.**

Dropakyrni, sjá **Dropar.**

Dropar (Dråber/Droppar/Tippoja).
Dropar eru fljótandi lyfjaform til inntöku, venjulega skammtað í dropatali, eða í litlu rúmmáli, mældu með mælipípettu. Fast efni, ætlað til framleiðslu á dropum, nefnist **dropaduft**, (pulver til dråber/pulver till droppar/jauhe tippoja varten) eða **dropakyrni** (granulat til dråber/granulat til droppar/rakeet tippoja varten), eftir því sem við á hverju sinni.

Duft (Pulver/Jauhe).
Duft er fíngert, fast efni. Það kann að vera ætlað til skömmtunar eftir rúmmáli. Ath.: Heitið duft skal einungis nota um lyfjaform, ef annað heiti hæfir ekki. Á íláti skulu fylgja upplýsingar um notkun duftsins. Sjá **Lausnarduft, Skammtar, Stráduft.**

Duft í innúðalyf, sjá **Innúðalyf.**

Endaþarmshlaup, sjá **Hlaup.**

Endaþarmssmyrsli, sjá **Smyrsli.**

Endaþarmsstílar (Suppositoria/Peräpuikkoa).
Endaþarmsstíll er skammtað lyfjaform, sem ætlað er til að stinga í endaþarm. Endaþarmsstíll er t.d. framleiddur með pressun eða steypun eða sem hylki.

Endaþarmssvampar, sjá **Svampar.**

Eyrnadropar (Øredråber/Örondroppar/Korvatippoja).
Eyrnadropar eru fljótandi lyfjaform, ætlað til að dreypa í hlust.

Eyrnasmyrsli, sjá **Smyrsli.**

Forðahylki (Depotkapsler/Depotkapselia).
Forðahylki er skammtað lyfjaform til inntöku, þar sem lyfinu eða hluta þess er ætlað að losna hægt og frásogast frá maga og/eða þörmum, eða hafa staðbundna verkun í maga og/eða þörmum. Sjá **Hylki.**

Forðakyrni (Depotgranulat/Depotrakeita).
Forðakyrni er fast lyfjaform til inntöku, þar sem lyfinu eða hluta þess er ætlað að losna hægt og frásogast frá maga og/eða þörmum, eða hafa staðbundna verkun í maga og/eða þörmum. Sjá **Kyrni.**

Forðaplástur (Depotplaster/Depotlaastari).
Forðaplástur er lyfjaform, sem er límt á húð. Hann inniheldur lyf í afmældum skammti, sem er ætlað að losna hægt og frásogast í gegnum húð.

Forðatöflur (Depottabletter/Depottablettia).
Forðatafla er skammtað, fast lyfjaform til inntöku, þar sem lyfinu eða hluta þess er ætlað að losna hægt og frásogast frá maga og/eða þörmum, eða hafa staðbundna verkun í maga og/eða þörmum. Sjá **Töflur.**

Framleiðslusett (Generator/Generaattori).
Framleiðslusett er kerfi, sem inniheldur fastan geislavirkan móðurkjarna, sem myndar geislavirkan dótturkjarna, sem hægt er að einangra með síun eða annarri aðferð og er síðan notaður í geislavirkt lyf. Sjá **Stungulyfsstofn.**

Freyðikyrni (Brusegranulat/Brusgranulat/Porerakeita).
Freyðikyrni er fast lyfjaform, sem skal leysa eða dreifa í vatni fyrir inntöku. Það inniheldur venjulega sýru og karbónat eða tvíkarbónat, sem hvarfast hratt í vatni og mynda koltvíoxíð. Sjá **Kyrni.**

Freyðitöflur (Brusetabletter/Brustabletter/Poretablettia).
Freyðitafla er skammtað, fast lyfjaform, sem skal leysa eða dreifa í vatni fyrir inntöku. Hún inniheldur venjulega sýru og karbónat eða tvíkarbónat, sem hvarfast hratt í vatni og mynda koltvíoxíð. Sjá **Töflur**.
Ath.: Töflur, sem innihalda mjög lítið magn af karbónati eða tvíkarbónati, og leysast því hægt með vægri loftmyndun, falla ekki undir skilgreiningu á freyðitöflum. Þær má nefna **lausnartöflur til inntöku** (Opløselige tabletter/Lösliga tabletter /Liukenevaa tablettia).

Froða, sjá **Krem.**

Hársápa (Shampoo/Sjampo/Schampo).
Hársápa er fljótandi eða hálffast lyfjaform til að núa í hársvörð og skola síðan í burtu með vatni. Hársápa er framleidd sem lausn, fleyti eða dreifa og myndar venjulega froðu, þegar nuddað er með vatni.

Hlaup (Gel/Geeli).
Hlaup er lyfjaform, sem er hálffast, framleitt með því að leysa fjölefnunga (polymer) í hæfum leysi og venjulega til útvortis notkunar. Hlaup ætluð til að bera á endaþarm, á legháls eða í skeið, nefnast **endaþarmshlaup** (rektalgel/rektaaligeeli), **leghálshlaup** (cervikalgel/servikaaligeeli), **skeiðarhlaup** (vaginalgel/emätingeeli). Sjá **Smyrsli.**

Hylki (Kapsler/Kapselia).
Hylki er skammtað lyfjaform til inntöku, sem búið hefur verið um í hæfu efni. Lyfi er ætlað að frásogast frá maga og/eða þörmum strax og hylki hefur sundrast eða hafa staðbundna verkun í maga og/eða þörmum. Séu hylki hnöttótt, má nefna þau **pillur** (piller/pilleriä). Sjá **Forðahylki, Sýruhjúphylki, Tungurótarhylki.**

Innhellislyf (Klysma/Peräruiske).
Innhellislyf er fljótandi, venjulega skammtað lyfjaform, ætlað til innhellingar eða inndælingar í endaþarm.

Innrennslislyf (Infusionsvæske/Infusionsvätska/Infuusioneste).
Latneskt heiti: Infundibilia. Innrennslislyf er fljótandi lyfjaform, ætlað til innrennslis í líkamann, í tiltölulega miklu magni. Sjá **Innrennslisstofn, Innrennslisþykkni.**

Innrennslisstofn (Infusionssbustans/Infuusiokuivaaine).
Latneskt heiti: Ad infundibilia. Innrennslisstofn er lyf í föstu formi, sem ætlað er til framleiðslu á innrennslislyfi. Sjá **Innrennslislyf.**

Innrennslisþykkni (Infusionskoncentrat/Infuusiokonsentraatti).
Latneskt heiti: Adfundibilia. Innrennslisþykkni er lyf í fljótandi formi, sem ætlað er til framleiðslu innrennslislyfs eða til íblöndunar í innrennslislyf. Sjá **Innrennslislyf.**

Innúðaduft (Inhalationspulver/Inhalaatiojauhe).
Innúðaduft er skammtað lyfjaform, ætlað til úðunar á slímhúð neðri öndunarfæra úr sérstöku úðunartæki.

Innúðalyf (Inhalationsvæske/Inhalationsvätska/Inhalaationeste).
Innúðalyf er fljótandi lyfjaform, ætlað til að berast á slímhúð neðri öndunarfæra við úðun. Sé lyfinu ætlað að berast á slímhúð neðri öndunarfæra við uppgufun (sem gufa eða lofttegund) nefnist lyfjaformið **innöndunarlyf.** Innúðalyf eru venjulega í íláti undir þrýstingi (inhalationsaerosol/inhalaationaerosoli) eða íláti, sem gefur ákveðinn skammt við hverja úðun (inhalationsspray/inhalaationsmute). Þurrefni til framleiðslu innúðalyfs nefnist **duft í innúðalyf** (pulver til inhalationsvæske/pulver till inhalationasvätska/jauhe inhalaationestettä varten).

Innöndunarlyf, sjá **Innúðalyf.**

Krem (Creme/Voide).
Krem er lyfjaform, ætlað til að bera á húð og slímkennt yfirborð. Það er mjúkt marglaga kerfi, sem venjulega er framleitt sem fleyti. Krem ætluð til að bera á endaþarm eða í skeið nefnast **endaþarmskrem** (rektalcreme/rektaalivoide), **skeiðarkrem** (vaginalcreme/emätinvoide). Krem, sem bera skal á í formi froðu, t.d. úr úðabrúsa, nefnist **froða** (skum/vaahto), sé það ætlað í endaþarm, **endaþarmsfroða** (rektalskum/rektalvaahto) eða í skeið, **skeiðarfroða** (vaginalskum/emätinovaahto). Sjá **Smyrsli.**

Kviðskilunarvökvi (Peritonealdialysevæske/Peritonealdialysvätska/Peritoneaalidialyysineste).
Latneskt heiti: Dialytica peritonealia. Kviðskilunarvökvi er fljótandi lyfjaform, sem ætlað er til kviðskilunar (peritonealdialýsu). Hann inniheldur sölt í magni, sem svarar til þess, sem er í blóðvökva (plasma) og auk þess þrúgusykur (glúkósu).

Kyrni (Granulat/Rakeita).
Kyrni er fast lyfjaform, sem samanstendur, að svo miklu leyti og unnt er, af jafnstórum kornum. Kyrni er venjulega ætlað til inntöku, hugsanlega eftir að það hefur verið leyst í eða hrært út í annað efni. Lyfi er ætlað að frásogast frá maga og/eða þörmum strax eða hafa staðbundna verkun í maga og/eða þörmum. Kyrni er framleitt með því að kyrna duftkennt efni eða búa til úr því smákúlur (pellets). Það er venjulega skammtað eftir rúmmáli. Kyrni í afmældum skömmtum, pakkað í umbúðir úr hæfu efni, nefnist **skammtakyrni** (afdelte granulater/dosgranulat/annosrakeita). Kyrni, sem ætluð eru dýrum, má nefna **lyfjakyrni** (medicin pellets). Heiti þeirrar dýrategundar, sem lyfjaformið er ætlað, skal fylgja heiti lyfjaformsins. Lyfjakyrni inniheldur venjulega fóður. Ath.: Vegna sérhæfðrar notkunar eða eiginleika nokkurra kyrna, eru þau skilgreind sérstaklega og nefnast eftirfarandi heit-

um, eftir því sem við á hverju sinni, sjá **Forðakyrni, Freyðikyrni, Sýruhjúpkyrni.**
Kökur (Boli).
Kaka (bolus) er fast, skammtað lyfjaform, ætlað dýrum til inntöku. Kaka er framleidd með útrúl , steypun eða pressun í kúlu-, egg- eða sívalningsform. Ath.: Skilgreiningin nær einnig yfir stafi (baculi).

Lausn (Opløsning/Lösning/Liuos).
Lausn er fljótandi lyfjaform, sem inniheldur eitt eða fleiri efni leyst í hæfum leysi. Ath.: Heitið lausn skal einungis nota um lyfjaform, ef annað heiti hæfir ekki. Á íláti skulu fylgja upplýsingar um notkun lausnarinnar. Sjá **Þynningarlausn.**

Lausnarduft.
Lausnarduft er fíngert, fast efni, sem ætlað er til inntöku eða útvortis notkunar, eftir að hafa verið leyst eða blandað vatni. Ath.: Heitið lausnarduft skal einungis nota um lyfjaform, ef annað heiti hæfir ekki. Á íláti skulu fylgja upplýsingar um notkun lausnarduftsins. Sjá **Duft.**

Lausnartöflur (Solubletter/Solublettia).
Lausnartafla er skammtað lyfjaform, ætlað til framleiðslu á lausn til útvortis notkunar eða til að skola líkamshol. Lausnartöflur eru venjulega framleiddar með pressun á sama hátt og töflur.

Lausnartöflur til inntöku (Opløselige tabletter/Lösliga tabletter/Liukenevaa tablettia).
Lausnartafla til inntöku er skammtað, fast lyfjaform, sem skal leysa eða dreifa í vatni fyrir inntöku. Hún inniheldur venjulega mjög lítið magn af karbónati eða tvíkarbónati, og leysist því hægt með vægri loftmyndun. Sjá **Freyðitöflur, Töflur.**

Leghálshlaup, sjá **Hlaup.**

Legstílar (Uteritorier/Kohtupuikkoa).
Legstíll er skammtað lyfjaform, sem ætlað er til að setja í leg. Legstíll er framleiddur með viðeigandi lögun með pressun eða steypun.

Lyfjasápa.
Lyfjasápa er fast eða fljótandi lyfjaform, sem hefur sápu eða önnur yfirborðsvirk efni sem burðarefni og ætlað er til útvortis notkunar. Lyfjasápa, sem ætluð er til hárþvotta, nefnist **hársápa**. Sjá **Hársápa.**

Mixtúra (Mixtur/Mikstuura).
Mixtúra er fljótandi lyfjaform, sem ætlað er til inntöku og venjulega skammtað eftir rúmmáli. Mixtúra getur verið lausn af einu eða fleiri efnum í hæfum leysi, fleyti (emulsio), dreifa (suspensio) eða lausn efna úr jurtahlutum. Fast efni, ætlað til framleiðslu á mixtúru, nefnist **mixtúruduft** (pulver til mixtur/pulver till mixtur/jauhe mikstuuraa varten) eða **mixtúrukyrni,** (granulat til mixtur/granulat till mixtur/rakeita mikstuuraa varten), eftir því sem við á hverju sinni. Mixtúrur í afmældu magni í hæfu íláti má nefna **mixtúruskammta** (afdelte mixturer/dosmixtur/annosmikstuura). Ath.: Ílát undir mixtúruduft og mixtúrukyrni skulu merkt þannig, að heitið mixtúra standi á þeim við afhendingu lyfsins úr lyfjabúð.

Mixtúruduft, sjá **Mixtúra.**

Mixtúrukyrni, sjá **Mixtúra.**
Mixtúruskammtar, sjá **Mixtúra.**

Munnlausnartöflur.
Munnlausnartöflur er skammtað, fast lyfjaform, sem leysast hratt í munni og skal síðan kyngt. Lyf frásogast ekki frá munnslímhúð. Sjá **Töflur.**

Munnsmyrsli, sjá **Smyrsli.**

Munnsogtöflur (Sugetabletter/Sugtabletter/Imeskeltävää tablettia).
Munnsogtafla er skammtað, fast lyfjaform, sem ætlað er að leysast hægt í munni og hafa staðbundna verkun í munni og koki. Sjá **Töflur.**

Nefdropar (Näsdroppar/Næsedråber/Nenätippoja).
Nefdropar er fljótandi lyfjaform, ætlað til að dreypa í nös eða úða á nefslímhúð. Nefdropar í ílátum undir þrýstingi eða annars konar úðunartækjum nefnast **nefúðalyf** (næseaerosol/nenäaerosoli og/eða næsespray/nenäsumate).

Nefsmyrsli, sjá **Smyrsli.**

Nefstifti, sjá **Stifti.**

Nefúðalyf, sjá **Nefdropar.**

Ónæmissermi (Serum).
Ónæmissermi er lyfjaform, framleitt úr blóði manna eða dýra og inniheldur sérhæfð mótefni. Mótefni þessi geta lamað eða gert óvirkar á annan hátt þær tegundir örvera og eiturefna, sem valdar voru að myndun mótefna í serminu. Ónæmissermi er gefið til að koma í veg fyrir eða draga úr óæskilegum áhrifum slíkra mótefnavaka.

Pasta (Pasta).
Pasta er smyrsli, sem er mjög stíft og ætlað til útvortis notkunar eða til inntöku handa dýrum. Pasta inniheldur oftast mikið magn af föstum efnum. Sjá **Smyrsli.**

Pillur, sjá **Hylki** og **Töflur.**

Sáralín, sjá **Smyrsli.**

Skammtakyrni, sjá **Kyrni.**

Skammtar (Dospulver/Annosjauhetta).
Skammtur er duft í skömmtuðu magni, sem búið hefur verið um í pappír eða öðru hæfu efni. Skammtur er ætlaður til inntöku, hugsanlega eftir að hafa verið leystur í eða hrærður út í öðru efni. Sjá **Duft.**

Skeiðarfroða, sjá **Krem.**

Skeiðarhlaup, sjá **Hlaup.**

Skeiðarkrem, sjá **Krem.**

Skeiðarsmyrsli, sjá **Smyrsli.**

Skeiðarstílar (Vagitorier/Emätinpuikkoa).
Skeiðarstíll er skammtað lyfjaform, ætlað til að stinga í skeið (fæðingarveg; vagina). Skeiðarstíll er framleiddur með viðeigandi lögun með pressun eða steypun.

Skeiðarsvampar, sjá **Svampar.**

Skolvökvi (Skyllevæske/Spolvätska/Huuhteluneste).
Latneskt heiti: Irrigabilia. Skolvökvi er fljótandi lyfjaform, ætlað til að skola m.a. sár, þvagblöðru og þvagrás, skurðarhol eða líkamshol, t.d. kviðar- og brjósthol.

Smyrsli (Salva/Voide).
Smyrsli er lyfjaform, ætlað til að bera á húð og slímkennt yfirborð. Það er mjúkt og hálffast við stofuhita og er framleitt úr smyrslisgrunni, sem lítur einslaga (homogen) út. Smyrsli, ætluð til að bera á endaþarm, í eyru, munn, nef eða skeið, nefnast **endaþarmssmyrsli** (rektalsalve/rektalsalva/rektaalivoide), **eyrnasmyrsli** (øresalve/öronsalva/korvavoide), **munnsmyrsli** (mundsalve/munnsalva/suuvoide), **nefsmyrsli** (næsesalve/nässalva/nenävoide), **skeiðarsmyrsli** (vaginalsalve/vaginalsalva/emätinvoide). Lín eða annað hæft efni, ætlað til þess að þekja sár og smyrsli hefur verið bætt í, nefnist **sáralín** (salvekompres/salvkompress/voideside). Sjá **Hlaup, Krem, Pasta.**

Spenalyf (Intramammarier/Intramammaaria).
Spenalyf er venjulega skammtað lyfjaform, ætlað dýrum, til þess að setja í mjólkurkirtil í gegnum spenagang.

Stifti (Stift/Puikkoa).
Stifti er fast lyfjaform, staf- eða keilulaga, ætlað til að bera á tiltekinn líkamsstað og hafa þar staðbundna verkun. Stifti, ætluð til að bera í nef eða á tennur, nefnast **nefstifti** (næsestift/nässtift/nenäpuikkoa), **tannstifti** (dentalstift/hamaspuikkoa). Ath.: Skilgreining nær einnig yfir bacilli, styli.

Stráduft (Pudder/Puder/Puuteri).
Stráduft er fast lyfjaform, ætlað til að strá á húð, slímhúð eða sár. Stráduft í íláti undir þrýstingi nefnist **úðaduft** (aerosolpuder/aerosolpudder/aerosolipuuteri). Sjá **Duft.**

Stungulyf (Injektionsvæske/Injektionsvätska/Injektioneste).
Stungulyf er fljótandi lyfjaform, ætlað til inndælingar í líkamann í gegnum húð, slímhimnu eða vessahimnu. Sjá **Stungulyfsstofn, Stungulyfsþykkni.**

Stungulyfsstofn (Injektionssubstans/Injektiokuivaaine).
Stungulyfsstofn er lyf í föstu formi, ætlað til framleiðslu á stungulyfi. Stungulyfsstofn, sem á að þynna eða blanda geislakjarna og setja í geislavirkt lyf, venjulega rétt fyrir notkun samsetningarinnar, má nefna **framleiðslusett** (præparationssæt/ beredningssats/ valmisteyhdistelmä). Framleiðslusett kann að vera samsett úr einu eða fleiri efnum. Sjá **Stungulyf.**

Stungulyfsþykkni (Injektionskoncentrat/Injektiokonsentraatti).
Stungulyfsþykkni er lyf í fljótandi formi, sem ætlað er til framleiðslu á stungulyfi. Sjá **Stungulyf.**
Svampar (Tamponer/Tamponger/Tamponia).
Svampur er fast, skammtað lyfjaform, ætlað til að stinga í ýmis líkamshol. Svampar eru framleiddir á þann hátt, að gegndreypa svamp úr hæfu efni með lyfinu. Svampar, ætlaðir til að stinga í endaþarm, nefnast **endaþarmssvampar** (rektaltampon/rektaltampong/rektaliitamponi). Svampar, ætlaðir til að stinga í skeið (fæðingarveg, vagina) nefnast **skeiðarsvampar** (vaginaltampon/vaginaltampong/emätintamponi).

Sýruhjúphylki (Enterokapsler/Enterokapslia).
Sýruhjúphylki er skammtað lyfjaform til inntöku, þar sem lyfinu er ætlað að frásogast frá þörmum eða hafa staðbundna verkun í þörmum. Þau eru húðuð eða framleidd úr efni, sem hindrar losun lyfs í maga. Sjá **Hylki.**

Sýruhjúpkyrni (Enterogranulat/Enterorakeita).
Sýruhjúpkyrni er fast lyfjaform til inntöku, þar sem lyfinu er ætlað að frásogast frá þörmum eða hafa staðbundna verkun í þörmum. Þau eru húðuð með efni, sem hindrar losun lyfs í maga. Sjá **Kyrni.**

Sýruhjúptöflur (Enterotabletter/Enterotablettia).
Sýruhjúptöflur er skammtað, fast lyfjaform til inntöku, þar sem lyfinu er ætlað að frásogast frá þörmum eða hafa staðbundna verkun í þörmum. Þær eru húðaðar með efni, sem hindrar losun lyfs í maga. Sjá **Töflur.**

Tannstifti, sjá **Stifti.**

Töflur (Tabletter/Tablettia).
Tafla er skammtað, fast lyfjaform, ætlað til inntöku. Lyfi er ætlað að frásogast frá maga og/eða þörmum strax og tafla hefur sundrast og/eða hafa staðbundna verkun í maga og/eða þörmum. Töflur eru venjulega framleiddar með pressun og geta verið húðaðar. Töflur, sem er hnöttóttar, má nefna **pillur** (piller/pilleri). Töflur, sem sundrast hratt, má nefna **lausnartöflur til inntöku** (opløselige tabletter/lösliga tabletter/liukenevaa tablettia). Töflur, sem á að leysa eða hræra út í vatni fyrir inntöku, en falla samt ekki undir skilgreiningu freyðitaflna, má einnig nefna **lausnartöflur til inntöku.** Sjá **Forðatöflur, Freyðitöflur, Munnlausnartöflur, Munnsogtöflur, Sýruhjúptöflur, Tuggutöflur, Tungurótartöflur.**

Tuggutöflur (Tyggetabletter/Tuggtabletter/Purutablettia).
Tuggutafla er skammtað, fast lyfjaform, sem skal tyggja áður en því er kyngt. Sjá **Töflur.**

Tungurótarhylki.
Tungurótarhylki er skammtað, fast lyfjaform. Lyfi er ætlað að frásogast frá slímhúð í munnholi. Sjá **Hylki.**

Tungurótartöflur (Resoribletter/Resoriblettia).
Tungurótartafla er skammtað, fast lyfjaform. Lyfi er ætlað að frásogast frá slímhúð í munnholi. Sjá **Töflur.**

Úðaáburður, sjá **Áburður.**

Úðaduft, sjá **Stráduft.**

Vefjalím.
Vefjalím er einefnungur (monomer), sem hvarfast í fjölefnung (polymer). Það er borið á í mjög þunnri himnu, sem kemur í stað saums til þess að loka sárum og skurðsárum.

Vefjatöflur (Implantat/Implantablettia).
Vefjatafla er skammtað, fast lyfjaform, sem lyfi er ætlað að losna hægt úr eftir íkomu töflunnar í vef.

Þynningarlausn.
Þynningarlausn er fljótandi lyfjaform, sem inniheldur eitt eða fleiri efni leyst í hæfum leysi, og ætlað er til þynningar fyrir notkun. Þynningarlausn er oftast ætluð til útvortis notkunar. Ath.: Heitið þynningarlausn skal einungis nota um lyfjaform, ef annað heiti hæfir ekki. Á íláti skulu fylgja upplýsingar um notkun þynningarlausnarinnar.
Sjá **Lausn.**

VIÐAUKI 3
Listi yfir efni, sem skert geta hæfni manna til aksturs bifreiða og/eða stjórnunar annarra véla.

Listi yfir efni, sem skert geta hæfni manna til aksturs bifreiða og/eða stjórnunar annarra véla, þegar þau eru í lyfjaformum, sem hafa almenna verkun (sýstematíska verkun), og skulu því merkt aðvörunarþríhyrningi, sbr. 9. lið, 1. mgr. 4. gr. þessarar reglugerðar og i-staflið, sérstök ákvæði um merkingu lyfja, viðauka 1. Listinn nær einnig yfir sölt og estra og hvers konar önnur efnasambönd þessara efna. Listinn er ekki tæmandi.

Aethallymalum NFN
Aethylmorphinum
Aethanolum>10% w/v
Alimemazinum INN
Allobarbitalum INN
Alprazolamum INN
Amfetaminum INN
Amobarbitalum INN
Aprobarbitalum INN
Baclofenum INN
Barbitalum INN
Benproperinum INN
Bromazepamum INN
Bromisovalum INN
Buprenorphinum INN
Butalbitalum INN
Butobarbitalum
Carbamazepinum INN
Carbromalum INN
Carisoprodolum INN
Cetobemidonum INN
Chlorali hydras
Chloralodolum INN
Chlorcyclizinum INN
Chlordiazepoxidum INN
Chlormezanonum INN
Chlorzoxazonum INN
Clemastinum INN
Clomethiazolum INN
Clonazepamum INN
Codeinum
Cyclobarbitalum INN
Cyproheptadinum INN
Dexchlorpheniraminum INN
Dextromoramidum INN
Dextropropoxyphenum INN
Diazepamum INN
Diphenhydraminum INN

Emylcamatum INN
Ethosuximidum INN
Fentanylum INN
Flunitrazepamum INN
Flurazepamum INN
Heptabarbum INN
Hexobarbitalum INN
Hydrocodonum INN
Hydromorphonum INN
Hydroxyzinum INN
Meclozinum INN
Medazepamum INN
Meprobamatum INN
Mepyraminum INN
Methadonum INN
Methaqualonum INN
Methocarbamolum INN
Methylphenidatum INN
Methylphenobarbitalum INN
Metopimazinum INN
Midazolamum INN
Morphinum
Natrii valproas (INN)
Nicomorphinum INN
Nitrazepamum INN
Opium
Orphenadrinum INN
Oxazepamum INN
Oxycodonum INN
Pemolinum INN
Pentazocinum INN
Pentobarbitalum INN
Pethidinum INN
Phenobarbitalum INN
Phenprobamatum INN
Phenterminum INN
Phenylpropanolamine BAN
Phenytoinum INN
Pholcodinum INN
Primidonum INN
Promethazinum INN
Scopolaminum
Secobarbitalum INN
Sultiamum INN
Thebaconum INN
Thiethylperazinum INN
Thiopentalum natricum INN
Tramadolum INN
Triazolamum INN
Vigabatrinum INN
Zolpidemum INN

26. júlí 1994 Nr. 419

REGLUGERÐ

um útgáfu á 3. flokki húsbréfa 1994 fyrir Byggingarsjóð ríkisins, húsbréfadeild.

1. gr.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið, á grundvelli laga nr. 97/1993, að Byggingarsjóður ríkisins, húsbréfadeild, gefi út 3. flokk húsbréfa 1994. Samanlögð fjárhæð húsbréfa í 3. flokki 1994 skal vera að hámarki 2 000 milljónir. Húsbréfin skulu gefin út í fjórum undirflokkum A, B, C og D. Í undirflokki A skal hvert húsbréf vera að fjárhæð kr. 5 000 000,00, í undirflokki B kr. 1 000 000,00, í undirflokki C kr. 100 000,00 og í undirflokki D kr. 10 000,00. Vextir í 3. flokki 1994 eru 4.75 % á ári. Lánstími er 25 ár.

2. gr.

Húsbréf eru greiðsla húsbréfadeildar Byggingarsjóðs ríkisins við kaup deildarinnar á fasteignaveðbréfum.

3. gr.

Húsbréf skulu skráð á nafn. Nafn fyrsta eiganda, kennitala og heimilisfang, skal skráð á framhlið húsbréfs. Við eigendaskipti að húsbréfi skal framsal til nýs eiganda skráð á bakhlið þess og þar skráður framsalsdagur, nafn, kennitala og heimilisfang hins

nýja eiganda. Framsal húsbréfs til handhafa er óheimilt. Sé röð framsala gölluð, verður bréfið ekki innleyst, nema handhafi þess færi fullar sönnur á eignarheimild sína.

4. gr.

Húsbréf eru verðtryggð miðað við lánskjaravísitölu skv. 39. gr. laga nr. 13/1979 með síðari breytingum, sbr. reglugerð nr. 18/1989 og auglýsingu Seðlabanka Íslands í Lögbirtingablaði nr. 11 frá 23. janúar 1989. Grunnvísitala flokksins er vísitala ágústmánaðar 1994.

5. gr.

Byggingarsjóður ríkisins greiðir verðbætur á höfuðstól, vexti og vaxtavexti húsbréfa skv. breytingum á lánskjaravísitölu frá útgáfudegi bréfanna, 15. ágúst 1994 til gjalddaga. Höfuðstóll, verðbætur, vextir og vaxtavextir greiðast eftir á í einu lagi. Nafnvextir eru óbreytanlegir allan tímann og reiknast frá útgáfudegi 15. ágúst 1994.

6. gr.

Byggingarsjóður ríkisins innleysir og endurgreiðir húsbréf þetta að fullu skv. útdrætti á föstum gjalddögum, sem eru 15. febrúar, 15. maí, 15. ágúst og 15. nóvember ár hvert. Fyrsti gjalddagi er 15. nóvember 1995. Húsbréfaflokknum skal lokað eigi síðar en 15. ágúst 1995. Í hverjum útdrætti skal draga út húsbréf fyrir þá fjárhæð sem svarar næst til endurgreiðslu jafngreiðsluláns með þeim vöxtum sem um flokkinn gilda, lánstíma sem eftir er og eftirstöðvum.

Númer útdreginna húsbréfa skulu birt í Lögbirtingablaði í síðasta lagi tveimur mánuðum fyrir gjalddaga.

Þau húsbréf þessa flokks, sem ekki verða dregin út, greiðast að fullu á lokagjalddaga, þann 15. ágúst 2019. Húsbréf verða ekki innleyst að hluta.

7. gr.

Útdráttur fer fram hjá Raunvísindastofnun Háskólans að viðstöddum fulltrúa húsbréfadeildarinnar undir umsjón lögbókanda.

8. gr.

Allar kröfur á grundvelli húsbréfa fyrnast sé þeim ekki lýst hjá Byggingarsjóði ríkisins innan 10 ára frá gjalddaga, hvort sem um útdrátt á föstum gjalddaga eða lokagjalddaga er að ræða.

Gjaldfallnar endurgreiðslur húsbréfa bera ekki vexti eða verðbætur eftir gjalddaga.

9. gr.

Skattskylda eða skattfrelsi húsbréfa, vaxta og verðbóta af þeim, fer eftir skattalögum á hverjum tíma, sbr. nú 8. gr., 1. tl. B-liðar 30. gr., 74. og 78. gr. laga nr. 75/1981, með síðari breytingum, sbr. einnig lög nr. 7/1974 og lög nr. 79/1983, og lög nr. 117/1990 og loks sbr. lög nr. 76/1989, 2. gr., s-lið. Húsbréf eru framtalsskyld.

10. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 97/1993 um Húsnæðisstofnun ríkisins, öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 26. júlí 1994.

Guðmundur Árni Stefánsson.

Ingi Valur Jóhannsson.

AUGLÝSING

um verðjöfnunargjald á innflutt súkkulaði, brauð, kex og kökur.

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð við tollafgreiðslu verðjöfnunargjald af súkkulaði, brauði, kexi og kökum í samræmi við upptalningu tollskrárnúmera í neðangreindri gjaldskrá. Gjaldið skal lagt á sem krónur á kíló. Þó skal samanlagður tollur og verðjöfnunargjald aldrei vera hærra en 46% af tollverði vöru í vöruliðum 1806 og 1901, og aldrei hærra en 37% af tollverði vöru í vörulið 1905.

Tollskrárnúmer	kr/kg	Tollskrárnúmer	kr/kg
1806.2009	56	1901.2018	6
1806.3101	61	1901.2019	5
1806.3109	61	1901.2022	44
1806.3202	56	1901.2029	56
1806.3203	25	1905.2000	38
1806.3209	25	1905.3011	17
1806.9022	21	1905.3019	19
1806.9023	58	1905.3021	38
1806.9025	63	1905.3029	23
1806.9026	57	1905.3030	13
1806.9028	56	1905.4000	19
1806.9029	56	1905.9011	47
1901.2012	26	1905.9019	6
1901.2013	20	1905.9020	5
1901.2014	38	1905.9040	44
1901.2015	13	1905.9090	56
1901.2016	19	2104.1003	4
1901.2017	47	2104.1004	4

2. gr.

Að því leyti sem ekki er kveðið á um vöruflokkun, gjalddaga, lögvernd, viðurlög og aðra framkvæmd álagningar og innheimtu verðjöfnunargjalds skulu ákvæði laga nr. 55/1987, með síðari breytingum, gilda eftir því sem við á svo og ákvæði reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim.

3. gr.

Tollstjórar annast innheimtu verðjöfnunargjalds samkvæmt þessari auglýsingu og standa skil á því í ríkissjóð eftir fyrirmælum sem fjármálaráðuneytið setur, sbr. 15. gr. reglugerðar nr. 530/1975, um reikningsskil innheimtumanna ríkissjóðs.

4. gr.

Fjármálaráðherra getur veitt undanþágu frá greiðslu gjalda skv. 1. gr., enda innihaldi vara engin eða óverulegt magn af hráefnum sem verðjafna á fyrir.

5. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 120. gr. A tollalaga nr. 55/1987, sbr. lög nr. 18/1993, gildir frá 1. ágúst til 31. október 1994. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 221/1994.

Fjármálaráðuneytið, 28. júlí 1994.

F. h. r.
Jón H. Steingrímsson.

Jóhann Baldursson.

Nr. 421 28. júlí 1994

REGLUGERÐ

um verðjöfnunargjald af innfluttum landbúnaðarvörum.

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð við tollafgreiðslu verðjöfnunargjald af þeim landbúnaðarvörum, sem falla undir tollskrárnúmer sem upp eru talin í 3. gr., skv. eftirfarandi gjaldskrá. Gjaldið skal lagt á sem krónur á kíló. Þó skal samanlagður tollur, vörugjald og verðjöfnunargjald aldrei vera hærra en 37% af tollverði í vörulið 1905.

2. gr.

Fjárhæð gjaldanna grundvallast á mismun á innlendu og erlendu viðmiðunarverði eftirfarandi landbúnaðarafurða:

Landbúnaðarhráefni	Innlendt viðmiðunarverð kr/kg	Erlent viðmiðunarverð kr/kg
Smjör	275,00	69,04
Smjör, óniðurgreitt	967,51	69,04
Mjólkurduft	240,00	79,42
Undanrennumjöl óniðurgreitt	306,85	63,53
Ostur	450,62	145,66
Nautgripakjöt	487,20	153,90
Kindakjöt	486,20	109,22
Svínakjöt	429,00	106,64
Kjúklingakjöt	396,50	73,67

3. gr.

Fjárhæð gjaldanna eftir tollskrárnúmerum er eftirfarandi:

Tollskrár-númer	Verðjöfnunar-gjald kr/kg	Tollskrár-númer	Verðjöfnunar-gjald kr/kg	Tollskrár-númer	Verðjöfnunar-gjald kr/kg	Tollskrár-númer	Verðjöfnunar-gjald kr/kg
0402.1000	161	0403.9003	28	0406.3000	312	1905.9051	99
0403.1001	66	0403.9004	108	0406.9000	244	1905.9059	68
0403.1003	34	0403.9009	183	1602.4900	108	2202.9001	42
0403.9001	28	0405.0000	251	1901.2023	99		
0403.9002	28	0406.2000	388	1901.2024	68		

4. gr.

Að því leyti sem ekki er kveðið á um vöruflokkun, gjalddaga, lögvernd, viðurlög og aðra framkvæmd álagningar og innheimtu verðjöfnunargjalds skulu ákvæði laga nr. 55/1987, með síðari breytingum, gilda eftir því sem við á svo og ákvæði reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim.

5. gr.

Skil á innheimtu verðjöfnunargjaldi skv. reglugerð þessari fer eftir fyrirmælum reglugerðar nr. 530/1975 um reikningsskil innheimtumanna ríkissjóðs.

6. gr.

Landbúnaðarráðherra getur veitt undanþágu frá greiðslu gjalda skv. 1. gr., enda innihaldi vara engin eða óverulegt magn af hráefnum sem verðjafna á fyrir.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, sbr. breytingu með lögum nr. 34/1994 og öðlast gildi 1. ágúst 1994. Jafnframt eru úr gildi felldar reglugerðir um sama efni nr. 214/1994 og 365/1994.

Landbúnaðarráðuneytið, 28. júlí 1994.

F. h. r.
Sveinbjörn Dagfinnsson.

Guðmundur Sigþórsson.

26. júlí 1994 Nr. 422

GJALDSKRÁ

fyrir þjónustu Veðurstofu Íslands.

1. gr.

Veðurstofa Íslands skal taka gjöld skv. gjaldskrá þessari og skulu þau standa undir kostnaði stofnunarinnar við þar tilgreinda þjónustu.

2. gr.

Vottorð um veður:	**kr.**
2.1. Grunngjald	3.000
2.2. Hvert atriði í veðurathugun	15
2.3. Hvert spásvæði í veðurspá/yfirlit	500

3. gr.

Útseld vinna.	**kr.**
3.1. Sérfræðingur (á klst.)	3.500
3.2. Aðstoðarmenn sérfræðinga og aðrir starfsmenn	2.000

4. gr.

Sérþjónusta við fjölmiðla:

	Stakt kort pr. stk. kr.	**Föst áskrift pr. stk. kr.**
4.1. Handteiknað spákort fyrir Ísland með stuttum texta.	1.870	1.440
4.2. Handteiknað yfirlitskort (greining) með þrýstikerfum, skilum auk örva um tilfærslur	720	570
4.3. Handteiknað yfirlitsspákort (t.d. 24 stunda spá með skilum, þrýstilínum og kerfum).	2.470	1.880
4.4. Fullunnið spákort fyrir Ísland með stuttum texta sbr. 4.1. unnið í tölvu og tilbúið til setningar í dagblöð.	3.620	2.750
4.5. Fullunnið yfirlitskort sbr. 4.2. tilbúið til setningar í dagblöð.	1.320	1.020
4.6. Fullunnið yfirlitsspákort sbr. 4.3. tilbúið til setningar í dagblöð.	3.620	2.750
4.7. Sérspá fyrir ákveðinn stað (sent sem texti)	1.000	880

5. gr.

Sérþjónusta við einstaklinga eða einstök fyrirtæki:

	Stakt	**Föst áskrift**
5.1. Veðurspá fyrir ákveðinn stað og pr. sólarhring (texti)	420	350
5.2. Tilbúin innlend eða erlend kort send á bréfsíma	120	120

6. gr.

Notkun á flugveðurgögnum frá tölvukerfi Veðurstofu (Veðurboði); -mánaðargjald.

	kr.
6.1. Samband við fjarskiptakerfi Veðurstofu og allt að 100.000 stafir	500
6.2. Gjöld fyrir gögn umfram 100.000 stafi, fyrir hverja byrjaða 1.000 stafi	13

7. gr.

Árgjald áskriftar Veðráttunnar;

1993	kr. 1.700 (13 tölublöð á ári)
Eldri árgangar:	
1924-1956	kr. 400
1957-1992	kr. 1.000

Áskrift sérstakra mánaðarblaða sem gefin eru út eftir hver mánaðarmót: kr. 2.900 á ári.

Endurprentað blað.

Töfluútskriftir:	
Grunngjald	kr. 500
Hvert viðbótarblað	kr. 50

Aðrir gjaldmiðlar í hlutfalli við gengi hvers tíma.

8. gr.

Óheimilt er með hvaða hætti sem er að birta og endurprenta þau gögn sem látin eru í té skv. gjaldskrá þessari nema fyrir liggi heimild Veðurstofu Íslands.

9. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt 4. gr. laga nr. 30/1985, um Veðurstofu Íslands öðlast gildi 1. ágúst 1994. Þá fellur úr gildi gjaldskrá nr. 248/1988 með sama heiti.

Umhverfisráðuneytið, 26. júlí 1994.

Össur Skarphéðinsson.

Ingimar Sigurðsson.

21. júlí 1994 Nr. 423

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn Hveragerðisbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 294/1987.

1. gr.

62. gr. samþykktarinnar hljóði svo:

A. Til eins árs. Á fundi í júní ár hvert:

1. *Bæjarráð.* Þrjá aðalfulltrúa og þrjá til vara úr hópi bæjarstjórnarmanna sbr. 55. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
2. *Skoðunarmenn.* Tvo aðalmenn og jafnmarga til vara sbr. 84. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
3. *Kjörstjórn* við alþingiskosningar. Þrjá aðalmenn og jafnmarga til vara br. 10. gr. laga nr. 80/1987 um kosningar til Alþingis.
4. *Vinnumiðlun.* Þrjá aðalmenn og jafnmarga til vara úr hópi bæjarstjórnarmanna sbr. 9. gr. laga nr. 18/1985 um vinnumiðlun og skulu það vera aðal- og varamenn í bæjarráði á hverjum tíma. Nefndin er auk þess skipuð tveimur öðrum tilnefndum af félögum launþega og hinum úr hópi atvinnurekenda á staðnum.

B. Til fjögurra ára. Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum:

1. *Almannavarnanefnd.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 8. gr. laga nr. 94/1962 um almannavarnir sbr. 5. gr. laga nr. 85/1985.
2. *Byggingar- og brunamálanefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin fjallar um byggingamál sbr. byggingalög nr. 54/1978 og fer með brunamál sbr. 4. gr. laga nr. 41/1992 um brunavarnir og brunamál. Jafnframt er nefndin bæjarstjórn og bæjarráði til ráðgjafar um viðhald eigna og mannvirkja bæjarins.
3. *Félagsmálanefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin fer með stjórn félagsþjónustu bæjarins sbr. lög nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga. Málefni aldraðra sbr. lög nr. 82/1989 um málefni aldraðra, jafnréttismál sbr. lög nr. 28/1991

um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, áfengisvarnir sbr. áfengislög nr. 82/1969 og barnaverndarmál sbr. lög nr. 58/1992 um vernd barna og ungmenna.

4. *Skipulags- og umhverfisnefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmarga til vara. Nefndin fjallar um skipulagsmál sbr. skipulagslög nr. 19/1964, umhverfismál, náttúruvernd sbr. 13. gr. laga um náttúruvernd nr. 47/1971, gróðurvernd sbr. 19. gr. laga nr. 17/1965 um landgræðslu, búfjárhald sbr. lög nr. 46/1991 um búfjárhald og gerir nefndin tillögu um búfjáreftirlitsmann og annan til vara sbr. 9. gr. laganna. Þá sér nefndin einnig um umferðarmál og ferlimál.
5. *Heilbrigðisnefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.
6. *Kjörstjórnir við sveitarstjórnarkosningar.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 23. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
7. *Skólanefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin fer með málefni grunnskóla sbr. lög nr. 49/1991 um grunnskóla og málefni leikskóla sbr. lög nr. 78/1994 um leikskóla.
8. *Stjórn bókasafns.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 7. gr. laga nr. 50/1976 um almenningsbókasöfn.
9. *Stjórn veitustofnana.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Stjórnin fer með málefni hitaveitu, rafveitu og vatnsveitu. Jafnframt er hún ráðgefandi fyrir bæjarstjórn.
10. *Húsnæðisnefnd.* Þrjá aðalmenn og jafnmarga til vara. Ennfremur tvo aðalmenn og tvo til vara samkvæmt tilnefningu stærstu launþegasambanda í bænum. Nefndin starfar samkvæmt lögum nr. 97/1993 um Húsnæðisstofnun ríkisins og einnig sér nefndin um húsaleigumál sbr. 76. gr. laga nr. 44/1979 um húsaleigusamninga að fenginni umsögn félagsmálanefndar.
11. *Fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands.* Einn aðalmaður og annar til vara skv. 9. gr. laga nr. 68/1994 um Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands.
12. *Íþrótta- og æskulýðsnefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin hefur umsjón með rekstri íþróttamannvirkja og íþróttastarfsemi og skal vera ráðgefandi fyrir bæjarstjórn á því sviði. Nefndin hefur umsjón með rekstri félagsmiðstöðvar og hún sér um og skipuleggur hátíðarhöld 17. júní ár hvert. Nefndin skal hafa umsjón með félagsstarfi eftir því sem við á og vinna í náinni samvinnu við félagasamtök í bæjarfélaginu.
13. *Stjórn heilsugæslustöðvar.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 21. gr. laga nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Hveragerðisbæjar hefur sett, samkvæmt 3. mgr. 7. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 með síðari breytingum, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 21. júlí 1994.

F. h. r.
Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 55 - 1994

2. maí 1994 1341 Nr. 424

AUGLÝSING

um úthlutunarreglur Lánasjóðs íslenskra námsmanna fyrir námsárið 1994-1995.

Menntamálaráðherra hefur hinn 2. maí 1994 staðfest úthlutunarreglur Lánasjóðs íslenskra námsmanna fyrir námsárið 1994-1995, sbr. fylgiskjal. Úthlutunarreglurnar voru samþykktar á fundum stjórnar sjóðsins 14. apríl 1994, sbr. 16. gr. laga nr. 21/1992.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 2. maí 1994.

F. h. r.
Stefán Baldursson.

Stefán Stefánsson.

Fylgiskjal.

I. Kafli - Lánshæft nám.

1.1. Almennt.

Sjóðurinn veitir námslán til framhaldsnáms við skóla, sem gera sambærilegar kröfur til undirbúningsmenntunar og gerðar eru til háskólanáms hérlendis.

Sjóðnum er heimilt að veita öðrum námsmönnum lán enda stundi þeir sérnám.

Lán er að öllu jöfnu ekki veitt til náms eða starfsþjálfunar þegar námsmaður þiggur laun eða annað endurgjald meðan á námi stendur, þ.e.a.s. ef umsamin mánaðarlaun samkvæmt náms- eða starfssamningi eru hærri en grunnframfærsla, sbr. 3.1.1.

Lán er ekki veitt til undirbúningsnáms né heldur til náms að loknu doktorsprófi eða sambærilegu prófi.

Nám við fjarskóla er ekki lánshæft nema boðið sé upp á a.m.k. 75% af því sem telst fullt nám í reglulegu skólanámi. Sama gildir um hlutanám.

Gestanám er að öllu jöfnu ekki lánshæft. Nám við bréfaskóla er ekki lánshæft.

1.2. Lánshæft nám á Íslandi.

1.2.1. Á háskólastigi.

Nám á háskólastigi er lánshæft og það nám annað sem gerir sambærilegar kröfur til undirbúningsmenntunar og nám á háskólastigi. Nám í eftirtöldum skólum á háskólastigi er lánshæft:

Bændaskólinn á Hvanneyri, búvísindadeild
Háskóli Íslands
Háskólinn á Akureyri
Kennaraháskóli Íslands
Ljósmæðraskóli Íslands
Samvinnuháskólinn, rekstrarfræðideild
Tónlistarskólinn í Reykjavík, tónmennta- og tónfræðideild
Tækniskóli Íslands, tæknifræði- og heilbrigðisdeild
Tölvuháskóli Verzlunarskóla Íslands

1.2.2. Sérnám.

Nám í fjölbrautaskólum og öðrum skólum, sem að meginstofni er liður í undirbúningi til stúdentsprófs eða sambærilegs prófs er að jafnaði ekki lánshæft skv. þessari grein. Nám í eftirtöldum sérskólum er lánshæft:

ATS skóli flugmálastjórnar
Fiskvinnsluskólinn, fisktæknínám
Fósturskóli Íslands
Iðnskólar, iðnnám í allt að þrjú ár
Íþróttakennaraskóli Íslands
Leiklistarskóli Íslands
Myndlista- og handíðaskóli Íslands að undanskildu fornámi
Myndlistaskólinn á Akureyri að undanskildu fornámi
Stýrimannaskólar
Tannsmíðaskóli Íslands
Tónlistarskólar, kennaradeildir og tónlistarnám á 7. stigi og ofar skv. námsskrá menntamálaráðuneytis
Tækniskóli Íslands, iðnfræði
Vélskólar
Þroskaþjálfaskóli Íslands

1.2.3. Annað sérnám.

Heimilt er að veita lán til annars sérnáms enda sé um nægilega veigamikið nám að ræða (a.m.k. eins árs fullt nám) er varðar eðli þess og uppbyggingu og starfsréttindi að mati stjórnar. Námsmaður þarf að hafa náð 20 ára aldri á því almanaksári sem lán er veitt og námið má að meginstofni ekki vera liður í undirbúningi undir stúdentspróf eða sambærilegt próf. Nám í eftirtöldum skólum er lánshæft samkvæmt þessari reglu:

Bændaskólar, bændadeildir
Dalvíkurskóli, fiskiðn
Fiskvinnsluskólinn, fiskiðnnám
Fjölbrauta- og iðnskólar: Læknaritaranám (bóknám), lyfjatæknanám að undanskildu aðfararnámi, matarfræðingsnám (bóknám), sjúkraliðanám (verklegi hlutinn), tækniteiknun, snyrtifræði (þrjú síðustu misserin)
Garðyrkjuskóli ríkisins
Flugskóli Íslands (bóknám)
Hótel- og veitingaskóli Íslands
Kirkjubæjarskóli, fiskeldi
Meistaraskóli iðnaðarins að undanskildu almennu námi
Samvinnuháskólinn
Tækniskóli Íslands

1.2.4. Réttindi erlendra námsmanna

Námsmenn frá Norðurlöndum, sem heimilisfastir eru á Íslandi og stunda lánshæft nám hérlendis, njóta námsaðstoðar til jafns við íslenska námsmenn enda hljóti þeir ekki námsaðstoð frá heimalandi sínu sbr. samkomulag milli Norðurlanda um þessi efni eins og það er á hverjum tíma. Heimilt er að láta þetta ákvæði taka til einstakra annarra erlendra ríkisborgara njóti íslenskir námsmenn sambærilegra réttinda í heimalandi þeirra.

Erlendir ríkisborgarar teljast fá lánsrétt á þeirri önn sem Alþingi samþykkir að veita þeim ríkisborgararétt.

1.3. Lánshæft nám í útlöndum.

1.3.1. Háskólanám.

Lánað er til framhaldsnáms við viðurkenndar stofnanir erlendis, sem gera sambærilegar kröfur til nemenda og gerðar eru í háskólanámi hérlendis, sjá þó ákvæði gr. 4.6. og 4.8. um lán vegna skólagjalda.

1.3.2. Sérnám.

Heimilt er að veita lán til sérnáms erlendis enda hafi námsmaður náð 20 ára aldri á því almanaksári, sem lánið er veitt. Lánshæfi er ennfremur háð því að um sé að ræða a.m.k. eins árs skipulagt nám sem talist getur nægilega veigamikið að því er varðar eðli þess, uppbyggingu og starfsréttindi að mati stjórnar sjóðsins.

Heimilt er að veita námsmönnum, sem hafa lokið fyrrihluta náms á Íslandi en þurfa síðan að fara utan til þess að ljúka námi, undanþágu frá tuttugu ára reglunni.

1.3.3. Einkanám í tónlist.

Skilyrði fyrir veitingu láns til einkanáms í tónlist er að umsækjandi hafi lokið 8. stigi tónlistarnáms á Íslandi eða viðurkenndu háskólaprófi í tónlist erlendis, t.d. BA prófi í Bandaríkjunum eða sambærilegu prófi.

Hámarksnámstími sem lánað er til einkanáms er allt að þrem námsárum eða tuttugu og sjö mánuðum.

Umsækjandi þarf að leggja fram upplýsingar um nafn og stöðu kennara, viðfangsefni, námsfyrirkomulag, tónleika ásamt efnisskrám og staðfestingu kennara.

1.3.4. Tungumálanám sem undirbúningsnám.

Sjóðurinn lánar að jafnaði í eitt misseri til tungumálanáms ef það er undirbúningur undir nám erlendis sem fer fram á öðrum tungumálum en ensku og Norðurlandamálum öðrum en finnsku. Ekki er lánað fyrir skólagjöldum.

Hámarksnámstími sem veitt er lán til er eitt misseri í eftirtöldum tungumálum: Þýsku, frönsku, spænsku og ítölsku. Ekki er veitt lán til undirbúningsmálanáms ef námsmaðurinn hefur fengið lán til að stunda nám í viðkomandi tungumáli. Í námi þar sem námsári er skipt í fjórðunga jafngilda tveir fjórðungar einu misseri.

Hámarksnámstími sem veitt er lán til eru tvö misseri eða þrír fjórðungar í eftirtöldum tungumálum: Kínversku, japönsku, finnsku, grísku, tékknesku, ungversku, hollensku o.s.frv.

Tungumálanám skal að jafnaði stunda við útlendingadeildir háskóla, nema námsmaður sé að hefja framhaldsnám í háskóla.

Ef lánþegi að loknu málanáminu skiptir um námsland er honum synjað um aðstoð jafn lengi og hann naut aðstoðar í málanáminu.

Einungis er veitt lán einu sinni til undirbúningsnáms í tungumálum.

II. Kafli - Námsframvinda.

2.1. Námstími.

2.1.1. Almennt.

Sjóðurinn veitir aðstoð þann tíma ársins sem eiginlegt skólahald eða skyldunámskeið standa yfir. Að jafnaði er þó lán ekki reiknað lengur en níu og hálfan mánuð á almanaksári nema fyrir liggi staðfesting skóla á því hvenær nám hófst að hausti og hvenær viðkomandi námsmaður lauk síðasta prófi að vori.

Ef námsmanni er veitt aðstoð hluta úr námsári er heimilt að veita lán í fjóra og hálfan mánuð fyrir hvert misseri og þrjá mánuði fyrir hverja önn eða fjórðung.

2.1.2. Sumartími.

Ef námi lýkur á almanaksárinu 1995 veitir sjóðurinn aðstoð, þar sem haldið er uppi skipulögðu og fullu námi yfir sumartímann. Eftirfarandi aðrar reglur gilda um veitingu sumarlána 1995, enda hafi menn ekki fullnýtt svigrúm sitt áður en til aðstoðar sjóðsins kemur:

1. Þeir námsmenn, sem ljúka námi á sumrinu í byrjun haustmisseris eiga rétt á að fá afgreitt sumarlán eftir að þeir hafa skilað lokaprófskírteini til sjóðsins.
2. Áformi námsmaður að ljúka námi sínu á almanaksárinu 1995 og stunda nám að sumrinu í því skyni er heimilt að veita honum sumarlán, enda greiðast honum þá sumar- og haustlán, þegar vottorð um lokapróf liggur fyrir. Ljúki viðkomandi ekki námi á almanaksárinu fellur niður réttur hans til sumarláns.
3. Námsmaður sem lýkur námi á sumarönn sem nemur 75% árangri á venjulegri önn getur fengið lán vegna sumarannar 1995, sem greiðist eftir að árangur á sumarönn liggur fyrir.
4. Sama gildir um þá sem þurfa að sækja skyldunámskeið að sumrinu enda leggi þeir fram gögn um að þeir hafi tekið þátt í slíku námskeiði áður en lánið er greitt til þeirra.
5. Geri skóli kröfu um að doktorsnemar stundi nám yfir sumartímann er heimilt að veita lán til þess.
6. Stundi námsmenn launað starfsnám að sumri er ekki heimilt að veita þeim lán.
7. Aðstoð á sumarönn reiknast sem eitt misseri í heildarsvigrúmi námsmanns.
8. Lán á sumarmisseri eru reiknuð frá fyrsta degi til síðasta dags misserisins.
9. Aðstoð er ekki veitt til þess að taka þátt í sumarnámskeiðum sem eru ekki eiginlegur hluti þess náms sem viðkomandi stundar.

2.2. Framvinda náms.

2.2.1. Fullnægjandi námsframvinda.

Námsframvinda er metin á þeim misserum eða árum sem námsmaður nýtur aðstoðar. Skal námsmaður að jafnaði ljúka 100% af fullu námi skv. skipulagi skóla. Námsmaður verður að fullnægja kröfum um afköst og lágmarkseinkunnir. Tekið er tillit til skipulags náms og nánari reglur settar um framvindu á einstökum námsbrautum. Einungis er tekið tillit til námskeiða sem nýtast til lokaprófs. Fái námsmaður lán út á misseri eða hluta þess þarf hann að uppfylla kröfur um námsafköst á því misseri.

2.2.2. Ófullnægjandi námsframvinda.

Námsmaður þarf að ljúka í það minnsta 75% af fullu námi skv. skipulagi skóla til þess að fá námslán.

Geri skóli kröfur um meira en 75% árangur í námi, t.d. 100%, þá telst lágmarksárangur til þess að fá veitt lán hjá LÍN sá sami og kröfur skólans eru.

Námseftirlit er framkvæmt eftir hvert misseri. Uppfylli námsmaður ekki kröfur um námsframvindu skv. gr. 2.2.1., skulu námslán til hans skerðast hlutfallslega. Lán til námsmanns sem til dæmis lýkur 75% af fullu námi skv. skipulagi skóla skal þannig skerðast um 25%. Þetta á þó ekki við um lán vegna skólagjalda og ferðalán.

Nú skuldar námsmaður árangur frá fyrri misserum eða námsferlum og er skuld hans þá dregin frá þeim einingum sem hann lýkur áður en námsframvinda er metin í prósentum.

Missi námsmaður rétt til eininga sem hann hafði áður áunnið sér og fengið lán til að ljúka er lán á fyrri námsárum ekki tekið til endurskoðunar. Námsmaðurinn telst hins vegar skulda þann einingafjölda sem hann missti rétt til.

Óheimilt er að veita námsmanni lán sem hefur nýtt sér svigrúm í einum ferli en ekki lokið námi fyrr en hann hefur unnið upp tafir eða lokið fyrrgreindu námi.

2.3. Aukið svigrúm í námi.

2.3.1. Almennt.

Námsmaður sem lýkur yfir 100% af fullu námi skv. skipulagi skóla á þar með rétt á auknu svigrúmi í námi síðar á námsferli sínum. Ljúki hann t.d. 110% af fullu námi á einu misseri nægir honum 90% árangur á síðara misseri til þess að eiga rétt á óskertu námsláni.

Ef námsmaður lýkur meira en 75% árangri á seinni hluta námsárs er einnig heimilt að flytja einingar umfram 75% á fyrra misseri og er þá námsárið í heild gert upp.

Reglur þessarar greinar gilda frá og með skólaárinu 1992-93.

2.3.2. Veikindi og barnsburður.

Heimilt er að víkja frá reglu 2.2.2. um að námsframvinda á hverju misseri skuli að lágmarki vera 75% af fullu námi, ef námsmaður, maki hans eða börn veikjast eða námsmaður eignast barn. Heildarsvigrúm til að ljúka hverjum námsferli skal þó að jafnaði ekki aukið í þessum tilfellum.

Ef um veruleg veikindi námsmanns, maka hans eða barna er að ræða á námstíma er heimilt að bæta allt að 25% við árangur hans þegar lán til hans er reiknað, en með viðbótinni skal lánið þó ekki vera hærra en 75% í þessum tilfellum. Hámarkssvigrúm eykst ekki að jafnaði vegna þessa. Skilyrði fyrir þessu er að námsmaður framvísi læknisvottorði þar sem greinilega komi fram á hvaða tíma hann vitjaði læknis eða læknir vitjaði hans.

Nú verður námsmaður veikur seinni hluta annar eða í prófum og er þá heimilt að veita honum 75% lán fyrir önnina. Í því tilviki er námsmanni veitt 75% lán á næstu önnum þar til hann hefur unnið upp það sem á vantaði að hann næði 50% árangri á þeirri önn sem undanþágan var veitt. Skilyrði er að fyrir liggi læknisvottorð þar sem greinilega kemur fram á hvaða tíma námsmaður vitjaði læknis eða læknir vitjaði hans. Ennfremur þarf að liggja fyrir að viðkomandi námsmanni hafi verið synjað um að taka upptökupróf og ástæður skóla fyrir þeirri synjun. Þessi regla gildir einungis innan sama námsferils.

Námsmaður sem hefur fengið lán vegna veikinda, skv. læknisvottorði en engum árangri skilað eða minni en 50% á önn á ekki rétt á að tekið sé tillit til veikinda að nýju fyrr en hann hefur skilað námsárangri sem hann vantaði til að ljúka 50% af fullu námi á önninni. Námsmaður sem hefur skilað 50% árangri og fengið veikindasvigrúm, þ.e. 75% lán skv. læknisvottorði í tvö misseri í röð getur átt rétt á að tekið sé tillit til veikinda hans síðar í náminu þannig að honum verði veitt lán í hlutfalli við einingaskil.

Eignist námsmaður barn á námstíma er heimilt að bæta allt að 50% við árangur hans þegar lán til hans er reiknað, en með viðbótinni skal lánið þó ekki vera hærra en 75% í þessum tilfellum. Hámarkssvigrúm eykst ekki að jafnaði vegna þessa. Fæðingarvottorð liggi fyrir í þessu tilviki.

2.3.3. Örorka.

Geti námsmaður vegna örorku sinnar að mati lækna ekki skilað lágmarksárangri, skv. reglum sjóðsins er heimilt að veita honum 75% lán ef hann lýkur a.m.k. 50% árangri á hverju misseri. Ef hann lýkur innan við 50% árangri er heimilt að veita honum lán í hlutfalli við einingaskil. Sækja þarf sérstaklega um fyrrnefnda undanþágu til stjórnar sjóðsins. Umsókn þarf að fylgja staðfest námsáætlun og læknisvottorð.

2.3.4. Fyrsta árs nemi erlendis.

Á fyrsta misseri í nýju námi erlendis er gefið aukið svigrúm frá 75% reglunni. Þannig er heimilt að veita mönnum lán sem nemur að lágmarki 60% á því misseri. Heildarsvigrúm í náminu eykst þó ekki vegna þessa.

2.3.5. Einingaskil við sérstakar aðstæður og námslok.

Ef námsmaður á eftir minna en sem nemur 75% af einu misseri í lok náms, þá fær hann lán í réttu hlutfalli við þann einingafjölda sem ólokið er.

Námsmaður sem ekki getur lokið 75% árangri á misseri vegna skipulags skóla eða vegna mats á fyrra námi, getur fengið lán í réttu hlutfalli við þann einingafjölda sem hann lýkur, enda ljúki hann öllum einingum sem í boði eru og einingaskil séu ekki undir 50% af fullu námi.

Námsmaður, sem hefur verið á lánum hjá LÍN undanfarin ár og lýkur námi á haustmisseri 1994, fær 100% lán ef hann á ólokið meira en 50% af einingafjölda misserisins. Eigi menn eftir minna en 50% eininga í námi, fá þeir lán í hlutfalli við það sem þeir eiga ólokið.

Í þeim tilvikum að menn geta ekki vegna skipulags skóla lokið námi á haustönn 1994 en eiga ólokið 50% eða meira af einingum skólaárs geta þeir fengið 100% lán í lok skólaárs þegar þeir hafa skilað lokaprófsskírteini.

2.3.6. Mat á ástundun.

Heimilt er að veita lán að fengnu ástundunarvottorði ef námsmenn taka einungis próf einu sinni á ári eða eftir lengri tíma. Lán er þá veitt í samræmi við árangur ef námsframvinda er metin í vottorðinu, þannig er heimilt að veita 100% lán ef skýrt kemur fram í vottorði að menn hafi stundað fullt nám. Þegar vorpróf liggja fyrir hjá námsmönnum í heilsársnámskeiðum er lánveiting, sem veitt hefur verið eftir haustmisseri skv. vottorði endurmetin. Komi þá í ljós að einingar sem tilheyra haustönn duga ekki fyrir því láni sem veitt var fyrir önnina þá ber námsmanni að endurgreiða ofgreitt lán.

2.3.7. Ástundun í framhaldsháskólanámi.

Ástundunarvottorð manna í framhaldsháskólanámi eða námi þar sem próf eru tekin sjaldnar en einu sinni á ári er einungis tekið til greina ef í því kemur fram áætlun skóla og námsmanns um námslok.

Heimilt er í þeim tilvikum að veita allt að 100% lán fyrir hvert misseri eða önn.

Ástundunarvottorð eru ekki tekin gild við afgreiðslu lána á þeirri önn eða misseri sem viðkomandi námsmaður á að ljúka námi skv. skipulagi skóla.

2.3.8. Viðamikið verkefni í framhaldsháskólanámi.

Ef framhaldsháskólanámi lýkur með viðamiklu verkefni er heimilt að veita lán í eitt misseri til viðbótar við þá námslengd sem fyrri reglur kváðu á um.

2.3.9. Lágmarkseinkunn.

Ljúki námsmaður tilskildum einingafjölda en aðaleinkunn hans er ekki fullnægjandi skv. reglum skóla, er heimilt að veita honum lán vegna þess misseris, ef hann skilar þeirri einkunn, sem skóli gerir kröfur til eftir næstu önn. Ef honum tekst það ekki fellur réttur hans til láns niður vegna þeirrar annar sem hann náði ekki tilskildri einkunn.

2.4. Námslengd.

2.4.1. Hvað telst aðstoðarár?

Námsmaður telst hafa fengið lán í eitt aðstoðarár hafi hann fengið lán fyrir venjulegt skólaár, sbr. gr. 2.1.1., enda þótt lán hafi skerst vegna reglna um viðmiðun við námsárangur. Venjulegt skólaár er að jafnaði tvö misseri.

2.4.2. Fimm ára reglan.

Að uppfylltum skilyrðum um námsframvindu getur námsmaður að hámarki fengið lán í allt að fimm ár samanlagt.

2.4.3. Tíu ára reglan.

Leggi námsmaður stund á framhaldsnám að loknu háskólaprófi er heimilt að veita honum lán umfram það hámark sem tilgreint er í 2.4.2. Samanlagður tími sem námsmaður getur fengið lán er að hámarki 10 ár. Með framhaldsnámi er átt við meistara, doktors eða licentiatnám eða sambærilegt nám. Auk þess er átt við háskólanám eftir fjögur ár skv. skipulagi skóla, t.d. lögfræði, guðfræði, lyfjafræði og almenna læknisfræði. Stutt starfstengt viðbótarháskólanám sem ekki lýkur með æðri prófgráðu, t.d. uppeldis- og kennslufræði, félagsráðgjöf og námsráðgjöf, telst ekki vera framhaldsháskólanám, nema það sé stundað eftir að námsmaður hefur lokið meistara, doktors eða licentiatnámi.

Ef námsmaður sem fær lán skv. eldri reglu (7 ára og 12 ára regla) gerir meira en eins árs hlé á námi sínu telst hann falla undir 5 og 10 ára reglu.

Stjórn sjóðsins er heimilt að telja námsmann sem stundar nám til kandidatsprófs vera kominn í framhaldsnám þegar hann hefur lokið fyrstu þrem árum af námi sínu að fullu.

2.4.4. Einkanám.

Einkanám, t.d. í söng eða tónlist telst til náms á grunnháskólastigi.

2.5. Námslok.

2.5.1. Almennt.

Námslok teljast þegar námsmaður hættir að sækja um lán, nema sýnt sé fram á annað. Gildistími síðustu umsóknar ákvarðar þannig námslok sbr. grein 5.1.2. Námslok teljast vera hálfum mánuði eftir að námsmaður fær lán greitt vegna síðasta aðstoðartímabils, ef lán er veitt til námsloka enda líði ekki meira en mánuður frá lokum annar þar til lán er greitt út.

2.5.2. Skilyrðum til útskriftar lokið.

Ef ekki er veitt lán til námsloka en námsmaður stundar fullt nám án þess að gera lengra hlé á námi sínu en sem nemur einu skólaári, skulu námslok teljast á síðasta degi þess misseris sem námsmaður lýkur öllum skilyrðum til að útskrifast.

2.5.3. Síðasta aðstoðartímabil.

Eigi námsmaður ekki rétt á lánum til námsloka þar sem hann hefur fullnýtt svigrúm, skulu námslok teljast hálfum mánuði eftir að námsmaður fær greitt út lán vegna síðasta aðstoðartímabils, enda líði minna en einn mánuður frá lokum annar þar til lán er greitt út.

2.5.4. Námshlé að hámarki eitt ár.

Ef námsmaður gerir lengra hlé á námi sínu en eitt ár, skulu námslok teljast vera hálfum mánuði eftir að námsmaður fær lán greitt út vegna síðasta aðstoðartímabils, enda líði minna en mánuður frá lokum annar þar til lán er greitt út.

2.5.5. Námshlé lengra en eitt ár.

Hefji námsmaður nám aftur að loknu námshléi, sem er lengra en eitt ár, skal líta á seinni hlutann sem nýtt nám. Þá skal gefið út sjálfstætt skuldabréf sem ber vexti á öðrum tíma en fyrra skuldabréf vegna sama náms.

2.5.6. Skilgreining á námshléi.

Námshlé teljast þau misseri sem námsmaður stundar ekki fullt nám eða sækir ekki

um námslán. Þetta gildir þó ekki um menn sem eru að ljúka námi og ljúka þeim prófum sem þeir eiga eftir.

2.5.7. Fullt nám.

Námsmaður telst í fullu námi þegar hann skilar að lágmarki 75% árangri á önn eða árangri sem talinn er lánshæfur skv. reglum sjóðsins.

2.5.8. Vafi um námslok.

Sjóðsstjórn ákveður námslok í vafatilfellum.

III. Kafli - Framfærsla, leyfi og tekjur.

3.1. Grunnframfærsla.

3.1.1. Grunnframfærsla á Íslandi.

Öll aðstoð til framfærslu á námstíma frá 1. júní 1994 - 31. maí 1995 miðast við grunnframfærslu á Íslandi, sem skilgreind er af sjóðnum. Sú fjárhæð er, 1. júní 1994, kr. 52.200. Fjárhæðinni er breytt mánaðarlega með hliðsjón af breytingum á framfærsluvísitölu Hagstofu Íslands.

3.1.2. Grunnframfærsla í útlöndum.

Grunnframfærsla í útlöndum, sem getur verið mismunandi eftir löndum og borgum, er ákveðið hlutfall af grunnframfærslu á Íslandi. Hlutfallið er endurskoðað ársfjórðungslega (sept., des., mars og júní) með hliðsjón af þróun verðlags og gengis.

3.2. Framfærsla námsmanns.

Auk búsetu hafa þær aðstæður sem tilgreindar eru undir greinum 4.1. – 4.5. áhrif á framfærslu námsmanns. Framfærsla námsmanns hækkar vegna barna sem eru 18 ára eða yngri og á framfæri hans.

3.3. Tekjur.

3.3.1. Tekjur.

Tekjur námsmanns og maka á árinu 1994 eins og þær eru skilgreindar af stjórn sjóðsins, geta haft áhrif á veitta aðstoð á námstíma. Áhrifum tekna skal dreift yfir skólaárið. Gert er ráð fyrir að námsmaður afli tekna til framfærslu í leyfi eða þann tíma sem hann stundar ekki nám á aðstoðarárinu.

3.3.2. Komið úr námshléi.

Heimilt er að leggja þriggja mánaða jafnaðartekjur, að frádregnum sköttum, til grundvallar við útreikning á lánsupphæð hjá námsmanni sem kemur úr námshléi, enda liggi fyrir staðfesting á að hann hafi verið í fullri vinnu lengur en 6 mánuði á árinu.

3.3.3. Lækkun tekna maka.

Ef maki námsmanns erlendis hættir í vinnu eða tekjur hans skerðast verulega á aðstoðarárinu er heimilt að taka tillit til þess.

3.3.4. Tekjuáætlun.

Áður en til þess kemur að veita lán vegna náms á haustmisseri skal námsmaður gera grein fyrir áætluðum tekjum á árinu 1994.

3.3.5. Endanlegt tekjutillit.

Endanlegt tekjutillit á sér stað 1. júní 1995 og er þá lánsfjárhæð leiðrétt með tilliti til mögulegs fráviks á raunverulegum og áætluðum tekjum.

3.3.6. Ófullnægjandi tekjuáætlun.

Sjóðstjórn getur breytt ófullnægjandi tekjuáætlun.

3.4. Hvað telst til tekna.

3.4.1. Tekjur á árinu 1994.

Allar tekjur sem mynda skattstofn á árinu 1994 teljast til tekna við útreikning á námslánum.

3.4.2. Námsstyrkir.

Náms- og rannsóknarstyrkir og kennslulaun, t.d. „teaching assistantship" og „utbildningsbidrag" á námstíma, sbr. þó grein 4.8.1.

3.4.3. Frádráttur frá tekjum.

Til frádráttar koma skattar vegna tekna á árinu 1994, skólagjöld umfram þá upphæð sem námsmaður fær lánað fyrir að frádregnum kr. 17.000, helmingur greidds meðlags, önnur skólagjöld og rannsóknarkostnaður, sem námsmaður greiðir með andvirði styrkja sbr. gr. 3.5.3.

3.5. Upplýsingaskylda námsmanns og maka vegna tekna.

Með undirritun umsóknar veita námsmaður og maki sjóðnum heimild til að kanna skattframtöl þeirra á þeim tíma sem lán eru veitt eða endurgreiðsla lána stendur yfir. Tekjuupplýsingar skulu gefnar upp skv. beiðni sjóðsins.

IV. Kafli - Lánaflokkar.

4.1. Lán til námsmanna sem búa í leiguhúsnæði.

Framfærsla einhleyps námsmanns er grunnframfærsla. Lánað er fyrir framfærslu á námstíma en 50% tekna umfram 180.000 koma til frádráttar.

Einhleypur námsmaður sem býr í leiguhúsnæði, barnlaus hjón eða sambýlisfólk, sanni eðlilegar leigugreiðslur með því að leggja fram afrit greiðsluseðils til skattyfirvalda.

4.2. Lán til einstaklings í foreldrahúsum.

4.2.1. Framfærsla.

Framfærsla námsmanns sem býr hjá foreldrum er 70% af grunnframfærslu. Lánað er fyrir framfærslu á námstíma en 50% tekna umfram 140.000 koma til frádráttar.

4.2.2. Námsmenn sem búa hjá einstæðu foreldri.

Heimilt er að hækka framfærslu hjá námsmönnum, sem búa hjá einstæðu foreldri upp í 100% ef tekjur foreldris eru undir viðmiðunarmörkum hverju sinni. Viðmiðunarmörk í þessu sambandi svara til einfaldrar framfærslu einstæðs foreldris. Framfærsla einstæðs foreldris miðast við barnafjölda á framfæri þess undir 21 árs aldri að meðtöldum námsmanni.

4.3. Lán til einstæðs foreldris.

Framfærsla er grunnframfærsla sem hækkar um 45% fyrir hvert barn. Lánað er fyrir framfærslu á námstíma en 50% tekna umfram 180.000 koma til frádráttar.

4.4. Lán til námsmanns í hjónabandi (sambúð).

Framfærsla námsmanns í hjónabandi eða sambúð er grunnframfærsla sem hækkar um 25% fyrir hvert barn. Lánað er fyrir framfærslu á námstíma en 50% tekna umfram 180.000 koma til frádráttar. Til frádráttar á láni námsmanns koma 50% af tekjum maka umfram framfærslu. Framfærsla maka reiknast á sama hátt og námsmanns. Lán vegna maka er aðeins veitt í vissum undantekningartilvikum (Sjá gr. 4.5.).

Séu hjón bæði í lánshæfu námi ákvarðast lán til hvors um sig sérstaklega, enda reiknist báðum framfærslulán. Hafi þau barn á framfæri geta þau farið fram á að samanlagðar tekjur þeirra skiptist jafnt á milli þeirra við ákvörðun námsláns.

Óvígð sambúð er lögð að jöfnu við hjúskap.

4.5. Lán vegna maka.

4.5.1. Lán vegna maka.

Eftirfarandi aðstæður geta leitt til þess að framfærsla námsmanns (skv. gr. 4.4.) hækkar um 50% á misseri vegna maka:

a) Veikindi eða örorka skv. læknisvottorði.
b) Atvinnuleysi skv. vottorði viðeigandi yfirvalda, m.a. vegna þess að atvinnuleyfi fæst ekki.
c) Námsmaður og maki hafa 2 börn eða fleiri á framfæri sínu og maki kýs að vinna heimilisstörf að mestu eða öllu leyti.
d) Námsmaður og maki hafa barn á forskólaaldri á framfæri sínu og fyrir liggja gögn um að dagvistun fáist ekki eða barnið hafi sérstaklega þörf fyrir umönnun foreldris.

Ef veitt er lán vegna maka koma 50% tekna námsmanns og maka umfram 270.000 til frádráttar.

4.5.2. Ófullnægjandi námsframvinda.

Óheimilt er að veita makalán vegna námsmanns sem synjað hefur verið um námslán vegna ófullnægjandi námsframvindu. Hafi námsmaður notað hámarkssvigrúm til náms en ekki lokið námi þá telst hann með ófullnægjandi námsframvindu sbr. 2.2.2.

4.6. Lán á markaðskjörum vegna skólagjalda.

Stjórn LÍN er heimilt að veita námslán til allt að 10 ára með venjulegum meðalvöxtum banka. Lánið endurgreiðist með jöfnum afborgunum óháð öðrum námslánum, enda sé endurgreiðsla þeirra lána sérstaklega tryggð. Endurgreiðsla hefjist tveimur árum eftir námslok. Lán þessi er heimilt að veita vegna skólagjalda í grunnháskólanámi og sérnámi erlendis, sem ekki verður stundað á Íslandi.

Hámarkslán sem veitt er skv. þessum reglum er samtals 17.000 USD.

Lánin eru verðtryggð og með breytilegum vöxtum skv. auglýsingum frá Seðlabanka Íslands um meðalvexti banka og sparisjóða á hverjum tíma. Vextir reiknast frá útborgunardegi. Lánin greiðast óháð öðrum námslánum. Þau eru ekki háð skerðingu vegna námsframvindu eða öðrum útreikningi námslána.

Óheimilt er að veita námsmanni sem fær venjulegt námslán vegna skólagjalda markaðskjaralán.

4.7. Lán til bóka-, tækja- og efniskaupa.

Heimilt er að veita mönnum lán vegna bókakaupa. Lán þessi skulu að jafnaði nema 40% af grunnframfærslu í einn mánuð á hverju skólaári.

4.8. Almenn lán vegna skólagjalda.

4.8.1. Skólagjöld.

Lán vegna skólagjalda erlendis umfram fenginn styrk eru aðeins veitt til framhaldsháskólanáms. Ef árleg skólagjöld við viðurkennda skóla á Íslandi eru hærri en kr. 17.000 er veitt lán fyrir umframfjárhæðinni. Samanlögð lán til námsmanns vegna skólagjalda skulu aldrei verða hærri en 31.000 USD eða jafngildi í annarri mynt. Þeir sem fyrir útgáfu úthlutunarreglna 1991 fengu hærri skólagjaldalán, munu fá skólagjaldalán afgreidd eftir fyrri reglu til að ljúka núverandi námi.

4.8.2. Skólagjöld skv. fyrri reglum.

Þeir námsmenn sem nutu lána vegna skólagjalda á námsárinu 1991-92 eða fyrr eiga rétt á lánum skv. fyrri reglum þar til þeir ljúka námi. Um þá gilda hámarksákvæði í úthlutunarreglum frá og með námsárinu 1991-92. Hámarkslán vegna skólagjalda á námsári skulu þó hækka í 5.800 USD og 31.000 USD sbr. gr. 4.8.1. á skólaárinu 1994-95. Geri námsmaður lengra hlé á námi sínu en 1 ár missir hann þennan rétt.

4.8.3. Hámarksupphæð.

Við ákvörðun hámarksupphæðar skólagjalda (USD 5.800 og USD 31.000) í einstökum gjaldmiðlum öðrum en bandaríkjadölum er reiknað eftir gengi í upphafi hvers skólaárs.

4.8.4. Skipt um skóla.

Skipti námsmenn um skóla á miðju ári sem eiga rétt á lánum vegna skólagjalda í grunnháskólanámi eða sérnámi erlendis miðast hámark skólagjalda við USD 2.900 á hvoru misseri.

4.9. Lán vegna ýmissa atvika og röskunar á stöðu og högum námsmanns.

4.9.1. Röskun á stöðu og högum námsmanns.

Nú verður ófyrirsjáanleg röskun á stöðu og högum námsmanns og reglur þessar ná ekki til hennar að öðru leyti, t.d. verður námsmanni vegna örorku sinnar, framfærslu barna sinna eða maka eða af öðrum ástæðum illmögulegt að stunda nám sitt þannig að lánaheimild sé fullnýtt. Má þá veita honum aukalán úr sjóðnum enda verði höfð hliðsjón af þeim bótum sem hann fær samkvæmt gildandi tryggingalöggjöf.

Heimilt er skv. þessari grein að veita námsmanni sérstakt lán vegna aukaferðar ef hann þarf skyndilega að fara heim vegna alvarlegra veikinda eða andláts í nánustu fjölskyldu. Nauðsynlegt er að leggja fram nákvæmar upplýsingar um ástæður ferðar ásamt viðeigandi læknisvottorði eða dánarvottorði. Til nánustu fjölskyldu skv. þessari reglu skulu teljast foreldrar námsmanns og maka, afar og ömmur námsmanns og maka og systkini og börn.

4.9.2. Hámarkslán.

Hámarkslán á misseri skv. þessari grein er mánaðarframfærsla námsmanns, sem miðast við fjölskyldustærð.

4.10. Lán vegna sjúkratrygginga.

Námsmenn sem greiða háar sjúkratryggingar geta sótt um að þeim kostnaði sé mætt. Við mat á hæfilegum kostnaði vegna sjúkratrygginga er höfð hliðsjón af upplýsingum frá íslensku tryggingafélögunum. Heimilt er að veita aukalán vegna sjúkrakostnaðar erlendis sem námsmaður hefur að hluta til fengið endurgreiddan hjá Tryggingastofnun

ríkisins. Við afgreiðslu slíkrar umsóknar skal tekið tillit til þess hvort námsmaður hefur keypt eðlilegar sjúkratryggingar. Heimilt er að veita lán til greiðslu hæfilegs kostnaðar vegna mæðraskoðunar og ungbarnaeftirlits erlendis ef ljóst er að hvorki tryggingaraðili námsmannsins né viðkomandi sveitarfélag á Íslandi taka þátt í greiðslu kostnaðar. Einnig er heimilt á námstíma að veita lán til greiðslu ferðakostnaðar ef barnshafandi námsmaður eða maki námsmanns erlendis kýs, vegna óhóflegs kostnaðar erlendis, að fæða barn á Íslandi. Óheimilt er að taka tillit til sjúkrakostnaðar sem Tryggingastofnun ríkisins hefur synjað að greiða.

4.11. Lán vegna vaxtakostnaðar.

Fyrir útborgun námslána, sem greiðast eftir hverja önn, misseri eða skólaár, skal reikna hlutfallslega vaxtaábót sem skal miða við að tekið sé fullt tillit til vaxtakostnaðar vegna munar útborgunartíma á skólaárinu 1994-95 og þeim sem gilti á skólaárinu 1991-92. Þessi hlutfallslega ábót bætist við útreiknuð námslán viðkomandi námsmanns og nefnist vaxtaábót.

4.12. Lán vegna ferðakostnaðar.

4.12.1. Ferðakostnaður námsmanns maka og barna.

Námsmanni er heimilt að sækja um lán til þess að greiða hluta eigin ferðakostnaðar, maka og barna. Umsóknarfrestur til að sækja um þessi lán er hinn sami og um almenn námslán. Lánin miðast við ákveðna upphæð á hverri önn, sem er mismunandi eftir námslandi og námssvæði. Þau greiðast þegar viðkomandi námsmaður hefur skilað afriti af farseðli sem sýni að ferð hafi verið farin.

4.12.2. Lán vegna ferða til námsstaðar erlendis.

Ferðalán vegna allt að tveimur ferðum skólaárið 1994-95, sem námsmenn erlendis eiga kost á skulu ákvarðast þannig: Vegna hvers einstaklings er ferðalán til námsmanna og maka í Evrópu 29.000 krónur á mann, en vegna barna 100%, 50% eða 10% af þeirri upphæð eftir aldri barns, sbr. reglur flugfélaga. Vegna námsmanna og maka utan Evrópu er ferðalán 45.000 krónur á einstakling og 100%, 50% eða 10% af þeirri upphæð vegna barna.

4.12.3. Lán vegna ferða til námsstaðar á Íslandi.

Ferðalán vegna allt að tveimur ferðum sem námsmenn á Íslandi eiga kost á að fá skólaárið 1994-95 skulu ákvarðast þannig: Vegna einstaklings og maka 12.000 krónur, en vegna barna 100%, 50% og 10% af þeirri upphæð eftir aldri barna sbr. reglur flugfélaga. Skilyrði þess að námsmenn á Íslandi eigi kost á ferðaláni er að þeir eigi lögheimili a.m.k. 100 km frá námsstað. Vegna ferða innanlands er ekki skilyrði að menn framvísi gögnum vegna ferðar.

4.12.4. Hvenær þarf ferð að eiga sér stað?

Heimilt er að taka tillit til ferðar, sem farin er til námsstaðar allt að einu misseri fyrir upphaf námstímabils og heim allt að einu misseri eftir lok skólaárs.

4.12.5. Greiðslutími ferðalána.

Ferðalán greiðast þegar sótt hefur verið um þau og afriti af farseðli framvísað sem sýni að ferð hefur verið farin. Lánin greiðast strax að hausti fyrir bæði misseri skólaársins, hjá öðrum en fyrsta árs nemum, ef námsmaður leggur fram afrit af farmiða að og frá námsstað. Ferðalán vegna námsmanna á Íslandi greiðast með framfærslulánum vegna haust- og vorannar.

4.13. Lán vegna meðlagsgreiðslna.

Námsmaður getur sótt sérstaklega um lán vegna meðlags, sem hann greiðir svo sannanlegt sé. Aðeins er veitt lán vegna helmings einfalds meðlags á námstíma. Þegar veitt er lán vegna meðlags, greiðir sjóðurinn meðlag beint til Innheimtustofnunar sveitarfélaga.

V. Kafli - Umsóknir og útborgun lána.

5.1. Umsóknir um námslán.

5.1.1. Umsóknareyðublöð.

Sótt er um námslán á sérstökum eyðublöðum sem sjóðurinn lætur í té. Umsóknareyðublöðin fást að jafnaði einnig í skólum og sendiráðum Íslands erlendis.

5.1.2. Umsóknir og gildistími.

Hver umsókn gildir til loka skólaárs. Umsókn verður að hafa borist fyrir:

1. ágúst vegna aðstoðar á haustmisseri;
1. desember vegna aðstoðar á vormisseri;
1. mars ef nám hefst eftir 1. apríl;
15. maí 1995 vegna sumarlána.

Umsókn verður að hafa borist fjórum vikum áður en lánshæfur námstími hefst.

Hafi námsmaður ekki átt gilda umsókn hjá sjóðnum á vormisseri 1995 er umsóknarfrestur um sumarlán í því tilviki 1. mars.

5.1.3. Fylgiskjöl og skilafrestur.

Tilkynna ber námsmanni tímanlega um gögn, sem honum ber að skila, þannig að honum gefist nægur tími til að senda þau til sjóðsins. Fylgiskjöl vegna umsóknar eiga að berast sjóðnum eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að þeirra var óskað. Að öðrum kosti er litið svo á að námsmaður sé fallinn frá umsókn.

5.1.4. Synjun um námslán.

Tilkynna skal námsmanni ef honum er synjað um námslán. Þegar synjun er tilkynnt skulu fylgja með upplýsingar um: a) heimild námsmanns til að fá synjunina rökstudda og b) hvert beina skuli kæru, ef um slíkt er að ræða.

5.1.5. Náms- og lánsfjáráætlun.

Á grundvelli upplýsinga námsmanns m.a. um tekjur og fjölskylduhagi getur hann fengið útfyllta náms- og lánsfjáráætlun frá sjóðnum. Hún gefur kost á tímabundinni fyrirgreiðslu hjá viðskiptabanka sbr. reglu 5.2.3.

5.2. Útborgun námslána.

5.2.1. Útborgun námslána.

Lán greiðast eftir hverja önn, misseri eða skólaár, þegar námsmaður hefur lagt fram gögn um námsárangur sinn, lokatekjuáætlun og aðrar upplýsingar sem máli skipta. Lán greiðast inn á reikning í viðskiptabanka eða sparisjóði sem skal vera á nafni námsmanns. Skal við það miðað að greiðsludagar séu sem næst 15. janúar og 15. júní. Heimilt er að greiða út lán á öðrum tímum enda liggi fyrir að námsmaður hafi uppfyllt kröfur sjóðsins um afköst og árangur í námi áður en sjóðurinn innir af hendi greiðslu láns vegna viðkomandi annar, misseris eða skyldunámskeiða.

Heimilt er að greiða lán vegna skólagjalda og ferðalán skv. grein 4.8.1. og kafla 4.12. á þeirri önn sem námsmaður greiðir slíkan kostnað. Skili námsmaður ekki tilskildum

lágmarksárangri eftir viðkomandi skólaár eru þessi lán endurkræf skv. reglum um ofgreidd lán.

5.2.2. Staðfesting á tekjum.

Námsmenn skulu skila staðfestingu eða breytingu á fyrri áætlun vegna tekna á árinu 1994 áður en lán er greitt út. Ef verulegur munur reynist vera á þeirri áætlun og tekjum námsmanns og maka er heimilt að gjaldfella lánið.

5.2.3. Fyrirgreiðsla banka og sparisjóða.

Stjórn sjóðsins hefur gert samkomulag við viðskiptabanka og sparisjóði um að þeir veiti námsmönnum tímabundna fyrirgreiðslu innan misseris eða skólaárs, ef þess er óskað, að uppfylltum venjulegum skilyrðum viðkomandi peningastofnunar og að fenginni náms- og lánsfjáráætlun námsmanns.

5.2.4. Bóka- og aukalán.

Bóka- og aukalán greiðast í einu lagi þegar framfærslulán viðkomandi kemur til útborgunar.

5.2.5. Hlutalán.

Nú óskar námsmaður eftir því að fá einungis greiddan hluta af því láni sem honum reiknast og skal honum það þá heimilt.

5.2.6. Skuldabréf og bankareikningur.

Útborgun lána er háð því skilyrði að lánþegi hafi undirritað skuldabréf og tryggt lánið með sjálfskuldarábyrgðarmönnum eða veði. Lánið greiðist inn á reikning viðkomandi lánþega sem skal vera á hans eigin nafni í banka eða sparisjóði.

5.3. Umboðsmaður, ábyrgðarmaður og skilyrði sem námsmenn þurfa að uppfylla.

5.3.1. Umboðsmaður.

Námsmaður erlendis verður að hafa umboðsmann á Íslandi sem m.a. skrifar undir skuldabréf fyrir hans hönd.

5.3.2. Ábyrgðarmenn.

1. Einn ábyrgðarmaður skal að lágmarki ganga í sjálfskuldarábyrgð fyrir lánþega, en flestir geta ábyrgðarmenn orðið 10. Þeir skulu vera fjárráða og að jafnaði íslenskir ríkisborgarar með lögheimili á Íslandi. Ábyrgðarmenn þurfa að fullnægja sömu skilyrðum og lánþegar sjóðsins, sbr. 5.3.3. Hámarksábyrgð einstaks ábyrgðarmanns skal vera 5 milljónir króna en lágmarksábyrgð 100.000 kr.
2. Óheimilt er að samþykkja þá menn sem ábyrgðarmenn fyrir námsláni, sem eru á dómaskrá vegna gjaldþrots eða annarra fjárhagslegra ástæðna.
3. Óski námsmaður að setja veð til tryggingar námsláni þarf hann að leggja fram veðbókarvottorð, þar sem fram komi uppreiknuð lán, ef þau eru verðtryggð, sem hvíla á viðkomandi eign. Fram þarf að koma að hann sé eigandi eignarinnar eða hann hafi heimild frá eiganda svo og frá maka ef einhver er til þess að veðsetja hana. Þá þarf hann að leggja fram fasteigna- og brunabótamat og staðfestingu á eftirstöðvum lána sem hvíla á eigninni.

5.3.3. Skilyrði sem lánþegar þurfa að uppfylla.

Skilyrði, sem lánþegar þurfa m.a. að uppfylla, eru að þeir séu ekki í vanskilum við sjóðinn, þegar sótt er um nýtt lán og bú þeirra sé ekki til gjaldþrotameðferðar eða að

þeir teljist af bersýnilegum ástæðum ótryggir lántakendur. Teljist námsmaður ótryggur lántakandi skv. ofangreindu getur hann sótt um undanþágu frá þessari grein enda sýni hann fram á að hann geti lagt fram sérstakar ábyrgðir sem sjóðurinn telur viðunandi.

5.4. Greiðsla félagsgjalda.

Óski námsmaður þess annast sjóðurinn greiðslu félagsgjalda til Sambands íslenskra námsmanna erlendis (SÍNE) og Bandalags íslenskra sérskólanema (BÍSN). Sjóðurinn dregur félagsgjöldin af námslánum og greiðir til réttra aðila.

Umsókn um námslán skal jafnframt vera umsókn um félagsaðild nema námsmaður óski eftir öðru á umsókn eða bréflega.

Upphæð félagsgjalda skal koma fram á útreikningi námslána.

5.5. Breytingar á aðstoð.

5.5.1. Tilkynningaskylda námsmanns.

Umsækjanda ber að tilkynna allar breytingar á högum sínum er haft geta áhrif á veitingu námsaðstoðar, svo sem breyttar fjölskylduaðstæður, breytingar á fjárhag, heimilisfangi og námsáætlun, eða veikindi er valdið geta töfum í námi. M.a. ber að tilkynna sjóðnum þegar námsmaður stofnar til hjúskapar eða sambúðar. Námsmanni ber auk þess að senda sjóðnum öll þau gögn sem hann kann að verða beðinn um.

5.5.2. Leiðrétting á útreikningi.

Ef í ljós kemur að sjóðurinn hefur veitt námsaðstoð eða reiknað út upphæð láns á röngum forsendum er það leiðrétt við fyrsta hentugleika, skv. nánari ákvæðum í þessum kafla. Er þá tekið tillit til þess hvort námsmaður hefur vísvitandi gefið villandi eða rangar upplýsingar eða hvort um vanrækslu hefur verið að ræða af hans hálfu ellegar um mistök frá hendi sjóðsins. Að jafnaði er mögulegt að semja um fyrirkomulag endurgreiðslna.

5.6. Vísvitandi villandi upplýsingar.

Ef námsmaður hefur vísvitandi veitt sjóðnum rangar eða villandi upplýsingar fellur öll námsaðstoð við hann niður og aðstoð sem hann kann að hafa fengið vegna slíkra upplýsinga verður þegar í stað endurkræf með áfallinni verðtryggingu og kostnaði sem af hlýst. Þetta á m.a. við ef sannað þykir að námsmaður hafi gefið upp rangar tekjur skv. skilgreiningu sjóðsins um tekjur, þegar viðkomandi skattári er lokið.

5.7. Ofgreidd lán.

5.7.1. Ofgreidd lán.

Ef námsmaður fær ofgreitt lán, t.d. vegna vanáætlaðra tekna, vanskila á námsárangri eða öðrum ástæðum, skal gefa honum kost á að greiða lánið á sérstöku skuldabréfi og skal greiðslutíminn að jafnaði ekki vera lengri en 10 mánuðir.

5.7.2. Skuldabréf.

Skuldabréf vegna ofgreiddra lána bera almenna meðalvexti banka og sparisjóða og leggjast vextirnar á þá upphæð sem námsmanni ber að endurgreiða frá útborgunardegi hins ofgreidda láns.

5.7.3. Vextir.

Fyrsti vaxtadagur er skilgreindur í skuldabréfi.

5.7.4. Innheimta.

Ofgreitt lán kemur til innheimtu við lok námsárs. Lok námsárs í þessum skilningi eru þegar námsárangur og önnur gögn hafa borist vegna allra anna, sem sótt er um aðstoð fyrir á námsárinu.

5.8. Eftirlit með tekjum vegna síðasta láns.

5.8.1. Námsmenn á Íslandi.

Sjóðurinn fær upplýsingar frá ríkisskattstjóra um tekjur skv. skattframtali þess tekjuárs sem lagt var til grundvallar síðustu lánveitingu.

5.8.2. Námsmenn á Norðurlöndum.

Námsmenn annars staðar á Norðurlöndum þurfa að skila vottorði um tekjur s.l. árs. Í Danmörku „årsopgörelse", í Noregi „bruttoinntekt" og í Svíþjóð „terminalbild 44".

5.8.3. Námsmenn í öðrum löndum.

Sjóðurinn getur krafist skattavottorðs frá námsmönnum í öðrum löndum.

5.8.4. Endurgreiðsla.

Komi í ljós að tekjur skv. vottorði skattstjóra eru hærri en gefið var upp af námsmanni, ber honum að endurgreiða ofgreitt lán með verðtryggingu.

5.9. Mistök sjóðsins.

Verði mistök við veitingu námsláns, námsmanni í óhag, ber að leiðrétta þau strax og upp kemst. Námsmönnum er eindregið bent á að kynna sér vandlega þau ákvæði í þessum úthlutunarreglum sem eiga við hverju sinni og stuðla að því að slík mistök leiðréttist sem fyrst. Ef veruleg mistök verða námsmanni í hag, er honum tilkynnt það og síðan ákveðið í hverju einstöku tilviki hvernig endurgreiðslu skuli hagað.

VI. Kafli - Samnorrænar reglur um lán á Norðurlöndum.

Umsækjandi við nám á Norðurlöndum utan heimalandsins getur að uppfylltum sérstökum skilyrðum fengið námslán frá námslandinu. Skilyrði fyrir námsaðstoð er að umsækjandi fái ekki námsaðstoð frá öðru landi. Hér á eftir fara tvö dæmi um þetta:

A. Umsækjandi hefur verið búsettur og unnið samfellt tvö ár í námslandinu. Umsjón með eigin barni undir 16 ára aldri jafngildir vinnu. Tekið er tillit til vinnuhlés ef um herskyldu eða veikindi hefur verið að ræða.

B. Umsækjandi er undir 20 ára aldri og hefur fylgt foreldrum sínum sem eru heimilisföst í námslandinu og hafa þar fasta vinnu.

Nánari upplýsingar fást hjá lánasjóðum í hverju landi.

DANMÖRK
Styrelsen for Statens Uddannelsesstøtte
Danasvej 30
DK-1910 Fredriksberg C
Sími: 90-45-31214666

NOREGUR
Statens lånekasse for utdanning
P. boks 195
Østre Aker vei 20
N-0510 Oslo 5
Sími: 90-47-22726700

FINNLAND
Folkpensionsanstaltens
Studiestödscentral
P.O. Box 228
FIN-40 101 Jyvaskyla 10
Sími: 90-358-41-698611

SVÍÞJÓÐ
Centrala studiestödsnämnden
S-851 82 Sundsvall
Sími: 90-46-60-186000

VII. Kafli - Lánskjör.

7.1. Vextir R-lána og verðtrygging.

7.1.1. Lánskjör.

Lán skv. lögum nr. 21/1992 eru verðtryggð og bera allt að 3% vexti frá námslokum. Verðtryggingin miðast við breytingar á lánskjaravísitölu Seðlabanka Íslands.

7.1.2. Námslok.

Þegar skírteini um lokapróf berst sjóðnum er hafinn undirbúningur að því að ganga frá skuldabréfi námsmanns. Lántaka skal þá sent bréf með sundurliðuðum upplýsingum um greiðslur sem tilheyra skuldabréfinu. Honum er jafnframt tilkynnt um hvenær hann er talinn hafa lokið námi og vextir fara að reiknast af skuldabréfinu. Honum skal gefinn hálfs mánaðar frestur til að gera athugasemdir. Að þeim tíma liðnum er skuldabréfið fyllt út.

7.1.3. Fullnýtt svigrúm.

Nú hefur námsmaður fullnýtt svigrúm sitt og skal þá líta svo á að námi hans sé lokið og fylla út skuldabréf eftir aðgerðir sbr. 7.1.2.

7.1.4. Gengið frá skuldabréfi.

Þegar gengið er frá skuldabréfi er öllum ábyrgðarmönnum send tilkynning um upphæð bréfsins og þá fjárhæð sem hver og einn telst ábyrgur fyrir.

7.1.5. Námshlé o.fl.

Nú sækir lántaki ekki um lán á nýju námsári fyrir tilskilinn umsóknarfrest en hefur þó ekki lokið námi og skal þá tilkynna honum að gengið verði frá skuldabréfi hans innan hálfs mánaðar og hvenær sjóðurinn telur námslok hans hafa verið. Honum skal jafnframt sent yfirlit um greiðslur til hans sem verða færðar uppreiknaðar á skuldabréfið. Í slíkum tilfellum er ekki veittur frestur á því að ganga frá skuldabréfinu. Tilkynni námsmaður að hann hafi tekið sér námshlé sem er ekki lengra en eitt ár er frágangi á skuldabréfi frestað í samræmi við reglur um skilgreiningu á námslokum.

7.2. Endurgreiðslutími.

7.2.1. Lán er afborgunarlaust í tvö ár.

Endurgreiðsla hefst aldrei fyrr en tveimur árum eftir námslok sbr. gr. 2.6.

7.2.2. Gjalddagar.

Ef námslok eru á fyrri hluta árs, þ.e. fyrir 1. júlí er gjalddagi fyrstu föstu greiðslu tveimur árum eftir námslok. Séu námslok á síðari hluta árs, 1. júlí eða síðar, er gjalddagi fyrstu föstu greiðslu 1. mars á þriðja ári frá námslokum. Seinni ársgreiðslan er alltaf 1. september.

7.2.3. Vextir.

Vextir reiknast alltaf frá námslokum sbr. 2.6. Ef námsmaður hefur lánshæft nám að nýju getur stjórnin fallist á að veita honum frest á endurgreiðslu.

7.3. Árleg endurgreiðsla.

Árleg endurgreiðsla er í tvennu lagi. Annars vegar er föst greiðsla sem innheimtist 1. mars og hins vegar viðbótargreiðsla sem innheimtist 1. sept. og er háð tekjum fyrra árs. Föst ársgreiðsla er 48.000 kr. og miðast við lánskjaravísitölu 3.198. Þessi upphæð

breytist á hverju ári til samræmis við lánskjaravísitölu 1. janúar hvers árs. Viðbótargreiðslan miðast við ákveðinn hundraðshluta af útsvarsstofni næsta árs á undan endurgreiðsluári. Hundraðshluti þessi er 5 við afborganir af láninu fyrstu fimm árin. Eftir það skal hundraðshlutinn vera 7. Sú fjárhæð sem þannig fæst skal margfölduð skv. hlutfallslegri breytingu á lánskjaravísitölu frá 1. júlí á tekjuöflunarári til 1. júlí á endurgreiðsluári. Samkvæmt framansögðu dregst áðurnefnd föst ársgreiðsla frá viðbótargreiðslunni.

Lánþega ber að greiða lántökugjald 1,2% í hvert sinn sem lán er tekið og kostnað af innheimtu á hverjum gjalddaga.

7.4. Undanþágur.

7.4.1 Undanþága frá árlegri endurgreiðslu.

Stjórn sjóðsins er heimilt að veita undanþágu frá árlegri endurgreiðslu verði skyndilegar breytingar á högum lánþega, t.d. vegna veikinda eða slyss, sem skerða ráðstöfunarfé hans og möguleika til að afla tekna. Stjórn er ennfremur heimilt að veita undanþágu frá fastri ársgreiðslu ef nám, atvinnuleysi, veikindi, þungun, umönnun barna eða aðrar sambærilegar ástæður valda verulegum og ófyrirséðum fjárhagsörðugleikum hjá lánþega eða fjölskyldu hans.

7.4.2. Sótt um frest.

Lánþegar sem óska eftir frestun eða niðurfellingu á endurgreiðslu námsláns skulu sækja um það á þar til gerðum eyðublöðum og láta fylgja umsókn nákvæmar upplýsingar sem, þar er óskað eftir, á fylgiskjölum.

7.4.3. Nám hafið að nýju.

Nú hefur lánþegi sem hefur nám að nýju svo háar tekjur að honum reiknast tekjutengd afborgun af fyrri lánum og er þá að jafnaði ekki heimilt að veita viðkomandi frest á afborgun.

7.5. Lán sem sjóðurinn hefur veitt.

Lán sem sjóðurinn hefur veitt eru:

Heiti	Veitt	Vextir	Endurgr. hefst m.v. námslok	Endurgr. tími	Gjalddagar
M	1952-61	3,5%	3 ár	10 ár	1. maí og 1. nóv.
N	1952-61	3,5%	3 ár	10 ár	1. feb. og 1. júní
M	1961-67	3,5%	3 ár	15 ár	1. maí og 1. nóv.
N	1961-67	3,5%	3 ár	15 ár	1. feb. og 1. júní
L	1967-75	5%	5 ár	15 ár	1. júní
K	1975	13%	1 ár	4 ár	1. apr. og 1. nóv.
X •	1976-82	verðtryggt	3 ár	20 ár	1. júlí og 1. nóv.
T ••	1982-92	verðtryggt	3 ár	40 ár	1. mars og 1. sept.
R	1992	allt að 3% +verðtr.	2 ár	óákv.	1. mars og 1. sept.

•nefnast V-lán eftir sameiningu

••nefnast S-lán þegar endurgreiðsla hefst.

7.6. Sé greitt eftir fleiri kerfum.

Þeir námsmenn, sem taka lán skv. lögum nr. 21 frá 1992 (R-lán) greiða fyrst afborganir og vexti af þeim lánum, en skuldi þeir eldri lán frestast afborganir þeirra þar til fyrrnefnd R-lán eru að fullu greidd. Eldri lán greiðast síðan eftir reglum sem áður giltu. Hlutfallsstuðull fyrir aukaafborgun T-láns hjá þeim sem hafa fengið meira en helming

raunvirðis námslána sinna árin 1976-85 er 3,5% í stað 3,75%. Ef lánþegi greiðir bæði af lánum sem tekin voru á árunum 1976-82 og af lánum sem tekin voru 1982-92, þá dragast afborganir eldri lána frá afborgunum hinna nýju. Enginn afsláttur er veittur af afborgunum lána, sem tekin voru 1982-92, þótt einnig sé verið að greiða af L-lánum.

7.7. Vanskil.

Ef lánþegi greiðir ekki afborgun á réttum tíma og hefur ekki samið við sjóðinn um greiðslu, sendir sjóðurinn hana til lögfræðings í innheimtu. Ef lánþegi gerir enn ekki skil, er sjóðnum heimilt að gjaldfella alla skuldina og innheimta hana með hæstu leyfilegu dráttarvöxtum.

Staðfesti hér með framangreindar reglur, sbr. lög nr. 21/1992.

Reykjavík, 2. maí 1994.

Ólafur G. Einarsson,
menntamálaráðherra.

4. ágúst 1994 Nr. 425

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 405, 15. júlí 1994, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1994/1995.

1. gr.

Í stað 1. málsliðar í 1. mgr. 23. gr. reglugerðarinnar komi tveir málsliðir er orðist svo: Útgerðum skipa er skylt að senda Fiskistofu skriflegar upplýsingar um afla á eyðublöðum, sem Fiskistofa leggur til. Skal skýrslum skilað fyrir hverja þrjá mánuði, en útgerðir krókabáta skulu þó aðeins skila einni skýrslu fyrir allt fiskveiðiárið.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 4. ágúst 1994.

Þorsteinn Pálsson.

Jón B. Jónasson.

REGLUGERÐ

um ósjálfvirkan vogarbúnað.

I. KAFLI
Gildissvið, markaðssetning og frjálsir flutningar.

1. gr.

1. Vogarbúnaður telst vera sá búnaður sem þjónar þeim tilgangi að ákvarða gildi fyrir massa efnis með því að nota þyngdaraflið sem orkar á efnið. Vogarbúnaður kann einnig að vera notaður til að ákvarða annað sem tengist massa, svo sem stærð, magn, færibreytur eða eiginleika.

   Vogarbúnaður, sem er ekki sjálfvirkur, er vogarbúnaður sem stjórnandi þarf að hafa afskipti af meðan á vigtun stendur.

   Þessi reglugerð tekur til alls vogarbúnaðar sem er ekki sjálfvirkur og nefnist hér eftir „vogir".

2. Í þessari reglugerð er gerður munur á tvenns konar notkun voga:

a) 1. ákvörðun massa fyrir verslunarviðskipti;
   2. ákvörðun massa fyrir útreikning á tollum, vörugjöldum, skatti, kaupauka eða ágóðahlut, févíti, þóknun, bótum eða greiðslum af slíkum toga;
   3. ákvörðun massa fyrir beitingu laga eða reglugerða; álit sérfræðinga í dómsmálum;
   4. ákvörðun massa í lækningastörfum við vigtun sjúklinga vegna eftirlits með heilbrigði, vegna sjúkdómsgreiningar og læknismeðferðar;
   5. ákvörðun massa vegna lyfjagerðar eftir tilvísun í lyfjabúð og ákvörðun massa vegna greiningar á rannsóknarstofum fyrir læknis- og lyfjafræði;
   6. ákvörðun verðs á grunni massa vegna beinnar sölu til almennings og vegna gerðar forpakkaðrar vöru:

b) önnur beiting en sú sem talin er upp í a-lið 2. mgr.

3. Vogir sem notaðar eru samkvæmt a-lið 2. mgr. skulu vera í það minnsta af nákvæmnisflokki III, sjá töflu 1 í viðauka I.

2. gr.

1. Aðeins er heimilt að setja á markað vogir sem standast viðkomandi kröfur sem fram koma í þessari reglugerð.
2. Aðeins er heimilt að taka vogir í þá notkun sem um getur í a-lið 2. mgr. 1. gr. ef þær standast kröfur sem fram koma í þessari reglugerð og gilda um þær, þar með taldar reglur um aðferðir við samræmismat sem um getur í II. kafla og þær séu með CE-merkingunum sem kveðið er á um í 10. gr.

3. gr.

Vogir, sem hafðar eru til þeirra nota sem um getur í a-lið 2. mgr. 1. gr. skulu standast grunnkröfur sem fram koma í viðauka I.

Nú eru vogir tengdar við tæki, sem ekki eru notuð til þess sem um getur í a-lið 2. mgr. 1. gr., og þurfa þau tæki þá ekki að standast grunnkröfurnar.

4. gr.

1. Heimilt er að setja á markað vogir sem standast viðkomandi kröfur þessarar reglugerðar.

2. Heimilt er að taka vogir í þá notkun sem um getur í a-lið 2. mgr. 1. gr. standist þær viðkomandi kröfur þessarar reglugerðar.

5. gr.

Vogir, sem eru í samræmi við ÍST EN-45501, en hann er samhljóða samræmda Evrópustaðlinum EN-45501, teljast vera í samræmi við þær grunnkröfur sem um getur í 3. gr. Löggildingarstofan ákveður hvaða útgáfu staðalsins skal miða við hverju sinni.

Vogir, sem uppfylla grunnkröfurnar, sem settar eru fram í viðauka I, má nota á þeim sviðum sem tilgreind eru í a-lið 2. mgr. 1. gr.

Vogir, sem uppfylla EN-45501, teljast uppfylla sömu kröfur.

6. gr.

Ef stjórnvöld telja að samhæfðu staðlarnir, sem um getur í 1. mgr. 5. gr., uppfylli ekki að fullu grunnkröfurnar sem um getur í 3. gr. skal vísa málinu ásamt rökstuðningi til Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA).

7. gr.

1. Ef stjórnvöld komast að þeirri niðurstöðu að vogir með CE-merkið, sem um getur í tölulíðum 2, 3 og 4 í viðauka II, standist ekki kröfur þessarar reglugerðar þótt þær séu rétt settar upp og hafðar til þeirra nota sem ráð er fyrir gert skulu þau gera allar viðeigandi ráðstafanir til að taka þessar vogir af markaði eða banna eða takmarka að þær séu teknar í notkun og/eða settar á markað.

   Tilkynna skal þegar í stað ESA um slíkar ráðstafanir og tilgreina ástæðurnar fyrir ávörðuninni, einkum hvort ósamræmið sé:

   a) vegna þess að grunnkröfunum, sem um getur í 3. gr., er ekki fullnægt þegar vogirnar uppfylla ekki staðlana sem um getur í 1. mgr. 5. gr.;
   b) vegna þess að stöðlunum, sem um getur í 1. mgr. 5. gr., sé ekki beitt á réttan hátt;
   c) vegna ágalla í sjálfum stöðlunum sem um getur í 1. mgr. 5. gr.

2. Ef vog, sem stenst ekki kröfur, ber CE-merkið skal gera viðeigandi ráðstafanir gegn þeim sem hefur fest merkið á og skal tilkynna ESA það.

II. KAFLI
Samræmismat.

8. gr.

1. Votta má að vogir séu í samræmi við grunnkröfur, sem koma fram í viðauka I samkvæmt annarri af eftirfarandi málsmeðferðum eftir því sem umsækjandi kýs:

   a) með EB-gerðarprófun, eins og um getur í 1. lið í viðauka II og síðan með EB-yfirlýsingu um gerðarsamræmi (ábyrgð á gæðum framleiðslu) eins og um getur í 2. lið viðauka II eða EB-sannprófun eins og um getur í 3. lið viðauka II.
   EB-gerðarprófun, er þó ekki lögboðin ef um er að ræða vogir, sem hafa ekki rafeindabúnað og þar sem ekki er notuð fjöður í álagsskynjara til mótvægis við álag.
   b) með EB-einingarsannprófun eins og um getur í 4. lið viðauka II.

2. Skjöl og bréf sem tengjast tilhöguninni sem um getur í 1. mgr., skulu gerð á íslensku eða tungumáli sem hinn tilnefndi aðili hefur viðurkennt.

3. a) Ef búnaðurinn fellur undir ákvæði annarra reglugerða sem taka til annarra þátta og kveða einnig á um að setja skuli CE-merki á vörur gefur þetta merki til kynna að viðkomandi búnaður teljist einnig vera í samræmi við ákvæði þessara annarra reglugerða.
   b) Heimili ein eða fleiri þessara reglugerða framleiðanda að velja hvaða fyrirkomu-

lag hann notar á aðlögunartíma sýnir CE-merkið að það sé eingöngu samræmi við ákvæði þeirra reglugerða sem framleiðandi beitir. Í þessu tilviki skulu tilvísanir í þær reglugerðir sem beitt er koma fram í þeim skjölum, auglýsingum eða fyrirmælum sem krafist er í reglugerðum og fylgja slíkum tækjum.

9. gr.

1. Ráðherra tilkynnir ESA um þá sem hann hefur tilnefnt til að framfylgja reglunum sem um getur í 8. gr. ásamt þeim sérstöku verkefnum sem þessum aðilum hefur verið falið að leysa af hendi. Í EES-viðbæti við Stjórnartíðndi EB er birt skrá yfir tilnefnda aðila ásamt kenninúmerum þeirra og verkefnum sem þeim hefur verið úthlutað. ESA sér um að þessi skrá sé uppfærð.
2. Beita skal lágmarksskilyrðum sem mælt er fyrir um í viðauka V þegar aðilar eru valdir. Líta skal svo á að aðilar, sem uppfylla skilyrði viðkomandi samræmdra staðla sem faggildingardeild Löggildingarstofunnar tilgreinir, uppfylli skilyrðin sem mælt er fyrir um í viðauka V.
3. Draga skal valið til baka ef aðilinn telst ekki lengur uppfylla skilyrðin sem um getur í 2. mgr. Hann skal án tafar tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA það og afturkalla tilnefninguna.

III. KAFLI
CE-merki og áletranir.

10. gr.

1. CE-merkið og aðrar upplýsingar, sem lýst er í 1. lið viðauka IV. skal festa, þannig að það sé greinilegt, læsilegt og varanlegt á vogir þær sem CE-samræmi hefur verið staðfest fyrir.
2. Áletranirnar, sem um getur í 2. lið. viðauka IV skal festa, þannig að þær séu greinilegar, læsilegar og varanlegar á allar aðrar vogir.
3. Óleyfilegt er að setja á búnaðinn merki sem líklegt er að villi um fyrir þriðja aðila hvað varðar þýðingu og form CE-merkisins. Setja má hvers konar aðrar merkingar á búnaðinn, að því tilskildu að þær hindri ekki að CE-merkið sjáist vel og sé vel læsilegt.

11. gr.

Án þess að draga úr ákvæðum 7. gr., gildir eftirfarandi:

1. sannist að CE-merki hafi verið sett ranglega á vöru ber framleiðanda eða viðurkenndum fulltrúa hans með staðfestu innan EES skylda til að sjá til þess að búnaðurinn samræmist ákvæðum um CE-merkingar og að bundinn sé endi á brotið samkvæmt skilyrðum sem stjórnvöld setja;
2. ef ósamræmi heldur áfram skulu stjórnvöld grípa til allra viðeigandi ráðstafana til að takmarka eða banna markaðssetningu viðkomandi búnaðar eða tryggja að hann verði innkallaður af markaði í samræmi við ferlið sem mælt er fyrir um í 7. gr.

12. gr.

Þegar vog, sem er notuð í þeim tilgangi sem um getur í a-lið 2. mgr. 1. gr., hefur verið eða er tengd við tæki sem hafa ekki fengið samræmismat eins og um getur í 8. gr. skal hvert þessara tækja bera tákn þar sem fram komi takmarkanir á notkun þess eins og tilgreint er í 3. lið, viðauka IV. Táknið skal fest á tækin þar sem það er greinilegt, læsilegt og varanlegt.

IV. KAFLI
Lokaákvæði.

13. gr.
Undanþáguákvæði.

1. Um leið og reglugerð þessi tekur gildi verður óheimilt að gefa út nýjar gerðarviðurkenningar eftir eldri reglum. Þó má gefa út viðbótar-gerðarviðurkenningar vegna minni háttar breytinga á eldri vogum.
2. Þrátt fyrir 1. mgr. er markaðssetning og notkun voga heimil ef þær hafa gerðarviðurkenningar fyrir 1. janúar 1994 í samræmi við reglur sem þá giltu, svo sem tilskipun 73/360/EBE. Slíkar gerðarviðurkenningar má framlengja í allt að 10 ár, þ.e. til 1. janúar 2004.
3. Tilskipun 73/360/EBE er ekki sett í sérstaka reglugerð en ákvæði þeirrar tilskipunar munu gilda fyrir eldri vogir, þegar það á við, sbr. 2. mgr. 14. gr.
4. Ennfremur er heimil markaðssetning eða notkun voga, sem notaðar eru í þeim tilgangi sem um getur í 4.-5. tölul. a-liðar 2. mgr. 1. gr., til 1. janúar 2004 án þess að gerð sé krafa um samræmisvottorð.
5. Fram til 1. janúar 1997 er heimilt að markaðssetja eða taka í notkun vogir sem framleiddar eru í samræmi við reglugerðir sem eru í gildi fyrir 1. janúar 1995.

14. gr.
Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum um vog, mál og faggildingu nr. 100/1992 og með hliðsjón af ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sem vísað er til í 27. tölul. IX. kafla II. viðauka, tilskipun 90/384/EBE ásamt síðari breytingu er varð með tilskipun 93/68/EBE frá 22. júlí 1993, um CE-merkið, með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af II. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Reglugerð þessi öðlast gildi 1. janúar 1995 og frá sama tíma fellur eldri reglugerð, nr. 143/1994 um ósjálfvirkan vogarbúnað, úr gildi.

Viðskiptaráðuneytið, 30. júní 1994.

F. h. r.

Þorkell Helgason.

Sveinn Þorgrímsson.

VIÐAUKI I.
GRUNNKRÖFUR.

Grunnkröfurnar, sem vogirnar er um getur í a-lið 2. mgr. 1. gr., verða að standast, koma fram hér að aftan. Íðorðin, sem notuð eru koma frá Alþjóðalögmælifræðistofnuninni.

Inngangsorð.

Þegar vog hefur eða er tengd við fleiri en einn álestrar- eða prentbúnað, sem notaður er í þeim tilgangi sem um getur í a-lið 2. mgr. 1. gr., þarf búnaður af þessu tagi, sem sýnir aðeins niðurstöður vigtunar og getur ekki haft áhrif á að vogin verki á réttan hátt, ekki að standast grunnkröfurnar, að því tilskildu að niðurstöður vigtunar séu prentaðar og skráðar á réttan hátt og varanlega með hluta vogarinnar, sem stenst grunnkröfurnar, og að niðurstöðurnar séu aðgengilegar fyrir báða hlutaðeigandi aðila. Þegar um er að ræða vogir sem

notaðar eru við beina sölu til almennings verður álestrar- og prentbúnaður fyrir seljanda og kaupanda þó að standast grunnkröfurnar.

MÆLIFRÆÐILEGAR KRÖFUR.

1. **Einingar massa.**
Einingar massa, sem nota á, skulu vera löglegar einingar í skilningi reglugerðar um mælieiningar nr. 128/1994.

Með fyrirvara um, að þessu skilyrði sé fullnægt, eru eftirfarandi einingar heimilaðar:
- SI-einingar: míkrógramm, milligramm, gramm, kílógramm, tonn,
- aðrar einingar sem ekki tilheyra metrakerfinu: metrakarat við vigtun eðalsteina.

2. **Nákvæmnisflokkar.**

2.1. Skilgreindir hafa verið eftirfarandi flokkar:
I sérstök nákvæmni
II mikil nákvæmni
III millinákvæmni
IIII venjuleg nákvæmni
Skilgreiningar fyrir þessa flokka eru í töflu 1.

2.2. Undantekningar frá kröfu 3. mgr. 1. gr. fyrir vogir sem notaðar eru samkvæmt 1. og 2. tölul. a-liðar 2. mgr. 1. gr., gilda í eftirfarandi tilfellum;
1) Vogir sem notaðar eru við viðskipti með eðalmálma eða eðalsteina. Í slíkum tilfellum skulu þær í það minnsta vera af nákvæmnisflokki II, sbr. töflu 1.
2) Vogir sem notaðar eru í viðskiptum með gróf efni. Dæmi: Vigtun ópakkaðs efnis með lágu kílógrammverði, t.d. sandur, grúsarmöl, steypa og sorp. Í slíkum tilfellum má einnig nota vogir af nákvæmnisflokki IIII.
3) Vogarbrýr, sem notaðar eru utanhúss, skulu vera af nákvæmnisflokki III, sbr. töflu 1.

TAFLA 1
Nákvæmnisflokkar.

Flokkur	Skerðingargildi (e)	Lágmarksþyngd (Min)	Fjöldi skerðingargilda $n=Max/e$	
		lágmarks-gildi	lágmarks-gildi	hámarks-gildi
I	0,001 g ≤ e	100 e	50 000	–
II	0,001 g ≤ e ≤ 0,05g	20 e	100	100 000
	0,1 g ≤ e	50 e	5 000	100 000
III	0,1 g ≤ e ≤ 2 g	20 e	100	10 000
	5 g ≤ e	20 e	500	10 000
IIII	5 g ≤ e	10 e	100	1 000

Lágmarksþyngd minnkar í 5e fyrir vogir í II. og III. flokki sem notaðar eru til að ákvarða flutningsgjöld.

2.2. *Deilingargildi.*

2.2.1. Raunverulegt deilingargildi (d) og skerðingargildi (e) skal sýna með þessum hætti:
1×10^{k}, 2×10^{k} eða 5×10^{k} einingar massa
þar sem k er heil tala eða núll.

2.2.2. Fyrir aðrar vogir en þær sem hafa viðbótarálestrartæki:
$d = e$

2.2.3. Fyrir vogir, sem hafa viðbótarálestrartæki, gildir eftirfarandi:
$e = 1 \times 10^{k}$ g
$d < e < = 10\ d$
nema fyrir vogir í I. flokki með $d < 10^{-4}$ g og $e = 10^{-3}$ g.

3. **Flokkun.**

3.1. *Vogir með eitt vigtunarsvið.*

Vogir, sem hafa viðbótarálestrartæki, skulu tilheyra I. eða II. flokki. Lægri mörk lágmarksgetu fyrir þessar vogir fást úr töflu 1 með því að setja raunverulegt deilingargildi (d) í stað skerðingargildis (e) í 3. dálki.
Ef $d < 10^{-4}$ g má hámarksgeta í I. flokki vera minni en 50 000 e.

3.2. *Vogir með fleiri en eitt vigtunarsvið.*

Heimilt er að hafa fleiri en eitt vigtunarsvið á vogum að því tilskildu að það komi skýrt fram á þeim. Hvert vigtunarsvið er flokkað í samræmi við lið 3.1. Nú falla vigtunarsviðin undir mismunandi nákvæmnisflokka og skal þá vogin standast strängustu kröfur sem gilda um þá nákvæmnisflokka sem vigtunarsviðin tilheyra.

3.3. Vogir með margskipt vigtunarsvið

3.3.1. Heimilt er að hafa fleiri en eitt skipt vigtunarsvið (margskipt vigtunarsvið) á vogum með eitt vigtunarsvið.

Vogir með margskiptu vigtunarsviði skulu ekki hafa viðbótarálestrartæki.

3.3.2. Sérhvert vigtunarsvið i, á vogum með margskiptu vigtunarsviði, er skilgreint af:

– skerðingargildi þess e_i	með $e_{(i+1)} < e_i$
– hámarksgetu þess (Max_i)	með $Max_r = Max$
– lágmarksgetu þess (Min_i)	með $Min_i = Max_{(i-1)}$ og $Min_1 = Min$

þar sem:
i = 1, 2,... r
i = númer skipts vigtunarsviðs,
r = heildarfjöldi skiptra vigtunarsviða.

Í öllum tilvikum er getan miðuð við nettóhleðslu án þess að tillit sé tekið til hugsanlegra törugilda.

3.3.3. Skipt vigtunarsvið eru flokkuð eftir töflu 2. Öll skipt vigtunarsvið á einni vog falla undir sama nákvæmnisflokk og vogin sjálf.

TAFLA 2
Vogir með margskiptu vigtunarsviði.

i = 1, 2,... r
i = númer skipts vigtunarsviðs
r = heildarfjöldi skiptra vigtunarsviða

Flokkur	Skerðingargildi (e)	Lágmarksgeta (Min)	Fjöldi skerðingargilda	
		Lágmarks-gildi	Lágmarks-gildi [1] $n = Max_i / e_{i+1}$	Hámarks-gildi $n=Max_i / e_i$
I	0,001 $g \leq e_i$	100 e_1	50 000	–
II	0,001 $g \leq e_i \leq 0,05g$	20 e_1	5 000	100 000
	0,1 $g \leq e_i$	50 e_1	5 000	100 000
III	0,1 $g \leq e_i$	20 e_1	100	10 000
IIII	5 $g \leq e_i$	10 e_1	50	1 000

[1] Fyrir i = r gildir samsvarandi dálkur úr töflu 1 þar sem e_r kemur í stað e.

4. **Nákvæmni.**

4.1. Þegar beitt er málsmeðferð þeirri sem um getur í 8. gr. skal frávik í álestri ekki vera meira en heimilað hámarksfrávik sem sýnt er í töflu 3. Ef um stafrænan álestur er að ræða skal leiðrétta frávik sem stafar af skekkju við að niðurstaða er rúnnuð í næstu heilu tölu.

Heimiluð hámarksfrávik gilda um gildi nettóþyngdar og töru, að frátöldum fyrirframstilltum törugildum.

TAFLA 3
Heimiluð hámarksfrávik.

Hleðsla				
Flokkur I	Flokkur II	Flokkur III	Flokkur IV	Heimilað hámarks-frávik
$0 \leq m \leq 50\,000$ e	$0 \leq m \leq 5\,000$ e	$0 \leq m \leq 500$ e	$0 \leq m \leq 50$e	± 0,5 e
50 000 e < m ≤ 200 000 e	5 000 e < m 20 000e	500 e < m ≤ 2 000 e	50 e < m ≤ 200 e	± 1,0 e
200 000 e < m	20 000 e < m ≤ 100 000 e	2 000 e < m ≤ 10 000 e	200 e < m ≤ 1 000 e	± 1,5 e

4.2. Heimiluð hámarksfrávik við notkun eru tvöföld þau heimiluðu hámarksfrávik sem fastsett eru í lið 4.1.

5. Unnt skal vera að endurtaka vigtanir vogar og fá sömu niðurstöðu þótt notuð séu önnur álestrartæki og aðferðir við að ná jafnvægisstöðu.
Vigtunarniðurstöður skulu vera óháðar stöðu hleðslunnar á álagshlutanum svo nægilegt teljist.

6. Vog skal vera næm á litlar hleðslubreytingar.

7. **Áhrifsbreytur og tími.**

7.1. Vogir í II., III. og IIII. flokki, sem líklegt er að verði notaðar í hallandi stöðu, skulu vera ónæmar, svo nægilegt teljist, fyrir þeim halla sem orðið getur þegar vog er sett upp á eðlilegan hátt.

7.2. Vogirnar skulu standast mælifræðilegar kröfur innan þeirra hitamarka sem framleiðandi tilgreinir. Gildi þessara marka skal að minnsta kosti vera jafnt:

5°C fyrir vog í I. flokki,
15 °C fyrir vog í II. flokki,
30 °C fyrir vog í III. eða IIII. flokki.

Ef framleiðandi hefur ekki tilgreint hitamörk gilda hitamörkin -10°C til +40°C.

7.3. Vogir, sem knúnar eru með raforku frá orkuveitukerfi, skulu standast mælifræðilegar kröfur við skilyrði við aðföng raforku sem eru innan eðlilegra fráviksmarka.

Vogir, sem knúnar eru með raforku frá rafhlöðum, skulu gefa til kynna þegar spenna fer niður fyrir það lágmarksgildi, sem krafist er og annaðhvort starfa áfram á réttan hátt þegar það gerist eða stöðvast sjálfkrafa.

7.4. Rafknúnar vogir, að undanskildum vogum í I. og II. flokki þar sem e er minna en 1 g, skulu standast mælifræðilegar kröfur við efri hitamörk þótt hlutfallslegur raki sé mikill.

7.5. Nú stendur hleðsla á vog í II., III. eða IIII. flokki í langan tíma og skal það hafa hverfandi áhrif á álestur vogarinnar á meðan hleðslan er á, sem og á núllstillingu jafnskjótt og hleðslan hefur verið tekin af.

7.6. Við annars konar skilyrði skulu vogir ýmist starfa á réttan hátt eða stöðvast sjálfkrafa.

HÖNNUN OG SMÍÐI.

8. **Almennar kröfur.**

8.1. Hönnun og smíði voganna skal vera á þann veg að þær haldi mælifræðilegum eiginleikum sínum ef þær eru settar upp og notaðar á réttan hátt, í því umhverfi sem þær eru ætlaðar fyrir. Skylt er að sýna gildi massans.

8.2. Rafeindavogir skulu ekki sýna merki um alvarlega bilun þótt þær verði fyrir truflun eða skulu, að öðrum kosti, geta greint bilanir á sjálfvirkan hátt og gefið það til kynna.

Ef alvarleg villa greinist á sjálfvirkan hátt í rafeindavog skal viðvörun um það heyrast eða sjást og skal viðvörunin halda áfram þar til notandi lagfærir bilunina eða hún hverfur.

8.3. Vogir skulu standast kröfurnar í liðum 8.1 og 8.2 í þann tíma sem talinn er eðlilegur miðað við þá notkun sem þær eru ætlaðar fyrir.

Á stafrænum rafeindavogum skal ætíð vera nægileg stjórn á að mæliferlið sé rétt og að álestrarbúnaður vinni rétt, svo og á allri geymslu og flutningi gagna.

Ef alvarleg villa vegna slits greinist á sjálfvirkan hátt í rafeindavog skal viðvörun um það heyrast eða sjást og skal viðvörunin vara þar til notandi lagar bilunina eða hún hverfur.

8.4. Nú er utanaðkomandi búnaður tengdur við rafeindavog með viðeigandi tengibúnaði og skal það ekki hafa áhrif á mælifræðilega eiginleika vogarinnar.

8.5. Vogir skulu ekki hafa neina þá eiginleika sem auðveldi sviksamleg not og möguleikar á misnotkun af vangá skulu vera svo litlir sem vera má. Íhlutar, sem notanda er óheimilt að fjarlægja eða stilla skulu tryggðir gegn slíku.

8.6. Hanna skal vogir á þann veg að eftirlit það sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð megi framkvæma á fljótlegan hátt.

9. **Álestur vigtunarniðurstaðna og annarra vigtunargilda.**
Álestur vigtunarniðurstaðna og annarra vigtunargilda skal vera nákvæmur, ótvíræður og ekki villandi og álestrartækið skal leyfa auðveldan álestur við eðlileg notkunarskilyrði.

Heiti og tákn eininganna, sem um getur í 1. lið í viðauka þessum, skulu vera í samræmi við ákvæði reglugerðar um mælieiningar, nr. 128/1994, að viðbættu tákninu fyrir metrakarat sem er táknið „ct".

Álestur skal ekki vera mögulegur yfir hámarksgetu (Max), að viðbættum 9 e.

Einungis er heimilt að nota viðbótarálestrarbúnað hægra megin við tugabrotskommu. Einungis er heimilt að nota búnað til að víkka út svið álestrar tímabundið og ekki skal vera hægt að prenta á meðan hann starfar.

Sýna má aukaálestra að því tilskildu að ekki sé unnt að rugla þeim saman við aðalálestra.

10. **Prentun vigtunarniðurstaðna og annarra vigtunargilda.**
Prentaðar niðurstöður skulu vera réttar, auðþekkjanlegar og ótvíræðar. Prentunin skal vera skýr, læsileg, varanleg og endingargóð.

11. **Hallastilling.**
Á vogum skal vera, ef við á, búnaður til hallastillingar og hallamál sem sé nægilega næmt til að hægt sé að setja vogina upp á réttan hátt.

12. **Núllstilling.**
Heimilt er að hafa núllstillingarbúnað á vogum. Notkun slíks búnaðar skal leiða til nákvæmrar núllstillingar og skal ekki valda röngum mæliniðurstöðum.

13. **Törubúnaður og fyrirframstilltur törubúnaður.**
Á vogum er heimilt að hafa einn törubúnað eða fleiri, svo og fyrirframstilltan törubúnað. Notkun slíks búnaðar skal leiða til nákvæmrar núllstillingar og tryggja rétta vigtun á nettóþyngd. Þá skal notkun fyrirframstillts törubúnaðar tryggja að reiknað nettógildi þyngdar sé rétt ákvarðað.

14. **Vogir sem notaðar eru við beina sölu til almennings er hafa ekki meiri hámarksgetu en 100 kg: Viðbótarkröfur.**
Á vogum, sem notaðar eru til beinnar sölu til almennings, skulu allar nauðsynlegar upplýsingar um vigtunina vera sjáanlegar og kaupandi skal sjá greinilega útreikning verðs á þeirri vöru sem keypt er ef um er ræða vogir sem sýna verð.

Ef hægt er að lesa söluverð af vog skal verðið vera nákvæmt.

Á vogum, sem reikna út verð, skal nauðsynlegur álestur vara nógu lengi til að kaupandi geti lesið það svo vel sé.

Einungis er heimilt að vogir með verðútreikningi séu notaðar til annars en vigtunar og verðútreiknings stykkjavöru að því tilskildu að allur álestur, sem tengist slíku, sé prentaður greinilega og ótvírætt á kvittun eða merkimiða fyrir viðskiptavininn.

Vogir skulu ekki hafa neina þá eiginleika sem geta valdið því að túlkun álesturs verði ekki auðveld eða einföld.

Vogir skulu tryggja kaupendur fyrir röngum söluviðskiptum sem eiga rætur að rekja til þess að þær starfa ekki rétt.

Ekki er heimilt að hafa viðbótarálestrartæki og -búnað til að víkka út svið álestrar á þessum vogum.

Einungis er heimilt að hafa aukabúnað á þessum vogum ef hann getur ekki leitt til sviksamlegra nota.

Vogum, sem svipar til voga sem venjulega eru notaðar við beina sölu til almennings en uppfylla ekki kröfur þessa liðar, skulu hafa, nærri álestrarstað, eftirfarandi varanlega áletrun: „Ekki ætluð til notkunar við beina sölu til almennings".

15. **Vogir sem prenta verðmerkimiða.**
Vogir sem prenta verðmerkimiða skulu standast kröfur um vogir sem sýna verð og notaðar eru við beina sölu til almennings svo fremi þær eigi við viðkomandi vog. Prentun á verðmerkimiða skal ekki vera möguleg fyrir magn undir lágmarksgetu.

VIÐAUKI II.

1. **EB-gerðarprófun.**

1.1. EB-gerðarprófun er málsmeðferð þar sem tilnefndur aðili sannprófar og vottar að dæmigerð vog fyrir fyrirhugaða framleiðslu standist viðeigandi kröfur þessarar reglugerðar.

1.2. Framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan bandalagsins skal leggja fram umsókn um gerðarprófun til eins tilnefnds aðila.

Umsóknin skal innihalda:
- nafn og heimilisfang framleiðanda og, ef umsóknin er lögð fram af viðurkennda fulltrúanum, nafn hans og heimilisfang að auki,
- skriflega yfirlýsingu um að umsóknin hafi ekki verið lögð fram til annars tilnefnds aðila,
- hönnunarlýsingu eins og lýst er í viðauka III.

Umsækjandi skal láta tilnefnda aðilanum í té dæmigerða vog fyrir fyrirhugaða framleiðslu, sem nefnist hér eftir „gerð".

1.3. Tilnefndi aðilinn skal:

1.3.1. athuga hönnunarlýsinguna og ganga úr skugga um að gerðin hafi verið framleidd samkvæmt lýsingunni;

1.3.2. sammælast við umsækjanda um hvar rannsóknir og/eða prófanir eigi að fara fram;

1.3.3. framkvæma eða láta framkvæma viðeigandi rannsóknir og/eða prófanir til að ganga úr skugga um hvort lausnirnar, sem framleiðandinn velur, séu í samræmi við grunnkröfurnar þegar staðlarnir, sem um getur í 5. gr. hafa ekki verið notaðir;

1.3.4. framkvæma eða láta framkvæma viðeigandi rannsóknir og/eða prófanir til að athuga hvort viðkomandi staðlar hafi verið notaðir í reynd þegar framleiðandinn hefur valið að nota þá svo að samræmi við grunnkröfurnar sé tryggt.

1.4. Þegar gerðin uppfyllir ákvæði þessarar reglugerðar skal tilnefndi aðilinn gefa út EB-gerðarviðurkenningarvottorð til umsækjandans. Vottorðið skal innihalda niðurstöður rannsóknarinnar, skilyrði, ef einhver eru, fyrir gildistöku þess og nauðsynleg gögn sem sýna viðurkenndu gerðina og, þegar þörf krefur, lýsingu á starfsemi hennar. Tæknileg atriði, svo sem teikningar og myndir, skulu fylgja í viðauka með EB-gerðarviðurkenningarvottorðinu.

Vottorðið skal gilda í tíu ár frá útgáfudegi og það má síðan endurnýja með tíu ára gildistíma í senn.

Nú verða veigamiklar breytingar á hönnun vogar, til dæmis vegna tækninýjunga, og er þá heimilt að takmarka gildistíma vottorðsins við tvö ár með þriggja ára framlengingartímabili.

1.5. Sérhver tilnefndur aðili skal öðru hverju láta öllum aðildarríkjum í té skrá yfir:
- mótteknar umsóknir um EB-gerðarprófun,
- útgefin EB-gerðarviðurkenningarvottorð,
- umsóknir um gerðarviðurkenningarvottorð sem hefur verið hafnað,
- viðbætur og breytingar við áður útgefin gögn.

Enn fremur skal sérhver tilnefndur aðili tilkynna öllum aðildarríkjunum án tafar um afturköllun á EB-gerðarviðurkenningarvottorðum.

Hvert aðildarríkjanna skal láta þeim aðilum, sem það hefur tilnefnt, í té þessar upplýsingar.

1.6. Aðrir tilnefndir aðilar geta fengið afrit af vottorðunum ásamt viðaukum við þau.

1.7. Umsækjandinn skal láta tilnefnda aðilann, sem gaf út EB-gerðarviðurkenningarvottorðið, vita um allar breytingar á viðurkenndu gerðinni.

Ef viðurkenndri gerð er breytt skulu breytingarnar öðlast viðurkenningu tilnefnda aðilans sem gaf út EB-gerðarviðurkenningarvottorðið ef slíkar breytingar hafa áhrif á samræmi við grunnkröfur þessarar reglugerðar eða fyrirskipuð skilyrði um notkun tækisins. Þessi viðurkenning skal gefin í formi viðbótar við upprunalega EB-gerðarviðurkenningarvottorðið.

2. **EB-yfirlýsing um gerðarsamræmi (ábyrgð á gæðum framleiðslu).**

2.1. EB-yfirlýsingin um gerðarsamræmi (ábyrgð á gæðum framleiðslu) er málsmeðferð þar sem framleiðandi, sem uppfyllir skilyrðin í lið 2.2, lýsir því yfir að viðkomandi vogir séu í samræmi við gerðina sem lýst er í EB-gerðarviðurkenningarvottorðinu, og uppfylli viðeigandi grunnkröfur þessarar reglugerðar.

Framleiðandinn eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan EES skal setja CE-merkið á allan búnað auk áletrananna sem kveðið er á um í IV. viðauka og gefa út skriflega samræmisyfirlýsingu.

Auk CE-merkisins skal fylgja kenninúmer tilnefnds aðila sem ber ábyrgð á EB-eftirlitinu sem um getur í málsgrein 2.4.

2.2. Framleiðandinn skal á fullnægjandi hátt hafa komið á fót gæðakerfi, eins og tilgreint er í lið 2.3, og skal sæta EB-eftirliti eins og kveðið er á um í lið 2.4.

2.3. *Gæðakerfi.*

2.3.1. Framleiðandinn skal leggja fram umsókn um viðurkenningu á gæðakerfi sínu til tilnefnds aðila.

Umsóknin skal innihalda:
- skuldbindingu um að rækja þær skyldur sem viðurkennt gæðakerfi hefur í för með sér,
- skuldbindingu um að viðhalda hagkvæmni og virkni viðurkennda gæðakerfisins.

Framleiðandinn skal láta tilnefnda aðilanum í té allar upplýsingar sem máli skipta, einkum gögn um gæðakerfið og hönnunarlýsingu vogarinnar.

2.3.2. Gæðakerfið skal tryggja samræmi voganna við gerðina, eins og henni er lýst í EB-gerðarviðurkenningarvottorðinu, og við þær grunnkröfur þessarar reglugerðar sem við eiga.

Öll þau atriði, kröfur og ákvæði, sem framleiðandinn hefur tekið tillit til, skulu skráð, skýrt og kerfisbundið, í formi leiðbeininga, reglna og ritaðra fyrirmæla. Í

þessari lýsingu á gæðakerfinu skal gera skýra grein fyrir gæðaskipulagi, áætlunum, handbókum og skýrslum.

Þar skal einkum koma fram haldgóð lýsing á:

- gæðamarkmiðum, skipulagningu og stjórnunarábyrgð og áhrifum þessa á gæði framleiðslunnar,
- framleiðsluferli, gæðaeftirliti og aðferðum við gæðatryggingu ásamt þeim kerfisbundnu aðgerðum sem verður beitt,
- rannsóknum og prófunum sem verða gerðar fyrir, eftir og meðan á framleiðslunni stendur og hve oft þær fara fram,
- aðferðum við eftirlit með gæðum tækisins og skilvirkni gæðakerfisins.

2.3.3. Tilnefndi aðilinn skal skoða og meta gæðakerfið til að ákveða hvort það uppfylli kröfurnar í lið 2.3.2. Hann gengur út frá því að samræmis við þessar kröfur sé gætt þegar um er að ræða gæðakerfi sem eru byggð á samhæfðum stöðlum á þessu sviði.

Hann skal tilkynna framleiðanda um ákvörðun sína og gera hinum tilnefndu aðilunum viðvart um hana. Í tilkynningunni til framleiðandans skulu koma fram niðurstöður skoðunarinnar og, komi til höfnunar, rök fyrir þeirri ákvörðun.

2.3.4. Framleiðandinn eða viðurkenndur fulltrúi hans skal gera tilnefnda aðilanum, sem viðurkenndi gæðakerfið, kunnugt um allar breytingar á því, til dæmis vegna nýrrar tækni eða nýrra meginreglna um gæði.

2.3.5. Tilnefndur aðili, sem afturkallar viðurkenningu á gæðakerfi, skal tilkynna það hinum tilnefndu aðilunum.

2.4. *EB-eftirlit.*

2.4.1. Tilgangur EB-eftirlitsins er að tryggja að framleiðandinn uppfylli að öllu leyti skyldur sínar vegna viðurkennda gæðakerfisins.

2.4.2. Framleiðandinn skal veita tilnefnda aðilanum aðgang til að skoða framleiðslu-, eftirlits-, prófunar- og geymslustaði og láta honum í té allar nauðsynlegar upplýsingar, einkum:

- lýsingu á gæðakerfinu,
- hönnunarlýsingu,
- gæðaskráningu, til dæmis skoðunarskýrslur og prófunargögn, kvörðunargögn, skýrslur um menntun og hæfi starfsfólks o.s.frv.

Tilnefndi aðilinn skal öðru hverju gera úttekt til að ganga úr skugga um að framleiðandinn viðhaldi viðurkennda gæðakerfinu og noti það og skal hann gefa framleiðandanum skýrslu um úttektina.

Tilnefndi aðilinn getur einnig komið til framleiðandans án þess að gera boð á undan sér. Í þessum heimsóknum getur tilnefndi aðilinn tekið út kerfið, að fullu eða að hluta. Hann skal láta framleiðanda í té skýrslu um heimsóknina og, eftir því sem við á, úttektarskýrslu.

2.4.3. Tilnefndi aðilinn skal tryggja að framleiðandinn viðhaldi viðurkennda gæðakerfinu og noti það.

3. **EB-sannprófun.**

3.1. EB-sannprófun er ferlið sem framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan sambandsins framkvæmir þegar hann gengur úr skugga um og lýsir yfir að búnaðurinn sem hefur verið prófaður samkvæmt málsgrein 3.3. sé í samræmi við þá gerð sem lýst er í EB-gerðarprófunarvottorðinu og uppfylli viðeigandi kröfur þessarar reglugerðar.

3.2. Framleiðandinn skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að framleiðsluferlið tryggi að búnaðurinn sé í samræmi við kröfur um gerð sem lýst er í EB-gerðarprófunar-

vottorðinu og viðeigandi kröfur þessarar reglugerðar. Framleiðandinn eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan sambandsisn skal setja CE-merkið á allan búnað og gefa út skriflega samræmisyfirlýsingu.

3.3. Tilnefndur aðili skal framkvæma viðeigandi rannsóknir og prófanir til að ganga úr skugga um að búnaðurinn sé í samræmi við kröfur þessarar reglugerðar með því að rannsaka og prófa allan búnað samkvæmt fyrirmælum í lið 3.5.

3.4. Nú þarf búnaður ekki að fá EB-gerðarviðurkenningu og skal þá hönnunarlýsing sem um getur í III. viðauka vera aðgengileg tilnefnda aðilanum óski hann þess.

3.5. Sannprófun með athugun og prófun á öllum búnaði.

3.5.1. Allur búnaður skal athugaður og prófanirnar sem eru skilgreindar í viðkomandi staðli eða stöðlum samanber 5. gr., eða jafngildar prófanir, skulu gerðar til að tryggja að búnaðurinn sé í samræmi; þegar það á við, við þá gerð sem lýst er í EB-gerðarprófunarvottorðinu og grunnkröfur þessarar reglugerðar.

3.5.2. Tilnefndi aðilinn skal setja eða láta setja kenninúmer sitt á allan búnað til að staðfesta að hann samræmist kröfum og gefa út skriflegt samræmisvottorð um prófanir sem gerðar eru.

3.5.3. Framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans skal tryggja að hann geti lagt fram samræmisvottorð tilkynnts aðila sé þess óskað.

4. **EB-einingarsannprófun.**

4.1. EB-einingarsannprófun er ferli sem framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan sambandsins framkvæmir þegar hann gengur úr skugga um og lýsir yfir að búnaður sem er venjulega hannaður fyrir tiltekna notkun og vottorðið sem um getur í 4.2. hefur verið gefið út fyrir, sé í samræmi við kröfur þessarar reglugerðar sem við hann eiga. Framleiðandinn eða fulltrúi hans skal setja CE-merkið á búnaðinn og gefa út skriflega samræmisyfirlýsingu.

4.2. Tilnefndur aðili skal rannsaka búnaðinn og framkvæma viðeigandi prófanir sem eru skilgreindar í viðkomandi staðli eða stöðlum samanber 5. gr., eða jafngildar prófanir, skulu gerðar til að tryggja að búnaðurinn sé í samræmi við viðkomandi kröfur þessarar reglugerðar.

Tilnefndi aðilinn skal setja eða láta setja kenninúmer sitt á allan búnað til að staðfesta að hann samræmist kröfum og gefa út skriflegt samræmisvottorð um prófanir sem gerðar eru.

4.3. Markmiðið með tæknilegri hönnunarlýsingu búnaðar, eins og um getur í III. viðauka, er að gera kleift að meta hvort farið sé að kröfum þessarar reglugerðar og skilja hönnun, framleiðslu og virkni búnaðarins. Hún skal vera aðgengileg tilnefndum aðila.

4.4. Framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans skal tryggja að hann geti lagt fram samræmivottorð tilkynnts aðila sé þess óskað.

5. **Sameiginleg ákvæði.**

5.1. Heimilt er að EB-yfirlýsing um gerðarsamræmi (ábyrgð á gæðum framleiðslu), EB-sannprófun og EB-einingarsannprófun fari fram á vinnusvæði framleiðanda eða á einhverjum öðrum stað, að því tilskildu að ekki þurfi að taka vogina í sundur vegna flutnings, að ekki þurfi að setja vogina saman á notkunarstað, eða annars konar tæknileg uppsetning að eiga sér stað er haft gæti áhrif á starfsemi vogarinnar, og að tekið sé tillit til gildis þyngdarafls á notkunarstað eða starfsemi vogar sé ekki háð breytingum á þyngdarafli. Í öllum öðrum tilvikum skal yfirlýsing um gerðarsamræmi og sannprófanir fara fram á notkunarstað vogarinnar.

5.2. Nú er starfsemi vogar háð breytingum á þyngdarafli og er þá heimilt að málsmeðferð, sem um getur í lið 5.1, fari fram í tveimur áföngum og skal þá seinni áfanginn felast í öllum skoðunum og prófunum þar sem þyngdarafl getur haft áhrif á niðurstöður en sá fyrri felast í öllum öðrum skoðunum og prófunum. Seinni áfanginn skal fara fram á notkunarstað vogarinnar. Hafi aðildarríki ákvarðað þyngdaraflssvæði á yfirráðasvæði sínu jafngildir fullyrðingin „á notkunarstað vogarinnar" orðunum „á þyngdaraflssvæði notkunarstaðar vogarinnar".

5.3.

5.3.1. Nú hefur framleiðandi ákveðið að skipta öðru ferlinu sem um getur í lið 5.1 í tvo áfanga, en umsjón með áföngunum er ekki á hendi eins og sama aðila, og skal þá búnaðurinn sem hefur farið í gegnum fyrri áfangann bera auðkenni tilnefnda aðilans sem sá um þann áfanga.

Aðilinn sem sá um fyrri áfangann skal gefa út vottorð, fyrir allan búnað, þar sem fram komi nauðsynlegar upplýsingar til að bera kennsl á búnaðinn og þar sem tilgreindar eru skoðanir og prófanir sem gerðar hafa verið.

Aðilinn sem sér um seinni áfanga ferlisins skal gera þær skoðanir og prófanir sem ekki hafa þegar verið gerðar.

Framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans skal tryggja að hann geti lagt fram samræmivottorð tilkynnts aðila sé þess óskað.

5.3.3. Framleiðanda, sem ákveður að EB-yfirlýsing um gerðarsamræmi (ábyrgð á gæðum framleiðslu) skuli vera hluti af fyrri áfanga, er heimilt að hafa sama hátt á í seinni áfanga eða halda áfram í seinni áfanga með EB-sannprófun.

5.3.4. Setja skal CE-merkið á búnaðinn eftir að seinni áfanga er lokið ásamt kenninúmeri tilnefnda aðilans sem sá um áfangann.

VIÐAUKI III.
HÖNNUNARLÝSING.

Tæknileg lýsing skal gera hönnun, framleiðslu og notkun vörunnar auðskiljanlega og gera kleift að meta hvort farið sé að kröfum þessarar reglugerðar.

Lýsingin skal innihalda eftirfarandi upplýsingar að svo miklu leyti sem þær eru nauðsynlegar fyrir matið:

- almenna lýsingu á gerðinni,
- heildarhönnun og framleiðsluteikningar, myndir af íhlutum, undireiningum, rafrásum o.s.frv.,
- lýsingar og útskýringar sem nauðsynlegar eru til skilnings á framangreindu, þar með talið notkun vogarinnar,
- skrá yfir staðlana, sem um getur í 5 . gr. og gilda að öllu eða einhverju leyti, og lýsing á þeim lausnum sem eru valdar í því skyni að uppfylla grunnkröfurnar þar sem staðlarnir, sem um getur í 5. gr., hafa ekki verið notaðir,
- niðurstöður útreikninga sem gerðir voru við hönnun, svo og niðurstöður prófana o.s.frv.,
- prófunarskýrslur,
- gerðarviðurkenningarvottorð og niðurstöður tilheyrandi prófana á vogum sem hafa íhluta sem eru samsvarandi íhlutum í hönnuninni.

VIÐAUKI IV.

1. **Vogir sem þurfa að gangast undir EB-samræmismat.**

1.1. Á þessum vogum skulu vera:

a) – CE-samræmismerki, þ.e. CE-tákn eins og lýst er í VI. viðauka ásamt tveimur síðustu tölum ártals fyrir árið þegar það var sett á,
– kenninúmer tilnefnda aðilans eða aðilanna sem sáu um EB-eftirlit eða EB-sannprófun. Þessi merki og áletranir skulu sett á búnaðinn þannig að þau standi saman svo greinilegt sé.

b) grænn ferhyrndur límmiði, 12,5 mm x 12,5 mm að stærð hið minnsta, með hástafnum „M", prentuðum í svörtum lit;

c) eftirfarandi áletranir:
– númer EB-gerðarviðurkenningarvottorðs, eftir því sem við á,
– auðkenni framleiðanda eða nafn,
– nákvæmnisflokkur, ritaður innan í sporöskjulaga feril eða á milli tveggja láréttra lína sem eru tengdar saman til endanna með tveimur hálfhringjum,
– hámarksgeta, táknuð með Max,
– lágmarksgeta, táknuð með Min,
– skerðingargildi, táknað með e =,
– tveir síðustu stafirnir í ártalinu fyrir árið þegar CE-merkið var sett á.

svo og, eftir því sem við á:
– raðnúmer,
– fyrir vogir sem gerðar eru úr aðskildum en þó tengdum einingum: auðkenni á hverja einingu,
– deilingargildi ef það er ekki það sama og e, táknað með d =...,
– hámarksviðbót vegna töru, táknuð með T = + ...,
– hámarksfrádráttur vegna töru ef hann er annar en Max, táknaður með T = - ...,
– deilingargildi fyrir töru ef það er annað en d, táknað með d_T = ...,
– hámarksöryggishleðsla ef hún er önnur en Max, táknuð með Lim... ,
– sérstök hitamörk, táknuð með ...°C/ ...°C,
– hlutfall milli álagshluta og hleðslu.

1.2. Vogirnar skulu útbúnar þannig að auðvelt sé að festa á þær CE-samræmismerki og/eða áletranir. Útbúnaðurinn skal þannig gerður að ekki sé mögulegt að fjarlægja merkið og áletranirnar án þess að eyðileggja hann og þannig að merkið og áletranirnar séu sýnileg þegar vogin er í eðlilegri notkunarstöðu.

1.3. Ef notuð er merkiplata skal vera hægt að innsigla hana nema ekki sé hægt að fjarlægja hana án þess að eyðileggja hana. Ef unnt er að innsigla plötuna skal vera hægt að setja á hana eftirlitsmerki.

1.4. Áletranirnar Max, Min, e og d skulu sýndar nærri þeim stað sem niðurstöður birtast séu þær ekki þar fyrir.

1.5. Á álagsskynjara, sem er tengdur eða hægt er að tengja við einn eða fleiri álagshluta, skulu vera viðeigandi áletranir um álagshlutana.

2. **Aðrar vogir.**
Á öðrum vogum skulu vera:
- auðkenni framleiðanda eða nafn hans,
- hámarksgeta, táknuð með Max.

Á þessum vogum skulu ekki vera límmiðarnir sem kveðið er á um í b-lið liðar 1.1.

3. **Tákn um takmarkaða notkun sem getið er um í 12. gr.**
Þetta tákn er gert úr hástafnum „M", prentuðum í svörtum lit á ferhyrndan, rauðan bakgrunn, 25 mm x 25 mm að stærð hið minnsta, undir tveimur skálínum sem skerast og mynda kross.

VIÐAUKI V.

Hér að neðan eru tilgreind lágmarksskilyrði sem aðildarríkin skulu beita þegar tilnefndir eru aðilar sem sinna skulu verkefnum er lúta að málsmeðferðinni sem um getur í 9. gr.

1. Aðilarnir skulu hafa yfir að ráða nauðsynlegum búnaði og starfsmönnum.

2. Starfsmenn skulu búa yfir tæknilegri færni og faglegum heilindum.

3. Tilnefndir aðilar skulu, við prófanir, skýrslugerð, útgáfu vottorða og eftirlit samkvæmt þessari reglugerð, vera óháðir öllum samböndum, hópum eða einstaklingum sem hafa beina eða óbeina hagsmuni sem tengjast vogarbúnaði sem er ekki sjálfvirkur.

4. Starfsmenn skulu bundnir þagnarskyldu.

5. Ábyrgðartrygging skal vera fyrir hendi nema ríkið hafi þessa ábyrgð samkvæmt landslögum.

Aðildarríkin skulu kanna öðru hverju hvort skilyrðin í tveimur fyrstu undirliðunum séu uppfyllt.

VIÐAUKI VI.
CE-SAMRÆMISMERKING

- CE-samræmismerkið skal samanstanda af hástöfunum „CE" með eftirfarandi útliti:



- Ef CE-merkið er minnkað eða stækkað skulu hlutföllin í teikningunni hér að framan vera óbreytt.

- Einstakir hlutar CE-merkisins skulu að svo miklu leyti sem unnt er hafa sömu lóðréttu mál og mega þau ekki vera lægri en 5 mm.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 145/1994 um gildistöku tilskipunar Evrópubandalagsins um rafmagnslækningatæki fyrir menn og dýr.

1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sem vísað er til í 5. tölul. X. kafla II. viðauka, skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af II. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans.

2. gr.

Tilskipun ráðsins 84/539/EBE frá 17. september 1984 um samræmingu laga aðildarríkjanna um rafmagnslækningatæki fyrir menn og dýr öðlast því gildi hér á landi, sbr. 1. gr,, með þeim breytingum sem leiðir af tilskipun ráðsins 93/42/EBE frá 14. júní 1993 varðandi lækningatæki.

3. gr.

EB-gerðirnar sem vísað er til í 1. og 2. gr., eru birtar í sérriti, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 31/1993.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 60/1979 um Rafmagnseftirlit ríkisins, öðlast gildi 1. janúar 1995.

Iðnaðarráðuneytið, 30. júní 1994.

F. h. r.
Þorkell Helgason.

Sveinn Þorgrímsson.

Nr. 428 30. júní 1994

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 130/1994 um gildistöku tiltekinna tilskipana Evrópubandalagsins um mælitæki.

1. gr.

Ákvæði 1. gr. og f. liðar 2. gr. er vísar í 16. tölulið í IX. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, tilskipun ráðsins 76/764/EBE frá 27. júlí 1976 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi kröfur til kvikasilfurs glerhitamæla með "maxima" álestri, fellur úr gildi frá og með 1. janúar 1995.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 100/1992 um vog, mál og faggildingu, öðlast gildi 1. janúar 1995.

Viðskiptaráðuneytið, 30. júní 1994.

F. h. r.
Þorkell Helgason.

Sveinn Þorgrímsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 146/1994 um rafsegulsviðssamhæfi.

1. gr.

Við 2. mgr. 4. gr. bætist eftirfarandi texti:

Þeir samhæfðu staðlar sem nefndir eru í 1. tl. 2. mgr. eru þeir staðlar sem taldir eru upp í viðauka IV.

2. gr.

Eftirfarandi texti bætist við:

VIÐAUKI IV.

Heiti og tilvísanir í samhæfða Evrópustaðla sem uppfylla grunnkröfur.

RAFSEGULSVIÐSSAMHÆFI

Tilvísunarnr.	Heiti staðals	Útgáfuár
CENELEC EN 50065-1	Merkjaflutningur á lágspennulögnum á tíðnisviðinu 3 til 148,5 kHz. Hluti 1: Almennar kröfur, tíðnisvið og rafsegultruflanir.	1990
EN 50081-1	Rafsegulsviðssamhæfi - almennar kröfur varðandi útgeislun. Hluti 1: íbúðarhúsnæði, verslunarhúsnæði og húsnæði fyrir smærri iðnað.	1991
EN 50082-1	Rafsegulsviðssamhæfi - almennar kröfur varðandi ónæmi. Hluti 1: íbúðarhúsnæði, verslunarhúsnæði og húsnæði fyrir smærri iðnað.	1991

EN 55011	CISPR 11 (1990) útg. 2 Mörk og aðferðir við að mæla einkenni útvarpstruflana frá iðnaðar-, vísinda- og lækningatækjum sem vinna á útvarpstíðni.	1989
EN 55013	CISPR 13 (1975) útg. 1 + breyting 1 (1983) Mörk og aðferðir við að mæla einkenni útvarpstruflana frá útvarpsviðtækjum og fylgibúnaði.	1988
EN 55014	CISPR 14 (1985) útg. 2 Mörk og aðferðir við að mæla einkenni útvarpstruflana frá heimilistækjum, rafmagnshandverkfærum og svipuðum rafföngum.	1986
EN 55015	CISPR 15 (1985) útg. 3 Mörk og aðferðir við að mæla einkenni útvarpstruflana frá flúrpípu og glólömpum.	1986
EN 55020	Ónæmi útvarpsviðtækja og fylgibúnaðar gagnavart útvarpstruflunum.	1987
EN 55022	CISPR 22 (1985) útg. 1 Mörk og aðferðir við að mæla einkenni útvarpstruflana frá búnaði í upplýsingatækni.	1986
EN 60555-2	IEC 555-2 (1982) útg. 1 + breyting 1 (1985) Truflanir í veitukerfum vegna heimilistækja og svipaðra raffanga. Hluti 2: Yfirsveiflur.	1986
EN 60555-3	IEC 555-3 (1982) útg. 1 Truflanir í veitukerfum vegna heimilistækja og svipaðra raffanga. Hluti 3: Spennusveiflur.	1986

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum um Rafmagnseftirlit ríkisins nr. 60/1979 og með hliðsjón af ákvæðum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sem vísað er til í X. kafla II. viðauka, tilskipun ráðsins 89/336/EBE frá 3. maí 1989 um samræmingu laga aðildarríkja EES um rafsegulsviðssamhæfi, með þeim breytingum sem leiða af orðsendingum framkvæmdastjórnarinnar innan ramma framkvæmdar á tilskipun ráðsins um rafsegulsviðssamhæfi C/90/92 og C/44/92 um „nýja aðferð“ og með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af II. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Iðnaðarráðuneytið, 30. júní 1994.

F. h. r.
Þorkell Helgason.

Sveinn Þorgrímsson.

REGLUR

um skilmerki dauða.

Skv. 2. gr. laga nr. 15/1991 um ákvörðun dauða telst maður látinn ef heilastarfsemi er hætt. Skv. 3. gr. sömu laga er hægt að ákvarða dauða með tvennum hætti:

1. **Samkvæmt ákvæðum 1. málsgr. 3. gr., sem er svohljóðandi:**
   „Staðfesta má dauða manns ef hjartsláttur og öndun hafa stöðvast svo lengi að öll heilastarfsemi er hætt."
2. **Samkvæmt ákvæðum 2. málsgr. 3. gr., sem er svohljóðandi:**
   „Hafi öndun og hjartastarfsemi verið haldið við með vélrænum hætti skal ákvörðun um dauða byggjast á því að skoðun leiði í ljós að öll heilastarfsemi sé hætt."

I. Nánar um ákvörðun dauða skv. ákvæðum 1. málsgr. 3. gr. laganna:

Í langflestum tilfellum má ákvarða dauða skv. 1. málsgr. 3. gr. laganna. Með skoðun (hlustun, þreifingu slagæðar, hjartariti) er staðfest að öndun og hjartsláttur hafi stöðvast. Venjulega stöðvast öll heilastarfsemi um það bil 20 mínútum eftir að hjartað hættir að slá.

Sé líkamshiti manns verulega lægri en eðlilegt er, skal skoða hann af mikilli gaumgæfni áður en hann er úrskurðaður látinn. Við slíkar aðstæður eru hjartsláttur og öndun svo hæg að auðveldlega má yfirsjást. Þá er og heilastarfsemi mjög hæg, en dæmi eru þess að hún hafi komist í eðlilegt horf, þótt hjartsláttur og öndun hafi virst stöðvuð í allt að klukkustund.

Sé um nýfætt barn að ræða og þá sérstaklega fyrirbura ber að fylgjast mun lengur með barninu en fullorðnum eftir að hjartsláttur og öndun stöðvast áður en barnið er úrskurðað látið.

Hafi endurlífgun verið beitt án árangurs má staðfesta dauða strax og lífgunaraðgerðum linnir.

II. Nánar um ákvörðun dauða skv. ákvæðum 2. málsgr. 3. gr. laganna:

Til að staðfesta að heilastarfsemi sé hætt er beitt tvenns konar greiningaraðferðum:

1. Ætíð skal beita taugaskoðun.
2. Leiki vafi á greiningu, eða ef ættingjar hins látna óska þess, skal taka röntgenmyndir af heilaæðum (cerebral angiography).

1. Um taugaskoðun:

Til að staðfesta megi dauða með taugaskoðun þarf að fullnægja eftirtöldum skilyrðum:

a. **Útiloka skal eitrun, kulnun og miklar truflanir á saltbúskap og efnaskiptum líkamans.** Stórir skammtar af vissum geðlyfjum og svefnlyfjum geta sljóvgað svo heilastarfsemi að það líkist því að starfsemi heilans sé hætt. Hið sama á sér stað við mikla kælingu líkamans. Til að taugaskoðun sé marktæk verður líkamshiti að vera hærri en 33° C. Þá geta truflanir á saltbúskap, sýrujafnvægi og efnaskiptum truflað mjög taugaskoðun.

b. **Áverki eða sjúkdómur í heilabúi er þekktur.** Þegar svo háttar verður heilaskemmdin að geta leitt til svo mikillar þrýstingshækkunar í heila að hún hindri blóðrennsli til heilans. Dæmi slíks eru heilablæðing, heilaæxli eða heilaáverki.

Ef skilyrðum a- og b stafliðar hér að ofan er fullnægt er unnt að staðfesta dauða ef:

* meðvitundarleysi er algjört,
* sjálfkrafa öndun er hætt,
* ekkert eftirtalinna taugaviðbragða fæst:
  sjáaldursviðbragð, hornhimnuviðbragð, hlustarviðbragð (ísvatni hellt í hlust), kokviðbragð, viðbragð við sársaukaáreitni í andliti eða útlimum,

Taugaskoðun skal tvítekin með tveggja tíma millibili.

2. Um röntgenmyndir af heilaæðum:

Sé einhverju framangreindra skilyrða ekki fullnægt, leiki vafi á greiningu eða ef ættingjar hins látna óska þess, skal taka röntgenmyndir af heilaæðum. Sé blóðflæði um heila hætt sést ekki skuggaefnisflæði í heilaæðum. Þess er krafist að sjáanlegt sé flæði skuggaefnis í greinar ytri hálsslagæðar (a. carotis externa) eigi rannsóknin að teljast marktæk.

III. Almennt:

Andlátsstund telst upp runnin um leið og dauði manns hefur verið staðfestur samkvæmt 2. málsgr. 3. gr. Þá má hætta aðgerðum sem viðhalda öndun og hjartslætti. Lækni ber að fræða vandamenn sem best um ástand sjúklingsins og um dauða hans. Honum er ekki skylt að fara að óskum vandamanna um áframhald meðferðar þegar staðfest er að sjúklingurinn sé látinn.

Ef í hlut á látin kona sem gengur með lífvænlegt barn þá skal viðhalda öndun og hjartslætti þar til barnið hefur verið tekið með keisaraskurði.

Ef nema skal brott líffæri úr hinum látna til ígræðslu og skilyrðum laga nr. 16/1991 um brottnám líffæra og krufningar er fullnægt, má viðhalda öndun og hjartslætti á meðan líffæri eru numin brott, en það skal gert svo fljótt sem unnt er.

Reglur þessar eru settar með stoð í 4. gr. laga nr. 15/1991 um ákvörðun dauða og eru í samræmi við tiltæka læknisfræðilega þekkingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 4. júlí 1994.

Sighvatur Björgvinsson.

Guðjón Magnússon.

Nr. 431 19. júlí 1994

REGLUGERÐ

um viðskipti með byggingarvörur.

I. KAFLI

Gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til byggingarvara, að svo miklu leyti sem grunnkröfur um byggingarframkvæmdir, sbr. 7. gr., taka til þeirra. Reglugerðin er sett til þess að tilskipun EB um byggingarvörur fái fullt gildi hér á landi og kveður nánar á um einstök ákvæði hennar.

2. gr.

Skilgreiningar

Í reglugerð þessari hafa eftirfarandi orð merkingu sem hér greinir:

Ábyrgðaraðili: Sá sem ber ábyrgð á markaðssetningu byggingarvöru hér á landi. Ábyrgðaraðili getur verið framleiðandi eða innflytjandi og hvíla ákveðnar skyldur á honum umfram aðra seljendur.

Byggingarframkvæmdir: Byggingar og önnur mannvirki, í reglugerð þessari nefnd „verk".

Byggingarvara: Vara sem er framleidd með það fyrir augum að hún verði varanlegur hluti af hvers konar byggingarframkvæmdum, í reglugerð þessari einnig nefnd „vara".

CE-merki: Merki sem segir að vara fullnægi öllum skilgreindum grunnkröfum í reglugerðum er fjalla um byggingarvörur.

EB: Evrópubandalagið (eldra heiti á Evrópusambandinu ESB)

EES: Evrópska efnahagssvæðið

EFTA: Fríverslunarbandalag Evrópu

ESA: Eftirlitsstofnun EFTA

Evrópskt tæknisamþykki: Mat á hæfi byggingarvöru til tiltekinna nota, byggt á viðeigandi grunnkröfum. Evrópskt tæknisamþykki tekur til krafna sem gerðar eru til vörunnar, aðferða til að sannprófa og votta samræmi við grunnkröfurnar og upplýsinga um eiginleika vörunnar.

Faggilding: Aðferð sem beitt er til að veita formlega viðurkenningu á hæfni til að vinna tiltekin verkefni.

Grunnkröfur: Kröfur er ná til heilsu, öryggis og umhverfis, eins og þær eru skilgreindar í viðauka I.

Markaðseftirlit: Skipulegt eftirlit með vörum á markaði.

Markaðsgæsla: Skipulögð og skilgreind starfsemi stjórnvalda til að tryggja að byggingarvörur á markaði uppfylli tilskilin öryggisákvæði.

Prófunarstofa: Óháð faggilt stofa sem annast prófanir.

Samhæfðir staðlar: Staðlar sem samdir hafa verið með hliðsjón af grunnkröfum og samþykktir hafa verið af Staðlasamtökum Evrópu (CEN), eða Rafstaðlasamtökum Evrópu (CENELEC) í umboði EB og EFTA.

Samþykktaraðili: Prófunar-, skoðunar- eða vottunarstofa með heimild stjórnvalda til að veita evrópskt tæknisamþykki hér á landi.

Samræmisvottorð: Vottorð sem staðfestir samræmi við tækniákvæði.

Samræmismat: Kerfisbundin athugun á því að hve miklu leyti vara, ferli eða þjónusta sé í samræmi við tækniákvæði.

Samræmisyfirlýsing: Yfirlýsing framleiðanda um samræmi við tækniákvæði og grunnkröfur.

Tilnefndur aðili: Faggilt prófunar-, vottunar- eða skoðunarstofa, sem er óháð þeim sem hagsmuni eiga af viðkomandi viðfangsefni, og sem stjórnvöld hafa tilnefnt til að annast vottun samræmis, skoðanir og prófanir.

Túlkunarskjöl: Skýringaskjöl þar sem grunnkröfur eru skýrðar ítarlegar. Þau eru til nota við staðlagerð, til að semja viðmiðunarreglur um evrópskt tæknisamþykki eða við mat er leitt getur til viðurkenninga á tækniákvæðum aðildarríkjanna.

Tækniákvæði: Samheiti yfir staðla og evrópskt tæknisamþykki.

Viðmiðunarreglur: Reglur sem samtök samþykktaraðila setja um mat og veitingu evrópsks tæknisamþykkis fyrir ákveðna vöru.

Umboð: Beiðni frá Fastanefnd EFTA um gerð tækniákvæða.

Vottun: Aðferð sem faggilt vottunarstofa beitir til að veita formlega staðfestingu á því að vara, ferli eða þjónusta sé í samræmi við tilgreindar kröfur.

II. KAFLI
Merking og eftirlit.

3. gr.
Markaðssetning byggingarvara.

Byggingarvörur á markaði skulu uppfylla grunnkröfur samkvæmt reglugerð þessari og einungis notaðar í áformuðum tilgangi. Í þessu felst að vörurnar hafi þá eiginleika að verkið sem á að fella þær inn í, setja saman við eða nota, ef það er rétt hannað og byggt, fullnægi grunnkröfunum sem um getur í 7. gr. og viðauka I. svo og öðrum reglugerðum með slíkum grunnkröfum.

Gengið er út frá því að byggingarvörur henti til áformaðra nota og hafi óheft markaðsaðgengi ef þær eru þannig úr garði gerðar, að rétt hönnuð og byggð verk sem þær eru notaðar í fullnægi grunnkröfunum og ef vörurnar eru merktar CE-merkinu til staðfestingar að þær uppfylli ákvæði þessarar reglugerðar. CE-merkið gefur til kynna að:

1. varan samræmist samhæfðum evrópskum stöðlum, eða
2. varan samræmist evrópsku tæknisamþykki, eða
3. varan samræmist innlendu tækniákvæði sem uppfyllir grunnkröfur, ef samhæfðir evrópskir staðlar eða evrópsk tæknisamþykki er ekki til.

Markaðssetning byggingarvara sem ekki falla undir 1.-3. tl. er heimil ef þær fullnægja gildandi kröfum hér á landi, sem eru í samræmi við EES-samninginn, uns evrópsk tækniákvæði kveða á um annað. Viðskiptaráðuneytið úrskurðar um vafaatriði um fullnustu, sem upp kunna að koma og heldur skrá um slíkar vörur.

Viðskiptaráðuneytið heldur skrá yfir tækniákvæði skv. 3. tl. þessarar gr.

Viðskipti með vörur, markaðssetning þeirra og notkun vara, sem fullnægja ákvæðum reglugerðar þessarar og sérreglugerðum tengdum henni, skal vera frjáls.

Reglur eða skilyrði, sem sett eru af opinberum aðilum eða einkaaðilum er koma fram sem opinbert fyrirtæki eða opinber aðili í krafti einokunaraðstöðu sinnar, skulu ekki koma í veg fyrir að vörur þessar séu notaðar eins og til er ætlast.

4. gr.
Merking byggingarvara.

Byggingarvörur skulu CE-merktar enda uppfylli þær ákvæði reglugerðar þessarar og annarra sérreglugerða sem varan fellur undir. Þegar byggingarvörur lúta einnig ákvæðum annarra reglugerða sem taka til annarra þátta og kveða einnig á um að festa skuli CE-merki á þær skal koma fram, að gengið sé út frá því að viðkomandi vörur séu í samræmi við ákvæði þeirra reglugerða.

Heimili ein eða fleiri þessara reglugerða framleiðanda að velja hvaða fyrirkomulagi hann beitir við samræmismat, sbr. V. kafla, skal CE-merkið gefa til kynna að samræmi sé aðeins við þær reglugerðir sem framleiðandinn beitir. Í þessu tilviki skulu tilvísanir í þær reglugerðir sem beitt er fylgja slíkum vörum og koma fram í þeim skjölum, tilkynningum eða fyrirmælum sem krafist er í reglugerðunum. Tilvísanirnar skulu vera eins og þær eru birtar í EES deild Stjórnartíðinda EB.

5. gr.
Opinber markaðsgæsla með byggingarvörum.

Stjórnvöld annast opinbera markaðsgæslu. Þau fylgjast með byggingarvörum á markaði, afla á skipulegan hátt upplýsinga um þær og taka við ábendingum frá neytendum og öðrum aðilum. Stjórnvöldum er heimilt að skoða vörur hjá seljanda, krefjast upplýsinga um ábyrgðaraðila og taka sýnishorn til rannsókna.

Ábyrgðaraðili skal halda skrá yfir allar vörur sem hann hefur á boðstólum og hafa til-

tæk afrit af vottorðum eða yfirlýsingum um samræmi sbr. V. kafla, eða afrit af prófunarskýrslum.

Ef í ljós kemur að vara sem lýst hefur verið yfir að samræmist ákvæðum þessarar reglugerðar, en uppfyllir ekki grunnkröfur hennar um öryggi skal sú vara innkölluð, markaðssetning hennar bönnuð eða frjáls viðskipti með hana takmörkuð.

Stjórnvöld geta falið faggiltri skoðunarstofu að framkvæma markaðseftirlit eða prófunarstofu að prófa og meta hvort vörurnar uppfylli ákvæði reglugerðar þessarar. Samræmismat fer fram með faglegu mati sem lýtur skilgreindum reglum eða með prófun. Prófun skal framkvæmd af prófunarstofu sem hlotið hefur faggildingu á því sviði sem prófað er á.

6. gr.

Tilkynningar til Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA).

Ef stjórnvöld banna sölu byggingarvöru eða hindra á annan hátt markaðssetningu vöru sem lýst hefur verið að samræmist ákvæðum þessarar reglugerðar skal án tafar tilkynna það ESA ásamt rökstuðningi og útskýringum.

Stjórnvöld skulu einnig tilkynna ESA um þær vörur sem ekki eru löglega markaðsfærðar, ef sala þeirra hefur verið bönnuð hér á landi eða markaðssetning hindruð á annan hátt af öryggisástæðum.

III. KAFLI
Grunnkröfur og tækniákvæði.

7. gr.

Grunnkröfur reglugerðarinnar.

Í viðauka I eru talin upp markmið með grunnkröfum sem ná til verka og kunna að hafa áhrif á tæknilega eiginleika vara. Vara verður að fullnægja þeim þann tíma sem eðlilegt og fjárhagslega hagkvæmt er að nýta hana.

Til að mið sé tekið af hugsanlegum mun á landfræðilegum eða veðurfarslegum skilyrðum eða lifnaðarháttum og kröfum um vernd, er heimilt að skipta hverri grunnkröfu í flokka í öðrum reglugerðum og í tækniákvæðum.

8. gr.

Tengsl við aðrar reglugerðir.

Þegar reglugerð sem síðar verður samþykkt fjallar einkum um aðra þætti og aðeins að litlu leyti um grunnkröfur þessarar reglugerðar skal síðari reglugerðin hafa að geyma ákvæði sem tryggja að kröfur þessarar reglugerðar komi einnig þar fram.

Reglugerð þessi hefur ekki áhrif á kröfur í öðrum reglugerðum sem taldar eru nauðsynlegar til að tryggja að starfsmenn séu varðir þegar þeir nota vörurnar.

Ef heimild er, í evrópskum tækniákvæðum eða á grundvelli túlkunarskjala, til að setja mismunandi kröfur fyrir vöru, er í öðrum reglugerðum einungis unnt að tilgreina kröfustig sem varan þarf að fullnægja, sem er innan þeirra marka sem þar hafa verið ákveðin.

IV. KAFLI
Evrópskt tæknisamþykki, samþykktaraðili.

9. gr.

Heimild til að veita evrópskt tæknisamþykki.

Evrópskt tæknisamþykki er tæknilegt mat samþykktaraðila á því að byggingarvara henti til áformaðra nota og byggist á því að varan uppfylli grunnkröfurnar sem eiga við um byggingarframkvæmdir þar sem varan er notuð.

Heimilt er að veita evrópskt tæknisamþykki þegar:

1. hvorki er til samhæfður staðall né viðurkenndur landsstaðall fyrir vörurnar, né umboð til gerðar samhæfðs staðals, enda séu að mati fastanefndar EFTA ekki forsendur til að gera slíkan staðal og
2. vörurnar víkja að verulegu leyti frá samhæfðum eða viðurkenndum landsstöðlum.

Ef til eru viðmiðunarreglur um mat og veitingu evrópsks tæknisamþykkis fyrir vöru, er heimilt að framkvæma og veita evrópskt tæknisamþykki, jafnvel þótt veitt hafi verið umboð til gerðar samhæfðs staðals er nær til vörunnar. Þetta á við þar til samhæfði staðallinn tekur gildi innan Evrópska efnahagssvæðisins.

10. gr.

Forsendur samþykkis og gildistími.

Evrópskt tæknisamþykki fyrir vöru ber að byggja á athugunum, prófunum og mati sem miðast við túlkunarskjöl og viðmiðunarreglur samtaka samþykktaraðila.

Þegar ekki eru til viðeigandi viðmiðunarreglur frá samtökum samþykktaraðila, er heimilt að veita evrópskt tæknisamþykki með vörumati byggðu á viðeigandi grunnkröfum og túlkunarskjölum, enda hafi samtök samþykktaraðila samþykkt það í sameiningu.

Evrópskt tæknisamþykki fyrir byggingarvörur skal veitt í samræmi við reglurnar í viðauka II, að beiðni ábyrgðaraðila með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Evrópskt tæknisamþykki er venjulega veitt til fimm ára í senn. Heimilt er að framlengja gildistímann.

11. gr.

Samþykktaraðilar.

Viðskiptaráðherra veitir samþykktaraðilum starfsleyfi, sem felur í sér heimild til að veita evrópskt tæknisamþykki hér á landi, skv. reglugerð þessari. Hann setur reglur um starfsemi þeirra og tilkynnir ESA og fastanefnd EFTA-ríkjanna um þær. Í viðauka II er fjallað nánar um samþykktaraðila.

Samþykktaraðili skal vera prófunar-, vottunar-, eða skoðunarstofa sem verður meðal annars að vera fær um að:

1. meta nothæfi nýrra vara á grundvelli vísindalegrar og hagnýtrar þekkingar,
2. taka ákvarðanir sem draga hvorki taum hlutaðeigandi framleiðenda né umboðsmanna þeirra, og
3. leggja hlutlægt mat á framlag allra hagsmunaaðila.

V. KAFLI

Staðfesting á samræmi, tilnefndur aðili.

12. gr.

Samræmiskröfur.

Ekki má markaðssetja byggingarvörur hér á landi nema mat hafi farið fram á því að þær samræmist skilyrðum 3. gr. Ábyrgðaraðili innan EES ber ábyrgð á að staðfesta að byggingarvörur séu í samræmi við þessar kröfur.

Þegar staðfesta á samræmi byggingarvara skal ganga út frá því að þær séu í samræmi við tækniákvæði. Gengið skal úr skugga um samræmi, eins og lýst er í viðauka III. Það er gert með prófunum eða öðrum sönnunargögnum þar sem tekin eru mið af tækniákvæðum.

Staðfesting á samræmi vöru er háð því að:

1. framleiðandinn hafi innra eftirlitskerfi í verksmiðjunni til að tryggja að framleiðslan sé í samræmi við viðeigandi tækniákvæði, eða
2. auk innra eftirlitskerfis framleiðenda hafi samþykkt vottunarstofa eftirlit með kerfinu eða vörunni sjálfri, sé mælt svo fyrir í viðeigandi tækniákvæðum fyrir tilgreindar vörur.

13. gr.

Aðferð til samræmismats.

Aðferð til samræmismats vöru eða vöruflokks skal vera í samræmi við viðauka III og með hliðsjón af:

1. mikilvægi vörunnar með tilliti til grunnkrafna, einkum þeirra er lúta að heilsu og öryggi,
2. eðli vörunnar,
3. áhrifum þeim sem breytilegir eiginleikar vörunnar hafa á notagildi hennar, og
4. hversu hætt er við göllum í framleiðslu vörunnar.

Í öllum tilvikum skal velja auðveldustu aðferðina af þeim sem samrýmast öryggissjónarmiðum. Aðferð sú sem þannig er valin skal tilgreind í umboðum og tækniákvæðum eða birt ásamt þeim.

14. gr.

Stykkjaframleiðsla.

Þegar um er að ræða stykkjaframleiðslu (ekki fjöldaframleiðslu) nægir yfirlýsing um samræmi með prófun sýna. Tilnefndur aðili veitir upplýsingar um aðferð til staðfestu á samræmi.

15. gr.

Framkvæmd.

Í samræmi við viðauka III hafa þær aðferðir sem lýst hefur verið í för með sér:

1. fyrir 1. tl. 12. gr., að ábyrgðaraðili með staðfestu innan EES gefi út yfirlýsingu um samræmi fyrir vöruna, eða
2. fyrir 2. tl. 12. gr., að samþykkt vottunarstofa gefi út vottorð um samræmi fyrir framleiðslustýringar- og eftirlitskerfi eða vöruna sjálfa.

Staðfestingu á samræmi skal haga í samræmi við reglur í viðauka III.

16. gr.

Samræmisyfirlýsing.

Yfirlýsing framleiðanda um samræmi eða vottorð um samræmi veitir ábyrgðaraðila með staðfestu innan EES rétt til að setja CE-merkið á vöruna, áfestan merkimiða, umbúðirnar eða meðfylgjandi viðskiptaskjöl.

17. gr.

CE-merkið.

Um notkun CE-merkisins skal fara eins og segir í reglugerð þessari og eins og nánar kann að verða kveðið á um í sérstakri reglugerð um CE-merkið. CE-merkið táknar að allar kröfur sem gerðar eru til framleiðanda um byggingarvörur séu virtar. Slíkt felur í sér að vörur séu í samræmi við grunnkröfurnar.

Einungis má markaðssetja byggingarvörur sem uppfylla grunnkröfur og skal framleiðandi festa CE-merki á þær í samræmi við reglur þar að lútandi.

Óheimilt er að festa á vörur merki sem líklegt er að villi um fyrir þriðja aðila hvað varðar þýðingu og form CE-merkisins. Festa má hvers kyns aðrar merkingar á vörurnar eða merkiplötu að því tilskyldu að þær hindri ekki að CE-merkið sjáist vel og sé vel læsilegt.

Ábyrgðaraðili með staðfestu innan EES ber ábyrgð á réttri notkun merkisins og að CE-merkið sé sett á vöruna, áfestan merkimiða, umbúðirnar eða meðfylgjandi viðskiptaskjöl.

Hafi CE-merki verið sett á vöru sem fullnægir ekki ákvæðum reglugerða um notkun CE-merkisins skal framleiðanda eða fulltrúa hans vera skylt að sjá til þess að varan samræmist ákvæðum um CE-merkingar og að óseldar vörur séu teknar af markaði eða merkin afmáð þar til viðkomandi vara er aftur í samræmi við ákvæðin.

Fyrirmynd að CE-merkinu og viðmið vegna notkunar þess er að finna í viðauka III.

18. gr.

Tilnefndur aðili.

Viðskiptaráðherra ákveður hver annast samræmismat á byggingarvörum hér á landi og nefnist sá aðili „tilnefndur aðili". Hann setur reglur fyrir starfsemi þeirra og tilkynnir ESA og fastanefnd EFTA-ríkjanna um þær. Þessir aðilar skulu hafa faggildingu á fagsviðinu.

Tilnefndur aðili skal hafa hlutleysi þriðja aðila, og vera án allra hagsmunatengsla við viðskiptavini sína og aðra hagsmunahópa. Hann má ekki stunda eftirlit með byggingarvörum á markaði.

Tilnefndur aðili, sem ekki er ríkisfyrirtæki, skal hafa ábyrgðartryggingu fyrir stafsemi sína, sem nær til skaðabótaábyrgðar gagnvart öllum þeim sem hann kann að valda tjóni með starfsemi sinni.

Tilnefndur aðili getur falið prófunarstofu sem ráðherra samþykkir að annast sérhæfðar prófanir fyrir sína hönd. Ábyrgð á samræmismatinu og forsendum þess þ.m.t. á prófunum annarra er þó alltaf hjá hinum tilnefnda aðila.

Viðskiptaráðherra tilgreinir vörur sem falla undir verksvið þessara aðila og tilgreinir verkefni þau er þeim verða falin.

ESA birtir í EES deild Stjórnartíðinda EB skrá yfir tilnefnda aðila með kennitölum þeirra og verkefnum sem þeim hafa verið falin.

Tilnefndur aðili veitir upplýsingar um þau tækniákvæði og aðferðir sem beita á við samræmismat á byggingarvörum.

VI. KAFLI

Sérákvæði.

19. gr.

Ef tækniákvæði vantar.

Þegar ekki eru til tækniákvæði fyrir ákveðna innflutta byggingarvöru skal, samkvæmt beiðni, líta svo á í hverju tilviki fyrir sig að varan sé í samræmi við gildandi ákvæði, ef hún hefur staðist prófanir og skoðun, hjá aðila sem tilnefndur hefur verið og samþykktur af viðkomandi EES-framleiðsluríki, samkvæmt gildandi aðferðum hér á landi eða samkvæmt aðferðum sem viðurkenna má sem jafngildar.

20. gr.

Vörur sem lítil áhrif hafa á heilsu og öryggi.

Heimilt er að setja á markað vörur sem skipta litlu máli fyrir heilsu og öryggi, hafi framleiðandinn gefið út yfirlýsingu um að varan sé framleidd í samræmi við viðteknar tækniaðferðir. Ekki er heimilt að merkja vörur þær sem hér um ræðir með CE-merki.

Tilnefndur aðili upplýsir um tækniaðferðir sem ábyrgðaraðili getur beitt til að meta hvort vara fellur undir ákvæði þessarar greinar. Tilnefndur aðili úrskurðar um vafaatriði.

21. gr.

Gagnkvæm viðurkenning.

Skylt er að meta skýrslur um innfluttar byggingarvörur og staðfestingar á samræmi sem gefnar eru út í framleiðsluríki til jafns við samsvarandi skjöl hér á landi.

VII. KAFLI
Lokaákvæði.

22. gr.
Ágreiningur og úrskurður.

Rísi ágreiningur um hvort byggingarvörur séu háðar ákvæðum reglugerðar þessarar, eða um önnur ákvæði hennar er heimilt að skjóta þeim ágreiningi til viðskiptaráðherra.

23. gr.
Ákvæði til bráðabirgða.

1. Ákvæði reglugerðar þessarar um CE-merki taka þegar gildi, þó skal fram til 1. janúar 1997 heimilt að markaðssetja og taka í notkun vörur sem uppfylla skilyrði um EB-merkingar sem í gildi voru á Evrópska efnahagssvæðinu fyrir 1. janúar 1995.

2. Þeir sem stjórnvöld útnefna sem tilnefnda aðila eða samþykktaraðila skulu hafa faggildingu á þeim sviðum sem útnefning þeirra nær til. Fyrir útnefningu skulu þeir hafa fengið samþykkta faggildingarumsókn, en fá að öðru leyti eins árs aðlögunartíma til að uppfylla faggildingarkröfurnar.

24. gr.
Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 102/1994, um breytingu á lögum nr. 100/1992, um vog, mál og faggildingu og með hliðsjón af ákvæði samnings um Evrópska efnahagssvæðið, sem vísað er til XXI kafla, II. viðauka, tilskipun ráðsins 89/106/EBE, frá 21. desember 1988, um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna um byggingarvörur, og tilskipun ráðsins 93/68/EBE, frá 22. júlí 1993, um breytingar á tilskipun um byggingarvörur, með þeim breytingum og viðbótum sem leiða af II. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytið, 19. júlí 1994.

F. h. r.
Þorkell Helgason.

Sveinn Þorgrímsson.

VIÐAUKI I.

GRUNNKRÖFUR.

Byggingarvörur verða að henta til bygginga og mannvirkja og (bæði í heild og að hluta) koma að tilætluðum notum frá efnahagslegu sjónarmiði og fullnægja þar af leiðandi eftirfarandi grunnkröfum ef verkin falla undir reglugerðir með slíkum kröfum. Verkin skulu fullnægja kröfum þessum þann tíma sem eðlilegt og fjárhagslega hagkvæmt er að nýta þau, með fyrirvara um eðlilegt viðhald. Í kröfunum er yfirleitt miðað við fyrirsjáanleg áhrif.

1. BURÐARÞOL OG STÖÐUGLEIKI.
Byggingar og mannvirki skulu hönnuð og byggð á þann veg að álagið sem hætt er við að verki á þau meðan á framkvæmdum stendur og við notkun leiði ekki til:
a) að allt verkið eða hluti þess hrynji,
b) mikilla formbreytinga að því marki að ekki verði við unað,

c) skemmda á öðrum hlutum verksins, lögnum eða föstum búnaði vegna mikilla formbreytinga á burðarvirki,
d) skemmda vegna ytri áhrifa þar sem skemmdirnar eru óeðlilega miklar miðað við upprunalega orsök þeirra.

2. VARNIR GEGN ELDSVOÐA.
Byggingar og mannvirki skulu hönnuð og byggð á þann hátt að brjótist eldur út:
a) megi gera ráð fyrir að burðargeta verksins haldi tiltekinn tíma,
b) skuli glæðing og útbreiðsla elds og reyks takmörkuð inni í byggingunni,
c) skuli útbreiðsla elds til bygginga og mannvirkja í grenndinni takmörkuð,
d) geti viðstaddir yfirgefið bygginguna eða bjargast eftir öðrum leiðum,
e) sé öryggi björgunarliðs haft í huga.

3. HOLLUSTA, HEILSA OG UMHVERFI.
Byggingar og mannvirki skulu hönnuð og byggð á þann hátt að hollustuháttum og heilsu íbúa og nábúa sé eigi stefnt í hættu, m.a. vegna:
a) eiturgasleka,
b) hættulegra agna eða lofttegunda í lofti,
c) hættulegrar geislunar,
d) mengunar eða eitrunar í vatni eða jarðvegi,
e) lélegrar fráveitu skólps, reyks og fasts eða fljótandi úrgangs,
f) rakamyndunar í hlutum bygginga og mannvirkja eða á yfirborði innan dyra.

4. ÖRYGGI VIÐ NOTKUN.
Byggingar og mannvirki skulu hönnuð og byggð á þann hátt að ekki skapist óviðunandi slysahætta við rekstur eða notkun þeirra, svo sem að menn renni til, detti, rekist á, brenni sig, fái raflost eða hljóti meiðsli af völdum sprengingar.

5. HÁVAÐAVARNIR.
Byggingar og mannvirki skulu hönnuð og byggð á þann hátt að hávaði, sem fólk á staðnum eða í næsta nágrenni skynjar, sé ekki hærri en svo að viðkomandi bíði ekki heilsutjón og geti sofið, hvílt sig og unnið við viðunandi skilyrði.

6. ORKUSPARNAÐUR OG HITAEINANGRUN.
Hita-, kæli- og loftræstingarkerfi bygginga og mannvirkja skulu hönnuð og byggð á þann hátt að nauðsynleg orkunotkun sé sem minnst með tilliti til veðurfars á staðnum en án þess að til óþæginda sé fyrir íbúana.

VIÐAUKI II.
EVRÓPSKT TÆKNISAMÞYKKI.

1. Framleiðandi eða umboðsmaður hans með staðfestu í EES getur einungis sótt um samþykki til eins viðurkennds samþykktaraðila.
2. Samþykktaraðilar innan EES mynda með sér samtök. Hafi aðildarríki tilnefnt fleiri en einn samþykktaraðila ber því að sjá um samræmingu þeirra. Aðildarríkið tilnefnir enn fremur þann aðila sem er talsmaður í samtökunum.
3. Samtök samþykktaraðila semja sameiginlegar reglur um hvernig sækja skuli um, undirbúa og veita samþykki.
4. Samþykktaraðilar skulu veita hver öðrum allan nauðsynlegan stuðning innan ramma samtaka sinna. Samtökin bera enn fremur ábyrgð á samræmingu tiltekinna vafaatriða

er varða tæknisamþykki. Í því augnamiði koma samtökin undirnefndum á laggirnar ef þurfa þykir.
5. Samþykktaraðilarnir birta evrópskt tæknisamþykki og tilkynna það öllum öðrum samþykktaraðilum. Senda skal viðurkenndum samþykktaraðila öll skjöl er varða veitt tæknisamþykki fari hann þess á leit.
6. Umsækjandi um evrópskt tæknisamþykki fyrir vöru skal greiða kostnað við öflun þess.

VIÐAUKI III.
STAÐFESTING Á SAMRÆMI VIÐ TÆKNIFORSKRIFTIR.

1. AÐFERÐIR VIÐ SAMRÆMISMAT.

Tilnefndur aðili annast samræmismat, sbr. 13. og 19. gr. Þegar settar eru reglur um staðfestingu á samræmi vöru við tækniforskriftir, þ.e. staðla eða tæknisamþykki samkvæmt 13. gr., skal beita eftirfarandi aðferðum við samræmismat. Kröfur, sem gerðar eru til ákveðinnar vöru eða vöruflokks, í samræmi við viðmiðin sem tilgreind eru í 13. og 14. gr. ráða vali og samsetningu aðferða fyrir tiltekin kerfi:

a) fyrsta gerðarprófun framleiðanda eða samþykkts aðila á vörunni;
b) prófun framleiðanda eða samþykkts aðila á sýnum sem tekin eru í verksmiðju í samræmi við fyrirskipaða prófunaráætlun;
c) úttektarprófun framleiðanda eða samþykkts aðila á sýnum sem tekin eru í verksmiðju, á frjálsum markaði eða byggingarstað;
d) prófun framleiðanda eða samþykkts aðila á sýnum úr lotu sem er tilbúin til afhendingar eða búið er að afhenda;
e) framleiðslustýring í verksmiðju;
f) fyrsta skoðun samþykkts aðila á verksmiðju og framleiðslustýringu í verksmiðju;
g) stöðugt eftirlit, úrskurður og mat samþykkts aðila á framleiðslustýringu í verksmiðju.

Í tilskipun þessari merkir framleiðslustýring í verksmiðju stöðuga stýringu framleiðanda á framleiðslunni. Öll nánari skilyrði, kröfur og ákvæði, sem framleiðandi hefur sett, skulu skjalfest á kerfisbundinn hátt með skriflegum skýrslum um aðferðir og reglur. Þessi skjalfesting á framleiðslustýringarkerfinu á að tryggja sameiginlegan skilning á gæðatryggingu og gera það kleift að fylgjast með hvort tekist hafi að ná fram þeim vörueiginleikum, sem krafist er, og hvort framleiðslustýringarkerfið beri árangur.

2. KERFI TIL STAÐFESTINGAR Á SAMRÆMI.

Einkum ber að nota eftirfarandi kerfi til staðfestingar á samræmi:

a) Vottun tilnefnds aðila á samræmi vörunnar á grundvelli:
   i. (verksvið framleiðanda)
      1) framleiðslustýringar í verksmiðjunni;
      2) frekari prófana framleiðanda á sýnum sem tekin eru í verksmiðju í samræmi við fyrirskipaða prófunaráætlun;
   ii. (verksvið tilnefnds aðila)
      3) fyrstu gerðarprófunar á vörunni;
      4) fyrstu skoðunar á verksmiðju og framleiðslustýringu í verksmiðju;

5) stöðugs eftirlits með, mats á og samþykkis framleiðslustýringar í verksmiðju;
6) ef svo ber undir, úttektarprófunar á sýnum sem tekin eru í verksmiðju, á frjálsum markaði eða byggingarstað.

b) Yfirlýsing framleiðanda um samræmi vörunnar á grundvelli einhverra eftirfarandi þriggja kosta:
Fyrsti kostur:
i. (verksvið framleiðanda)
1) fyrstu gerðarprófunar á vörunni;
2) framleiðslustýringar í verksmiðju;
3) ef svo ber undir, prófunar sýna sem tekin eru í verksmiðju í samræmi við fyrirskipaða prófunaráætlun;
ii. (verksvið tilnefnds aðila)
4) vottun framleiðslustýringar í verksmiðju á grundvelli:
- fyrstu skoðunar á verksmiðju og framleiðslustýringu í verksmiðju,
- ef svo ber undir, stöðugs eftirlits með, mats á og samþykkis framleiðslustýringar í verksmiðju.
Annar kostur:
1) fyrstu gerðarprófunar samþykktrar rannsóknarstofu á vörunni;
2) framleiðslustýringar í verksmiðju.
Þriðji kostur:
1) fyrstu gerðarprófunar framleiðanda;
2) framleiðslustýringar í verksmiðju.

3. AÐILAR SEM TAKA ÞÁTT Í STAÐFESTINGU Á SAMRÆMI.

Með hliðsjón af starfssviði þeirra aðila, sem taka þátt í að staðfesta samræmi, skal greina á milli:

a) faggilts vottunaraðila sem merkir hlutlausan aðila á vegum stjórnvalda eður ei sem hefur til að bera nauðsynlega hæfni og ábyrgð til að votta samræmi eftir tilteknum reglum um aðferðir og stjórnun;
b) faggilts skoðunaraðila sem merkir hlutlausan aðila sem hefur yfir að ráða nauðsynlegum samtökum, starfsliði, hæfni og sjálfstæði til að inna af hendi, í samræmi við tiltekin viðmið, ákveðin störf, svo sem að meta þær aðgerðir sem framleiðandi beitir við gæðastýringu, mæla með viðurkenningu þeirra og gera síðan úttekt á þeim, svo og að velja og meta vörur á staðnum, í verksmiðjum eða annars staðar, í samræmi við tiltekin viðmið;
c) faggilts prófunaraðila sem merkir rannsóknarstofu sem mælir, athugar, prófar, kvarðar eða ákvarðar á annan hátt eiginleika eða skil efniviðar eða vöru.

Þegar um er að ræða a- lið og fyrsta kost b- liðar í 2. hluta þessa viðauka getur einn og sami aðilinn eða mismunandi aðilar sinnt þeim þremur starfssviðum sem talin eru upp í a- til c-lið 3. hluta viðaukans en þá vinnur skoðunaraðilinn og/eða prófunarstofan, sem tekur þátt í staðfestingu á samræmi, verkið fyrir hönd vottunaraðilans.

VIÐAUKI IV.

CE-MERKI, SAMRÆMISVOTTORÐ, SAMRÆMISYFIRLÝSING.

1. SAMRÆMISMERKING.
Samræmismerkið skal samanstanda af upphafsstöfunum „CE“ með eftirfarandi útliti.



Ef CE-merkið er minnkað eða stækkað skulu hlutföllin í teikningunni vera óbreytt. Hinir ýmsu hlutar CE-merkisins skulu að svo miklu leyti sem unnt er hafa sömu lóðréttu mál og mega þau ekki vera lægri en 5 mm. Á eftir CE-merkinu skal koma kennitala þess aðila sem tekur þátt í eftirlitsþætti framleiðslunnar.

Viðbótarupplýsingar:
Auk CE-merkisins skal fylgja nafn eða auðkenni framleiðanda, að minnsta kosti tveir síðustu stafirnir í ártalinu fyrir árið sem merkið var sett á og, ef við á, númer samræmisvottorðsins og, ef við á, ábending um einkenni vörunnar á grundvelli tækniforskrifta.

2. SAMRÆMISVOTTORÐ.
Í samræmisvottorði skal einkum tilgreina:
- nafn og póstfang vottunaraðila,
- nafn og póstfang framleiðanda eða umboðsmanns hans með staðfestu á EES svæðinu,
- lýsingu á vörunni (gerð, kenni, notkun o.s.frv.),
- ákvæðin sem varan er í samræmi við,
- sérstök skilyrði fyrir notkun vörunnar,
- númer vottorðsins,
- skilyrði fyrir gildi og gildistíma vottorðs, ef einhver eru,
- nafn og stöðu einstaklings sem hefur umboð til að skrifa undir vottorðið.

3. SAMRÆMISYFIRLÝSING.
Í samræmisyfirlýsingu skal einkum tilgreina:
- nafn og póstfang framleiðanda eða umboðsmanns hans með staðfestu á EES-svæðinu
- lýsingu á vörunni (gerð, kenni, notkun o.s.frv.),
- ákvæðin sem varan er í samræmi við,
- sérstök skilyrði fyrir notkun vörunnar,
- nafn og póstfang samþykkta aðilans, eftir því sem við á,
- nafn og stöðu einstaklings sem hefur umboð til að skrifa undir yfirlýsingu fyrir hönd framleiðanda eða umboðsmanns hans.


Vottorðið og samræmisyfirlýsingin skulu vera á opinberu tungumáli eða tungumálum aðildarríkisins þar sem nota á vöruna.

AUGLÝSING

um stofnun fólkvangs í Böggvisstaðafjalli.

Að tillögu umhverfismálanefndar Dalvíkur og að fengnu samþykki bæjarráðs Dalvíkur hefur Náttúruverndarráð ákveðið að landsvæði í Böggvisstaðafjalli verði lýst fólkvangur, sbr. eftirfarandi lýsingu, með skírskotun til 26. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd.

Mörk fólkvangsins eru að vestan girðing frá egg fjallsins og niður í Brimnesá, u.þ.b. 1 km vestan við Selhól. Að sunnan girðing nærri merkjum Böggvisstaða og Hrafnsstaða og til fjalls. Að austan mörk byggðarinnar samkvæmt aðalskipulagi og að norðan fylgja mörkin núverandi gilvegi og í Brimnesá.



Eftirfarandi reglur gilda um fólkvanginn:

1. Gangandi fólki er frjáls umferð um svæðið enda virði það almennar umgengnisreglur og varist að skerða gróður og valda óþarfa truflun á dýralífi.
2. Meðferð skotvopna er óheimil á svæðinu nema yfir rjúpnaveiðitímann.
3. Notkun berjatína er bönnuð á svæðinu.
4. Umferð ökutækja innan svæðisins er aðeins heimil á akvegum.
5. Óheimilt er að beita búpeningi innan fólkvangsins enda verður svæðið innan fjárheldrar girðingar.
6. Svæðið skal skipulagt til almennrar útivistar.
7. Hvers konar mannvirkjagerð og jarðrask er háð leyfi Náttúruverndarráðs hverju sinni.
8. Losun alls sorps og úrgangs er bönnuð innan fólkvangsins.
9. Umhverfismálanefnd Dalvíkur fer með stjórn og eftirlit fólkvangsins.
10. Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi umhverfismálanefndar Dalvíkur og Náttúruverndarráðs.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum laga nr. 47/1971, um náttúruvernd.

Ráðuneytið er samþykkt stofnun fólkvangsins og tekur stofnun hans gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Umhverfisráðuneytið, 29. júlí 1994.

Össur Skarphéðinsson.

Ingimar Sigurðsson.

20. júlí 1994 Nr. 433

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um skráningu mála hjá héraðsdómstólum, þingbækur, skjalavörslu o.fl., nr. 225 19. júní 1992.

1. gr.

Í fyrirsögn VI. kafla falla niður orðin „og dómsgerðir".

2. gr.

Í 3. mgr. 15. gr. falla niður orðin „sbr. þó 4. mgr."
4. mgr. 15. gr. fellur niður.

3. gr.

17. gr., sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 121 22. mars 1993, fellur niður.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt heimild í 18. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19 26. mars 1991, sbr. lög nr. 37 19. apríl 1994 og 15. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91 31. desember 1991, sbr. lög nr. 38 19. apríl 1994, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 20. júlí 1994.

Þorsteinn Pálsson.

Þorsteinn A. Jónsson.

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Flateyrarhrepps nr. 245/1990.

1. gr.

2. mgr. 12. gr. samþykktarinnar hljóði svo:

Hreppsnefndarfundir skulu að jafnaði hefjast kl. 20.00. Heimilt er að fella niður fundi í hreppsnefnd í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

2. gr.

56. gr. samþykktarinnar hljóði svo:

Hreppsnefnd kýs í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir:

A. Til eins árs. Á fundi í júní ár hvert:

1. *Skoðunarmenn.* Tvo aðalmenn og jafnmarga til vara sbr. 84. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
2. *Kjörstjórn við alþingiskosningar.* Tveir aðalmenn (hreppstjóri sjálfkjörinn formaður) og þrír til vara sbr. 10. gr. laga nr. 80/1987 um kosningar til Alþingis.

B. Til fjögurra ára. Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum hreppsnefndarkosningum:

1. *Byggingarnefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. byggingarlaga nr. 54/1978. Byggingarnefnd fer jafnframt með málefni umferðarnefndar skv. 116. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.
2. *Félagsmálanefnd* samkvæmt lögum nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga. Hreppsnefnd Flateyrarhrepps kýs þrjá nefndarmenn og jafnmarga til vara, en hreppsnefnd Mosvallahrepps kýs tvo fulltrúa í nefndina og tvo til vara. Félagsmálanefnd eru falin verkefni þjónustuhóps aldraðra, sem jafnframt annast málefni öldrunarnefndar skv. lögum nr. 82/1989 um málefni aldraðra, áfengisvarnarnefndar skv. 30. gr. áfengislaga nr. 82/1969 og leikskólanefndar skv. 9. gr. laga nr. 78/1994 um leikskóla.
3. *Húsnæðisnefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 40. gr. laga um Húsnæðisstofnun ríkisins nr. 97/1993.
4. *Hafnarnefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 9. gr. hafnalaga nr. 23/1994.
5. *Heilbrigðisnefnd.* Einn fulltrúi og annar til vara skv. 6. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.
6. *Kjörstjórn við sveitarstjórnarkosningar.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 23. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
7. *Skólanefnd grunnskóla.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 19. gr. laga nr. 49/1991 um grunnskóla.
8. *Skólanefnd tónlistarskóla.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 2. gr. laga nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla.
9. *Stjórn heilsugæslustöðvar og Sólborgar.* Hreppsnefnd Flateyrarhrepps skal kjósa tvo menn í stjórn heilsugæslustöðvar og hreppsnefnd Mosvallahrepps kýs einn fulltrúa skv. 21. gr. laga nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu.
10. *Búfjáreftirlitsmann* skv. 9. gr. laga um búfjárhald nr. 46/1991.
11. Einn *úttektarmaður* og annar til vara skv. 39. gr. ábúðarlaga nr. 64/1976.
12. *Veiðistjóri.* Kjósa skal einn mann til að annast veiði minka og refa í landi Flateyrarhrepps.
13. *Bókasafnsnefnd.* Þrír fulltrúar og jafnmargir til vara skv. 7. gr. laga nr. 50/1976 um almenningsbókasöfn.

14. *Stjórn Maríusjóðs.* Kjósa skal einn fulltrúa og annan til vara. Heilsugæslulæknir er sjálfkjörinn. Hreppsnefnd Mosvallahrepps tilnefnir einn fulltrúa. Kosning í stjórnina er samkvæmt ákvæðum í reglugerð sjóðsins, sem var stofnaður til minningar um Maríu Össurardóttur ljósmóður. Málefni sjóðsins heyra að öðru leyti ekki undir starfssvið hreppsnefndar.
15. *Stjórn Minjasjóðs Önundarfjarðar.* Kjósa skal einn fulltrúa í stjórn sjóðsins skv. erindi frá stjórn Sparisjóðs Önundarfjarðar.
16. *Héraðsnefnd.* Kjósa skal einn fulltrúa í héraðsnefnd og annan til vara skv. samþykktum Héraðsnefndar Ísafjarðarsýslu.
17. Kjósa skal tvo fulltrúa til setu á þingum *Fjórðungssambands Vestfirðinga* og jafnmarga til vara skv. samþykktum um fjórðungssambandið. Kjörtímabilið er tvö ár í senn.
18. Kjósa skal einn fulltrúa og annan til vara til setu á landsþingi *Sambands íslenskra sveitarfélaga,* sem haldið er að hausti að afloknum sveitarstjórnarkosningum.
19. *Ferðamálanefnd.* Kjósa skal þrjá aðalmenn og þrjá til vara í ferðamálanefnd.

Héraðsnefnd Ísafjarðarsýslu er falið að kjósa sameiginlega barnaverndarnefnd skv. lögum nr. 58/1992 um vernd barna og ungmenna fyrir sveitarfélögin í Ísafjarðarsýslu.

Ennfremur skal hreppsnefnd ráða sér löggiltan endurskoðanda til uppsetningar á reikningum sveitarfélagsins, lögfræðing(a) til að annast innheimtu opinberra gjalda í vanskilum, byggingarfulltrúa til starfa með byggingarnefnd og slökkviliðsstjóra, sem skal annast yfirstjórn slökkviliðs og æfingar þess.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Flateyrarhrepps hefur sett, samkvæmt 3. mgr. 7. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 með síðari breytingum, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 21. júlí 1994.

F. h. r.
Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

Nr. 435

REIKNINGUR

Gullbrúðkaupssjóðs Bjarna amtmanns Þorsteinssonar og frú Þórunnar Hannesdóttur árið 1993.

Rekstrarreikningur fyrir árið 1993.

	kr.
Tekjur	
Vextir af bankainnstæðum	2.184,64
	2.184,64
Gjöld	
Tekjur umfram gjöld	2.184,64
	2.184,64

Efnahagsreikningur pr. 31. des. 1993.

Eignir	kr.
Bankainnstæður	48.078,19
	48.078,19

Skuldir	kr.	
Höfuðstólsreikningur:		
Hrein eign pr. 1. jan. 1993	45.893,55	
Hreinar tekjur árið 1993	2.1844,64	48.078,19
		48.078,19

Samgönguráðuneytið, 25. júlí 1994.

F. h. r.
Halldór S. Kristjánsson.

Nr. 436

REIKNINGUR

Samgöngubótasjóðs Páls Jónssonar árið 1993.

Rekstrarreikningur fyrir árið 1993.

Tekjur	kr.
Vextir af bankainnstæðum	5.744,58
	5.744,58

Gjöld	
Tekjur umfram gjöld.....	5.744,58
	5.744,58

Efnahagsreikningur pr. 31. des. 1993.

Eignir	
Bankainnstæður.....	101.817,08
	101.817,08

Skuldir	kr.	
Hrein eign pr. 1. jan. 1993	96.072,50	
Hreinar tekjur árið 1993.....	5.744,58	101.817,08

Samgönguráðuneytið, 25. júlí 1994.

F. h. r.
Halldór S. Kristjánsson.

SKIPULAGSSKRÁ

Framkvæmdasjóðs Háskólans á Akureyri.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Framkvæmdasjóður Háskólans á Akureyri. Heimili sjóðsins og varnarþing er á Akureyri.

2. gr.

Stofnendur sjóðsins eru hjónin Haraldur Bessason og Margrét Björgvinsdóttir, Landsbanki Íslands og Rannsóknastofnunin Neðri-Ás.

Stofnframlag er kr. 800.000. Átta hundruð þúsund krónur.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja starf Háskólans á Akureyri með hvers konar framkvæmdum og aðgerðum, sem skólanum eru til hagsbóta á hverjum tíma.

4. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða.

Tekjur sjóðsins eru frjáls framlög, áheit og aðrar tekjur, er sjóðnum kunna að berast, auk vaxtatekna.

Helming tekna sjóðsins skal leggja við höfuðstól hans þar til höfuðstóllinn hefur náð kr. 25.000.000 miðað við lánskjaravísitölu í janúar 1994.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum, einum tilnefndum af bæjarstjórn Akureyrar, einum af stjórn Eyþings og einum af stjórn Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra. Sjóðsstjórn skal skipuð til 3ja ára í senn. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum.

Stjórnin annast úthlutun styrkja og semur jafnframt reglur um úthlutun.

6. gr.

Stjórnin ákveður fjárhæð þeirra styrkja, sem úthlutað er hverju sinni.

7. gr.

Sjóðurinn skal vera í vörslu Háskólans á Akureyri, er annast fjárreiður hans. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skulu reikningar endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda og birtir í árbók Háskólans á Akureyri.

Aldrei má veita lán úr sjóðnum né veðsetja hann.

8. gr.

Stjórn sjóðsins skal halda gerðabók fyrir sjóðinn og færa í hana skipulagsskrá þessa, styrkveitingar og annað er varðar starf sjóðsins. Gerðabækur og aðrar eigur sjóðsins skulu vera í vörslu og umsjá rektors Háskólans á Akureyri.

9. gr.

Ákvæðum þessarar skipulagsskrár má aðeins breyta að fengnu samþykki allra sjóðsstjórnarmanna. Þó má aldrei breyta nafni hans og höfuðtilgangi, svo og 2., 4. og 6. gr. efnislega.

10. gr.

Verði sjóðurinn lagður niður skulu eignir hans renna til Háskólans á Akureyri.

11. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðuneytis á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 26. júlí 1994.

F. h. r.
Ólafur W. Stefánsson.

Jón Thors.

Nr. 438 25. júlí 1994

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um vörubifreiðar og sendibifreiðar, sem notaðar eru til leiguaksturs og takmarkanir á fjölda þeirra, nr. 121/1990 með síðari breytingum.

1. gr.

12. tl. 7. gr. orðist svo:

Á félagssvæði Vörubílstjórafélagsins Vals, sem er Akureyri, Eyjafjarðarsveit, Glæsibæjar-, Öxnadals-, Skriðu- og Arnarneshreppur, allir í Eyjafjarðarsýslu. Hámarkstala er 20 vörubifreiðar.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um leigubifreiðar, nr. 77/1989, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 25. júlí 1994.

Halldór Blöndal.

Helgi Jóhannesson.

Nr. 439 30. júní 1994

AUGLÝSING

um gildistöku ákvæða er leiða af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið vegna flugmála.

1. gr.

Eftirtaldar EES-gerðir sem vísað er til í VI. kafla um almennt flug í XI. viðauka samningsins um Evrópska Efnahagssvæðið, skulu öðlast gildi sem hér segir með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XIII. viðauka og bókun I við samninginn og öðrum ákvæðum hans:

1. Eftirfarandi bætist við 63. lið:
   - Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3089/93 frá 29. október 1993 um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2299/89 um starfsreglur fyrir notkun tölvufarskráningarkerfa.
2. Eftirfarandi bætist við 64. lið:
   64a. Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins.
   64b. Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 95/93 frá 18. janúar 1993 um sameiginlegar reglur um úthlutun afgreiðslutíma á bandalagsflugvöllum.
3. Í stað 65. liðar komi eftirfarandi:
   65. Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2409/92 frá 23. júlí 1992 um fargjöld og farmgjöld í flugþjónustu.
4. Eftirfarandi nýir liðir komi aftan við 66. lið:
   66a. Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 frá 16. desember 1991 um samræmingu á tæknikröfum og stjórnsýslumeðferð á sviði flugmála.
   66b. Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2407/92 frá 23. júlí 1992 um veitingu flugrekstrarleyfa til handa flugfélögum.
5. Eftirfarandi nýr liður komi aftan við 68. lið:
   68a. Tilskipun ráðsins 91/670/EBE frá 16. desember 1991 um gagnkvæma viðurkenningu á flugstarfaskírteinum.

2. gr.

Tilskipun ráðsins 93/65/EBE frá 19. júlí 1993 um skilgreiningu og notkun samhæfðra tækniforskrifta vegna kaupa á búnaði og kerfum fyrir flugumferðarþjónustu, gildir ekki fyrir Ísland.

3. gr.

Eftirfarandi EES-tilskipun sem vísað er til í VI. kafla um hávaða í XX. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, skal öðlast gildi sem hér segir, með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XX. viðauka og bókun I við samninginn og öðrum ákvæðum hans:

Tilskipun ráðsins 92/14/EBE frá 2. mars 1992 um skorður við notkun flugvéla sem falla undir 1. bindi, II. hluta, 2. kafla í 16. viðauka samþykktar um alþjóðaflugmál, 2. útg. (1988) (Stjtíð. EB nr. L. 76, 23. 3. 1992, bls. 21), eins og hún var leiðrétt í Stjtíð. EB nr. L 168, 23. 6.1992, bls. 30.

4. gr.

Gerðir samkvæmt 1. gr. eru birtar í bók 3 sérstakrar útgáfu EES-viðbætis við Stjórnartíðindi EB, bls. 517-553, sbr. lög nr. 91/1994.

5. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um loftferðir nr. 34/1964 með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytið, 30. júní 1994.

Halldór Blöndal.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

AUGLÝSING

um gildistöku ákvæða er leiða af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið vegna vegamála.

1. gr.

Eftirtalin EES-gerð sem vísað er til í II. kafla um flutninga á vegum í XIII. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, skal öðlast gildi sem hér segir með þeim breytingum og viðbótum sem leiða af XIII. viðauka og bókun I við samninginn og öðrum ákvæðum hans:

1. Eftirfarandi nýr liður komi aftan við 18. lið:

18a. Tilskipun ráðsins 93/89/EBE frá 25. október 1993 um álagningu gjalda á tiltekin ökutæki notuð til vöruflutninga á vegum og vegatolla og notendagjöld af tilteknum samgöngumannvirkjum í aðildarríkjunum.

2. gr.

Gerð samkvæmt 1. gr. er birt í bók 3 sérstakrar útgáfu EES-viðbætis við Stjórnartíðindi EB, bls. 388-394, sbr. lög nr. 91/1994.

3. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 3/1987 um fjáröflun til vegagerðar, öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytið, 30. júní 1994.

Halldór Blöndal.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

Nr. 441 30. júní 1994

AUGLÝSING

um gildistöku ákvæða er leiða af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið vegna farþegaflutninga á landi.

1. gr.

Eftirtaldar EES-gerðir sem vísað er til í II. kafla um flutninga á vegum í XIII. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, skulu öðlast gildi sem hér segir, með þeim breytingum og viðbótum sem leiða af XIII. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans:

1. Eftirfarandi komi í stað 32. liðar:

32. Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 684/92 frá 16. mars 1992 um setningu sameiginlegra reglna um farþegaflutninga milli landa með hópbifreiðum.

2. Í stað 33. liðar komi eftirfarandi:

33. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 1839/92 frá 1. júlí 1992 um nákvæmar reglur um beitingu reglugerðar ráðsins nr. 684/92 að því er varðar skjöl vegna farþegaflutninga milli landa, eins og henni er breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 2944/93 frá 25. október 1993.

3. Eftirfarandi nýr liður komi aftan við 33. lið:
   33a. Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2454/92 frá 23. júlí 1992 um skilyrði fyrir því að flutningafyrirtæki stundi farþegaflutninga á vegum innanlands í aðildarríki sem það hefur ekki aðsetur.

2. gr.

Gerðir samkvæmt 1. gr. eru birtar í bók 3 sérstakrar útgáfu EES-viðbætis við Stjórnartíðindi EB, bls. 397-405 og 413-455, sbr. lög nr. 91/1994.

3. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um skipulag á fólksflutningum með langferðabifreiðum nr. 53/1987, sbr. sérstaklega 2. gr. laga nr. 62/1993, öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytið, 30. júní 1994.

Halldór Blöndal.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

30. júní 1994 Nr. 442

AUGLÝSING

um gildistöku ákvæða er leiða af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið vegna flutninga á sjó.

1. gr.

Eftirtaldar EES-gerðir sem vísað er til í V. kafla um flutninga á sjó í XIII. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, skulu öðlast gildi sem hér segir, með þeim breytingum og viðbótum sem leiða af XIII. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans:

1. Eftirfarandi nýr liður komi aftan við 55. lið:
   55a. Tilskipun ráðsins 93/75/EBE frá 13. september 1993 um lágmarkskröfur fyrir skip sem flytja hættulegar eða mengandi vörur til eða frá höfnum innan bandalagsins.
2. Eftirfarandi nýr liður komi aftan við 56. lið:
   56a. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 2158/93 frá 28. júlí 1993 varðandi framkvæmd breytinga á alþjóðasamningi um öryggi mannslífa á hafinu, 1974, og alþjóðasamningi um varnir gegn mengun frá skipum, 1973, að því er reglugerð ráðins (EBE) nr. 613/91 varðar.
3. Eftirfarandi nýr liður komi aftan við 59. lið:
   59a. Ákvörðun ráðsins 92/143/EBE frá 25. febrúar 1992 um þráðlaust leiðsögukerfi fyrir Evrópu.

2. gr.

Gerðir samkvæmt 1. gr. eru birtar í bók 3. sérstakrar útgáfu EES-viðbætis Stjórnartíðindi EB, bls. 494-506, sbr. lög nr. 91/1994.

3. gr.

Auglýsing um gildistöku ákvæða er leiða af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið vegna lágmarkskrafna fyrir tiltekin olíuflutningaskip nr. 566/1993 skal falla úr gildi 13. september 1995.

Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 613/91, sem vísað er til í 2. tölul. 1. gr. öðlaðist gildi með auglýsingu um gildistöku ákvæða er leiða af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið vegna tilfærslu skipa frá einni skipaskrá til annarrar innan svæðisins, nr. 574/1993.

4. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt heimild í siglingalögum nr. 34/1985, sbr. sérstaklega 3. gr. l. nr. 62/1993, öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytið, 30. júní 1994.

Halldór Blöndal.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

Nr. 443 30. júní 1994

AUGLÝSING

um gildistöku ákvæða er leiða af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið vegna vöruflutninga á landi.

1. gr.

Eftirtaldar EES-gerðir sem vísað er til í II. kafla um flutninga á vegum í XIII. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, skulu öðlast gildi sem hér segir, með þeim breytingum og viðbótum sem leiða af XIII. viðauka bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans:

1. Eftirfarandi nýir liðir koma aftan við 26. lið:
   - 26a. Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 881/92 frá 26. mars 1992 um aðgang að vöruflutningamarkaðnum á vegum innan bandalagsins til eða frá yfirráðasvæði aðildarríkis eða um yfirráðasvæði eins eða fleiri aðildarríkja.
   - 26b. Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3916/90 frá 21. desember 1990, um ráðstafanir sem gera þarf komi til neyðarástands á markaðnum fyrir vöruflutninga á vegum.
   - 26c. Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3118/93 frá 25. október 1993 um skilyrði fyrir því að farmflytjendur geti stundað flutningaþjónustu á vegum í aðildarríki þar sem þeir eru ekki búsettir.

2. gr.

Gerðir samkvæmt 1. gr. eru birtar í bók 3 sérstakrar útgáfu EES-viðbætis við Stjórnartíðindi EB, bls. 395-396, 406-409 og 456-471, sbr. lög nr. 91/1994.

3. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 47/1994 um vöruflutninga á landi, öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytið, 30. júní 1994.

Halldór Blöndal.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

AUGLÝSING

um umferð á Hellu.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu hreppsnefndar Rangárvallahrepps, eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Hellu.

I. **Um tengingu götu á nýjum stað.**
Heimilt er að tengja austasta hluta Dynskála, um lóðirnar nr. 24 og 26, inn á Langasand, skammt norðan þjóðvegar nr. 1, samanber staðfest deiliskipulag.

II. **Biðskylda.**
Á eftirtöldum götum skal vera biðskylda:
1. Á Dynskálum þ.e. ofangreindri tengingu, gagnvart Langasandi, svo og þar sem gatan kemur norðar inn á Langasand.
2. Á Eyjasandi gagnvart Langasandi.

III. **Umferðarmerki.**
Við götur og vegi og á þeim skulu vera umferðarmerki, sem gefa glögglega til kynna þær sérreglur um umferð, sem auglýsing þessi tekur til. Ökumönnum og öðrum vegfarendum ber að fara nákvæmlega eftir þessum merkingum og öðrum þeim leiðbeiningum, sem ástæða þykir til að hafa.

Auglýsing þessi tekur þegar gildi.
Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð á Hellu, sem brjóta í bága við auglýsingu þessa.

Lögreglustjórinn í Rangárvallasýslu, 19. júlí 1994.

Friðjón Guðröðarson.

21. júlí 1994 Nr. 445

AUGLÝSING

um umferð í Hafnarfirði.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarráðs Hafnarfjarðar hefur verið ákveðið:
að einstefna verði á Öldugötu til norðvesturs frá Hringbraut að húsi nr. 2 við Öldugötu.
Ákvörðun þessi tekur gildi 15. ágúst 1994.

Lögreglustjórinn í Hafnarfirði, 21. júlí 1994.

Guðmundur Sophusson.

REGLUGERÐ

um sérfæði.

I. KAFLI
Gildissvið og almenn ákvæði.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um matvæli sem eru ætluð sem sérfæði og eru markaðssett sem slík.

2. gr.

Sérfæði eru matvæli sem vegna tiltekinnar samsetningar eða framleiðsluaðferðar eru ætluð einstaklingum sem hafa sérstakar næringarfræðilegar þarfir. Það skal vera auðkennanlegt frá öðrum matvælum og uppfylla tiltekin næringarfræðileg skilyrði.

3. gr.

Sérfæði skal fullnægja tilteknum næringarfræðilegum sérþörfum einhverra eftirtaldra:

a) heilbrigðra ungbarna og heilbrigðra barna að 3ja ára aldri;
b) fólks með meltingar- eða efnaskiptasjúkdóma;
c) fólks sem af sérstökum lífeðlisfræðilegum ástæðum hefur ávinning af stýrðri neyslu á tilteknum efnum í matvælum.

4. gr.

Sérfæði má aðeins selja í neytendaumbúðum og skulu þær umlykja vöruna að öllu leyti. Eftirlitsaðila er heimilt að veita undanþágu frá þessu ákvæði svo framarlega sem vörunni fylgja þær upplýsingar sem kveðið er á um í 5. og 6. grein.

II. KAFLI
Merking.

5. gr.

Merking sérfæðis skal vera í samræmi við ákvæði reglugerðar um merkingu, auglýsingu og kynningu matvæla og reglugerðar um merkingu næringargildis matvæla, með þeim undantekningum eða viðbótum sem um getur í þessari reglugerð og sérreglugerðum um sérfæði.

6. gr.

Við merkingu sérfæðis skal tilgreina eftirfarandi:

a) í tengslum við heiti vörunnar skal tilgreina sérstaka næringarfræðilega eiginleika hennar. Þegar um er að ræða matvæli fyrir ungbörn og börn að 3 ára aldri skal þess í stað tilgreina fyrir hvaða aldur varan er ætluð;
b) tegund og magn þeirra innihaldsefna og/eða framleiðsluaðferð sem gefa vörunni sérstaka næringarfræðilega eiginleika;
c) orkugildi vörunnar í kílójoulum (kJ) og kílókaloríum (kkal). Orkuefni (prótein, kolvetni, og fitu) í 100 g eða 100 ml og þar sem við á, einnig í tilteknum skammti eða einingu í samræmi við ráðleggingar um neyslu vörunnar. Í þeim tilvikum þegar orkugildi er minna en 50 kJ (12 kkal) í 100 g eða 100 ml er heimilt að tilgreina eftirfarandi upplýsingar í stað orkugildis: „Orkugildi minna en 50 kJ (12 kkal) í 100 g/100 ml“.

7. gr.

Þær vörur sem um getur í b- og c-lið 3. gr. má merkja og markaðssetja með orðinu „sérfæði". Önnur matvæli má ekki merkja eða markaðssetja á þennan hátt nema það hafi verið heimilað skv. ákvæðum 5. eða 11. greinar.

8. gr.

Við merkingu, auglýsingu og kynningu sérfæðis má ekki eigna því þá eiginleika að fyrirbyggja eða vinna á sjúkdómum manna, hafa lækningarmátt eða að vísa til þess háttar eiginleika.

Þetta skal þó ekki koma í veg fyrir dreifingu nytsamlegra upplýsinga eða ábendinga sem eingöngu er beint til þeirra sem hafa menntun á sviði læknisfræði, næringarfræði eða lyfjafræði.

III. KAFLI
Eftirlit og tilkynningaskylda.

9. gr.

Heilbrigðisnefndir hafa undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins, hver á sínum stað, eftirlit með því að farið sé að ákvæðum þessarar reglugerðar.

10. gr.

Þegar sérfæði er sett á markað í fyrsta skipti skal framleiðandi eða dreifandi tilkynna um slíkt og senda sýnishorn af merkingu vörunnar til eftirlitsaðila, ásamt upplýsingum um þau ríki sem þegar hafa fengið slíka tilkynningu.

Eftirlitsaðili getur krafist nánari upplýsinga og skjalfestingar á því að sérfæði uppfylli þær kröfur sem settar eru í reglugerð þessari.

Þessi ákvæði gilda ekki um eftirtalda flokka sérfæðis, sem sérreglur geta gilt um:

a) ungbarnablöndur;
b) mjólkurstoðblöndur og aðrar stoðblöndur;
c) barnamat;
d) matvæli sem innihalda litla orku og orkuskert matvæli sem ætluð eru til megrunar;
e) sérfæði notað í sérstökum læknisfræðilegum tilgangi;
f) matvæli sem innihalda lítið natríum, þar með talið salt með lítið eða ekkert natríum;
g) glútensnauð matvæli;
h) matvæli ætluð þeim sem verða fyrir mikilli vöðvaáreynslu, einkum íþróttamönnum;
i) matvæli ætluð þeim sem hafa trufluð kolvetnaefnaskipti (sykursýki).

11. gr.

Hollustuvernd ríkisins er heimilt, í sérstökum tilfellum, að veita undanþágur frá ákvæðum þessarar reglugerðar, svo framarlega sem það brýtur ekki í bága við alþjóðasamþykktir sem Ísland er aðili að.

IV. KAFLI
Ýmis ákvæði og gildistaka.

12. gr.

Innlendur framleiðandi eða innflytjandi er ábyrgur fyrir því að þær vörur sem um getur í 2. og 10. gr. séu í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar og almenn ákvæði um hollustuhætti matvæla.

13. gr.

Með brot gegn reglugerð þessari skal farið samkvæmt lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og lögum nr. 24/1936 um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum, með síðari breytingum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Með mál sem rísa út af brotum gegn reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

14. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 6. gr. laga nr. 24/1936 um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum og 35. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum. Einnig var höfð hliðsjón af ákvæðum samningsins um Evrópskt efnahagssvæði, sem vísað er til í II. viðauka XII. kafla, 51. tölul., tilskipun 89/398/EBE um sérfæði, með þeim breytingum og viðbótum sem leiða af II. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

Umhverfisráðuneytið, 25. júlí 1994.

Össur Skarphéðinsson.

Ingimar Sigurðsson.

Nr. 447 26. júlí 1994

REGLUGERÐ

um kaffi, kaffikjarna og kaffibæti.

I. KAFLI
Almenn ákvæði og skilgreiningar.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um kaffi, kaffikjarna og kaffibæti, sbr. skilgreiningar á þessum vörum í 2. gr. og í viðauka. Hún gildir ekki um slíkar vörur sem ætlaðar eru til útflutnings til ríkja utan Evrópsks efnahagssvæðis.

2. gr.

1. **Kaffi** er fræ (baunir) kaffitrésins (Coffea arabica), óbrennd eða brennd, heil eða möluð, sem engin mikilvæg innihaldsefni, eiginleg kaffi, hafa verið fjarlægð úr. Aldinhýði skal algerlega hreinsa af fræjum og fræhýði (silfurhýði) eins vel og unnt er. Hráefni í kaffi má ekki innihalda meira en 7 g/100 g af öðrum efnum kaffitrésins en fræjum og ekki meira en 3 g af öðrum innihaldsefnum.
2. **Kaffikjarni** er vara, að mismunandi styrkleika, sem eingöngu er fengin með útdrætti, eða vatni úr brenndu kaffi. Varan inniheldur leysanleg efni og ilmefni úr kaffinu. Einnig kunna að vera til staðar óleysanlegar olíur úr kaffinu, snefill af öðrum óleysanlegum efnum úr kaffi eða óleysanleg efni sem eru hvorki úr kaffi né vatni, sem notað var við útdráttinn. Við útdráttinn er ekki heimilt að nota aðferðir sem krefjast viðbættrar sýru eða basa.
3. **Kaffibætir** er vara, að mismunandi styrkleika, sem eingöngu er fengin með útdrætti með vatni úr brenndum kaffifífli og er þá óheimilt að nota aðferðir sem krefjast viðbættrar sýru eða basa.

4. **Kaffifífill** er afurð, á kyrna- eða duftformi, sem unnin er úr hreinsuðum, þurrkuðum og brenndum rótum Cichorium intybus L., hugsanlega með viðbættri olíu eða fitu og/eða sykri og/eða melassa, sem kunna að innihalda snefil af óleysanlegum efnum sem ekki eru úr kaffifífli.

II. KAFLI
Notkun og samsetning.

3. gr.

Blöndum af kaffikjarna og kaffibæti og kjarna úr blöndu af brenndu kaffi og brenndum kaffifífil er einungis heimilt að dreifa á föstu formi eða á formi massa og að öðru leyti í samræmi við ákvæði 4. greinar.

4. gr.

Þegar vörum á föstu formi eða á formi massa er pakkað í stakar umbúðaeiningar á bilinu 25 g til 10 kg, skulu þær eingöngu hafðar í smásölu í umbúðum með eftirfarandi þyngd: 50 g, 100 g, 200 g, 250 g (blöndur úr kaffikjarna og kaffibæti, svo og kaffikjarni sem aðeins er ætlaður til notkunar í sjálfsölum), 300 g (eingöngu fyrir kaffikjarna), 500 g, 750 g, 1 kg, 1.5 kg, 2 kg, 2.5 kg, 3 kg og í heilum kílógrömmum.

Ákvæði 1. mgr. eiga ekki við um kaffi.

5. gr.

Það hráefni sem notað er við framleiðslu á þeim vörum sem um getur í 2. gr. og í viðauka þessarar reglugerðar skal vera gallalaust, ósvikið og söluhæft.

6. gr.

Aðferðir til greiningar á kaffikjarna og kaffibæti skulu vera í samræmi við tilskipun Evrópusambandsins nr. 79/1066/EBE frá 13. nóvember 1979.

7. gr.

Heiti í viðauka skal eingöngu nota um þær vörur sem þar er getið og er skylt að nota þau í viðskiptum til að lýsa þeim.

III. KAFLI
Merking umbúða.

8. gr.

Auk ákvæða reglugerðar nr. 588/1993 um merkingu, auglýsingu og kynningu matvæla, skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram á umbúðum vöru sem dreift er til neytenda:

a) heiti vörunnar samanber viðauka;
b) við heiti er heimilt að bæta hugtakinu „þykkt“ þegar um er að ræða:
   – *kaffikjarnalausn*, að því tilskildu að innihald þurrefnis úr kaffi sé meira en 25% miðað við þyngd;
   – *kaffibætislausn*, að því tilskildu að innihald þurrefnis úr kaffifífli sé meira en 45% miðað við þyngd;
c) hugtakið „koffínlaust“ fyrir kaffikjarna er heimilt að merkja, að því tilskildu að innihald koffíns fari ekki yfir 0,3% miðað við þyngd þurrefnis í kjarnanum;
d) hugtakið „koffínlaust“ fyrir kaffi er heimilt að merkja, að því tilskildu að innihald koffíns fari ekki yfir 0,1% miðað við þyngd;
e) hugtakið „sykurbrennt“ ef kjarninn er unninn úr sykurbrenndu hráefni og hugtökin

„með sykri“, „varið skemmdum með sykri“ eða „með viðbættum sykri“ er heimilt að merkja á umbúðir ef sykri hefur verið bætt í hráefnið eftir brennslu, þegar um kaffikjarnalausn og lausn af kaffibæti er að ræða. Þegar aðrar sykurtegundir en súkrósi eru notaðar skal þess getið í staðinn fyrir „sykur“;

f) fyrir „kaffikjarnamassa“ og „kaffikjarnalausn“ skal lágmarksinnihald kaffiþurrefnis gefið upp sem hundraðshluti af þyngd fullunninnar vöru. Hið sama gildir um „kaffibætismassa“ og „kaffibætislausn“.

Upplýsingar samkvæmt liðum a–f skal merkja á sama sjónsviði og merking nettóþyngdar og geymsluþols.

9. gr.

Vörur, aðrar en þær sem ætlaðar eru til sölu til neytenda, nægir að merkja með eftirfarandi upplýsingum á umbúðum eða áföstum merkimiða:

a) heiti vörunnar samanber viðauka;
b) nettóþyngd í þyngdar- eða rúmtakseiningum, nema þegar um er að ræða vöru sem er seld í lausavigt;
c) merkingu sem auðkennir framleiðslulotu;
d) heiti eða fyrirtækjaheiti og heimilisfang framleiðanda, pökkunaraðila eða seljanda.

IV. KAFLI
Ýmis ákvæði og gildistaka.

10. gr.

Innlendur framleiðandi eða innflytjandi er ábyrgur fyrir því að þær vörur sem um getur í 2. gr. og í viðauka séu í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar.

11. gr.

Heilbrigðisnefndir hafa undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins, hver á sínum stað, eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt.

12. gr.

Með brot gegn reglugerð þessari skal farið samkvæmt lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og lögum nr. 24/1936 um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum, með síðari breytingum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Með mál sem rísa út af brotum gegn reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

13. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 35. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og 6. gr. laga nr. 24/1936 um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum, með síðari breytingum. Einnig var höfð hliðsjón af ákvæðum samningsins um Evrópskt efnahagssvæði, sem vísað er til í II. viðauka XII. kafla, 14. tölul., tilskipun 77/436/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi kaffikjarna og síkóríukjarna, með síðari breytingu, og 22. tölul., tilskipun 79/1066/EBE um greiningaraðferðir til prófunar á kaffikjarna og síkóríukjarna. Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

Við gildistöku reglugerðar þessarar fellur úr gildi reglugerð nr. 53/1936 um kaffi og nr. 52/1936 um kaffibæti og kaffilíki.

Umhverfisráðuneytið, 26. júlí 1994.

Össur Skarphéðinsson.

Ingimar Sigurðsson.

VIÐAUKI

Skilgreining á framleiðsluvörum.

1. Kaffikjarni:

a) *„þurrkaður kaffikjarni", „leysanlegt kaffi", „auðleyst (instant) kaffiduft":*
merkir kaffikjarna í dufti, kyrni, flögum, molum eða öðru föstu formi sem inniheldur ekki minna en 95% af kaffiþurrefni miðað við þyngd.
Þessi vara má ekki innihalda önnur efni en þau sem fengin eru með útdrætti hennar.

b) *„kaffikjarnamassi":*
merkir kaffikjarna á formi massa, sem inniheldur minnst 70% og ekki meira en 85% af kaffiþurrefni miðað við þyngd.
Þessi vara má ekki innihalda önnur efni en þau sem fengin eru með útdrætti hennar.

c) *„kaffikjarnalausn":*
merkir kaffikjarna í vökvaformi sem inniheldur minnst 15% og ekki meira en 55% af kaffiþurrefni miðað við þyngd.
Þessi vara má ekki innihalda önnur efni en þau sem fengin eru með útdrætti hennar. Þó má hún innihalda sykur, brenndan eða óbrenndan, hámark 12% miðað við þyngd.

2. Kaffibætir:

a) *„þurrkaður kaffibætir", „leysanlegur kaffibætir", „auðleysanlegt (instant) kaffibætisduft":*
merkir kaffifífilskjarna í dufti, kyrni, flögum, molum eða öðru föstu formi sem inniheldur ekki minna en 95% af kaffifífilsþurrefni miðað við þyngd.
Þessi vara má ekki innihalda önnur efni en þau sem fengin eru með útdrætti hennar. Efni sem ekki eru unnin úr kaffifífli mega ekki fara yfir 1%.

b) *„kaffibætismassi":*
merkir kaffifífilskjarna í massaformi, sem inniheldur minnst 70% og ekki meira en 85% af kaffifífilsþurrefni miðað við þyngd.
Þessi vara má ekki innihalda önnur efni en þau sem fengin eru með útdrætti hennar. Efni sem ekki eru unnin úr kaffifífli mega ekki fara yfir 1%.

c) *„kaffibætislausn":*
merkir kaffifífilskjarna í vökvaformi sem inniheldur meira en 25% og minna en 55% af kaffifífilsþurrefni miðað við þyngd.
Þessi vara má ekki innihalda önnur efni en þau sem fengin eru með útdrætti hennar. Þó má hún innihalda sykur, brenndan eða óbrenndan, hámark 35% miðað við þyngd.

GJALDSKRÁ

fyrir þjónustu Ríkiskaupa.

(verð án virðisaukaskatts)

1. gr.
Útboðsþjónusta.

	kr.
Lágmarksgjald fyrir útboð	50.000

Innifalið:

Útbúin minniháttar útboðsgögn
Auglýsingar (samauglýsing)
Afhending gagna
Móttaka tilboða
Opnun tilboða
Verðsamanburður tilboða

Stærri útboð

Viðmiðunargjald sérfræðings á klst.	3.000
Viðmiðunargjald aðst.fólks á klst.	3.000
Lágmarksgjald fyrir fyrirspurn (verðkönnun)	20.000

Annist Ríkiskaup kaup á vöru eða þjónustu þá er útboðsþjónustan innifalin í 2. og 3. gr. hér á eftir og gildir 1. gr. því ekki í þeim tilvikum.

2. gr.
Innflutningur.

Fob - verðmæti sendingar		Þjónustugjald	
		%	kr.
0	500.000	6	
500.001	900.000		30.000
900.001	3.000.000	4	
3.000.001	6.000.000		120.000
6.000.001	8.000.000	2	
8.000.001	11.000.000		160.000
11.000.001	99.999.999	1,5	

Þjónustugjaldið er ýmist % eða föst krónutala og fer það eftir verðmæti vörusendingar.

3. gr.
Innlend vörukaup almenn.

Þjónustugjald 3%
(bætist við kostnaðarverð vöru)

4. gr.
Sala fasteigna.

Þjónustugjald 1,7 % Lágmark kr. 50.000

Innifalið:
Gerð útboðsgagna
Auglýsing (samauglýsing)
Varsla og umsjón fasteigna
Skjalagerð
Mat tilboða

5. gr.
Kaup fasteigna.

Þjónustugjald 1% Lágmark kr. 50.000
Innifalið: Sama og í 4. gr.

6. gr.
Kaup bifreiða.

Þjónustugjald 1,5%-2%
Innifalið: Sama og í 4. gr.

7. gr.
Sala bifreiða.

Þjónustugjald 2,5% Lágmark kr. 16.000
Innifalið: Sama og í 4. gr.

8. gr.
Sala véla og tækja.

Þjónustugjald 3% Lágmark kr. 5.000
Innifalið: Sama og í 4. gr.

9. gr.
Sala notaðra muna.

Þjónustugjald 20% Lágmark kr. 1.000
Innifalið: Sama og í 4. gr.

10. gr.
Lögfræðilegar álitsgerðir.

Þjónustugjald	Lágmark kr. 25.000
Viðmiðunargjald lögfræðings á klst.	kr. 3.000

11. gr.
Gildistaka.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 7. gr. laga nr. 52/1987 um opinber innkaup og öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 22. júlí 1994.

Friðrik Sophusson.

Skarphéðinn Steinarsson.

Nr. 449 4. ágúst 1994

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 430/1993 um innheimtu og ráðstöfun á verðskerðingargjöldum af kindakjöti verðlagsárið 1993-1994.

1. gr.
Við 1. gr. reglugerðarinnar bætist ný mgr. er verði 2. mgr., svohljóðandi:
Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal ekki innheimta verðskerðingargjöld af framleiðslu verðlagsársins sem fellur til í júlí og ágúst 1994.

2. gr.
Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 4. ágúst 1994.

Halldór Blöndal.

Jón Höskuldsson.

Endurprentað blað.

AUGLÝSING

um grundvöll reikningsskila.

1. Inngangur

2. Markmið reikningsskila
- 2.1 Almenn markmið
- 2.2 Notendur reikningsskila
  - Fjárfestar
  - Lánardrottnar
  - Stjórnendur
  - Starfsmenn
  - Opinberir aðilar
  - Viðskiptavinir
  - Almenningur
- 2.3 Einkenni gagnlegra upplýsinga í reikningsskilum
  - Skiljanlegar upplýsingar
  - Upplýsingar sem skipta máli
  - Áreiðanlegar upplýsingar
  - Samanburðarhæfar upplýsingar

3. Forsendur reikningsskila
- 3.1 Rekstrarhæfi
- 3.2 Rekstrargrunnur
- 3.3 Stöðugleiki gjaldmiðils
- 3.4 Tímaafmörkun reikningsskila
- 3.5 Skilgreining rekstrareiningar

4. Meginreglur reikningsskila
- 4.1 Kostnaðarverðsregla
- 4.2 Tekjuregla
- 4.3 Jöfnunarregla
- 4.4 Regla um fullnægjandi upplýsingar
- 4.5 Samkvæmnisregla
- 4.6 Regla um að efni máls gildi fremur en form þess
- 4.7 Mikilvægisregla
- 4.8 Varkárnisregla

5. Meginhugtök reikningsskila
- 5.1 Fjárhagsstaða
  - Eignir
  - Skuldir
  - Eigið fé - hrein eign
- 5.2 Rekstrarárangur
  - Tekjur
  - Gjöld
  - Óreglulegar tekjur
  - Óregluleg gjöld
  - Heildarafkoma
- 5.3 Fjárstreymi

6. Áhrif verðlagsbreytinga

7. Lokaorð

1. Inngangur.

Í greinargerð þessari er fjallað um nokkur grundvallaratriði er varða gerð reikningsskila fyrirtækja og stofnana. Greinargerðinni verður skipt í sex kafla. Að loknum inngangi verður í öðrum kafla fjallað um markmið reikningsskila og hver þau þurfi að vera til þess að koma notendum að gagni. Í þriðja kafla verður gerð grein fyrir forsendum fyrir gerð reikningsskila. Í fjórða kafla verður rætt um þær meginreglur sem til hafa orðið um gerð þeirra. Í fimmta kafla verða skilgreind helstu hugtök sem fyrir koma í reikningsskilum, og að endingu verður fjallað um áhrif verðlagsbreytinga á meginefni reikningsskila.

Það er mat ráðsins að greinargerð af þessu tagi geti verið mjög gagnleg fyrir þá sem um reikningsskil fjalla á einn eða annan hátt. Um þetta sama efni hafa erlend reikningsskilaráð einnig fjallað. Í því sambandi þykir einkum rétt að benda á greinargerðir

Alþjóðlegu reikningsskilanefndarinnar[1] og bandarísku reikningsskilanefndarinnar[2]. Raunar er það svo að við samningu þessarar greinargerðar hefur einkum verið stuðst við þessar tvær erlendu greinargerðir, þó að þær spanni víðara svið. Þessari greinargerð er ætlað það hlutverk að vera til leiðbeiningar fyrir ýmsa aðila. Í fyrsta lagi vonast ráðið til þess að greinargerðin geti orðið grundvöllur að reglum sem það kann síðar að setja um einstök álitaefni á sviði reikningsskila. Í öðru lagi telur ráðið að greinargerðin geti komið semjendum reikningsskila að góðu gagni við úrlausn á tilteknum vandamálum við gerð þeirra. Greinargerðin ætti að auðvelda semjendum að skera úr um hvort farið sé að góðri reikningsskilavenju eða ekki. Í þriðja lagi telur ráðið að greinargerðin geti komið endurskoðendum að gagni við að staðfesta hvort reikningsskil fyrirtækja og stofnana séu í samræmi við góða reikningsskilavenju. Loks er það hlutverk greinargerðarinnar að skýra fyrir áhugasömum notendum reikningsskila hvaða almennu reglur gilda um gerð þeirra.

Miklu varðar að þeir sem um reikningsskil fjalla geri sér grein fyrir þýðingu þeirra hugtaka og reglna sem gerð þeirra grundvallast á. Að öðrum kosti er hætta á að þær upplýsingar sem reikningsskil veita séu rangtúlkaðar. Reglur um gerð reikningsskila eru háðar ákveðnum annmörkum sem almennir lesendur reikningsskila þekkja yfirleitt ekki nægilega vel. Með þessari greinargerð er ætlunin að bæta um betur að þessu leyti svo að lesendur íslenskra reikningsskila eigi þess kost að kynna sér efni þeirra betur en ella.

2. Markmið reikningsskila.

Tilgangurinn með gerð reikningsskila er fyrst og fremst að veita gagnlegar upplýsingar um það fyrirtæki sem þau taka til. Sá fróðleikur, sem í reikningsskilum er, getur komið ýmsum aðilum að gagni, en notendur reikningsskila koma úr ýmsum áttum, svo sem nánar verður skýrt hér á eftir. Það er einkum af þessari ástæðu sem gerð reikningsskila hefur miðast við almenna notkun þeirra, fremur en hagsmuni einstakra notenda. Hér á eftir verður gerð frekari grein fyrir þessu máli.

2.1. Almenn markmið.

Markmiðið með gerð reikningsskila er að veita upplýsingar um fjárhagsstöðu, rekstrarárangur og breytingar á fjárhagslegri skipan fyrirtækja.

Slíkar upplýsingar koma lesendum reikningsskila almennt að góðu gagni við ákvarðanatöku. Á grundvelli slíkra upplýsinga geta lesendur að nokkru leyti dæmt um hæfi fyrirtækis til þess að ávaxta eigið fé og hæfi forráðamanna þess til að sinna stjórnunarskyldum sínum. Niðurstaðan um gagnsemi þess boðskapar, sem í reikningsskilum er að finna, er því sú að á grundvelli þeirra upplýsinga, sem þau veita, geti lesendur tekið skynsamlegri ákvarðanir en ella.

Rétt þykir að skýra nánar þessi markmið með tilliti til einstakra hluta reikningsskila. Í þessu samhengi þykir nauðsynlegt að taka sérstaklega fram að reikningsskil fyrirtækja snúast fyrst og fremst um staðreyndir liðins tíma, en ekki nema að takmörkuðu leyti um framtíðarhorfur. Engu að síður ber á það að líta að lesendur reikningsskila nýta efni þeirra aðallega til þess að spá fyrir um framvindu mála.

---

[1] Greinargerð alþjóðlegu reikningsskilanefndarinnar (IASC) ber heitið *Framework for the Preparation and Presentation of Financial Statements.* IASC 1989.

[2] Greinargerð bandarísku reikningsskilanefndarinnar (FASB) ber heitið *Conceptual Framework for Financial Accounting and Reporting: Elements of Financial Statements and Their Measurement.* FASB 1976. Að auki hefur nefndin gefið út sex sjálfstæðar greinargerðir um sama efni.

Í efnahagsreikningi er að finna upplýsingar um fjárhagstöðu fyrirtækja. Þar er greint frá eignum fyrirtækja og fjármögnun þeirra, annars vegar með lánsfé og hins vegar með eigin fé. Í efnahagsreikningi er að finna upplýsingar um greiðsluhæfi fyrirtækja og hæfi til þess að þola taprekstur. Greiðsluhæfi segir til um möguleika fyrirtækja til þess að greiða skuldbindingar sínar þegar til skamms tíma er litið, en gjaldþol segir á hinn bóginn til um hæfi fyrirtækja til þess að standa við skuldbindingar sínar þegar til nokkurs tíma er litið. Markmiðið með gerð efnahagsreiknings er m.a. að gera lesendum ljósa grein fyrir hvernig þessum málum er háttað hjá fyrirtækjum.

Markmiðið með rekstrarreikningi er að sýna hvernig rekstur hefur gengið. Hafa ber í huga í því sambandi að skipa ber liðum saman þannig að skýra mynd megi fá af reglulegum rekstri fyrirtækja. Því ber að sýna óvenjulega rekstrarliði sérstaklega. Markmiðið með gerð rekstrarreiknings er því að gefa skýra mynd af rekstri svo að frammistöðu fyrirtækis megi meta á skynsamlegan hátt.

Í yfirliti um fjárstreymi hjá fyrirtækjum er að finna fróðleik um framlag rekstrar til breytingar á greiðslustöðu, fjárfestingar þeirra og fjármögnun. Þessar upplýsingar koma lesendum að góðu gagni, m.a. við það að meta hæfi fyrirtækja til þess að afla handbærs fjár með rekstri. Það er einkum þetta yfirlit í reikningsskilum fyrirtækja sem gerir lesendum kleift að skyggnast inn í framtíðina að því er áform fyrirtækja varðar, enda er þar að finna upplýsingar um fjárfestingar og fjármögnun og þykja slíkar upplýsingar gefa vísbendingar í því efni.

Auk töluyfirlitanna þriggja, sem fjallað var um hér að framan, er litið svo á að skýringar með reikningsskilum séu hluti þeirra. Í skýringum er gerð grein fyrir þeim reikningsskilaaðferðum sem beitt er, en að auki eru veittar upplýsingar um önnur atriði sem koma lesendum að gagni við að meta afkomu og stöðu fyrirtækis. Þá skal einnig nota skýringar til þess að greina frá skuldbindingum sem kunna að hvíla á fyrirtæki, án þess að þær hafi verið færðar í bækur. Meginreglan er sú að skýringar á að nota til að bæta við upplýsingum sem ekki er unnt að koma fyrir í töluyfirlitunum en koma lesendum að góðu gagni við þær ákvarðanir sem þeir þurfa að taka.

Markmið við gerð reikningsskila hafa tekið nokkrum breytingum eftir því hvernig efnahagslegt, lagalegt, stjórnmálalegt og félagslegt umhverfi hefur þróast. Þessir þættir hafa haft veruleg áhrif á það hvaða upplýsingar eru veittar um fjárhagsleg málefni fyrirtækja, og einnig á það hvort upplýsingar eru veittar yfirleitt. Í þessu samhengi verður þó að hafa í huga að því eru takmörk sett hvers konar upplýsingar reikningsskil geta veitt um atriði sem eru forsendur ýmissa efnahagslegra ákvarðana. Engin ástæða er til annars en að ætla að þróun í gerð reikningsskila haldi áfram að taka mið af nánasta umhverfi sínu og markmið þeirra geti því tekið breytingum.

2.2. Notendur reikningsskila.

Hér á eftir verður í stuttu máli fjallað um þá aðila sem helst hafa not fyrir upplýsingar í reikningsskilum. Ítrekað skal að hér eru aðeins tekin til umræðu þau reikningsskil sem fyrirtæki leggur fram fyrir utanaðkomandi aðila, en þau geta verið grundvöllur að margs konar ákvörðunum. Slík reikningsskil eru aðallega fyrir eitt ár í senn, en þau geta einnig verið fyrir tiltekinn árshluta.

Fjárfestar.

Fjárfestar eru þeir sem lagt hafa fram hvers konar áhættufé, t.d. í formi hlutafjár, eða hafa í hyggju að leggja slíkt fé fram. Þessir aðilar hafa einkum áhuga á upplýsingum um arðsemi þeirra fyrirtækja sem eru til skoðunar til að fá úr því skorið hvort skynsamlegt sé að eiga eignarhlutann áfram, selja hann eða kaupa nýjan. Eigendur vilja einnig fá upplýsingar um hæfi fyrirtækja til þess að greiða arð af eiginfjárframlögum.

Lánardrottnar.

Lánardrottnar eru allir þeir aðilar sem lánað hafa fyrirtæki fé. Möguleikar þeirra til þess að fá upplýsingar um fjárhagsleg málefni fyrirtækja eru ólíkir, sumir geta krafist ítarlegra upplýsinga en aðrir síður. Allir lánardrottnar eiga það þó sameiginlegt að þeir vilja fá upplýsingar um hæfi fyrirtækja til þess að standa við greiðsluskuldbindingar sínar. Þeir lánveitendur, sem veita lán til langs tíma, krefjast yfirleitt ítarlegra upplýsinga um fjárreiður fyrirtækja, þar sem slík lán verður að greiða með rekstrarframlögum í framtíðinni. Eðlilegt er því að mat á greiðsluhæfi og hæfi til að afla tekna liggi til grundvallar ákvörðunum um slíkar lánveitingar. Einnig getur skipt máli fyrir aðila, sem aðeins vill veita lán til skamms tíma, t.d. birgi, hvernig staða fyrirtækis er, en almennt þarf slíkur viðskiptaaðili ekki eins ítarlegar upplýsingar og aðili sem veitir lán til langs tíma. Reikningsskil fyrirtækja koma hér að góðu gagni við að svara spurningum þessara notenda, en einnig koma þá til álita aðrir þættir áður en ákvörðun um lánveitingu er tekin, t.d. spár um framtíðarrekstur og greiðslur, en upplýsingar af því tagi eru ekki felldar inn í eiginleg reikningsskil fyrirtækja.

Stjórnendur.

Stjórn og framkvæmdastjórn fyrirtækis ber ábyrgð á því að reikningsskil séu samin í samræmi við lög og reglur. Auk utanaðkomandi aðila hafa stjórnendur fyrirtækis gagn af þeim upplýsingum sem er að finna í reikningsskilum sem opinberlega eru birt. Þeir hafa hins vegar aðgang að frekari upplýsingum úr gagnakerfi fyrirtækisins, en slíkar upplýsingar eru ekki viðfangsefni þessarar greinargerðar.

Starfsmenn.

Starfsmenn eða samtök þeirra hafa áhuga á upplýsingum sem segja til um stöðugleika fyrirtækja. Svör við spurningum um það atriði og ýmis önnur sem starfsmenn kann að varða um er einnig að finna í reikningsskilum fyrirtækja. Til að mynda má að nokkru leyti ráða í hæfi fyrirtækja til þess að standa undir launagreiðslum og tengdum kostnaði með því að skoða reikningsskil þeirra. Við gerð kjarasamninga má einnig ætla að staða fyrirtækja skipti verulegu máli þegar kröfur koma fram um breytingar. Að vísu er það svo, að þegar launþegasamtök semja fyrir starfsmenn hjá mörgum fyrirtækjum, skiptir þetta atriði í hverju tilviki líklega minna máli en þegar hvert fyrirtæki semur við starfsmenn sína.

Opinberir aðilar.

Ýmsir opinberir aðilar geta haft hag af upplýsingum úr reikningsskilum fyrirtækja. Hér má t.d. nefna hvers konar hagskýrsluaðila, skattyfirvöld og eftirlitsaðila ýmiss konar, svo sem bankaeftirlit, vátryggingaeftirlit og verðbréfaþing. Af þessari upptalningu er ljóst að opinberir aðilar hafa mikla hagsmuni af því að skýrslugerð fyrirtækja um afkomu og efnahag sé sem áreiðanlegust. Að vísu er það svo að þessir aðilar fá ekki aðeins upplýsingar úr reikningsskilum fyrirtækja, heldur geta þeir einnig fengið mikilvægar upplýsingar frá fyrirtækjum án þess að þær séu sóttar í reikningsskilin. Það breytir þó engu um að reikningsskilin eru afar þýðingarmikil, enda er það iðulega svo að þau eru grundvöllur annarrar skýrslugerðar fyrirtækja.

Viðskiptavinir.

Mikið er í húfi fyrir viðskiptavini fyrirtækja að hafa undir höndum upplýsingar um hversu sennilegt er að viðskipti geti haldið áfram. Á stundum getur því eflaust verið svo farið að framtíð fyrirtækja byggist á traustu viðskiptasambandi, einkum hjá aðilum sem semja til langs tíma. Af þessu er ljóst að það eru ekki aðeins fjármagnseigendur, þ.e.

lánardrottnar og fjárfestar, sem hafa hagsmuni af áreiðanlegum upplýsingum úr reikningsskilum fyrirtækja. Þeir, sem gert hafa samning um kaup á vörum eða þjónustu frá fyrirtæki, kunna einnig að hafa not fyrir upplýsingar úr reikningsskilum.

Almenningur.

Loks er rétt að taka fram að almenning getur einnig varðað um þær upplýsingar sem greina má í reikningsskilum fyrirtækja. Hagsmunir fyrirtækja og einstaklinga í samfélaginu fara yfirleitt saman. Ef vel gengur hjá fyrirtækjum leitar vinnuafl þangað, sem einnig hefur í för með sér að skattar, bæði fyrirtækjanna og þeirra sem hjá þeim starfa, renna í auknum mæli til samfélagsins. Reikningsskil fyrirtækja gera almenningi kleift að fylgjast með rekstrinum, m.a. í því skyni að spá fyrir um þróun þeirra á næstu árum og hver viðfangsefni fyrirtækja verða. Slíkt eftirlit almennings með fyrirtækjum getur einnig veitt talsvert aðhald á rekstur þeirra.

2.3. Einkenni gagnlegra upplýsinga í reikningsskilum.

Svo að byggja megi ákvarðanir um málefni fyrirtækja á sem traustustum grunni verður að gera ákveðnar kröfur til þeirra upplýsinga sem veittar eru í reikningsskilum og það á raunar einnig við um þá sem þurfa að nota reikningsskil sér til gagns. Hér á eftir verður rætt um þessar kröfur. Aðalkrafan er sú að upplýsingar í reikningsskilum séu gagnlegar fyrir notendur þeirra, en það orð þykir rétt að útskýra nánar. Þær gæðakröfur sem leitast skal við að fullnægja og felast í orðinu gagnlegar eru þessar: Að þær séu skiljanlegar, skipti máli, séu áreiðanlegar og samanburðarhæfar.

Skiljanlegar upplýsingar.

Upplýsingar í reikningsskilum verða að vera skiljanlegar til þess að þær komi að gagni við ákvörðun aðila um málefni þeirrar rekstrareiningar sem reikningsskilin taka til. Merking orðsins skiljanlegur í þessu samhengi takmarkast þó ekki aðeins við lýsingu á þeim kröfum sem gera verður til upplýsinga í reikningsskilum, heldur verður einnig að hafa hliðsjón af þeim aðila sem þarf að taka ákvörðun um málefni fyrirtækis. Við gerð reikningsskila er gert ráð fyrir að notendur þeirra hafi nokkra þekkingu á viðskiptum og því rekstrarumhverfi sem fyrirtæki starfar í. Einnig er gert ráð fyrir að lesendur reikningsskila geri sér far um að kynna sér til hlítar þær reglur sem um gerð þeirra gilda áður en ákvörðun er tekin sem byggð er á efni reikningsskilanna. Samkvæmt þessu er ekki unnt að skilgreina orðið skiljanlegur eitt og sér, heldur verður jafnframt að fjalla um þann aðila sem ákvörðun þarf að taka. Þetta verður semjandi reikningsskila að hafa í huga, einkum með hliðsjón af því að hæfni lesenda að þessu leyti er mismikil. Mat semjanda á lesendum reikningsskila má þó ekki verða til þess að sleppt sé upplýsingum um flókin málefni, komi þær að gagni.

Upplýsingar sem skipta máli.

Upplýsingar í reikningsskilum eru aðallega notaðar til að meta árangur af viðskiptum sem fram hafa farið. Þær er að vissu marki einnig unnt að nota til að spá fyrir um ókominn tíma. Samkvæmt þessu verða upplýsingar í reikningsskilum að hafa spágildi og svargildi til að skipta máli. Með spágildi er átt við að upplýsingar séu notaðar við að spá fyrir um óorðna hluti, en svargildi á hinn bóginn táknar að upplýsingar í reikningsskilum megi nota til þess að meta árangur til samanburðar við fyrri spár. Þá ber einnig að hafa í huga að til að upplýsingar skipti máli verða þær að berast tímanlega til þess sem ákvörðun þarf að taka, en það fer eftir atvikum hversu tímanlega upplýsingar þurfa að liggja fyrir.

Áreiðanlegar upplýsingar.

Miklu varðar fyrir lesendur reikningsskila að þeir megi treysta því að upplýsingar í reikningsskilunum séu áreiðanlegar. Í því felst að þær verða að vera sannreynanlegar, þ.e. að sambærileg niðurstaða fengist þótt tveir eða fleiri aðilar fengjust við að vinna úr sömu upplýsingum, en ekki það að nákvæmlega sama tölulega niðurstaðan fengist. Þessi krafa um eiginleika upplýsinga í reikningsskilum felur einnig í sér að þær verða að vera hlutlausar, en það táknar að semjandi hefur ekki beitt áhrifum sínum til að ná fyrirfram ákveðinni niðurstöðu eða til að kalla fram tiltekin viðbrögð af hálfu lesenda reikningsskila.

Samanburðarhæfar upplýsingar.

Greining á upplýsingum í reikningsskilum er að verulegu leyti byggð á því að bera saman fjárhæðir í reikningsskilum sama fyrirtækis á milli tímabila. Á þann hátt má greina árangur og meta þróun á stöðu fyrirtækja. Það er af þessari ástæðu sem gagnlegt getur verið að birta til samanburðar fjárhæðir úr reikningsskilum síðasta uppgjörstímabils. En til þess að slíkur samanburður komi að gagni verða lesendur að geta treyst því að upplýsingar séu samanburðarhæfar. Í þessu sambandi skiptir máli að lesendur reikningsskila fái upplýsingar um þær aðferðir sem beitt er við mælingar á hagrænum atburðum, að öðrum kosti er hætta á að þeir geti ekki komið við þeim samanburði sem þeir vilja. Þá felst einnig í þessari kröfu um eiginleika upplýsinga í reikningsskilum að unnt sé að bera saman árangur af starfsemi rekstraraðila í sömu atvinnugrein. Slíkur samanburður kemur notanda reikningsskila einnig að góðu gagni, m.a. við ákvörðun hans um það hvar sé skynsamlegt að ávaxta sitt fé.

3. Forsendur reikningsskila.

Gerð reikningsskila grundvallast á nokkrum forsendum. Mikilvægt er fyrir lesendur reikningsskila að þeir geri sér grein fyrir því hverjar þessar forsendur eru og hvaða þýðingu þær hafa.

3.1. Rekstrarhæfi.

Fyrirtæki er rekstrarhæft ef telja má að rekstur þess muni halda áfram um fyrirsjáanlega framtíð.

Reikningsskil byggjast yfirleitt á þeirri forsendu að rekstur muni halda áfram. Í því felst að viðkomandi rekstraraðili hafi hvorki áform um að hætta rekstri né þurfi þess vegna fjárhagslegra þrenginga. Ef annað hvort eða hvort tveggja á við, gæti verið eðlilegt að semja reikningsskil á öðrum grundvelli og væri þá nauðsynlegt að upplýsa um það.

Nú er líklegt að flest fyrirtæki hafi áform um að halda rekstri áfram til a.m.k. nokkurra ára. Þar sem erfitt hlýtur að vera fyrir semjanda reikningsskila að dæma um það hvort takast muni að ná því markmiði, hefur í framkvæmd verið litið svo á að í forsendunni fælist að reksturinn geti að lágmarki haldið áfram í eitt ár í viðbót. Þessi forsenda er rökrétt með hliðsjón af því að markmið reikningsskila er fyrst og fremst að veita notendum upplýsingar svo að þeir geti gert spár um framtíðina.

3.2. Rekstrargrunnur.

Tekjur skal færa þegar þeirra er aflað, án tillits til þess hvort þær hafi verið innheimtar eða ekki. Með hliðstæðum hætti ber að færa gjöld þegar þau falla til, fremur en við greiðslu.

Til þess að ná þeim markmiðum sem rætt var um í 2. kafla er nauðsynlegt að reikningsskil séu samin á rekstrargrunni. Með þeim hætti fæst betri mæling á afkomu fyrirtækis en þegar miðað er við innheimtu tekna og útborganir gjalda. Hið sama gildir

um mælingu á efnahag aðila; skýrari mynd fæst af eignum og skuldum rekstraraðila með því að miða gerð reikningsskila við forsenduna um rekstrargrunn.

Af þessu má ráða að sá færslumáti að miða skráningu tekna og gjalda við greiðslugrunn er ekki í samræmi við góða reikningsskilavenju, nema sérregla gildi í því efni fyrir tiltekin fyrirtæki. Hitt er svo annað mál að þegar mjög mikil óvissa ríkir um innheimtu krafna eða greiðslu skuldbindinga getur verið eðlilegt að víkja forsendunni um rekstrargrunn til hliðar í afmörkuðum tilvikum. Hafi sá háttur verið á hafður, þyrfti þó undantekningarlaust að gefa sérstaka skýringu á því efni í reikningsskilunum.

3.3. Stöðugleiki gjaldmiðils.

Gerð reikningsskila byggist á forsendu um stöðugt verðgildi þess gjaldmiðils sem miðað er við.

Þessi forsenda er nauðsynleg til að unnt sé að leggja saman og draga frá fjárhæðir við gerð reikningsskila. Í þessu felst t.d. að fjárhæðir í peningum, sem látnar voru af hendi við kaup á varanlegum rekstrarfjármunum fyrir fimm árum, eru lagðar saman við fjárhæðir sem látnar voru af hendi í ár. Þessi samlagning er í raun ekki eðlileg við verðbólguaðstæður. Þó er almennt litið svo á að forsendan um stöðugt verðlag valdi ekki miklum skaða ef verðbólgan er lítil, en það fer að vísu að einhverju leyti eftir eðli rekstrar fyrirtækja.

Ef forsendan þykir ekki eiga við er unnt að taka tillit til verðrýrnunar gjaldmiðils og sé það gert verður það að koma skýrt fram í reikningsskilunum. Eðlilegast þykir að sama regla gildi í þessu efni fyrir alla aðila í sama hagkerfi. Hér á landi hefur forsendunni um stöðugt verðlag verið hafnað við gerð reikningsskila frá því lög nr. 40/1978 (síðar lög nr. 75/1981) um tekju- og eignarskatt tóku gildi 1. janúar 1979. Í 6. kafla þessarar greinargerðar verður frekari umræða um áhrif almennra og sértækra verðlagsbreytinga á mælingar á afkomu og efnahag fyrirtækja.

3.4. Tímaafmörkun reikningsskila.

Unnt er að skipta starfsferli fyrirtækis niður í tímabil. Oftast er miðað við eitt ár í senn en einnig má miða við lengri eða skemmri tíma.

Ljóst er að það gefur áreiðanlegasta niðurstöðu um heildarafkomu fyrirtækis að miða mælinguna við lok starfsferils þess. Gallinn við þann útreikning er að hann er yfirleitt ekki áhugaverður. Fjárfestar, lánardrottnar og aðrir notendur reikningsskila hafa þörf fyrir upplýsingar um rekstur og önnur fjárhagsleg málefni fyrirtækja meðan starfsemin varir; af þeim sökum eru reikningsskil samin. Á starfsferli fyrirtækis eru reikningsskil samin fyrir tiltekin tímabil.

Nauðsynlegt er að lesandi reikningsskila geri sér grein fyrir því að sú mynd sem dregin er upp af afkomu og efnahag aðila á einstökum tímabilum á starfstíma hans getur verið mjög frábrugðin þeirri niðurstöðu sem fæst með því að líta til lengri tíma. Vitað er að rekstur aðila getur verið mjög háður sveiflum, bæði innan eins rekstrarárs og á milli rekstrarára. Erfitt getur verið að bregðast skynsamlega við slíkum sveiflum við gerð reikningsskila, og af þeim sökum getur þurft að viðhafa sérstaka aðgát við túlkun á niðurstöðum tíðra mælinga á afkomu og efnahag. Lög og venjur um reikningsskil gera þó ráð fyrir að gagnlegt geti verið fyrir fjármagnseigendur og aðra að fá reglulega upplýsingar um fjárhagsleg málefni fyrirtækja. Þegar svo háttar til að sveiflur eru þekktar í rekstri fyrirtækja er nauðsynlegt að skýra frá áhrifum þeirra, eftir því sem tilefni er til.

3.5. Skilgreining rekstrareiningar.

Reikningsskil taka til tiltekinnar rekstrareiningar. Í því felst að viðskipti sem ekki varða rekstrareininguna eiga ekki erindi í reikningsskil hennar.

Yfirleitt er hin skilgreinda rekstrareining sjálfstæð lögpersóna, svo sem hlutafélag,

sameignarfélag eða einstaklingur með rekstur. Það er þó ekki skilyrði, því að hin hagræna eining getur tekið til fleiri en einnar lögpersónu, svo sem þegar samstæðureikningsskil eru samin, en þau geta tekið til margra hlutafélaga í senn. Á sama hátt geta verið margar einingar innan eins fyrirtækis, svo sem útibú eða deildir.

Samstæðureikningsskil ber samkvæmt ákvæðum laga og góðri reikningsskilavenju að semja þegar svo háttar til að eitt félag á meirihluta í öðru félagi. Slík reikningsskil geta raunar einnig tekið til annarra félagaforma en hlutafélaga, svo sem samvinnufélaga. Samstæðureikningsskil fella saman reikningsskil þeirra félaga sem til samstæðunnar teljast og er þá innbyrðis viðskiptum eytt, sem og inneignum og skuldum á milli aðila innan samstæðunnar.

Lesandi reikningsskila gerir kröfu til þess að reikningsskilin taki aðeins til þeirrar einingar sem heiti þeirra segir til um. Það væri til að mynda brot á þessari forsendu að færa viðskipti, er sérstaklega varða eigendur hlutafélags, í bækur þess. Og á sama hátt væri forsendan brostin ef persónuleg útgjöld einstaklings væru færð sem kostnaður í reikningsskilum hans sem rekstraraðila.

4. Meginreglur reikningsskila.

Reikningsskil rekstraraðila byggjast á nokkrum grundvallarreglum. Þessar grundvallarreglur um færslu viðskipta eru þær fjórar sem fyrst verður fjallað um hér á eftir, en einnig verða í þennan flokk felldar aðrar mikilvægar reglur um gerð reikningsskila.

4.1. Kostnaðarverðsregla.

Skrá ber eignir við upphaflegu kaupverði og skuldir við því viðskiptaverði sem gilti þegar til þeirra var stofnað.

Aðalástæðan fyrir því að þessi regla er notuð við skráningu eigna og skulda er sú að kostnaðarverðið (eða viðskiptaverðið) þykir mjög áreiðanlegt; það er hlutlægt og byggir á sannreynanlegum gögnum. Annað verð sem gæti um margt verið gagnlegra, svo sem markaðsverð, er yfirleitt þeim annmarka háð að það þykir vera of huglægt og af þeim sökum er það ekki viðurkennt sem góð reikningsskilavenja nema í undantekningartilvikum. Ýmis álitamál geta verið um ákvörðun kostnaðarverðs eigna og kemur þar margt til. Meginreglan um skráningu eigna er, eins og áður sagði, að miða við upphaflegt kostnaðarverð. Í því felst að á eign skal færa allan kostnað sem til fellur til þess að koma henni í tekjuaflandi ástand. Samkvæmt þessu skal skrá eign við fjárhæð þess handbæra fjár, eða ígildis þess, sem látið var af hendi til þess að öðlast eignarrétt yfir hinni keyptu eign.

Hið sama gildir um skráningu skulda; upphaflegt viðskiptaverð ræður skráningu þeirra og er við það verð miðað meðan skuldir eru enn ógreiddar. Hér er átt við þau kjör sem upphaflega var um samið. Séu skuldir tengdar gjaldmiðli eða vísitölu taka þær að sjálfsögðu breytingum í samræmi við breytingar á viðkomandi gjaldmiðli eða vísitölu. Á þessu sviði hafa einnig mótast venjur og samkvæmt þeim getur verið heimilt að víkja frá meginreglunni, en því efni verða ekki gerð frekari skil hér.

4.2. Tekjuregla.

Tekjur eru að jafnaði skráðar þegar viðskiptaaðili hefur til þeirra unnið og í meginatriðum lokið við þau verkefni sem honum voru ætluð. Tekjur verða að vera innleystar eða innleysanlegar þegar þær eru skráðar, en í því felst að þá hefur vara eða þjónusta verið látin af hendi í skiptum fyrir peninga eða ígildi þeirra, þ.e. viðskiptakrafa hefur orðið til.

Af ofangreindri lýsingu má ráða að það sé aðalreglan að færa tekjur við sölu vara frá einum aðila til annars. Sala telst almennt hafa farið fram þegar seljandi hefur afhent vöruna

til kaupanda, t.d. í lausafjárkaupum, og þá flyst yfirleitt eignarrétturinn að hinu selda frá seljanda til kaupanda. Ef afhending er háð skilmálum í sölusamningum ráða þeir því hvenær salan er bókuð og samkvæmt því er það samkomulagsatriði milli seljanda og kaupanda hvenær er formlega rétt að bóka sölu og þar með viðskiptakröfu. Einnig má af lýsingunni ráða, að í reikningshaldslegu tilliti verða tekjur ekki til þó að eignir hækki í verði við geymslu; viðskipti við þriðja aðila, eða ígildi þeirra, eru skilyrði fyrir færslu tekna.

En þó að það sé aðalreglan að skrá tekjur við sölu þá geta aðrir kostir einnig komið til greina í tekjuferlinum. Þeir eru þó undantekningar og eiga yfirleitt aðeins við í tilteknum atvinnugreinum vegna séraðstæðna þeirra. Þessir kostir eru eftirfarandi: a) meðan á framleiðslu stendur, b) við lok framleiðslu og c) við innheimtu kröfu.

4.3. Jöfnunarregla.

Við mælingar á afkomu skal kappkosta að jafna gjöld á móti tekjum sem skráðar eru samkvæmt tekjureglunni.

Yfirleitt er orsakasamband milli tekna og gjalda skýrt, eins og t.d. á milli vörusölu og kostnaðarverðs seldra vara. Samjöfnun gjalda á móti tekjum er í þessu tilviki auðveld. Í öðrum tilvikum getur verið mikil óvissa um samband milli gjalda og tekna. Með hliðsjón af því þykir eðlilegt að færa kostnað til gjalda með skipulegum og samræmdum hætti. Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna eru dæmi um þennan kostnað. Þessir fjármunir eiga vissulega þátt í tekjuöflun, en hvernig og á hversu löngum tíma þeir rýrna við tekjuöflun er óljóst. Afskriftir skal í samræmi við góða reikningsskilavenju miða við áætlaðan notkunartíma eða endingartíma viðkomandi eigna. Í enn öðrum tilvikum þykir vera svo mikil óvissa um þátt útgjalda í tekjuöflun að nauðsynlegt sé í varúðarskyni að færa þau til gjalda strax.

4.4. Regla um fullnægjandi upplýsingar.

Semjandi reikningsskila skal miðla þeim upplýsingum sem geta haft áhrif á ákvarðanir lesenda reikningsskila.

Reglan tekur ekki aðeins til töluyfirlitanna í reikningsskilum fyrirtækja, heldur á hún einnig við um skýringar sem eru óaðskiljanlegur hluti þeirra. Reglan er samkvæmt þessu til frekari skýringar á því efni sem ber að upplýsa um í reikningsskilum samkvæmt ákvæðum laga og góðrar reikningsskilavenju. Líta má svo á að með þessari reglu sé sleginn varnagli við öðrum reglum um gerð reikningsskila, þ.e. að svo miklu leyti sem þeim tekst ekki að miðla nauðsynlegum upplýsingum til lesenda reikningsskila, skal úr því bætt á grundvelli þessarar almennu reglu.

4.5. Samkvæmnisregla.

Fyrirtækjum ber að beita sömu reikningsskilaaðferðum og á síðasta ári.

Ljóst er að reikningsskil, sem samin eru á grundvelli þessarar reglu, eru gagnlegri fyrir lesendur en þau sem sífellt eru breytingum háð. Regluna má þó ekki túlka þannig að hún girði fyrir breytingar á reikningsskilaaðferðum. Gildar ástæður geta verið, og raunar verða að vera, til þess að breytt sé um reikningsskilaaðferð. Sé breytt um aðferð við gerð reikningsskila, ber að upplýsa lesendur þeirra um rökin fyrir breytingunni og áhrif hennar á meginefni reikningsskilanna.

4.6. Regla um að efni máls gildi fremur en form þess.

Við gerð reikningsskila skiptir meira máli að upplýsa lesendur um efni máls, þó að form þess kunni að vera annað.

Á grundvelli þessarar reglu þykir vera eðlilegt að skrá eignir í bækur þó að eignarréttur þeirra hvíli samkvæmt ákvæðum laga hjá öðrum aðila. Kaupleigu- og fjármögnunarleigu-

samningar eru til dæmis um þetta. Á grundvelli sömu reglu þykir eðlilegt að færa ábyrgðarskuldbindingar ef líklegt þykir að á þær muni reyna, jafnvel þótt enginn geri kröfu um greiðslu vegna þeirra á reikningsskiladegi. Þessi regla er sett til að tryggja betur en ella að lesandi reikningsskila fái gagnlegar og áreiðanlegar upplýsingar um málefni fyrirtækja. Það hefur ekki þótt nægilega vel tryggt að svo sé með því einu að leggja lagalegt form til grundvallar skráningu viðskipta.

4.7. Mikilvægisregla.

Upplýsingar í ársreikningi eru mikilvægar ef þær hafa áhrif á þá ákvörðun sem lesendur reikningsskila kunna að taka.

Samkvæmt þessari reglu er ekki þörf á að upplýsa lesendur um atriði sem lítil eða engin áhrif hafa. Í þessu sambandi verður að hafa í huga að það er afstætt hvað telst mikilvægt og hvað ekki. Það sem er mikilvægt hjá litlu fyrirtæki gæti litlu eða engu máli skipt hjá stóru fyrirtæki. Í sumum tilvikum má einnig nota þessa reglu til að víkja meginreglunum hér að framan til hliðar í hagræðingarskyni, ef líta má svo á að það hafi lítil eða engin áhrif.

4.8. Varkárnisregla.

Standi semjandi reikningsskila frammi fyrir tveimur eða fleiri kostum vegna óvissu, þykir rétt að velja þann kost sem er líklegastur til að ofmeta ekki eignir og hreinar tekjur.

Í reglunni felst ekki að semjandi eigi að velja þann kost sem leiðir til þess að eignir og tekjur séu vanmetnar; það væri misbeiting reglunnar. Vísvitandi vanmat eigna og ofmat skulda, sem leiðir til dulins eigin fjár, er ekki í samræmi við góða reikningsskilavenju. Reglan er til að auðvelda semjanda reikningsskila að taka ákvörðun um reikningshaldslegt vandamál, þegar hann stendur frammi fyrir óvissu um framvindu mála. Af reglunni má ráða að lesandi reikningsskila eigi að geta gert ráð fyrir að afkoma rekstraraðila sé ekki verri en rekstrarreikningur sýnir, og á sama hátt að eigið fé hans sé ekki lægra en birtist í efnahagsreikningi.

5. Meginhugtök reikningsskila.

Í reikningsskilum fyrirtækja er að finna margvíslegan fróðleik um málefni þeirra og hafa töluyfirlitin ólíkan tilgang. Rekstrarreikningi er ætlað að skýra frá afkomu fyrirtækis og hvernig hún hefur orðið til. Í efnahagsreikningi er að finna upplýsingar um fjárhagslegan styrkleika fyrirtækja og hvernig fjármuna- og fjármagnsuppbygging þeirra er. Þá er í sjóðeða fjármagnsstreymi að finna gagnlegar upplýsingar til þess að meta greiðsluhæfi fyrirtækja, þ.e. getu þeirra til þess að standa við greiðsluskuldbindingar sínar. Mörkin á milli þessara yfirlita að þessu leyti eru þó ekki eins skýr og hér virðist gefið í skyn, því að öll yfirlitin koma að gagni við að meta afkomu, efnahag og greiðslustöðu.

Í reikningsskilum koma fyrir hugtök sem gagnlegt er að skilgreina til þess að lesendur þeirra megi skilja meginefni þeirra betur en ella. Hér á eftir fara skilgreiningar á grundvallarhugtökum reikningsskila, sem notuð eru við mat á fjárhagsstöðu og rekstrarárangri fyrirtækja.

5.1. Fjárhagsstaða.

Í efnahagsreikningi birtast hugtök sem nauðsynlegt er að kunna nokkur skil á til að meta fjárhagsstöðu fyrirtækja. Þau eru þessi:

Eignir

Eignir eru verðmæti sem fyrirtæki ræður yfir og hafa orðið til á grundvelli viðskipta eða atburða sem átt hafa sér stað. Í þessum verðmætum felst hæfi til að afla fyrirtækinu tekna í framtíðinni.

Í þessari skilgreiningu felst að eignir verða aðallega til á grundvelli viðskipta sem fram hafa farið við utanaðkomandi aðila. Verðmæti sem til verða á grundvelli framtíðarviðskipta má samkvæmt þessu ekki færa til eignar. Einnig geta eignir verið skráðar á grundvelli atburða sem átt hafa sér stað, þó að það sé undantekning fremur en regla. Hér má t.d. nefna að heimilt getur verið að hækka skráð verð eigna við tilteknar aðstæður.

Það er ekki nauðsynlegt, þó því sé yfirleitt þannig varið, að eignarréttur þurfi að hvíla hjá fyrirtæki til þess að eign sé skráð í bókum þess. Hér má til að mynda benda á fjármögnunarleigusamninga. Í slíkum samningum er ótvírætt að eignarréttur hvílir hjá leigusala en samt getur verið eðlilegt að skrá hina leigðu fjármuni hjá leigutaka, ef vissum skilyrðum er fullnægt. Hér er virt reglan um að efni máls skipti meiru í reikningshaldi en form þess.

Öllum eignum er það sameiginlegt að í þeim verður að felast hæfi til að afla tekna. Í reikningshaldslegum skilningi eru því birgðir, sem ekki er unnt að selja, ekki eign, þó að þær séu til sem slíkar. Þær bæri því að færa til gjalda. Hér gildir einu í hvaða flokk eignir falla, en þeim er unnt að skipa saman á ýmsa lund, allar verða þær að geta skilað tekjum, beint eða óbeint. Ein slík flokkun eigna gæti verið þessi: peningaverðseignir, efnislegar eignir og óefnislegar eignir. Í fyrsta flokkinn falla eignir eins og handbært fé og viðskiptakröfur, og af þessum eignum má hafa vaxtatekjur. Í annan flokkinn falla eignir eins og byggingar og vélar. Þessar eignir eru nýttar við tekjuöflun fyrirtækis. Loks eru viðskiptavild og einkaleyfi dæmi um eignir sem ekki eru efnislegar en geta átt þýðingarmikinn þátt í tekjuöflun fyrirtækis. Viðskiptavild má samkvæmt ofangreindri skilgreiningu á eignum ekki færa nema hún sé keypt. Viðskiptavild sem kann að vera til staðar í fyrirtæki, án þess að hafa verið keypt, má samkvæmt því ekki færa til eignar.

Skuldir

Skuldir eru kvaðir á fyrirtæki til að láta af hendi eignir eða veita þjónustu í framtíðinni vegna viðskipta eða atburða sem átt hafa sér stað. Skuld skal aðeins skrá ef líklegt þykir að til greiðslu hennar komi.

Megineinkenni skulda er að fyrirtæki sem skuldar verður að greiða þá skuld með því að láta af hendi eignir eða veita þjónustu í framtíðinni. Það er ekki nauðsynlegt að vita nákvæmlega hverjum er skuldað, því að möguleiki er að til skuldar hafi verið stofnað án þess að vitað sé hverjum á að greiða. Hér er enn beitt reglunni um að efni máls skipti meira máli en form þess. Dæmi um þetta fyrirbrigði væru ábyrgðarskuldbindingar sem stofnað er til með því að ábyrgjast seldar vörur eða þjónustu í tiltekinn tíma eftir að sala fór fram. Sú ábyrgð getur falið í sér kostnað og þar af leiðandi skuld. Hér væri byggt á reynslu um greiðslu ábyrgða og skuld færð til samræmis. Ekki þarf að vera ljóst hvaða kaupendur vara eða þjónustu munu kalla eftir fyrirgreiðslu síðar á grundvelli ábyrgðarskilmála.

Annað dæmi um þetta fyrirbrigði væru lífeyrisskuldbindingar. Þær eru yfirleitt reiknaðar af tryggingastærðfræðingum á grundvelli lífslíka og annarra forsendna, en ekki þarf að vera ljóst við hvern nákvæmlega skuldin er, eða hversu mikið þarf að greiða þeim aðila.

Af skilgreiningunni á skuldum má ráða að ekki má færa til skuldar yfirlýsingar framkvæmdastjórnar um að eitthvað eigi að gera, t.d. að reisa verksmiðju eða ráðast í viðhald á eignum. Skuld verður að grundvallast á viðskiptum eða atburðum sem átt hafa sér stað, en ekki á áætlunum um framkvæmdir. Ljóst er að nokkrum erfiðleikum er bundið að fara eftir þessari reglu, einkum að því er varðar atburði sem leitt geta af sér skuldbindingar. Til að mynda gætu mistök seljanda þjónustu eða gallar á vörum leitt til skuldbindingar síðar vegna málaferla. Áður en slík skuld er færð verður að vera líklegt að til greiðslu hennar komi og unnt að áætla hana af sæmilegri nákvæmni. Ef óvissa er of mikil

um það hvort til greiðslu á skuld kemur, færi betur á því að geta um viðkomandi skuldbindingu í skýringum, en þess er þá aðeins þörf sé um verulegar fjárhæðir að tefla.

Eigið fé - hrein eign

Eigið fé er sú fjárhæð sem eftir verður þegar skuldir hafa verið dregnar frá eignum.

Þó að eigið fé sé skilgreint sem afgangsstærð má sundurgreina það á einstaka liði í efnahagsreikningi og þannig ber raunar að sýna það í samræmi við góða reikningsskilavenju. Aðallega er unnt að skipta eigin fé í tvo liði. Annar er framlög eigenda, þ.e. hlutafé eða stofnfé, en hinn er óráðstafaður tekjuafgangur eða ójafnað tap. Auk þessara liða geta birst meðal eigin fjár ýmsir reikningar, svo sem óskattlagt eigið fé, endurmatsreikningur og reikningar sem myndaðir eru með lögbundnum eða frjálsum framlögum af tekjuafgangi. Hér á eftir verður nánar fjallað um framlög eigenda, útgreiðslur til eigenda og samsafnaða afkomu, hvort sem henni hefur verið ráðstafað eða ekki. En fyrst skal lítillega rætt um liðina óskattlagt eigið fé og endurmatsreikning sem fyrir geta komið meðal eiginfjárliða.

Samkvæmt ákvæðum hlutafélagalaga[3)] skal sérgreina í efnahagsreikningi óskattlagt eigið fé. Eins og heiti liðarins gefur til kynna hefur þetta eigið fé myndast án þess að skattlagning hafi farið fram. Af því er ljóst að kvöð hvílir á þessu eigin fé, sem í raun þýðir að liðurinn er hvort tveggja í senn, áætluð skuld vegna skatta og tekjuafgangur. Sá háttur að skipta þessu óskattlagða eigin fé í tvo hluta er í samræmi við góða reikningsskilavenju.

Við vissar aðstæður getur verið eðlilegt að heimila endurmat á varanlegum rekstrarfjármunum fyrirtækja. Slíkt endurmat hefur stundum verið heimilað við tilteknar aðstæður, en í öðrum tilvikum getur árlegt endurmat komið til greina. Hvort tveggja hefur átt við um gerð íslenskra reikningsskila. Þegar svo háttar til að endurmat er framkvæmt er með því mælt að sérgreina endurmatsreikning meðal eigin fjár. Það er gert í því skyni að gera greinarmun á eigin fé sem myndast hefur með framlögum eigenda eða afkomu, og með endurmati eigna. Mikilvægt er að endurmatsreikningur sé vel skilgreindur þannig að ekki fari á milli mála hvernig hann er myndaður. Hér skiptir máli hvort um stakt endurmat er að ræða eða árlegt endurmat, þar sem gengið er út frá þeirri forsendu að mælieiningin sé óstöðug og því verði að hafna forsendunni um stöðugt verðlag við gerð reikningsskila. Í fyrra tilvikinu væri miðað við hefðbundnar reikningsskilavenjur, þ.e. kostnaðarverðs- og tekjureglu. Þá væri ljóst að endurmatið mætti ekki flytja á óráðstafaðan tekjuafgang, enda væri óeðlilegt að greiða arð af slíku eigin fé. Í síðara tilvikinu er nauðsynlegt að færa á milli eiginfjárreikninga til þess að tryggja að óráðstafað eigið fé taki til óúthlutaðrar afkomu eða ójafnaðs taps á verðlagi í lok þess tímabils sem reikningsskilin taka til.

Framlög eigenda geta, auk hlutafjár eða stofnfjár, sem yfirleitt er skráð við áritaðri fjárhæð, þ.e. nafnverði, tekið til yfirverðs á hlutafé við innborganir eigenda. Ástæða er til þess að sérgreina slík framlög undir sérstökum lið. Samkvæmt ákvæðum hlutafélagalaga skal þó færa slíkt yfirverð á lögbundinn varasjóð, sem að auki getur tekið við ráðstöfunum á tekjuafgangi samkvæmt fyrirmælum þeirra laga. Vel færi á því að sýna sérstaklega, þegar svo stendur á, hvernig sá reikningur hefur myndast í heild, svo að greinarmunur sé gerður á þessum tveimur eðlisólíku framlögum.

Ef framlög eigenda eru innt af hendi með reiðufé er ljóst hversu mikils virði þau eru fyrir fyrirtæki. Séu framlögin innt af hendi á annan hátt, t.d. með afhendingu á öðrum

[3)] Lög nr. 32/1978, um hlutafélög, með síðari breytingum.

eignum, svo sem fasteignum eða lausafé og/eða með yfirtöku skulda, þá er nauðsynlegt að mat sé lagt á þau verðmæti sem félagið fékk svo að jafnræði sé með eigendum að þessu leyti.

Útgreiðslur til eigenda geta verið með tvennum hætti og er nauðsynlegt að gerður sé skýr greinarmunur þar á. Önnur útgreiðslan er endurgreiðsla á framlögum sem gengu til aukningar á eigin fé og um þá greiðslu gilda sérstakar reglur, t.d. þegar um lækkun hlutafjár samkvæmt ákvæðum hlutafélagalaga er að ræða. Hin útgreiðslan er ráðstöfun á hluta af afrakstri félags til eigenda. Um þá greiðslu gilda einnig sérstakar reglur samkvæmt ákvæðum laga. Gera þarf skýran greinarmun á þessu tvennu við gerð reikningsskila, þó að nokkrum erfiðleikum geti að vísu verið bundið í sumum tilvikum að greina þar á milli.

Óráðstafað eigið fé eða ójafnað tap segir til um hvernig fyrirtæki hefur ávaxtað framlög eigenda við tiltekið tímamark, þegar frá eru talin áhrif arðgreiðslna. Þýðingarmikið er að lesendur reikningsskila geti túlkað óráðstafað eigið fé eða ójafnað tap eftir orðanna hljóðan, þ.e. að staða á þessum reikningum segi annað hvort til um fjárhæð þeirrar afkomu sem ekki hefur verið ráðstafað til eigenda eða um þá fjárhæð sem á vantar til þess að standa undir taprekstri. Samkvæmt þessu er nauðsynlegt að færslur á umrædda reikninga takmarkist við rekstrarafkomu og arðgreiðslur með þeim undantekningum sem greinir hér á eftir.

Nú kann að vera að skylt sé samkvæmt lögum að ráðstafa tekjuafgangi á sérstaka eiginfjárreikninga í því skyni að verja fyrirtæki fyrir áfalli síðar. Lögbundinn varasjóður getur að hluta til verið myndaður á þennan hátt. Þá er heimilt samkvæmt ákvæðum skattalaga[4)] að mynda óskattlagt eigið fé, eins og áður var minnst á. Það er gert með ráðstöfunum á reikninginn óráðstafað eigið fé. Loks geta eigendur fyrirtækja einnig gert ráðstafanir til þess að halda fé inni án þess að það komi til álita við ákvörðun um arðgreiðslur og væru slík framlög frjáls. Gagnlegt getur verið fyrir lesendur reikningsskila að reikningar sem þessir séu aðgreindir meðal eiginfjár og fram komi í reikningsskilunum hvernig þeir hafa verið myndaðir.

5.2. Rekstrarárangur.

Í rekstrarreikningi birtast hugtök sem nauðsynlegt er að kunna nokkur skil á til að meta rekstrarárangur fyrirtækja. Í því sambandi er mikilvægt að lesandi reikningsskila viti hvaða reglur gilda um mælingu þeirra grundvallarhugtaka, þ.e. tekna og gjalda, sem notuð eru við mat á rekstrarárangri. Rétt þykir að taka fram, án þess að gera því frekari skil, að frammistöðu aðila er unnt að mæla á annan hátt en með gerð rekstrarreiknings. Þau meginhugtök sem lesendur reikningsskila sjá í rekstrarreikningi eru þessi:

Tekjur

Aukning eigna og/eða lækkun skulda á tilteknu tímabili vegna afhendingar á vörum og þjónustu eða vegna annarra verkefna í meginstarfsemi fyrirtækis.

Þessi skilgreining tekur aðeins til tekna af núverandi meginstarfsemi eða áframhaldandi starfsemi fyrirtækis. Sá tekjuliður sem aðallega er verið að fjalla hér um er að sjálfsögðu sala á vörum eða þjónustu, en að auki öll önnur viðskipti sem leiða til eignaaukningar eða lækkunar á skuldum, svo sem vaxtatekjur, umboðslaun o. fl. Miklu varðar að framsetning reikningsskila sé með þeim hætti að áhrif af meginstarfsemi rekstraraðila komi skýrt fram. Því þykir mikilvægt að sérgreina í rekstrarreikningi óvenjulegar tekjur sem ekki varða áframhaldandi starfsemi og eru tilfallandi. Í þessu sambandi er nauðsynlegt að semjandi reikningsskila hafi í huga að reikningsskil eru fyrst og fremst samin í því augnamiði að

[4)] Lög nr. 75/1981, um tekju- og eignarskatt, með síðari breytingum.

veita fróðleik um fortíð sem nýta má til að meta framtíðarhorfur, en ekki aðeins af sögulegum áhuga.

Gjöld

Eignaskerðing eða aukning skulda á tilteknu tímabili vegna afhendingar á vörum og þjónustu eða vegna annarra verkefna sem varða meginstarfsemi fyrirtækis.

Eins og sjá má af þessari skilgreiningu er hún nánast samhljóða skilgreiningunni á tekjum, en með öfugum formerkjum. Nánar tiltekið eru gjöld þau verðmæti sem fyrirtæki fórnar eða lætur af hendi við það að búa til tekjur, sbr. skilgreiningu þeirra hér að framan. Gjöldin varða meginstarfsemi fyrirtækis eða áframhaldandi starfsemi og þau leiða af sér tekjur með beinum eða óbeinum hætti og er það megineinkenni þeirra. Kostnaðarverð vara sem fyrirtæki selur eru gjöld í þessum skilningi. Það eru einnig laun starfsfólks og kostnaður vegna varanlegra rekstrarfjármuna, þ.m.t. afskriftir, sem notaðir eru við tekjuöflun. Hið sama gildir um skatta af reglulegum rekstri. Hins vegar væri umtalsverður kostnaður vegna skaðabótagreiðslna ekki gjöld í þessu sambandi, nema þær séu reglulegur og viðvarandi liður í rekstri fyrirtækis.

Mismunur tekna og gjalda af meginstarfsemi fyrirtækis segir til um árangur af reglulegum, áframhaldandi rekstri. Mjög þýðingarmikið er fyrir lesendur reikningsskila að sjá árangur af reglulegum rekstri fyrirtækis. Hann gefur vísbendingu um afkomu á næstu tímabilum, að svo miklu leyti sem forsendur rekstrarins kunna þá að eiga við. Af þessum sökum er mikilvægt að óvenjuleg eða óregluleg gjöld eða tekjur séu sérgreind í rekstrarreikningi.

Óreglulegar tekjur

Tekjur sem ekki varða venjulegan rekstur og ekki er gert ráð fyrir að endurtaki sig í bráð eða lengd. Einungis verulegar fjárhæðir eru sérgreindar, aðrar óreglulegar tekjur eru felldar inn í venjulegan rekstur.

Í þessari skilgreiningu felast tvenns konar skilyrði, en þau taka aðeins til mikilvægra fjárhæða, og verður að uppfylla bæði skilyrðin. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að óreglulegar tekjur megi ekki vera hluti af venjulegum, áframhaldandi rekstri. Ljóst er að með því að flokka slíkar tekjur með venjulegum rekstrartekjum virðist rekstur hafa gengið betur en raun er á. Í þessu sambandi dugar ekki að tekjurnar séu óvenjulega háar, heldur verður tilefni þess að þær falla til að vera óvenjulegt. Í annan stað verða tekjur þessar að vera þess eðlis að þær endurtaki sig ekki í bráð eða lengd. Það þýðir að líkur til þess að þær falli til á næsta tímabili eða tímabilum eru óverulegar. Af þessu má ráða að söluhagnaður af eignum getur ýmist talist til óreglulegra tekna eða ekki. Hagnaður af sölu varanlegra rekstrarfjármuna, sem stöðugt er verið að endurnýja, telst ekki til óreglulegra tekna. Hins vegar væri söluhagnaður af fasteign sem endurnýjuð er eftir áratuga notkun óreglulegar tekjur í þessum skilningi.

Óregluleg gjöld

Gjöld sem ekki varða venjulegan rekstur og ekki er gert ráð fyrir að endurtaki sig í bráð eða lengd. Einungis verulegar fjárhæðir eru sérgreindar, önnur óregluleg gjöld eru felld inn í venjulegan rekstur.

Eins og á við um óreglulegar tekjur þurfa gjöld að uppfylla tvö skilyrði til þess að falla í flokk óreglulegra gjalda. Annars vegar þurfa þau að vera óvenjuleg í eðli sínu og hins vegar þurfa líkur að vera óverulegar á því að þau endurtaki sig í bráð eða lengd. Hér gildir einnig að fjárhæð gjaldanna ein og sér dugar ekki til þess að gjöld teljist óregluleg. Óvenjulega háar afskriftir viðskiptakrafna geta af þessum sökum ekki talist til óreglulegra gjalda, þar sem ekkert er óvenjulegt í sjálfu sér við slíkan lið. Hins vegar væri tjón vegna vatnsflóða, þar sem ekki er von á þeim, óreglulegur gjaldaliður.

Heildarafkoma

Heildarafkoma er sú fjárhæð sem óráðstafað eigið fé (eða ójafnað tap) breytist um á tilteknu tímabili, þegar frá eru taldar breytingar á þeim eiginfjárlið sem ekki stafa af rekstri.

Þetta hugtak felur bæði í sér tekjur og gjöld af reglulegum rekstri og óreglulegar tekjur og gjöld. Það gæti einnig eftir atvikum tekið til leiðréttinga á eigin fé sem færðar hafa verið beint á óráðstafað eigið fé (ójafnað tap) og varða rekstur á fyrri árum. Undanþegnar eru í þessu sambandi breytingar á óráðstöfuðu eigin fé, sem ekki stafa af rekstri, svo sem arðgreiðslur og aðrar ráðstafanir á eigin fé.

5.3. Fjárstreymi.

Við mat á fjárhagslegri stöðu fyrirtækis getur einnig verið nauðsynlegt að fá upplýsingar um breytingar á þeirri stöðu. Yfirlit sem skýra frá slíkum breytingum geta því verið mjög gagnleg. Í þessum yfirlitum er lögð áhersla á að skýra framlag rekstrar eða hversu mikið fé rann til hans. Framlag rekstrar skýrir frá mismun tekna og gjalda, þegar frá eru taldar þær tekjur og þau gjöld sem ekki skila fjármagni eða kalla á ráðstöfun fjár. Dæmi um slíka liði eru söluhagnaður eigna og afskriftir fastafjármuna. Að auki skýra yfirlitin frá fjárfestingum í langtímaeignum og fjármögnun þeirra, hvort sem hún stafar af lánsfé eða eigin aflafé. Slík yfirlit eru mjög gagnleg við að meta hæfi fyrirtækja til að standa við greiðsluskuldbindingar.

Tvenns konar fjárstreymisyfirlit eru aðallega samin til þess að upplýsa um breytingar á fjárhagslegri stöðu fyrirtækja. Annars vegar er yfirlit sem skýrir frá breytingum á hreinu veltufé, svokallað fjármagnsstreymi, og hins vegar yfirlit sem skýrir frá breytingum á handbæru fé en það nefnt sjóðstreymi. Hreint veltufé er mismunur veltufjármuna og skammtímaskulda. Veltufjármunir eru eignir sem fyrirtæki hefur til ráðstöfunar til greiðslu útgjalda eða skulda sem gjaldfalla innan eins árs, þ.e. skammtímaskulda. Bæði yfirlitin geta verið mjög gagnleg en algengast er þó orðið að sjóðstreymi fylgi reikningsskilum fyrirtækja.

6. Áhrif verðlagsbreytinga.

Við gerð reikningsskila, sem grundvallast á þeirri reglu að skrá eignir við upphaflegu kostnaðarverði, er sú forsenda gefin að verðlag sé stöðugt. Afkomuhugtak kostnaðarverðsreikningsskila grundvallast á nafnkrónuaukningu á eigin fé að frátöldum breytingum á eigin fé sem ekki varða rekstur. Reikningsskil miðast við þessa forsendu nema annað sé tekið fram.

Þegar svo háttar til að verulegar almennar og sértækar verðlagsbreytingar eiga sér stað getur verið nauðsynlegt að víkja þessari grundvallarreglu til hliðar. Sé það gert, er nauðsynlegt að gera skýra grein fyrir því hvernig afkomuhugtakið, sem notað er, er skilgreint. Það hugtak sem notað er í þessu sambandi verður að byggjast á þörfum lesenda reikningsskila. Þá er einnig mjög þýðingarmikið að samræmi sé í reglum um gerð reikningsskila að þessu leyti. Tvenns konar afkomuhugtök koma hér til greina.

Í fyrsta lagi er unnt að miða mælingar á afkomu við þá breytingu sem verður á kaupmætti eigin fjár. Ef hann hefur aukist miðað við almennar verðlagsbreytingar hefur viðkomandi rekstraraðili hagnast. Til samræmis hefur sá aðili tapað sem ekki hefur náð að viðhalda kaupmætti eigin fjárins á tilteknu tímabili miðað við almennar verðlagsbreytingar. Í þessu sambandi eru frátaldar breytingar á eigin fé sem stafa af framlögum frá eigendum eða til þeirra.

Í öðru lagi er unnt að miða mælingar á afkomu við þá starfsmáttaraukningu sem verður á eigin fé frá einum tíma til annars. Með starfsmætti er átt við hæfi fyrirtækis til að eiga og reka þær eignir sem það þarf á að halda í sínum rekstri. Yfirleitt er verulegum vandkvæðum bundið að nota þetta afkomuhugtak, þar sem starfsmátt eigna fyrirtækis er mjög erfitt að skilgreina.

Við þær aðstæður að almennar og sértækar verðlagsbreytingar eiga sér stað og ástæða þykir til þess að ýta til hliðar forsendunni um stöðugt verðlag, getur komið til greina að skrá eignir með ýmsum hætti. Í fyrsta lagi er unnt að miða við upphaflegt kostnaðarverð, en þá eru eignir skráðar við framreiknuðu kostnaðarverði miðað við almennar verðlagsbreytingar frá kaupdegi til reikningsskiladags. Í öðru lagi eru unnt að miða skráningu eigna við endurkaupsverð. Í þriðja lagi kemur einnig til greina að miða skráningu eigna við væntu söluvirði, þ.e. því verði sem ætla má að fengist fyrir eignirnar við óþvingaðar aðstæður. Í fjórða lagi kemur til álita að miða skráninguna við núvirði af nettóinnstreymi peninga sem nýting eigna mun hafa í för með sér, og til samræmis miðaðist skráning skulda við núvirði framtíðarútgreiðslna sem líklega verða inntar af hendi. Í verðbólgu hefur umræðan aðallega snúist um fyrstu tvo kostina, enda þykja hinir vera mjög erfiðir í framkvæmd.

Sé forsendunni um stöðugt verðlag hafnað, leiðir það til þess að reikna verður út áhrif almennra verðlagsbreytinga á peningalegar eignir, svo sem handbært fé, viðskiptakröfur og skuldabréfaeign, og skuldir. Staða og samsetning þessara liða ræður því hvort fyrirtæki verða fyrir tjóni eða hreppa ávinning af völdum almennra verðlagsbreytinga. Nauðsynlegt er að skýra frá því í reikningsskilum sem leiðrétt hafa verið fyrir áhrifum almennra verðlagsbreytinga hvernig að útreikningi þessum var staðið.

Að lokum skal ítrekað að verðlagsbreytingar geta haft veruleg áhrif á gæði þeirra upplýsinga sem reikningsskil veita. Nauðsynlegt er því að taka afstöðu til þess hvort leiðrétta verði reikningsskil fyrir áhrifum verðlagsbreytinga. Ekki er rétt að hvert einstakt fyrirtæki taki sjálfstæða ákvörðun í þessu efni, heldur verða öll fyrirtæki í sama hagkerfi að hlíta sömu reglum að þessu leyti.

7. Lokaorð.

Það er von ráðsins að þessi greinargerð um grundvöll reikningsskila komi að góðu gagni. Hér hafa verið skilgreind helstu hugtök um reikningsskil og meginreglur þeirra útskýrðar. Gerð reikningsskila hér á landi, eins og í Evrópulöndum yfirleitt, byggist fyrst og fremst á fyrirmælum ýmissa laga, en þar hefur ekki verið að finna upplýsingar um hugtök og reglur nema að takmörkuðu leyti. Greinargerð þessi er samin til þess að ráða þar nokkra bót á.

Reykjavík, 30. maí 1994.

Stefán Svavarsson, Árni Ól. Lárusson, Heimir Haraldsson,

Sigurður Þórðarson, Snorri Olsen.

STJÓRNARTÍÐINDI B 56 – 1994

9. ágúst 1994 1429 Nr. 451

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 405, 15. júlí 1994, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1994/1995.

1. gr.

1. mgr. 2. gr. orðist svo: Fyrir fiskveiðiárið 1. september 1994 til 31. ágúst 1995 skal leyfilegur heildarafli og úthlutað aflamark úr botnfisktegundum vera sem hér segir:

			Utan aflamarks			
		Leyfilegur heildarafli 1994/1995	**Línu-afli 1994/1995**	**Jöfnunar-sjóður 1994/1995**	**Króka-bátar 1994/1995**	**Úthlutað aflamark 1994/1995**
		Lestir	Lestir	Lestir	Lestir	Lestir
1.	Þorskur	155.000	14.211	6.458	21.500	112.831
2.	Ýsa	65.000	2.789	2.708	2.000	57.503
3.	Ufsi	75.000		3.125	2.300	69.575
4.	Karfi	77.000		3.208		73.792
5.	Grálúða	30.000		1.253		28.747
6.	Skarkoli	13.000		543		12.457

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum, öðlast gildi 1. september 1994.

Sjávarútvegsráðuneytið, 9. ágúst 1994.

Þorsteinn Pálsson.

Jón B. Jónasson.

Endurprentað blað.

Steindórsprent Gutenberg hf.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 414, 15. júlí 1994, um ráðstöfun aflaheimilda skv. 9. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða sbr. lög nr. 87/1994.

1. gr.

Í stað: „6%“ í 2. mgr. 1. gr. og 3. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar komi: 6,4%.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 2. mgr. 9. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 9. ágúst 1994.

Þorsteinn Pálsson.

Jón B. Jónasson.

Nr. 453 9. ágúst 1994

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 304, 14. ágúst 1992, um leyfi til fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum.

1. gr.

Í stað orðanna: „1. september 1994“ í síðasta málslið 11. gr. reglugerðarinnar komi: 1. september 1995.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 54, 16. maí 1992, um fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 9. ágúst 1994.

Þorsteinn Pálsson.

Jón B. Jónasson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 57 – 1994

VIÐAUKI

við reglugerð nr. 339, 22. júní 1994, um loðnuveiðar 1994/1995.

1. gr.

Þrátt fyrir ákvæði B. liðar 3. gr. reglugerðarinnar, sbr. reglugerð nr. 376, 5. júlí 1994, er loðnubátum heimilt að stunda veiðar á svæði því, sem tilgreint er í B. lið, á tímabilinu frá kl. 20 12. ágúst 1994 til með 21. ágúst 1994.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og laga nr. 34, 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 12. ágúst 1994.

F. h. r.
Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.

Stjórnartíðindi B 57, nr. 454. Útgáfudagur 12. ágúst 1994.

Steindórsprent Gutenberg hf.

STJÓRNARTÍÐINDI B 58 – 1994

Nr. 455 1432 15. ágúst 1994

REGLUGERÐ

um bann við rækjuveiðum á Rifsbanka.

1. gr.

Frá kl. 21 þann 15. ágúst 1994 eru allar veiðar með rækjuvörpu bannaðar á svæði á Rifsbanka, sem markast af línum, sem dregnar eru á milli eftirgreindra punkta:

1. 67°10'N - 15°55'V
2. 67°16'N - 15°55'V
3. 67°16'N - 15°20'V
4. 67°10'N - 15°20'V

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er skipum, sem stunda rækjuveiðar með seiðaskilju, heimilt að stunda veiðar á ofangreindu svæði. Skiljunni skal komið fyrir í belg vörpunnar. Bil milli rimla skal vera 21 mm og halli grindarinnar um 48°. Á efra byrði vörpunnar skal vera gat þar sem fiskur sem ekki sleppur í gegnum skiljuna skilst út.

2. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 15. ágúst 1994.

Þorsteinn Pálsson.

Jón B. Jónasson.

Stjórnartíðindi B 58, nr. 455. Útgáfudagur 15. ágúst 1994.

Steindórsprent Gutenberg hf.

STJÓRNARTÍÐINDI B 59 – 1994

17. ágúst 1994 1433 Nr. 456

REGLUGERÐ

um fuglaveiðar og nýtingu hlunninda af villtum fuglum.

1. gr.

Í reglugerð þessari merkir:

Friðun: bann við veiðum og öðrum aðgerðum sem geta aukið vanhöld eða dregið úr viðkomu fugla af tiltekinni tegund. Þegar rætt er um friðun, tekur hún einnig til eggja og hreiðra þeirra fugla sem njóta algerrar eða tímabundinnar friðunar.

Veiðar: að handsama eða drepa villta fugla og taka egg þeirra.

Villtir fuglar: allir fuglar aðrir en gæludýr og bústofn. Fugl, sem er handsamaður og hafður á haldi, telst villtur fugl.

Tjón af völdum villtra fugla: fjárhagslegt tjón sem einstaklingar, fyrirtæki eða aðrir verða fyrir, heilsufarslegt tjón fólks eða búfénaðar og tjón á náttúru landsins.

Netlög: hafsvæði 115 m út frá stórstraumsfjörumáli landareignar eða 115 m út frá bakka stöðuvatns sem landareign liggur að. Netlög fylgja einnig eyjum, hólmum og skerjum í sjó og stöðuvötnum.

Landareign: jörð eða annað landsvæði sem er háð beinum eignarrétti einstaklings eða lögaðila, þar með talið sveitarfélag eða ríki.

Fuglabjarg: Varpland bjargfugla í sjávarhömrum. Einkum er átt við svartfugla, en einnig ritu og súlu.

2. gr.

Reglugerð þessi nær til efnahagslögsögu Íslands.

3. gr.

Öllum íslenskum ríkisborgurum, svo og erlendum ríkisborgurum með lögheimili hér á landi, eru fuglaveiðar heimilar í almenningum, á afréttum utan landareigna lögbýla, enda geti enginn sannað eignarrétt sinn til þeirra, og í efnahagslögsögu Íslands utan netlaga landareigna. Skulu þeir hafa aflað sér leyfis til þess samkvæmt lögum nr. 64/1994 og reglum settum skv. þeim.

Landeigendum einum eru heimilar fuglaveiðar og ráðstöfunarréttur þeirra á landareign sinni, nema lög mæli öðruvísi fyrir.

Nú er landareign í sameign en er skipt eftir merkjum og afnota- eða eignarskiptingu og á þá hver sameigandi rétt til fuglaveiða á og fyrir sínum landshluta eða afnotasvæði, nema samkomulag hafi orðið um aðra lögmæta skipan.

Steindórsprent Gutenberg hf.

Nú er landareign í óskiptri sameign og eru þá landeigendum öllum fuglaveiðar jafnheimilar í þeirri landareign í réttu hlutfalli við afnotarétt lands nema samkomulag verði um aðra skipan.

Þar sem stöðuvatn, firðir, vogar eða sund, sem ekki eru 230 m á breidd, skipta landareignum eiga landeigendur veiðirétt út að miðlínu, svo og í ám og lækjum. Í stöðuvötnum, sem eru breiðari en 230 m, eru landeigendum, sem land eiga að vatninu, einum heimilar veiðar í almenningi þess og eru þær öllum jafnheimilar. Sé forn venja til þess að réttur til fuglaveiða í almenningi stöðuvatns fylgi tiltekinni eða tilteknum landareignum skal sú venja gilda eftirleiðis.

4. gr.

Veiðar eru aðeins heimilar í þeim tilgangi að nýta verðmæti í kjöti og öðrum afurðum eða verjast tjóni.

Veiðimanni er skylt að hirða bráð sína. Særi veiðimaður fugl ber honum að elta hann strax uppi og aflífa ef þess er nokkur kostur. Ákvæði þetta gildir einnig þótt særður fugl fari inn á landareign sem veiðimaður hefur ekki leyfi til að veiða á og þá er bráð eign landeiganda.

5. gr.

Við veiðar má eingöngu nota skotvopn sem úr má skjóta fríhendis frá öxl, með þeim undantekningum sem upp eru taldar í liðum 3, 4 og 16. Við fuglaveiðar er óheimilt að nota haglabyssu með hlaupvídd stærri en nr. 12. Við veiðar er m.a. óheimilt að nota:

1. Eitur eða svefnlyf.
2. Sprengiefni, bensín eða önnur efni til þess að svæla með gasi eða reyk.
3. Steina, barefli, eggvopn, skutla, stunguvopn eða áþekka hluti. Þó má nota barefli við hefðbundnar veiðar á fýls-, súlu- og skarfsungum.
4. Net, nema háf til lunda-, álku-, stuttnefju- og langvíuveiða. Fugla, er drepast í netum sem lögð eru til fiskveiða eða kópaveiða, má hvorki bjóða til sölu, selja, kaupa, gefa né þiggja að gjöf. Lifandi fugla skal greiða úr neti og sleppa.
5. Öngla eða önnur tól sem komið er fyrir í æti.
6. Snörur og snörufleka.
7. Fótboga eða gildrur.
8. Rafbúnað sem getur drepið eða rotað.
9. Segulbandstæki og aðra rafknúna hljóðgjafa.
10. Ljósgjafa.
11. Búnað til að lýsa upp skotmörk.
12. Spegla eða annan búnað sem blindar.
13. Búnað til þess að miða í myrkri með rafeindatækjum er stækka eða breyta ímyndinni.
14. Sjálfvirk skotvopn, svo og handhlaðnar fjölskotabyssur (pumpur) og hálfsjálfvirk skotvopn, með skothylkjahólfum sem taka fleiri en tvö skothylki.
15. Lifandi dýr sem bandingja.
16. Hunda til þess að hlaupa uppi bráð. Hunda má hins vegar nota til að finna bráð og sækja særða eða dauða bráð.
17. Vélknúin farartæki, nema báta á sjó enda gangi þeir ekki hraðar en níu sjómílur meðan á veiði stendur. Vélknúin farartæi á landi má nota til að flytja veiðimenn til og frá veiðilendum og þá eingöngu á vegum eða merktum vegaslóðum. Skotvopn skulu vera óhlaðin meðan á akstri stendur. Þau skulu einnig vera óhlaðin nær vélknúnu farartæki á landi en 250 metra.

Umhverfisráðherra getur í samráði við ráðgjafarnefnd um villt dýr veitt tímabundna undanþágu til að nota ofangreindar veiðiaðferðir í vísindaskyni eða ef villtir fuglar valda umtalsverðu tjóni og aðrar aðferðir eru ekki taldar henta.

6. gr.

Veiðar skulu óheimilar á svæðum sem eru friðlýst vegna dýralífs, sbr. auglýsingar þar að lútandi.

Mynda- og kvikmyndataka af örnum, fálkum, snæuglum og haftyrðlum við hreiður þeirra er óheimil nema leyfis umhverfisráðuneytisins hafi verið aflað fyrirfram, að fenginni umsögn ráðgjafarnefndar um villt dýr.

Dvöl við hreiður umræddra fugla vegna athugana á lifnaðarháttum þeirra, til upptöku á hljóðum þeirra eða í öðrum þeim tilgangi sem ætla má að geti valdið óæskilegum truflunum, skal vera háð leyfi því sem um ræðir í 2. mgr.

7. gr.

Þar sem talið er að villtir fuglar valdi tjóni einhvern tiltekinn tíma árs eða á svæðum þar sem viðkomandi tegundir eru friðaðar samkvæmt lögum nr. 64/1994 getur umhverfisráðherra, að fenginni umsögn ráðgjafarnefndar um villt dýr, veitt tímabundið leyfi til veiða í því skyni að koma í veg fyrir tjón. Í leyfi skal skrá nafn og kennitölu leyfishafa, gildistíma leyfis svo og mörk þess svæðis sem leyfið nær til og önnur skilyrði. Leyfishafa ber að skila skýrslu til ráðgjafarnefndar um villt dýr sem fyrst að loknum gildistíma leyfis þar sem fram koma upplýsingar um veiðar og mat á árangri.

Haförn, fálki, smyrill, snæugla og brandugla skulu ávallt vera undanskilin ákvæði 1. mgr.

8. gr.

Allir fuglar, þar með taldir þeir sem koma reglulega eða flækjast til landsins, eru friðaðir, nema annað sé tekið fram í reglugerð þessari. Friðun tekur einnig til eggja og hreiðra þeirra fugla sem njóta algerrar eða tímabundinnar friðunar, nema öðruvísi sé ákveðið í reglugerð þessari.

Friðun er aflétt á eftirtöldum tegundum sem hér segir:

1. Allt árið: Svartbakur, sílamáfur, silfurmáfur, hrafn.
2. Frá 20. ágúst til 15. mars: Grágæs, heiðagæs.
3. Frá 1. september til 15. mars: Fýll, dílaskarfur, toppskarfur, blesgæs, helsingi, stokkönd, urtönd, rauðhöfðaönd, duggönd, skúfönd, hávella, toppönd, hvítmáfur, hettumáfur, rita.
4. Frá 1. september til 10. maí: Álka, langvía, stuttnefja, teista, lundi.
5 Heimilt er að veiða kjóa í og við friðlýst æðarvarp á tímabilinu 15. apríl til 14. júlí.

Óheimilt er að þeyta flautur, fljúga flugvélum eða vera með annan hávaða að óþörfu í grennd við fuglabjörg. Ennfremur er óheimilt að hleypa af skoti á landi nær fuglabjörgum en 200 m og á sjó nær en 500 m. Aldrei má skjóta fugl í fuglabjörgum. Óheimilt er að veiða fugla í sárum.

9. gr.

Frá 15. apríl til 14. júlí ár hvert eru öll skot bönnuð nær friðlýstu æðarvarpi en 2 km, nema brýna nauðsyn beri til. Á sama tíma má eigi án leyfis varpeiganda leggja net í sjó nær friðlýstu æðarvarpi en 250 m frá stórstraumsfjörumáli.

Í varpi kríu, hvítmáfs og hettumáfs skal heimilt að taka egg þessara fugla en þó aldrei eftir 15. júní ár hvert.

Á takmörkuðum svæðum þar sem eggja- eða ungataka súlu, dílaskarfs, toppskarfs, fýls, skúms, hvítmáfs, ritu, álku, langvíu, stuttnefju, teistu og lunda telst til hefðbundinna

hlunninda, skulu friðunarákvæði laga nr. 64/1994 ekki vera til fyrirstöðu því að nytja megi þau hlunnindi eftirleiðis.

Á takmörkuðum svæðum, þar sem veiði fullvaxinna lunda, álku, langvíu og stuttnefju í háf telst til hlunninda, skulu friðunarákvæði laga nr. 64/1994 ekki vera til fyrirstöðu því að nytja megi þau hlunnindi eftirleiðis. Veiðar þessar hefjist ekki fyrr en 1. júlí en ljúki eigi síðar en 15. ágúst.

Á takmörkuðum svæðum, þar sem andavarp (þar með talið æðarvarp) er mikið skal veiðirétthafa heimilt að taka egg frá eftirtöldum andartegundum: æðarfugli, stokkönd, rauðhöfðaönd, urtönd, duggönd, skúfönd, hávellu, húsönd og toppönd. Við slíka eggjatöku skulu ávallt skilin eftir minnst fjögur egg í hverju hreiðri. Heimilt er og að taka grágæsar- og heiðagæsaregg, en þá skulu eigi færri en tvö egg skilin eftir í hreiðri. Andaregg og heiðagæsaregg, sem tekin eru samkvæmt ákvæðum þessarar málsgreinar, má hvorki bjóða til sölu, selja, kaupa, gefa né þiggja að gjöf.

Telji eigandi veiðiréttar sig hafa heimild til nýtingar hlunninda samkvæmt 3. eða 4. mgr. skal hann afla staðfestingar viðkomandi sveitarstjórnar og sýslumanns á rétti sínum. Neiti þessir aðilar að staðfesta heimild veiðiréttarhafa sker umhverfisráðherra úr þeim ágreiningi.

Umhverfisráðherra getur veitt undanþágu til þess að handsama villta fugla, svo sem nýklakta æðar- og grágæsarunga, til ræktunar og undaneldis.

Egg þeirra fugla sem tekin eru samkvæmt 2., 3. og 5. mgr. er óheimilt að unga út án sérstakrar undanþágu umhverfisráðherra.

10. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, varðhaldi eða fangelsi, upptöku skotvopna, og sviptingu veiðileyfis, sbr. 19. gr. laga 64/1994. Mál út af slíkum brotum sæta meðferð opinberra mála.

11. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Jafnframt eru úr gildi felldar reglugerðir nr. 97/1968 um mynda- og kvikmyndatöku af örnum, fálkum, snæuglum og haftyrðlum og nr. 345/1994 um afléttun á friðun svartbaks, sílamáfs, silfurmáfs og hrafns. Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytið, 17. ágúst 1994.

Össur Skarphéðinsson.

Lúðvík Bergvinsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 60 – 1994


22. júlí 1994 1437 Nr. 457

AUGLÝSING

um friðlýsingu Pollengis og Tungueyjar í Biskupstungum.

Samkvæmt heimild í 24. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd hefur Náttúruverndarráð fyrir sitt leyti ákveðið að friðlýsa hluta af Pollengi og alla Tunguey í Biskupstungum, Árnessýslu og er svæðið friðland.

Mörk friðlandsins eru þessi: Að vestan austurbakki Tungufljóts frá syðsta odda Sporðs norður að merkjum milli Ásakots og Galtalækjar; að norðan sömu merki í austurbakka Vatnsstæðis, þaðan sjónlína í vesturendann á merkjaskurði milli Lambhúskots og Bræðratungu; að austan sjónlína úr nefndum punkti suður í efstu vinkilbeygju á skurði sem liggur frá túnum í Bræðratungu í áttina að Opnós, og úr þeim punkti sjónlína í neðstu vinkilbeygju á merkjaskurði milli Bræðratungu og Hvítárbakka, síðan merkjaskurður milli Bræðratungu og Hvítárbakka allt í suðurbakka Murneyrar. Tunguey, Kríueyri og Sporðeyri teljast til friðlandsins.



Um friðlandið gilda þessar reglur:

1. Ekki má breyta landslagi á svæðinu. Gildir það einnig um tjarnarbakka, vatnsfarvegi og vatnsborð.
2. Mannvirkjagerð og jarðrask er háð leyfi Náttúruverndarráðs. Landeigendum er heimilt að halda við þeim skurðum sem þegar eru fyrir í friðlandinu.
3. Fuglaveiðar eru bannaðar í friðlandinu.
4. Friðlandið má nytja á sama hátt og tíðkast hefur, það er til slægna, beitar og fiskveiði.
5. Umferð ökutækja, sem ekki tengist nytjum landeigenda, er óheimil. Gangandi mönnum er heimil för um friðlandið í lögmætum tilgangi enda sé góðrar umgengni gætt og varast að trufla búsmala og fuglalíf. Náttúruverndarráð setur nánari reglur um umferð ef þörf gerist.

Náttúruverndarráð getur falið einum eða fleiri mönnum umboð sitt til eftirlits með framkvæmd friðlýsingar að nokkru eða öllu leyti.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum laga nr. 47/1971 um náttúruvernd.

Umhverfisráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Umhverfisráðuneytið, 22. júlí 1994.

Össur Skarphéðinsson.

Ingimar Sigurðsson.

Nr. 458 5. ágúst 1994

AUGLÝSING

um gildistöku ákvæða er leiða af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið vegna vöru- og farþegaflutninga á landi.

1. gr.

Eftirtalin ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sem vísað er til í 19. og 29. tölulið XIII. viðauka, skulu öðlast gildi sem hér segir, með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XIII. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans:

1. Tilskipun ráðsins 77/796/EBE frá 12. desember 1977 um að stefnt skuli að gagnkvæmri viðurkenningu á prófskírteinum, vottorðum og öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi farmflytjenda og aðila sem stunda farþegaflutninga á vegum, að meðtöldum ráðstöfunum sem ætlað er að hvetja þessa aðila til að neyta staðfesturéttarins, eins og henni var breytt með tilskipun ráðsins 89/438/EBE frá 21. júní 1989.
2. Tilskipun ráðsins 84/647 frá 19. desember 1984 um notkun ökutækja sem leigð eru án ökumanna til vöruflutninga á vegum.

2. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 47/1994 um vöruflutninga á landi og lögum nr. 53/1987 um skipulag á fólksflutningum með langferðabifreiðum, sbr. sérstaklega 2. gr. laga nr. 62/1993, öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytið, 5. ágúst 1994.

Halldór Blöndal.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Eyrarbakkahrepps nr. 333/1987, sbr. samþykkt nr. 477/1990.

1. gr.

12. gr. samþykktarinnar hljóði svo:

Hreppsnefnd heldur reglulega fundi tvisvar í hverjum mánuði, fyrsta og þriðja þriðjudag hvers mánaðar.

Reglulegir fundir hreppsnefndar skulu að jafnaði haldnir í fundarsal í íþrótta- og samkomuhúsinu Stað og hefjast klukkan 17.30 síðdegis. Heimilt er að fella niður fundi í hreppsnefnd í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

Aukafundi skal halda í hreppsnefnd eftir því sem þörf krefur að mati oddvita hreppsnefndar og skylt er að halda aukafund í hreppsnefnd ef a.m.k. þriðjungur hreppsnefndarmanna krefst þess.

2. gr.

56. gr. samþykktarinnar hljóði svo:

Hreppsnefnd kýs í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir:

A. Til eins árs. Á fundi í júní ár hvert:

1. *Skoðunarmenn.* Tvo aðalmenn og jafnmarga til vara sbr. 84. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
2. *Undirkjörstjórn við alþingiskosningar.* Tveir aðalmenn (hreppstjóri sjálfkjörinn formaður) og þrír til vara sbr. 10. gr. laga nr. 80/1987 um kosningar til Alþingis.

B. Til eins árs. Á fundi í apríl ár hvert, nema að afloknum hreppsnefndarkosningum, þá í júní:

1. *Stjórn Selfossveitna b.s.* Einn aðalmaður og einn til vara skv. samningi um byggðasamlagið milli sveitarstjórna Eyrarbakkahrepps, Stokkseyrarhrepps og Selfossbæjar, sem staðfestur var af hreppsnefnd Eyrarbakkahrepps 13. september 1992.
2. *Aðalfundur SASS.* Þrír fulltrúar og tveir til vara skv. lögum Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga.
3. *Aðalfundur Atvinnuþróunarsjóðs Suðurlands.* Einn fulltrúi og annar til vara skv. lögum sjóðsins.

C. Til fjögurra ára. Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum hreppsnefndarkosningum:

1. *Áfengisvarnarnefnd.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 30. gr. áfengislaga nr. 82/1969.
2. *Almannavarnanefnd.* Einn aðalmaður og annar til vara skv. 8. gr. laga nr. 94/1962 um almannavarnir með áorðnum breytingum, sbr. 2. mgr. 7. gr. sömu laga.
3. *Búfjáreftirlitsmaður* og annar til vara skv. 9. gr. laga um búfjárhald nr. 46/1991.
4. *Byggingar- og skipulagsnefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. byggingarlaga nr. 54/1978. Jafnframt skal nefndin fjalla um og gera tillögur til hreppsnefndar um skipulags- og landnýtingarmál.
5. *Félagsmálanefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Félagsmálanefnd fer með það hlutverk, sem félagsmálanefndum er falið í 11. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og annast vernd barna og ungmenna skv. lögum um vernd barna og ungmenna nr. 58/1992, þar til og ef barnaverndarmálum verður skipað með

öðrum hætti í Árnessýslu, sbr. 1. mgr. 6. gr. þeirra laga. Jafnframt fer félagsmálanefnd með stjórn öldrunarmála, þ.m.t. heimilishjálp skv. samþykkt um heimilishjálp í Eyrarbakkahreppi nr. 431/1975 og umsjón með félagsstarfi öryrkja og eldri borgara í hreppnum. Svo og fer félagsmálanefnd með störf jafnréttisnefndar skv. 13. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 28/1991.

6. *Heilbrigðisnefnd Selfosssvæðis.* Einn fulltrúa í nefndina og annan til vara skv. 6. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.
7. *Húsnæðisnefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmarga til vara skv. 40. gr. laga um Húsnæðisstofnun ríkisins nr. 97/1993.
8. *Kjörstjórn við sveitarstjórnarkosningar.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 23. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
9. *Leikskólanefnd.* Þrír aðalmenn og þrír til vara. Nefndin fer með málefni leikskólans á Eyrarbakka skv. 9. gr. laga um leikskóla nr. 78/1994.
10. *Skólanefnd.* Þrír aðalmenn og þrír til vara. Nefndin fer með málefni Barnaskólans á Eyrarbakka skv. 19. gr. laga nr. 49/1991 um grunnskóla.
11. *Stjórnarnefnd vinnumiðlunar.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 9. gr. laga nr. 18/1985 um vinnumiðlun.
12. *Úttektarmaður* og tveir til vara skv. 39. gr. ábúðarlaga nr. 64/1976.
13. *Héraðsnefnd Árnesinga.* Einn fulltrúi og annar til vara skv. samningi sveitarfélaga í Árnessýslu um héraðsnefnd Árnesinga.
14. *Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga.* Einn fulltrúi og annar til vara skv. 4. gr. laga Sambands íslenskra sveitarfélaga.
15. *Menningarmálanefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin fer með stjórn Bókasafns UMFE skv. 7. gr. laga um almenningsbókasöfn nr. 50/1976 og starfar með bókaverði og annast m.a. bókakaup í samvinnu við hann og hefur umsjón með Sjóminjasafninu á Eyrarbakka skv. stofnskrá safnsins frá september 1991. Jafnframt fjallar menningarmálanefnd og gerir tillögur til hreppsnefndar um vinabæjasamstarf og ýmsa menningarlega viðburði í sveitarfélaginu.
16. *Umhverfis- og ferðamálanefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin skal fylgjast með umhverfi þorpsins, svo sem að það sé hreinlegt og vera verkstjóra hreppsins til ráðgjafar um umhverfismál. Ennfremur fjallar nefndin um og gerir tillögur til hreppsnefndar um ferðamál og ferðamannaþjónustu í hreppnum.
17. *Æskulýðs- og íþróttamálanefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin er hreppsnefnd til ráðgjafar um æskulýðs- og íþróttamál. Nefndin er jafnframt hreppsnefnd til ráðgjafar um málefni íþróttahúss og íþróttavallar. Nefndin skal í störfum sínum hafa náið samstarf við íþrótta- og æskulýðsfélög í sveitarfélaginu og gera tillögur um fjárveitingar til þeirra.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Eyrarbakkahrepps hefur sett, samkvæmt 3. mgr. 7. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 með síðari breytingum, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 5. ágúst 1994.

F. h. r.
Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 137/1987 um notkun og bann við notkun tiltekinna eiturefna og hættulegra efna.

1. gr.

Í stað „20%“ í 1. ml. 15. gr. reglugerðarinnar komi „10%“.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 16. gr. laga nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni, ásamt síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytið, 29. júlí 1994.

Össur Skarphéðinsson.

Ingimar Sigurðsson.

REGLUR

um dómsgerðir í einkamálum og opinberum málum.

Eftir beiðni Hæstaréttar eða ríkissaksóknara skal héraðsdómstóll gera dómsgerðir í máli og hafa þær tilbúnar innan mánaðar frá því að beiðni berst. Beiðni skal vera bréfleg eða send með símbréfi.

Í dómsgerðum skulu vera:

1. Endurrit af dómi, úrskurði, dómsátt, viðurlagaákvörðun eða annarri ákvörðun, sem hefur leitt mál til lykta.
2. Endurrit af því sem hefur verið skráð um mál í þingbók, þar á meðal endurgerð af hljóðupptökum.
3. Frumrit af framlögðum skjölum í máli.
4. Héraðsdómur í tölvutæku formi.

Dómsgerðir skulu vera heftar saman í eitt eða eftir atvikum fleiri hefti. Á titilsíðu skal tekið fram að dómsgerðirnar séu í máli með tilteknu heiti og númeri og á tilteknum fjölda blaðsíðna, en undir dagsetningu skal dómari rita nafn sitt til staðfestingar á dómsgerðunum og setja við hana stimpil dómstólsins. Ef dómsgerðir eru í tveimur eða fleiri heftum skal hvert þeirra áritað með þessum hætti og tekið fram hver mörg heftin eru.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 4. mgr. 156. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 10. gr. laga nr. 38/1994, og 3. mgr. 154. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. 14. gr. laga nr. 37/1994.

Hæstiréttur Íslands, 13. júlí 1994.

Hrafn Bragason.

Erla Jónsdóttir.

REGLUR

um málsgögn (ágrip) í opinberum málum.

I. Þegar ríkissaksóknari hefur fengið í hendur dómsgerðir máls skal hann senda Hæstarétti þær ásamt málsgögnum (ágripi). Um fjölda eintaka málsgagna skal hann hafa samráð við hæstarréttarritara.

II. Málsgögn skulu geyma endurrit eða ljósrit eftirtalinna gagna í þessari röð, nema sérstakar ástæður mæli með annarri niðurröðun:
1. Ákæra og önnur gögn, sem varða málssóknina sérstaklega.
2. Hinn áfrýjaði dómur ásamt birtingarvottorði og yfirlýsingu dómþola um áfrýjun, ef því er að skipta.
3. Áfrýjunarstefna með áritun um birtingu.
4. Gögn um persónulega hagi sakbornings, svo sem sakavottorð og annað, sem talið er skipta máli við ákvörðun refsingar.
5. Endurrit af þinghöldum málsins.
6. Framlögð gögn í héraði, að því leyti sem ríkissaksóknari og skipaður verjandi telja þau nauðsynleg við flutning og úrlausn málsins í Hæstarétti. Niðurröðun þessara gagna skal, eftir því sem við verður komið, vera í samræmi við framsetningu sakarefnis í ákæru og hinum áfrýjaða dómi.
7. Þegar máli er áfrýjað með takmörkuðum hætti, sbr. a-e liði 147. gr. laga nr. 19/1991, sbr. 7. gr. laga nr. 37/1994, skal takmarka málsgögn með hliðsjón af því, í hvaða skyni áfrýjað er.

III. Endurrit og ljósrit málsgagna skulu vera skýr og vel læsileg. Þau skulu vera með blaðsíðutali og heft saman. Á kápu komi fram númer og nafn máls, svo og nöfn þeirra, sem flytja málið í Hæstarétti. Efnisyfirlit skulu og fylgja.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 3. mgr. 154. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. 14. gr. laga nr. 37/1994.

Hæstiréttur Íslands, 13. júlí 1994.

Hrafn Bragason.

Erla Jónsdóttir.

Nr. 463 13. júlí 1994

REGLUR

um málsgögn (ágrip) í einkamálum.

1. Þegar áfrýjandi afhendir Hæstarétti áfrýjunarstefnu og greinargerð sína, skal hann jafnframt skila málsgögnum (ágripi) á skrifstofu Hæstaréttar. Um fjölda eintaka skal hann fara að fyrirsögn hæstarréttarritara.
2. Í málsgögnum áfrýjanda skulu vera þau málsskjöl og endurrit, sem hann hyggst byggja mál sitt á fyrir Hæstarétti og liggja þegar fyrir. Áfrýjandi skal kosta kapps um að taka tillit til sjónarmiða stefnda um framlagningu gagna og taka öll þau gögn, sem hann má ætla, að stefndi vilji leggja fram. Í málsgögnum skulu vera eftirtalin gögn í endurriti eða ljósriti:
   a. Héraðsdómsstefna á málinu og skrá yfir framlögð gögn.
   b. Greinargerð stefnda í héraði.

c. Skjöl, sem voru lögð fram fyrir héraðsdómi og byggt var á eða vitnað var til í héraðsdómi, stefnu eða greinargerð stefnda.
d. Önnur skjöl, sem áfrýjandi telur einhverju geta skipt við úrlausn málsins fyrir Hæstarétti.
e. Endurrit af bókunum í þingbók í héraði, eftir því sem þörf krefur.
f. Eftirrit af framburði málsaðila eða vitna fyrir héraðsdómi, eftir því sem þörf krefur.
g. Héraðsdómurinn, sem áfrýjað er.
h. Áfrýjunarstefna.
i. Greinargerð áfrýjanda fyrir Hæstarétti.
j. Efnisskrá.

3. Þegar stefndi afhendir greinargerð sína Hæstarétti, skilar hann málsgögnum fyrir sitt leyti í jafn mörgum eintökum og áfrýjandi. Í málsgögnum stefnda skulu vera málskjöl og endurrit, sem hann hyggst byggja mál sitt á fyrir Hæstarétti og þegar eru tiltæk, að því leyti sem þau er ekki að finna í málsgögnum áfrýjanda. Í málsgögnum skal einnig vera greinargerð stefnda.
4. Við val á málsgögnum skal áfrýjandi leggja kapp á, að þau gefi skýra mynd af málinu í heild að teknu tilliti til þeirra krafna, sem hann gerir um breytingar á héraðsdómi, og á það sama við um stefnda að því leyti, sem hann telur skorta á gögn í málinu af hendi áfrýjanda. Aðilum er rétt að forðast að leggja fram gögn, sem hafa ekki sjálfstætt gildi, svo sem gögn um atriði, sem ágreiningur er ekki um, eða bréf, sem hafa gengið á milli þeirra fyrir höfðun málsins og veita enga vitneskju umfram stefnu eða greinargerð. Í eftirriti af framburði aðila eða vitna fyrir dómi skal ekki taka annað en það, sem áfrýjandi eða stefndi telur einhverju skipta til sönnunar á staðhæfingu sinni um málsatvik, en þess skal þó sérstaklega gætt, að engu sé sleppt úr framburði, sem þörf er á samhengis vegna.
5. Málsgögn skulu vera heft saman. Á kápu þeirra skal greina nafn og númer máls og nöfn þeirra, sen flytja málið í Hæstarétti. Endurrit eða ljósrit af skjölum skulu vera skýra og vel læsileg.
6. Fremst í málsgögnum áfrýjanda skal vera efnisskrá, sbr. lið 9, en hún má þó vera í sérstöku hefti, ef hann kýs. Í málsgögnum áfrýjanda skal næst koma héraðsdómstefna og greinargerð stefnda í héraði, en þar á eftir gagnstefna og greinargerð í gagnsök, ef um það er að ræða. Síðan skulu málsskjöl að jafnaði vera í tímaröð. Ódagsett skjöl skal setja þar, sem ætla má, að þau eigi heima. Ef sérstaklega stendur á, má raða skjölum að hluta í efnisröð. Næst skulu koma þinghöld eða dagsetningar þeirra og skal það úr þeim tekið með, sem máli skiptir og sýnir rétta framvindu málsins. Þá kemur áfrýjaði dómurinn í heild. Á eftir honum skal vera áfrýjunarstefna og greinargerð áfrýjanda. Í málsgögnum stefnda skal skjölum og endurritum raðað með sama hætti. Þegar skjölum er sleppt eða eftirriti af framburði aðila eða vitnis í heild, skal þess getið á þeim stað í málsgögnum, þar sem skjalið eða eftirritið hefði annars verið. Ef sleppt er hluta af skjali eða framburði, skal auðkenna úrfellingu með punktalínu, sem standi á milli greinarskila. Við punktalínu eða í neðanmálsgrein frá henni skal tekið fram hversu mikið efni hafi verið fellt úr, svo sem fjöldi blaðsíðna úr skjali eða mínútufjölda í munnlegri skýrslugjöf.
7. Málsgögn skulu vera með blaðsíðutali. Ný skjöl fyrir Hæstarétti skulu merkt með bókstöfum og skulu þau þeirra, sem komast í málsgögnin, jafnframt vera blaðsíðusett þar á viðeigandi stað.

8. Uppdrættir, ljósmyndir og annað, sem ekki er unnt að hafa í málsgögnum skal vera í sérstöku hefti eða möppu. Það skal merkt með rómverskum tölum og skal þessara gagna getið þar í málsgögnum, sem þau væru ella.
9. Efnisskrá í málsgögnum áfrýjanda skal vera sem hér segir: Í fyrsta kafla hennar skal geta allra skjala í framlagningarröð í héraði með réttu númeri. Í öðrum kafla skal greina öll þinghöld. Í þriðja kafla skal nefna öll ný skjöl fyrir Hæstarétti með bókstafsmerkingu. Í fjórða kafla skal tiltaka nöfn allra þeirra sem hafa komið fyrir dóm. Í fimmta kafla skal vera tímaskrá. Þar skal greina öll meginatriði málsatvika í tímaröð. Í öllum köflum efnisskrárinnar skal vísa til blaðsíðutals í málsgögnum og heftis, ef þau eru fleiri en eitt, að því leyti, sem skjöl eða endurrit eru tekin þar upp, en annars skal tekið þar fram að þeim sé sleppt. Kaflaskipan í efnisskrá í málsgögnum stefnda skal vera samsvarandi, en í skránni skal þó aðeins getið skjala og endurrita, sem þar eru tekin upp.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 4. mgr. 156. gr. og 3. mgr. 159. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 10. og 13. gr. laga nr. 38/1994.

Hæstiréttur Íslands, 13. júlí 1994.

Hrafn Bragason.

Erla Jónsdóttir.

Nr. 464 3. ágúst 1994

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið að:

1. stöðvunarskylda verði á Laugalæk gagnvart Sundlaugavegi.
2. stöðvunarskylda verði á Smiðjustíg gagnvart Hverfisgötu.
3. biðskylda verði á Grettisgötu gagnvart Vitastíg.
4. biðskylda verði á Þingholtsstræti gagnvart Amtmannsstíg.
5. hægri beygja verði leyfð fyrir leigubíla úr Lækjargötu inn á Austurstræti.

Ákvörðun þessi hefur þegar tekið gildi.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 3. ágúst 1994.

Böðvar Bragason.

REIKNINGUR

Bjargráðasjóðs fyrir árið 1993.

Sameinaður rekstrarreikningur.

Fjármunatekjur:	**kr.**
Vaxtatekjur og verðbætur	13.413.631
Fjármunatekjur alls:	13.413.631
Fjármagnsgjöld:	
Vaxtagjöld	774.445
Reikn. gjöld v/verðlagsbreytinga	5.004.940
Fjármagnsgjöld alls:	5.779.385
Hreinar fjármunatekjur	7.634.246
Aðrar tekjur:	
Framlag sveitarfélaga	21.318.913
Gjald af söluv. landbúnaðarins	79.398.416
Aðrar tekjur alls:	100.717.329
Tekjur alls:	108.351.575
Styrkveitingar:	
Styrkir	43.491.083
Niðurfærsla skuldabréfaeignar	3.344.999
Styrkveitingar alls:	46.836.082
Hreinar tekjur fyrir rekstrargjöld	61.515.493
Rekstrargjöld:	
Hlutdeild í sameiginlegum kostnaði	9.037.255
Rekstrarkostnaður húsnæðis	1.490.574
Sérkostnaður	2.565.230
Innheimtulaun búvörugjalds	1.567.134
Afskriftir	515.758
Rekstrargjöld alls:	15.175.951
Hagnaður ársins:	46.339.542

Sameinaður efnahagsreikningur þann 31. desember.

Eignir:

Veltufjármunir:	**kr.**
Bankainnstæður	198.413.802
Framleiðsluráð landbúnaðarins	2.761.236
Gjaldfallnar afborganir	0
Næsta árs afborganir	711.397
Veltufjármunir alls:	201.886.435

Fastafjármunir:

Langtímakröfur:	kr.
Skuldabréfaeign	1.422.795
Afborganir næsta árs	(711.397)
Niðurfærsla langtímakrafna	0
Langtímakröfur alls:	711.398
Varanlegir rekstrarfjármunir:	
Áhöld	2.643.596
Fasteignir	17.478.581
	20.122.177
Afskrifað alls	(6.805.065)
Varanl. rekstrarfjárm. alls:	13.317.112
Fastafjármunir alls:	14.028.510
Eignir samtals:	215.914.945

Skuldir og eigið fé:

Skammtímaskuldir:	
Ógreidd ýmis rekstrargjöld	410.894
Séreignadeild	12.707.334
Aðrar skammtímaskuldir	1.141.961
Skammtímaskuldir alls:	14.260.189
Eftirlaunaskuldbinding	9.320.000
Skuldir alls:	23.580.189
Eigið fé:	
Endurmatsreikningur	144.544.033
Óráðstafað eigið fé	47.790.723
Eigið fé alls:	192.334.756
Skuldir og eigið fé samtals:	215.914.945

Reykjavík, 21. febrúar 1994.

Þórður Skúlason.

Birgir L. Blöndal.

Áritun endurskoðanda.

Ársreikning þennan fyrir Bjargráðasjóð fyrir árið 1993 hef ég endurskoðað.

Ársreikningurinn, sem er á 16 blaðsíðum, hefur að geyma sameinaðan rekstrarreikning, sameinaðan efnahagsreikning hinn 31. desember 1993, sjóðstreymi, skýringar 1-8, rekstrarreikning almennrar deildar, efnahagsreikning almennrar deildar hinn 31. desember 1993, rekstrarreikning búnaðardeildar og efnahagsreikning búnaðardeildar hinn 31. desember 1993.

Endurskoðunin var framkvæmd eftir viðteknum endurskoðunarvenjum og voru í því sambandi gerðar þær kannanir á bókhaldi og bókhaldsgögnum, sem ég taldi nauðsynlegar.

Það er álit mitt, að ársreikningurinn sé saminn í samræmi við lög og samþykktir og gefi, miðað við þær reikningsskilaaðferðir, sem beitt er og lýst er í skýringum, glögga mynd af rekstri sjóðsins á árinu 1993, efnahag hans hinn 31. desember 1993 og breytingu handbærs fjár á árinu 1993.

Reykjavík, 8. febrúar 1994.
Gunnar Zoëga, lögg. end.

Skýrsla stjórnar.

Starfsemi Bjargráðasjóðs var með hefðbundnum hætti á árinu 1993. Haldnir voru 8 stjórnarfundir, þar sem 514 mál voru tekin fyrir.

Á árinu var unnið við að semja nánari reglugerð fyrir sjóðinn. Stjórnin fjallaði um innheimtu sjóðsins á útistandandi lánum og takmarkaða möguleika til að beita hörðum innheimtuaðgerðum og fylgja þeim eftir m.a. vegna erfiðrar fjárhagsstöðu lántakenda. Ákveðið var, af áðurnefndum ástæðum, að fella niður eftirstöðvar, vexti og dráttarvexti á veittum lánum sjóðsins, sem flest voru veitt á árunum 1979-1984. Niðurfellingin skv. bókhaldi sjóðsins er kr. 3.344.999, en áður hafði farið fram óbein afskrift krafna að fjárhæð kr. 8.369.000.

Stjórn Bjargráðasjóðs staðfestir hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 1993 með undirritun sinni.

Reykjavík, 21. febrúar 1994.
Berglind Ásgeirsdóttir. Haukur Halldórsson.
Bjarni Kr. Grímsson. Jón Helgason.
Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson.

Áritun framkvæmdastjóra.

Reykjavík, 21. febrúar 1994.
Þórður Skúlason. Birgir L. Blöndal.

REGLUGERÐ

um gjaldskrá Húsnæðisstofnunar ríkisins.

1. gr.

Lántökugjöld af lánum veittum úr Byggingarsjóði ríkisins og Byggingarsjóði verkamanna og af skuldabréfakaupum húsbréfadeildar eru:

1. Lán Byggingarsjóðs ríkisins: Lántökugjald er 1% af veittri lánsfjárhæð og skal því haldið eftir við afgreiðslu lánsins.
2. Lán Byggingarsjóðs verkamanna: Lántökugjald er 0,5% af veittri lánsfjárhæð og skal því haldið eftir við afgreiðslu lánsins.
3. Skuldabréfakaup húsbréfadeildar: Lántökugjald er 1% af fasteignaveðbréfi sem keypt er fyrir húsbréf og skal því haldið eftir við kaupin.

2. gr.

Tæknideild Húsnæðisstofnunar ríkisins tekur gjald vegna tæknilegra umsagna, kostnaðareftirlits og lokaúttekta á félagslegum íbúðarbyggingum, er nemur 0,75% af byggingarkostnaði, sem lagður er til grundvallar verksamnings auk virðisaukaskatts. Gjaldið verðbætist frá grunnverði samnings til greiðsludags samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar. Tæknideildin tekur tímagjald fyrir aðra þjónustu sem hún veitir er nemur 2.800 kr. á klukkustund, auk virðisaukaskatts, m.v. byggingarvísitölu í ágúst 1994, 197,8 stig, og tekur breytingum samkvæmt henni.

3. gr.

Gjöld vegna innheimtu af lánum Húsnæðisstofnunar ríkisins, sem í vanskilum eru:

1. Við sendingu greiðsluáskorunar 4.500 kr. auk virðisaukaskatts, á hverja greiðsluáskorun. Gjald er þó takmarkað við tvær greiðsluáskoranir á hverja íbúð í hvert sinn sem greiðsluáskoranir eru sendar út.
2. Við sendingu nauðungarsölubeiðna 2.000 kr. á hverja beiðni, auk virðisaukaskatts.
3. Við gerð kröfulýsinga í uppboðsandvirði 5.000 kr. á hverja kröfulýsingu, auk virðisaukaskatts.

4. gr.

Gjöld vegna starfsemi Húsnæðisstofnunar ríkisins sem unnin eru af utanaðkomandi aðilum og innheimt af þeim byggjast á gjaldskrám þeirra.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 117. gr. laga nr. 97/1993 um Húsnæðisstofnun ríkisins, sbr. 7. gr., öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 8. ágúst 1994.

Össur Skarphéðinsson.

Elín S. Jónsdóttir.

REIKNINGUR

Lánasjóðs sveitarfélaga fyrir árið 1993.

Rekstrarreikningur.

Fjármunatekjur:		**kr.**
Vaxtatekjur, verðbætur og gengismunur af útlánum		351.118.275
Aðrar vaxtatekjur		6.056.978
Lántökugjald		9.412.944
Fjármunatekjur alls:		366.588.197
Fjármagnsgjöld:		
Vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur af langtímalánum		63.818.320
Önnur vaxtagjöld		350.076
Lántökugjöld		591.986
Fjármagnsgjöld alls:		64.760.382
Fjármunatekjur – fjármagnsgjöld án verðbreytingafærslu		301.827.815
Reiknuð gjöld v/verðbreytinga	(1)	103.132.079
Hreinar fjármunatekjur:		198.736
Aðrar tekjur:		
Framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga		5.642.014
Aðrar tekjur alls:		5.642.014
Rekstrargjöld:		
Hlutdeild í sameiginlegum kostnaði		10.527.828
Sérkostnaður Lánasjóðs		5.961.091
Afskr. varanl. rekstrarfjámuna		1.739.364
Rekstrargjöld alls:		18.228.283
Tekjuafgangur ársins:		186.109.467

Efnahagsreikningur

Eignir

Veltufjármunir	**kr.**
Sjóður	0
Bankainnstæður	29.187.858
Útistandandi skuldir	5.033.984
Gjaldfallnar afborganir og vextir	12.994.509
Áfallnir útistandandi vextir	99.701.408
Afborg. sem gjaldf. á næsta ári	561.589.949
Veltufjármunir alls:	708.507.708

Fastafjármunir:

Langtímakröfur:	
Skuldabréfaeign	4.347.272.107
Afb. til greiðslu á næsta ári	570.375.622
Langtímakröfur alls:	3.776.896.485
Áhættufé:	
Hlutabréfaeign	200.000
Áhættufé alls:	200.000
Varanlegir rekstrarfjármunir:	
Tölvubúnaður	459.965
Fasteign	31.403.488
Varanl. rekstrarfjármunir alls:	31.863.453
Fastafjármunir alls:	3.808.959.938
Eignir samtals	4.517.467.646

Skuldir og eigið fé

Skammtímaskuldir	**kr.**
Skuldheimtumenn	2.188.839
Áfallnir ógr. vextir	6.772.511
Afb. næsta árs af langtímaskuldum	86.903.896
Skammtímaskuldir alls:	95.865.246

Langtímaskuldir:

Langtímalán:	
Framkvæmdasjóður Íslands	307.550.133
Seðlabanki Íslands	6.578.790
Norræni fjárfestingabankinn	411.856.605
	725.985.528
Afborganir næsta árs	86.903.896
Langtímalán alls:	639.081.632
Ábyrgðarskuldbinding:	
Lífeyrisskuldbinding v/starfsm.	10.243.000
Ábyrgðarskuldb. alls:	10.243.000
Skuldir alls:	745.189.878

Eigið fé:

Endurmatsreikningur	1.939.388.101
Óráðstafað eigið fé	1.832.889.667
Eigið fé alls:	3.772.277.768
Skuldir og eigið fé samtals:	4.517.467.646

Reykjavík, 24. febrúar 1994.

Þórður Skúlason.

Birgir L. Blöndal.

Áritun endurskoðenda.

Ég hefi endurskoðað ársreikning Lánasjóðs sveitarfélaga fyrir árið 1993. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning ársins 1993, efnahagsreikning 31. desember 1993, fjármagnsstreymi og sjóðstreymi 1993.

Við framkvæmd endurskoðunarinnar voru gerðar þær kannanir á bókhaldi og bókhaldsgögnum, sem ég taldi nauðsynlegar. Það er álit mitt, að miðað við viðteknar reikningsskilavenjur, gefi ársreikningurinn glögga mynd af rekstri sjóðsins árið 1993 og efnahag hans í árslok.

Reykjavík, 24. febrúar 1994.

Sveinn Sæmundsson,
löggiltur endurskoðandi.

Við undirritaðir, endurskoðendur Lánasjóðs sveitarfélaga, höfum yfirfarið ársreikning þennan. Hann er í samræmi við ákvæði laga og leggjum við til, að hann verði samþykktur.

Reykjavík, 24. febrúar 1994.

Sveinn Sæmundsson. Ingimundur Sigurpálsson.

AUGLÝSING

um nafn á sveitarfélagi því sem til varð við sameiningu Eyjarhrepps og Miklaholtshrepps.

1. gr.

Nafn hins nýja sveitarfélags skal vera Eyja- og Miklaholtshreppur.

2. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 10. ágúst 1994.

F. h. r.
Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

12. ágúst 1994 1453 Nr. 469

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 405, 15. júlí 1994, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1994/1995.

1. gr.

Tveir fyrstu málsliðir 5. tl. 3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

5. Innfjarðarrækja samtals:	6050 lestir
þ.a. Eldey	1500 lestir

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 12. ágúst 1994.

Þorsteinn Pálsson.

Jón B. Jónasson.

9. ágúst 1994 Nr. 470

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 291, 31. maí 1994, um botn- og flotvörpur.

1. gr.

3. mgr. 1. gr. orðist svo: Með poka í reglugerð þessari er átt við aftasta hluta vörpunnar. Pokinn skal allur jafnbreiður og skorinn á legg eða síðum. Heimilt er þó að þrengja poka (sekk) á leisum í tveimur öftustu metrum pokans. Óheimilt er að nota umbúnað af nokkru tagi til þess að koma í veg fyrir rennsli afla aftur í poka.

2. gr.

Ákvæði til bráðabirgða I, orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. gr. reglugerðar þessarar er heimilt að nota botn- og flotvörpu með lágmarksmöskvastærðinni 135 mm. Þó skal lágmarksstærð möskva í a.m.k. 8 öftustu metrum vörpunnar vera 155 mm þegar togveiðar eru stundaðar á svæði fyrir Vestur- og Suðurlandi innan línu, sem dregin er 310° réttvísandi frá stað 66°00'N, 25°15'V og innan línu, sem dregin er frá stað 66°00'N, 25°15'V, í stað 64°53'N, 25°15'V

B 101
Steindórsprent Gutenberg hf.

og þaðan í 90° réttvísandi í stað í 12 sjómílna fjarlægð frá grunnlínu suður og austur um að 19°50'V, þaðan í stað 63°06'N, 18°00'V, síðan í 65° réttvísandi að 10°00'V og þaðan 90° réttvísandi út að mörkum fiskveiðilandhelginnar.

Á tímabilinu 1. september til 31. desember er heimilt að nota 135 mm riðil í allri vörpunni á svæði milli 18°00'V og 21°00'V. Að norðan markast svæðið af línu, sem dregin er 6 sjómílur utan við grunnlínu samkvæmt reglugerð nr. 299/1975.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og laga nr. 34, 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 9. ágúst 1994.

F. h. r.
Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.

Nr. 471 15. ágúst 1994

REGLUGERÐ

um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands.

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til veiða íslenskra skipa sem veiða utan 200 sjómílna fiskveiðilandhelgi Íslands. Reglugerðin tekur ekki til veiða í fiskveiðilandhelgi annarra ríkja.

2. gr.

Skipstjórar íslenskra fiskiskipa, sem fara til veiða, utan fiskveiðilandhelgi Íslands, skulu tilkynna það Fiskistofu við upphaf hverrar veiðiferðar eða svo skjótt sem unnt er. Í tilkynningu skal greina nafn skips og skipaskrárnúmer, nafn skipstjóra, hvar fyrirhugað er að stunda veiðar og hvenær áætlað er að þær hefjist. Óheimilt er að hefja veiðar utan 200 sjómílna fiskveiðilandhelgi Íslands án þess að það hafi verið tilkynnt til Fiskistofu áður.

Tilkynna skal einnig hvenær veiðiferð lýkur, ekki seinna en við lok hennar. Skal þá tilkynna hvar fyrirhugað sé að landa aflanum.

3. gr.

Fyrir 20. hvers mánaðar skal útgerð fiskiskips hafa tilkynnt afla undangengins mánaðar til Fiskistofu á þar til gerðu eyðublaði sem Fiskistofa lætur í té. Útgerðarmönnum og skipstjórnarmönnum er jafnframt skylt að gefa Fiskistofu, án endurgjalds, allar þær upplýsingar varðandi veiðar skipanna utan fiskveiðilandhelgi Íslands og ráðstöfun aflans sem unnt er að láta í té og óskað er eftir á umræddu eyðublaði eða með öðrum hætti.

II. KAFLI
Ákvæði um veiðar íslenskra skipa á Norðvestur-Atlantshafi.

4. gr.

Ákvæði 4.-14. gr. gilda jafnframt um veiðar íslenskra skipa á svæði sem nefnt er „samningssvæðið“ í samningi um framtíðarsamvinnu ríkja varðandi fiskveiðar á Norðvestur-Atlantshafi sbr. auglýsingu nr. 17 í C-deild Stjórnartíðinda 29. desember 1978. Vísað er til viðauka III við þann samning um skiptingu þess svæðis í vísindaleg og tölfræðileg undirsvæði (tilgreind með tölustöfum), deilisvæði (hlutar undirsvæðis tilgreindir með tölustaf og stórum bókstaf) og undirdeilisvæði (hlutar deilisvæðis tilgreindir með litlum bókstaf) sem meðfylgjandi mynd í viðauka I sýnir.

5. gr.

Óheimilt er að stunda veiðar úr eftirtöldum stofnum:
Þorskstofni á deilisvæðum 3M, 3NO og 2J3KL
Karfastofni á deilisvæðum 3M og 3LN
Skrápflúrustofni á deilisvæðum 3M og 3LNO
Stofni amerísks sandkola á deilisvæðum 3LNO
Langlúrustofni á deilisvæðum 3NO
Loðnustofni á deilisvæðum 3NO
Smokkfiskstofni á undirsvæðum 3 og 4
Rækjustofni á deilisvæðum 3LNO.

6. gr.

Þegar veiðar eru stundaðar á samningssvæði Norðvestur-Atlantshafsfiskveiðistofnunarinnar, NAFO, sbr. 4. gr. reglugerðar þessarar skal í tilkynningu skv. 2. gr. koma fram, auk þargreindra upplýsinga, hvaða fisktegund og stofn er fyrirhugað að veiða og á hvaða deilisvæði búast megi við að skipið veiði.

7. gr.

Skylt er útgerð skips að tilkynna til Fiskistofu með að minnsta kosti 24 klukkustunda fyrirvara að það fari inn á samningssvæðið. Í tilkynningu skal tilgreina tíma, dagsetningu og staðsetningu skipsins svo og hvenær koma þess inn á svæðið sé áætluð. Þá er útgerð skips skylt að tilkynna áður en skip fer af einu deilisvæði til annars eða yfirgefur umráðasvæðið.

8. gr.

Skylt er þeim er veiða á samningssvæðinu eða hafa stundað veiðar á því að veita aðstoð sína til þess að eftirlitsmenn samningsríkja NAFO, sem sýnt geta fram á með skilríkjum að þeir séu til þess bærir, geti komist um borð eftir að skip eða þyrla sem þeir eru um borð í hefur gefið viðeigandi merki á alþjóðlegu merkjakerfi um að þeir æski þess að koma um borð.

Um borð í hverju skipi skal vera stigi og önnur áhöld sem gera eftirlitsmönnum mögulegt að komast um borð með skjótum og öruggum hætti.

Eftirlitsmönnum skal leyft að skoða og mæla veiðarfæri skipsins og afla til að ganga úr skugga um að farið sé eftir reglum þeim er NAFO hefur sett. Þá skal eftirlitsmönnum gert kleift að skoða skjöl skipsins, skrifa í þau athugasemdir sínar um meint brot og gera skýrslu um skoðunina.

9. gr.

Skylt er veiðiskipum að skrá afla jafnóðum í sérstakar veiðidagbækur sem Fiskistofa lætur í té.

10. gr.

Ákvæði 10.-14. gr. gilda um veiðar á rækju á deilisvæði 3M. Jafnframt gilda önnur ákvæði þessarar reglugerðar um þær veiðar.

11. gr.

Óheimilt er að nota vörpu með minni möskva en 40 mm, mælt með tveggja mm þykkri stiku og með 5 kg átaki á þann hátt sem reglur NAFO kveða á um. Þá er óheimilt að hafa um borð slík veiðarfæri án leyfis Fiskistofu.

12. gr.

Skylt er að nota seiðaskilju við veiðarnar og má bil milli rimla ekki vera meira en 28 mm.

13. gr.

Ef samanlagður aukaafli allra tegunda sem eru undir stjórn stofnunarinnar verður meiri en 10% af þunga í hali er skylt að yfirgefa veiðistað. Ekki er heimilt að hefja veiðar innan 5 sjómílna frá þeim stað.

14. gr.

Rækjuveiðar á deilisvæði 3L, 3N, og 3O eru óheimilar. Þó er sjávarútvegsráðuneytinu heimilt að veita sérstaka undanþágu frá þessu ef um er að ræða skip sem tekur þátt í rannsóknum sem veiðar eru nauðsynlegur þáttur í.

III. KAFLI

Ýmis ákvæði.

15. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 34, 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

16. gr.


Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 34, 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 15. ágúst 1994.

Þorsteinn Pálsson.

Jón B. Jónasson.

Viðauki I


MAP ILLUSTRATING NAFO'S CONVENTION AREA AND 200-MILE FISHING ZONE BOUNDARIES
BAFFIN ISLAND
HUDSON STRAIT
DAVIS STRAIT
GREENLAND
Greenland
Limit N - Parallel 78°10'N
Limit W - Meridian 80°00'W
1A
0A
1B
0B
1C
1C
1D
1E
0B
1F
2G
2H
2J
3K
3L
3M
3N
3O
3Ps
3Pn
4R
4S
4T
4Vn
4Vs
4W
4X
5Y
5Zc
5Zw
5Ze
5Zu
6A
6B
6C
6D
6E
6F
6G
6H
Cape Desolation
Cape Farewell
Cape Mugford
Boundary of Northwest Atlantic Fisheries Organization (NAFO) Convention Area
Boundary of Subareas
Boundary of Divisions
183-Meter (100-Fathom) Contour
200-Mile Fishing Zone Boundary
200-Mile Fishing Zone Boundary Coincident with Boundary of Subareas
LABRADOR
QUEBEC
C A N A D A
Pte. Des. Monts
Gulf of St. Lawrence
NEWFOUNDLAND
Miquelon I.
Saint Pierre I.
Grand Bank
Flemish Cap
NEW BRUNSWICK
NOVA SCOTIA
Scotian Shelf
ONT.
MAINE
U S A
VT.
N.H.
NEW YORK
MASS.
CONN.
R.I.
PA.
N.J.
MD.
VA.
N.C.
Cape May
Cape Hatteras
Nantucket I.
Georges Bank
A T L A N T I C O C E A N
75°
70°
65°
60°
55°
50°
45°
40°
35°

STJÓRNARTÍÐINDI B 62 – 1994

Nr. 472 1458 23. ágúst 1994

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 397/1993 um greiðslumark sauðfjárafurða á lögbýlum og beinar greiðslur verðlagsárið 1994/1995.

1. gr.

4. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar verði svohljóðandi:

Við útreikning á nýtingu greiðslumarks skal kjöt af dilkum og fullorðnu fé hafa sama vægi.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 23. ágúst 1994.

Halldór Blöndal.

Jón Höskuldsson.

Nr. 473 24. ágúst 1994

REGLUGERÐ

um miðlun vátrygginga.

Almenn ákvæði.

1. gr.

Með vátryggingamiðlara er átt við einstakling sem starfar á faglegum grundvelli og í atvinnuskyni við að koma á vátryggingasamningum í frumtryggingum milli vátryggingataka og vátryggingafélaga, hefur frelsi um val á vátryggingafélagi, hefur engin önnur fjárhagsleg tengsl við vátryggingafélag sem miðlað er til en þau sem tengjast þeim vátryggingasamningum sem komið er á, þar með talin tengsl vegna eignaraðildar eða annarra hagsmuna. Í starfseminni felst að undirbúa samninga um vátryggingu, og þar sem það á við, aðstoða við framkvæmd á slíkum samningum, einnig þegar krafa um vátryggingabætur er sett fram.

2. gr.

Sá einn má nota heitið vátryggingamiðlari hér á landi sem fengið hefur starfsleyfi og skráður hefur verið í vátryggingamiðlaraskrá.

Starfsemi lögaðila sem rekur vátryggingamiðlun hér á landi er háð starfsleyfi og skal

Steindórsprent Gutenberg hf.

lögaðilinn skráður í vátryggingamiðlaraskrá og þeir starfsmenn miðlunarinnar sem fá leyfi sem vátryggingamiðlarar.

Vátryggingamiðlari með starfsleyfi á hinu Evrópska efnahagssvæði sem starfar hér á landi, skal skráður hér og sama á við um lögaðila sem hér rekur vátryggingamiðlun, sbr. 22. gr. Starfsleyfi þessara aðila skulu tekin gild hér á landi séu uppfyllt ákvæði 8. og 9. gr. eftir því sem við á.

Sé starfsemin ekki háð starfsleyfi í heimaríkinu skal vátryggingamiðlari eða vátryggingamiðlun sem lögaðili leggja fram formlega umsókn um starfsleyfi. Sama gildir um aðila sem starfa utan Evrópska efnahagssvæðisins.

3. gr.

Vátryggingamiðlari má einungis miðla frumtryggingum til vátryggingafélaga sem hafa starfsleyfi hér á landi. Starfsleyfi vátryggingafélags í aðildarríki Evrópsks efnahagssvæðis telst jafngilda starfsleyfi hér á landi enda séu uppfyllt skilyrði laga um vátryggingastarfsemi varðandi heimildir til stofnunar útibús og til að veita hér þjónustu.

4. gr.

Vátryggingaeftirlitið hefur eftirlit með starfsemi vátryggingamiðlara og lögaðila sem reka vátryggingamiðlun hér á landi. Þessum aðilum er skylt að veita eftirlitinu allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að unnt sé að framfylgja eftirliti með starfseminni, þar á meðal allar upplýsingar sem það óskar um vátryggingasamninga sem þeir hafa komið á vegna vátryggingaáhættu hér á landi. Vátryggingaeftirlitinu er heimilt að gera vettvangskönnun í því skyni þegar þörf er á.

5. gr.

Ákvæði reglugerðar þessarar eiga ekki við um starfsemi sem rekin er í umboði einstakra vátryggingafélaga og þegar gert er samkomulag við vátryggingafélag eða félög sem takmarkar heimildir til miðlunar til annarra vátryggingafélaga.

Ákvæði reglugerðar þessarar eiga ekki við um starfsemi þar sem einungis fer fram tjónsuppgjör eða ráðgjöf á vátryggingasviði án þess að jafnframt sé starfað við að koma á vátryggingasamningum í frumtryggingum.

Leiki vafi á um hvort starfsemi falli undir ákvæði laga um vátryggingastarfsemi og reglugerðar þessarar, sker ráðherra vátryggingamála úr.

Starfsleyfi. Hæfiskröfur.

6. gr.

Skrifleg umsókn um starfsleyfi og skráningu einstaklings sem vátryggingamiðlara skal send Vátryggingaeftirlitinu. Í umsókn skal eftirfarandi koma fram:

1. Nafn, fæðingardagur og ár eða kennitala og lögheimili.
2. Heiti greinaflokka vátrygginga sem miðla á, sbr. 22. og 23. gr. laga um vátryggingastarfsemi, eða skaðatryggingar, persónutryggingar (líf-, sjúkra- og slysatryggingar) eða frumtryggingar í heild.
3. Upplýsingar um menntun og starfsreynslu á sviði vátrygginga og tengdum sviðum eða skírteini gefið út af lögbærum yfirvöldum eða þar til bærum aðilum um þá þekkingu sem umsækjandi býr yfir til starfans.
4. Yfirlýsing um fjárræði, óflekkað mannorð og að umsækjandi hafi aldrei verið sviptur forræði á búi sínu, sbr. 10. gr.
5. Yfirlýsing umsækjanda um sjálfstæði gagnvart einstökum vátryggingafélögum og að

fjárhagsleg tengsl séu engin við vátryggingafélög, sem miðlað er til vegna eignaraðildar eða hagsmuna annarra en þeirra sem tengjast þeim vátryggingasamningum sem komið er á. Um þá sem miðla fyrir Lloyd's, staðsett á Lundúnamarkaði, gildir að yfirlýsing skal gefin um sjálfstæði gagnvart öðrum vátryggingaaðilum.

6 Greinargerð um tengsl við einstök vátryggingafélög og félög í þeirra eigu.

7. Vottorð um gilda starfsábyrgðartryggingu, skilmála hennar og heiti og aðsetur hlutaðeigandi vátryggingafélags, sbr. 19. - 21. gr.

7. gr.

Sæki vátryggingamiðlun sem lögaðili um starfsleyfi og skráningu skulu, eftirfarandi gögn lögð fram:

1. Heiti og lögheimili vátryggingamiðlunar og vottorð um firmaskráningu, nöfn stjórnarmanna og framkvæmdastjóra ásamt fæðingardegi og ári eða kennitölu og lögheimili hvers þeirra.
2. Gögn samkvæmt 6. gr. um þá vátryggingamiðlara sem starfa á vegum vátryggingamiðlunarinnar við miðlun vátryggingaáhættu hér á landi.

8. gr.

Umsækjandi um starfsleyfi og/eða skráningu sem vátryggingamiðlari telst fullnægja kröfum um þekkingu og starfsreynslu ef hann uppfyllir eitt eftirtalinna skilyrða:

1. Hafi starfað sjálfstætt eða í stjórnunarstöðu samfellt í fjögur ár við vátryggingamiðlun.
2. Hafi starfað sjálfstætt eða í stjórnunarstöðu samfellt í tvö ár við vátryggingamiðlun og hafi starfað í þrjú ár með vátryggingaumboðsmönnum eða vátryggingamiðlurum eða hjá vátryggingafélögum.
3. Hafi starfað sjálfstætt eða í stjórnunarstöðu samfellt í eitt ár við vátryggingamiðlun og leggi fram skírteini eða gögn um að hann hafi hlotið þjálfun til starfans sem viðurkennd er af stjórnvöldum eða þjálfun sem til þess bært fagfélag telur að uppfylli allar tilskildar kröfur.
4. Hafi starfað sjálfstætt eða í stjórnunarstöðu samfellt í fjögur ár í vátryggingafélagi eða annars staðar á sviði vátrygginga.

Með starfi í stjórnunarstöðu skv. 1. - 4. tölul. er átt við starf framkvæmdastjóra, útibús- eða deildarstjóra eða fulltrúa þeirra með sambærilegri ábyrgð. Sama gildir hafi það heyrt undir störf hans í vátryggingafélagi að hafa umsjón með umboðsmönnum eða eftirlit með starfi þeirra. Störfum á vátryggingasviði sem tilgreind eru í 2. tölul. 1. mgr. skal hafa fylgt ábyrgð í sambandi við öflun, umsjá eða framkvæmd vátryggingasamninga.

Eigi skulu hafa liðið meira en tíu ár síðan störfum sem tilgreind eru í 1. - 4. tölul. 1. mgr. lauk, þegar sótt er um starfsleyfi.

9. gr.

Lögaðili sem sækir um starfsleyfi og/eða skráningu í vátryggingamiðlaraskrá skal sjá til þess að nægileg þekking og starfsreynsla sé fyrir hendi hjá þeim starfsmönnum sem ekki eru vátryggingamiðlarar en hafa með höndum störf sem talin eru í 1. gr. án þess að bera ábyrgð vegna vátryggingasamninga sem komið er á milli vátryggingataka og vátryggingafélaga.

Fullnægjandi telst hafi þessir starfsmenn:

1. starfað samfellt í tvö ár annaðhvort sjálfstætt eða með vátryggingamiðlurum, vátryggingaumboðsmönnum eða hjá vátryggingafélagi eða,
2. starfað í eitt ár eins og í 1. tölul. og leggi fram skírteini eða gögn um þjálfun sem talin er nægileg.

Hafi starfsmaður í að minnsta kosti eitt ár starfað við skilyrði samkvæmt 8. gr. skal einnig litið svo á að ákvæðum 1. mgr. sé fullnægt.

Hafi starfsmenn starfað í skemmri tíma en eitt ár, sbr. 2. tölul. 2. mgr. má telja kröfum fullnægt hafi lögaðili séð til þess að hafin sé nauðsynleg þjálfun þeirra starfsmanna sem inna störf þessi af hendi á hans vegum, eða þeir hafi þá þegar öðlast þjálfun sem Vátryggingaeftirlitið metur fullnægjandi.

10. gr.

Umsækjandi um starfsleyfi og skráningu sem vátryggingamiðlari skal leggja fram vottorð um fjárræði og sakarvottorð eða sambærilegt skjal gefið út af til þess bæru yfirvaldi í dóms- eða stjórnkerfi heimaríkis umsækjanda eða upprunaríkis hans, er sanni að skilyrðum þessum sé fullnægt.

Séu skjöl af því tagi sem tilgreind eru í 1. mgr. ekki gefin út í heimaríki umsækjanda getur eiðsvarin yfirlýsing komið í staðinn eða yfirlýsing að viðlögðum drengskap sem hlutaðeigandi gefur til þess bæru yfirvaldi í dóms- eða stjórnkerfi eða lögbókanda og staðfest skal af þeim. Slík yfirlýsing gefin Vátryggingaeftirlitinu skal tekin gild hér á landi. Yfirlýsingu um að hlutaðeigandi hafi aldrei verið sviptur forræði á búi sínu má einnig gefa frammi fyrir til þess bæru fagfélagi.

Skjöl gefin út samkvæmt 1. mgr. mega ekki vera eldri en þriggja mánaða talið frá útgáfudegi þegar þau eru lögð fram.

Staðfesting af til þess bærum aðilum á Evrópsku efnahagssvæði skal tekin gild hér á landi.

11. gr.

Vátryggingamiðlari skal auk almennrar rekstrarkunnáttu, ráða yfir kunnáttu á sviðum vátrygginga og vátryggingastarfsemi sem eru:

- löggjöf um vátryggingastarfsemi þar sem vátryggingaáhættan er sem vátryggð er,
- löggjöf um vátryggingasamninga sem um þá áhættu gildir sem samningurinn á við um,
- helstu greinar vátrygginga og gildissvið þeirra,
- skaðabótarétt,
- áhættumeðferð, þ.e. áhættugreiningu, áhættumat, áhættustýringu og áhættufjármögnun,
- bótaúrræði samkvæmt almannatrygginga- og lífeyrissjóðakerfi,
- tjónsuppgjör,
- samningarétt þ.m.t. reglur um útboðs- og tilboðsgerð.

Hliðstæð kunnátta fengin með vátryggingamiðlun erlendis skal tekin gild hér á landi. Vátryggingaeftirlitið metur hvort kröfum um kunnáttu teljist fullnægt. Í því efni er heimilt að gera mismunandi kröfur eftir því hvers konar vátryggingum viðkomandi hyggst miðla. Það skal metið fullnægjandi hafi hlutaðeigandi lokið námi og staðist próf í vátryggingamiðlun sem viðurkennt er til starfa sem reglugerð þessi á við um af þar til bærum aðilum, enda telji Vátryggingaeftirlitið það fullnægjandi.

Ráðuneyti vátryggingamála og Vátryggingaeftirlitið skulu beita sér fyrir því í samráði við þá aðila sem fagþekkingu hafa á vátryggingasviði hér á landi og aðra sem þar geta átt hlut að máli að fagleg menntun á sviði vátryggingamiðlunar komist á sem tryggi að starfsemi þessi sé rekin hér á landi á viðhlítandi hátt og með hag vátryggingataka fyrir augum. Ráðherra vátryggingamála skal skipa sérstaka nefnd sem skal hafa umsjón með námi á sviði vátryggingamiðlunar. Í nefndinni skulu sitja þrír menn, einn frá Vátryggingaeftirlitinu og tveir sérfróðir um vátryggingamál.

12. gr.

Vátryggingaeftirlitið metur umsókn um starfsleyfi og/eða skráningu. Umsögn Vátryggingaeftirlitsins skal liggja fyrir og send ráðherra innan mánaðar frá móttöku umsóknar og allra gagna sem fylgja eiga umsókn. Séu skilyrði leyfis uppfyllt og mæli Vátryggingaeftirlitið með umsókninni veitir ráðherra vátryggingamála starfsleyfi.

Heimilt er að veita starfsleyfi til bráðabirgða í eitt ár þótt kröfum samkvæmt 8. - 11. gr. sé ekki fullnægt enda leggi umsækjandi, einstaklingur eða lögaðili fram gögn um þekkingu og starfsreynslu þeirra sem miðla eiga vátryggingum eða vinna eiga að undirbúningi miðlunar, sem ætla má að nægi til að hlutaðeigandi geti stundað starfsemina á viðhlítandi hátt, og geri jafnhliða þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að tilskildum kröfum verði fullnægt.

Umsókn um fullt starfsleyfi ásamt gögnum um þær ráðstafanir sem gerðar hafa verið, sbr. 2. mgr., skal send Vátryggingaeftirlitinu. Umsögn sína skal Vátryggingaeftirlitið senda ráðherra innan mánaðar frá því að öll gögn liggja fyrir. Mæli Vátryggingaeftirlitið með umsókninni veitir ráðherra starfsleyfi. Neitun um fullt starfsleyfi skal rökstudd ítarlega og tilkynnt umsækjanda skriflega. Heimilt er að framlengja leyfi til bráðabirgða mæli sérstakar ástæður með því.

13. gr.

Vátryggingamiðlari eða vátryggingamiðlun sem lögaðili, er hyggst taka upp nýjan greinaflokk vátrygginga skal sækja um leyfi og skráningu til Vátryggingaeftirlitsins fyrir hinni nýju starfsemi. Í umsókn skal koma fram hvaða greinaflokka er fyrirhugað að taka upp og, þegar við á, gögn er sanni að gild starfsábyrgðartrygging sé fyrir hendi svo og önnur gögn sem Vátryggingaeftirlitið telur nauðsynleg til að það geti metið umsóknina. Að fenginni umsögn Vátryggingaeftirlitsins veitir ráðherra leyfi fyrir hinni nýju starfsemi.

14. gr.

Vanræki vátryggingamiðlari gróflega skyldur sínar, samrýmist starfsemin ekki hlutverki hans sem vátryggingamiðlara eða séu skilyrði starfsleyfis ekki lengur uppfyllt skal Vátryggingaeftirlitið afturkalla starfsleyfi. Þó er heimilt, telji Vátryggingaeftirlitið það fullnægjandi að veita viðvörun eða frest til úrbóta því sem úrskeiðis hefur farið.

Sé skráningarskyld vátryggingamiðlun rekin án starfsleyfis skal Vátryggingaeftirlitið gera kröfu um að slíkri starfsemi verði hætt og gera nauðsynlegar ráðstafanir til að framfylgja þeirri kröfu. Einnig skal grípa til viðeigandi ráðstafana teljist miðlun vátrygginga í andstöðu við ákvæði laga um vátryggingastarfsemi og ákvæði þessarar reglugerðar.

Starfshættir.

15. gr.

Vátryggingamiðlari skal veita ráðgjöf og aðstoð á hlutlægan hátt um þá valkosti í vátryggingum sem í boði eru á vátryggingamarkaði og samrýmast vátryggingaþörf þeirra sem hann starfar fyrir.

Miðli vátryggingamiðlari verulega stærri hluta iðgjaldamagns á ári hverju til eins og sama vátryggingafélags og umfram það sem vænta mætti miðað við markaðsstöðu hér á landi skulu Vátryggingaeftirlitinu skýrðar ástæður þess.

Vátryggingamiðlara er skylt að upplýsa vátryggingataka sem hann starfar fyrir um hvers konar tengsl við einstök vátryggingafélög sem áhrif gætu haft á ráðgjöf og aðstoð miðlarans.

Skilyrði starfsleyfis til vátryggingamiðlunar teljast brostin, geri vátryggingamiðlari samkomulag við vátryggingafélag er skerðir frelsi hans til miðlunar til annarra félaga.

16. gr.

Í samningi vátryggingamiðlara við þá sem hann starfar fyrir skal koma fram í hverju umboð hans felst, hversu víðtækt það er og til hvaða þátta á starfsviði hans það nær. Samningurinn má vera í formi staðlaðs umboðs eða yfirlýsingar. Einnig skal koma fram hvort hann hefur heimild til að taka við fjármunum fyrir hönd umbjóðenda sinna og um skil á þeim.

Vátryggingamiðlara er skylt að upplýsa þá sem hann starfar fyrir um umboðslaun og þóknun sem hann þiggur frá vátryggingafélagi vegna viðskiptanna sé þess óskað. Vátryggingamiðlari má ekki taka við þóknun eða greiðslum af neinu tagi frá vátryggingafélagi nema vegna vátryggingasamninga sem komið hefur verið á milli vátryggingafélagsins og vátryggingataka.

Vátryggingamiðlari og þeir sem starfa á hans ábyrgð að verkefnum á starfssviði miðlara, skulu leitast við að upplýsa þá sem starfað er fyrir um það sem í boði er hjá félögum sem miðlað er til, og um valmöguleika almennt á vátryggingamarkaðnum á því sviði vátrygginga sem þjónustu er leitað.

17. gr.

Hafi vátryggingasamningur komist á er vátryggingamiðlara heimilt að taka við iðgjöldum fyrir hönd vátryggingafélags samkvæmt skriflegu samkomulagi þar um milli hans og félagsins. Í samkomulaginu skal m.a. skýrt kveðið á um skil vátryggingamiðlarans á iðgjöldum til félagsins og tímamörk. Vátryggingamiðlara er skylt að halda fjármunum þessum aðgreindum frá eigin fjármunum. Skulu þeir varðveittir á sérstökum bankareikningi, vörslufjárreikningi. Heimilt er að féð sé varðveitt á fleiri reikningum svo sem með sundurgreiningu á einstök vátryggingafélög eða á annan hátt.

18. gr.

Auglýsingar vátryggingamiðlara og gögn ætluð almenningi skulu veita hlutlægar upplýsingar um þá þjónustu sem veitt er og hlutleysis skal gætt gagnvart einstökum vátryggingafélögum. Í þeim má ekkert koma fram sem talist getur í andstöðu við kröfu um sjálfstæði vátryggingamiðlara gagnvart vali á einstökum vátryggingafélögum.

Ákvæði 1. mgr. um hlutleysi á ekki við um Lloyd's í Bretlandi sem hefur þá sérstöðu að starfa eingöngu fyrir milligöngu miðlunar. Ákvæðið á þá við um aðra vátryggingaaðila sem vátryggingamiðlari jafnframt starfar fyrir.

Starfsábyrgðartrygging.

19. gr.

Ábyrgð vátryggingamiðlunar fer eftir almennum reglum skaðabótaréttar.

20. gr.

Vátryggingamiðlari skal kaupa starfsábyrgðartryggingu hjá vátryggingafélagi sem hefur leyfi til starfsemi og að veita þjónustu hér á landi til að fullnægja vátryggingaskyldu sinni.

Vátryggingafjárhæð skal miðuð við þá áhættu sem í starfseminni felst, en að lágmarki eftirtöldum fjárhæðum vegna tjóna innan hvers vátryggingaárs:

1. 25 milljónum kr. þegar vátryggingamiðlari starfar á sviði persónutrygginga.
2. 150 milljónum kr. starfi vátryggingamiðlari að miðlun greinaflokka sem teljast til stóráhættu samkvæmt lögum um vátryggingastarfsemi að greiðsluvátryggingum undanteknum, eða í atvinnurekstri þar sem eru fleiri en 100 ársverk.

3. 50 milljónum kr. í öðrum vátryggingum en þeim sem tilgreindar eru í lið 1 og 2.

Starfi vátryggingamiðlari á fleiri en einu sviði samkvæmt 1. - 3. tölul., gildir sú lágmarksfjárhæð sem hæst er.

Vátryggingaeftirlitið getur gert kröfu um að vátryggingafjárhæðir séu hærri en segir í 2. mgr. telji eftirlitið það nauðsynlegt vegna umfangs og eðlis starfseminnar og skal slík krafa rökstudd ítarlega.

Vátryggingin skal ná til þeirra tjónsatvika sem verða á vátryggingatímabili sbr. 91. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 20/1954. Vátryggingin skal greiða bætur vegna tjóns sem tjónþoli verður fyrir vegna starfsemi vátryggingamiðlara eða starfsmanna hans og valdið er af ásetningi eða gáleysi. Vátryggingafélagi er heimilt að endurkrefja hvern þann sem veldur tjóni af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Heimilt er að leggja fram bankaábyrgð í stað vátryggingar vegna ásetnings eða stórkostlegs gáleysis hjá vátryggingafélagi enda veiti hún sambærilega vernd að mati Vátryggingaeftirlitsins.

Heimilt er að áskilja sjálfsáhættu vátryggingataka í vátryggingaskilmálum en slíkt ákvæði hefur engin áhrif á réttarstöðu þriðja manns. Tilhögun eigin áhættu skal getið í vátryggingaskilmálum. Vilji vátryggingafélag fremur geta eigin áhættu í skírteini eða iðgjaldskvittun skal Vátryggingaeftirlitinu tilkynnt um slíka ákvörðun áður en hún kemur til framkvæmda.

Vátryggingin skal taka til starfsemi vátryggingamiðlara hvar sem er innan hins Evrópska efnahagssvæðis nema um annað hafi verið samið sérstaklega.

Þegar lögaðili rekur vátryggingamiðlun telst vátryggingaskyldunni fullnægt með kaupum á sameiginlegri vátryggingu, enda komi nafn eða nöfn vátryggingamiðlara sem starfsleyfi hafa fram á skjölum og í auglýsingum vátryggingamiðlunarinnar.

Vátryggingaeftirlitið skal gera tillögu til ráðherra vátryggingamála um breytingar á fjárhæðum 2. mgr., telji það ástæðu til, og skulu breytingar tilkynntar með auglýsingu í B - deild Stjórnartíðinda.

21. gr.

Falli starfsábyrgðartrygging úr gildi skal hlutaðeigandi vátryggingafélag tilkynna það vátryggingataka og Vátryggingaeftirliti þegar í stað. Vátryggingatíma telst ekki lokið fyrr en liðnar eru átta vikur frá því að vátryggingafélagið tilkynnti vátryggingataka og Vátryggingaeftirlitinu sannanlega um lok vátryggingarinnar. Að þeim tíma liðnum telst leyfi til vátryggingamiðlunar fallið úr gildi nema önnur fullnægjandi starfsábyrgðartrygging hafi verið keypt, enda hafi vátryggingataka sannanlega verið veittur kostur á að tjá sig um niðurfellingu leyfisins.

Ákvæði 1. mgr. eiga einnig við um bankaábyrgð viðskiptabanka eða sparisjóða sem heimilað er samkvæmt 4. mgr. 20. gr. að komi í stað starfsábyrgðartryggingar hjá vátryggingafélagi vegna ásetnings eða stórkostlegs gáleysis.

Vátryggingaskilmálar starfsábyrgðartryggingar og breytingar á þeim skulu hljóta samþykki Vátryggingaeftirlitsins áður en þeir koma til framkvæmda.

Skráning.

22. gr.

Vátryggingaeftirlitið heldur skrá yfir þá sem leyfi hafa sem vátryggingamiðlarar hér á landi og um lögaðila sem reka vátryggingamiðlun. Sá sem fengið hefur starfsleyfi skal þegar í stað skráður í vátryggingamiðlaraskrá og í aðra opinbera skrá ef fyrirmæli eru um slíkt í lögum. Eftirfarandi atriði skulu skráð í vátryggingamiðlaraskrá um vátryggingamiðlara og vátryggingamiðlun:

1. Nöfn, fæðingardagar og ár einstaklinga eða kennitala, lögheimili og aðsetur.

2. Utgáfudagur starfsleyfis og þess getið ef um bráðabirgðaleyfi er að ræða.
3. Greinaflokkar vátrygginga sem heimilt er að miðla.
4. Tengsl vátryggingamiðlara við einstök vátryggingafélög og félög í eigu þeirra.
5. Nafn og aðsetur þess vátryggingafélags er veitir lögboðna starfsábyrgðartryggingu og gildistíma, vátryggingafjárhæð og eigin áhættu.
6. Heiti, lögheimili og aðsetur vátryggingamiðlunar sem lögaðila, nöfn stjórnarmanna og framkvæmdastjóra, nöfn, fæðingardagar og ár eða kennitala, svo og lögheimili og aðsetur þeirra starfsmanna sem leyfi hafa til að starfa sem vátryggingamiðlarar á hennar vegum.
7. Tengsl vátryggingamiðlunar sem lögaðila við einstök vátryggingafélög og félög í eigu þeirra.

Allar breytingar varðandi atriði sem skráð eru í vátryggingamiðlaraskrá skulu tilkynntar til Vátryggingaeftirlitsins eins fljótt og unnt er og eigi síðar en mánuði eftir að þær hafa tekið gildi.

Almenningi skal heimill aðgangur að vátryggingamiðlaraskrá.

23. gr.

Birta skal í Lögbirtingablaði tilkynningar um nýjar skráningar vátryggingamiðlara og lögaðila sem leyfi fá til vátryggingamiðlunar hér á landi og árlega skrá um þá sem slíkt leyfi hafa og skráðir eru.

Verði starfsleyfi fellt úr gildi skal þegar í stað má nafn leyfishafa úr skránni og tilkynna í Lögbirtingablaði.

Tilkynningar og skil á gögnum.

24. gr.

Ársreikning vegna starfsemi vátryggingamiðlunar sem lögaðila eða vátryggingamiðlara, skal senda Vátryggingaeftirlitinu innan mánaðar frá samþykkt hans, þó eigi síðar en fjórum mánuðum eftir lok reikningsárs. Ársreikningurinn skal undirritaður af vátryggingamiðlara, og þegar við á, af stjórn og framkvæmdastjóra og endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda. Þegar ekki er um lögaðila að ræða skal vátryggingamiðlari senda Vátryggingaeftirlitinu rekstrar- og efnahagsreikning fyrir hvert almanaksár og eigi síðar en fjórum mánuðum eftir lok þess.

Ákvæði þessarar greinar eiga við um starfsemi vegna vátryggingaáhættu hér á landi.

25 gr.

Ársreikningi eða rekstrar- og efnahagsreikningi skal fylgja skrá yfir þau vátryggingafélög sem miðlað er til vegna vátryggingaáhættu hér á landi ásamt iðgjaldamagni og þóknun sem miðlari hefur fengið frá hverju félagi vegna vátryggingasamninga sem hann hefur komið á, með skiptingu á greinaflokka vátrygginga. Einnig skal fylgja greinargerð um önnur tengsl vátryggingamiðlara við vátryggingafélög.

26. gr.

Vátryggingamiðlari og vátryggingamiðlun sem lögaðili skal láta Vátryggingaeftirlitinu í té sýnishorn af formi umboða og annarra samninga er hann gerir við vátryggingataka og vátryggingafélög vegna starfa sinna fyrir þá á sviði vátryggingamiðlunar.

27. gr.

Vátryggingamiðlari og vátryggingamiðlun skal þegar í stað tilkynna Vátryggingaeftirlitinu, verði gerð skaðabótakrafa vegna starfa þeirra og um efni og fjárhæð kröfunnar.

Eftirlitsgjald.

28. gr.

Þeir sem starfsleyfi hafa fengið til vátryggingamiðlunar hér á landi skulu árlega greiða til Vátryggingaeftirlitsins 0,033% af iðgjaldamagni sem miðlað er til vátryggingafélaga á því ári vegna vátryggingaáhættu hér á landi, þó eigi lægri fjárhæð en 25.000 kr., vegna kostnaðar sem eftirlit með starfseminni hefur í för með sér. Lágmarksgjaldið ber að greiða til Vátryggingaeftirlitsins innan mánaðar frá lokum almanaksárs vegna starfseminnar á árinu á undan.

Vátryggingaeftirlitið getur veitt undanþágu frá greiðslu lágmarksgjalds sé starfsemin takmörkuð.

Vátryggingaeftirlitið getur gert vátryggingamiðlara að greiða kostnað samkvæmt reikningi vegna sérstakra kannana sem það telur nauðsynlegt að framkvæma vegna eftirlits með starfsemi hans.

Ýmis ákvæði.

29. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar fésektum eða varðhaldi nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum.

30. gr.

Reglugerð þessi, sett samkvæmt heimild í 6. mgr. 81. gr. og 98. gr. laga um vátryggingastarfsemi nr. 60/1994, öðlast þegar gildi. Reglugerðin skal endurskoðuð eigi síðar en tveimur árum eftir gildistöku hennar.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 24. ágúst 1994.

Sighvatur Björgvinsson.

Páll Sigurðsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 63 – 1994

26. ágúst 1994 1467 Nr. 474

GJALDSKRÁ

fyrir hafnir.

I. KAFLI

Gildissvið.

1. gr.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir allar hafnir sem hafnalög ná til.

II. KAFLI

Um hafnagjöld.

2. gr.

Við ákvörðun hafnagjalda samkvæmt stærð skipa skal miða við brúttótonnatölu skipa samkvæmt alþjóðlegu mælibréfi, sem gefið er út eftir ákvæðum alþjóðasamþykktarinnar um mælingu skipa frá 1969.

3. gr.

Af öllum skipum skal greiða hafnagjöld til hafnarsjóðs ef þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar og njóta þjónustu hennar.

Lestagjöld.

4. gr.

Af öllum skipum skal greiða lestagjald, kr. 4,00 á mælieiningu, skv. 2. gr. Af innlendum fiskiskipum þó ekki oftar en tvisvar í mánuði.

Undanþegin greiðslu lestagjalds eru herskip, varðskip og skip sem eru gerð út til vísindalegra rannsókna, svo og skip sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

Bryggjugjöld.

5. gr.

Af öllum skipum sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka skal greiða kr. 2,00 á mælieiningu, skv. 2. gr. fyrir hverja byrjaða 24 tíma sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftar en 13 sinnum í mánuði.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum og minni bátum, sem mánaðargjald, kr. 28,00 á mælieiningu, en þó aldrei lægra en kr. 3.000,00 á mánuði. Bátar minni en 20 brúttótonn greiði þó aldrei lægra en kr. 1.965,00 á mánuði.

Skip samkvæmt 2. mgr, 4. gr. eru undanþegin bryggjugjaldi.

Steindórsprent Gutenberg hf.

6. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum sem fluttar eru af skipsfjöl á land eða úr landi á skipsfjöl, eða úr einu skipi í annað, innan takmarka hafnarinnar, þó með þeim undantekningum er síðar getur.

7. gr.

Fyrir vörur sem samkvæmt farmskrá skips eru ákveðnar til annarrar hafnar, innlendrar eða erlendrar, en eru látnar á land um stundarsakir, skal aðeins greitt vörugjald þegar vörurnar eru fluttar í land.

Undanþegnar þessu gjaldi eru vörur sem látnar eru á land um stundarsakir vegna skemmda á skipi.

8. gr.

Af vörum sem fluttar eru á skip og fara eiga til annarra hafna innanlands greiðist hálft vörugjald.

Af vörum sem fara eiga til útlanda en umskipað er í innlendri höfn skal greiða fullt vörugjald í fyrstu lestunarhöfn.

9. gr.

Um vörugjald af flutningi ferjuskipa skal semja við ferjueiganda sem innheimtir gjaldið ásamt flutningsgjaldi og stendur skil á því til hafnarinnar. Þó skulu flutningar með ferjum og flóabátum sem njóta styrks samkvæmt vegalögum undanþegnir vörugjaldi.

10. gr.

Þessar vörur eru algjörlega undanþegnar vörugjaldi:

a) Umbúðir sem endursendar eru.
b) Kol, olía, vistir og aðrar nauðsynjar skipa til eigin notkunar.
c) Almennar póstsendingar og farangur ferðamanna.

11. gr.

Vörugjald skal reikna eftir þyngd eða verðmæti, með umbúðum og af hverri sendingu sérstaklega.

Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds. Skipstjóra eða afgreiðslumanni skips er skylt að láta gjaldkera hafnarinnar í té eftirrit af farmskrá.

Sé engri farmskrá til að dreifa skal skipstjóri gefa drengskaparvottorð um vörumagn sem fermt hefur verið eða affermt úr skipi hans. Þyki hafnarstjóra ástæða til getur hann hvenær sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt sem hann telur hentugast. Reynist vörumagnið vera meira en upp er gefið greiðir farmeigandi kostnaðinn.

Séu fleiri en ein vörutegund í sendingu ósundurliðað skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund sem hæst gjald skal greiða af.

12. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því sem vörugjaldskrá tiltekur og gjaldið greiðist eins og þar segir:

Vörugjaldskrá.

1. fl.: Gjald kr. 103,00 pr. tonn:

Bensín, brennsluolíur, kol, laust korn, salt, vikur og sement.

2. fl.: Gjald kr. 199,00 pr. tonn:
Lýsi, fiskimjöl og áburður.

3. fl.: Gjald kr. 215,00 pr. tonn:
Þungavarningur, svo sem sekkjavörur, óunnið járn og stál, útgerðarvörur, smurningsolíur, sjávarafurðir, landbúnaðarafurðir, hráefni til iðnaðar og byggingaframkvæmda, pökkuð og niðursoðin matvæli, óáfengar drykkjarvörur og ávextir.

4. fl.: Gjald kr. 593,00 pr. tonn:
a) Vélar og tæki hvers konar og varahlutir til þeirra, svo sem heimilis- og skrifstofuvélar, bifreiðar, bifhjól, reiðhjól, hjólbarðar, bátar, flugvélar, hreyflar, mælitæki, húsbúnaður, vefnaðarvara og fatnaður.
b) Útvarps- og sjónvarpstæki, hljóðfæri, úr, klukkur, myndavélar, sjónaukar, glysvarningur allskonar, vín, tóbak, sælgæti, snyrtivörur, lyf.
c) Vörur sem ekki verða flokkaðar annars staðar eftir þyngd.

Af flutningi vinnutækja innanlands skal veita allt að 50% afslátt. Vörugjald greiðist ekki af bifreiðum ferðamanna, enda ferðast eigendur með sama skipi.

5. fl.: Gjald 1,00%:
Sjávarafli lagður á land eða í skip á hafnarsvæðinu til vinnslu eða brottflutnings, þ.m.t. fiskur og seiði úr eldiskvíum. Gjaldið reiknast af heildarverðmæti aflans.
Gjald af frystum afla frystitogara og eldisfiski reiknast af helmingi heildarverðmætis.
Gjald af saltfiski reiknast miðað við tvöfalda þyngd og gjald af gámafiski reiknast af áætluðu heildarverði.
Kaupanda aflans ber að afhenda hafnarstjóra skýrslu um keyptan afla mánaðarlega, t.d. afrit af aflaskýrslu til Fiskifélags Íslands. Aflagjaldið fellur í gjalddaga um leið og afla er landað. Kaupandi aflans innheimtir gjaldið hjá seljanda og er ábyrgur fyrir því til hafnarsjóðs þótt hann vanræki innheimtu þess.
Hámarksgjald samkvæmt þessum lið er kr. 1.325,00.
Standa ber skil á greiðslu aflagjalds eigi sjaldnar en mánaðarlega.

Lágmarksgjald í öllum flokkum er kr. 55,00.
Einstökum hafnarstjórnum eru þó heimiluð frávik til lækkunar á 12. gr. gjaldskrárinnar vegna umskipunar, lestunar og losunar á sjávarafla.

13. gr.
Hafnarstjórn ákveður gjöld samkvæmt 11. gr. hafnalaga 1. tl. c, d og e og 3., 4., 5., 7. og 8. tl.

III. KAFLI
Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.

14. gr.
Hafnarstjóri sér um innheimtu allra hafnargjalda og skal greiða gjöldin á skrifstofu hafnarinnar.

Séu gjöldin ekki greidd á réttum gjalddögum er heimilt að reikna hæstu lögleyfðu dráttarvexti á skuldina.

15. gr.

Skipstjóri og eigandi skips bera ábyrgð á greiðslu gjalda þeirra sem greiða ber til hafnarinnar vegna skipsins. Er skipstjóra skylt að afhenda hafnarstjóra þjóðernis- og skrásetningarskírteini skipsins, ef hafnarstjóri krefst þess, og hefur hafnarsjóður haldsrétt yfir skírteinunum uns gjöld eru greidd. Töf og tjón sem af þessu hlýst er einvörðungu á ábyrgð og kostnað greiðanda skipagjaldsins.

Að svo miklu leyti sem í reglugerð þessari eru ekki ákveðnir fastir gjalddagar á gjöldum skal greiða þau áður en skip fer burt úr höfninni og enginn skipstjóri getur vænst þess að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá sýslumanni eða tollstjóra, nema hann sanni með vottorði frá hafnarstjóra að hann hafi greitt öll gjöld sín til hafnarinnar.

16. gr.

Vörugjald greiðir móttakandi af vörum sem koma til hafnarinnar og sendandi af vörum sem fluttar eru úr höfninni. Ef margir eiga vörur sem fluttar eru með sama skipi skal afgreiðslumaður skipsins standa hafnarsjóði skil á greiðslum. Ef skip hefur ekki farm sinn skráðan ber skipstjóri ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað greiðir sá vörugjaldið sem affermir.

Vörugjald af vörum sem koma til hafnarinnar fellur í gjalddaga þegar skipið sem vörurnar flytur er komið í höfnina og vörugjald af vörum sem fluttar eru úr höfninni fellur í gjalddaga þegar vörurnar eru komnar á skip. Skipstjóra og afgreiðslumanni skips er óheimilt að afhenda vörurnar fyrr en gjaldið er greitt. Hafnarsjóður hefur haldsrétt í skráningar- og þjóðernisskírteinum skips til tryggingar gjaldinu. Aflagjald og vörugjald af útflutningi skal auk þess tryggt með veði í útflutningsbirgðum þess aðila er skuldar gjöldin.

17. gr.

Öll gjöld samkvæmt þessari reglugerð má taka fjárnámi. Skipagjöldin eru tryggð með lögveði í skipinu og gengur það veð í tvö ár fyrir samningsveðskuldum sbr. ákvæði 12. gr. hafnalaga.

IV. KAFLI
Frávik og gildistaka.

18. gr.

Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi getur ráðherra heimilað einstökum hafnarstjórnum frávik frá gjaldskrá þessari.

Ef hafnarstjórn óskar frávika frá gjaldskrá þessari skal hún senda hafnaráði rökstudda beiðni þar að lútandi. Hafnaráð leggur síðan tillögur sínar fyrir ráðherra sem ákveður hvort frávik skuli leyfð.

19. gr.

Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt hafnalögum nr. 23/1994 staðfestist hér með til að öðlast gildi frá og með 1. september 1994, og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir hafnir nr. 545/1993.

Ákvæði til bráðabirgða:

Hafi skip ekki alþjóðlegt mælibréf, sem gefið er út eftir ákvæðum alþjóðasamþykktarinnar um mælingu skipa frá 1969 er hafnarstjórn heimilt að miða gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari við brúttórúmlestatölu skips. Þegar svo háttar skal lestagjald vera kr. 7,00 á mælieiningu og bryggjugjald kr. 3,50 á mælieiningu sbr. 4. og 5. gr. gjaldskrár þessarar.

Samgönguráðuneytið, 26. ágúst 1994..

Halldór Blöndal.

Rúnar Guðjónsson.

Stjórnartíðindi B 63, nr. 474. Útgáfudagur 29. ágúst 1994.

Nr. 475 1472 3. ágúst 1994

AUGLÝSING

um umferð á Eskifirði.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarstjórnar Eskifjarðar, eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Eskifirði:

I. Um biðskyldu og aðalbrautarrétt.

1. Að biðskylda verði á Túngötu gagnvart Grjótárvegi.
2. Að biðskylda verði á Bakkastíg gagnvart Grjótárvegi.
3. Að biðskylda verði á Bogahlíð gagnvart Dalbraut.
4. Að Hafnargata njóti aðalbrautarréttar gagnvart aðliggjandi götum.

II. Um gangbrautir.

Gangbrautir skulu vera:

1. Á Útkaupstaðarbraut við Strandgötu.
2. Milli Strandgötu 39 og Strandgötu 40.

III. Um stöðvun og lagningu ökutækja.

Bannað er að stöðva ökutæki samsíða lóðinni að Strandgötu 29A.

Auglýsing þessi tekur þegar gildi.

Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð á Eskifirði sem brjóta í bága við auglýsingu þessa.

Lögreglustjórinn á Eskifirði, 3. ágúst 1994.

Inger L. Jónsdóttir.

Nr. 476 28. mars 1994

REGLUGERÐ

um gildistöku tilskipunar Evrópubandalagsins um virk, ígræðanleg lækningatæki.

1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sem vísað er til í 7. tölul. X. kafla II. viðauka, skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af II. viðauka samningsins, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans.

2. gr.

Tilskipun ráðsins 90/385/EBE frá 20. júní 1990 um samræmingu laga aðildarríkjanna um virk, ígræðanleg lækningatæki, öðlast því gildi hér á landi. Tilskipunin er prentuð sem fylgiskjal með reglugerð þessari.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt heimild 3. gr. lyfjalaga nr. 108/1984 öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 28. mars 1994.

Guðmundur Árni Stefánsson.

Páll Sigurðsson.

Steindórsprent Gutenberg hf.

Fylgiskjal:

20. 7. 90 Stjórnartíðindi EB Nr. L 189/17

TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 20. júní 1990

um samræmingu laga aðildarríkjanna um virk, ígræðanleg lækningatæki

(90/385/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 100. gr. a,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar (1),

í samvinnu við Evrópuþingið (2),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndarinnar (3),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í öllum aðildarríkjum verða ígræðanleg lækningatæki að vera mjög örugg fyrir sjúklinga, notendur og aðra og ná tilætluðum skilum þegar þau eru grædd í menn.

Nokkur aðildarríki hafa reynt að tryggja þetta öryggi með lögbundnum forskriftum sem bæði taka til tæknilegra öryggisþátta og aðferða við eftirlit með slíkum tækjum. Þessar forskriftir eru mismunandi frá einu aðildarríki til annars.

Samhæfa ber ákvæði einstakra landa um öryggi til að tryggja frjáls viðskipti með virk, ígræðanleg lækningatæki án þess að lækka núgildandi og réttmætt öryggisstig í aðildarríkjunum.

Samhæfðar ráðstafanir verða að vera aðgreindar frá ráðstöfunum sem aðildarríki gera til að stjórna fjármögnun almennra heilbrigðis- og sjúkratryggingakerfa sem beint eða óbeint taka til slíkra tækja. Slík ákvæði hafa því ekki áhrif á rétt aðildarríkja til að hrinda í framkvæmd áðurnefndum ráðstöfunum samkvæmt lögum bandalagsins.

Eitt af grunnmarkmiðum þessarar tilskipunar eins og skilgreint er í grunnkröfunum er að viðhalda eða auka það öryggi sem náðst hefur í aðildarríkjunum.

Takmarka má þær reglur sem gilda um virk, ígræðanleg lækningatæki við þau ákvæði sem þörf er á til að fullnægja grunnkröfunum. Þar sem þær eru grundvallaratriði verða þessar kröfur að koma í stað samsvarandi ákvæða einstakra landa.

Til að auðveldara sé að sýna fram á að tækin séu í samræmi við þessar grunnkröfur og gera kleift að fylgjast með því samræmi er æskilegt að hafa samhæfða evrópska staðla varðandi það að koma í veg fyrir áhættu í sambandi við hönnun, framleiðslu og pökkun virkra, ígræðanlegra lækningatækja. Samhæfðir evrópskir staðlar af þessu tagi eru samdir af einkalögaðilum og verða því áfram að vera ólögbundnir textar. Í þessu skyni eru Staðlasamtök Evrópu (CEN) og Rafstaðlasamtök Evrópu (CENELEC) viðurkennd sem bærir aðilar til að samþykkja samhæfða staðla samkvæmt almennum viðmiðunarreglum um samvinnu framkvæmdastjórnarinnar og þessara tveggja aðila sem undirritaðar voru 13. nóvember 1984. Í skilningi þessarar tilskipunar er samhæfður staðall tækniforskrift (Evrópustaðall eða samhæfingarskjal) samþykkt af öðrum eða báðum þessum aðilum eins og framkvæmdastjórnin mælir fyrir um á grundvelli ákvæða tilskipunar ráðsins 83/189/EBE frá 28. mars 1983 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða (4), eins og henni var síðast breytt með tilskipun 88/182/EBE (5), og samkvæmt áðurnefndum almennum viðmiðunarreglum.

Ákveða þarf aðferðir við eftirlit, sem skipulagðar eru með sameiginlegu samkomulagi aðildarríkjanna í samræmi við reglur bandalagsins.

Vegna sérstöðu læknisfræðisviðsins er ráðlegt að mæla svo fyrir að tilkynnti aðilinn og framleiðandinn eða umboðsmaður hans með staðfestu í bandalaginu ákveði í sameiningu frest til að ljúka eftirliti og prófun vegna samræmis tækja.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

1. Þessi tilskipun tekur til virkra, ígræðanlegra lækningatækja.

(1) Stjtíð. EB nr. C 14, 18. 1. 1989, bls. 4.
(2) Stjtíð. EB nr. C 120, 16. 5. 1989, bls. 75 og Stjtíð. EB nr. C 149, 18. 6. 1990.
(3) Stjtíð. EB nr. C 159, 26. 6. 1989, bls. 47.
(4) Stjtíð. EB nr. L 109, 26. 4. 1983, bls. 8.
(5) Stjtíð. EB nr. L 81, 26. 3. 1988, bls. 75.

2. Í tilskipun þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „lækningatæki": hvert það verkfæri, búnaður, áhald, efni eða annar hlutur, hvort sem notað er eitt sér eða með öðru, ásamt fylgihlutum eða hugbúnaði sem þarf til að tækið starfi rétt, sem framleiðandi ætlar til notkunar fyrir menn til þess að:

— greina, hindra, athuga, meðhöndla eða lina sjúkdóma eða meiðsli,

— rannsaka, breyta eða koma í stað líffæris eða líffræðilegrar starfsemi,

— stjórna þungun,

og sem ekki gegnir meginhlutverki sínu með lyfjafræðilegum, efnafræðilegum, ónæmisfræðilegum eða efnaskiptalegum aðferðum, en styðja má verkun þess með slíkum aðferðum;

b) „virkt lækningatæki": lækningatæki sem þarf til starfsemi sinnar raforku eða hverja aðra orku en þá sem mannslíkaminn sjálfur myndar eða sem myndast af þyngdarkraftinum;

c) „virkt, ígræðanlegt lækningatæki": virkt lækningatæki sem ætlað er að nokkru eða öllu leyti til ígræðslu í mannslíkama með skurðaðgerð eða annars konar læknisaðgerð, eða til ísetningar með læknisaðgerð í eðlilegt líkamsop og er ætlað að vera þar áfram eftir aðgerðina;

d) „sérsmíðað tæki": virkt, ígræðanlegt lækningatæki sérstaklega búið til samkvæmt skriflegri forskrift sérfræðings í læknisfræði og sem á ábyrgð hans er hannað með sérstökum eiginleikum og aðeins ætlað til notkunar fyrir einn tiltekinn sjúkling;

e) „tæki ætlað fyrir klíníska prófun": virkt, ígræðanlegt lækningatæki ætlað til notkunar af sérmenntuðum lækni við prófun á mönnum í fullnægjandi klínísku umhverfi;

f) „tilætluð not": sú notkun sem lækningatækið er ætlað fyrir og hentar til samkvæmt þeim upplýsingum sem framleiðandinn gefur í leiðbeiningum;

g) „taka í notkun": gera tiltækt fyrir lækna til ígræðslu.

3. Þegar virkt, ígræðanlegt lækningatæki er ætlað til að gefa frá sér efni sem skilgreint er sem lyf samkvæmt tilskipun ráðsins 65/65/EBE frá 26. janúar 1965 um samræmingu ákvæða í lögum eða stjórnsýslufyrirmælum um sérlyf ([1]), eins og henni var síðast breytt með tilskipun 87/21/EBE ([2]), heyrir þetta efni undir þau ákvæði um markaðsleyfi sem kveðið er á um í þeirri tilskipun.

4. Þegar hluti af virku, ígræðanlegu lækningatæki er efni sem notað eitt sér gæti talist lyf í skilningi 1. gr. tilskipunar 65/65/EBE verður að meta og leyfa það tæki í samræmi við ákvæði þeirrar tilskipunar.

5. Þessi tilskipun er sérstök tilskipun í skilningi 2. mgr. 2. gr. tilskipunar ráðsins 89/336/EBE frá 3. maí 1989 um samræmingu laga aðildarríkjanna um rafsegulsviðssamhæfi ([3]).

2. gr.

Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að tækin sem getið er í c- og d-lið 2. mgr. 1. gr. sé aðeins heimilt að setja á markað og taka í notkun ef þau stofna ekki í hættu öryggi og heilsu sjúklinga, notenda og þar sem við á annarra aðila, séu þau rétt grædd í og við haldið og séu notuð á tilætluðan hátt.

3. gr.

Þau virku, ígræðanlegu lækningatæki sem getið er í c-, d- og e-lið 2. mgr. 1. gr., hér eftir kölluð „tæki", verða að fullnægja grunnkröfunum sem kveðið er á um í I. viðauka sem gilda skal um þau að teknu tilliti til tilætlaðra nota þeirra.

4. gr.

1. Aðildarríkin skulu ekki standa í vegi fyrir að tæki sem bera EB-merkið séu sett á markað eða tekin í notkun á yfirráðasvæði þeirra.

2. Aðildarríkin skulu á engan hátt hindra að:

— þau tæki sem ætluð eru fyrir klínískar prófanir séu gerð tiltæk sérfræðingum í því skyni ef þau uppfylla skilyrði 10. gr. og 6. viðauka,

— sérsmíðuð tæki séu sett á markað og tekin í notkun ef þau uppfylla skilyrðin sem kveðið er á um í 6. viðauka og þeim fylgir yfirlýsingin sem getið er um í sama viðauka.

Þessi tæki skulu ekki bera EB-merkið.

3. Aðildarríkin skulu ekki koma í veg fyrir að á kaupstefnum, sýningum, við sýnikennslu o.þ.h. séu sýnd tæki sem ekki eru í samræmi við þessa tilskipun svo framarlega sem á sýnilegu skilti sé gefið skýrt til kynna að tækin séu ekki samræmd og að ekki sé hægt að taka þau í notkun

([1]) Stjtíð. EB nr. 22, 9. 2. 1965, bls. 369/65.

([2]) Stjtíð. EB nr. L 15, 17. 1. 1987, bls. 36.

([3]) Stjtíð. EB nr. L 139, 23. 5. 1989, bls. 19.

fyrr en framleiðandi eða umboðsmaður hans með staðfestu í bandalaginu hefur bætt úr því.

4. Þegar tæki eru tekin í notkun geta aðildarríki krafist þess að þær upplýsingar sem lýst er í 13., 14. og 15. atriði í 1. viðauka séu á þjóðtungu(m) þeirra.

5. gr.

Aðildarríkin skulu gera ráð fyrir að grunnkröfurnar sem getið er um í 3. gr. séu uppfylltar að því er varðar tæki sem eru í samræmi við viðeigandi landsstaðla tekna upp á grundvelli þeirra samhæfðu staðla sem birtar hafa verið vísanir til í *Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins*. Aðildarríkin skulu birta vísanir til slíkra landsstaðla.

6. gr.

1. Ef aðildarríki eða framkvæmdastjórnin telur að samhæfðu staðlarnir sem getið er um í 5. gr. fullnægi ekki að öllu leyti grunnkröfunum sem getið er um í 3. gr., skal framkvæmdastjórnin eða hlutaðeigandi aðildarríki leggja málið fyrir fastanefndina sem skipuð var samkvæmt tilskipun 83/189/EBE og tilgreina ástæðurnar fyrir því. Nefndin skal skila áliti án tafar.

Framkvæmdastjórnin skal á grundvelli álits nefndarinnar upplýsa aðildarríkin um þær ráðstafanir sem gera skal að því er varðar staðlana og þá birtingu vísana sem getið er um í 5. gr.

2. Komið skal á fót fastanefnd, hér eftir kölluð „nefndin", og skal hún skipuð fulltrúum aðildarríkjanna undir forsæti fulltrúa framkvæmdastjórnarinnar.

Nefndin setur sér starfsreglur.

Leggja má fyrir nefndina hvert það mál er varðar beitingu og framkvæmd þessarar tilskipunar samkvæmt þeirri málsmeðferð sem greint er frá hér að neðan.

Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skal skila áliti með tilliti til þess hversu brýnt málið er og með atkvæðagreiðslu ef nauðsyn ber til.

Álit nefndarinnar skal bókað í fundargerð. Einnig á hvert aðildarríki rétt á að fá afstöðu sína bókaða í fundargerðina.

Framkvæmdastjórnin skal taka fyllsta tillit til álits nefndarinnar. Hún skal láta nefndina vita á hvern hátt tekið hefur verið tillit til álits hennar.

7. gr.

1. Telji aðildarríki að tæki sem getið er um í c- og d-lið 2. mgr. 1. gr. og tekin hafa verið í notkun á réttan hátt og eru notuð á tilætlaðan hátt kunni að tefla í tvísýnu heilsu og/eða öryggi sjúklinga, notenda eða, ef við á, annarra aðila skal það gera allar viðeigandi ráðstafanir til að taka slík tæki af markaði eða banna eða hindra að þau sé sett á markað eða tekin í notkun.

Aðildarríkið skal þegar í stað upplýsa framkvæmdastjórnina um allar slíkar ráðstafanir, tilgreina ástæðurnar fyrir ákvörðun sinni og þá einkum hvort ósamræmi við þessa tilskipun stafi af því að:

a) grunnkröfunum sem getið er um í 3. gr. sé ekki fullnægt þar sem tækið fullnægi ekki að fullu eða að hluta stöðlunum sem getið er um í 5. gr.;

b) stöðlunum sé ekki rétt beitt;

c) stöðlunum sjálfum sé ábótavant.

2. Framkvæmdastjórnin skal hafa samráð við málsaðila eins fljótt og unnt er. Komist framkvæmdastjórnin, að höfðu slíku samráði, að þeirri niðurstöðu að:

— ráðstafanirnar séu réttmætar skal hún þegar í stað tilkynna það aðildarríkinu sem frumkvæðið tók og hinum aðildarríkjunum; ef ákvörðunin sem getið er um í 1. mgr. á rætur að rekja til þess að stöðlunum er ábótavant skal framkvæmdastjórnin, að höfðu samráði við málsaðila, leggja málið fyrir nefndina sem getið er um í 1. mgr. 6. gr. innan tveggja mánaða ef aðildarríkið sem ákvörðunina tók hyggst framfylgja henni og hefja þá málsmeðferð sem getið er um í 1. mgr. 6. gr.,

— ráðstafanirnar séu óréttmætar skal hún þegar í stað tilkynna það aðildarríkinu sem frumkvæðið tók og framleiðandanum eða umboðsmanni hans með staðfestu í bandalaginu.

3. Ef tæki sem er ekki í samræmi við kröfur er með EB-merki skal þar til bært aðildarríki gera viðeigandi ráðstafanir gegn hverjum þeim sem sett hefur merkið á og tilkynna það framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum.

4. Framkvæmdastjórnin skal sjá til þess að aðildarríkin séu upplýst um framgang og niðurstöðu þessarar málsmeðferðar.

8. gr.

1. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að upplýsingar sem þau hafa fengið um neðangreind atvik varðandi tæki séu skráðar og metnar á einum stað:

a) hverja þá breytingu kennistærða og skila tækis til hins verra og hverja þá ónákvæmni í leiðbeiningabæklingi sem kynni að valda eða hafa valdið dauða sjúklings eða því að heilsu hans hrakaði;

b) hverja þá ástæðu, tæknilega eða læknisfræðilega, sem leiðir til þess að framleiðandi tekur tæki af markaði.

2. Þrátt fyrir ákvæði 7. gr. skulu aðildarríkin þegar í stað upplýsa framkvæmdastjórnina og hin aðildarríkin um þau atvik sem getið er um í 1. mgr. og tilheyrandi ráðstafanir sem gerðar hafa verið eða eru fyrirhugaðar í þeim efnum.

9. gr.

1. Þegar um er að ræða önnur tæki en þau sem eru sérsmíðuð eða ætluð til klínískra prófana verður framleiðandinn, þegar EB-merkið er sett á, að velja um:

a) að fara eftir þeirri aðferð við EB-samræmisyfirlýsingu sem tilgreind er í 2. viðauka; eða

b) að fara eftir þeirri aðferð við EB-gerðarprófun sem tilgreind er í 3. viðauka, ásamt:

i) þeirri aðferð við EB-sannprófun sem tilgreind er í 4. viðauka, eða

ii) þeirri aðferð við EB-samræmisyfirlýsingu sem tilgreind er í 5. viðauka.

2. Þegar um sérsmíðað tæki er að ræða verður framleiðandinn að semja yfirlýsinguna sem kveðið er á um í 6. viðauka áður en hann setur hvert tæki á markað.

3. Þegar svo ber undir getur umboðsmaður framleiðandans með staðfestu í bandalaginu farið eftir þeim aðferðum sem tilgreindar eru í 3., 4. og 6. viðauka.

4. Skjöl og bréfaviðskipti viðvíkjandi þeim aðferðum sem getið er um í 1., 2. og 3. mgr. skulu vera á opinberu tungumáli þess aðildarríkis þar sem umræddar aðferðir verða útfærðar og/eða á tungumáli sem er viðurkennt af tilkynnta aðilanum sem skilgreindur er í 11. gr.

10. gr.

1. Þegar um er að ræða tæki ætluð til klínískra prófana skal framleiðandinn eða umboðsmaður hans með staðfestu í bandalaginu, minnst 60 dögum áður en prófanirnar hefjast, leggja yfirlýsinguna sem getið er um í 6. viðauka fyrir lögbær yfirvöld í aðildarríkinu þar sem prófanirnar eiga að fara fram.

2. Framleiðandanum er heimilt að hefja þær klínísku prófanir sem um er að ræða þegar liðnir eru 60 dagar frá tilkynningu nema lögbær yfirvöld hafi innan þess tíma tilkynnt honum ákvörðun um hið gagnstæða sem tekin var með hliðsjón af almannaheilbrigði eða allsherjarreglu.

3. Aðildarríkin skulu, ef nauðsyn krefur, gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja almannaheilbrigði og allsherjarreglu.

11. gr.

1. Hvert aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um þá aðila sem það hefur útnefnt til að sinna verkefnum varðandi þær aðferðir sem getið er um í 9. og 13. gr., um þau verkefni sem hverjum aðila hafa verið falin og kennimerki þessara aðila sem hér eftir kallast „tilkynntir aðilar".

Framkvæmdastjórnin skal birta lista yfir þessa tilkynntu aðila og þau verkefni sem þeim hafa verið falin í *Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins* og hún skal sjá til þess að listanum sé haldið við.

2. Aðildarríkin skulu beita þeim lágmarksviðmiðum sem kveðið er á um í 8. viðauka við tilnefningu aðila. Gert skal ráð fyrir að þeir aðilar sem ná þeim viðmiðum sem viðeigandi samhæfðir staðlar setja nái viðeigandi lágmarksviðmiðum.

3. Aðildarríki sem tilkynnt hefur um aðila skal draga tilkynninguna til baka telji það að aðilinn nái ekki lengur þeim viðmiðum sem getið er um í 2. mgr. Það skal þegar í stað tilkynna það hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni.

4. Tilkynnti aðilinn og framleiðandinn eða umboðsmaður hans með staðfestu í bandalaginu skulu koma sér saman um tímamörk til að ljúka mats- og sannprófunaraðgerðum sem getið er um í 2. og 5. viðauka.

12. gr.

1. Tæki sem talin eru uppfylla grunnkröfurnar sem getið er um í 3. gr., að frátöldum þeim sem eru sérsmíðuð eða ætluð fyrir klínískar prófanir, skulu bera EB-samræmismerki.

2. EB-samræmismerki eins og það er sýnt í 9. viðauka verður að vera sýnilegt, læsilegt og óafmáanlegt á hinum sótthreinsuðu umbúðum og, þegar við á, á söluumbúðunum ef einhverjar eru og á leiðbeiningabæklingnum.

Því verður að fylgja kennimerki tilkynnta aðilans sem ber ábyrgð á beitingu þeirra aðferða sem tilgreindar eru í 2., 4. og 5. viðauka.

3. Bannað er að setja á merki sem líklegt er að verði tekið í misgripum fyrir EB-samræmismerki.

13. gr.

Ef sannað er að EB-merkið hafi ranglega verið sett á, einkum ef um er að ræða tæki:

— sem ekki eru í samræmi við viðeigandi staðla sem getið er um í 5. gr. hafi framleiðandinn kosið samræmi við þá,

— sem ekki eru í samræmi við samþykkta gerð,

— sem eru í samræmi við samþykkta gerð sem ekki uppfyllir viðeigandi grunnkröfur,

— þar sem framleiðandinn hefur ekki staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt viðeigandi EB-samræmisyfirlýsingu,

skal tilkynnti aðilinn gera viðeigandi ráðstafanir og tilkynna það lögbæru aðildarríki þegar í stað.

14. gr.

Hver sú ákvörðun tekin á grundvelli þessarar tilskipunar sem hefur í för með sér neitun um eða takmörkun á markaðssetningu og/eða því að tæki sé tekið í notkun skal nákvæmlega rökstudd. Slík ákvörðun skal þegar í stað tilkynnt hinum hlutaðeigandi aðila sem samtímis skal fá upplýsingar um þau úrræði sem hann á völ á samkvæmt gildandi lögum í viðkomandi aðildarríki og þau tímamörk sem gilda um beitingu þessara úrræða.

15. gr.

Aðildarríkin skulu sjá til þess að öllum aðilum sem beiting þessarar tilskipunar varðar sé skylt að fara með allar upplýsingar sem þeir fá í starfi sínu sem trúnaðarmál. Þetta hefur ekki áhrif á skyldur aðildarríkja og tilkynntra aðila til að skiptast á upplýsingum og gefa út viðvaranir.

16. gr.

1. Aðildarríkin skulu fyrir 1. júlí 1992 samþykkja og birta þau lög og stjórnsýslufyrirmæli sem nauðsynleg eru til að fara að ákvæðum þessarar tilskipunar. Þau skulu þegar í stað tilkynna það framkvæmdastjórninni.

Þau skulu beita slíkum ákvæðum frá 1. janúar 1993.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni texta þeirra ákvæða landslaga er þau samþykkja á því sviði sem tilskipun þessi tekur til.

3. Aðildarríkin skulu á tímabilinu til 31. desember 1994 leyfa að sett séu á markað og tekin í notkun tæki sem uppfylla þau ákvæði sem giltu á yfirráðasvæði þeirra 31. desember 1992.

17. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 20. júní 1990.

Fyrir hönd ráðsins,

D. J. O'MALLEY

forseti.

1. VIÐAUKI

GRUNNKRÖFUR

I. ALMENNAR KRÖFUR

1. Tækin verða að vera hönnuð og framleidd með þeim hætti að þegar þau eru ígrædd við þær aðstæður og í þeim tilgangi sem mælt er fyrir um stofni notkun þeirra hvorki í hættu klínískum aðstæðum né öryggi sjúklinga. Þau mega ekki stofna í hættu því fólki sem framkvæmir ígræðsluna eða, ef svo ber undir, öðru fólki.

2. Tækin verða að ná þeim skilum sem framleiðandinn ætlast til, það er að segja, vera hönnuð og framleidd á þann hátt að þau henti fyrir eina eða fleiri af þeim aðgerðum sem getið er um í a-lið 2. mgr. 1. gr. samkvæmt því sem framleiðandinn tilgreinir.

3. Kennistærðir og skil sem getið er um í 1. og 2. þætti mega ekki, á þeim tíma sem framleiðandinn gefur upp sem líftíma tækisins, breytast þannig að klínískum aðstæðum og öryggi sjúklinga eða, ef svo ber undir, þriðja aðila sé stofnað í hættu þegar tækið verður fyrir þeirri áverkun sem átt getur sér stað við eðlilegar notkunaraðstæður.

4. Tækin verða að vera hönnuð, framleidd og sett í umbúðir á þann hátt að kennistærðir þeirra og eiginleikar breytist ekki við þær geymslu- og flutningsaðstæður sem framleiðandinn gerir ráð fyrir (hitastig, raka o.s.frv.).

5. Hætta á hliðarverkunum og heilsutjóni verður að vera ásættanleg þegar hún er metin með tilliti til þeirra skila sem vænst er.

II. KRÖFUR VARÐANDI HÖNNUN OG FRAMLEIÐSLU

6. Þær lausnir sem framleiðandinn velur við hönnun og smíði tækjanna verða að samrýmast grundvallarreglum um öryggi þegar tillit er tekið til þess tæknistigs sem almennt er viðurkennt.

7. Ígræðanleg tæki verður að hanna, framleiða og setja í einnotaumbúðir með viðeigandi aðferðum til að tryggja að þau séu dauðhreinsuð þegar þau eru sett á markað og haldist þannig við þær geymslu- og flutningsaðstæður sem framleiðandinn mælir fyrir um þar til umbúðirnar eru fjarlægðar og þau grædd í.

8. Tæki verður að hanna og framleiða með það í huga að komist verði hjá eða haldið í lágmarki svo sem mögulegt er:

— hættu á líkamsmeiðslum í tengslum við efnislega eiginleika þeirra, þar á meðal stærð,

— hættu tengdri notkun orkugjafa, sé notað rafmagn, einkum hvað varðar einangrun, lekastrauma og varmamyndun tækjanna,

— hættu tengdri fyrirsjáanlegum umhverfisaðstæðum, svo sem segulsviðum, ytri rafmagnsáhrifum, afhleðslu stöðurafmagns, þrýstingi eða breytingum á þrýstingi og hröðun,

— hættu sem tengist læknismeðferð, einkum þeirri er stafar af notkun hjartastilla eða hátíðnibúnaðar til skurðlækninga,

— hættu sem tengist jónandi geislun frá geislavirkum efnum sem eru hluti af tækinu, í samræmi við varnarkröfurnar sem kveðið er á um í tilskipun 80/836/KBE ([1]), eins og henni var breytt með tilskipunum 84/467/KBE ([2]) og 84/466/KBE ([3]),

— hættu sem kann að koma upp þar sem viðhald og kvörðun eru ómöguleg, þar á meðal:

— óhóflegri aukningu lekastrauma,

— öldrun efna sem notuð eru,

— óhóflegri varmamyndun í tækinu,

— minnkandi nákvæmni mæli- eða stýribúnaðar.

([1]) Stjtíð. EB nr. L 246, 17. 9. 1980, bls. 1.
([2]) Stjtíð. EB nr. L 265, 5. 10. 1984, bls. 4.
([3]) Stjtíð. EB nr. L 265, 5. 10. 1984, bls. 1.

9. Tækin verða að vera hönnuð og framleidd á þann hátt að tryggðar séu þær kennistærðir og þau skil sem getið er um í „I. Almennar kröfur" og ber þar einkum að hafa í huga:

— val á efnum sem notuð eru, einkum með tilliti til eituráhrifa,

— gagnkvæman samrýmanleika efnanna sem notuð eru og lífrænna vefja, fruma og líkamsvökva með tilliti til fyrirhugaðrar notkunar tækisins,

— samrýmanleika tækjanna og þeirra efna sem þau eiga að gefa inn,

— gæði tenginganna, einkum að því er varðar öryggi,

— áreiðanleika orkugjafans,

— ef við á, að hann sé lekaþéttur,

— rétt starfsemi forritunar- og stýribúnaðar, að meðtöldum hugbúnaði.

10. Ef óaðskiljanlegur hluti af tæki er efni sem líklegt er að talið væri lyf í skilningi 1. gr. tilskipunar 65/65/EBE ef það væri notað eitt sér, og verkun þess í tengslum við tækið getur orðið til þess að það verði líffræðilega aðgengilegt, verða öryggi, gæði og nytsemi efnisins með tilliti til notkunargildis tækisins að vera staðfest samkvæmt viðeigandi aðferðum sem skilgreindar eru í tilskipun 75/318/EBE [1], eins og henni var síðast breytt með tilskipun 89/341/EBE [2].

11. Tækin, og ef við á íhlutir þeirra, verða að vera auðkennd þannig að hægt sé að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir ef talið er að hætta kunni að tengjast tækjunum og íhlutum þeirra.

12. Á tækjunum verður að vera skráningarlykill sem ótvírætt auðkennir hann og framleiðanda hans (einkum að því er varðar gerð tækis og framleiðsluár). Skráningarlykilinn verður að vera hægt að lesa, ef nauðsynlegt er, án þess að grípa þurfi til skurðaðgerðar.

13. Ef á tæki eða fylgihlutum þess eru leiðbeiningar sem þörf er á við notkun þess eða breytistærðir varðandi notkun eða stillingu eru gefnar til kynna með sýnilegum hætti, þurfa slíkar upplýsingar að vera skiljanlegar fyrir notandann og, eftir því sem við á, fyrir sjúklinginn.

14. Eftirtalin atriði verða að vera skráð læsilega og óafmáanlega á hvert tæki, þegar við á með almennt viðurkenndum táknum:

14.1. Á hinum sótthreinsuðu umbúðum:

— aðferð við dauðhreinsun,

— upplýsingar til að bera kennsl á þessar umbúðir,

— nafn og heimilisfang framleiðanda,

— lýsing á tækinu,

— ef tækið er ætlað til klíniskra prófana, áletrunin: „aðeins til klíniskra prófana",

— ef tækið er sérsmíðað, áletrunin: „sérsmíðað tæki",

— yfirlýsing um að hið ígræðanlega tæki sé dauðhreinsað,

— framleiðsluár og -mánuður,

— upplýsingar um tímamörk fyrir örugga ígræðslu.

14.2. Á söluumbúðum:

— nafn og heimilisfang framleiðanda,

— lýsing á tækinu,

— notkunargildi tækisins,

— þær kennistærðir sem máli skipta vegna notkunar þess,

— ef tækið er ætlað til klíniskra prófana, áletrunin: „aðeins til klíniskra prófana",

[1] Stjtíð. EB nr. L 147, 9. 6. 1975, bls. 1.
[2] Stjtíð. EB nr. L 142, 25. 5. 1989, bls. 11.

— ef tækið er sérsmíðað, áletrunin: „sérsmíðað tæki",

— yfirlýsing um að hið ígræðanlega tæki sé dauðhreinsað,

— framleiðsluár og -mánuður,

— upplýsingar um tímamörk fyrir örugga ígræðslu,

— flutnings- og geymsluskilyrði tækisins.

15. Hverju tæki skulu, þegar það er sett á markað, fylgja notkunarleiðbeiningar sem gefa til kynna:

— hvaða ár ásetning EB-merkisins var leyfð,

— þau atriði sem getið er um í 14.1 og 14.2, að frátöldum þeim sem getið er um í áttunda og níunda undirlið,

— upplýsingar um þau skil sem getið er um í 2. þætti og óæskilegar hliðarverkanir ef einhverjar eru,

— upplýsingar sem gera lækninum kleift að velja heppilegt tæki og viðeigandi hugbúnað og fylgihluti,

— þær upplýsingar sem mynda notkunarleiðbeiningarnar og gera lækninum, og þar sem við á sjúklingnum, kleift að nota tækið, fylgihluti þess og hugbúnað á réttan hátt og einnig upplýsingar um eðli, svið og tímamörk eftirlits og prófana og þar sem við á viðhaldsráðstafanir,

— upplýsingar sem gera kleift, þar sem við á, að forðast vissar hættur í tengslum við ígræðslu tækisins,

— upplýsingar varðandi hættu á gagnkvæmri truflun (*) þegar tækið er til staðar við sérstakar prófanir eða meðferð,

— nauðsynleg fyrirmæli hafi dauðhreinsuðu umbúðirnar skemmst og þegar við á upplýsingar um rétta aðferð við endurtekna dauðhreinsun,

— ef við á upplýsingar um að tæki megi því aðeins endurnota að það sé endurgerður á ábyrgð framleiðandans þannig að hann fullnægi grunnkröfunum.

Leiðbeiningabæklingurinn verður einnig að innihalda atriði sem gera lækninum kleift að upplýsa sjúklinginn um frábendingar og þær varúðarráðstafanir sem gera skal. Þessi atriði skulu einkum ná yfir:

— upplýsingar sem gera kleift að ákvarða líftíma orkugjafans,

— varúðarráðstafanir sem gera skal ef breytingar verða á skilum tækisins,

— varúðarráðstafanir sem gera skal varðandi berskjöldun, við fyrirsjáanlegar umhverfisaðstæður, fyrir áhrifum segulsviðs, ytri rafmagnsáhrifum, afhleðslu stöðurafmagns, þrýstingi eða breytingu á þrýstingi, hröðun o.s.frv.,

— nægar upplýsingar um þau lyf sem tækið á að gefa inn.

16. Staðfesting á því að tækið fullnægi kröfum um kennistærðir og skil eins og getið er um í „I. Almennar kröfur", við eðlilegar notkunaraðstæður, og mat á hliðaráhrifum og óæskilegum áhrifum verður að byggjast á klínískum gögnum sem aflað hefur verið samkvæmt 7. viðauka.

(*) „Gagnkvæm truflun" merkir óhagstæð áhrif á tækið frá nálægum tækjum þegar fram fer prófun eða meðferð, eða öfugt.

2. VIÐAUKI

EB-SAMRÆMISYFIRLÝSING

(Fullkomið gæðatryggingarkerfi)

1. Framleiðandinn skal beita því gæðakerfi sem samþykkt er fyrir hönnun, framleiðslu og lokaeftirlit með viðkomandi vörum eins og tilgreint er í 3. og 4. atriði og skal vera háður EB-eftirliti eins og tilgreint er í 5. atriði.

2. Samræmisyfirlýsingin er sú málsmeðferð sem framleiðandi er uppfyllir skyldurnar í 1. atriði beitir til að tryggja og lýsa yfir að viðkomandi vörur uppfylli þau ákvæði þessarar tilskipunar sem við þær eiga.

   Framleiðandinn skal setja EB-merkið á samkvæmt 12. gr. og semja skriflega samræmisyfirlýsingu. Þessi yfirlýsing skal ná yfir eitt eða fleiri tiltekin eintök af vörunni og skal geymd hjá framleiðanda. EB-merkinu skal fylgja kennimerki þess tilkynnta aðila sem ábyrgur er.

3. **Gæðakerfi**

3.1. Framleiðandinn skal sækja um mat á gæðakerfi sínu hjá tilkynntum aðila.

   Umsóknin skal innihalda:

   — allar upplýsingar sem máli skipta um þann vöruflokk sem fyrirhugað er að framleiða,

   — upplýsingaskjöl um gæðakerfið,

   — skuldbindingu um að uppfylla þær skyldur sem leiða af hinu samþykkta gæðakerfi,

   — skuldbindingu um að viðhalda hinu samþykkta gæðakerfi á þann hátt að það sé fullnægjandi og skilvirkt,

   — skuldbindingu framleiðandans um að koma á fót og viðhalda eftirlitskerfi eftir að sala fer fram. Skuldbindingin skal fela í sér þá skyldu framleiðandans að tilkynna lögbærum yfirvöldum án tafar um eftirtalin atvik sem hann fær vitneskju um:

      i) hverja þá breytingu kennistærða eða skila til hins verra og hverja þá ónákvæmni í leiðbeiningabæklingi fyrir tæki sem kynni að valda eða hafa valdið dauða sjúklings eða því að heilsu hans hrakaði;

      ii) hverja þá ástæðu, tæknilega eða læknisfræðilega, sem leiðir til þess að framleiðandi tekur tæki af markaði.

3.2. Beiting gæðakerfis verður að tryggja að vörur séu í samræmi við þau ákvæði þessarar tilskipunar sem við þær eiga á öllum stigum frá hönnun til lokaeftirlits.

   Allar þær aðstæður, kröfur og ákvæði sem framleiðandinn tekur tillit til í gæðakerfi sínu skulu skjalfestar á kerfisbundinn hátt með skriflegum yfirlýsingum um stefnu og aðferðir. Þessi upplýsingaskjöl um gæðakerfið verða að gera kleift að túlka á einhlítan hátt gæðastefnu og -aðferðir svo sem gæðaforrit, -áætlanir, -handbækur og -skrár.

   Þau skulu einkum innihalda fullnægjandi lýsingu á:

   a) gæðamarkmiðum framleiðandans;

   b) skipulagi fyrirtækisins, einkum:

      — skipuriti þess, ábyrgð stjórnenda og valdi þeirra að því er snertir gæði hönnunar og framleiðslu vörunnar,

      — aðferðir til að fylgjast með því að gæðakerfið sé virkt og einkum hæfni þess til að fá fram þau gæði sem óskað er hvað varðar vörurnar og hönnun þeirra, þar með talið eftirlit með vörum sem ekki eru í samræmi við kröfurnar;

c) aðferðum til að fylgjast með og sannreyna hönnun varanna, einkum:

— hönnunarforskriftunum ásamt þeim stöðlum sem beita skal og lýsingu á þeim lausnum sem valdar hafa verið til að fullnægja þeim grunnkröfum sem við vörurnar eiga þegar stöðlunum sem getið er um í 5. gr. er ekki beitt til fulls,

— tækni við stýringu og staðfestingu á hönnun, ferlum og kerfisbundnum aðgerðum sem notaðar verða við hönnun varanna;

d) tækni við stýringu og gæðatryggingu á framleiðslustigi, einkum:

— ferlum og aðferðum sem notaðar verða, einkum hvað snertir dauðhreinsun, innkaup og tilheyrandi skjöl,

— aðferðum til að bera kennsl á vöru sem skráðar eru og við haldið með teikningum, forskriftum eða öðrum tilheyrandi skjölum á öllum stigum framleiðslunnar;

e) viðeigandi athugunum og prófunum sem gerðar verða fyrir, við og eftir framleiðslu, hversu oft þær verða gerðar og þeim tækjum sem nota á.

3.3. Þrátt fyrir ákvæði 13. gr. þessarar tilskipunar skal tilkynnti aðilinn láta fara fram úttekt á gæðakerfinu til að ganga úr skugga um hvort það uppfyllir kröfurnar sem getið er um í 3.2. Hann skal gera ráð fyrir samræmi við þessar kröfur þegar notaðir eru samhæfðir staðlar í gæðakerfunum.

Í hópnum sem falið er að framkvæma matið skal vera að minnsta kosti einn aðili sem hefur reynslu af mati á þeirri tækni sem um er að ræða. Matið skal að hluta fara fram með vettvangsskoðun hjá framleiðanda.

Úrskurðurinn skal tilkynntur framleiðanda eftir að lokaathugun hefur farið fram. Hann skal innihalda niðurstöður athugunarinnar og rökstutt mat.

3.4. Framleiðandinn skal upplýsa tilkynnta aðilann sem samþykkt hefur gæðakerfið um allar fyrirhugaðar breytingar á því.

Tilkynnti aðilinn skal meta þær breytingar sem lagt er til að gera og staðfesta hvort gæðakerfið þannig breytt mundi uppfylla kröfurnar sem getið er um í 3.2. Hann skal tilkynna framleiðandanum úrskurð sinn. Þessi úrskurður skal innihalda niðurstöður athugunarinnar og rökstutt mat.

4. **Prófun á hönnun vörunnar**

4.1. Til viðbótar þeim skyldum sem á honum hvíla samkvæmt 3. atriði, skal framleiðandinn sækja um athugun á hönnunargögnum fyrir vöruna sem hann ætlar að framleiða og sem fellur undir þann flokk sem getið er um í 3.1.

4.2. Í umsókninni skal lýsa hönnun, framleiðslu og skilum þeirrar vöru sem um er að ræða og tilgreina atriði sem nauðsynleg eru til að kleift sé að meta hvort varan samrýmist kröfum þessarar tilskipunar.

Meðal annars skal umsóknin innihalda:

— hönnunarforskriftir, þar á meðal þá staðla sem beitt hefur verið,

— nauðsynlegar sannanir fyrir því að þeir eigi við, einkum þegar stöðlunum sem getið er um í 5. gr. hefur ekki verið beitt að fullu. Þessi sönnun verður að innihalda niðurstöður viðeigandi prófana sem gerðar hafa verið af framleiðandanum eða á ábyrgð hans,

— yfirlýsingu um það hvort tækið inniheldur, sem óaðskiljanlegan hluta, efni af því tagi sem getið er um í 10. atriði 1. viðauka, þannig að verkun þess í tengslum við tækið geti orðið til þess að það verði líffræðilega aðgengilegt, ásamt upplýsingum um þær prófanir sem gerðar hafa verið hvað þetta varðar,

— þær klínísku upplýsingar sem getið er í 7. viðauka,

— drög að leiðbeiningabæklingi.

4.3. Tilkynnti aðilinn athugar umsóknina og ef varan samrýmist viðeigandi ákvæðum þessarar tilskipunar gefur hann út EB-hönnunarprófunarvottorð til handa umsækjandanum. Tilkynnti aðilinn getur krafist þess að umsóknin sé studd frekari prófunum eða sönnunum svo að hægt sé að meta samræmi við kröfur tilskipunarinnar. Vottorðið skal innihalda niðurstöður athugunarinnar, skilyrðin fyrir því að það gildi, þær upplýsingar sem þarf til að þekkja hina samþykktu hönnun og, þegar við á, lýsingu á fyrirhugaðri notkun vörunnar.

4.4. Umsækjandinn upplýsir tilkynnta aðilann sem gaf út vottorð um EB-hönnunarprófun um allar breytingar sem gerðar eru á hinni samþykktu hönnun. Breytingar á hinni samþykktu hönnun verða að fá viðbótarsamþykki frá tilkynnta aðilanum sem gaf út EB-hönnunarprófunarvottorðið þegar slíkar breytingar kunna að hafa áhrif á samræmi við grunnkröfur þessarar tilskipunar eða þau skilyrði sem mælt er fyrir um við notkun vörunnar. Þetta viðbótarsamþykki skal gefið sem viðbót við EB-hönnunarprófunarvottorðið.

5. **Eftirlit**

5.1. Tilgangur eftirlitsins er að sjá til þess að framleiðandinn ræki þær skyldur sem samþykkt gæðakerfi hefur í för með sér.

5.2. Framleiðandinn heimilar hinum tilkynnta aðila að framkvæma allt eftirlit sem þörf er á og sér honum fyrir öllum nauðsynlegum upplýsingum, einkum:

— upplýsingaskjölum um gæðakerfið,

— þeim upplýsingum sem mælt er fyrir um varðandi þann þátt gæðakerfisins sem snýr að hönnun, svo sem niðurstöður greininga, útreikninga, prófana o.s.frv.,

— þeim upplýsingum sem mælt er fyrir um varðandi þann þátt gæðakerfisins sem snýr að framleiðslu, svo sem skýrslur um eftirlit, prófanir, stöðlun/kvörðun og menntun og hæfi þess starfsliðs sem í hlut á o.s.frv.

5.3. Tilkynnti aðilinn framkvæmir með jöfnu millibili viðeigandi eftirlit og mat til að tryggja að framleiðandinn noti hið viðurkennda gæðakerfi og afhendir framleiðandanum matsskýrslu.

5.4. Að auki má tilkynnti aðilinn koma óvænt í heimsókn til framleiðandans og skal hann þá afhenda framleiðandanum eftirlitsskýrslu.

6. Tilkynnti aðilinn skal senda öðrum tilkynntum aðilum allar upplýsingar sem máli skipta varðandi samþykktir á gæðakerfum sem hafa verið gefnar út, neitað eða afturkallaðar.

3. VIÐAUKI

EB-GERÐARPRÓFUN

1. EB-gerðarprófun er sú aðferð sem tilkynntur aðili beitir til að skoða og votta að dæmigert eintak af fyrirhugaðri framleiðslu fullnægi viðeigandi ákvæðum þessarar tilskipunar.

2. Framleiðandinn eða umboðsmaður hans með staðfestu í bandalaginu skal sækja um EB-gerðarprófun hjá tilkynntum aðila.

   Umsóknin skal innihalda:

   — nafn og heimilisfang framleiðandans og nafn og heimilisfang umboðsmanns ef hann er umsækjandi,

   — skriflega yfirlýsingu um að ekki hafi verið sótt um hjá öðrum tilkynntum aðila,

   — þau skjöl sem lýst er í 3. þætti og eru nauðsynleg til að hægt sé að meta samræmi dæmigerðs eintaks af þeirri framleiðslu sem um ræðir, hér eftir nefnt „gerðareintak", við kröfur þessarar tilskipunar.

   Umsækjandinn skal láta hinum tilkynnta aðila í té gerðareintak. Tilkynnti aðilinn má krefjast fleiri eintaka eftir þörfum.

3. Skjölin verða að gera kleift að skilja hönnun, framleiðslu og skil vörunnar. Skjölin skulu einkum innihalda eftirtalin atriði:

   — almenna lýsingu gerðareintaksins,

   — hönnunarteikningar, fyrirhugaðar framleiðsluaðferðir, einkum að því er varðar dauðhreinsun, og skýringarmyndir af íhlutum, einingum, straumrásum o.s.frv.,

   — þær lýsingar og útskýringar sem þörf er á til að skilja áðurnefndar teikningar og skýringarmyndir og verkun vörunnar,

   — lista yfir staðlana sem getið er um í 5. gr., og beitt er að fullu eða að hluta, og lýsingu á þeim lausnum sem valdar hafa verið til að fullnægja grunnkröfunum þegar stöðlunum sem getið er um í 5. gr. hefur ekki verið beitt,

   — niðurstöður hönnunarútreikninga, athugana og tæknilegra prófana sem gerðar hafa verið o.s.frv.,

   — yfirlýsingu um það hvort tækið inniheldur, sem óaðskiljanlegan hluta, efni af því tagi sem getið er um í 10. atriði 1. viðauka, þannig að verkun þess í tengslum við tækið geti orðið til þess að það verði líffræðilegu aðgengilegt, ásamt upplýsingum um þær prófanir sem gerðar hafa verið hvað þetta varðar,

   — þær klínísku upplýsingar sem getið er um í 7. viðauka,

   — drög að leiðbeiningabæklingi.

4. Tilkynnti aðilinn skal:

4.1. athuga og meta upplýsingarnar og ganga úr skugga um að gerðareintakið hafi verið framleitt í samræmi við þær; hann skal einnig skrá þá hluti sem hafa verið hannaðir samkvæmt viðeigandi ákvæðum staðlanna sem getið er um í 5. gr. svo og þá hluti sem ekki eru hannaðir samkvæmt ákvæðum þessara staðla;

4.2. gera eða láta gera viðeigandi athuganir og nauðsynlegar prófanir til að ganga úr skugga um hvort þær lausnir sem framleiðandinn hefur valið fullnægja grunnkröfum þessarar tilskipunar þegar stöðlunum sem getið er í 5. gr. hefur ekki verið beitt;

4.3. gera eða láta gera viðeigandi athuganir og nauðsynlegar prófanir til að ganga úr skugga um, þegar framleiðandinn hefur kosið að beita viðeigandi stöðlum, hvort þeim hefur í raun og veru verið beitt;

4.4. gera samkomulag við umsækjandann um staðinn þar sem nauðsynlegar athuganir og prófanir skulu fara fram.

5. Uppfylli gerðareintakið ákvæði þessarar tilskipunar gefur tilkynnti aðilinn út EB-gerðarprófunarvottorð til handa umsækjandanum. Vottorðið skal innihalda nafn og heimilisfang framleiðandans, niðurstöður athugana og prófana, skilyrði fyrir því að vottorðið sé í gildi og nauðsynlegar upplýsingar til að bera kennsl á hið samþykkta gerðareintak.

   Mikilvægustu upplýsingaskjölin skulu fylgja vottorðinu og afrit skal geymt hjá tilkynnta aðilanum.

6. Umsækjandinn skal upplýsa tilkynnta aðilann sem gaf út EB-gerðarprófunarvottorðið um allar breytingar gerðar á hinni samþykktu vöru.

   Breytingar á hinni samþykktu hönnun verða að hljóta viðbótarsamþykki tilkynnta aðilans sem gaf út EB-gerðarprófunarvottorðið þegar slíkar breytingar kunna að hafa áhrif á samræmi við grunnkröfurnar eða þau skilyrði sem mælt er fyrir um við notkun vörunnar. Þetta viðbótarsamþykki skal, þar sem við á, gefið út sem viðbót við upphaflega EB-gerðarprófunarvottorðið.

7. Sérhver tilkynntur aðili skal senda öðrum tilkynntum aðilum allar upplýsingar sem máli skipta varðandi EB-gerðarprófunarvottorð og viðbætur við þau sem hafa verið gefin út, neitað eða afturkölluð.

8. Aðrir tilkynntir aðilar geta fengið afrit af EB-gerðarprófunarvottorðum og/eða viðbótum við þau. Viðaukarnir við vottorðin skulu gerðir tiltækir öðrum tilkynntum aðilum þegar rökstudd umsókn liggur fyrir og eftir að framleiðandanum hefur verið tilkynnt um það.

4. VIÐAUKI

EB-SANNPRÓFUN

1. EB-sannprófun er sú aðferð sem tilkynntur aðili beitir til að sannreyna og votta að vara sé í samræmi við það gerðareintak sem lýst er í EB-gerðarprófunarvottorðinu og fullnægi viðeigandi kröfum þessarar tilskipunar.

2. Framleiðandinn skal áður en framleiðsla hefst útbúa skjöl þar sem framleiðsluferlið er skilgreint, einkum hvað varðar dauðhreinsun, ásamt þeim fyrirfram ákveðnu, kerfisbundnu aðferðum sem beitt er til að tryggja einsleitni framleiðslunnar og samræmi varanna við gerðareintakið sem lýst er í EB-gerðarprófunarvottorðinu og við þær kröfur tilskipunarinnar sem við eiga.

3. Framleiðandinn skal skuldbinda sig til að koma á fót og viðhalda eftirlitskerfi eftir að sala fer fram. Skuldbindingin skal fela í sér þá skyldu framleiðandans að tilkynna lögbærum yfirvöldum án tafar um eftirtalin atvik sem hann fær vitneskju um:

   i) hverja þá breytingu kennistærða eða skila til hins verra og hverja þá ónákvæmni í leiðbeiningabæklingi fyrir tæki sem kynni að valda eða hafa valdið dauða sjúklings eða því að heilsu hans hrakaði;

   ii) hverja þá ástæðu, tæknilega eða læknisfræðilega, sem leiðir til þess að framleiðandi tekur tæki af markaði.

4. Tilkynnti aðilinn skal framkvæma EB-sannprófun með athugunum og prófunum á tölfræðilegum grundvelli eins og tilgreint er í 5. lið. Framleiðanda er skylt að leyfa tilkynnta aðilanum að meta skilvirkni þeirra ráðstafana sem gerðar eru samkvæmt 2. þætti, með úttekt þar sem við á.

5. **Tölfræðileg sannprófun**

5.1. Framleiðandinn skal leggja vörur sínar fram í samstæðum framleiðslueiningum.

5.2. Slembisýni skal tekið úr hverri framleiðslueiningu. Vörueintök í sýni skulu athuguð hvert fyrir sig og viðeigandi prófanir, skilgreindar í viðeigandi staðli/stöðlum sem getið er um í 5. gr., eða jafngildar prófanir gerðar til að sannreyna samræmi vörunnar við það gerðareintak sem lýst er í EB-gerðarprófunarvottorðinu svo að úrskurða megi hvort framleiðslueiningin sé samþykkt eða henni sé hafnað.

5.3. Tölfræðilegt eftirlit með vörum byggist á eiginleikum og gerir ráð fyrir sýnatökukerfi með eftirfarandi kennistærðum:

   — gæðastigi samsvarandi því að líkur á samþykki séu 95% með hundraðshlutfall ósamræmis milli 0,29 og 1%,

   — markgæðum samsvarandi því að líkur á samþykki séu 5% með hundraðshlutfall ósamræmis milli 3 og 7%.

5.4. Hljóti framleiðslueining samþykki skal tilkynnti aðilinn útbúa skriflegt samræmisvottorð. Allar vörur í framleiðslueiningunni má setja á markað að undanskildum þeim sem ekki hafa reynst vera í samræmi.

   Ef framleiðslueiningu er hafnað skal sá tilkynnti aðili sem ábyrgur er gera viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir að hún verði sett á markað.

   Ef aðstæður krefjast má framleiðandinn á ábyrgð hins tilkynnta aðila setja EB-merkið á vöruna í framleiðslu, í samræmi við 12. gr., ásamt einkennismerki þess tilkynnta aðila sem ábyrgð ber á tölfræðilegri sannprófun.

5. VIÐAUKI

EB-YFIRLÝSING UM SAMRÆMI VIÐ GERÐAREINTAK

(Trygging á gæðum framleiðslu)

1. Framleiðandinn skal beita því gæðakerfi sem samþykkt er fyrir framleiðsluna og stjórna lokaeftirliti með viðkomandi vörum eins og tilgreint er í 3. atriði; hann er háður því eftirliti sem getið er í 4. atriði.

2. Þessi samræmisyfirlýsing er hluti af þeirri málsmeðferð sem framleiðandi er uppfyllir skyldurnar í 1. atriði beitir til að tryggja og lýsa yfir að viðkomandi vörur séu í samræmi við gerðareintakið sem lýst er í EB-gerðarprófunarvottorðinu og uppfylli þau ákvæði þessarar tilskipunar sem við þær eiga.

   Framleiðandinn skal setja EB-merkið á samkvæmt 12. gr. og semja skriflega samræmisyfirlýsingu. Þessi yfirlýsing skal ná yfir eitt eða fleiri tiltekin eintök af vörunni og skal geymd hjá framleiðanda. EB-merkinu skal fylgja kennimerki þess tilkynnta aðila sem ábyrgur er.

3. **Gæðakerfi**

3.1. Framleiðandinn skal sækja um mat á gæðakerfi sínu hjá tilkynntum aðila.

   Umsóknin skal innihalda:

   — allar upplýsingar sem máli skipta um þann vöruflokk sem fyrirhugað er að framleiða,

   — upplýsingaskjöl um gæðakerfið,

   — skuldbindingu um að uppfylla þær skyldur sem leiða af hinu samþykkta gæðakerfi,

   — skuldbindingu um að viðhalda hinu samþykkta gæðakerfi á þann hátt að það sé fullnægjandi og skilvirkt,

   — ef við á tækniskjöl varðandi samþykkt gerðareintak og afrit af EB-gerðarprófunarvottorðinu,

   — skuldbindingu framleiðandans um að koma á fót og viðhalda eftirlitskerfi eftir að sala fer fram. Skuldbindingin skal fela í sér þá skyldu framleiðandans að tilkynna lögbærum yfirvöldum án tafar um eftirtalin atvik sem hann fær vitneskju um:

      i) hverja þá breytingu kennistærða eða skila til hins verra og hverja þá ónákvæmni í leiðbeiningabæklingi fyrir tæki sem kynni að valda eða hafa valdið dauða sjúklings eða því að heilsu hans hrakaði;

      ii) hverja þá ástæðu, tæknilega eða læknisfræðilega, sem leiðir til þess að framleiðandi tekur tæki af markaði.

3.2. Beiting gæðakerfisins verður að tryggja að vörur séu í samræmi við það gerðareintak sem lýst er í EB-gerðarprófunarvottorðinu.

   Allar þær aðstæður, kröfur og ákvæði sem framleiðandinn tekur tillit til í gæðakerfi sínu skulu skjalfestar á kerfisbundinn hátt með skriflegum yfirlýsingum um stefnu og aðferðir. Þessi upplýsingaskjöl um gæðakerfið verða að gera kleift að túlka á einhlítan hátt gæðastefnu og -aðferðir svo sem gæðaforrit, -áætlanir, -handbækur og -skrár.

   Þau skulu einkum innihalda fullnægjandi lýsingu á:

   a) gæðamarkmiðum framleiðandans;

   b) skipulagi fyrirtækisins, einkum:

      — skipuriti þess, ábyrgð stjórnenda og valdi þeirra að því er snertir gæði hönnunar og framleiðslu vörunnar,

— aðferðir til að fylgjast með því að gæðakerfið sé virkt og einkum hæfni þess til að fá fram þau gæði sem óskað er hvað varðar vörurnar og hönnun þeirra, þar með talið eftirlit með vörum sem ekki eru í samræmi við kröfurnar;

c) tækni við stýringu og gæðatryggingu á framleiðslustigi, einkum:

— ferlum og aðferðum sem notaðar verða, einkum hvað snertir dauðhreinsun, innkaup og tilheyrandi skjöl,

— aðferðum til að bera kennsl á vöru sem skráðar eru og við haldið með teikningum, forskriftum eða öðrum tilheyrandi skjölum á öllum stigum framleiðslunnar;

d) viðeigandi athugunum og prófunum sem gerðar verða fyrir, við og eftir framleiðslu, hversu oft þær verða gerðar og þeim tækjum sem nota á.

3.3. Þrátt fyrir ákvæði 13. gr. skal tilkynnti aðilinn láta fara fram úttekt á gæðakerfinu til að ganga úr skugga um hvort það uppfyllir kröfurnar sem getið er um í 3.2. Hann skal gera ráð fyrir samræmi við þessar kröfur þegar notaðir eru samhæfðir staðlar í gæðakerfunum.

Í hópnum sem falið er að framkvæma matið skal vera að minnsta kosti einn aðili sem hefur reynslu af mati á þeirri tækni sem um er að ræða. Matið skal að hluta fara fram með vettvangsskoðun hjá framleiðanda.

Úrskurðurinn skal tilkynntur framleiðanda eftir að lokaathugun hefur farið fram. Hann skal innihalda niðurstöður athugunarinnar og rökstutt mat.

3.4. Framleiðandinn skal upplýsa tilkynnta aðilann sem samþykkt hefur gæðakerfið um allar fyrirhugaðar breytingar á því.

Tilkynnti aðilinn skal meta þær breytingar sem lagt er til að gera og staðfesta hvort gæðakerfið þannig breytt myndi uppfylla kröfurnar sem getið er um í 3.2. Hann skal tilkynna framleiðandanum úrskurð sinn. Þessi úrskurður skal innihalda niðurstöður athugunarinnar og rökstutt mat.

4. **Eftirlit**

4.1. Tilgangur eftirlitsins er að sjá til þess að framleiðandinn ræki þær skyldur sem samþykkt gæðakerfi hefur í för með sér.

4.2. Framleiðandinn heimilar hinum tilkynnta aðila að framkvæma allt eftirlit sem þörf er á og sér honum fyrir öllum nauðsynlegum upplýsingum, einkum:

— upplýsingaskjölum um gæðakerfið,

— þeim upplýsingum sem mælt er fyrir um varðandi þann þátt gæðakerfisins sem snýr að framleiðslu, svo sem skýrslur um eftirlit, prófanir, stöðlun/kvörðun og menntun og hæfi þess starfsliðs sem í hlut á o.s.frv.

4.3. Tilkynnti aðilinn framkvæmir með jöfnu millibili viðeigandi eftirlit og mat til að tryggja að framleiðandinn noti hið viðurkennda gæðakerfi og afhendir framleiðandanum matsskýrslu.

4.4. Að auki má tilkynnti aðilinn koma óvænt í heimsókn til framleiðandans og skal hann þá afhenda framleiðandanum eftirlitsskýrslu.

5. Tilkynnti aðilinn sendir öðrum tilkynntum aðilum allar upplýsingar sem máli skipta varðandi samþykktir á gæðakerfum sem hafa verið gefnar út, neitað eða afturkallaðar.

6. VIÐAUKI

YFIRLÝSING VARÐANDI TÆKI ÆTLUÐ TIL SÉRSTAKRA NOTA

1. Þegar um er að ræða sérsmíðuð tæki eða tæki ætluð til klínískra prófana skal framleiðandinn eða umboðsmaður hans með staðfestu í bandalaginu semja yfirlýsingu sem nær yfir þau atriði sem mælt er fyrir um í 2. þætti.

2. Yfirlýsingin skal innihalda eftirfarandi upplýsingar:

2.1. Um sérsmíðuð tæki:

— upplýsingar sem gera kleift að bera kennsl á tækið sem um er að ræða,

— yfirlýsingu þar sem staðfest er að tækið séu ætlað til sérstakra nota fyrir tiltekinn sjúkling, ásamt nafni hans,

— nafn læknisins sem skrifaði lyfseðilinn og ef við á nafn þeirrar heilbrigðisstofnunar sem í hlut á,

— sérstök einkenni tækisins eins og þeim er lýst á viðkomandi lyfseðli,

— yfirlýsingu þar sem staðfest er að tækið samrýmist grunnkröfunum sem lýst er í 1. viðauka og ef svo ber undir hvaða grunnkröfum ekki er algerlega fullnægt og hvers vegna.

2.2. Um tæki sem ætluð eru til klínískra prófana sem falla undir 7. viðauka:

— upplýsingar sem gera kleift að bera kennsl á tækin sem um er að ræða,

— prófunaráætlun sem tiltekur einkum tilgang, svið og fjölda viðkomandi tækja,

— nafn læknisins og þeirrar stofnunar sem ábyrgð ber á prófununum,

— stað, upphafsdag og áætlaðan tíma fyrir prófanirnar,

— yfirlýsingu þar sem staðfest er að viðkomandi tæki samrýmist grunnkröfunum að undanskildum atriðum sem tengjast viðfangsefni prófananna og að varðandi þessi atriði hafi allar varúðarráðstafanir verið gerðar til að vernda heilsu og öryggi sjúklingsins.

3. Framleiðandinn skal skuldbinda sig til að hafa tiltækt fyrir lögbær yfirvöld:

3.1. Skjöl með upplýsingum um sérsmíðuð tæki sem gera kleift að skilja hönnun, smíði og skil vörunnar, þar með talin fyrirhuguð skil, þannig að framkvæma megi mat á samræmi við kröfur þessarar tilskipunar.

Framleiðandinn skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að framleiðsluferlið tryggi að þær vörur sem framleiddar eru séu í samræmi við skjölin sem getið er um í fyrstu málsgrein.

3.2. Þegar um er að ræða tæki til klínískra prófana skulu upplýsingarnar einnig innihalda:

— almenna lýsingu á vörunni,

— hönnunarteikningar, framleiðsluaðferðir, einkum hvað varðar dauðhreinsun, og skýringarmyndir af íhlutum, einingum, straumrásum o.fl.,

— lýsingar og útskýringar nauðsynlegar til að skilja þessar teikningar og skýringarmyndir og um hvernig tækið starfar,

— lista yfir staðlana sem tilgreindir eru í 5. gr. og beitt er að fullu eða að hluta og lýsingu á þeim lausnum sem valdar hafa verið til að fullnægja grunnkröfum tilskipunarinnar þegar stöðlunum í 5. gr. hefur ekki verið beitt,

— niðurstöður hönnunarútreikninga, athugana og tæknilegra prófana sem gerðar hafa verið o.s.frv.

Framleiðandinn gerir allar nauðsynlegar ráðstafanir til að framleiðsluferlið tryggi að þær vörur sem framleiddar eru séu í samræmi við skjölin sem getið er um í 3.1 og í fyrstu málsgrein þessa atriðis.

Framleiðandinn getur heimilað mat, ef þörf krefur með úttekt, á skilvirkni þessara ráðstafana.

———

7. VIÐAUKI

KLÍNÍSKT MAT

1. **Almenn ákvæði**

1.1. Það að framlögð klínísk gögn séu fullnægjandi, svo sem getið er um í atriði 4.2 í 2. viðauka og í 3. atriði í 3. viðauka, skal, að réttilega teknu tilliti til viðeigandi samhæfðra staðla, annaðhvort byggjast á:

1.1.1. nákvæmum samanburði á tiltækum vísindaritum sem fjalla um fyrirhugaða notkun tækisins og þá tækni sem beita skal og jafnframt, ef svo ber undir, á skriflegri skýrslu sem leggur gagnrýnið mat á þennan samanburð; eða

1.1.2. niðurstöðum klínískra prófana sem gerðar hafa verið, að meðtöldum þeim sem gerðar hafa verið samkvæmt 2. atriði.

1.2. Allar upplýsingar skulu vera trúnaðarmál nema talið sé nauðsynlegt að frá þeim sé skýrt.

2. **Klínísk prófun**

2.1. *Tilgangur*

Tilgangur klínískrar prófunar er að:

— sannreyna að við eðlilegar notkunaraðstæður séu skil tækisins í samræmi við það sem tilgreint er í 2. atriði 1. viðauka,

— ákvarða óæskilegar hliðarverkanir við eðlilegar notkunaraðstæður ef einhverjar eru og meta hvort þær eru ásættanleg áhætta með tilliti til fyrirhugaðra skila tækisins.

2.2. *Siðfræðilegt tillit*

Klínískar prófanir skulu gerðar samkvæmt Helsinkiyfirlýsingunni sem samþykkt var á 18. heimsþingi lækna í Helsinki í Finnlandi árið 1964 og breytt á 29. heimsþingi lækna í Tokyo í Japan árið 1975 og á 35. heimsþingi lækna í Feneyjum á Ítalíu árið 1983. Skylt er að gera allar ráðstafanir til að vernda menn í anda Helsinkiyfirlýsingarinnar. Þetta nær til allra stiga klínísku prófunarinnar, allt frá fyrstu athugun á því hvort þörf sé á prófuninni og hvort hún sé réttlætanleg og til birtingar á niðurstöðum.

2.3. *Aðferðir*

2.3.1. Klínískar prófanir skal gera eftir áætlun sem er í samræmi við tæknistig á hverjum tíma og þannig gerð að hún staðfestir eða hrekur fullyrðingar framleiðandans um tækið; prófanirnar skulu ná til nógu margra athugana til að tryggja að niðurstöðurnar hafi vísindalegt gildi.

2.3.2. Þær aðferðir sem notaðar eru við prófanirnar skulu hæfa því tæki sem prófað er.

2.3.3. Klínískar prófanir skal gera við aðstæður sem eru jafngildar eðlilegum aðstæðum við notkun tækisins.

2.3.4. Prófaðir skulu allir viðeigandi eiginleikar, einnig þeir er varða öryggi og skil tækisins og áhrif þess á sjúklingana.

2.3.5. Allir óæskilegir eiginleikar skulu vandlega skráðir.

2.3.6. Prófanirnar skulu gerðar á ábyrgð læknis með sérfræðiþekkingu á viðkomandi sviði og í viðeigandi umhverfi.

Sérfræðingurinn skal hafa aðgang að tæknilegum upplýsingum um tækið.

2.3.7. Skriflega skýrslan sem er undirskrifuð af sérfræðingnum sem ábyrgðina ber, skal innihalda gagnrýnið mat á öllum gögnum sem safnað hefur verið við klínísku prófunina.

8. VIÐAUKI

LÁGMARKSVIÐMIÐ SEM SKULU UPPFYLLT ÞEGAR TILNEFNDIR ERU EFTIRLITSAÐILAR SEM SKULU TILKYNNTIR

1. Eftirlitsaðilinn, forstjóri hans og það starfslið sem ber ábyrgð á mats- og sannprófunaraðgerðum skulu hvorki vera hönnuðir tækjanna, framleiðendur þeirra eða birgjar né sjá um uppsetningu á tækjum sem þau hafa eftirlit með, né heldur viðurkenndir umboðsmenn neins þessara aðila. Þau mega hvorki taka beinan þátt í hönnun, smíði, sölu eða viðhaldi tækjanna né vera umboðsmenn aðila sem þátt taka í þessari starfsemi. Þetta útilokar ekki hugsanleg skipti á tæknilegum upplýsingum milli framleiðandans og eftirlitsaðilans.

2. Eftirlitsaðilinn og starfslið hans skal framkvæma mats- og sannprófunaraðgerðir með faglegu sjálfstæði og tæknikunnáttu á hæsta stigi og vera laus við allan þrýsting og hvatningu, einkum fjárhagslega, sem kynni að hafa áhrif á mat þeirra og niðurstöður eftirlits, einkum frá aðilum sem eiga hagsmuna að gæta varðandi niðurstöður sannprófunarinnar.

3. Eftirlitsaðilinn verður að vera fær um að leysa af hendi öll þau verkefni sem slíkum aðila eru ætluð samkvæmt einum af 2. til 5. viðauka og sem hann hefur verið tilkynntur fyrir, hvort sem þessi verkefni eru unnin af honum sjálfum eða á hans ábyrgð. Einkum verður hann að hafa á að skipa því starfsliði og hafa þá aðstöðu sem þarf til að leysa af hendi á réttan hátt þau tæknilegu og stjórnunarlegu verkefni sem tengjast mati og sannprófun; hann verður einnig að hafa aðgang að nauðsynlegum tækjum vegna þeirrar sannprófunar sem þörf er á.

4. Það starfslið sem ábyrgð ber á eftirlitsaðgerðum verður að hafa:

   — trausta fagkunnáttu sem tekur til allra mats- og sannprófunaraðgerða sem aðilinn hefur verið tilkynntur fyrir,

   — næga þekkingu á þeim reglum sem gilda um það eftirlit sem framkvæmt er og næga starfsreynslu við slíkt eftirlit,

   — getu til þess að útbúa vottorð, skrár og skýrslur til að sýna að eftirlit hafi verið framkvæmt.

5. Hlutleysi eftirlitsfólksins verður að vera tryggt. Laun þess mega ekki vera háð fjölda eftirlitsaðgerða sem framkvæmdar eru eða árangri slíkra aðgerða.

6. Eftirlitsaðilinn verður að hafa ábyrgðartryggingu nema ríkið sé bótaskylt samkvæmt landslögum eða aðildarríkið sjálft beri beina ábyrgð á eftirliti.

7. Starfsliði eftirlitsaðilans er skylt að fara með allar upplýsingar sem það fær í starfi sínu samkvæmt þessari tilskipun eða hverju því ákvæði landslaga sem sett er í tilefni af henni sem trúnaðarmál (nema gagnvart lögbærum yfirvöldum í ríkinu þar sem starfsemin fer fram).

---

9. VIÐAUKI

EB-SAMRÆMISMERKI

AUGLÝSING

um breytingu á kröfum til viðhaldsstöðva sem viðurkenndar eru til viðhalds loftfara og íhluta þeirra.

Samgönguráðuneytið hefur ákveðið samkvæmt 33. og 188. gr. laga um loftferðir nr. 34, 21. maí 1964, að kröfur sem gerðar eru til viðhaldsstöðva sem viðurkenndar eru til viðhalds loftfara og íhluta þeirra skuli vera í samræmi við sameiginlegar kröfur JAA-ríkjanna, JAR-145 Approved Maintenance Organisations, sem gefnar voru út 30. júlí 1991 með áorðnum breytingum.

Kröfur JAA-ríkjanna í íslenskri þýðingu eru birtar sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Með brot á umræddum kröfum skal farið að hætti opinberra mála og varða þau refsingu samkvæmt XIII. kafla laga um loftferðir, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Auglýsing þessi tekur gildi 1. september 1994 og jafnframt falla úr gildi fyrri auglýsingar um sama efni nr. 375/1992, nr. 506/1993 og nr. 232/1994.

Samgönguráðuneytið, 23. ágúst 1994.

Halldór Blöndal.

Jón Birgir Jónsson.

Fylgiskjal:

Kröfur til viðurkenndra viðhaldsstöðva, JAR-145.

JAR 145.1 Almennt

(a) Loftfar, sem notað er til flutningaflugs, má því aðeins fljúga að viðhaldsstöð hafi gefið út vottorð um að viðhald hafi farið fram á loftfarinu eða hverjum þeim hlut sem ætlunin er að setja í það.

(b) Viðhaldsstöð er óheimilt að gefa út viðhaldsvottorð fyrir loftfar, sem er notað til flutningaflugs, nema hún sé annaðhvort viðurkennd samkvæmt þessum kröfum, JAR-145, eða samþykkt í samræmi við JAR 145.10 (d) eða JAR 145.10 (f). Viðhaldsstöð er óheimilt að annast viðhald slíks loftfars nema hún sé viðurkennd samkvæmt þessum kröfum, JAR-145, eða starfi undir gæðaeftirliti viðhaldsstöðvar sem er tilhlýðilega viðurkennd samkvæmt þessum kröfum, JAR-145, eða sé samþykkt í samræmi við JAR 145.10 (d) eða JAR 145.10 (f).

Aths.: Ekki er krafist viðurkenningar samkvæmt þessum kröfum til fyrirflugsskoðunar.

(c) Viðhaldsstöð er óheimilt að gefa út viðhaldsvottorð fyrir íhluti sem ætlunin er að setja í loftfar, sem er notað til flutningaflugs, nema hún sé annaðhvort viðurkennd samkvæmt þessum kröfum, JAR-145, eða samþykkt í samræmi við JAR 145.10 (d) eða JAR 145.10 (f). Viðhaldsstöð er óheimilt að annast viðhald slíkra íhluta nema hún sé

viðurkennd samkvæmt þessum kröfum, JAR-145, eða starfi undir gæðaeftirliti viðhaldsstöðvar sem er tilhlýðilega viðurkennd samkvæmt þessum kröfum, JAR-145, eða sé samþykkt í samræmi við JAR 145.10 (d) eða JAR 145.10 (f).

(d) Veita má viðhaldstöð viðurkenningu til að annast viðhald allt frá íhlutum til heilla loftfara.

JAR 145.3 Gildistaka

(a) Þessar kröfur, JAR-145, voru fyrst gefnar út 30. júlí 1991 og tóku gildi hér á landi 1. nóvember 1992 að undanskilinni grein JAR 145.1 sem öðlast gildi samkvæmt eftirfarandi áætlun:
   (1) Viðhaldsstöðvar í heimastöðvum, sem annast viðhald og gefa út viðhaldsvottorð fyrir flugvélar/loftskip með skráðan hámarksmassa yfir 5700 kg, verða að fullnægja ákvæðum JAR 145.1 í síðasta lagi 30. júní 1994.
   (2) Viðhaldsstöðvar í línustöðvum, sem annast viðhald og gefa út viðhaldsvottorð fyrir flugvélar/loftskip með skráðan hámarksmassa yfir 5700 kg, verða að fullnægja ákvæðum JAR 145.1 í síðasta lagi 30. september 1994.
   (3) Viðhaldsstöðvar, sem annast viðhald og gefa út viðhaldsvottorð fyrir hreyfla, verða að fullnægja ákvæðum JAR 145.1 í síðasta lagi 30. september 1994.
   (4) Viðhaldsstöðvar, sem annast viðhald og gefa út viðhaldsvottorð fyrir flugvélar/loftskip með skráðan hámarksmassa 5700 kg eða minna og/eða fyrir þyrlur með hvaða massa sem er, verða að fullnægja ákvæðum JAR 145.1 í síðasta lagi 31. desember 1994.
   (5) Viðhaldsstöðvar, sem annast viðhald og gefa út viðhaldsvottorð fyrir íhluti loftfara (aðra en fullbúna hreyfla), aukastöðvar og sérhæfða viðhaldsþjónustu, verða að fullnægja ákvæðum JAR 145.1 í síðasta lagi 31. desember 1994.

(b) Flugmálastjórn getur veitt viðurkenningu samkvæmt kröfum þessum fyrir þann tíma sem tilgreindur er í málsgrein (a).

(c) Heimilt er að veita viðhald hverju því loftfari eða íhlut loftfars, sem viðhalda skal í samræmi við áætlunina í málsgrein (a), fram til þess tíma er þar kveður á um, annaðhvort í viðhaldsstöð, sem er viðurkennd eða samþykkt samkvæmt þessum kröfum, eða samkvæmt lögum, sem gilda þar um í hlutaðeigandi ríki þar til áætlunin í málsgrein (a) tekur gildi, eða samkvæmt þessu hvorutveggja.

JAR 145.5 Skilgreiningar

Þegar eftirfarandi orð og orðasambönd eru notuð í kröfum þessum hafa þau merkingu þá sem hér greinir:

Ábyrgur framkvæmdastjóri (Accountable manager) merkir þann framkvæmdastjóra sem hefur vald innan fyrirtækis til að tryggja að unnt sé að fjármagna allt viðhald sem flugrekandi þarfnast og að það geti farið fram í samræmi við þá staðla sem flugmálayfirvöld ætlast til. Ábyrgum framkvæmdastjóra er heimilt að fela starf sitt skriflega öðrum starfsmanni og verður sá einstaklingur þá ábyrgur framkvæmdastjóri að því er varðar þessar kröfur.

Breyting (Modification) merkir að loftfari eða íhlut loftfars sé breytt í samræmi við viðurkenndan staðal.

Flugmálayfirvöld (The Authorites) merkja á Íslandi Flugmálastjórn/loftferðaeftirlit og samsvarandi yfirvöld í öðrum JAA-ríkjum.

Flutningaflug (Commercial Air Transport) merkir flutninga flugleiðis á farþegum/vörum/pósti gegn gjaldi.

Fyrirflugsskoðun (Pre-flight inspection) merkir skoðun sem framkvæmd er fyrir flug til að tryggja að loftfarið sé í hæfu ástandi fyrir fyrirhugað flug. Hún felur ekki í sér lagfæringu galla.

Grannskoðun (Overhaul) merkir endurnýjun loftfars/íhlutar loftfars með skoðun og endurnýjun í samræmi við viðurkenndan staðal til þess að lengja endingartíma þess/hans.

Íhlutur (Component) er stakur hlutur sem myndar nauðsynlegan hluta einhverrar heildar eða samstæðu, s.s. rafkerfis, hreyfils o.s.frv.

Íhlutur loftfars (Aircraft component) merkir sérhvern íhlut sem er hluti loftfars, þar á meðal fullbúna hreyfla og/eða sérhvert rekstrartæki og/eða neyðarbúnað.

JAA (Joint Aviation Authorities) er skammstöfun fyrir samtök loftferðaeftirlita tilgreindra Evrópuríkja, svokallaðra JAA-ríkja, á íslensku nefnd: Samtök loftferðaeftirlita í Evrópu.

JAA-ríkin (JAA-countries) eru þessi: Austurríki, Belgía, Danmörk, Finnland, Frakkland, Grikkland, Holland, Írland, Ísland, Ítalía, Kýpur, Luxembourg, Malta, Mónakó, Noregur, Portúgal, Pólland, Slóvenía, Spánn, Stóra-Bretland, Sviss, Svíþjóð og Þýskaland.

JAR (Joint Aviation Requirements) er skammstöfun fyrir sameiginlegar kröfur JAA-ríkjanna.

Línustöð (Line station) merkir sérhvern stað á áætlunarleið flugrekanda þar sem viðhald á loftfari er framkvæmt í einhverri mynd.

Loftfar (Aircraft) merkir flugvél, þyrlu eða loftskip.

Lofthæfigögn (Airworthiness data) merkir hverjar þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að tryggja að unnt sé að viðhalda loftfari eða íhlut loftfars í þannig ástandi að lofthæfi loftfarsins sé tryggð eða rekstrartæki og neyðarbúnaður séu nothæf, eftir því sem við á.

Skoðun (Inspection) merkir athugun á loftfari/íhlut loftfars til að komast að raun um að viðurkenndum staðli hafi verið fullnægt.

Viðgerð (Repair) merkir lagfæringu loftfars/íhlut loftfars til að koma því/honum í nothæft ástand í samræmi við viðurkenndan staðal.

Viðhald (Maintenance) merkir hvert um sig eða einhverja samsetningu af grannskoðun, viðgerð, skoðun, endurnýjun, breytingu eða lagfæringu á galla á loftfari/íhlut loftfars.

Viðhaldsstöð (Organisation) merkir viðhaldsstöð sem skráð er sem lögaðili. Slík viðhaldsstöð getur stundað starfsemi í fleiri en einu aðsetri og getur haft fleiri en eina viðurkenningu samkvæmt JAR-145.

Viðhaldsvottar (Certifying staff) merkir það starfsfólk sem hefur heimild viðurkenndrar viðhaldsstöðvar til að gefa út viðhaldsvottorð fyrir loftför eða íhluti loftfara í samræmi við starfsreglur sem flugmálayfirvöld fallast á.

Viðurkennd viðhaldsstöð (Approved Maintenance Organisation) merkir viðhaldsstöð sem hefur fengið viðurkenningu flugmálayfirvalda í samræmi við kröfur þessar.

Viðurkenndur staðall (Approved standard) merkir staðal framleiðslu/hönnunar/viðhalds/gæða, sem flugmálayfirvöld hafa samþykkt.

JAR 145.10 Gildissvið

(a) Þessar kröfur kveða á um skilyrði fyrir útgáfu viðurkenninga til viðhaldsstöðva til að annast viðhald loftfara og íhluta þeirra og kveða á um almennar rekstrarreglur fyrir viðurkenndar viðhaldsstöðvar. Þegar viðurkenning hefur verið veitt nær hún til allrar viðhaldsstöðvarinnar sem ábyrgur framkvæmdastjóri veitir forstöðu.

(b) Viðhaldsstöðvum innan landamæra þeirra ríkja sem aðild eiga að JAA má veita viðurkenningu þegar þær fullnægja ákvæðum krafna þessara.
(c) Viðhaldsstöðvum utan landamæra þeirra ríkja sem tilgreind eru í málsgrein (b) má einungis veita viðurkenningu ef flugmálayfirvöld eru þess fullviss að þörf sé á slíkri viðurkenningu til að viðhalda loftförum/íhlutum loftfara og hlutaðeigandi viðhaldsstöðvar fullnægi ákvæðum krafna þessara.
(d) Viðhaldsstöðvar utan landamæra þeirra ríkja sem tilgreind eru í málsgrein (b) verða samþykktar þegar þær starfa í samræmi við ákvæði milliríkjasamnings um viðhald milli flugmálayfirvalda JAA-ríkis og flugmálayfirvalda hlutaðeigandi ríkis, sem ekki er eitt JAA-ríkjanna, enda tryggi samningurinn öryggisstaðal sambærilegan við JAR-145 og er samþykktur af aðildarríkjum JAA.
(e) Samþykki aðildarríkja JAA fyrir sérhverjum milliríkjasamningi um viðhald er háð því að samningurinn sé í samræmi við þau ákvæði og skilyrði sem tilgreind eru í „Joint Aviation Authorities Administrative and Guidance Material, Section Two - Maintenance, Part Two - Procedures", þannig að öryggisstaðall sambærilegur við JAR-145 sé tryggður.
(f) Þrátt fyrir ákvæði málsgreinar (d) geta flugmálayfirvöld sérhvers JAA-ríkis samþykkt viðhaldsstöð utan þess svæðis sem um getur í málsgrein (b) áður en milliríkjasamningurinn um viðhald hefur verið samþykktur í samræmi við málsgrein (d), að því tilskildu að fullnægt sé öllum öðrum ákvæðum málsgreinar (d) sem og sérhverjum öðrum takmörkunum sem hlutaðeigandi flugmályfirvöld kunna að setja.

JAR 145.15 Umsóknir og útgáfa

(a) Umsókn um viðurkenningu á viðhaldsstöð eða um breytingu á áður útgefinni viðurkenningu viðhaldsstöðvar ber að fylla út á þar til gerð eyðublöð og á þann hátt sem flugmálayfirvöld mæla fyrir um. Umsóknina skal afhenda ásamt tilskildum fjölda afrita af starfsemislýsingu viðkomandi viðhaldsstöðvar eða áorðnum breytingum á henni.
(b) Umsækjandi, sem uppfyllir kröfur þessar og hefur greitt þau gjöld sem flugmálayfirvöld mæla fyrir um, á rétt á að öðlast viðurkenningu sem viðhaldsstöð samkvæmt þessum kröfum.

JAR 145.20 Gildismörk viðurkenningar

Flugmálayfirvöld staðfesta viðurkenningu með útgáfu viðurkenningarskírteinis til handa stöðinni. Viðurkenningarskírteinið tilgreinir umfang viðurkenningarinnar. Starfsemislýsing viðurkenndrar viðhaldsstöðvar samkvæmt kröfum þessum skal tilgreina það verksvið sem viðurkenningin gildir um.

JAR 145.25 Kröfur um aðstöðu

(a) Aðstaða við hæfi skal vera fyrir hendi fyrir alla áætlaða vinnu, og skal hún sérstaklega tryggja vörn gegn veðri og vindum. Sérhæfð verkstæði og vinnubásar skulu vera tilhlýðilega aðskilin til þess að tryggja að líkur á mengun umhverfis og vinnustaða verði óverulegar.
(b) Skrifstofuhúsnæði við hæfi skal vera fyrir hendi fyrir stjórnun á vinnu þeirri sem getið er um í málsgrein (a), þar á meðal sérstaklega fyrir gæðastjórnun, áætlanagerð og tæknibókhald.

(c) Vinnuumhverfi skal sniðið að þeim verkefnum sem unnin eru og sér í lagi þeim sérstöku kröfum sem farið er eftir. Vinnuumhverfið skal vera þannig úr garði gert að það hamli ekki afköstum starfsfólks nema vinnuumhverfi viðkomandi verkefnis útheimti það sérstaklega.
(d) Geymsluhúsnæði skal vera fyrir hendi undir hluti, tæki, verkfæri og efni. Geymsluskilyrði skulu vera með þeim hætti að nothæfir hlutir séu í öruggri geymslu, nothæfir og ónothæfir hlutir séu aðskildir og komið sé í veg fyrir rýrnun og skemmdir á hlutum í geymslu.

JAR 145.30 Kröfur til starfsfólks

(a) Tilnefna skal yfirmann eða hóp manna, sem flugmálayfirvöld samþykkja, og skal hann/þeir sjá svo um, auk annarra verkefna, að viðurkennd viðhaldsstöð samkvæmt kröfum þessum uppfylli þær. Er hann/þeir ábyrgur gagnvart ábyrgum framkvæmdastjóra sem skal vera samþykktur af flugmálayfirvöldum.
(b) Viðurkennd viðhaldsstöð verður að hafa í vinnu nægilegan fjölda starfsfólks til að gera áætlanir, framkvæma, hafa umsjón og eftirlit með starfseminni sem skilgreind er í viðurkenningunni.
(c) Staðfesta verður hæfni þess starfsfólks sem vinnur við viðhald í samræmi við starfsreglur og staðla sem flugmálayfirvöld fallast á.
(d) Auk þess sem kveður á um í málsgrein (c) verða viðhaldsvottar að uppfylla þær hæfnikröfur sem tilgreindar eru í E-kafla JAR 65 krafnanna og fá grunn- og framhaldsþjálfun í samræmi við áætlun sem flugmálayfirvöld fallast á. Þar til E-kafli JAR 65 krafnanna verður formlega samþykktur, skulu viðhaldsvottar, að því er varðar efni þessarar málsgreinar, uppfylla gildandi reglugerðir um skírteini í því JAA-ríki sem viðkomandi viðhaldsstöð er í.

JAR 145.35 Skrá yfir viðhaldsvotta

(a) Viðurkennd viðhaldsstöð skal halda skrá um alla starfandi viðhaldsvotta og skal hún hafa að geyma nákvæma lýsingu á umfangi heimilda þeirra.
(b) Viðhaldsvottar skulu fá í hendur vitnisburð um umfang heimilda sinna.

JAR 145.40 Tæki, verkfæri og efni

(a) Viðurkennd viðhaldsstöð skal hafa yfir að ráða nauðsynlegum tækjum, verkfærum og efnum til að framkvæma þau verk sem viðurkenningin nær til.
(b) Þar sem nauðsyn krefur skal hafa eftirlit með verkfærum, tækjum og sér í lagi prófunartækjum og stilla kvarða þeirra í samræmi við staðla, sem flugmálayfirvöld samþykkja, svo oft sem þurfa þykir til að tryggja nothæfi þeirra og nákvæmni. Viðurkennd viðhaldsstöð skal halda skrár yfir slíkar kvarðastillingar og þá staðla sem notaðir eru.

JAR 145.45 Lofthæfigögn

(a) Viðurkennd viðhaldsstöð skal hafa yfir að ráða öllum nauðsynlegum lofthæfigögnum sem kröfur JAA kveða á um, og á þar við gögn frá flugmálayfirvöldum, hönnunaraðila loftfars/íhlutar loftfars og sérhverjum öðrum viðurkenndum hönnunaraðila, eftir því sem við á, til að styðjast við í þeim verkum sem unnin eru.

Aths: Flugmálayfirvöld geta gert það að skyldu að farið skuli eftir gögnum frá annarri flugmálastjórn eða stofnun og getur krafist þess að viðurkennd viðhaldsstöð hafi slík gögn undir höndum.

(b) Í þeim tilvikum þar sem viðurkennd viðhaldsstöð útbýr sín eigin lofthæfigögn til viðbótar þeim sem tilgreind eru í málsgrein (a), verður hún að útbúa slík lofthæfigögn í samræmi við starfsreglur sem flugmálayfirvöld fallast á.

(c) Lofthæfigögnum skal stöðugt haldið í gildi og skulu þau vera aðgengileg öllum starfsmönnum sem þurfa á þeim að halda til að vinna störf sín.

JAR 145.50 Útgáfa viðhaldsvottorða

(a) Viðhaldsvottar með viðeigandi heimildir gefa út viðhaldsvottorð þegar þeir hafa fullvissað sig um að allt viðhald loftfars eða íhlutar loftfars, sem krafist er, hafi verið rétt framkvæmt af viðhaldsstöðinni í samræmi við starfsreglur sem tilgreindar eru í starfsemislýsingu hennar samkvæmt grein JAR 145.70 í kröfum þessum.

Aths: Krafist er viðhaldsvottorðs fyrir íhlut loftfars þegar lokið er viðhaldsvinnu á honum utan loftfars og annars viðhaldsvottorðs sem vottar um rétta ísetningu hans í loftfarið þegar sú ísetning fer fram.

(b) Viðhaldsvottorð verður að tilgreina aðalatriði þess viðhalds sem fram hefur farið, dagsetningu þegar viðhaldi lauk og heiti hinnar viðurkenndu viðhaldsstöðvar, tilvísun í viðurkenningarskírteini hennar svo og nöfn viðhaldsvotta sem gefa vottorðið út.

(c) Viðhaldsvottorð fyrir íhluti loftfara, sem gefin eru út fyrir þær dagsetningar sem tilgreindar eru í málsgrein JAR 145.3 (a) (3) eða (5), eftir því sem við á, hjá viðhaldsstöðvum sem ekki hafa hlotið viðurkenningu samkvæmt þessum kröfum, verða í gildi til 1. janúar 1997. Viðhaldsstöð loftfarsins, sem viðurkennd er samkvæmt þessum kröfum, verður þó að fullvissa sig um að leyfilegt sé að setja þennan tiltekna íhlut í loftfarið þegar aðrir staðlar um breytingar og/eða lofthæfifyrirmæli geta átt við.

JAR 145.55 Viðhaldsskrár

(a) Viðurkenndri viðhaldsstöð er skylt að skrá allar upplýsingar um þau verk, sem framkvæmd hafa verið, á þann hátt sem flugmálayfirvöld samþykkja.

(b) Viðurkenndri viðhaldsstöð er skylt að láta flugrekandanum í té afrit af sérhverju viðhaldsvottorði ásamt afriti af öllum lofthæfigögnum sem notuð hafa verið í tengslum við þær viðgerðir/ breytingar sem fram hafa farið.

(c) Viðurkenndri viðhaldsstöð er skylt að halda eftir afriti af öllum sundurliðuðum viðhaldsskýrslum og sérhverjum viðeigandi lofthæfigögnum í tvö ár frá þeim degi er hún gaf út vottorð um loftfar eða íhlut loftfars sem unnið var við hjá umræddri viðhaldsstöð.

Aths: Þegar flugrekandi gerir samning um að viðurkennd viðhaldsstöð geymi viðhaldsvottorð flugrekandans ásamt tilheyrandi lofthæfigögnum, skal geymslutíminn vera eins og kveður á um í 7. kafla JAR-OPS krafnanna en ekki eins og tilgreint er í JAR 145.55 (c) í kröfum þessum. Þar til JAR-OPS kröfurnar verða formlega samþykktar verður sérhver viðurkennd viðhaldsstöð að fara eftir gildandi reglugerðum þess JAA-ríkis sem viðkomandi stöð er í.

JAR 145.60 Tilkynningar um ólofthæft ásigkomulag

(a) Viðurkenndri viðhaldsstöð er skylt að tilkynna flugmálayfirvöldum og hönnunaraðila loftfars sérhvert það atriði, er hún verður áskynja og varðar ásigkomulag loftfarsins eða íhlutar loftfars, er gæti stofnað loftfarinu í alvarlega hættu.
(b) Tilkynningar skal skrá á þar til gerð eyðublöð og á þann hátt sem flugmálayfirvöld segja til um og skulu þær hafa að geyma allar upplýsingar sem máli skipta um ásigkomulagið er hin viðurkennda viðhaldsstöð hefur öðlast vitneskju um.
(c) Þegar viðurkennd viðhaldsstöð hefur gert samning um að annast viðhald fyrir flugrekanda er starfar í samræmi við JAR-OPS kröfurnar, ber henni einnig að tilkynna flugrekandanum sérhver þau atriði varðandi ásigkomulagið er áhrif hafa á loftfar hans eða íhlut þess.
(d) Tilkynningum ber að skila svo fljótt sem auðið er, en eigi síðar en þremur dögum eftir að viðurkennd viðhaldsstöð verður vör við það ásigkomulag sem tilkynningin fjallar um.

JAR 145.65 Viðhaldsreglur og gæðaeftirlit

(a) Viðurkenndri viðhaldsstöð ber að koma á viðhaldsreglum, sem flugmálayfirvöld fallast á, til að tryggja góða starfshætti í viðhaldi og að stöðin uppfylli allar viðeigandi kröfur samkvæmt kröfum þessum, þannig að unnt verði að gefa út viðhaldsvottorð um loftför og íhluti loftfara í samræmi við grein JAR 145.50.
(b) Ennfremur skal viðurkennd viðhaldsstöð koma á óháðu gæðaeftirliti til að fylgjast með því að farið sé að viðhaldsreglum og að þær séu fullnægjandi til að tryggja góða starfshætti í viðhaldi og lofthæfi loftfara og íhluta þeirra. Í eftirliti með framkvæmd viðhaldsreglna verður að vera fólgið endurvirkt kerfi er skilar sér til þess einstaklings eða hóps sem tilgreindir eru í grein JAR 145.30 (a) og á lokastigi til ábyrgs framkvæmdastjóra, þannig að tryggt sé að leiðréttingar verði framkvæmdar eftir því sem nauðsyn krefur. Flugmálayfirvöld skulu vera samþykk þess háttar skilakerfi.

JAR 145.70 Starfsemislýsing fyrir viðhaldsstöð

(a) Viðurkenndri viðhaldsstöð ber að leggja fram starfsemislýsingu fyrir viðhaldsstöðina til afnota fyrir stöðina og skal hún hafa að geyma eftirfarandi upplýsingar:
  (1) Yfirlýsingu undirritaða af ábyrgum framkvæmdastjóra þar sem staðfest er að starfsemislýsing fyrir viðhaldsstöðina og allar handbækur, er henni tengjast, skilgreini hvernig hin viðurkennda viðhaldsstöð framfylgir kröfum þessum og muni gera framvegis.
  (2) Starfsheiti og nafn (nöfn) yfirmanns (yfirmanna) sem flugmálayfirvöld samþykkja í samræmi við grein JAR 145.30 (a).
  (3) Skyldur og ábyrgð þess yfirmanns (yfirmanna) sem málsgrein (2) kveður á um, þar með talin málefni sem þeim er heimilt að fara með beint til flugmálayfirvalda fyrir hönd viðhaldsstöðvarinnar.
  (4) Skipurit sem sýnir tengsl ábyrgðarsviða er heyra undir yfirmann (yfirmenn) sem um getur í málsgrein (2).
  (5) Skrá yfir viðhaldsvotta.
  (6) Almenna lýsingu á þeim mannafla sem tiltækur er.
  (7) Almenna lýsingu á þeirri aðstöðu sem er fyrir hendi á sérhverjum stað sem tilgreindur er með heimilisfangi í viðurkenningarskírteini viðhaldsstöðvarinnar.

(8) Ítarlega útlistun á verksviði hinnar viðurkenndu viðhaldsstöðvar sem viðurkenningin nær til.
(9) Reglur um tilkynningar breytinga á viðurkenndri viðhaldsstöð samkvæmt grein JAR 145.85.
(10) Reglur um breytingar á starfsemislýsingu viðhaldsstöðvarinnar.
Aths: Málsgreinar (1) til (10) taka til stjórnunarþáttar starfsemislýsingar viðhaldsstöðvarinnar.
(11) Starfsreglur og gæðaeftirlitskerfi hinnar viðurkenndu viðhaldsstöðvar í samræmi við kröfur eftirtalinna greina:
JAR 145.25, JAR 145.30, JAR 145.35, JAR 145.40, JAR 145.45, JAR 145.50, JAR 145.55, JAR 145.60, JAR 145.65, JAR 145.70, JAR 145.75 og JAR 145.80.
(12) Skrá yfir þá flugrekendur sem starfa í samræmi við JAR-OPS kröfurnar og viðhaldsstöðin sér um viðhald fyrir, ef við á.
(13) Skrá um viðhaldsstöðvar sem tilgreindar eru í grein JAR 145.75 (b), ef við á.
(14) Skrá um þær línustöðvar sem tilgreindar eru í grein JAR 145.75 (d), ef við á.

(b) Samþykki flugmálayfirvalda þarf fyrir starfsemislýsingu viðurkenndrar viðhaldsstöðvar sem og fyrir öllum síðari breytingum á henni.

JAR 145.75 Réttindi viðurkenndrar viðhaldsstöðvar

Viðurkenndri viðhaldsstöð er einungis heimilt að framkvæma eftirfarandi verk sem heimiluð eru í starfsemislýsingu hennar og eru í samræmi við hana.

(a) Viðhalda sérhverju loftfari eða íhlut loftfars, sem hún er viðurkennd til að annast viðhald á, á þeim stöðum sem tilgreindir eru í viðurkenningarskírteininu.
(b) Láta fara fram viðhald á loftfari eða íhlut loftfars sem hún er viðurkennd til að annast viðhald á, hjá annarri viðhaldsstöð sem er undir gæðaeftirliti viðurkenndu viðhaldsstöðvarinnar. Þessar viðhaldsstöðvar skulu vera skráðar í starfsemislýsingu hinnar viðurkenndu viðhaldsstöðvar.
(c) Viðhalda sérhverju loftfari, sem hún er viðurkennd til að annast viðhald á, hvar sem það er statt þegar þörf reynist á því viðhaldi og það stafar annaðhvort af því að loftfarið er ónothæft eða nauðsynlegt er að styrkja tilfallandi línuviðhald, að því tilskildu að slíkt sé skilgreint á fullnægjandi hátt fyrir hlutaðeigandi flugmálayfirvöldum og innifalið í starfsemislýsingu viðurkenndu viðhaldsstöðvarinnar.
(d) Viðhalda sérhverju loftfari, sem hún er viðurkennd til að annast viðhald á, á stað sem skilgreindur er sem línustöð, þar sem unnt er að framkvæma minniháttar viðhald, en þó því aðeins að slík starfsemi sé heimiluð í starfsemislýsingu hinnar viðurkenndu viðhaldsstöðvar og stöðin sé þar skráð.
(e) Gefa út viðhaldsvottorð vegna viðhalds sem greinar (a) til (d) ná til þegar viðhaldi er lokið samkvæmt grein JAR 145.50.

JAR 145.80 Takmarkanir á starfsemi viðurkenndrar viðhaldsstöðvar

Viðurkenndri viðhaldsstöð er einungis heimilt að viðhalda loftfari eða íhlut loftfars sem hún er viðurkennd til að annast viðhald á, þegar öll nauðsynleg aðstaða, tæki, verkfæri, efni, viðurkennd tæknigögn og viðhaldsvottar eru fyrir hendi.

JAR 145.85 Breytingar á viðurkenndri viðhaldsstöð

(a) Viðurkenndri viðhaldsstöð ber að tilkynna flugmálayfirvöldum sérhverja eftirtalinna breytinga svo fljótt sem kostur er, þannig að flugmálayfirvöldum sé kleift að ákvarða

hvort áfram sé farið eftir kröfum þessum og breyta viðurkenningarskírteininu ef þess gerist þörf. Þetta gildir um:
(1) Nafn stöðvarinnar.
(2) Aðsetur stöðvarinnar.
(3) Viðbótaraðsetur stöðvarinnar.
(4) Ábyrgan framkvæmdastjóra.
(5) Sérhvern yfirmann sem tilgreindur er í grein JAR 145.30 (a).
(6) Aðstöðu, tæki, verkfæri, efni, starfsreglur, verksvið og viðhaldsvotta sem gætu haft áhrif á viðurkenninguna.

(b) Flugmálayfirvöld geta ákveðið með hvaða skilyrðum viðurkenndri viðhaldsstöð er heimilt að starfa meðan slíkar breytingar standa yfir nema þau ákveði að viðurkenningin skuli felld tímabundið úr gildi.

JAR 145.90 Áframhaldandi gildi viðurkenningar

Hafi viðurkenningu ekki verið afsalað, önnur komið í hennar stað, hún verið tímabundið felld niður, numin úr gildi eða er útrunnin vegna þess að komið er fram yfir einhvern gildistíma sem tilgreindur er í viðurkenningarskírteininu, þá heldur viðurkenning áfram gildi sínu sé eftirfarandi atriðum fullnægt:
(a) Hin viðurkennda viðhaldsstöð fullnægi áfram ákvæðum krafna þessara og
(b) flugmálayfirvöldum sé heimill aðgangur að hinni viðurkenndu viðhaldsstöð til að ganga úr skugga um að hún fullnægi enn kröfum þessum og
(c) öll gjöld til flugmálayfirvalda séu í skilum.

JAR 145.95 Sambærilegt öryggi

Flugmálayfirvöld geta veitt viðurkenndri viðhaldsstöð undanþágu frá einstökum ákvæðum krafna þessara, séu þau sannfærð um nauðsyn þess, og geta bundið slíka undanþágu viðbótarskilyrðum sem þau telja nauðsynleg til að tryggja sambærilegt öryggi hverju sinni.

Nr. 478 22. ágúst 1994

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1990-2010.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 22. ágúst 1994 staðfest breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1990-2010, sem staðfest var 30. nóvember 1990.

Breytingin er fólgin í því að landnotkun á horni Hlíðarbrautar og Borgarbrautar breytist úr verndunarsvæði í svæði fyrir verslun og þjónustu.

Breyting þessi og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Akureyrar og skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt hana til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytið, 22. ágúst 1994.

Össur Skarphéðinsson.

Ingimar Sigurðsson.

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Stokkseyrarhrepps nr. 25/1989, sbr. samþykkt nr. 461/1990.

1. gr.

6. gr. samþykktarinnar hljóði svo:

Meðal verkefna hreppsnefndar Stokkseyrarhrepps eru:

1. Að kjósa oddvita og varaoddvita hreppsnefndar, nefndir, ráð og stjórnir skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga sbr. og V. kafla samþykktar þessarar og skoðunarmenn til að annast endurskoðun ársreikninga hreppsins skv. VIII. kafla sveitarstjórnarlaga. Ennfremur að ráða sveitarstjóra og aðra fasta starfsmenn hreppsins skv. VII. kafla fyrrnefndra laga sbr. og VI. kafla þessarar samþykktar.
2. Að setja samþykktir og gjaldskrár, eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Að stjórna fjármálum hreppsins, stofnana hans og fyrirtækja er falla undir fjármálastjórn hans, skv. VIII. kafla sveitarstjórnarlaga sbr. og II. kafla samþykktar þessarar.
4. Að ákveða stjórnkerfi hreppsins og fyrirtækja hans.

2. gr.

10. gr. samþykktarinnar hljóði svo:

Hafi forsendur fyrir gerð fjárhagsáætlunar breyst verulega, s.s. ef verðlagsbreytingar hafa verið verulega meiri en ráð var fyrir gert, er hreppsnefnd heimilt að endurskoða fjárhagsáætlunina. Slíkar breytingar afgreiðir hreppsnefnd við eina umræðu, enda hafi breytingartillögurnar verið kynntar hreppsnefndarmönnum á sannanlegan hátt og í tæka tíð, sbr. 16. gr. samþykktar þessarar og 79. gr. laga nr. 8/1986.

3. gr.

12. gr. samþykktarinnar hljóði svo:

Hreppsnefnd heldur reglulega fundi í skrifstofu Stokkseyrarhrepps annan fimmtudag hvers mánaðar. Hreppsnefndarfundir skulu að jafnaði hefjast kl. 17.00. Heimilt er að fella niður fundi í hreppsnefnd í júlímánuði.

Aukafund skal halda í hreppsnefnd eftir því sem þörf krefur að mati oddvita hreppsins og sveitarstjóra og skylt er að halda aukafund í hreppsnefnd ef a.m.k. þriðjungur hreppsnefndarmanna krefst þess.

4. gr.

15. gr. samþykktarinnar hljóði svo:

Oddviti hreppsnefndar og sveitarstjóri semja dagskrá hreppsnefndarfunda.

Á dagskrá hreppsnefndarfunda skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar s.s. kosningar oddvita hreppsnefndar, kosningar nefnda, ráða og stjórna svo og kosningar eða ráðningu sveitarstjóra og annarra fastráðinna starfsmanna.
2. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna á vegum hreppsins, ef, eða að svo miklu leyti sem hreppsnefnd þarf að samþykkja ályktanir sem í þeim felast sbr. 55. gr. samþykktar þessarar.
3. Önnur mál, sem falla undir verksvið hreppsnefndar og oddviti og/eða sveitarstjóri ákveða að taka á dagskrá eða einhver hreppsnefndarmanna óskar að tekin verði á dagskrá. Hreppsnefndarmaður, sem óskar að fá mál tekið á dagskrá hreppsnefndar-

fundar, skal tilkynna það oddvita eða sveitarstjóra með skriflegri tillögu eða fyrirspurn a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Dagskrá hreppsnefndarfunda skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna, sem oddviti eða sveitarstjóri telja nauðsynleg. Dagskrá skal jafnframt fylgja afrit fundargerðar síðasta hreppsnefndarfundar.

5. gr.

24. gr. samþykktarinnar hljóði svo:

Hreppsnefnd afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlun hreppsins.
2. Ársreikninga hreppsins og fyrirtækja hans.
3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4. Áætlanir fyrir hreppinn, sem gilda eiga til lengri tíma, s.s. þriggja ára áætlanir og skipulagsáætlanir.
5. Beiðni um fjárhagsaðstoð skv. 90. gr. sveitarstjórnarlaga.

6. gr.

56. gr. samþykktarinnar hljóði svo:

Hreppsnefnd kýs í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir:

A. Til eins árs. Á fundi í júní ár hvert:

1. *Skoðunarmenn.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara samkv. 84. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
2. *Undirkjörstjórn við alþingiskosningar.* Tveir aðalmenn (hreppstjóri, sjálfkjörinn formaður) og þrír til vara samkv. 10. gr. laga nr. 80/1987 um kosningar til Alþingis.
3. *Veitunefnd.* Einn aðalmaður og einn til vara skipaðir til eins árs í senn samkv. 10. gr. samnings Selfossveitna b.s. frá 3. september 1992.

B. Til fjögurra ára. Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum hreppsnefndarkosningum:

1. *Áfengisvarnarnefnd.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara samkv. 30. gr. áfengislaga nr. 82/1969.
2. *Byggingar- og skipulagsnefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara samkv. 6. gr. byggingarlaga nr. 54/1978.
3. *Hafnarnefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara samkv. 9. gr. hafnalaga nr. 23/1994.
4. *Heilbrigðisnefnd Selfosssvæðis.* Einn aðalfulltrúi og einn til vara samkv. 6. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.
5. *Kjörstjórn við sveitarstjórnarkosningar.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara samkv. 23. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
6. *Skólanefnd grunnskóla.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara samkv. 19. gr. laga nr. 49/1991 um grunnskóla.
7. *Húsnæðisnefnd.* Nefndin er skipuð fimm aðalmönnum og jafnmörgum til vara. Þrír nefndarmenn skulu kosnir af hreppsnefnd og tveir tilnefndir af stærstu samtökum launafólks í sveitarfélaginu samkv. 40. gr. laga nr. 97/1993 um Húsnæðisstofnun ríkisins. Jafnframt annast húsnæðisnefnd verkefni húsaleigunefndar samkv. 76. gr. laga nr. 44/1979 um húsaleigusamninga.
8. *Stjórn vinnumiðlunar.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara samkv. 9. gr. laga nr. 18/1985 um vinnumiðlun.
9. *Búfjáreftirlitsmaður.* Einn aðalmaður og annar til vara samkv. 9. gr. laga nr. 46/1991 um búfjárhald.

10. *Vatnsveitunefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin fer með málefni vatnsveitunnar samkv. 2. gr. laga nr. 81/1991.
11. *Atvinnumálanefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin skal vera hreppsnefnd til ráðuneytis um atvinnumál og gera tillögur til hennar um allt það sem horfir til framdráttar í atvinnumálum í sveitarfélaginu.
12. *Bókasafnsnefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara samkv. 7. gr. laga nr. 50/1976 um almenningsbókasöfn.
13. *Æskulýðs- og íþróttanefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin skal vera hreppsnefnd til ráðuneytis um æskulýðs- og íþróttamál og gera tillögur til hennar um allt það sem horfir til framdráttar í æskulýðs- og íþróttamálum í sveitarfélaginu.
14. *Jafnréttisnefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin skal vinna eftir lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 28/1991.
15. *Almannavarnanefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara samkv. 8. gr. laga nr. 94/1962 um almannavarnir sbr. 5. gr. laga nr. 85/1985.
16. *Félagsmálanefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Félagsmálanefnd annast störf samkv. lögum nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga. Jafnframt fer félagsmálanefnd með verkefni barnaverndarnefndar samkv. lögum nr. 58/1992 um vernd barna og ungmenna og verkefni öldrunarnefndar samkv. 5. gr. laga nr. 82/1989 um málefni aldraðra.
17. *Menningarmálanefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin skal vera hreppsnefnd til ráðuneytis um menningarmál og gera tillögur til hennar um allt það sem horfir til framdráttar í menningarmálum í sveitarfélaginu.
18. *Leikskólanefnd.* Þrír aðalmenn og þrír til vara. Nefndin starfar samkv. 9. gr. laga nr. 78/1994 um leikskóla.
19. *Umhverfisnefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmarga til vara. Nefndin skal vera hreppsnefnd til ráðuneytis um umhverfismál og gera tillögur til hennar um allt það sem horfir til framdráttar í umhverfismálum í sveitarfélaginu.

C. Kosning og tilnefning fulltrúa í nefndir og ráð sem leiða af samstarfi sveitarfélaga á Suðurlandi, Árnessýslu og Sambandi íslenskra sveitarfélaga eftir því sem lög, reglur og samþykktir segja til um.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Stokkseyrarhrepps hefur sett, samkvæmt 3. mgr. 7. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 með síðari breytingum, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 10. ágúst 1994.

F. h. r.
Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 157/1994, um vörugjald.

1. gr.

Við 16. gr. bætist ný málsgrein er orðast svo:

Skattstjóra er heimilt að taka tímabundið á skrá aðila sem selja ógjaldskyldar vörur úr landi til lúkningar á verksamningi erlendis, enda þurfi þeir að greiða vörugjald hérlendis vegna þessarar starfsemi. Um uppgjör þeirra við ríkissjóð fer eftir reglum 11. gr. reglugerðarinnar.

2. gr.

Fyrir orðin „formúlu: Hlutfall = 1 - (100/(100+g))“ komi: reiknireglu: Hlutfall = 100*(1 - (100/(100+g))).

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 5. ágúst 1994.

F. h. r.
Indriði H. Þorláksson.

Jón H. Steingrímsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 65 – 1994

29. ágúst 1994 1505 Nr. 481

AUGLÝSING

um flutningsjöfnunargjald á olíuvörum.

Viðskiptaráðuneytið vekur athygli á því að á grundvelli laga nr. 81/1985 um flutningsjöfnunarsjóð og innkaupajöfnun olíu og bensíns, sbr. 11. gr. þeirra, hefur verið ákveðið að eftirfarandi flutningsjöfnunargjald sé tekið af hverjum lítra neðangreindra olíuvara og gildir gjaldið þar til annað verður ákveðið á grundvelli laga nr. 103/1994 um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara:

Bifreiðabensín	1,00 kr.
gasolía	0,95 kr.
aðrar olíur og blöndur til brennslu	1,00 kr.
flugvélabensín	3,00 kr.
flugsteinolía (þotueldsneyti)	0,05 kr.

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 103/1994 um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara skulu innflytjendur samkvæmt 1. gr. laganna, aðrir en þeir sem annast innanlandssölu á olíu í öllum landshlutum, greiða flutningsjöfnunargjaldið við innheimtu aðflutningsgjalda miðað við innflutt móttekið magn. Tollstjórinn í Reykjavík og sýslumenn utan Reykjavíkur annast samkvæmt sömu grein innheimtu gjaldsins og skulu skila því til flutningsjöfnunarsjóðs.

Viðskiptaráðuneytið, 29. ágúst 1994.

F. h. r.
Jón Ögmundur Þormóðsson.

Atli Freyr Guðmundsson.

B 105

Steindórsprent Gutenberg hf.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 492, 13. desember 1993, um ígulkeraveiðar.

1. gr.

Orðin: „með aflamarki“ í 1. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar falli niður.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða og lögum nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 24. ágúst 1994.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 66 - 1994

2. september 1994 1507 Nr. 483

REGLUGERÐ

um frádrátt frá tekjum af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi.

Almenn skilgreining.

1. gr.

Frá tekjum lögaðila og þeim tekjum manna sem stafa af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi eða eru tengdar slíkum rekstri má draga:

a. Rekstrarkostnað skv. 1. tölul. 31. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, þ.e. þau gjöld, greidd eða áfallin, sem eiga á árinu að ganga til að afla teknanna, tryggja þær og halda þeim við og ekki eru sérstaklega undanskilin í lögum. Til rekstrarkostnaðar teljast hvorki útgjöld til eignakaupa eða annarra fjárfestinga, né útgjöld til einkaþarfa, nema að því marki sem þau eru talin til tekna sbr. 3. gr.
b. Frádrátt sem heimilaður er skv. 2. - 10. tölul. 31. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.
c. Önnur gjöld en skv. a- og b-lið, eftir því sem kveðið er á um í lögum.

Kostnaðarverð vöru.

2. gr.

Til rekstrarkostnaðar telst kostnaðarverð vöru sem seld hefur verið á árinu og skal það ákvarðað þannig: Vörubirgðir í ársbyrjun að viðbættu kostnaðarverði aðkeyptrar vöru á árinu og/eða framleiðslukostnaði vöru á árinu, að frádregnum vörubirgðum í árslok.

Vörubirgðir í ársbyrjun og árslok skal telja á því verði sem þær eru metnar til eignarskatts.

Laun og annar starfsmannatengdur kostnaður.

3. gr.

Til rekstrarkostnaðar telst launakostnaður til öflunar tekna í atvinnurekstri. Til þessa kostnaðar teljast hvers konar launagreiðslur, hverju nafni sem nefnast, hvort sem greitt er með reiðufé, hlunnindum eða með öðrum hætti. Sama gildir um annan starfsmannakostnað, með þeim takmörkunum sem af ákvæðum laga og reglugerðar þessarar leiðir.

Til rekstrarkostnaðar telst endurgjald sem manni er vinnur við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi ber að reikna sér við öflun tekna í rekstri sínum skv. 2. mgr. 1. tölul. A-liðs 7. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. og 59. gr. sömu laga. Sama gildir um reiknað endurgjald fyrir störf sem maki hans og barn inna af hendi fyrir atvinnureksturinn eða hina sjálfstæðu starfsemi.

Séu laun greidd í hlunnindum, svo sem fatnaði, síma, húsnæði eða fæði, má ekki

Steindórsprent Gutenberg hf.

draga frá hærri fjárhæð en sem kostnaðarverði nemur. Vinnu framteljanda og skylduliðs hans má ekki reikna með í kostnaðarverði fæðisins, nema talið sé til tekna á móti.

Ekki má telja gjafir til starfsmanna til rekstrarkostnaðar, nema um sé að ræða kaupauka sem þá telst til endurgjalds fyrir vinnu eða starf.

Skilyrði fyrir frádrætti þess kostnaðar sem um ræðir í 1., 3. og 4. mgr. er að hann komi fram á launamiðum, sem skilað er til skattstjóra skv. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

Til rekstrarkostnaðar telst kostnaður við árshátíð, jólagleði og sambærilegar samkomur svo og starfsmannaferðir, enda séu samkomur þessar og ferðir fyrir starfsfólk almennt og kostnaður hæfilegur miðað við einstök tilefni og heildstætt á rekstrarárinu.

Til rekstrarkostnaðar telst kostnaður við almenna fyrirbyggjandi heilbrigðisþjónustu og almenna heilsubótaraðstöðu, kostnaður við kaffiveitingar í vinnutíma og kostnaður við námskeið sem tengjast starfinu beint.

Til rekstrarkostnaðar teljast enn fremur framlög til starfsmannafélaga vegna þeirra liða er greinir í 6. og 7. mgr. þessarar greinar.

Iðgjöld launagreiðanda vegna starfsmanna sinna til lífeyrissjóðs, sem hlotið hefur staðfestingu fjármálaráðuneytisins, teljast til rekstrarkostnaðar. Sama gildir um almenn launatengd gjöld vegna starfsmanna samkvæmt lögum eða kjarasamningum.

Viðhald eigna.

4. gr.

Til rekstrarkostnaðar telst viðhald á eignum, sem notaðar eru við atvinnurekstur. Viðhald telst það sem gera þarf til þess að halda eignunum eða einstökum hlutum þeirra í svipuðu ástandi og þær voru í, þegar rekstraraðili eignaðist þær, hvort heldur þær voru þá gamlar eða nýjar.

Þó að eign gangi úr sér fyrir aldurs sakir, þ.e. fyrnist, þá skal hún samt talin í svipuðu ástandi að því er viðhald varðar. Fyrning hennar kemur hins vegar til frádráttar skv. 7. gr.

Endurbætur á eign, sem hefur verið keypt, eða er orðin úr sér gengin fyrir aldurs sakir, stækkun eða breyting hennar, skal ekki talin til viðhalds. Til viðhalds skal aftur á móti telja að halda eigninni í svipuðu ástandi og hún varð að stækkun, breytingu eða endurbót lokinni.

Sé annars vegar viðhald og hins vegar breytingar, endurbætur og/eða stækkun framkvæmd í einu lagi, verður að meta hvað telst til hvors um sig.

Ef eigendaskipti verða að húsi eða öðrum eignum, má eigi leyfa til frádráttar hærri fjárhæðir til viðhalds en teljast mega eðlilegar og venjulegar, hvorki hjá seljanda né kaupanda. Það sem í slíkum tilfellum er umfram venjulegt viðhald, skal talið endurgoldið með söluverði eignarinnar eða hluti af kaupverði, þ.e. kostnaðarverði hennar.

Ef endurnýjuð er eign, sem eyðst hefur vegna slysa eða af öðrum ástæðum, t.d. skip farist, bryggja ónýst, hús brunnið eða fokið o.s.frv., þá telst það ekki til viðhalds.

Þegar um er að ræða flokkunarviðgerðir skipa og hliðstæðar viðgerðir flugvéla, er útgerðar- og flugrekstrarfyrirtækjum heimilt að dreifa greiddum kostnaði af slíkum viðgerðum til frádráttar tekjum það ár sem viðgerðin var framkvæmd og næstu ár þar á eftir, þó ekki á lengri tíma en viðurkennt flokkunartímabil.

Vaxtagjöld.

5. gr.

Frá tekjum af atvinnurekstri má draga vaxtagjöld og annan fjármagnskostnað af skuldum sem tengjast atvinnurekstri, sbr. 51. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Eigi er heimilt að draga frá skv. 1. mgr. vexti af því fé sem maður hefur sjálfur lagt í atvinnurekstur sinn. Félög og stofnanir mega ekki draga frá vexti af hlutafé, stofnfé eða tryggingafé. Vextir af stofnsjóðum samvinnufélaga teljast þó ekki hér með, sbr. 3. tölul. 51. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

Ýmis kostnaður.

6. gr.

Til rekstrarkostnaðar teljast þeir kostnaðarliðir sem hér fara á eftir með þeim takmörkunum og skilyrðum sem þar greinir:

a. Gjöld af fasteignum, enda séu þær ætlaðar til tekjuöflunar. Rekstrarkostnað vegna sumarbústaða og orlofshúsa fyrir starfsmenn, má draga frá enda sé sýnt að tekjur af útleigu þeirra nægi til að greiða reksturinn að mestu leyti eða leigan sé í samræmi við það sem almennt tíðkast.
b. Félagsgjöld sem atvinnurekendur greiða og ganga til greiðslu kostnaðar vegna öflunar, viðhalds og tryggingar atvinnurekstrartekna þeirra. Eigi mega gjöld þessi vera til eignamyndunar, en rekstrarafgangur viðkomandi félags telst þó eigi til eignamyndunar sé honum varið til rekstrarkostnaðar á næstu árum. Ekki telst til eignamyndunar í þessu sambandi þótt félag kaupi húsnæði undir starfsemi sína. Sé verulegum hluta félagsgjalda ekki ráðstafað í samræmi við 1. málsl. þessa stafliðar takmarkast frádráttarbærni þeirra að sama marki. Félagsgjöld til stéttarfélags samkvæmt lögum nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, er óheimilt að draga frá tekjum. Ríkisskattstjóri heldur lista yfir þau félagsgjöld sem frádráttarbær eru sem rekstrarkostnaður.
c. Ferðakostnaður í þágu atvinnurekstrar. Sé starfsmanni greiddur ferðakostnaður með dagpeningum skulu þeir taldir til rekstrarkostnaðar og gefnir upp með greiddum launum. Frá tekjum manna af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi er heimilt, í stað kostnaðar samkvæmt reikningi, að draga frá fasta fjárhæð vegna ferðakostnaðar erlendis, annars en gisti- og fæðiskostnaðar, samkvæmt matsreglum sem ríkisskattstjóri setur. Til staðfestingar á ferðakostnaði þurfa upplýsingar m.a. um tilgang ferðar, þátttakendur og fjölda ferðadaga að liggja fyrir með aðgengilegum hætti.
d. Risna vegna atvinnurekstrar, þ.e. sá kostnaður sem lagt er í til að ljúka viðskiptum, afla nýrra viðskiptasambanda eða halda þeim við, enda sé kostnaður eðlilegur miðað við tilefni. Frádráttarbær risna þarf að beinast að aðilum sem ekki starfa við fyrirtækið eða tengjast því með öðrum hætti, svo sem stjórnarmenn eða hluthafar. Til staðfestingar risnukostnaði þurfa upplýsingar m.a. um tilefni risnu, hverjir hennar nutu og tengsl þeirra við fyrirtækið að liggja fyrir með aðgengilegum hætti.
e. Kostnaður vegna funda sem beinlínis tengjast atvinnurekstrinum, svo sem kostnaður vegna aðalfunda, hluthafafunda og stjórnarfunda, enda sé kostnaðurinn eðlilegur miðað við tilefni.
f. Bústofnsskerðing.
g. Kostnaður vegna sérfræðiaðstoðar við kaup og sölu eigna telst eigi til rekstrarkostnaðar. Við kaup teljast þessi útgjöld hluti af kostnaðarverði eignar og við sölu til lækkunar á söluverði.
h. Kostnaður vegna sérfræðiaðstoðar við stofnun fyrirtækis telst eigi til rekstrarkostnaðar. Hann telst til stofnkostnaðar og færist til gjalda samkvæmt reglum um niðurfærslu eigna í 31. gr. A laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.
i. Fjársektir eða önnur viðurlög, hverju nafni sem nefnast, vegna refsiverðs verknaðar skattaðila sjálfs, þar með talið verðmæti upptækra eigna eða greiðslur í þess stað teljast eigi til rekstrarkostnaðar. Sama gildir um kostnað, hverju nafni sem nefnist, við öflun ólöglegs upptækis hagnaðar eða tengdan saknæmum brotum.

Fyrning og niðurfærsla eigna.

7. gr.

Til rekstrarkostnaðar telst fyrning þeirra eigna sem notaðar eru við öflun teknanna og heimilt er að fyrna samkvæmt ákvæðum laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Fyrningarhlutfall skal vera í samræmi við ákvæði laga þar um, sbr. og 9. gr. reglugerðarinnar. Því má breyta á milli ára en þó þannig að það sé innan þeirra marka sem 38. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, og 9. gr. reglugerðarinnar setur um lágmarks- og hámarksfyrningu í hverjum fyrningarflokki. Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi má víkja frá fyrningarhlutföllum samkvæmt ákvæðum laga og veitir ríkisskattstjóri slíka heimild.

Fyrningarhlutfall keyptrar aflahlutdeildar í sjávarútvegi skal ákvarðað í samræmi við 4. tölul. 32. gr. og 7. tölul. 38. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Almenn fyrning eigna skal reiknuð árlega og talin til frádráttar án tillits til hagnaðar eða taps gjaldanda.

Halda skal sérstaka skrá um fyrnanlegar eignir, fyrningarverð þeirra, almennar og sérstakar fyrningar hverrar eignar og bókfært verð þeirra til skatts.

8. gr.

Stofnverð, fyrningargrunnur og skipting hans og niðurlagsverð, skal vera með eftirgreindum hætti:

a. Stofnverð eigna telst kostnaðarverð þeirra, þ.e. kaup- eða framleiðsluverð, ásamt kostnaði við endurbætur, breytingar eða endurbyggingu og sérhverjum öðrum kostnaði sem á eignirnar fellur, en að frádregnum óendurkræfum styrkjum, afsláttum, eftirgjöfum skulda og skaðabótum sem til falla í sambandi við kaup þeirra, framleiðslu, breytingar eða endurbætur.
b. Fyrningargrunnur eigna telst stofnverð þeirra að teknu tilliti til verðbreytinga samkvæmt verðbreytingarstuðli sem ríkisskattstjóri birtir. Ef stofnverð hækkar eða lækkar eftir að hafin er nýting eignarinnar ber að færa breytinguna til hækkunar eða lækkunar fyrningargrunni þess árs þegar breytingin verður. Ef gerðar eru endurbætur á eign eftir að nýting er hafin skulu þær mynda nýjan fyrningargrunn.
c. Ef keypt er fasteign eða mannvirki, ásamt lóð, landi eða réttindum tengdum þessum eignum, skal skipta stofnverðinu í sama hlutfalli og eignir eru metnar til fasteignamats á kaupdegi. Sama gildir um kaup mannvirkja eingöngu. Þegar um lóðaréttindi er að ræða skal afgjaldskvaðarverðmætið dregið frá fasteignamati áður en hlutfallið er reiknað.
d. Lausafé, þar með talin skip, loftför, bifreiðar, vélar og tæki og mannvirki, þar með talin ræktun á bújörðum og byggingar, má aldrei fyrna meira en svo að ávallt standi eftir sem niðurlagsverð eignar 10% af fyrningargrunni hennar.

9. gr.

Fyrning mannvirkja, þar með talin ræktun á bújörðum og byggingar, skal vera árlegur hundraðshluti af fyrningargrunni einstakra eigna sem hér segir:

a. Af eftirtöldum mannvirkjum skal árleg fyrning vera að lágmarki 1,5% en að hámarki 2%.
   1. Íbúðarhúsnæði.
   2. Skrifstofubyggingar.
   3. Verslunarbyggingar.

b. Af eftirtöldum mannvirkjum skal árleg fyrning vera að lágmarki 3% en að hámarki 4%.
   1. Verksmiðjubyggingar.
   2. Verkstæðisbyggingar.
   3. Vörugeymslubyggingar.
   4. Gisti- og veitingahús.
   5. Útihús á bújörðum.
   6. Hvers konar önnur mannvirki og hús, notuð til atvinnurekstrar, sem ekki eru talin annars staðar í reglugerð þessari.

c. Af eftirtöldum mannvirkjum skal árleg fyrning vera að lágmarki 4,5% en að hámarki 6%.
   1. Dráttarbrautir.
   2. Loðdýrabú og tilheyrandi girðingar.
   3. Lýsis-, olíu- og vatnsgeymar.
   4. Ræktun á bújörðum.

d. Af eftirtöldum mannvirkjum skal árleg fyrning vera að lágmarki 6% en að hámarki 8%.
   1. Bryggjur og plön þeim tengd.
   2. Gróðurhús.

e. Af eftirtöldum mannvirkjum skal árleg fyrning vera að lágmarki 7,5% en að hámarki 10%.
   1. Borholur.
   2. Raflínur.
   3. Vinnubúðir, óvaranlegar.

Ekki skiptir máli í sambandi við ákvörðun fyrningarhlutfalls úr hvaða byggingarefni mannvirki er gert.

10. gr.

Kaup á framleiðslurétti í landbúnaði má færa niður með jöfnum fjárhæðum á fimm árum. Stofnkostnað, svo sem kostnað við skráningu fyrirtækis og öflun atvinnurekstrarleyfa, og kostnað við tilraunavinnslu, markaðsleit, rannsóknir og öflun einkaleyfis og vörumerkja er heimilt að færa niður á fimm árum eða að fullu á því ári sem hann myndast.

11. gr.

Fyrning af eftirtöldu er ekki frádráttarbær:

a. Eignum sem tilheyra ekki atvinnurekstri. Sé eign notuð bæði í þágu atvinnurekstrar og í einkaþágu atvinnurekanda sjálfs, verður að meta hve mikið af notkuninni tilheyrir rekstrinum og miða frádráttarbæra fyrningu við það.
b. Löndum og lóðum eða öðrum slíkum eignum, sem eigi rýrna eða ganga úr sér við notkun. Rýrnun á bústofni kemur fram í bústofnsskerðingu og rýrnun vörubirgða kemur fram í mati þeirra, og verður þá fyrning eigi reiknuð á annan hátt.
c. Viðskiptavild.

12. gr.

Ekki er heimilt að fyrna eign á því rekstrarári sem nýtingu hennar lýkur vegna sölu eða af öðrum ástæðum. Verði eign ónothæf áður en fyrningu hennar er lokið er heimilt að færa eftirstöðvar fyrningarverðs til gjalda. Niðurlagsverð eignar skal færa til gjalda á því ári, sem hún hverfur úr eigu skattþegns, þó að frádregnu söluandvirði eða öðru andvirði.

Þegar notkun einstakra eigna er þannig háttað að þær falla ekki undir sama fyrningar-

hlutfall skal fyrningargrunni þeirrra skipt eftir notkun. Sé eign notuð að 3/4 hlutum eða meira til sömu starfsemi skal hún þó í heild háð sama fyrningarhlutfalli. Sé hluti eignar ekki fyrnanlegur, t.d. ef um er að ræða íbúð í fyrnanlegri eign, skal ætíð lækka stofnverð eignarinnar um hinn ófyrnanlega hluta eftir stærðarhlutföllum. Við skiptingu á fyrningargrunni bygginga skal í þessu sambandi miða við fasteignamat einstakra byggingarhluta eða við rúmmál liggi fasteignamat ekki fyrir.

Tap á kröfum.

13. gr.

Tap á viðskiptakröfum, lánveitingum og vegna skuldaábyrgða má draga frá tekjum á því tekjuári sem eignir þessar eru sannanlega tapaðar eða ábyrgð á fallin, enda sé eftirgreindum skilyrðum fullnægt:

a. Að krafa, lánveiting eða ábyrgð stafi beinlínis af atvinnurekstri aðila, þ.e. að hún sé til komin í beinu samhengi við viðskipti eða eðlilega starfsemi hans. Hér koma því eigi til greina lán eða ábyrgðir, sem veitt eru í greiðaskyni eða sem aðstoð við stofnun fyrirtækis eða rekstur. Eigi heldur töp á hlutabréfum eða öðrum slíkum framlögum til félaga, nema atvik falli undir 4. tölul. 31. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.
   Til frádráttar koma eigi afskriftir sem telja má gjöf þótt upphaflega sé veitt sem lán að forminu til, en síðan afskrifað.
   Þjófnaður og sjóðþurrð sem ekki fæst bætt er frádráttarbær, enda sé sýnt fram á þessi atvik með óyggjandi hætti.
b. Að sönnur séu færðar fyrir því að fjárhæð viðskiptakröfu hafi áður verið talin til tekna, lánveiting eignfærð eða ábyrgð hafi verið veitt.
c. Skuldaábyrgð kemur til frádráttar þegar hún er áfallin samkvæmt reglum kröfuréttar og ábyrgðarveitandinn samþykkir að svo sé. Töpuð viðskiptakrafa eða veitt lán kemur til frádráttar á því ári þegar slíkt tap er orðið sannanlegt.

14. gr.

Tap á kröfu sbr. 13. gr. telst sannanlegt:

a. Ef krafan er fyrnd eða það sannast á fullnægjandi hátt að eignir séu eigi til fyrir henni eða hún verði eigi greidd, svo sem við gjaldþrot, nauðasamninga, árangurslaust fjárnám o.þ.h.
b. Ef telja má fullvíst að krafan fáist eigi greidd, enda þótt atvik þau sem um ræðir í a-lið séu eigi fyrir hendi. Líkur einar eru þó eigi nægar, heldur verða öll rök að liggja til þess að hún sé að fullu töpuð. Að það hafi sýnt sig við ítrekaðar innheimtutilraunir, þ.m.t. annarra kröfuhafa, að skuldari sé ófær til greiðslu, að hvorki fáist af kröfunni afborganir og vextir né veð fyrir henni og efnahagur skuldara og afkoma sé þannig að greiðslu verði ekki að vænta, enda sé eigi um gagnkröfu að ræða af hans hendi.

Ef hluti af kröfu tapast, t.d. við gjaldþrot eða samninga um eftirgjöf, eða veð fæst aðeins fyrir hluta hennar, eða á annan hátt er fengin vissa fyrir því að hluti hennar fáist eigi greiddur, er leyfilegt að afskrifa hann, enda hafi skuldareigandi fullnægjandi reikningshald.

Sé krafa, sem afskrifuð hefur verið, greidd að fullu eða hluta telst það til tekna á því ári er greiðsla átti sér stað.

Frádráttur vegna gjafa til menningarmála o.fl.

15. gr.

Frá tekjum af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi má draga einstakar gjafir og framlög til þeirra málaflokka sem greinir í 16. gr., þó ekki fyrir 0,5% af tekjum skv. B-lið 7. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

Skilyrði fyrir frádrætti skv. 1. mgr. er það að framteljandi leggi fram móttökukvittun með framtali sínu frá stofnun, sjóði eða félagi sem fellur undir 16. gr. reglugerðar þessarar.

Viðkomandi stofnun, sjóður eða félag skal hafa sett sér skipulagsskrá, lög eða samþykktir yfir starfsemi sína. Undanþegin þessu ákvæði er starfsemi á vegum ríkissjóðs og stofnana hans eða sveitarsjóða og stofnana þeirra, svo og starfsemi sú er tilgreind er í d-lið 16. gr. reglugerðar þessarar.

Árstillög félagsmanna og styrktarfélaga teljast ekki til gjafa í þessu sambandi.

16. gr.

Málaflokkar skv. 15. gr. eru:

a. Hvers konar menningarmálastarfsemi fyrir almenning, svo sem byggingar skólahúsa og íþróttamannvirkja, rekstur skóla, íþróttastarfsemi, fræðiritaútgáfa, fræðslukvikmyndagerð, bóka-, skjala-, lista og minjasöfnun, bókmennta- og listastarfsemi, verndun fornra mannvirkja og sérstæðra náttúrufyrirbrigða, skóggræðsla, sandgræðsla, verndun fiskimiða o.fl. sem til menningarmála heyrir.
b. Hvers konar vísindaleg rannsóknarstarfsemi, hvort heldur er á sviði hugvísinda eða raunvísinda.
c. Hvers konar viðurkennd líknarstarfsemi. Hér til telst m.a. bygging og rekstur sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva, elliheimila, vöggustofa, barnaheimila, stofnana fyrir drykkjusjúklinga og lamaða og fatlaða og annarra hliðstæðra stofnana. Hér til teljast enn fremur slysavarnir á landi, sjó og lofti.
d. Starfsemi Þjóðkirkjunnar og annarra opinberlega viðukenndra trúfélaga, er söfnuði hafa hér á landi, starfsemi deilda innan slíkra safnaða, svo og hver önnur viðurkennd kirkjuleg starfsemi.
e. Stjórnmálaflokkar.

17. gr.

Á móttökukvittunum skv. 15. gr. skal koma fram nafn og heimili gefanda, hver gjöfin er og hvert verðmæti hennar er. Tekið skal fram að um gjöf sé að ræða og fjárhæðin skal tilgreind í bókstöfum og tölustöfum.

18. gr.

Aðilum sem gefa út móttökukvittanir, sbr. 15. gr., skal skylt að senda skattyfirvöldum ársreikninga ásamt lögum, reglugerð eða skipulagsskrá yfir starfsemi sína sé um það beðið.

Rekstrartap frá fyrri árum.

19. gr.

Frá tekjum af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, má draga eftirstöðvar rekstrartapa frá síðustu fimm árum á undan tekjuári. Þetta er þó bundið því skilyrði að fullnægjandi grein hafi verið gerð fyrir tapinu á því tekjuári þegar tapið myndaðist. Tapið skal framreikna í samræmi við verðbreytingarstuðul ríkisskattstjóra, sbr. 26. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Gildistaka.

20. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 119. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum. Hún öðlast þegar gildi og skal koma til framkvæmda við álagningu gjalda á árinu 1995 vegna tekna á árinu 1994 og eigna í lok þess árs. Frá sama tíma fellur úr gildi III. kafli reglugerðar nr. 245/1963, um tekjuskatt og eignarskatt, og reglugerð nr. 12/1993, um flokkun bygginga og annarra mannvirkja til fyrninga, og reglugerð nr. 615/1987, um frádrátt vegna gjafa til menningarmála o.fl., með síðari breytingum.

Fjármálaráðuneytið, 2. september 1994.

Friðrik Sophusson.

Indriði H. Þorláksson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 67 – 1994

5. september 1994 1515 Nr. 484

REGLUGERÐ

um lögboðna brunatryggingu húseigna.

Vátryggingarskylda.

1. gr.

Húseigendum er skylt að vátryggja gegn eldsvoða allar húseignir, þar með talin útihús, hvort heldur eru gripahús, hlöður, geymslur eða annað sem metið verður sem hús. Hús í smíðum skal einnig vátryggja.

Vátryggingafélagi er skylt að taka að sér lögboðna brunatryggingu húseignar fyrir sérhvern vátryggingaskyldan aðila er undirgengst almenn vátryggingaskilyrði vátryggingafélags ákveðin í samræmi við þá áhættu sem félagið tekur að sér.

Upphaf og lok ábyrgðar vátryggingafélags.

2. gr.

Vátrygging á húsi í smíðum, hvort sem um er að ræða nýbyggingu eða viðbyggingu við eldra hús, hefst um leið og vátryggingataki hefur afhent vátryggingafélagi undirritaða beiðni þar um. Vátryggingafjárhæð húss í smíðum fer á hverjum tíma eftir samkomulagi milli eiganda og vátryggingafélags.

Vátrygging húss, sem tekið hefur verið í notkun, gengur í gildi þegar vátryggingafélagið eða einhver á vegum þess hefur sannanlega tekið við vátryggingabeiðni, enda liggi fyrir beiðni um brunabótamat eignarinnar, sbr. 6. gr. Sama gildir um gildistöku endurmats.

Vátryggingafélag skal ekki taka gilda uppsögn á skylduvátryggingu, hvort heldur er vegna eigendaskipta eða af öðrum ástæðum, nema uppsögn fylgi staðfesting á að húseigandi hafi stofnað til nýrrar vátryggingar hjá öðru vátryggingafélagi.

Eigi má brunatryggja húseign hjá öðru vátryggingafélagi ef vátryggingataki skuldar iðgjald fyrir eldri brunatryggingu á sömu húseign sem fallið hefur í gjalddaga á síðastliðnum tveimur árum.

Hverjir vátryggðir eru. Réttindi veðhafa o.fl.

3. gr.

Vátryggingin er til hagsbóta eiganda húseignarinnar. Um rétt veðhafa til vátryggingabóta fer eftir lögum um vátryggingarsamninga nr. 20/1954.

Um réttindi þinglýsts eiganda gagnvart kaupanda fer sem um rétt veðhafa. Við sölu húseignar fylgir með réttur til vátryggingabóta vegna bruna nema um annað hafi verið samið milli eiganda og kaupanda. Við sölu húseignar á nauðungaruppboði fylgir og réttur til brunabóta. Óheimilt er að gera aðför í brunabótum nema með viðkomandi eign.

Steindórsprent Gutenberg hf.

Til hvaða eigna vátryggingin nær.

4. gr.

Brunabótamat skv. 6. gr. skal miða við að vátryggingin taki til húseignar ásamt venjubundnu fylgifé í samræmi við matsreglur Fasteignamats ríkisins á hverjum tíma.

Vátryggingin skal þó ætíð ná til og tillit til þess tekið í brunabótamati skv. 6. gr.:

a. fastra innréttinga s.s. fastra stóla og bekkja, lyftu, vatns-, hita-, loftræsti-, skólp- og raflagna.
b. venjubundins fylgifjár íbúða, s.s. eldavéla, eimháfa, útvarps- og sjónvarpsloftneta, eldvarnarbúnaðar, fasttengdra lampa í eldhúsum, þvottahúsum, baðherbergjum og snyrtingum og ljósa sem innfelld eru í loft eða klæðningar.
c. botnplatna og undirstaða.
d. kostnaðar við að hreinsa húseign og ryðja burt brunarústum.
e. nauðsynlegs hönnunarkostnaðar
f. girðinga og mannvirkja, s.s. sólpalla, sem eru varanlega tengd við hús, enda hafi bygging þeirra verið tilkynnt vátryggingafélagi og óskað hafi verið endurmats skv. 6. gr. ef mannvirkin hafa verið reist síðar en húseignin.

Vátryggingafjárhæð.

5. gr.

Vátryggingafjárhæðin er matsfjárhæð þeirra efnislegu verðmæta húseignarinnar, sem geta eyðilagst í eldi. Matið skal byggja á eðlilegum kostnaði verkkaupa við byggingu hússins samkvæmt matsreglum Fasteignamats ríkisins. Miða ber við þær byggingaraðferðir og byggingarefni sem tíðkast á virðingardegi.

Fasteignamat ríkisins skal breyta vátryggingafjárhæðum a.m.k. árlega í samræmi við breytingu á vísitölu byggingarkostnaðar hinna ýmsu tegunda húseigna.

Framkvæmd mats og kostnaður.

6. gr.

Áður en byggingafulltrúi gefur út vottorð um úttekt skv. gr. 4.11.8 í IV. kafla byggingarreglugerðar nr. 177/1992 skal hann kanna hvort búið sé að vátryggja húseign gegn eldsvoða. Vottorðið skal ekki gefið út nema svo sé.

Húseiganda er skylt að óska eftir mati eigi síðar en 4 vikum eftir að nýtt hús er tekið í notkun. Við lokaúttekt á byggingu húss sbr. gr. 4.11.13 í IV. kafla byggingarreglugerðar, skal byggingafulltrúi kanna hvort vátryggingaskyldu hafi verið fullnægt. Byggingafulltrúi skal synja um lokaúttekt sé svo ekki.

Húseigandi getur hvenær sem er óskað eftir endurmati, enda fer matið fram á kostnað hans. Sé ágreiningur milli vátryggingafélags og húseiganda um matsfjárhæð getur vátryggingafélag einnig óskað endurmats enda fer matið þá fram á kostnað þess.

Fasteignamat ríkisins eða dómkvaddir matsmenn annast brunabótamat. Verði ágreiningur um mat er unnt að leggja málið í gerð skv. lokamálsgrein 11. gr.

Þegar dómkvaddir matsmenn annast brunabótamat skulu þeir meta skráðar matseiningar í fasteignaskrá Fasteignamats ríkisins og meta í samræmi við matsreglur þess. Þeir skulu skila Fasteignamatinu matsgerð innan 15 daga frá því að mati lauk. Fasteignamat ríkisins skal tilkynna vátryggingafélögum um ný eða breytt möt.

Fasteignamat ríkisins skal að jafnaði annast fyrsta brunabótamat húseignar eftir að hús er tekið í notkun. Fyrir fyrsta mat skal ekkert matsgjald greitt ef Fasteignamat ríkisins annast matið enda nýtist skoðunin einnig til fasteignamats.

Fyrir endurmat húseignar skal greiða í hlutfalli við matsfjárhæð skv. gjaldskrá sem ráðherra vátryggingamála setur. Sjái Fasteignamat ríkisins ástæðu til getur það framkvæmt endurmat, húseiganda og vátryggingafélagi að kostnaðarlausu.

Brunabótamat byggist á skoðun á húseign og ef kostur er að húseiganda viðstöddum eða fulltrúa hans.

Húseigendur greiða árlega umsýslugjald 0,025 o/oo (prómill) af brunabótamati húseignar til Fasteignamats ríkisins. Viðkomandi vátryggingafélag innheimtir þetta gjald og skilar til Fasteignamatsins.

Tjónsorsakir sem vátrygging nær til og undanskildar áhættur.

7. gr.

Í vátryggingaskilmálum lögboðinnar brunatryggingar skulu tjónsorsakir sem vátryggingin nær til og undanskildar áhættur skilgreindar.

Vátryggingatímabil.

8. gr.

Ef ekki er um annað samið telst vátryggingatímabilið eitt ár og hefst er vátryggingin tekur gildi, sbr. 1. málsgr. 2. gr. og varir til jafnlengdar næsta ár.

Vátryggingin framlengist um allt að eitt ár í senn ef henni er ekki sagt upp skriflega a.m.k. 30 dögum fyrir árlegan gjalddaga.

Iðgjöld.

9. gr.

Iðgjald má krefja fyrirfram fyrir hvert vátryggingatímabil. Sé hús rifið eða vátryggingu sagt upp ber félaginu að endurgreiða iðgjald í hlutfalli við það sem eftir er af vátryggingatímabilinu. Iðgjald endurgreiðist þó ekki, eyðileggist hús vegna tjóns er vátryggingin tekur til.

Vátryggingafélag getur ekki sagt vátryggingu upp vegna vanskila á iðgjaldi, en öll iðgjöld hvíla sem lögveð á vátryggðum húseignum og ganga í tvö ár fyrir öllum öðrum skuldbindingum sem á þeim hvíla nema sköttum til ríkissjóðs.

Tilkynning um tjón. Ráðstafanir til varnar tjóni. Virðing brunatjóns.

10. gr.

Vátryggingaratburð skal tilkynna til vátryggingafélags þegar í stað. Vátryggðum er skylt að reyna að afstýra tjóni eða draga úr því eftir því sem unnt er. Hann skal halda til haga munum sem skemmst hafa uns matsmenn geta skoðað skemmdir.

Viðkomandi vátryggingafélag skal svo fljótt sem unnt er hlutast til um virðingu brunatjóns. Virðing skal sundurliðuð þannig að sjá megi hvernig bætur eru ákveðnar.

Uppgjör tjóns.

11. gr.

Vátryggingabótum skal varið til þess að gera við húseign sem skemmst hefur við bruna eða til endurbyggingar. Vátryggingafélagi er skylt að sjá til þess áður en bætur eru greiddar að þeim sér réttilega varið.

Vátryggingafélagi er heimilt að veita undanþágu frá byggingarskyldu að höfðu samráði við skipulagsyfirvöld gegn því skilyrði að 15% dragist frá bótafjárhæðinni. Frádrætti þessum skal þó ekki beitt ef endurbygging er eigi heimil af skipulagsástæðum eða öðrum ástæðum sem tjónþola er ekki sjálfrátt um. Hafi ákvörðun verið tekin um að veita undanþágu frá byggingarskyldu og telji vátryggingafélag brunabótamat húseignar greinilega hærra en markaðsverð húseignarinnar þá er vátryggingafélagi heimilt að miða bótafjárhæð við markaðsverð viðkomandi húseignar.

Nú verður brunatjón meira en helmingur brunabótamatsverðs og sveitarstjórn telur nauðsynlegt vegna eldhættu eða af skipulagsástæðum að hlutaðeigandi hús verði fjarlægt og er henni þá heimilt að leysa húsið til sín. Greiðir hún þá mismun þann sem er á bótum og brunabótamatsverði hússins. Ef sveitarstjórn eða eigandi telja brunabótamatsverð ekki rétt getur hvor um sig krafist endurmats og skal þá miða greiðslu við endurmatsverð.

Rísi ágreiningur um brunabótamat eða bótafjárhæð má skjóta málinu til gerðardóms. Gerðardómur skal skipaður tveimur mönnum, sem héraðsdómur í umdæmi því sem húseign er í tilnefnir hverju sinni. Skal annar þeirra fullnægja skilyrðum til að gegna starfi héraðsdómara. Fyrir kostnað vegna gerðardóms skal greiða skv. gjaldskrá sem ráðherra vátryggingamála setur. Kostnað við gerðardóm ber að jafnaði sá sem gerð gengur á móti.

Svik, aukin áhætta, tvítrygging, varúðarreglur o.fl.

12. gr.

Í vátryggingaskilmála lögboðinnar brunatryggingar húseigna skal setja ákvæði um svik, aukna áhættu, tvítryggingu, varúðarreglur o.fl.

Eftirlit með skilmálum.

13. gr.

Vátryggingaskilmálar lögboðinnar brunatryggingar húseigna og breytingar á þeim skulu hljóta samþykki Vátryggingaeftirlitsins áður en þeir koma til framkvæmda.

Óvátryggðar húseignir.

14. gr.

Hafi brunatrygging húss sem tekin hefur verið fallið niður af ástæðum sem húseiganda verður ekki um kennt ber Sambandi íslenskra tryggingafélaga að bæta honum tjón á húseign hans af völdum eldsvoða.

Samband íslenskra tryggingafélaga skal endurkrefja vátryggingafélög sem hafa með höndum brunatryggingar húsa kostnað vegna slíkra bótagreiðslna nema í ljós verði leitt hver ábyrgð ber á að vátryggingin féll niður og skal sambandið þá endurkrefja þann aðila. Skal kostnaði skipt á félögin í hlutfalli við bókfærð iðgjöld þeirra í lögboðnum brunatryggingum húsa hér á landi. Skal í því efni miðað við nýjustu upplýsingar um markaðshlutdeild félaganna við uppgjörsdag tjónsins.

Skilyrði starfsleyfis lögboðinna brunatrygginga húseigna er að félag skuldbindi sig til að taka þátt í þessari tilhögun um greiðslu bóta vegna óvátryggðra húseigna.

Gildistaka.

15. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með heimild í 5. gr. laga um brunatryggingar nr. 48/1994 öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Vátryggingafélög skulu frá og með 1. janúar 1995 innheimta umsýslugjald til Fasteignamats ríkisins skv. lokamálsgrein 6. gr. Við endurnýjun vátrygginga vegna húseigna utan Reykjavíkur með endurnýjunardag 15. október 1994 skal umsýslugjaldið innheimt hlutfallslega og að svo miklu leyti sem vátryggingatímabilið fellur á árið 1995.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 5. september 1994.

Sighvatur Björgvinsson.

Páll Sigurðsson.

AUGLÝSING

um samþykktir fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum.

1. gr.

Samþykktir fyrir fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum skulu öðlast gildi 15. september 1994.

Samþykktirnar birtast sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

2. gr.

Auglýsing þessi, sem birt er skv. 14. gr. samþykkta fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 5. september 1994.

F. h. r.
Páll Sigurðsson.

Dögg Pálsdóttir.

SAMÞYKKTIR

fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum.

Stofnaðilar.

1. gr.

Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum er stofnuð og starfar samkvæmt samkomulagi heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins, Neytendasamtakanna og Sambands íslenskra tryggingafélaga.

Skipan nefndarinnar.

2. gr.

Í nefndinni sitja þrír fulltrúar og þrír til vara, sem allir skulu vera löglærðir og valdir til eins árs í senn. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, Neytendasamtökin og Samband íslenskra tryggingafélaga velja hver sinn aðal- og varafulltrúa til setu í nefndinni. Nefndin velur sér formann og varaformann til eins árs í senn.

Starfssvið og störf nefndarinnar.

3. gr.

Nefndin fjallar um ágreining varðandi bótaskyldu, þ.m.t. sök og sakarskiptingu milli neytenda og vátryggingafélags, sem starfsleyfi hefur hér á landi.

Nefndin úrskurðar ekki um bótafjárhæðir nema að fengnu samþykki aðila.

Nefndin úrskurðar hvort ágreiningur aðila heyri undir nefndina og hvort ágreiningur sé þess eðlis eða studdur þeim gögnum að unnt sé að úrskurða í málinu. Telji nefndin svo ekki vera vísar hún málinu frá.

4. gr.

Nefndin fjallar ekki um:

a. ágreining, sem samkvæmt lögum heyrir undir stjórnvöld,
b. kröfu neytenda, sem ekki verður metin til fjár,
c. breytingar á iðgjöldum vátryggingafélaga,
d. ágreiningsmál sem er til meðferðar almennra dómstóla eða gerðardóms,
e. mál, sem er það óljóst, illa upplýst eða krafa aðila svo óskýr að það sé ekki tækt til úrskurðar. Slík frávísun skal rökstudd. Máli sem vísað er frá á þessari forsendu skal taka til meðferðar að nýju samkvæmt málskoti hafi nauðsynlegra upplýsinga verið aflað og kröfugerð skýrð.

5. gr.

Formaður boðar fundi eftir þörfum. Fundir nefndarinnar eru því aðeins lögmætir að nefndin sé fullskipuð.

Úrskurðir nefndarinnar skulu vera rökstuddir. Aðilum máls skal senda úrskurð innan viku frá því að hann var kveðinn upp. Nefndin skal úrskurða innan 4 vikna frá því að mál taldist úrskurðarhæft.

Úrskurði nefndarinnar skal gefa út árlega í samantekt án nafngreiningar aðila fyrir lok aprílmánaðar vegna næsta árs á undan.

Meirihluti nefndarinnar ræður niðurstöðu úrskurðar. Úrskurðir skulu einir færðir til bókar ásamt rökstuðningi.

Úrskurðir nefndarinnar eru ekki bindandi fyrir neytendur, sem geta ávallt vísað málum til dómstóla þó að það hafi farið fyrir nefndina.

Úrskurður nefndarinnar er bindandi fyrir hlutaðeigandi vátryggingafélag nema félagið tilkynni neytandanum og nefndinni sannanlega innan tveggja vikna frá því að það fékk úrskurð í hendur, að það muni ekki hlíta honum.

Mál fellur niður leggi neytandi mál í gerðardóm eða höfðar dómsmál.

Vistun nefndarinnar.

6. gr.

Nefndin skal vistuð hjá Vátryggingaeftirlitinu, sem sér nefndinni fyrir fundaraðstöðu, tekur við kvörtunum til nefndarinnar, annast tilkynningar og sér um vörslu gagna. Kvörtunum er ekki veitt viðtaka nema málskotsgjald sé greitt. Neytanda skal ætíð kynnt að hann sé óbundinn af úrskurði nefndarinnar og geti höfðað dómsmál uni hann ekki úrskurði hennar.

Starfsmanni Vátryggingaeftirlitsins er heimilt að sitja nefndarfundi með málfrelsi og tillögurétt.

Málskot og málskotsgjald.

7. gr.

Neytendur geta skotið ágreiningi til nefndarinnar. Neytandi í skilningi samþykkta þessara er hver sá einstaklingur sem er vátryggingataki og/eða telur sig eiga rétt til vátryggingabóta. Vátryggingafélög skulu kynna neytendum með tryggilegum hætti möguleika þeirra á að skjóta málum til nefndarinnar.

Áður en neytandi getur leitað til nefndarinnar skal hann hafa lagt kröfur sínar fyrir hlutaðeigandi vátryggingafélag og Tjónanefnd vátryggingarfélaganna sé mál þess eðlis, að

tjónanefndin fjalli um þau. Meðferð tjónanefndar skal vera neytanda að kostnaðarlausu. Hafi tjónanefnd ekki úrskurðað í máli innan mánaðar frá því að ósk um meðferð hennar kom fram getur neytandi skotið málinu til úrskurðarnefndarinnar. Þegar úrskurður tjónanefndar liggur fyrir skal neytanda jafnan tilkynnt að hann geti skotið málinu til úrskurðarnefndarinnar.

Neytandi skal greiða sérstakt málskotsgjald. Miðað er við að málskotsgjald nemi þriðjungi beins kostnaðar við meðferð máls og skal það endurskoðað árlega. Neytandinn fær málskotsgjald endurgreitt falli mál honum að hluta eða öllu leyti í vil.

Nefndin útbýr sérstakt eyðublað sem auðveldar málskot til nefndarinnar. Eyðublöðin skulu vera fáanleg hjá Neytendasamtökunum, Sambandi íslenskra tryggingafélaga, vátryggingafélögum og Vátryggingaeftirlitinu.

Neytandi getur á hvaða stigi sem er dregið mál tilbaka, en fær þá ekki málskotsgjald endurgreitt nema málið sé afgreitt hjá vátryggingafélagi á grundvelli krafna hans.

Gagnasöfnun.

8. gr.

Vátryggingafélag, sem aðild á að máli, skal láta nefndinni í té þau skjöl og gögn sem málið varðar. Þegar neytandi leggur mál fyrir nefndina skal hann gefa samþykki sitt fyrir því að nefndin fái öll gögn í hendur frá vátryggingafélagi sem varðar mál hans og sé heimilt að fá upplýsingar frá þeim aðilum sem hafa komið að málinu vegna fagþekkingar sinnar.

9. gr.

Nefndin úrskurðar á grundvelli gagna sem fyrir hana eru lögð eða hún aflar sér. Hlutaðeigandi vátryggingafélagi skal gefinn kostur á að koma gögnum og sjónarmiðum á framfæri við nefndina áður en mál er tekið til úrskurðar innan þess frests sem nefndin ákveður hverju sinni.

Sinni aðili máls ekki upplýsingaskyldu getur nefndin úrskurðað í máli telji hún það úrskurðarhæft eða vísað því frá eftir atvikum.

Séstakt vanhæfi nefndarmanna.

10. gr.

Nefndarmaður er vanhæfur til meðferðar máls og skal víkja sæti eigi vanhæfisreglur 5. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála við um hann. Nefndarmanni ber að tilkynna meðnefndarmönnum sínum telji hann sig vanhæfan. Jafnframt getur nefndarmaður krafist þess að annar nefndarmaður víki sæti vegna vanhæfis og úrskurðar þá meirihluti nefndarinnar um slíka kröfu víki nefndarmaður ekki sæti af sjálfsdáðum. Komi til þess að nefndin verði ekki fullskipuð vegna vanhæfis er aðilum þeim sem að henni standa heimilt að skipa sérstaka nefndarmenn til meðferðar viðkomandi máls í stað þeirra sem vanhæfir kunna að vera. Nefndarmaður getur ávallt sagt sig frá máli telji hann sig vanhæfan.

Endurupptaka máls.

11. gr.

Formaður getur tekið ákvörðun um að mál sem úrskurðað hefur verið af nefndinni skuli tekið fyrir að nýju á grundvelli nýrra upplýsinga, sem ekki var unnt að afla eða koma á framfæri þegar mál var tekið fyrir og geta haft áhrif á niðurstöðu máls.

Kostnaður.

12. gr.

Vátryggingaeftirlitið greiðir kostnað vegna umsýslu og vistunar nefndarinnar. Beinan kostnað til nefndarmanna að frádregnu málskotsgjaldi greiða þau vátryggingafélög sem aðild eiga að málum.

Breytingar. Uppsögn. Gildistaka.

13. gr.

Samþykktum þessum skal ekki breytt nema með samþykki allra aðila sem að nefndinni standa. Samþykktir þessar eru uppsegjanlegar með 6 mánaða fyrirvara.

14. gr.

Samþykktir þessar skulu staðfestar af heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, Neytendasamtökunum og Sambandi íslenskra tryggingafélaga og öðlast gildi 15. september 1994. Samþykktirnar skal birta í Stjórnartíðindum.

Reykjavík, 5. september 1994.

Sighvatur Björgvinsson.
F.h. heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins.

Jóhannes Gunnarsson.
F.h. Neytendasamtakanna.

Axel Gíslason.
F.h. Sambands ísl. tryggingafélaga.

STJÓRNARTÍÐINDI B 68 – 1994

18. ágúst 1994 1523 Nr. 486

SAMÞYKKT

um stjórn og fundarsköp Þórshafnarhrepps.

I. KAFLI
Um skipan hreppsnefndar og verkefni hennar.

1. gr.

Hreppsnefnd Þórshafnarhrepps er skipuð fimm hreppsnefndarnönnum kjörnum skv. III. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, sbr.10. og 11. gr. sömu laga.

2. gr.

Starfstímabil hreppsnefndar hefst fimmtán dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Hreppsnefnd fer með stjórn Þórshafnarhrepps skv. ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer hreppsnefnd með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum hreppsins, að svo miklu leyti sem hún hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

4. gr.

Hreppsnefnd skal gæta hagsmuna hreppsins og vera í fyrirsvari fyrir hann og vinna að sameiginlegum velferðarmálum hreppsbúa.

5. gr.

Hreppsnefnd annast þau verkefni, sem henni eru falin að lögum, í reglugerðum og samþykktum.

Þá getur hreppsnefnd ákveðið, að hreppurinn taki að sér verkefni, sem varðar íbúa hreppsins sérstaklega, enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

6. gr.

Verkefni hreppsnefndar Þórshafnarhrepps eru m.a.:

1. Að kjósa oddvita og varaoddvita hreppsnefndar, nefndir, ráð og stjórnir skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga, sbr. og V. kafla samþykktar þessarar, og skoðunarmenn til að annast endurskoðun ársreikninga hreppsins og fyrirtækja hans skv. VIII. kafla sveitarstjórnarlaga.
2. Að ráða sveitarstjóra og aðra fasta starfsmenn hreppsins, stofnana hans og fyrirtækja, skv. VII. kafla sveitarstjórnarlaga sbr. og VI. kafla þessarar samþykktar.
3. Að setja samþykktir og gjaldskrár, eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.

Steindórsprent Gutenberg hf.

4. Að stjórna fjármálum hreppsins, stofnana hans og fyrirtækja, skv. VIII. kafla sveitarstjórnarlaga sbr. og II. kafla þessarar samþykktar.
5. Að ákvarða stjórnkerfi og verkefni hreppsins þar sem ákvæðum laga og reglugerða sleppir, sbr. 6. gr. sveitarstjórnarlaga.

II. KAFLI
Um fjármálastjórn hreppsins.

7. gr.

Á fyrsta ári hvers kjörtímabils skal hreppsnefnd semja þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál hreppsins, og skal þessi áætlun vera til leiðbeiningar við gerð árlegrar fjárhagsáætlunar hans. Áætlunina skal endurskoða árlega í tengslum við afgreiðslu fjárhagsáætlunarinnar og skal þá framlengja hana um eitt ár.

8. gr.

Hreppsnefnd skal afgreiða fjárhagsáætlun sveitarsjóðs, fyrirtækja hans og stofnana fyrir lok janúarmánaðar ár hvert að undangengnum tveimur umræðum í hreppsnefnd, sbr. 24. gr. samþykktar þessarar.

Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun skv. 1. mgr. skal hreppsnefnd sækja skriflega um frest til félagsmálaráðuneytisins og tilgreina ástæður fyrir umsókninni.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreikninga hreppsins, og skal greint á milli rekstraráætlunar, fjárfestingaráætlunar og áætlunar um fjármagnshreyfingar.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur hreppsnefnd ákvarðanir um nýtingu tekjustofna sveitarsjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár, ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármagns á fjárhagsárinu, bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af veltufjárstöðu sveitarsjóðs í byrjun fjárhagsárs og áætla fyrir þeim breytingum, sem nauðsynlegt er talið að gera á veltufjárstöðunni.

9. gr.

Fjárhagsáætlun skv. 8. gr. skal vera meginregla um fjármálastjórn hreppsins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr hreppssjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöldin séu lögbundin, samningsbundin eða samþykkt af hreppsnefnd.

Samþykki hreppsnefnd fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar, skal hún jafnframt taka ákvörðun um, hvernig afla skuli fjár til þeirra útgjalda, s.s. með lækkun annarra útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé.

10. gr.

Hafi forsendur fyrir gerð fjárhagsáætlunar breyst verulega, s.s. ef verðlagsbreytingar hafa orðið verulega meiri en ráð var fyrir gert, er hreppsnefnd heimilt að endurskoða fjárhagsætlunina. Slíkar breytingar afgreiðir hreppsnefnd við eina umræðu, enda hafi breytingartillögurnar verið kynntar hreppsnefndarmönnum bréflega í tæka tíð.

11. gr.

Hreppsnefnd skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga sveitarsjóðs, fyrirtækja hans og stofnana eigi síðar en í júnílok ár hvert skv. 88. gr. sveitarstjórnarlaga, sbr. 82. og 83. gr. sömu laga. Eintak af ársreikningum skal senda Hagstofu Íslands og félagsmálaráðuneytinu fyrir 31. júlí ár hvert. Viðurlög skv. 2. mgr. 88. gr. sveitarstjórnarlaga liggja við vanrækslu hreppsnefndar á afgreiðslu og skilum ársreikninga.

III. KAFLI
Um fundarsköp hreppsnefndar.

12. gr.

Hreppsnefnd heldur reglulega fundi einu sinni í mánuði, þriðja fimmtudag hvers mánaðar. Skulu fundirnir að jafnaði hefjast kl. 20.00. Heimilt er að fella niður fundi í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

Aukafundi skal halda í hreppsnefnd eftir því sem þörf krefur að mati oddvita og sveitarstjóra og skylt er að halda aukafund í hreppsnefnd ef a.m.k. þriðjungur hreppsnefndarmanna krefst þess.

13. gr.

Aldursforseti nýkjörinnar hreppsnefndar kveður nefndina saman til fyrsta fundar að afloknum hreppsnefndarkosningum, eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, sbr. 2. gr. samþykktar þessarar, þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag.

Aldursforseti getur falið starfandi sveitarstjóra að boða fyrsta fund nýkjörinnar hreppsnefndar.

14. gr.

Sveitarstjóri, sbr. þó 13. gr. samþykktar þessarar, boðar hreppsnefndarfundi í samráði við oddvita og ákveður jafnframt fundarstað, hafi hreppsnefnd ekki gert það.

Hreppsbúum skal kunngert með auglýsingu, hvar og hvenær hreppsnefndarfundir eru haldnir.

15. gr.

Sveitarstjóri semur dagskrá hreppsnefndarfundar og skal á hana taka:

1. Lögákveðnar kosningar, s.s. kosningar oddvita hreppsnefndar, kosningar nefnda, ráða og stjórna. Einnig kosningar eða ráðningar sveitarstjóra og annarra starfsmanna hreppsins, sbr. þó VI. kafla samþykktar þessarar.
2. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna á vegum hreppsins, ef og að svo miklu leyti sem hreppsnefnd þarf að samþykkja ályktanir sem í þeim felast, sbr. 55. gr. samþykktar þessarar.
3. Önnur mál, sem falla undir verksvið hreppsnefndar og sveitarstjóri ákveður að taka á dagskrá, eða einhver hreppsnefndarmanna óskar, að tekin verði á dagskrá. Hreppsnefndarmaður sem óskar eftir að fá mál tekið á dagskrá hreppsnefndarfundar, skal tilkynna það sveitarstjóra skriflega með tillögu eða fyrirspurn a.m.k. þremur sólarhringum fyrir reglulegan fund, sbr. 1. mgr. 12. gr. samþykktar þessarar.

Dagskrá hreppsnefndarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna, sem sveitarstjóri telur nauðsynleg. Dagskrá skal jafnframt fylgja afrit fundargerðar síðasta hreppsnefndarfundar.

16. gr.

Sveitarstjóri skal í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir reglulegan hreppsnefndarfund hafa boðað hreppsnefndarmenn bréflega á hreppsnefndarfund og sent þeim dagskrá ásamt fylgigögnum.

17. gr.

Sveitarstjóri skal boða hreppsnefndarmenn bréflega til aukafundar í hreppsnefnd a.m.k. sólarhring fyrir fund og senda þeim dagskrá fundarins ásamt fylgigögnum.

18. gr.

Aldursforseti setur fyrsta fund nýkjörinnar hreppsnefndar og stýrir honum, uns oddviti hreppsnefndar hefur verið kjörinn.

Oddviti hreppsnefndar skal kjörinn til fjögurra ára og er sá rétt kjörinn oddviti sem fengið hefur atkvæði meirihluta hreppsnefndarmanna. Verði þeim atkvæðafjölda eigi náð, skal kjósa að nýju um þá tvo, sem flest atkvæði fengu. Hafi þrír eða fleiri hreppsnefndarmenn fengið jafnmörg atkvæði, skal varpa hlutkesti, um hverja tvo skuli kjósa. Verður sá rétt kjörinn oddiviti hreppsnefndar, sem fleiri atkvæði fær. Verði atkvæði jöfn, skal hlutkesti ráða kosningu.

Oddviti stjórnar kjöri varaoddvita hreppsnefndar, og skal sömu aðferð beitt við kosningu hans, sbr. næstu málsgrein hér að framan. Varaoddviti skal kjörinn til jafnlangs tíma og oddviti.

Sé hvorki oddviti né varaoddviti á fundi, gegnir aldursforseti oddvitastörfum, nema hreppsnefnd ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Ef oddviti deyr eða verður varanlega forfallaður frá oddvitastörfum, skal kjósa oddvita í hans stað til loka kjörtímabils oddvita.

19. gr.

Hreppsnefnd getur kosið skrifara og varaskrifara úr hópi hreppsnefndarmanna til fjögurra ára í senn á sama fundi og oddvitakosning fer fram. Skrifarar skulu kosnir hlutfallskosningu. Skrifarar skulu telja saman atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í hreppsnefnd.

20. gr.

Hreppsnefndarfundur skal haldinn í húsnæði sem fullnægir ákvæðum byggingarlaga og byggingarreglugerðar um aðgang fatlaðs fólks.

Hreppsnefndarfund skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim, eftir því sem húsrúm leyfir.

Hreppsnefnd getur ákveðið, að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum, s.s. viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál, sem æskilegt er vegna hagsmuna hreppsins, að rædd verði fyrir luktum dyrum. Jafnframt getur hreppsnefnd ákveðið, að hreppsnefndarfundur, þar sem eingöngu er fjallað um slík mál, verði haldinn fyrir luktum dyrum. Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í hreppsnefnd.

Óheimilt er að skýra frá því, sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í hreppsnefnd.

21. gr.

Hreppsnefndarfundur er lögmætur, ef meira en helmingur hreppsnefndarmanna er á fundi. Hreppsnefnd getur enga bindandi ályktun gert, nema fundur sé lögmætur.

22. gr.

Oddviti hreppsnefndar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans og stjórnar umræðum og afgreiðslu mála, sér um að fundargerðir séu færðar og slítur fundi, þegar dagskrá hans er tæmd. Oddviti úrskurðar um skilning á fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar hreppsnefndar. Oddviti sér um, að allt fari skipulega og löglega fram á hreppsnefndarfundum og er hreppsnefndarmönnum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Raski áheyrandi fundarfriði, getur oddviti vísað honum úr fundarsal. Leyfi oddvita þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á hreppsnefndarfundum.

23. gr.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í hreppsnefnd í þeirri röð, sem þau eru á dagskrá, nema oddviti eða hreppsnefnd ákveði annað.

Heimilt er að taka til meðferðar á hreppsnefndarfundi mál, sem ekki hefur verið á dagskrá ef 2/3 viðstaddra hreppsnefndarmanna samþykkja slíkt afbrigði.

24. gr.

Hreppsnefnd afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlun hreppsins.
2. Ársreikninga hreppsins, fyrirtækja hans og stofnana.
3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár, sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4. Áætlanir fyrir hreppinn, sem gilda eiga til lengri tíma, s.s. þriggja ára áætlanir og skipulagsáætlanir.
5. Beiðni um fjárhagsaðstoð skv. 90. gr. sveitarstjórnarlaga.

25. gr.

Hreppsnefndarmanni er skylt að sækja hreppsnefndarfundi nema lögmæt forföll hamli svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi. Sé hreppsnefndarmaður forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til sveitarstjóra sem boðar þá varamann á fund skv. 2. mgr. 32. gr. sveitarstjórnarlaga. Hreppsnefndarmanni, sem forfallast um stundarsakir er heimilt að ákveða, hver varamanna hans skuli taka sæti á hreppsnefndarfundi ella tekur varamaður sæti samkvæmt ákvæðum 1. og 2. mgr. 35. gr. sveitarstjórnarlaga.

Sveitarstjóri skal sitja fundi hreppsnefndar með málfrelsi og tillögurétt, en ekki hefur hann atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn hreppsnefndarmaður.

Hreppsnefnd getur heimilað að maður utan hreppsnefndar kveðji sér hljóðs á hreppsnefndarfundi.

26. gr.

Hreppsnefndarmanni ber að víkja sæti við umræður og afgreiðslu máls þegar það varðar hann sjálfan, skyldmenni eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti af því. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Hreppsnefnd sker umræðulaust úr hvort mál er svo vaxið. Hreppsnefndarmaður, sem hlut á að máli, má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt. Hreppsnefndarmanni, sem veit hæfi sitt orka tvímælis, ber að skýra oddvita hreppsnefndar frá því.

Hreppsnefndarmaður, sem vanhæfur er við úrlausn máls, skal yfirgefa fundarsal hreppsnefndar við umræðu og afgreiðslu þess.

27. gr.

Hreppsnefndarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum hreppsnefndar. Hreppsnefndarmaður, sem taka vill til máls, skal óska heimildar oddvita. Að jafnaði skulu hreppsnefndarmenn taka til máls í þeirri röð, sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu, ef um er að ræða sveitarstjóra, framsögumann í máli eða hreppsnefndarmann, sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri hreppsnefndarmenn kvatt sér hljóðs samtímis, ákveður oddviti, í hvaða röð þeir skuli tala.

28. gr.

Hreppsnefndarmaður skal beina máli sínu til oddvita. Þegar til umræðu er fundargerð nefndar, ráðs eða stjórnar skal hreppsnefndarmaður taka fram, hvaða lið/liði fundargerðarinnar hann óskar að ræða.

Hreppsnefndarmaður má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó hreppsnefndarmanni að taka oftar til máls, til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd við fundarsköp. Sveitarstjóri, framsögumaður eða flutningsmaður tillögu mega þó tala oftar en tvisvar við hverja umræðu máls.

Ekki má hreppsnefndarmaður lesa upp prentað mál við umræður í hreppsnefnd nema með leyfi oddvita.

29. gr.

Beri hreppsnefndarmaður aðra menn brigslum, skal oddviti víta hann. Oddviti getur lagt til við hreppsnefnd, að hreppsnefndarmaður, sem víttur hefur verið tvisvar á sama fundi, verður sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hlýðnist hreppsnefndarmaður ekki úrskurði oddvita eða hreppsnefndar eða ef óregla kemur upp á fundi, skal oddviti gera fundarhlé, fresta eða slíta fundi, ef nauðsyn krefur.

30. gr.

Telji oddviti umræður dragast úr hófi fram, getur hann lagt fram dagskrártillögu um, að ræðutími hvers hreppsnefndarmanns verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver hreppsnefndarmaður getur og borið fram slíkar tillögur. Hreppsnefnd afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo, að hún standi skemur en tvær klukkustundir, ef einhver hreppsnefndarmaður kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.

31. gr.

Hreppsnefndarmaður getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál, sem til umræður er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar, ef oddviti óskar. Oddviti ákveður, í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu.

32. gr.

Mál er afgreitt í hreppsnefnd með því að samþykkja það eða fella, vísa því frá hreppsnefnd eða vísa því til afgreiðslu nefndar, ráðs eða stjórnar, oddvita eða sveitarstjóra. Máli, sem hreppsnefnd ber að lögum að afgreiða, verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra.

Þá er hreppsnefnd heimilt að fresta afgreiðslu máls, nema um sé að ræða mál, sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

33. gr.

Atkvæðagreiðsla á hreppsnefndarfundi fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Oddviti biður þá hreppsnefndarmenn sem samþykkja mál, eða rétta upp hægri hönd sína. Að því búnu leitar oddviti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir oddviti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið, að oddviti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það, skýrir hann frá því, að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Oddviti getur ákveðið, að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber oddvita að láta fara fram nafnakall, ef a.m.k. þriðjungur hreppsnefndarmanna óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá hreppsnefndarmanna í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti, hvaða hreppsnefndarmaður greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal oddviti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar hreppsnefndarmaður, þegar oddviti les upp nafn hans, já eða nei efti því hvort hann er með máli eða móti eða tekur fram, að hann greiði ekki atkvæði, en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu, ef hreppsnefndarmaður óskar og hreppsnefnd samþykkir.

Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar.

34. gr.

Við atkvæðagreiðslu ræður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum máls nema öðruvísi sé ákveðið í lögum. Verði atkvæði jöfn með máli og móti, fellur það.

Kosningar, sem fram fara í hreppsnefnd, skulu vera hlutfallskosningar skv. d'Hondts reglu sbr. 16. og 17. gr. sveitarstjórnarlaga.

Þegar kjósa skal einn fulltrúa eða ráða starfsmann úr hópi margra, sem tillögur hafa komið fram um, skal kosning fara fram með sama hætti og kosning oddvita hreppsnefndar sbr. 2. mgr. 18. gr. þessarar samþykktar.

35. gr.

Hreppsnefnd getur ráðið sérstakan fundarritara utan hreppsnefndar til að annast ritun fundargerða í gerðabók hreppsnefndar. Í fundargerð skal getið, hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji hann. Skrá skal þau mál, sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvaða afgreiðslu þau fá. Sé mál ekki afgreitt samhljóða, skal greina í fundargerð, hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda, nægir að skrá í fundargerð hreppsnefndar, um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda tölusiða.

Mál, sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi, sbr. 3. mgr. 20. gr. samþykktar þessarar, skal skrá sem trúnaðarmál.

Hreppsnefndarmaður á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til máls, sem til meðferðar er í hreppsnefnd. Oddviti skal hafa eftirlit með því að fundargerðir séu skipulega og rétt færðar.

Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og skulu allir viðstaddir hreppsnefndarmenn undirrita hana, nema hreppsnefnd ákveði annað.

Hreppsnefndarmaður, sem vill gera athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð, getur undirritað hana með fyrirvara um það atriði.

Hreppsnefnd getur ákveðið, að umræður á hreppsnefndarfundum skuli hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti. Verði það ákveðið, skal hreppsnefnd setja um það nánari reglur.

IV. KAFLI
Um réttindi og skyldur hreppsnefndarmanns.

36. gr.

Hreppsnefndarmaður á rétt á að fá mál skv. 4. og 5. gr. samþykktar þessarar tekið á dagskrá hreppsnefndarfundar, enda tilkynni hann það sveitarstjóra skriflega a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

37. gr.

Hreppsnefndarmanni er bæði rétt og skylt að sækja fundi hreppsnefndar nema lögmæt forföll hamli sbr. 25. gr. samþykktar þessarar. Hreppsnefndarmaður er skyldur til að taka

að sér þau störf, sem hreppsnefnd felur honum og varða verkefni hreppsnefndar, s.s. oddvitastörf og störf í nefndum og ráðum á vegum hreppsins. Þó getur sá sem verið hefur oddviti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í nefnd eða ráði sama tímabil, skorast undan kosningu í jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

38. gr.

Nú telur hreppsnefndarmaður sig ekki geta gegnt skyldum sínum í hreppsnefnd án óhæfilegs álags og getur hreppsnefnd þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 25. gr. samþykktar þessarar.

39. gr.

Hreppsnefndarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum hreppsnefndar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

Hreppsnefndarmanni er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál, sem hreppsnefnd er að lögum skylt að afgreiða, s.s. fjárhagsáætlun, ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir, getur oddviti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu, ef minna en helmingur hreppsnefndarmanna tekur þátt í henni.

40. gr.

Hreppsnefndarmanni ber að gegna störfum sínum í hreppsnefnd af alúð og samviskusemi og gæta hagsmuna hreppsins, en í störfum sínum er hreppsnefndarmaður einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

41. gr.

Hreppsnefndarmaður á aðgang að bókum og skjölum hreppsins og einnig að stofnunum og fyrirtækjum hans á venjulegum afgreiðslutíma til upplýsingaöflunar vegna starfa sinna.

42. gr.

Hreppsnefndarmaður skal gæta þagnarskyldu um það, sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- og almannahagsmuna samkvæmt lögum, eðli máls eða sérstakri ákvörðun hreppsnefndar.

43. gr.

Hreppsnefndarmanni ber að víkja sæti við umræður og afgreiðslu máls, þegar það varðar hann sjálfan, skyldmenni eða nána venslamenn hans svo mjög, að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju eða öllu leyti þar af. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Hreppsnefnd sker umræðulaust úr, hvort mál er svo stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Hreppsnefnd sker umræðulaust úr, hvort mál er svo vaxið. Hreppsnefndarmaður, sem hlut á að máli, má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt. Hreppsnefndarmanni, sem veit hæfi sitt orka tvímælis, ber að vekja athygli oddvita hreppsnefndar á því. Hreppsnefndarmaður, sem vanhæfur er við úrlausn máls, skal yfirgefa fundarsal hreppsnefndar við umræður um málið og afgreiðslu þess.

44. gr.

Hreppsnefndarmaður skal fá þóknun fyrir störf sín í hreppsnefnd. Takist hreppsnefndarmaður á hendur ferð á vegum hreppsins skv. ákvörðun hreppsnefndar á hann rétt á greiðslu ferða- og dvalarkostnaðar.

45. gr.

Haga skal fundum hreppsnefndar þannig, að hreppsnefndarmaður eigi möguleika á að taka sér orlof árlega sbr. 12. gr. samþykktar þessarar.

46. gr.

Geti hreppsnefndarmaður ekki sótt hreppsnefndarfund/fundi vegna veikinda eða af öðrum ástæðum tekur varamaður sæti hans meðan þannig hagar til, samkvæmt 25. gr. samþykktar þessarar

47. gr.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur hreppsnefndarmanna gilda einnig um varamenn, sem sitja hreppsnefndarfundi.

V. KAFLI
Nefndir, ráð og stjórnir.

48. gr.

Hreppsnefnd kýs fulltrúa í nefndir, ráð og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar, bundnar hlutfallskosningar, ef einhver hreppsnefndarmaður óskar þess. Forstöðumenn og stjórnendur fyrirtækja og stofnana hreppsins eru ekki kjörgengir í stjórn þeirra stofnana sem þeir starfa hjá.

49. gr.

Oddviti hreppsnefndar boðar nefndir saman til fyrsta fundar eða ákveður, hver skuli gera það. Á þeim fundi skal kjósa varaformann og ritara nefndar. Hreppsnefnd kýs formenn nefnda, nema lög kveði á um annað. Formaður nefndar boðar eða lætur boða fundi í nefnd með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara.

50. gr.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir, skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Þegar aðalmaður í nefnd flyst burt úr hreppnum, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega, tekur varamaður hans sæti nema hreppsnefnd ákveði að kjósa aðalmann að nýju.

51. gr.

Nefndarfundur skal haldinn fyrir luktum dyrum. Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn hreppsins. Enn fremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

52. gr.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði III. og IV. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnum hreppsins, eftir því sem við á.

53. gr.

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum hreppsins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum hreppsnefndar. Hreppsnefnd getur falið nefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið hreppsnefnd til ákvörðunar.

54. gr.

Nefndir, ráð og stjórnir hreppsins skulu halda gerðabækur. Kjörinn ritari nefndar skal færa fundargerð í gerðabók. Nefnd getur þó ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndar. Í fundargerð skal skrá, hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji hann. Þá skal skrá í fundargerð einstök mál, sem tekin eru fyrir á fundi, dagsetningu þeirra, nöfn aðila, meginefni og hvaða afgreiðslu þau hljóta. Í fundarlok skal fundargerð lesin upp og allir viðstaddir nefndarmenn undirrita hana.

55. gr.

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna hreppsins skulu að jafnaði teknar á dagskrá hreppsnefndar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundi. Ályktun nefndar, ráðs eða stjórnar sem hefur í för með sér útgjöld, skal ætíð lögð fyrir hreppsnefnd til endanlegrar afgreiðslu.

56. gr.

Hreppsnefnd kýs í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir:

A. **Til eins árs.** Á fundi í júní ár hvert:

1. *Skoðunarmenn.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 84. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
2. *Undirkjörstjórn við alþingiskosningar.* Tveir aðalmenn (hreppstjóri er sjálfkjörinn formaður) og þrír til vara skv. 10. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 80/1987. Kjörstjórnin stýri einnig kosningum til sveitarstjórnar sbr. 23. gr. sveitarstjórnarlaga.

B. **Til fjögurra ára.** Á fyrsta eða öðrum reglulegum fundi nýkjörinnar sveitarstjórnar:

1. *Fulltrúa á Landsþingi Sambands Ísl. sveitarfélaga.* Einn aðalmaður og annar til vara skv. 4. gr. laga Sambands ísl. sveitarfélaga.
2. *Fulltrúa á aðalfund Eyþings.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. gr. 4.1. í lögum Eyþings – sambands sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum.
3. *Fulltrúa í héraðsnefnd Norður-Þingeyinga.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. samþykkta héraðsnefndar Norður-Þingeyinga.
4. *Almannavarnanefnd.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 8. gr. laga um almannavarnir nr. 94/1962, sbr. 5. gr. laga nr. 85/1985. Svalbarðshreppur tilnefnir einn fulltrúa og þá sitja í nefndinni slökkviliðsstjóri, heilsugæslulæknir, lögregluvarðstjóri og byggingarfulltrúi, eða staðgengill hans.
5. *Byggingarnefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. byggingarlaga nr. 54/1978. Nefndin gegni jafnframt störfum skipulagsnefndar skv. skipulagsreglugerð nr. 318/1985 og umferðarnefndar skv. heimild í 2. mgr. 116. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.
6. *Félagsmálaráð.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Félagsmálaráð starfar skv. 11. gr. laga nr. 40/1991 og fer einnig með verkefni áfengisvarnanefndar skv. lögum nr. 82/1969, sbr. 50. gr. laga nr. 40/1991.
7. *Hafnarstjórn.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 9. gr. hafnalaga nr. 23/1994, sbr. 2. gr. hafnarreglugerðar fyrir Þórshafnarhöfn nr. 306/1986.
8. *Húsnæðisnefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 40. gr. laga um Húsnæðisstofnun ríkisins nr. 97/1993. Nefndin fer jafnframt með framkvæmd húsaleigumála skv. lögum um húsaleigusamninga nr. 44/1979. Verkalýðsfélag Þórshafnar tilnefnir tvo fulltrúa í nefndina.

9. *Skólanefnd grunnskóla og tónlistarskóla.* Fjórir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 19. gr. laga um grunnskóla nr. 49/1991. Nefndin fer einnig með málefni tónlistarskóla sbr. 2. gr. laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985, sbr. einnig 58. gr. sveitarstjórnarlaga. Svalbarðshreppur skipar einn mann í nefndina.
10. *Skólanefnd leikskóla.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 9. gr. laga um leikskóla nr. 78/1994.
11. *Bókasafnsnefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara sbr. 7. gr. laga um almenningsbókasöfn nr. 50/1976.
12. *Öldrunarnefnd.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 5. gr. laga um málefni aldraðra nr. 82/1989. Svalbarðshreppur tilnefnir einn fulltrúa og tveir skulu tilnefndir af stjórn Heilsugæslustöðvarinnar á Þórshöfn.
13. *Stjórn Heilsugæslustöðvarinnar á Þórshöfn.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 21. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990. Svalbarðshreppur tilnefnir einn fulltrúa, starfslið stöðvarinnar einn og einn skipar ráðherra án tilnefningar.
14. *Fjallskila- og riðunefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 2. og 3. gr. laga um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986 og reglugerð um varnir gegn útbreiðslu riðuveiki og bætur vegna niðurskurðar nr. 399/1993, sbr. einnig fjallskilasamþykkt fyrir Norður-Þingeyjarsýslu nr. 208/1974 og 209/1974.
15. *Heilbrigðisnefnd.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit nr. 81/1988. Svalbarðshreppur skipar einn mann í nefndina.
16. *Umhverfisnefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin vinnur að almennum umhverfismálum og umhverfisvernd í sveitarfélaginu skv. sérstöku erindisbréfi hreppsnefndar.
17. *Íþrótta- og tómstundaráð.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Íþrótta- og tómstundaráð fer með yfirstjórn málaflokksins í umboði sveitarstjórnar, þ.m.t. umsjón með þeim mannvirkjum sem honum tilheyrir skv. sérstöku erindisbréfi hreppsnefndar.
18. *Búfjáreftirlitsmaður.* Einn og annar til vara skv. 9. gr. laga um búfjárhald nr. 46/1991.

C. **Til sex ára.**

1. *Úttektarmaður.* Einn aðalmaður og tveir til vara skv. 39. gr. ábúðarlaga nr. 64/1976.

57. gr.

Hreppsnefnd getur kosið nefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður þegar liðin eru fjögur ár frá því nefndin var kosin og fyrr ef verkefni nefndar er lokið. Hreppsnefnd getur þó afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.

VI. KAFLI
Um framkvæmdastjórn og starfslið hreppsins.

58. gr.

Hreppsnefnd ræður sveitarstjóra. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við sveitarstjóra þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma hans, og kaup og kjör. Ráðningarsamningur skal staðfestur af hreppsnefnd.

59. gr.

Sveitarstjóri er framkvæmdastjóri hreppsins. Hann undirbýr fundi hreppsnefndar, semur dagskrá og boðar til funda sbr. 13. og 14. gr. samþykktar þessarar. Hann á sæti á fundum hreppsnefndar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt en eigi atkvæðisrétt nema hann

sé kjörinn fulltrúi í hreppsnefnd. Hann hefur og rétt til setu á fundum nefnda hreppsins með sömu réttindum.

Sveitarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana hreppsnefndar og hreppsmálefna að svo miklu leyti sem hreppsnefnd hefur ekki ákveðið annað.

Sveitarstjóri er prókúruhafi hreppssjóðs. Hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna hreppsins, lántökur og aðrar skuldbindingar.

Sveitarstjóri er æðsti yfirmaður starfsliðs hreppsins. Hreppsnefnd ákveður hver gegna skuli störfum sveitarstjóra í forföllum hans.

60. gr.

Sveitarstjóri ræður starfsmenn hreppsins og veitir þeim lausn frá störfum með fyrirvara um staðfestingu hreppsnefndar. Þetta á þó ekki við um lausráðna verkamenn, afleysingamenn og aðra þá starfsmenn sem eigi eru ráðnir með 3 mánaða uppsagnarfresti.

61. gr.

Fastráðnir starfsmenn hreppsins skulu ráðnir til óákveðins tíma með gagnkvæmum 3 mánaða uppsagnarfresti miðað við mánaðamót. Heimilt er þó að ráða starfsmenn tímabundið til reynslu. Þeir hafa réttindi og skyldur opinberra starfsmanna sbr. lög nr. 38/1954 eftir því sem við á.

Gera skal skriflega ráðningarsamninga við fastráðna starfsmenn, þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma og uppsagnarfrest sbr. 1. mgr. svo og starfssvið þeirra. Um kaup og kjör fer eftir ráðningarsamningi og gildandi kjarasamningum.

Fastar stöður skulu auglýstar til umsóknar á opinberum vettvangi, nema hreppsnefnd heimili annað.

62. gr.

Um ráðningu verkamanna, afleysingamanna og annarra starfsmanna sem eigi eru ráðnir með 3 mánaða uppsagnarfresti fer eftir reglum sem hreppsnefnd setur. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarfélaga.

VII. KAFLI
Gildistökuákvæði.

Samþykkt þessari verður ekki breytt nema að undangenginni umræðu á tveimur fundum í hreppsnefnd Þórshafnarhrepps, samþykki einfalds meirihluta atkvæða og staðfestingu félagsmálaráðuneytis.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Þórshafnarhrepps hefur sett samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 7. gr. og 49. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 18. ágúst 1994.

F. h. r.
Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

REGLUR

um tímabundinn tollfrjálsan innflutning ökutækja til sýningar.

Gildissvið.

1. gr.

Með reglum þessum er heimilað að aðilar sem um ræðir í 2. gr. flytji ökutæki án greiðslu aðflutningsgjalda sbr. 1. gr. tollalaga, nr. 55/1987, á athafnasvæði sín og annist þar geymslu þeirra og vörslu. Leyfið er bundið við skráningarskyld ökutæki sem ætluð eru fyrst og fremst til sýningar og kynningar á nýjum ökutækjum.

Ökutæki mega vera í vörslu leyfishafa samkvæmt reglum þessum í allt að sex mánuði en endanleg tollafgreiðsla skal þó fara fram innan árs frá komudegi flutningsfars til landsins.

Leyfishafar.

2. gr.

Leyfi samkvæmt reglum þessum má veita bifreiðaumboðum og öðrum, sem hafa hér á landi umboð fyrir skráningarskyld ökutæki og stunda sölu þeirra í atvinnuskyni.

Umboðsaðilar skulu hafa verslunarleyfi, sbr. lög um verslunaratvinnu nr. 41/1968, með síðari breytingum, og hafa tilkynnt starfsemi sína til Hagstofu Íslands, sbr. lög um fyrirtækjaskrá nr. 62/1969, með síðari breytingum, og til skattstjóra, sbr. 5. gr. laga um virðisaukaskatt nr. 50/1988, með síðari breytingum.

Umsókn um leyfi og leyfisveiting.

3. gr.

Tollstjórar, hver í sínu umdæmi, veita almennt leyfi samkvæmt reglum þessum. Leyfisveiting er háð því skilyrði að viðkomandi sé ekki í vanskilum við ríkissjóð.

Þeir sem óska eftir leyfi skulu sækja um það skriflega til tollstjóra í því tollumdæmi þar sem þeir eiga lögheimili. Í umsókn skal m.a. koma fram hvar ökutækin verði geymd og höfð til sýningar á athafnasvæði umboðsaðila og hvernig vörslu þeirra verði hagað. Tollstjóri getur óskað þeirra upplýsinga frá umsækjanda sem hann telur þörf á vegna afgreiðslu umsóknar.

Sé athafnasvæði umboðsaðila í fleiri tollumdæmum skal tollstjóri sem leyfið veitir hafa samráð við tollstjóra í viðkomandi tollumdæmi.

Telji tollstjóri skilyrði uppfyllt gefur hann út staðfestingu til handa umboðsaðila á því að hann hafi heimild samkvæmt reglum þessum. Getur hann sett sérstök skilyrði fyrir heimildinni, m.a. að tryggð sé örugg varsla ökutækjanna.

Ríkistollstjóra skal sent afrit af leyfum sem tollstjórar veita samkvæmt þessari grein.

Ábyrgðir vegna aðflutningsgjalda.

4. gr.

Ríkissjóði skal sett trygging fyrir lögboðnum aðflutningsgjöldum, dráttarvöxtum og kostnaði vegna ökutækja, sem flutt eru á athafnasvæði leyfishafa til sýningar samkvæmt reglum þessum.

Trygging samkvæmt 1. mgr. skal vera í formi skuldaviðurkenninga sem hér segir:

a. umboðsaðili gefi út skuldaviðurkenningu sem miðist við fjárhæð aðflutningsgjalda viðkomandi ökutækja að viðbættum 25% eða
b. umboðsaðili gefi út almenna skuldaviðurkenningu að tiltekinni fjárhæð er taki til

ökutækja í vörslu umboðsaðila á gildistíma ábyrgðarinnar. Aðflutningsgjöld sem almenn skuldaviðurkenning tekur til mega á hverjum tíma að hámarki nema 80% fjárhæðar ábyrgðar.

Skuldaviðurkenningum samkvæmt 2. mgr. skal fylgja yfirlýsing banka, sparisjóðs eða tryggingar- eða ábyrgðarfélags um að tekin sé skilyrðislaus sjálfskuldarábyrgð á þeim. Víkja má frá kröfu um sjálfskuldarábyrgð, samkvæmt þessari grein að því tilskildu að innflytjandi hafi leyfi til einfaldari tollmeðferðar samkvæmt reglum nr. 510/1990, um einfaldari tollmeðferð á vörum, og hafi haft verslunarleyfi í a.m.k. þrjá mánuði.

Tollmeðferð.

5. gr.

Umboðsaðili skal afhenda tollstjóra aðflutningsskýrslu og önnur tollskjöl um ökutæki áður en hann tekur þau til sýningar, sbr. reglugerð nr. 228/1993, um tollskýrslur og fylgiskjöl þeirra.

Ríkistollstjóri setur nánari fyrirmæli um skýrslugerð og tilkynningar til tollstjóra vegna flutnings ökutækjanna á athafnasvæði umboðsaðila eða vegna ráðstöfunar þeirra að loknum sýningartíma.

Ýmis ákvæði.

6. gr.

Ökutæki sem tekin eru til sýningar skulu fá fullnaðartollafgreiðslu áður en umboðsaðili afhendir þau úr sínum vörslum til ráðstöfunar innanlands eða leyfi til tímabundins tollfrjáls innflutnings fellur úr gildi.

Tollstjóra er heimilt að falla frá innheimtu aðflutningsgjalda af ökutækjum sem reglur þessar taka til ef þau eru endursend eða endurseld til útlanda, enda sé, eftir því sem við getur átt, fullnægt skilyrðum 2. - 3. mgr. 1. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 545/1990, um lækkun, niðurfellingu eða endurgreiðslu aðflutningsgjalda af vörum vegna endursendingar, eyðileggingar, rýrnunar, skemmda, vöntunar eða endursölu til útlanda o.fl.

7. gr.

Umboðsaðili annast flutning ökutækja á sýningarsvæði frá geymslusvæði flutningsaðila eða annarra, sem annast geymslu ótollafgreiddra ökutækja. Frá því að hann veitir ökutækjum viðtöku til flutnings og geymslu ber hann ábyrgð á þeim með sama hætti og gildir um ábyrgð aðila sem annast vörslu ótollafgreiddra vara, sbr. VII. kafla tollalaga nr. 55/1987.

8. gr.

Umboðsaðili skal greiða kostnað við eftirlit sem nauðsynlegt er að mati tollstjóra samkvæmt reglum þessum.

Fyrir tollmeðferð ökutækja samkvæmt reglum þessum skal greiða til viðkomandi tollstjóra sérstakt afgreiðslugjald, 1.000 kr., sem greiðist við fullnaðartollafgreiðslu vöru og rennur í ríkissjóð.

Innflytjandi skal jafnframt greiða allan kostnað sem leiða kann af vinnu tollstarfsmanna við nauðsynlegt tolleftirlit og tollskoðun vegna tollmeðferðar ökutækja samkvæmt reglum þessum.

9. gr.

Tollstjóri getur án fyrirvara svipt umboðsaðila leyfi samkvæmt 3. gr. ef hann vanefnir skyldur sínar samkvæmt reglum þessum, fullnægir ekki lengur skilyrðum reglnanna, er í vanskilum við ríkissjóð eða hefur af öðrum ástæðum fyrirgert rétti til leyfis að mati tollstjóra. Ákvörðun tollstjóra um sviptingu leyfis skal vera rökstudd.

10. gr.

Framkvæmd samkvæmt reglum þessum fer að öðru leyti eftir ákvæðum tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, svo og reglugerðum og öðrum fyrimælum settum samkvæmt þeim.

11. gr.

Misnotkun leyfis sem veitt hefur verið samkvæmt reglum þessum getur m.a. varðað við XIV. kafla tollalaga nr. 55/1987.

Um meðferð mála vegna brota á reglum þessum fer að hætti opinberra mála.

12. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 4. tl. 1. mgr. 6. gr. og 148. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, til að öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 29. ágúst 1994.

F. h r.
Jón H. Steingrímsson.

Jóhann Baldursson.

29. ágúst 1994 Nr. 488

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um holræsi fyrir Eyrarbakkahrepp nr. 351/1975.

1. gr.

12. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Innheimta skal holræsagjald af öllum fasteignum í lögsagnarumdæmi Eyrarbakkahrepps, sem standa við götu eða opið svæði, þar sem holræsi hefur verið lagt, samkvæmt 13. gr. þessarar reglugerðar. Upphæð holræsagjaldsins miðast við heildarfasteignamat viðkomandi fasteignar innan marka, sem ákveðst miðað við rúmmál húsa á lóð.

Undanþága frá gjaldskyldu hins almenna fasteignaskatts skapar ekki undanþágu frá greiðslu holræsagjalds.

Greiða skal holræsagjald af húsum og öðrum mannvirkjum, sem eru í byggingu og því eigi virt til fasteignamats, eftir ákvörðun hreppsnefndar.

Gjalddagi holræsagjalds er hinn sami og gjalddagi fasteignaskatts.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Eyrarbakkahrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15/1923 til þess að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 29. ágúst 1994.

F. h r.
Berglind Ásgeirsdóttir.

Sesselja Árnadóttir.

REGLUGERÐ

um innheimtu og ráðstöfun á verðskerðingargjöldum af kindakjöti á verðlagsárinu 1994-1995.

1. gr.

Til að leiðrétta birgðastöðu kindakjöts 1. september 1994, skal á tímabilinu 1. september 1994 - 31. maí 1995 innheimta verðskerðingargjöld af öllu kindakjöti sem til fellur í sláturhúsum innan efri marka greiðslumarks, þó ekki af heimteknu kjöti innan heimtökugreiðslumarks.

a) Innheimta skal 5% af verði kindakjöts til framleiðanda, eins og það er skráð í verðlagsgrundvelli sauðfjárafurða.
b) Innheimta skal verðskerðingargjald af afurðarstöðvum, sem nemur 3% af slátur- og heildsölukostnaði kindakjöts, eins og hann er ákveðinn af fimmmannanefnd.

2. gr.

Afurðastöðvum er skylt að standa Framleiðsluráði skil á skýrslum um alla slátrun sauðfjár og ráðstöfun kjötsins hvort sem er til innleggs, heimtöku eða annars. Framleiðsluráð landbúnaðarins reiknar verðskerðingargjöldin samkvæmt skýrslum afurðastöðvanna. Afurðastöð skal innheimta þau gjöld sem hverjum framleiðanda er skylt að greiða.

3. gr.

Verðskerðingargjöldin greiðast af afurðastöðvum. Gjalddagi verðskerðingargjalds samkvæmt a-lið 1. gr. skal vera 25. hvers mánaðar vegna næstliðins framleiðslumánaðar, fyrst 25. nóvember 1994 vegna framleiðslu í september og október. Verðskerðingargjald skv. b-lið 1. gr. greiðist með þremur jöfnum greiðslum, 25. nóvember, 25. febrúar og 25. maí 1995. Séu gjöldin ekki greidd innan mánaðar frá gjalddaga skal innheimta dráttarvexti af því sem gjaldfallið er. Dráttarvextir skulu reiknast hinir sömu og hjá innlánsstofnunum, skv. ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma.

4. gr.

Ef gögn um viðskipti með gjaldskyldar afurðir þykja að mati Framleiðsluráðs ófullnægjandi eða gjaldskyldur aðili skilar ekki skýrslum skv. 2. gr. skal Framleiðsluráð skora á viðkomandi aðila að bæta úr því innan ákveðins tíma og láta í té skriflegar skýringar og gögn. Fái Framleiðsluráð fullnægjandi skýringar og gögn innan tiltekins tíma skal gjaldið ákvarðað og innheimt í samræmi við þau.

Berist svar við áskorun skv. 1. mgr. ekki innan tiltekins tíma eða ef skýringar eða gögn eru ófullnægjandi, er Framleiðsluráði heimilt að áætla gjaldið og innheimta það skv. þeirri áætlun. Senda skal skriflega tilkynningu til greiðanda gjaldsins um áætlunina. Telji greiðandi áætlunina ranga, getur hann innan 20 daga frá og með póstsendingardegi tilkynningar um áætlun gjaldsins krafist þess skriflega að Framleiðsluráð taki áætlunina til endurskoðunar. Skal sú krafa rökstudd með söluskrám eða öðrum nauðsynlegum gögnum. Framleiðsluráð skal innan eins mánaðar frá lokum þessa frests gera greiðanda skriflega grein fyrir afgreiðslu á kröfu hans. Heimilt er greiðanda að skjóta lokaafgreiðslu Framleiðsluráðs til landbúnaðarráðherra og skal skrifleg og rökstudd beiðni þar um hafa borist ráðherra innan 30 daga frá póstlagningu lokaafgreiðslu.

Beiðni um endurskoðun á áætlun gjaldsins eða deila um gjaldskyldu frestar ekki eindaga né leysir undan neinum viðurlögum, sem lögð eru við vangreiðslu þeirra. Ef gjaldið er lækkað samkvæmt afgreiðslu Framleiðsluráðs eða úrskurði ráðherra skal endurgreiðsla þegar fara fram.

5. gr.

Skylt er Framleiðsluráði að halda innheimtum verðskerðingargjöldum sérgreindum og skal gjöldunum varið til markaðsaðgerða fyrir kindakjöt, bæði hér á landi og erlendis. Framleiðsluráð skal fyrir 1. desember 1994 gera áætlun um tekjur af innheimtu verðskerðingargjalds á gildistíma reglugerðarinnar og ráðstöfun þess. Jafnframt skal Framleiðsluráð endurskoða álagningarþörf verðskerðingargjalds og skal því lokið fyrir 1. ágúst 1995. Hvers konar ráðstöfun á tekjum af verðskerðingargjaldi skal vera háð samþykki landbúnaðarráðherra.

6. gr.

Reglugerð þessi er samkvæmt heimild í 20. og 21. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, og öðlast þegar gildi og gildir til 1. september 1995.

Landbúnaðarráðuneytið, 31. ágúst 1994.

Halldór Blöndal.

Jón Höskuldsson.

29. ágúst 1994 Nr. 490

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 597/1993 um skilgreiningu, lýsingu og kynningu á tilteknum áfengum drykkjum.

1. gr.

1. gr. orðist svo:

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í XXVII. kafla II. viðauka, skulu öðlast gildi með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af II. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans.

2. gr.

2. gr. orðist svo:

Eftirtaldar EBE-reglugerðir öðlast því gildi, sbr. 1. gr.:

1. Reglugerð ráðsins nr. 1576/89/EBE frá 29. maí 1989 um almennar reglur varðandi skilgreiningu, lýsingu og kynningu á brenndum drykkjum eins og hún er leiðrétt í Stjtíð. EB nr. L 223, 2. ágúst 1989, bls. 27 og eins og henni var breytt með reglugerð nr. 3280/92 frá 9. nóvember 1992.

2. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 1014/90/EBE frá 24. apríl 1990 um ítarlegar framkvæmdareglur varðandi skilgreiningu, lýsingu og kynningu á brenndum drykkjum eins og henni var breytt með reglugerð nr. 1180/91 frá 6. maí 1991, reglugerð nr. 1781/91 frá 19. júní 1991 og reglugerð nr. 3458/92 frá 30. nóvember 1992.

3. Reglugerð ráðsins nr. 1601/91/EBE frá 10. júní 1991 um almennar reglur varðandi skilgreiningu, lýsingu og kynningu á kryddvínum, drykkjum blönduðum með kryddvínum og hanastélum blönduðum með kryddvínum eins og henni var breytt með reglugerð nr. 3279/92 frá 9. nóvember 1992.

4. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 3664/91/EBE frá 16. desember 1991 um bráðabirgðaráðstafanir varðandi kryddvín, drykki blandaða með kryddvínum og hanastél blönduð með kryddvínum eins og henni var breytt með reglugerð nr. 351/92 frá 13. febrúar 1992, reglugerð nr. 1914/92 frá 10. júlí 1992, reglugerð nr. 3568/92 frá 10. desember 1992 og reglugerð nr. 1791/93 frá 30. júní 1993.

5. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 1238/92/EBE frá 8. maí 1992 um greiningaraðferðir bandalagsins á bragðlausu alkóhóli í víngeiranum.

6. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 2003/92/EBE frá 20. júlí 1992 um greiningaraðferðir bandalagsins á etanóli úr landbúnaði sem er notað við framleiðslu brenndra drykkja, kryddvína, drykkja sem blandaðir eru með kryddvínum og hanastéla sem eru blönduð með kryddvínum.

Gerðirnar eru birtar í sérriti, sbr. auglýsingu í C deild Stjórnartíðinda nr. 31/1993.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 14. gr. laga nr. 63/1969, um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf og öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 29. ágúst 1994.

F. h. r.
Snorri Olsen.

Áslaug Guðjónsdóttir.

Nr. 491 31. ágúst 1994

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 639/1989 um innheimtu fóðurgjalda, með síðari breytingum.

1. gr.

5. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Fóðurinnflytjendum er heimilt að fá allt að 60 daga frest á greiðslu þess hluta sérstaks fóðurgjalds sem kemur til endurgreiðslu, gegn skuldaviðurkenningu ásamt bankatryggingu eða annarri fullnægjandi tryggingu fyrir greiðslu gjaldsins.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 30. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og öðlast gildi 1. október 1994.

Landbúnaðarráðuneytið, 31. ágúst 1994.

Halldór Blöndal.

Jón Höskuldsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 69 – 1994

15. september 1994 1541 Nr. 492

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 337, 16. júní 1994, um bann við rækjuveiðum fyrir Norðurlandi.

1. gr.

Fyrri málsgrein 1. tl. 1. gr. reglugerðarinnar orðist svo: Á svæði, sem markast af línum, sem dregnar eru á milli eftirgreindra punkta:

1. 67°20'N - 19°37'V
2. 67°02'N - 19°37'V
3. 67°02'N - 19°50'V
4. 67°05'N - 19°50'V
5. 67°05'N - 21°10'V
6. 67°10'N - 21°10'V
7. 67°20'N - 21°27'V

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast gildi 17. september 1994 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 15. september 1994.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

B 108

Steindórsprent Gutenberg hf.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 188/1988 um slátrun, mat og meðferð sláturafurða, sbr. breytingu með rg. nr. 118/1994.

1. gr.

Í stað dagsetningarinnar 1. nóvember í c-lið 2. tl. 17. gr. reglugerðarinnar komi 20. október.

2. gr.

Í stað dagsetningarinnar 15. október í 4. tl. 17. gr. reglugerðarinnar komi 20. október.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 30 28. apríl 1966 um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 14. september 1994.

F. h. r.
Sveinbjörn Dagfinnsson.

Jón Höskuldsson.

Nr. 494 8. september 1994

AUGLÝSING

um staðfestingu á reglum Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins um innkaup og sölu áfengis og skilmála í viðskiptum við birgja.

Fjármálaráðherra hefur hinn 8. september 1994 staðfest reglur Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins um innkaup og sölu áfengis og skilmála í viðskiptum við birgja frá 11. apríl 1994.

Reglurnar fást án endurgjalds á skrifstofu Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins, Stuðlahálsi 2, 112 Reykjavík.

Fjámálaráðuneytið, 8. september 1994.

F. h. r.
Snorri Olsen.

Áslaug Guðjónsdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 70 – 1994

22. ágúst 1994 1543 Nr. 495

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um innheimtu höfundarréttargjalds við tollafgreiðslu nr. 177/1989.

1. gr.

A. liður 1. gr. orðist svo:

A. - Af segulbandstækjum sem flokkast í tnr. 8520.3100 og 8520.3900 4%.
- Af segulbandstækjum með innbyggðu útvarpi sem flokkast í tnr. 8527.3101 2%.
- Af segulbandstækjum með innbyggðu útvarpi og plötu- og/eða geislaspilara sem flokkast í tnr. 8527.3102 1%.
- Af myndbandstækjum sem flokkast í tnr. 8521.1029 og 8521.9029 4%.
- Af útvarpstækjum með sambyggðu segulbandstæki sem flokkast í trn. 8527.1101 2%.
- Af útvarpstækjum með plötu- og/eða geislaspilara og segulbandstæki sem flokkast í tnr. 8527.1102 1%.
- Af útvarpstækjum með sambyggðu segulbandstæki sem flokkast í tnr. 8527.2101 2%.
- Af útvarpstækjum með sambyggðu segulbandstæki sem flokkast í tnr. 8527.3101 2%.
- Af útvarpstækjum með plötu- og/eða geislaspilara og segulbandstæki sem flokkast í tnr. 8527.3102 1%.
- Af útvarpstækjum með plötu- og/eða geislaspilara og segulbandsupptökutæki sem flokkast í tnr. 8527.2102 2%.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 22. ágúst 1994.

Ólafur G. Einarsson.

Guðríður Sigurðardóttir.

31. ágúst 1994 Nr. 496

REGLUR

um vélar og búnað á byggingarsvæðum (sameiginleg ákvæði).

I. KAFLI

Gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.

1. Reglur þessar fela í sér sameiginleg ákvæði um vélar og búnað á byggingarsvæðum sem lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum gilda um.

Steindórsprent-Gutenberg hf.

Endurprentað blað.

Reglurnar gilda einvörðungu um vélar og búnað sem notuð eru við byggingarstörf og á byggingarstöðum, samkvæmt skilgreiningum í 2. tölul. og nánar er mælt fyrir um í sérreglum sbr. 3. gr. Reglurnar gilda jafnframt um slíkar vélar og búnað sem seld eru eða leigð jöfnum höndum til notkunar við atvinnurekstur og einkanota almennings, sé ekki öðrum lögum eða reglum til að dreifa.

2. Í reglum þessum merkir vélar og búnaður á byggingarsvæðum vélbúnað, tæki, verkfæri og íhluti til þeirra sem eðli sínu samkvæmt eru notuð við byggingarstörf og á byggingarstöðum en eru ekki fyrst og fremst ætluð til flutninga á vörum eða fólki.
3. Landbúnaðardráttarvélar og lyftibúnaður falla ekki undir gildissvið þessara reglna.

2. gr.

Í reglum þessum merkir:

EBE-gerðarviðurkenning: Sú tilhögun þegar stjórnvald aðildarríkis innan Evrópska efnahagssvæðisins (EES) staðfestir og vottar að afloknum prófunum að gerð búnaðar sem um getur í 1. gr. uppfylli þær kröfur sem samræmdar hafa verið og settar fram í viðkomandi sérreglum.

EBE-gerðarprófun: Sú tilhögun þegar aðili, sem hlotið hefur samþykki stjórnvalds aðildarríkis innan EES, staðfestir og vottar að afloknum prófunum að gerð búnaðar uppfylli samræmdar kröfur þessara reglna.

EBE-sannprófun: Sú tilhögun þegar stjórnvald aðildarríkis innan EES getur að afloknum prófunum staðfest að hvert einstakt tæki uppfylli samræmdar kröfur þessara reglna og viðkomandi sérreglna.

EBE-yfirlýsing framleiðanda: Sú tilhögun þegar framleiðandi eða viðurkenndur umboðsmaður hans, sem hefur staðfestu innan EES, vottar á eigin ábyrgð að einstakt tæki uppfylli samræmdar kröfur þessara reglna og viðkomandi sérreglna.

3. gr.

Í sérreglum er greint nánar frá tæknikröfum um smíði, leyfilegt hljóðaflsstig og notkun véla og búnaðar sem þær taka til og í þeim er enn fremur tilgreint hver þeirra aðferða sem um getur í 2. gr. eigi við.

II. KAFLI
EBE-gerðarviðurkenning.

4. gr.

1. Sé kveðið á um það í sérreglum skal EBE-gerðarviðurkenning vera forsenda þess að búnaður sé seldur eða tekinn í notkun.
2. Að beiðni framleiðanda eða viðurkennds fulltrúa hans, sem hefur staðfestu í aðildarríki innan EES, veitir Vinnueftirlit ríkisins eða aðili sem það samþykkir EBE-gerðarviðurkenningu fyrir allar gerðir búnaðar sem uppfylla tæknikröfur þessara reglna og viðeigandi sérreglna.
3. Einungis má leggja fram umsókn um EBE-gerðarviðurkenningu fyrir tiltekna gerð búnaðar í einu aðildarríki.
4. Veita skal EBE-gerðarviðurkenningu, hafna henni, afturkalla hana tímabundið eða til frambúðar í samræmi við ákvæði þessa kafla og I. viðauka.
5. Vinnueftirliti ríkisins eða aðila sem annast viðurkenningu í umboði þess er heimilt að leita eftir aðstoð einnar eða fleiri rannsóknarstofa til að gera prófanir sem eru hluti af EBE-gerðarviðurkenningu.

5. gr.

1. Ef niðurstöður þeirra prófana sem kveðið er á um í 2. tölul., I. viðauka eru viðunandi skal gefið út vottorð um EBE-gerðarviðurkenningu og það sent umsækjanda. Vottorð um EBE-gerðarviðurkenningu getur verið bundið skilyrðum sem mælt er fyrir um í sérreglum.
2. Fyrirmynd að vottorði fyrir EBE-gerðarviðurkenningu er sýnd í III. viðauka.
3. Vottorð um EBE-gerðarviðurkenningu skal háð hverjum þeim skilyrðum eða takmörkunum á gildistíma sem heimilt er samkvæmt sérreglum að mæla fyrir um.

6. gr.

1. Vinnueftirlit ríkisins gerir nauðsynlegar ráðstafanir, eftir atvikum í samvinnu við stjórnvöld í öðrum aðildarríkjum innan EES, til að tryggja að framleiddur búnaður, sem hlotið hefur viðurkenningu á Íslandi, sé í samræmi við þá gerð sem hlotið hefur viðurkenningu.
2. Nánari fyrirmæli um ráðstafanirnar sem kveðið er á um í 1. tölul. eru gefin í sérreglum. Þessar ráðstafanir geta verið fólgnar í eftirliti eða skyndikönnunum.

7. gr.

1. Ef Vinnueftirlit ríkisins kemst að því að einhver eintök búnaðar af gerð sem hlotið hefur viðurkenningu á Íslandi eru ekki í samræmi við viðurkenndu gerðina þá afturkallar það viðurkenninguna tímabundið eða til frambúðar.
2. Heimilt er þó að láta EBE-gerðarviðurkenningu standa áfram enda telji Vinnueftirlitið að frávik sem komið hafi í ljós séu minniháttar og hafi ekki veruleg áhrif á hönnun tækisins og af þeim stafi engin hætta fyrir fólk eða umhverfi. Þegar svo háttar til krefst Vinnueftirlitið þess að framleiðandinn geri viðeigandi breytingar svo skjótt sem verða má. Vinnueftirlitið afturkallar gerðarviðurkenningu ef framleiðandinn hlítir ekki þessu boði þess.
3. Vinnueftirlitið afturkallar gerðarviðurkenningu ef það kemst að þeirri niðurstöðu að ekki hefði átt að veita hana.
4. Ennfremur eru gerðar ráðstafanir í samræmi við 1., 2. og 3. tölul. ef í ljós kemur eftir ábendingu stjórnvalds annars aðildarríkis innan EES að fyrir hendi eru einhver þau málsatvik sem þar um ræðir.
5. Vinnueftirlit ríkisins tilkynnir stjórnvöldum í hinum aðildarríkjunum innan EES um afturköllun gerðarviðurkenningar.

III. KAFLI
EBE-gerðarprófun.

8. gr.

1. Sé kveðið á um það í sérreglum skal EBE-gerðarprófun vera forsenda þess að búnaður sé seldur eða tekinn í notkun.
2. EBE-gerðarprófun skal framkvæmd af þeim aðila sem til þess er skipaður af Vinnueftirliti ríkisins ef óskað er EBE-gerðarviðurkenningar á Íslandi.

9. gr.

1. Aðilar sem tilnefndir eru til að framkvæma EBE-gerðarprófun í samræmi við 10. gr. skulu uppfylla lágmarksskilyrði sem sett eru fram í II. viðauka. Ekki er skylt að samþykkja aðila þó að hann uppfylli lágmarkskröfurnar.
2. Hafi Vinnueftirlit ríkisins samþykkt einn eða fleiri aðila til að gera EBE-gerðarprófun

tilkynnir það stjórnvöldum í öðrum aðildarríkjum innan EES um þann eða þá aðila. Það tilkynnir einnig hinum aðildarríkjunum um allar síðari breytingar.

10. gr.

1. Ef beiðni kemur frá framleiðanda eða viðurkenndum fulltrúa hans, sem hefur staðfestu innan EES, ber þeim aðila sem um getur í 9. gr. að gefa út vottorð um EBE-gerðarprófun. Þetta gildir um hverja þá gerð búnaðar sem uppfyllir kröfur þessara reglna og annarra viðkomandi sérreglna enda hafi framleiðandinn skuldbundið sig til að uppfylla þær kröfur sem settar eru fram í sérreglum.
2. Umsóknir um EBE-gerðarprófun á tiltekinni gerð búnaðar skulu aðeins sendar til eins samþykkts aðila.
3. Samþykktu aðilarnir gefa út vottorð um EBE-gerðarprófun, hafna útgáfu þeirra og afturkalla þau tímabundið eða til frambúðar í samræmi við ákvæði þessa kafla og I. viðauka.

11. gr.

1. Fyrirmynd að vottorði fyrir EBE-gerðarprófun er sýnd í III. viðauka.
2. Vottorðið um EBE-gerðarprófun skal vera háð hverjum þeim skilyrðum eða takmörkunum á gildistíma sem heimilt er samkvæmt sérreglum að mæla fyrir um.

12. gr.

1. Þeir samþykktu aðilar sem veittu vottorðið um EBE-gerðarprófun skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að framleiddur búnaður sé í samræmi við þá gerð sem var prófuð.
2. Nánari fyrirmæli um ráðstafanirnar sem kveðið er á um í undanfarandi málsgrein skal setja fram í sérreglum. Þessar ráðstafanir geta verið fólgnar í eftirliti með skyndikönnun.

13. gr.

1. Komist samþykktur aðili að því að eintök af búnaði, sem hann hefur gefið út vottorð fyrir um EBE-gerðarprófun, eru ekki í samræmi við gerðina skal hann veita vottorðshafa frest til að breyta framleiðslu og afturkalla vottorðið tímabundið ef þurfa þykir. Ef nauðsyn krefur skal þess getið í sérreglum um viðkomandi búnað hve mörg eintök þurfi til þess að samþykkti aðilinn grípi inn í. Verði ekki gerð breyting innan þess frests sem veittur er ber samþykkta aðilanum að afturkalla vottorðið tímabundið eða til frambúðar.
2. Samþykkti aðilinn skal afturkalla vottorðið um EBE-gerðarprófun ef hann kemst að því að ekki hefði átt að veita það.
3. Honum ber að afturkalla vottorðið tímabundið eða til frambúðar ef vottorðshafi stendur ekki við skuldbindingar sínar sem um getur í 10. gr.

14. gr.

1. Vinnueftirlit ríkisins tryggir að samþykkti aðilinn leysi ofangreind störf rétt af hendi. Samþykktum aðila er skylt að leyfa Vinnueftirlitinu að láta fara fram kannanir á starfseminni hvenær sem er.
2. Umsækjandi eða sá aðili sem fær útgefið vottorð um EBE-gerðarprófun getur áfrýjað til Vinnueftirlitsins ákvörðunum samþykkts aðila um að hafna vottorði um EBE-gerðarprófun eða fella það úr gildi tímabundið eða til frambúðar.
3. Telji Vinnueftirlitið að aðili sem það hefur samþykkt ræki ekki skyldur þær sem um getur í 10. og 13. gr. að réttu lagi gerir það viðeigandi ráðstafanir gagnvart honum.

4. Vinnueftirlitið dregur til baka samþykki sitt telji það að aðilinn uppfylli ekki lengur þær lágmarkskröfur sem mælt er fyrir um í II. viðauka eða að hann fullnægi ekki þeim skilyrðum sem sett hafa verið.

15. gr.

1. Dragi Vinnueftirlitið til baka samþykki sitt gerir það nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að áfram verði ræktar skyldur um útgáfu vottorða um EBE-gerðarprófun sem viðkomandi aðili gaf út áður en samþykkið var dregið til baka.
2. Ógilda skal öll vottorð sem aðilinn hefur gefið út áður en samþykkið var dregið til baka ef útgáfu þeirra hefur verið ábótavant.

16. gr.

1. Ef eitthvert þeirra tilvika sem um getur í 13. gr. kemur upp á Íslandi vekur Vinnueftirlit ríkisins athygli lögbærra stjórnvalda aðildarríkis innan EES, þar sem vottorðið var gefið út, á þeirri staðreynd.
2. Lögbærum stjórnvöldum í síðarnefnda aðildarríkinu ber að skylda samþykkta aðilann sem í hlut á til að gera þær ráðstafanir sem kveðið er á um í 13. gr.

IV. KAFLI
EBE-sannprófun og EBE-yfirlýsing framleiðanda.

17. gr.

1. Í sérreglum þeim sem kveðið er á um í 3. gr. þar sem EBE-sannprófunar eða EBE-yfirlýsingar framleiðanda er krafist er mælt fyrir um hvaða tilhögun verði fylgt.
2. Þegar um er að ræða yfirlýsingu framleiðanda gerir Vinnueftirlit ríkisins ráðstafanir til að tryggja að búnaðurinn uppfylli tæknikröfur sérreglnanna.

V. KAFLI
Sameiginleg ákvæði.

18. gr.

1. Framleiðandinn eða viðurkenndur fulltrúi hans, sem hefur staðfestu innan EES skal gefa út EBE-samræmisvottorð með því sniði sem sýnt er í IV. viðauka fyrir hvert eintak ef tiltekinni gerð búnaðar sem framleiddur er samkvæmt samræmdum kröfum og þá gerð sem hefur verið viðurkennd eða prófuð.
2. Sé þess krafist í sérreglum skal framleiðandinn festa merki á búnaðinn ásamt þeim upplýsingum sem tilgreindar eru í þeim sérreglum.
3. Umsækjandinn skal bera kostnaðinn sem leiðir af þeirri tilhögun sem mælt er fyrir um í sérreglum.

VI. KAFLI
Samhæfðar tæknikröfur.

19. gr.

1. Ekki er heimilt að hafna, banna eða takmarka markaðssetningu eða notkun á búnaði sem fullnægir kröfunum í þessum reglum og viðkomandi sérreglum, á forsendum sem tengjast smíði hans eða notkun enda uppfylli búnaðurinn kröfur þessara reglna og viðkomandi sérreglna.
2. Líta ber á samræmisvottorðið sem um getur í 18. gr. og gerðarmerkið á búnaðinum,

sem krafist kann að verða í sérreglum, sem vitnisburð um að hann samræmist ákvæðum undanfarandi málsgreinar.

3. Vinnueftirlitið getur krafist þess að vottorðið sé á íslensku þegar búnaðurinn er boðinn neytendum til sölu.

20. gr.

1. Nú hefur Vinnueftirlitið rökstuddan grun um að öryggi eða heilsu manna stafi hætta af einhverri gerð búnaðar þó hann uppfylli kröfur þessara reglna og viðkomandi sérreglna. Er því þá heimilt að banna markaðssetningu og notkun þess búnaðar um tíma eða setja sérstök skilyrði fyrir slíku. Það tilkynnir stjórnvöldum aðildarríkja EES um ákvörðun sína.

21. gr.

1. Hönnun og smíði einhverrar gerðar af búnaði getur í sérstökum tilvikum vikið frá sumum ákvæðum sérreglna án þess að ákvæði 19. gr. hætti að gilda um hana enda sé þess gætt að breytingarnar séu með þeim hætti að öryggis- og heilsuvernd sé tryggð jafnvel eftir sem áður.
2. Í öllum sérreglum eru tilgreind nákvæmlega þau ákvæði sem veita má slíka undanþágu frá og jafnframt þau ákvæði þar sem undanþága er óheimil.

VII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

22. gr.

1. Vinnueftirlit ríkisins hefur eftirlit með framkvæmd þessara reglna. Það getur þó samþykkt aðra aðila til þess að fara með slíkt eftirlit að hluta eða öllu leyti, sbr. 1. mgr. 80. gr. laga nr. 46/1980, og fylgist þá með eftirliti slíkra aðila.
2. Um samskipti Vinnueftirlitsins og annarra stjórnvalda við önnur aðildarríki og framkvæmdarstjórn ESB fer, að öðru leyti en því sem kveðið er á um í reglum þessum, samkvæmt tilskipun 84/532/EBE sem vísað er til í 2. tölul., VI. kafla, II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

VIII. KAFLI
Áfrýjun úrskurða.

23. gr.

Ákvörðunum og úrskurðum sem teknir eru samkvæmt þessum reglum af Vinnueftirliti ríkisins má áfrýja samkvæmt 98. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

IX. KAFLI
Refsiákvæði.

24. gr.

Brot gegn þessum reglum varða ákvæði 99. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

X. KAFLI
Gildistaka.
25. gr.

Reglur þessar eru settar af stjórn Vinnueftirlits ríkisins samkvæmt heimild í 34., 38. og 47. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Jafnframt staðfestir ráðuneytið ákvæði 1. gr. reglnanna samkvæmt 3. mgr. 3. gr. laga nr. 46/1980. Reglurnar eru settar með hliðsjón af ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í 2. tölul., VI. kafla, II. viðauka, tilskipun 84/532/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna um vélar og búnað á byggingarsvæðum, eins og henni var breytt með tilskipun 88/665/EBE. Reglurnar öðlast gildi við birtingu.

Félagsmálaráðuneytið, 31. ágúst 1994.

F. h. r.
Berglind Ásgeirsdóttir.

Gylfi Kristinsson.

I. VIÐAUKI
EBE-GERÐARVIÐURKENNING OG EBE-GERÐARPRÓFUN.

1. UMSÓKN UM EBE-GERÐARVIÐURKENNINGU EÐA EBE-GERÐARPRÓFUN

1.1 Umsóknin sjálf og bréfaskipti henni tengd skulu vera á opinberu tungumáli ríkisins þar sem hún er lögð fram og í samræmi við lög þess ríkis. Það ríki eða samþykktur aðili getur farið fram á að fylgiskjöl séu einnig rituð á því sama opinbera tungumáli.

1.2 Í umsókninni komi fram eftirfarandi upplýsingar:
- nafn og heimilisfang framleiðandans eða fyrirtækis, viðurkennds fulltrúa þeirra eða umsækjandans, og framleiðslustaður eða -staðir búnaðarins,
- flokkur búnaðar,
- fyrirhuguð notkun,
- tæknilegir eiginleikar,
- vörumerki, ef við á, eða gerð.

1.3 Umsókninni fylgi skjöl í tvíriti með öllum þeim upplýsingum sem krafist er í sérreglum og yfirlýsing um að engin önnur umsókn um EBE-gerðarviðurkenningu eða EBE-gerðarprófun hafi verið lögð fram vegna sama búnaðar.

2. PRÓFANIR VEGNA EBE-GERÐARVIÐURKENNINGAR EÐA EBE-GERÐARPRÓFUNAR

Prófanir á búnaði vegna EBE-gerðarviðurkenningar eða EBE-gerðarprófunar skulu fara fram í samræmi við fyrirmælin í viðkomandi sérreglum.

Gera skal skýrslu um prófanirnar með því sniði sem sýnt er í sérreglunum um viðkomandi búnað.

3. VOTTORÐ UM EBE-GERÐARVIÐURKENNINGU EÐA EBE-GERÐARPRÓFUN

Í vottorðinu sem um getur í 5. og 10. gr., og fyrirmynd er sýnd af í III. viðauka, skal sagt frá niðurstöðum prófananna á búnaðinum og þeim skilyrðum sem EBE-gerðarviðurkenning eða EBE-gerðarprófun kann að vera háð. Því skulu fylgja þær lýsingar, teikningar og ljósmyndir sem nauðsynlegar eru til að auðkenna búnaðinn glöggt ásamt skýringum á starfsemi hans ef ástæða er til.

4. BIRTING Á EBE-GERÐARVIÐURKENNINGU EÐA EBE-GERÐARPRÓFUN

4.1 Jafnframt því sem hlutaðeigandi aðila er gert viðvart sendir stjórnvald aðildarríkisins innan EES sem veitir EBE-gerðarviðurkenningu afrit af vottorðinu um EBE-gerðarviðurkenningu til stjórnvalda hinna aðildarríkjanna eða samþykkti aðilinn sendir afrit af vottorðinu um EBE-gerðarprófun til hinna samþykktu aðilanna.

Stjórnvöld hinna aðildarríkjanna og samþykktu aðilarnir geta einnig fengið afrit af ítarlegum tæknilýsingum á búnaðinum og af skýrslum um skoðanir og prófanir sem hafa verið gerðar á honum.

Stjórnvöld aðildarríkjanna og samþykktu aðilarnir, sem fá í hendur gögn með ítarlegum tæknilýsingum, skulu tryggja að hugverkaréttur á sviði iðnaðar sé virtur, svo og þagnarskylda.

4.2 Sé vottorð um EBE-gerðarviðurkenningu eða EBE-gerðarprófun afturkallað er það auglýst í samræmi við tilhögunina sem mælt er fyrir um í lið 4.1.

4.3 Neiti stjórnvald aðildarríkis innan EES að gefa út vottorð um EBE-gerðarviðurkenningu eða samþykktur aðili að gefa út vottorð um EBE-gerðarprófun er það tilkynnt eftir atvikum stjórnvöldum hinna aðildarríkjanna innan EES eða samþykktu aðilunum.

II. VIÐAUKI

LÁGMARKSKRÖFUR SEM STJÓRNVÖLD AÐILDARRÍKJA INNAN EES BER AÐ HAFA TIL HLIÐSJÓNAR ÞEGAR ÞAU TILNEFNA SAMÞYKKTA AÐILA.

1. Aðilar sem bera ábyrgð á að prófa tæki skulu hafa til reiðu nægilega marga hæfa starfsmenn og fjármuni sem nauðsynlegir eru til að inna almennilega af hendi tæknivinnu og stjórnunarstörf og hafa aðgang að tækjabúnaði til sérstakra prófana sem kveðið er á um í sérreglunum.
2. Aðilinn, forstöðumaður og starfslið mega ekki vera hönnuðir, framleiðendur, sölu- eða þjónustuaðilar að tækjum né viðurkenndir fulltrúar þessara aðila. Þeim er ekki heimilt að taka beinan þátt í hönnun, framleiðslu, sölu, kynningu eða viðhaldi slíks búnaðar né að koma fram fyrir hönd aðila sem það gera. Þetta kemur þó ekki í veg fyrir að framleiðanda og samþykktum aðila sé heimilt að skiptast á tæknilegum upplýsingum.
3. Starfsmenn þeir sem falið er að prófa tæki áður en vottorð um EBE-gerðarprófun er gefið út verða að leysa þessi störf af hendi af ýtrustu kostgæfni og tækniþekkingu og vera lausir við allan þrýsting, einkum fjárhagslegan, sem haft gæti áhrif á úrskurð þeirra eða niðurstöðu í starfi, sérstaklega frá aðilum eða hópum sem hagsmuna eiga að gæta í niðurstöðum prófananna.
4. Starfsmenn þeir sem annast prófanir og skoðanir verða að hafa til að bera:
   - trausta tækni- og fagþekkingu,
   - viðunandi þekkingu á kröfum þeim sem gerðar eru við prófanir sem þeir framkvæma og nægilega reynslu af slíkum störfum,
   - kunnáttu til að semja skrár og skýrslur þar sem koma fram niðurstöður sem fengust við skoðunina.
5. Tryggja verður óhlutdrægni starfsmanna. Tekjur þeirra mega ekki vera undir því komnar hversu margar skoðanir þeir inna af hendi né heldur hver niðurstaða í hverri skoðun er.

6. Samþykkti aðilinn verður að hafa ábyrgðartryggingu nema ríkið taki á sig ábyrgð í samræmi við landslög.
7. Starfsmenn samþykkta aðilans eru bundnir þagnarskyldu um alla vitneskju sem þeir fá við skyldustörf (nema gagnvart lögbærum stjórnvöldum í ríkinu þar sem þeir leysa störf sín af hendi) samkvæmt þessum reglum og sérreglum eða ákvæðum landslaga sem veita þessum reglum gildi.

III. VIÐAUKI
FYRIRMYND AÐ VOTTORÐI UM EBE-GERÐARVIÐURKENNINGU EÐA EBE-GERÐARPRÓFUN FYRIR VÉLAR OG BÚNAÐ Á BYGGINGARSVÆÐUM.

Lögbært stjórnvald eða samþykktur aðili[1]: .....
.....
.....
Vottorð um EBE-gerðarviðurkenningu eða EBE-gerðarprófun[1]: .....
.....
.....
Nr. á EBE-gerðarviðurkenningu eða EBE-gerðarprófun[1]: .....
1. Flokkur, gerð og vöruheiti eða vörumerki: .....
2. Nafn og heimilisfang framleiðanda: .....
.....
.....
3. Nafn og heimilisfang vottorðshafa: .....
.....
.....
4. Lagt fram til EBE-gerðarviðurkenningar eða EBE-gerðarprófunar hinn[1]: .....
5. Vottorð gefið út miðað við eftirfarandi kröfur: .....
.....
6. Prófunarstofa: .....
7. Dagsetning og númer prófunarskýrslu: .....
8. EBE-gerðarviðurkenning eða EBE-gerðarprófun veitt hinn[1]: .....
9. Eftirtalin skjöl sem merkt eru með ofangreindu númeri EBE-gerðarviðurkenningar eða EBE-gerðarprófunar[1] fylgja þessu vottorði: .....

10. Aðrar upplýsingar: .....
.....
.....

Útgefið í : .....hinn .....

.....
(undirskrift)

1 Strikið yfir það sem ekki á við.

IV. VIÐAUKI

FYRIRMYND AÐ EBE-SAMRÆMISVOTTORÐI VEGNA EBE-GERÐARVIÐURKENNINGAR EÐA EBE-GERÐARPRÓFUNAR VÉLA OG BÚNAÐAR Á BYGGINGARSVÆÐUM

Undirritaður.....
(skírnarnöfn og eftirnafn)
lýsir því hér með yfir að neðangreindar vélar og búnaður á byggingarsvæðum [1]

1. Flokkur: .....
2. Heiti: .....
.....
3. Gerð: .....
4. Raðnúmer búnaðarins: .....
5. Raðnúmer grindar ef það er annað en að framan: .....
6. Framleiðsluár: .....

eru í samræmi við
- þær gerðir sem viðurkenndar eru (EBE-gerðarviðurkenning)[1],
- þær gerðir sem prófaðar hafa verið (EBE-gerðarprófun)[1],

og taldar eru upp í töflunni hér að neðan

Sérreglur	Vegna gerðarviðurkenningar[1]			Vegna gerðarprófunar[1]		
	nr.	dagsetning	aðildarríki	nr.	dagsetning	samþykktur aðili

7. Sérstök ákvæði: .....

Gjört í .....hinn .....
(dagsetning) (undirskrift)

.....
(staða)

[1]Strikið yfir það sem ekki á við.

REGLUR

um notkun persónuhlífa.

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.
Gildissvið.

1. Reglur þessar gilda um persónuhlífar sem ætlaðar eru til notkunar á vinnustöðum sem lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum gilda um. Reglurnar gilda jafnframt um persónuhlífar sem seldar eru eða leigðar jöfnum höndum til notkunar við atvinnurekstur og einkanota almennings séu þær ekki háðar öðrum lögum eða reglum.
2. Reglurnar gilda ekki um:
   a) venjuleg vinnuföt og einkennisbúninga sem ekki er sérstaklega ætlað að vernda öryggi og heilsu starfsmanna,
   b) búnað sem notaður er af þeim er sinna neyðaraðstoð og björgun,
   c) persónuhlífar sem notaðar eru af lögreglu eða öðrum sem sjá um að halda uppi lögum og reglu,
   d) persónuhlífar til nota í eða á ökutækjum,
   e) íþróttabúnað,
   f) búnað til sjálfsvarnar eða viðvörunar,
   g) færanlegan búnað til að finna og staðsetja hættur eða hluti sem geta verið skaðlegir.

2. gr.
Skilgreining.

Í reglum þessum merkir hugtakið persónuhlífar allan búnað, sem starfsmanni er gert að klæðast eða halda á, sér til verndar gegn einni eða fleiri hættum sem stefnt geta öryggi hans og heilsu í voða svo og allan viðbótar- eða aukabúnað sem ætlað er að þjóna þessu hlutverki.

3. gr.
Meginregla.

Nota skal persónuhlífar þegar ekki er hægt að komast hjá áhættu eða takmarka hana nægilega með tæknilegum ráðum sem veita almenna vernd eða með ráðstöfunum, aðferðum eða annarri tilhögun við skipulagningu vinnunnar.

II. KAFLI
Skyldur atvinnurekenda.

4. gr.
Almenn ákvæði.

1. Persónuhlífar sem notaðar eru skulu uppfylla gildandi reglur á Evrópska efnahagssvæðinu (EES) um gerð, hönnun og framleiðslu á persónuhlífum, að því er varðar öryggi og hollustuhætti. Allar persónuhlífar verða að:

   a) henta til varnar þeirri áhættu sem um er að ræða án þess að þær leiði sjálfar til aukinnar áhættu,
   b) hæfa ríkjandi aðstæðum á vinnustað,

c) miðast við vinnuvistfræðilegar kröfur og heilsu starfsmannsins,
d) vera mátulegar fyrir þann sem þær ber er þær hafa verið stilltar eftir því sem nauðsyn krefur.

2. Þegar áhætta er þess eðlis að starfsmaður þarf að bera fleiri en eina gerð persónuhlífa samtímis verða slíkar hlífar að falla hver að annarri þannig að þær veiti ekki minni vernd en áður.
3. Ákvarða skal við hvaða skilyrði ber að nota persónuhlífar á grundvelli þess hve mikil áhættan er, hve oft menn þurfa að starfa við hana, aðbúnaðar hvers og eins starfsmanns við vinnu svo og þess hversu mikla vernd persónuhlífarnar veita.
4. Persónuhlífar eru eðli sínu samkvæmt ætlaðar til einstaklingsnota. Ef aðstæður krefjast þess að persónuhlíf sé notuð af fleiri en einum manni skal gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að slík notkun hafi ekki skaðleg áhrif á notendur hvað varðar heilsu og hreinlæti.
5. Séð skal fyrir nægilegum upplýsingum um hverja gerð persónuhlífa, sem kröfur eru gerðar um samkvæmt 1. og 2. tölul., og þær hafðar handbærar innan fyrirtækisins og/eða stofnunarinnar.
6. Atvinnurekandi skal láta persónuhlífar í té endurgjaldslaust og tryggja með nauðsynlegu viðhaldi, viðgerðum og endurnýjun að þær séu í góðu lagi og svo hreinar að fullnægjandi teljist. Heimilt er þó að gera samkomulag um, í samræmi við venjur eða kjarasamninga, að starfsmaður taki þátt í kostnaði við vissar tegundir persónuhlífa séu þær ekki eingöngu notaðar á vinnustaðnum.
7. Atvinnurekandi skal upplýsa starfsmann fyrirfram um þá hættu sem persónuhlífunum er ætlað að vernda hann gegn og skyldu hans til að nota slíkar hlífar.
8. Atvinnurekandi skal sjá til þess að starfsmaður fái þjálfun og ef við á sýnikennslu í notkun persónuhlífa.
9. Persónuhlífar er einungis heimilt að nota í því skyni sem tilgreint hefur verið nema við sérstakar aðstæður sem heyra til undantekninga. Nota verður þær í samræmi við notkunarleiðbeiningar sem þurfa að vera starfsmönnum vel skiljanlegar.
10. Atvinnurekandi skal með hliðsjón af þeirri vinnu sem fram fer og eftir því sem nauðsyn krefur setja upp eitt eða fleiri skilti sem gefa til kynna hvaða gerðir af persónuhlífum ber að nota á viðkomandi vinnustað. Skiltin skulu samræmd gildandi reglum um öryggisskilti á vinnustöðum, vera úr varanlegu efni og skal þeim haldið við á fullnægjandi hátt.

5. gr.

Mat á persónuhlífum.

1. Áður en persónuhlífar eru valdar þarf atvinnurekandi að meta hvort þær persónuhlífar sem hann hyggst nota fullnægi kröfunum í 1. og 2. tölul. 4. gr. Mat þetta skal fela í sér:
   a) að áhætta sem ekki er hægt að forðast með öðru móti sé greind og metin,
   b) að þeir eiginleikar sem persónuhlífar þurfa að hafa til að koma að gagni sem vörn gegn áhættu þeirri sem um getur í a-lið séu skilgreindir og sé þar tekið mið af hvers kyns áhættu sem hlífarnar sjálfar kunna að hafa í för með sér,
   c) að þær gerðir persónuhlífa sem fáanlegar eru og hafa þá eiginleika sem um getur í b-lið, séu bornar saman.
2. Mat það sem kveðið er á um í 1. tölul. skal endurskoða ef einhverjum grunnþáttum þess er breytt.

6. gr.

Reglur um notkun.

Starfsmenn skulu að jafnaði nota persónuhlífar í samræmi við leiðbeinandi skrá í II. viðauka, sbr. þó 3. gr. þegar aðrar ráðstafanir teljast betri að mati Vinnueftirlits ríkisins. Í I. viðauka er að finna skrá til leiðbeiningar um ýmsar gerðir og heiti persónuhlífa.

7. gr.

Upplýsingar til starfsmanna.

Starfsmenn eða fulltrúar þeirra skulu fá upplýsingar um allar ráðstafanir sem gripið er til á sviði öryggis og heilsu starfsmanna er þeir nota persónuhlífar á vinnustöðum.

8. gr.

Samráð við starfsmenn og þátttaka þeirra.

1. Hafa ber samráð við starfsmenn eða fulltrúa þeirra og þátttaka þeirra skal tryggð á því sviði sem reglur þessar taka til að viðaukum meðtöldum.
2. Starfsmönnum er skylt að nota þær persónuhlífar sem þeim eru látnar í té á meðan á vinnu stendur. Þeir skulu leggja sitt að mörkum við að ganga úr skugga um að persónuhlífarnar komi að tilætluðum notum og tilkynna um bilanir eða ágalla sem upp kunna að koma.

III. KAFLI
Ýmis ákvæði.

9. gr.

Áfrýjun úrskurða.

Um áfrýjun á ákvörðunum og úrskurðum vegna framkvæmdar á reglum þessum gilda ákvæði 98. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

10. gr.

Undanþágur.

Vinnueftirlitið getur veitt undanþágur frá einstökum ákvæðum þessara reglna vegna tæknilegra breytinga eða þegar aðrar sérstakar ástæður mæla með því.

IV. KAFLI
Refsiákvæði.

11. gr.

Brot á reglum þessum varða ákvæði 99. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

V. KAFLI
Gildistaka.

12. gr.

Reglur þessar eru settar af stjórn Vinnueftirlits ríkisins samkvæmt heimild í 38. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og með hliðsjón af tilskipun 89/656/EBE í 11. tölul. XVIII. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Reglurnar staðfestast hér með til að öðlast gildi við birtingu. Jafnframt staðfestir ráðuneytið ákvæði 1. gr. reglnanna samkvæmt 3. mgr. 3. gr. laga nr. 46/1980. Persónuhlífar sem

samþykktar hafa verið áður af Vinnueftirliti ríkisins til notkunar og eru á markaði við gildistöku þessara reglna má einnig nota eftir gildistöku reglnanna.

Félagsmálaráðuneytið, 31. ágúst 1994.

F. h. r.
Berglind Ásgeirsdóttir.

Gylfi Kristinsson.

I. VIÐAUKI
LEIÐBEINANDI SKRÁ (EKKI TÆMANDI) YFIR PERSÓNUHLÍFAR.

HÖFUÐHLÍFAR
— Öryggishjálmar til notkunar t.d. við byggingarvinnu, hafnarvinnu og í ýmsum greinum iðnaðar.
— Létt höfuðföt (t.d. hattar, húfur, hárnet).
— Höfuðhlífar (húfur, kaskeiti, hattar o.þ.h. úr t.d. vatnsþéttu efni).

HEYRNARHLÍFAR
— Venjulegar heyrnarhlífar.
— Eyrnatappar og áþekkur búnaður.
— Hjálmar sem ná niður fyrir eyru.
— Heyrnarhlífar til festingar á öryggishjálma.
— Heyrnarhlífar með viðtæki.
— Heyrnarhlífar með kallkerfisbúnaði.

AUGN- OG ANDLITSHLÍFAR
— Gleraugu á spöngum.
— Hlífðargleraugu sem falla þétt að.
— Hlífðargleraugu gegn röntgengeislum eða leysigeislum, eða gegn útfjólublárri, innrauðri eða sýnilegri geislun.
— Andlitshlífar.
— Rafsuðugrímur og -hjálmar (grímur bornar í hendi eða festar með höfuðbandi eða grímur til festingar á öryggishjálm).

ÖNDUNARFÆRAHLÍFAR
— Öndunargrímur með ryksíum, gassíum eða síum fyrir geislavirkt ryk.
— Grímur með loftbirgðum, einangruðum frá umhverfinu (ferskloftsgrímur).
— Öndunarhlífar með rafsuðugrímu sem taka má af.

HANDA- OG HANDLEGGJAHLÍFAR
Hanskar
— til hlífðar gegn viðkomu (stungu, skurði, titringi o.þ.h.),
— til hlífðar gegn efnaáhrifum,
— fyrir rafvirkja og til hlífðar gegn varmaáhrifum.
Lúffur
— Fingurbjargir.
— Hlífðarermar.

— Úlnliðsstoðir.
— Grifflur.
— Hlífar fyrir lófa og þumalfingur.

HLÍFAR FYRIR FÆTUR OG FÓTLEGGI
— Öryggisskór (lágir skór, ökklaháir skór, stígvél).
— Skór sem hægt er að reima eða kræka frá í skyndi.
— Skór með távörn.
— Skór eða skóhlífar með hitavarnarsóla.
— Skór, stígvél og stígvélahlífar til varnar gegn hita.
— Skór, stígvél og stígvélahlífar til varnar gegn kulda.
— Skór, stígvél og stígvélahlífar til varnar gegn titringi.
— Skór, stígvél og stígvélahlífar sem veita vernd gegn rafmagni.
— Skór, stígvél og stígvélahlífar með einangrun.
— Hlífðarstígvél fyrir vinnu með keðjusög.
— Tréskór.
— Hnéhlífar.
— Ristarhlífar sem taka má af.
— Legghlífar.
— Lausir sólar (sem t.d. veita hitavörn eða stunguvörn).
— Mannbroddar til notkunar á ís, snjó eða hálu undirlagi.

HÚÐVÖRN
— Hlífðarkrem eða -smyrsl.

VÖRN FYRIR BOL OG KVIÐ
— Hlífðarvesti, jakkar eða svuntur til varnar gegn viðkomu (stungum, skurði, skvettum af bráðnum málmi o. s. frv.).
— Hlífðarvesti, jakkar eða svuntur til varnar efnaáhrifum.
— Hitavesti.
— Svuntur til varnar gegn röntgengeislum.
— Nýrnabelti.

TIL VARNAR ÖLLUM LÍKAMANUM
Fallvörn
— Öryggisbelti (gripbelti, stuðningsbelti, sigbelti).
Hlífðarfatnaður
— Hlífðarbúningar til öryggis við vinnu (tvískiptir eða samfestingar).
— Klæðnaður til verndar gegn viðkomu (stungum, skurði o. s. frv.).
— Klæðnaður til verndar gegn áhrifum efna.
— Klæðnaður til hlífðar fyrir bráðnum málmskvettum og innrauðri geislun.
— Klæðnaður til hlífðar gegn hita.
— Klæðnaður til hlífðar gegn kulda.
— Klæðnaður til varnar gegn geislavirkni.
— Klæðnaður til hlífðar gegn ryki.
— Klæðnaður til varnar gegn gastegundum.
— Klæðnaður úr áberandi lituðu endurskinsefni.
— Hlífðarteppi.

II. VIÐAUKI

LEIÐBEINANDI SKRÁ (EKKI TÆMANDI) YFIR STÖRF OG STARFSSVIÐ ÞAR SEM NAUÐSYNLEGT GETUR REYNST AÐ NOTA PERSÓNUHLÍFAR.

1. HÖFUÐHLÍFAR (TIL VERNDAR HÖFUÐKÚPU)

Öryggishjálmar

— Byggingarvinna, sérstaklega vinna á vinnupöllum eða upphækkunum, undir þeim eða hjá þeim, uppsláttur og frásláttur móta, vinna við uppsetningu á búnaði og innréttingum, pallavinna og niðurrif.
— Vinna við stálbrýr, á stálgrindum bygginga, við möstur, turna, vatnsvirki úr stáli, málmbræðslu, stálbræðslu og völsun, stóra geyma og leiðslulagnir, hitakatla og orkuver.
— Vinna í gryfjum, skurðum, stokkum og göngum.
— Malar- og grjótnám.
— Vinna við jarðefnatekju ofan- eða neðanjarðar eða í opnum gryfjum.
— Vinna með naglabyssum og hnoðverkfærum.
— Sprengivinna.
— Vinna í grennd við lyftur og lyftibúnað, krana og færibönd.
— Vinna við málmbræðslu, málmvinnslu, stálbræðslu eða völsun, á málmsmíðaverkstæðum, í eldsmiðjum og málmsteypum.
— Vinna við verksmiðjuofna, geyma, vélar, í geymslum og byrgjum, og við rörlagnir.
— Skipasmíðar.
— Sláturhúsavinna.

2. HLÍFAR FYRIR FÆTUR

Öryggisskór með stálsóla

— Vinna við uppslátt, grunna eða kjallara og vegalagning.
— Vinna á vinnupöllum.
— Vinna við niðurrif.
— Steypuvinna og vinna við byggingareiningar þar sem uppsláttur og frásláttur móta fer fram.
— Vinna á athafnasvæðum verktaka og lagervinna.
— Vinna á þökum. Skórnir skulu veita gott viðnám á þurru sem votu yfirborði.

Öryggisskór án stálsóla

— Vinna við stálbrýr, á stálgrindum bygginga, við möstur, turna, lyftur, vatnsvirki úr stáli, málmbræðslu, stálbræðslu og völsun, stóra geyma og leiðslulagnir, lyftikrana, hitakatla og orkuver.
— Ofnasmíði, vinna við hitalagnir og loftstokka, og vinna við samsetningu á málmeiningum.
— Viðhald og breytingar á mannvirkjum.
— Vinna við málmbræðslu, málmvinnslu, stálbræðslu, á málmsmíðaverkstæðum, í eldsmiðjum, og við heitpressun og þráðdrátt.
— Vinna við jarðefnatekju í opnum námum eða gryfjum.
— Grjótnám og steinhögg.
— Framleiðsla, meðferð og vinnsla á glerplötum og glerílátum.
— Meðhöndlun á mótum til leirbrennslu.
— Fóðrun, fylling og tæming á leirbrennsluofnum.
— Mótunarvinna í leirbrennsluiðnaði og við framleiðslu á byggingarefnum.
— Vinna við flutninga og í vöruskemmum.
— Meðhöndlun á frystum kjötblokkum og ílátum til varðveislu á matvælum.
— Skipasmíðar.

Öryggisskór með varmaeinangrunarsóla
— Vinna á mjög heitum eða mjög köldum flötum og með mjög heit eða köld efni.
Öryggisskór sem auðvelt er að fara úr
— Þar sem hætta er á að bráðin efni flæði um.

3. AUGN- EÐA ANDLITSHLÍFAR
Hlífðargleraugu, gríma eða önnur andlitsvörn
— Suðuvinna, slípun og sögun.
— Sprungufylling og meitlun.
— Steinnám og steinhögg.
— Vinna með naglabyssum og hnoðverkfærum.
— Vélhreinsun á efni sem flísast úr við vinnslu.
— Eldsmíði.
— Mulningur og hreinsun á flísum og brotum.
— Sandblástur.
— Vinna með sýrur og ætandi efni, sótthreinsunarefni og tærandi hreinsiefni.
— Vinna með vökvasprautunartækjum.
— Vinna með bráðin efni og í nálægð þeirra.
— Vinna í hitageislun.
— Vinna við leysigeisla.

4. ÖNDUNARFÆRAHLÍFAR
Öndunargrímur eða öndunartæki
— Vinna í geymum og afluktum rýmum þar sem loft kann að vera blandað gasi eða súrefni kann að skorta.
— Vinna í námunda við útblástur úr málmbræðslum.
— Vinna í námunda við málmbræðsluofna.
— Vinna við þéttingar í ofnum og málmkerum ef hætta er á ryki.
— Málningarsprautun þar sem loftræsting er ófullnægjandi.
— Vinna í göngum, ræsum og annars staðar neðanjarðar þar sem fráveituvatn er leitt.
— Vinna þar sem frysting fer fram, ef hætta er á að kæliefni leki út.

5. HEYRNARHLÍFAR
Heyrnarskjól
— Vinna við málmpressur.
— Vinna með loftverkfærum.
— Störf hlaðmanna á flugvöllum.
— Vinna við að koma fyrir stálþiljum.
— Vinna í trésmíða- og vefnaðariðnaði.

6. HLÍFAR FYRIR BOL, HANDLEGGI OG HENDUR
Hlífðarfatnaður
— Vinna með sýrur og ætandi efni, sótthreinsunarefni og tærandi hreinsiefni.
— Vinna með heit efni eða í nálægð slíkra efna, og þar sem hiti er mikill.
— Vinna við glerplötuframleiðslu.
— Sandblástur.
— Störf í frystiklefum.
Hlífðarsvuntur
— Úrbeining og kjötskurður.

— Vinna þar sem hnífur er dreginn í átt að líkamanum.
Leðursvuntur
— Rafsuða.
— Eldsmíði.
— Málmsteypa.
Hlífar á framhandlegg
— Úrbeining og kjötskurður.
Hanskar
— Rafsuða.
— Mehöndlun á hlutum með hvassar brúnir, þó ekki ef unnið er við vélar þar sem hanski getur fest.
— Vinna við sýrur eða ætandi efni.
Hanskar úr málmneti
— Úrbeining og kjötskurður.
— Vinna þar sem hnífur er notaður reglulega við framleiðslu eða slátrun.
— Þegar skipt er um hnífa í skurðarvélum

7. HLÍFÐARFATNAÐUR GEGN VEÐRI
— Útivinna í regni og kulda.

8. FÖT ÚR ENDURSKINSEFNI
— Vinna þar sem starfsmenn verða að sjást greinilega.

9. FALLVÖRN (ÖRYGGISBELTI)
— Vinna á vinnupöllum og þökum.
— Vinna við uppsetningu á fyrirframgerðum byggingareiningum.
— Vinna við möstur.
— Vinna við gluggaþvott.
— Vinna í göngum og ræsum.
— Vinna uppi í borturnum.
— Vinna á stjórnstöðum lyftikrana hátt yfir umhverfinu.

10. HÚÐVÖRN
— Meðhöndlun á húðunarefnum.
— Sútun.

Nr. 498 31. ágúst 1994

REGLUR

um skjávinnu.

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.
Efni og gildissvið.

1. Með reglum þessum eru gerðar kröfur um öryggi og hollustu við skjávinnu í samræmi við skilgreiningar þær sem fram koma í 2. gr.

2. Reglurnar gilda um skjávinnu á vinnustöðum sem lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum gilda um, sbr. þó þrengri eða sérhæfðari ákvæði sem þessar reglur fela í sér.
3. Reglurnar gilda ekki um:
   a) stýrishús ökutækja eða vélbúnaðar;
   b) tölvukerfi um borð í flutningatækjum;
   c) tölvukerfi sem aðallega eru ætluð til almenningsnota;
   d) „færanleg" kerfi sem ekki eru notuð til frambúðar á ákveðnum stað;
   e) reiknivélar, sjóðvélar og annan tækjabúnað með litlum skjá, þar sem gögn eða mæligildi birtast, sem er nauðsynlegur til að nota tækið beint;
   f) ritvélar af venjulegri gerð, svokallaðar „skjáritvélar".

2. gr.
Skilgreiningar.

Í reglum þessum merkir:

a) *Skjár:* stafa- eða myndskjár, án tillits til þess hvaða aðferð er notuð til birtingar.
b) *Verkstöð:* samsafn búnaðar, að meðtöldum skjá, sem getur verið tengdur hnappaborði, mús eða öðru ílagstæki og/eða hugbúnaði þeim sem sér um samskipti manns og vélar, viðbótarbúnaði, jaðartækjum, þar með talið disklingadrifi, síma, mótaldi, prentara, skjalahaldara, vinnustól og vinnuborði eða vinnufleti, svo og nánasta vinnuumhverfi;
c) *Starfsmaður:* hver sá starfsmaður, sem fellur undir lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, sem iðulega notar skjá við umtalsverðan hluta vinnu sinnar.

II. KAFLI
Skyldur atvinnurekenda.

3. gr.
Úttekt á vinnustöðum.

1. Atvinnurekendur skulu sjá til þess að gerð sé úttekt á verkstöðvum í því skyni að meta hvaða áhrif þær hafa á starfsmenn með tilliti til öryggis og hollustu, einkum að því er varðar hugsanlega áhættu fyrir sjón og líkamlegt og andlegt álag.
2. Atvinnurekendur skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að ráða bót á ástandinu á grundvelli matsins sem um getur í 1. mgr. og taka mið af frekari og/eða samtvinnuðum áhrifum af áhættunni sem þannig er greind.

4. gr.
Nýjar verkstöðvar.

Atvinnurekendur skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að verkstöðvar sem teknar eru í notkun í fyrsta sinn eftir gildistöku þessara reglna uppfylli lágmarkskröfurnar sem tilgreindar eru í viðauka.

5. gr.
Eldri verkstöðvar.

Atvinnurekendur skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að verkstöðvar sem hafa verið teknar í notkun fyrir gildistöku þessara reglna séu lagfærðar þannig að þær uppfylli lágmarkskröfurnar sem tilgreindar eru í viðaukanum eigi síðar en 1. janúar 1997.

6. gr.

Upplýsingar til starfsmanna og þjálfun þeirra.

1. Starfsmenn skulu fá upplýsingar um alla þætti öryggis og hollustu er tengjast verkstöðvum þeirra, einkum upplýsingar um ráðstafanir tengdar úttekt á vinnustað, daglegri vinnutilhögun og augn- og sjónvernd þeirra.
   Í öllum tilvikum ber að upplýsa starfsmenn eða fulltrúa þeirra um allar ráðstafanir á sviði öryggis og hollustu sem gerðar eru samkvæmt þessum reglum.
2. Allir starfsmenn skulu fá starfsþjálfun áður en þeir hefjast handa við skjávinnu og í hvert skipti sem skipulagi verkstöðvar er breytt verulega.

7. gr.

Dagleg vinnutilhögun.

Atvinnurekanda ber að skipuleggja vinnu starfsmanna á þann hátt að dagleg skjávinna sé rofin reglulega með hléum eða vinnu af öðru tagi sem minnkar álag við skjávinnu.

8. gr.

Samráð við starfsmenn og þátttaka þeirra.

Hafa ber samráð við starfsmenn og/eða fulltrúa þeirra og tryggja að samstarf geti orðið sem best um öryggismál, aðbúnað og hollustuhætti, á því sviði sem reglur þessar taka til, að viðaukanum meðtöldum, sbr. 16. gr. laga nr. 46/1980.

9. gr.

Augn- og sjónvernd starfsmanna.

1. Starfsmenn skulu eiga rétt á að hæfur aðili prófi augu þeirra og sjón á viðeigandi hátt:
   - áður en skjávinna hefst,
   - með jöfnu millibili eftir það,
   - ef fram koma vandkvæði tengd sjón sem gætu átt rót að rekja til skjávinnu.
2. Starfsmenn skulu eiga rétt á skoðun hjá augnlækni ef niðurstöður prófsins sem um getur í 1. mgr. gefa til kynna að þess þurfi.
3. Sjá verður starfsmanni fyrir sérstökum búnaði til úrbóta sem hæfir því starfi sem um er að ræða ef niðurstöður prófsins eða skoðunarinnar sem um getur í 1. og 2. mgr. sýna að það sé nauðsynlegt og ekki er hægt að nota venjuleg gleraugu, snertilinsur eða þvíumlíkt.
4. Ráðstafanir sem gerðar eru samkvæmt þessum reglum mega aldrei hafa í för með sér aukakostnað fyrir starfsmenn.

III. KAFLI
Ýmis ákvæði.

10. gr.

Áfrýjun úrskurða.

Ákvörðunum og úrskurðum sem teknir eru samkvæmt reglum þessum af Vinnueftirliti ríkisins má áfrýja samkvæmt 98. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

11. gr.

Undanþágur.

Vinnueftirlitið getur veitt undanþágur frá einstökum ákvæðum þessara reglna vegna tæknilegra breytinga eða þegar aðrar sérstakar ástæður mæla með því.

IV. KAFLI
Refsiákvæði.
12. gr.

Brot á þessum reglum varða ákvæði 99. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

V. KAFLI
Gildistaka.
13. gr.

Reglur þessar eru settar af stjórn Vinnueftirlits ríkisins samkvæmt heimild í 38. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og með hliðsjón af tilskipun 90/270/EBE í XVIII. viðauka samnings um Evrópska efnahagssvæðið. Reglurnar staðfestast hér með til að öðlast gildi við birtingu.

Félagsmálaráðuneytið, 31. ágúst 1994.

F. h. r.
Berglind Ásgeirsdóttir.

Gylfi Kristinsson.

VIÐAUKI.

Fullnægja skal þeim skuldbindingum sem mælt er fyrir um í þessum viðauka til að ná markmiðum reglnanna, í fyrsta lagi með því að sjá til þess að nauðsynlegir þættir séu til staðar við verkstöðina og í öðru lagi með því að bæta úr þeim þáttum sem koma í veg fyrir að markmiðunum verði náð.

1. BÚNAÐUR

a) Almenn athugasemd

Sjálf notkun búnaðarins má ekki fela í sér heilsuvá fyrir starfsmenn.

b) Skjár

Tákn sem sýnd eru á skjá skulu vera skörp, skýr og nægilega stór, og bil milli tákna og milli lína skal vera nægjanlegt.

Skjámyndin skal vera stöðug og laus við flökt og annan óstöðugleika.

Sá sem skjáinn notar skal eiga auðvelt með að stilla birtu á skjá og/eða birtumun milli bakgrunns og tákna og einnig til samræmis við ytri aðstæður.

Skjá skal vera auðvelt að snúa og halla til samræmis við þarfir þess sem notar hann.

Gera skal ráð fyrir notkun sérstaks skjásökkuls eða stillanlegs skjáborðs.

Skjár skal vera laus við glampa og endurvarp ljóss sem valdið getur notanda hans óþægindum.

c) Hnappaborð og mús

Hnappaborð skal vera hallanlegt og aðskilið frá skjánum svo starfsmaður geti unnið í þægilegri líkamsstellingu sem ekki veldur óeðlilegri þreytu í höndum, handleggjum, hálsi eða herðum.

Fyrir framan hnappaborð skal rými vera nægilegt til að hendur og handleggir notanda geti hvílt á borðplötunni.

Til hliðar við hnappaborð skal vera nægilegt borðrými fyrir músina.

Hnappaborð skulu vera með mattri áferð svo ekki glampi á þau.

Fyrirkomulag hnappa og hnapparnir sjálfir skal vera þannig að auðvelt sé að nota hnappaborðið.

Tákn á hnöppum skulu vera nægilega skörp og læsileg í venjulegri vinnustellingu.

d) **Vinnuborð eða vinnuflötur**

Vinnuborð og vinnufletir skulu vera nægilega stór, með yfirborð sem endurvarpar litlu ljósi og þannig að fyrirkomulagi á skjá, hnappaborði, verkefnisskjölum og tilheyrandi búnaði megi breyta eftir þörfum.

Skjalahaldarar skulu vera af þeirri gerð sem hæfir verkefninu, stöðugir og stillanlegir, og komið þannig fyrir að dregið sé sem mest úr óæskilegum vinnustellingum.
Starfsmenn skulu hafa nægilegt rými til að geta komið sér fyrir í þægilegri stellingu.

e) **Vinnustóll**

Vinnustólar skulu vera stöðugir og veita starfsmönnum kost á að hreyfa sig óhindrað og vera í þægilegri líkamsstellingu.

Hæð setu skal vera stillanleg.

Hæð stólbaks svo og halli þess skal vera stillanlegur.

Öllum skal séð fyrir fótskemli sem þess óska.

2. UMHVERFI

a) **Rými**

Verkstöðin skal vera nægilega rúmgóð og þannig skipulögð að notandi geti breytt um líkamsstellingu og líkamshreyfingar.

b) **Lýsing**

Með herbergislýsingu og/eða vinnulýsingu (vinnulömpum) skal séð fyrir því að lýsing sé fullnægjandi og birtumunur á skjá og umhverfi að baki honum hæfilegur þegar höfð er hliðsjón af eðli starfsins og því sem hentar sjón notandans.

Komið skal í veg fyrir glampa og endurskin af skjám og öðrum búnaði með því að laga skipulag vinnustaðar og verkstöðvar að staðsetningu og tæknilegum eiginleikum lýsingar.

c) **Endurskin og glampar**

Verkstöðvar skulu skipulagðar þannig að ekki stafi glampar af ljósgjöfum, svo sem gluggum eða öðrum opum, gegnsæjum eða hálfgegnsæjum veggjum eða búnaði eða veggjum í ljósum lit, og að slíkt valdi eins litlu truflandi endurskini á skjá og framast er kostur.

Á gluggum skal koma fyrir viðeigandi stillanlegum búnaði til að hylja þá þannig að hæfileg birta falli á verkstöðina.

d) **Hávaði**

Þegar verkstöðvum er komið upp skal taka tillit til hávaða frá búnaði sem þar er komið fyrir, einkum með það í huga að hann trufli ekki athygli fólks eða samtöl.

e) **Hiti**
Ekki má stafa svo mikill hiti frá búnaði sem tilheyrir verkstöðvum að hann valdi starfsmönnum óþægindum.

f) **Geislun**
Vegna öryggis og heilsu starfsmanna skal geislun (utan hins sýnilega hluta rafsegulsviðsins) haldið svo lítilli sem framast er unnt.

g) **Raki**
Loftraki skal vera hæfilegur.

3. AÐLÖGUN STARFSMANNS OG BÚNAÐAR

Þegar hugbúnaður er hannaður, valinn eða keyptur eða þegar honum er breytt, og þegar skipulögð eru störf þar sem skjáir eru notaðir, skal atvinnurekandi hafa hliðsjón af eftirfarandi:

a) hugbúnaður skal hæfa því verki sem vinna skal;
b) hugbúnaður skal vera auðveldur í notkun og skal unnt að laga hann að þekkingu eða reynslu notandans eftir því sem við á; ekki má beita tölvukerfi til afkasta- eða gæðaeftirlits án vitundar starfsmanna;
c) tölvukerfi skulu gefa starfsmönnum upplýsingar um hvernig verki miðar;
d) upplýsingarnar skulu gefnar í því formi og með þeim fresti sem hentar notendum;
e) tekið skal tillit til vinnuvistfræðilegra sjónarmiða, sérstaklega hvað snertir störf við meðferð upplýsinga.

31. ágúst 1994 Nr. 499

REGLUR

um öryggi og hollustu þegar byrðar eru handleiknar.

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.
Efni og gildissvið.

1. Reglur þessar gilda um það þegar byrðar eru handleiknar og því fylgir hætta á heilsutjóni, sérstaklega bakmeiðslum, vegna þess hvernig hluturinn er gerður eða að vinnuvistfræðilegar aðstæður eru slæmar.
2. Reglurnar gilda á vinnustöðum sem lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum ná til.

2. gr.
Skilgreining.

Í þessum reglum merkir orðasambandið „að handleika byrðar" það þegar einn eða fleiri starfsmenn flytja byrði úr stað eða styðja við hana. Í því felst að lyfta, setja niður, ýta, draga, bera eða færa til byrði, sem getur verið hlutur/hlutir, fólk eða dýr.

II. KAFLI
Skyldur atvinnurekenda.

3. gr.
Almenn ákvæði.

1. Atvinnurekandi skal gera skipulagsráðstafanir eða nota viðeigandi hjálpartæki, einkum vélbúnað, til að komast hjá því að starfsmenn þurfi að handleika byrðar.
2. Þegar ekki er hægt að komast hjá því að starfsmenn handleiki byrðar skal atvinnurekandi skipuleggja vinnuaðstæður, nota viðeigandi búnað eða sjá starfsmönnum fyrir hjálpartækjum til að draga úr þeirri áhættu sem felst í þessu starfi þeirra og taka þar mið af I. viðauka sem fylgir reglunum.

4. gr.
Skipulag vinnusvæða.

Alls staðar þar sem ekki er hægt að komast hjá því að starfsmenn handleiki byrðar skal atvinnurekandi skipuleggja vinnusvæði á þann hátt að öryggi og hollusta sé sem allra mest þegar byrðar eru handleiknar. Atvinnurekandi skal:

a) meta, fyrirfram ef unnt er, öryggis- og heilbrigðisaðstæður við verk af þessu tagi og einkum skoða hvers eðlis byrðarnar eru og taka þar mið af I. viðauka,
b) forðast eða draga úr hættu á að starfsmenn verði fyrir bakmeiðslum með því að gera viðeigandi ráðstafanir, einkum með tilliti til vinnuumhverfis og taka þar mið af I. viðauka.

III. KAFLI
Framkvæmd vinnu.

5. gr.

1. Við mat á hættu á heilsutjóni við vinnu, þar sem byrðar eru handleiknar, skal meta lögun og ástand byrðarinnar, auk þess nauðsynlega líkamlega áreynslu, eðli vinnunnar og vinnuaðstæður að öðru leyti.
2. Þegar þarf að lyfta fólki skal matið vera í samræmi við 1. tölul. og auk þess tekið sérstakt tillit til áhættu vegna skyndilegs álags.

6. gr.

Vinnuaðstæður þar sem byrðar eru handleiknar skulu vera eins góðar og kostur er. Umferðarleiðir skulu vera greiðfærar til að koma í veg fyrir hættu á að starfsmenn renni til, hrasi o.s.frv. Lýsing skal vera nægileg. Umferðarleiðir skulu vera það rúmar á breidd og hæð að hægt sé að handleika byrðar í uppréttri stöðu, án hættu á heilsutjóni.

7. gr.

Þegar byrðum er staflað skal séð til þess að hægt sé að gera það án hættu á heilsutjóni, með góðri líkamsbeitingu og án hættu á að staflinn falli.

8. gr.

Ef starfsmenn handleika byrðar í sífellu skal hvíla þá með öðru verkefni eða koma fyrir hléum þannig að draga megi úr hættu á heilsutjóni.

Ef starfsmenn handleika byrðar í miklum kulda eða hita skal hvíla þá með annarri vinnu eða hléum til að koma í veg fyrir heilsutjón.

9. gr.

Starfsmenn skulu nota öryggisskó ef hætta er á fótmeiðslum við að handleika byrðar og

vinnuhanska ef hætta er á handmeiðslum vegna byrðarinnar. Þegar þörf er á hlífðarfatnaði vegna heilsuspillandi efna í byrðinni eiga starfsmenn að nota þar til gerð vinnuföt og persónuhlífar. Um framkvæmd þessarar greinar vísast til gildandi reglna um notkun persónuhlífa.

10. gr.

Upplýsingar til starfsmanna og þjálfun þeirra.

1. Starfsmenn eða fulltrúar þeirra skulu fá upplýsingar um allar ráðstafanir sem verða gerðar samkvæmt þessum reglum á sviði öryggis og hollustu.
   Atvinnurekendum er skylt að gæta þess að starfsmenn fái almennar ábendingar og, ef kostur er, nákvæmar upplýsingar um: þyngd hlutar sem handleika á og þungamiðju þyngstu hliðarinnar þegar innihald pakka dreifist ójafnt.
2. Atvinnurekendum ber að tryggja að starfsmenn sem handleika byrðar fái tilsögn í réttri líkamsbeitingu, kennslu í réttri notkun hjálpartækja og upplýsingar um þá áhættu sem þeir kynnu að taka, einkum ef verkin eru ekki unnin rétt, með tilliti til I. og II. viðauka.

11. gr.

Samráð við starfsmenn og þátttaka þeirra.

Hafa ber samráð við starfsmenn og/eða fulltrúa þeirra og tryggja að samstarf geti orðið sem best um öryggismál, aðbúnað og hollustuhætti á því sviði sem reglur þessar taka til, að viðaukum meðtöldum, sbr. 16. gr. laga nr. 46/1980.

IV. KAFLI

Ýmis ákvæði.

12. gr.

Áfrýjun úrskurða.

Ákvörðunum og úrskurðum sem teknir eru samkvæmt þessum reglum af Vinnueftirliti ríkisins má áfrýja samkvæmt 98. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

13. gr.

Undanþágur.

Vinnueftirlitið getur veitt undanþágur frá einstökum ákvæðum þessara reglna vegna tæknilegra breytinga eða þegar aðrar sérstakar ástæður mæla með því.

V. KAFLI

Refsiákvæði.

14. gr.

Brot á þessum reglum varða ákvæði 99. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

V. KAFLI

Gildistaka.

15. gr.

Reglur þessar eru settar af stjórn Vinnueftirlits ríkisins samkvæmt heimild í 38. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og með hliðsjón af

tilskipun 90/269/EBE í XVIII. viðauka samnings um Evrópska efnahagssvæðið. Reglurnar staðfestast hér með til að öðlast gildi við birtingu.

Félagsmálaráðuneytið, 31. ágúst 1994.

F. h. r.
Berglind Ásgeirsdóttir.

Gylfi Kristinsson.

I. VIÐAUKI

1. Byrðin

Burður getur valdið hættu á heilsutjóni, sérstaklega bakmeiðslum, ef:

- byrði er of þung eða of stór,
- byrði er ómeðfærileg eða erfitt er að ná taki á henni,
- byrði er óstöðug eða með innihaldi sem getur færst til,
- starfsmaður verður að halda á byrði út frá líkamanum, eða standa hokinn eða undinn í baki vegna hennar,
- byrði er þannig löguð eða svo hörð að starfsmaður geti meiðst, einkum ef hún rekst í hann.

2. Líkamlegt átak

Líkamlegt átak getur valdið hættu á heilsutjóni, sérstaklega bakmeiðslum, ef:

- það er óhóflegt,
- það krefst þess að undið sé upp á bolinn,
- það veldur hættu á að byrðin færist skyndilega til,
- það sem staðið er á er óstöðugt.

3. Aðstæður við vinnu

Aðstæður við vinnu geta aukið hættu á heilsutjóni, sérstaklega bakmeiðslum, ef:

- rými, einkum í hæðina, er ekki nægilegt til þess verks sem vinna skal,
- gólf er óslétt og hætt er við hrösun, eða gólfið er hált og fótabúnaður starfsmanns hentar ekki,
- vinnustað eða vinnusvæði er þannig háttað að ekki er unnt að meðhöndla byrði í æskilegri vinnuhæð eða með góðri líkamsbeitingu,
- mismunandi hæð er á gólfi eða vinnufleti þar sem byrði er handleikin,
- gólf eða undirstöðuflötur er óstöðugur,
- hiti, raki eða loftræsting er ekki viðunandi.

4. Verkefnið

Verkefnið kann að fela í sér hættu á heilsutjóni, sérstaklega bakmeiðslum, ef eitt eða fleiri eftirtalinna atriða eiga við:

- líkamleg áreynsla er of tíð eða of langvinn, hættan eykst ef reynir mest á hrygginn.
- starfsmaður fær ónógan tíma til líkamlegrar hvíldar eða til að jafna sig eftir áreynslu.
- sú vegalengd sem byrði er borin, lyft eða lækkuð um er óhófleg.
- vinnu er þannig háttað að starfsmaður á þess ekki kost að ráða sjálfur vinnuhraða sínum.

II. VIÐAUKI

Áhættuþættir sem lúta að einstaklingnum

Starfsmaður kann að vera í hættu ef hann:

- hefur ekki líkamlegan styrk til þess verks sem um er að ræða,
- ber óhentug föt, fótabúnað eða aðra persónulega muni,
- hefur ekki til að bera nægilega eða viðeigandi þekkingu eða þjálfun.

31. ágúst 1994 Nr. 500

REGLUR

um hávaðavarnir á vinnustöðum og heyrnareftirlit starfsmanna.

I. KAFLI

Markmið.

1. gr.

Reglum þessum er ætlað að koma í veg fyrir heyrnarskemmdir og skaðleg áhrif af völdum hávaða. Í þeim er að finna ákvæði um ráðstafanir á vinnustöðum sem dragi úr hávaða, tryggi að starfsmenn noti heyrnarhlífar þar sem þess er þörf og að haft verði reglulegt eftirlit með heyrn starfsmanna þar sem við á. Markmið reglnanna er að hávaði á íslenskum vinnustöðum verði undir 85 dB(A) jafngildishávaða á 8 stunda vinnudegi. Taka skal sérstaklega tillit til hávaðavarna um leið og búnaður eða húsnæði er hannað, svo og að velja efni, vinnutilhögun og vinnuaðferðir sem hafa minni hávaða í för með sér. Markmiðið skal vera að draga úr hávaða þar sem hann á upptök sín.

Í I., II. og III. viðauka eru birtar leiðbeiningar um hávaðamælingar og eftirlit með heyrn starfsmanna svo og skilgreiningar hugtaka.

II. KAFLI

Almenn ákvæði.

2. gr.

Á vinnustöðum skal fyrirkomulag, framkvæmd vinnu, vélar, tæki og annar búnaður vera þannig að hávaði sé svo lítill sem kostur er, að teknu tilliti til kostnaðar.

Við hönnun og uppbyggingu fyrirtækja skal við það miðað að jafngildishávaði sem starfsmenn verða fyrir á 8 stunda vinnudegi verði ekki meiri en 85 dB(A). Sama á við um endurnýjun véla og búnaðar.

Í einstökum tilvikum, þar sem tæknilegar, fjárhagslegar eða aðrar forsendur krefjast þess, getur Vinnueftirlit ríkisins veitt undanþágur frá ákvæðum 2. mgr. Viðkomandi fyrirtæki skulu að höfðu samráði við Vinnueftirlit ríkisins gera áætlun um aðgerðir til að draga úr hávaða þannig að þau uppfylli ákvæði 2. mgr.

Vinnueftirlit ríkisins getur veitt starfandi fyrirtækjum hæfilegan frest til að uppfylla ákvæði 1.-2. mgr.

3. gr.

Þeir sem hanna, framleiða, selja og setja upp vélar og annan búnað skulu kappkosta að hávaði sé svo lítill sem kostur er.

Þeir sem selja vélar og vélbúnað skulu láta í té upplýsingar um hávaða sem búnaðurinn gefur frá sér. Vinnueftirlitið getur krafist þess að vélar og vélbúnaður sem gefur frá sér meiri hávaða en 85 dB(A) sé sérstaklega merktur.

4. gr.

Draga verður eins og unnt er með góðu móti úr hættu þeirri sem skapast af því að menn verða fyrir hávaða, einkum við upptök hávaðans, að teknu tilliti til tækniframfara og ráðstafana sem tiltækar eru til að hafa hemil á hávaðanum.

Þar sem jafngildishávaði fer yfir 85 dB(A) eða hámark vegins augnablikshljóðþrýstings er yfir 110 dB(A):

a) skal finna ástæður hávaða umfram mörkin og atvinnurekandinn gera og hrinda í framkvæmd áætlun um ráðstafanir af tæknilegum toga og/eða skipulag vinnunnar, í því skyni að draga eins mikið og unnt er með góðu móti úr því að starfsmenn verði fyrir hávaða;
b) skulu starfsmönnum og fulltrúum þeirra innan fyrirtækisins eða stofnunarinnar veittar viðunandi upplýsingar um hávaða umfram mörkin og ráðstafanir sem gerðar eru samkvæmt a-lið.

Við vinnu sína skulu starfsmenn gæta þess að hávaði skapist ekki að óþörfu og stuðla að því að þær ráðstafanir sem gerðar hafa verið til að draga úr hávaða komi að notum.

5. gr.

Hávaði við vinnu skal metinn og mældur, ef þörf krefur, til að finna starfsmenn og vinnustaði sem um er rætt í þessum reglum og ákvarða aðstæður sem einstök ákvæði reglnanna gilda um.

Atvinnurekandi sér um skipulagningu og framkvæmd heyrnareftirlits, hávaðamælinga og aðgerða til að draga úr hávaða í samráði við öryggisnefnd eða öryggisvörð og öryggistrúnaðarmann eða trúnaðarmann, sbr. reglur nr. 77/1982 um heilbrigðis- og öryggisstarfsemi innan fyrirtækja.

Mat eða mæling skal gefa rétta mynd af daglegum hávaða hjá starfsmanni. Laga skal aðferðir og tæki sem notuð eru að ríkjandi aðstæðum, einkum með tilliti til hávaðans sem mæla skal, hversu lengi hávaði varir, umhverfisþátta og einkenna mælitækjanna. Með aðferðum þessum og tækjum skal vera unnt að ákvarða skilgreind gildi í þessum reglum og ákveða hvort farið hafi verið fram úr þeim mörkum sem sett eru í þessum reglum í einstökum tilvikum. Nota má allar aðferðir sem að minnsta kosti uppfylla ofangreind skilyrði til hávaðamælinganna.

Starfsmenn eða fulltrúar þeirra innan fyrirtækisins eða stofnunarinnar skulu taka þátt í matinu og mælingunum sem kveðið er á um í 1. mgr. Niðurstöðurnar skal endurskoða ef ástæða er til að ætla að þær séu ekki réttar eða ef starfið hefur breyst þannig að verulegu máli skipti.

Gögn sem aflað er samkvæmt þessari grein skulu skráð og varðveitt eins og við á, í samræmi við lög og reglur.

Við varnir gegn hávaða skal svo sem unnt er beita þeirri tækni sem nýtileg er við að draga úr hávaða við upptök hans, draga úr útbreiðslu hans og takmarka endurkast.

6. gr.

Ef líklegt er að jafngildishávaði fari yfir 85 dB(A) eða hámark vegins augnablikshljóðþrýstings sé yfir 110 dB(A) skal gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja:

a) að starfsmenn og/eða fulltrúar þeirra innan fyrirtækisins eða stofnunarinnar fái viðunandi upplýsingar, og þjálfun ef það á við, varðandi:
   — hættu sem heyrn þeirra kann að vera búin af völdum hávaða,
   — ráðstafanir sem gerðar eru samkvæmt þessum reglum,
   — þá skyldu að hlíta verndar- og forvarnarráðstöfunum, í samræmi við landslög,
   — notkun heyrnarhlífa og þýðingu heyrnareftirlits í samræmi við 9. gr;

b) að starfsmönnum og/eða fulltrúum þeirra innan fyrirtækisins eða stofnunarinnar sé veittur aðgangur að niðurstöðum mats og mælinga á hávaða sem gerðar eru samkvæmt 5. gr. og þeim standi til boða skýringar á því hvað niðurstöður þessar þýða.

Á vinnustöðum þar sem líklegt er að jafngildishávaði fari yfir 85 dB(A) er skylt að veita starfsmönnum viðeigandi upplýsingar um hvar og hvenær 7. gr. gildir.

7. gr.

Þar sem jafngildishávaði er 85 dB(A) eða meiri yfir 8 stunda vinnudag og þar sem hámark vegins augnablikshljóðþrýstings verður 110 dB(A) eða meira skulu starfsmenn bera heyrnarhlífar af viðurkenndri gerð sem atvinnurekandi lætur þeim í té að kostnaðarlausu. Þar skulu og vera áberandi aðvaranir um að nauðsynlegt sé að nota heyrnarhlífar til þess að draga úr hættu á heyrnarskemmdum af völdum hávaða. Fræða skal starfsmann um hættu á heyrnarskemmdum þegar unnið er við þessar aðstæður.

Atvinnurekanda er skylt að útvega nógu margar heyrnarhlífar af þeim gerðum sem valdar eru í samráði við hlutaðeigandi. Heyrnarhlífarnar skulu falla að þörfum einstakra starfsmanna og vinnuaðstæðum sem þeir búa við, með tilliti til öryggis þeirra og heilsu.

Heyrnarhlífarnar teljast fullnægjandi ef rétt notkun þeirra dregur úr hávaða til viðkomandi starfsmanns niður fyrir þann hávaða sem um getur í upphafi þessarar greinar.

8. gr.

Í stjórnklefum, verkstjórnarherbergjum og á öðrum stöðum þar sem mikilvægt er að samræður geti átt sér stað skal að því stefnt að utanaðkomandi hávaði sé ekki meiri en 65 dB(A) að jafnaði yfir 8 stundir.

Í mat- og kaffistofum er æskilegt að utanaðkomandi hávaði sé ekki meiri en 60 dB(A) að jafnaði þann tíma sem notkun stendur yfir.

Á skrifstofum og öðrum stöðum þar sem gerðar eru miklar kröfur til einbeitingar og samræður eiga að geta átt sér stað óhindrað skal leitast við að utanaðkomandi hávaði sé ekki meiri en 50 dB(A) að jafnaði yfir 8 stundir.

III. KAFLI
Heyrnareftirlit.

9. gr

Eftir því sem við verður komið skal árlega mæla heyrn hjá þeim starfsmönnum sem ætla má að verði fyrir hávaða yfir 85 dB(A). Þar sem liggja fyrir mælingar á jafngildishávaða er þó einungis skylt að mæla heyrn hjá þeim sem gegna störfum sem hafa í för með sér jafngildishávaða yfir 8 stunda vinnudag sem er 85 dB(A) eða meira og þeim sem verða fyrir vegnum augnablikshljóðþrýstingi 110 dB(A) eða meiri.

Tilgangur eftirlitsins er að varðveita heyrn og greina hvers konar heyrnartap sem rekja má til hávaða.

Atvinnurekandi skal sjá um að heyrnarmæling fari fram og er starfsmönnum skylt að gangast undir hana. Notkun heyrnarhlífa leysir viðkomandi ekki undan heyrnarmælingu.

Heyrnarmæling skal framkvæmd af Heyrnar- og talmeinastöð Íslands eða heilsugæslustöð sem hefur til þess aðstöðu, í samráði við Heyrnar- og talmeinastöðina.

Heildaryfirlit um niðurstöður mælinga á hverjum vinnustað skal birta atvinnurekanda-/öryggisverði og öryggistrúnaðarmanni/trúnaðarmanni. Yfirlitið skal enn fremur sent Vinnueftirliti ríkisins. Læknir sá og/eða yfirvald sem annast heyrnareftirlit skal veita viðeigandi leiðbeiningar um allar verndar- og/eða forvarnarráðstafanir sem gera ber með tilliti til einstaklinga.

10. gr.

Heyrnarmælingu skal gera á tíðnistigunum 500, 1000, 2000, 3000, 4000, 6000 og 8000 rið. Jafnframt heyrnarmælingu skal skrá atvinnusögu viðkomandi síðustu árin.

11. gr.

Greinist breytingar á heyrn viðkomandi eða komi í ljós önnur einkenni heyrnardeyfu skal fara fram nánari athugun á heyrninni. Heyrnar- og talmeinastöð Íslands skilgreinir hvenær þörf er nánari athugana, og að höfðu samráði við Vinnueftirlit ríkisins skilgreinir stöðin einnig heyrnartap sem talið er afleiðing hávaða.

12. gr.

Nota má allar aðferðir til eftirlits með heyrn starfsmanna sem að minnsta kosti uppfylla skilyrði 9. gr.

Viðkomandi starfsmanni skal greint frá niðurstöðum heyrnarmælinga.

Meint heyrnartap af völdum hávaða á vinnustöðum skal tilkynna Vinnueftirliti ríkisins og landlækni.

IV. KAFLI
Önnur ákvæði.

13. gr.

Atvinnurekandi skal láta gera hávaðamælingar á vinnustöðum eftir því sem aðstæður gefa tilefni til. Vinnueftirlit ríkisins getur krafist þess að gerðar séu hávaðamælingar, sbr. 18. gr. laga nr. 46/1980. Þar sem grunur leikur á að hávaði sé 85 dB(A) eða meiri eða aðstæður gefa að öðru leyti tilefni til getur öryggistrúnaðarmaður eða trúnaðarmaður krafist þess að gerðar séu hávaðamælingar. Aðeins má krefjast víðtækra mælinga hafi einfaldar mælingar sýnt fram á nauðsyn þess. Heyrnar- og talmeinastöð Íslands er heimilt að framkvæma hávaðamælingar í tengslum við heyrnarmælingar.

Hávaðamælingar skulu gerðar eftir viðurkenndum stöðlum samkvæmt ákvörðun Vinnueftirlits ríkisins.

14. gr.

Samstarfsnefnd sem í eiga sæti fulltrúar Vinnueftirlits ríkisins, Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands og tveir fulltrúar aðila vinnumarkaðarins sem stjórn Vinnueftirlits ríkisins tilnefnir skal fjalla um framkvæmd heyrnareftirlits og stuðla að nauðsynlegu samstarfi stofnana og samtaka sem þessi mál varða.

15. gr.

Með brot gegn þessum reglum skal fara eftir ákvæðum 99. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

16. gr.

Ákvörðun, sem Vinnueftirlit ríkisins tekur samkvæmt reglum þessum, má skjóta til stjórnar stofnunarinnar innan fjögurra vikna frá því viðkomandi var tilkynnt ákvörðunin, sbr. 98. gr. laga nr. 46/1980.

Reglur þessar eru settar af stjórn Vinnueftirlits ríkisins samkvæmt 29., 32., 38., 43., 67. og 69. gr. laga nr. 46/1980 að höfðu samráði við heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið að því er varðar þátt Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands. Reglurnar eru settar með hliðsjón af ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í 6. tölul. XVIII.

viðauka, tilskipun 86/188/EBE um verndun starfsmanna gegn hættum vegna hávaða á vinnustöðum. Reglurnar staðfestast hér með til að öðlast gildi við birtingu og um leið falla úr gildi eldri reglur nr. 77/1986 um hávaðavarnir á vinnustöðum og heyrnareftirlit starfsmanna.

Félagsmálaráðuneytið, 31. ágúst 1994.

F. h. r.
Berglind Ásgeirsdóttir.

Gylfi Kristinsson.

I. VIÐAUKI
LEIÐBEININGAR UM HÁVAÐAMÆLINGAR.

A 1. Almennt

Stærðir þær sem skilgreindar eru í III. viðauka skulu annaðhvort:
i) mældar beint með tegurhljóðmælum, eða
ii) reiknaðar út frá mælingum á hljóðþrýstingi og þeim tíma sem hávaði varir.
Heimilt er að mæla á þeim stað eða stöðum þar sem starfsmenn eru við vinnu sína eða með mælitækjum sem fest eru við manninn.

Mæla verður á þannig stöðum og svo lengi að skrá megi jafngildishávaða á starfsmenn yfir heilan vinnudag.

2. Mælibúnaður

2.1 Séu meðaltals—tegurhljóðmælar notaðir skulu þeir samrýmast IEC-staðli 804.

Séu hljóðmælar notaðir skulu þeir samrýmast IEC-staðli 651. Mælitæki sem gefa yfirálag til kynna eru tekin fram yfir önnur.

Séu gögn geymd á segulbandi, þannig að það sé millistig í mælingunni, skal taka hugsanlegar villur vegna upptöku til greina þegar gögnin eru greind.

2.2 Tæki sem notað er til að mæla beint hámarksgildi augnablikshljóðþrýstings skal ekki hafa lengri tímastuðul en 100 μs.

2.3 Allan búnað skal stilla á rannsóknarstofu með hæfilegu millibili.

3. Mælingar

3.1 Eftirlit á staðnum skal viðhaft við upphaf og lok hvers mælidags.

3.2 Helst ætti að mæla hljóðþrýsting á vinnustað í ótrufluðu hljóðsviði á vinnustaðnum (þ.e. þegar hlutaðeigandi einstaklingur er fjarverandi) og með hljóðnema staðsettan þar sem áhrifa hávaðans á eyrað gætir venjulega mest.
Ef nauðsynlegt er að einstaklingurinn sé viðstaddur skal annaðhvort:
i) staðsetja hljóðnemann hæfilega langt frá höfðinu til að áhrif hljóðbrots og fjarlægðar á mæligildið séu svo lítil sem kostur er (hæfileg fjarlægð er 0,10 m), eða
ii) gera leiðréttingar eins og við á til að ákvarða megi jafngildan þrýsting í ótrufluðu hljóðsviði, þurfi að setja hljóðnemann mjög nálægt líkamanum.

3.3 Tímavegnir útreikningar með „S" og „F" eru almennt áreiðanlegir ef mælitímabilið er langt í samanburði við útreikninga með tilteknum tímastuðli, en þeir henta ekki til að ákvarða $L_{Aeq,Te}$ þegar hávaðastigið breytist mjög ört.

3.4 Óbeinar mælingar á jafngildishávaða.
Hægt er að finna nálgun við niðurstöður beinna mælinga á $L_{Aeq,Te}$ ef vitað er hversu lengi hávaði varir og mælingar liggja fyrir á hljóði af mismunandi styrk, sem auðvelt er að greina á milli. Aðferð er byggist á úrtaki ásamt staðaldreifingu kann að vera gagnleg.

4. Nákvæmni hávaðamælinga og áhrifin metin
Gerð mælitækisins og staðalfrávik niðurstaðnanna hafa áhrif á nákvæmni mælinganna. Þegar niðurstöður eru bornar saman við hávaðamörk segir mælinákvæmnin til um það hvort hægt er að kveða upp úr um hvort farið sé yfir mörkin eður ei; sé það ekki unnt þarf að mæla á ný með meiri nákvæmni.
Mælingar sem gerðar eru með mestri nákvæmni gera ætíð kleift að kveða úr um þetta.

B Skammtímamælingar með venjulegum hljóðmæli duga fullvel fyrir starfsmenn sem hafa fasta vinnuaðstöðu og vinna endurtekin verk sem valda svipuðum hávaða, á breiðu tíðnisviði, yfir vinnudaginn. Ef hljóðþrýstingurinn sem starfsmaður býr við er mjög sveiflukenndur og/eða ekki háttbundinn verður æ flóknara að meta jafngildishávaða á starfsmann; nákvæmasta aðferðin er því að fylgjast með hávaðanum yfir allan vinnutímann með meðaltals-tegurhljóðmæli.

Þegar meðaltals-tegurhljóðmælir sem samrýmist IEC-staðli 804 (sem hentar vel til að mæla jafngildi samfellds hljóðþrýstings af högghávaða) uppfyllir að minnsta kosti forskriftir 1. flokks og hefur nýlega verið rétt stilltur á rannsóknarstofu, og þegar hljóðnema hefur verið rétt komið fyrir (sbr. atriði 3.2 hér að framan) er með vissum undantekningum unnt að meta hvort hávaðinn sé umfram mörk (sbr. 4. atriði), jafnvel þar sem aðstæður eru flóknar. Aðferðin er því almennt nothæf og hentar vel sem viðmiðun.

II. VIÐAUKI
LEIÐBEININGAR UM EFTIRLIT MEÐ HEYRN STARFSMANNA.

Við eftirlit með heyrn starfsmanna skal tekið mið af eftirfarandi atriðum:

1. Eftirlit skal fara fram í samræmi við starfsvenjur atvinnusjúkdómafræðinnar og í því skal felast:
   — eftir því sem við á, fyrsta skoðun, gerð áður en starfsmaður verður fyrir áhrifum hávaða eða um það leyti sem áhrifin hefjast,
   — regluleg skoðun, svo tíð sem hættan býður og læknir ákvarðar.
2. Við hverja skoðun skal að minnsta kosti gerð eyrnaspeglun ásamt heyrnarmælingu, þar sem mæld eru greinimörk fyrir hreina tóna með loftleiðni í samræmi við 5. atriði hér að neðan.
3. Við fyrstu skoðun skal heilsufarssaga athuguð; endurtaka ber fyrstu eyrnaspeglun og heyrnarmælingu innan 12 mánaða.
4. Regluleg skoðun skal gerð fimmta hvert ár hið minnsta, ef jafngildishávaði á starfsmann helst innan við 85 dB(A).
5. Heyrnarmælingin skal samrýmast forskriftum ISO-staðals 6189-1983, með eftirfarandi viðbótum:
   Heyrnarmælingin nær einnig yfir tíðnina 8000 rið; umhverfishljóð gera kleift að mæla greinimörk heyrnar jöfn 0 dB samkvæmt ISO-staðli 389-1975.
   Þó er heimilt að nota aðrar aðferðir ef þær gefa sambærilegar niðurstöður.

III. VIÐAUKI
SKILGREININGAR HUGTAKA.

Með „hávaða“ er í þessum reglum átt við óæskilegt heyranlegt hljóð. Hávaðinn er gefinn upp í einingunni desibel A (dB(A)). Er þar átt við hljóðþrýstistig miðað við viðmiðunarþrýsting 20 µPa þegar hljóðið er vegið eftir tíðni samkvæmt A-tíðnisíu.

Með jafngildishávaða er átt við vegið meðaltal orkuinnihalds hávaðans miðað við tíma.

Daglegur jafngildishávaði $L_{EP,d}$

Daglegur jafngildishávaði er gefinn upp í einingunni dB(A) og er eftirfarandi jafna notuð:

$$L_{EP,d} = L_{Aeq,T_e} + 10\log_{10}\frac{T_e}{T_0}$$

þar sem:

$$L_{A_{eq},T_e} = 10\log_{10}\left\{\frac{1}{T_e}\int_0^{T_e}\left[\frac{p_a(t)}{p_0}\right]^2 dt\right\}$$

T_e = lengd tímans sem hávaði á starfsmann varir,

T_0 = 8 klst. = 28 800 sek.,

P_0 = 20 µPa,

P_A = „A“—veginn augnablikshljóðþrýstingur í paskölum í lofti við venjulegan loftþrýsting, sem einstaklingur er e.t.v. fer frá einum stað til annars við vinnu sína verður fyrir. Hann er ákvarðaður með mælingum þar sem eyru starfsmanns eru meðan hann er að vinnu, að honum fjarverandi ef kostur er, með aðferð sem hefur svo lítil áhrif á hljóðsviðið sem unnt er.

Þurfi að setja hljóðnemann nálægt líkamanum skal gera leiðréttingar eins og við á til að ákvarða megi jafngildan þrýsting í ótrufluðu hljóðsviði.

Þegar daglegur jafngildishávaði er mældur er ekki tekið tillit til heyrnarhlífa, séu þær notaðar.

Vikumeðaltal dagsgildanna $L_{EP,w}$

Vikumeðaltal dagsgildanna er fundið með eftirfarandi jöfnu:

$$L_{EP,w} = 10\log_{10}\left[\frac{1}{5}\sum_{k=1}^{m}10^{0,1(L_{EP,d})_k}\right]$$

þar sem $(L_{EP,d})_k$ eru gildi $L_{EP,d}$ fyrir hvern hinna m vinnudaga viku þeirrar sem til athugunar er.

REGLUR

um gerð persónuhlífa.

I. KAFLI
Gildissvið og skilgreining.

1. gr.

1. Reglur þessar gilda um persónuhlífar sem settar eru á markað og ætlaðar eru til notkunar á vinnustöðum sem lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum gilda um. Reglurnar gilda jafnframt um persónuhlífar sem seldar eru eða leigðar jöfnum höndum til notkunar við atvinnurekstur og einkanota almennings, séu þær ekki háðar öðrum lögum eða reglum.
2. Í reglum þessum er kveðið á um skilyrði fyrir markaðssetningu persónuhlífa innan Evrópska efnahagssvæðisins (EES) svo og grunnkröfur um öryggi sem þær verða að uppfylla til að tryggja heilsuvernd og öryggi notenda.
3. Reglur þessar gilda ekki um:
   a) persónuhlífar sem sérstaklega eru hannaðar og framleiddar til nota við löggæslu,
   b) sjálfsvarnarbúnað til einkanota,
   c) persónuhlífar sem ætlaðar eru og framleiddar eru til einkanota gegn áhrifum veðurfars, raka, vatni og hita,
   d) persónuhlífar sem ætlaðar eru til hlífðar eða björgunar mönnum um borð í skipum eða loftförum og ekki eru bornar að staðaldri,
   e) hjálma og hjálmskyggni ætluð fyrir notendur ökutækja sem eru á tveimur eða þremur hjólum.

2. gr.

1. Í reglum þessum er orðið persónuhlíf notað um hvers konar búnað eða tæki, sem einstaklingar klæðast eða halda á, sér til verndar gegn hættu eða hættum er ógna heilsu eða öryggi þeirra.
2. Orðið persónuhlíf getur auk þess átt við:
   a) íhluta í persónuhlíf sem hægt er að skipta um og eru ómissandi fyrir eðlileg not hennar og notast eingöngu í slíkum búnaði,
   b) öll kerfi sem ætluð eru til notkunar ásamt persónuhlífum til að tengja þær við annan aukabúnað og teljast óaðskiljanlegur hluti af þeim búnaði jafnvel þótt ekki sé ætlast til að notandi klæðist eða haldi stöðugt á þeim á meðan hættan steðjar að.

3. gr.

Í þessum reglum merkir samræmdur staðall texta sem inniheldur tækniforskriftir samkvæmt evrópskum staðli eða samhæfingarskjali sem Evrópsku staðlasamtökin (CEN) eða Evrópsku rafstaðlasamtökin (CENELEC) hafa samþykkt.

II. KAFLI
Almenn ákvæði.

4. gr.

1. Eingöngu má setja á markaðinn persónuhlífar sem vernda heilsu og tryggja öryggi notenda án þess að hafa neikvæð áhrif á heilsu eða öryggi annarra þegar þær eru notaðar eins og ætlast er til og þeim er haldið við sem skyldi.

2. Persónuhlífar eins og um getur í 1. og 2. tölul. 1. gr. verða að fullnægja grunnkröfum um heilsuvernd og öryggi sem tilgreindar eru í I. viðauka.
3. Líta verður svo á að persónuhlífar sem eru framleiddar, prófaðar og merktar samkvæmt samræmdum staðli, uppfylli þær grunnkröfur sem um getur í I. viðauka.
4. Óheimilt er að setja á markað hér á landi persónuhlífar sem falla undir gildissvið þessara reglna nema þær séu merktar með CE-merkinu sem getið er um í III. kafla.

5. gr.

1. Heimilt er að setja á markað hér á landi án takmarkana eða hindrana persónuhlífar eða íhluta í persónuhlífar, sem merkt eru með CE-merkinu, ef það uppfyllir öll ákvæði þessara reglna, þar með talin ákvæði sem taka til vottunarferilsins í 7., 8., 9. og 10 gr.
2. Heimilt er ennfremur að setja á markað hér á landi án takmarkana eða hindrana íhluta í persónuhlífar, sem ekki eru merktir CE-merkinu og ætlaðir eru til nota í persónuhlífar, að því tilskildu að þeir séu ekki ómissandi við eðlileg not þeirra.
3. CE-merkið má eingöngu setja á persónuhlífar sem eru framleiddar í samræmi við ákvæði þessara reglna, sbr. sérstaklega 7. og 11 gr.
4. a) Ef persónuhlífarnar falla undir ákvæði annarra reglna sem taka til annara þátta og kveða einnig á um að setja skuli CE-merki á vörur, gefur þetta merki til kynna að viðkomandi persónuhlífar teljist einnig vera í samræmi við ákvæði þeirra.
   b) Heimili ein eða fleiri þessara reglna framleiðanda að velja hvaða fyrirkomulag hann notar á aðlögunartíma sýnir CE-merkið að það sé eingöngu í samræmi við ákvæði þeirra reglna sem framleiðandi beitir. Í þessu tilviki skulu tilvísanir í þær reglur sem beitt er koma fram í þeim skjölum, auglýsingum eða fyrirmælum sem krafist er í reglunum og fylgja slíkum persónuhlífum.

6. gr.

Persónuhlífar sem ekki uppfylla ákvæði 4. og 5. gr. má kynna á kaupstefnum og sýningum, svo fremi athygli sé vakin á því, með viðeigandi tilkynningu, að viðkomandi persónuhlífar uppfylli ekki kröfur þessara reglna og að bannað sé að eignast eða nota þær.

7. gr.

Áður en persónuhlíf er sett á markað skal framleiðandi eða umboðsmaður hans innan EES taka saman þau tæknilegu gögn sem tilgreind eru í II. viðauka. Vinnueftirlitið getur krafist þess að þessi tæknilegu gögn verði lögð fram.

8. gr.

1. Áður en raðframleiðsla persónuhlífa hefst skal framleiðandi eða umboðsmaður hans innan EES afhenda eintak til EB-gerðarprófunar hjá samþykktum skoðunaraðila innan EES í samræmi við þau ákvæði sem um getur í VI. viðauka.
2. Undanþegnar EB-gerðarprófun sem um getur í 1. tölul. eru persónuhlífar sem eingöngu er ætlað að vernda notanda gegn:
   a) minni háttar ákomum,
   b) hreinsiefnum með vægri verkun sem auðvelt er að bæta úr,
   c) hættu er stafar af meðhöndlun hluta sem eru 50°C heitir eða minna,
   d) veðri, nema það sé afbrigðilegt,
   e) vægu hnjaski og titringi sem hefur ekki áhrif á mikilvæga líkamshluta og veldur ekki óbætanlegum meiðslum,
   f) sólarljósi.

9. gr.

1. Framleiðandi skal sjá um að fram fari eftirlit með framleiðslu á eftirfarandi persónuhlífum:
   a) öndunartækjum með síu sem ætlað er til varnar gegn úðunarefnum í fljótandi eða föstu formi eða gegn ertandi, hættulegum, eitruðum eða geislavirkum lofttegundum,
   b) öndunartækjum sem einangra notanda að fullu frá andrúmsloftinu,
   c) persónuhlífum sem veita einungis tímabundna eða takmarkaða vörn gegn efnaáreiti eða jónandi geislun,
   d) neyðarbúnaði sem nota skal í háhitaumhverfi þar sem áhrifin eru sambærileg og við lofthita, sem er 100°C eða hærri, með eða án áhrifa frá innrauðum geislum, eldtungum eða umtalsverðum slettum bráðinna efna,
   e) neyðarbúnaði sem nota skal í mjög köldu umhverfi þar sem áhrif eru sambærileg og við lofthita sem er -50°C eða lægri,
   f) persónuhlífum til að verjast falli úr vissri hæð,
   g) persónuhlífum sem veita vörn gegn raflosti og hættulegri rafspennu eða eru notaðar sem einangrun fyrir þá er vinna við háspennu.
2. Framleiðandi skal notast við annað þeirra eftirlitskerfa sem tilgreind eru í VII. viðauka, sbr. jafnframt 15. gr.

III. KAFLI
EB-yfirlýsing um samræmi og CE-merki.

10. gr.

1. EB-samræmisyfirlýsingin er það ferli sem framleiðandi eða fulltrúi hans innan EES útbýr fyrir hverja gerð persónuhlífar eftir fyrirmyndinni í V. viðauka og vottar að persónuhlífar sem hann setur á markaðinn séu í samræmi við ákvæði þessara reglna. Vinnueftirlitið getur krafist þess að yfirlýsingin sé lögð fram.
2. Framleiðandinn skal merkja hverja persónuhlíf með „CE"-merki um samræmi eins og um getur í 11. gr.

11. gr.

1. CE-samræmismerkið skal samanstanda af hástöfunum CE með því útliti sem sýnt er í sýnishorninu í III. viðauka. Ef samþykktur aðili tekur þátt í eftirliti með framleiðsluferlinu eins og tilgreint er í VII. viðauka skal bæta við kenninúmeri hans.
2. CE-merkið skal sett á hverja framleidda persónuhlíf þannig að það sé sýnilegt, læsilegt og óafmáanlegt allan þann tíma er ætla má að persónuhlífin verði í notkun; sé þetta ekki hægt vegna eiginleika vörunnar má setja CE-merkið á umbúðirnar.
3. Óleyfilegt er að setja á persónuhlífar merki sem líklegt er að villi um fyrir þriðja aðila hvað varðar þýðingu og form CE-merkisins. Setja má hverskonar aðrar merkingar á persónuhlífar eða umbúðir þeirra að því tilskildu að þær hindri ekki að CE-merkið sjáist vel og sé vel læsilegt.

IV. KAFLI
Notkunarleiðbeiningar.

12. gr.

1. Framleiðandi skal útbúa notkunarleiðbeiningar sem skulu fylgja með þeim persónuhlífum sem hann setur á markað.

2. Í notkunarleiðbeiningunum skulu vera þær upplýsingar sem tilgreindar eru í I. viðauka tölul. 1.4.

V. KAFLI
EB-gerðarprófun.

13. gr.

1. Vinnueftirlit ríkisins viðurkennir þá aðila sem taka að sér gerðarprófanir samkvæmt ákvæðum þessara reglna og eru á skrá hjá stjórnvöldum aðildarríkjanna innan EES.
2. Þeir aðilar sem um getur í 1. tölul. skulu uppfylla þær grunnkröfur sem gerðar eru í IV. viðauka.
3. Viðurkenning sem um getur í 1. tölul. getur verið skilyrt og takmörkuð.
4. Viðurkenning sem um getur í 1. tölul. fellur úr gildi uppfylli viðkomandi aðili ekki lengur þær kröfur sem gerðar eru í IV. viðauka.

14. gr.

1. Gerðarprófun og útfylling á EB-prófunarvottorði skal vera í samræmi við þau ákvæði sem sett eru í VI. viðauka.
2. Hlutaðeigandi skoðunaraðila skal tilkynnt um sérhverja breytingu á persónuhlíf sem prófunarvottorðið nær yfir. Skoðunaraðilinn sker úr um hvort breytingin er það veruleg, miðað við útgefið prófunarvottorð, að viðkomandi persónuhlíf skuli gangast undir nýja gerðarprófun.
3. Skoðunaraðilinn getur ógilt áður útgefið vottorð um gerðarprófun komi seinna í ljós að það eintak sem lagt var til grundvallar prófunarvottorðinu uppfyllir ekki kröfurnar í I. viðauka.
4. Neiti skoðunaraðili að gefa út vottorð um EB-gerðarprófun skal hann tilkynna það öðrum samþykktum skoðunaraðilum innan EES. Skoðunaraðili sem ógildir áður útgefið prófunarvottorð skal tilkynna það hlutaðeigandi stjórnvaldi í aðildarríkinu sem veitti samþykkið. Það stjórnvald tilkynnir stjórnvöldum hinna aðildarríkjanna innan EES um það.

VI. KAFLI
Eftirlit með framleiddum persónuhlífum.

15. gr.

1. Framleiðandi skal sjá um að eftirlit með framleiðslu á persónuhlífum sem um getur í 9. gr. fari fram á eftirfarandi hátt:
   a) Hjá samþykktum aðila sem um getur í 13. gr.
   b) Með viðurkenningu og eftirliti á gæðastýringarkerfi framleiðanda af aðila sem hefur heimild til að votta gæðastýringarkerfið samkvæmt gildandi reglum þar um.
2. Nánari ákvæði um eftirlitið samkvæmt 1. tölul. a)-lið eru tilgreind í A-hluta VII. viðauka.
3. Nánari ákvæði um eftirlitið samkvæmt 1. tölul. b)-lið eru tilgreind í B-hluta VII. viðauka.

VII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

16. gr.

1. Vinnueftirlit ríkisins hefur eftirlit með framkvæmd reglna þessara. Það getur þó samþykkt aðra aðila til þess að fara með slíkt eftirlit að hluta eða öllu leyti, sbr. 1. mgr. 80. gr. laga nr. 46/1980, og fylgist þá með eftirliti slíkra aðila.
2. Um samskipti Vinnueftirlitsins og annarra stjórnvalda við önnur aðildarríki og framkvæmdarstjórn EB fer, að öðru leyti en því sem kveðið er á um í reglum þessum,

samkvæmt tilskipun 89/686/EBE sem vísað er til í 1. tölul., XXII. kafla, II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

VIII. KAFLI
Áfrýjun úrskurða.
17. gr.

Ákvörðunum sem teknar eru samkvæmt reglum þessum af Vinnueftirliti ríkisins sem og úrskurðum má áfrýja samkvæmt 98. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

IX. KAFLI
Refsiákvæði.
18. gr.

Brot á reglum þessum varða ákvæði 99. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

X. KAFLI
Gildistaka.
19. gr.

Reglur þessar eru settar af stjórn Vinnueftirlits ríkisins samkvæmt heimild í 38. og 47. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Jafnframt staðfestir ráðuneytið ákvæði 1. gr. reglnanna samkvæmt 3. mgr. 3. gr. laga nr. 46/1980. Reglurnar eru settar með hliðsjón af ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sem vísað er til í 1., tölul. XXII. kafla, II. viðauka, tilskipun 89/686/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna um persónuhlífar, eins og henni var breytt með tilskipunum 93/95/EBE og 93/68/EBE. Reglur þessar öðlast gildi við birtingu. Þó er heimilt að selja persónuhlífar sem ekki uppfylla reglur þessar til 1. janúar 1996, enda hafi þær verið fluttar til landsins eða framleiddar innanlands fyrir 1. janúar 1995 og uppfylli þær kröfur sem gerðar hafa verið fram til þessa.

Félagsmálaráðuneytið, 31. ágúst 1994

F. h. r.
Berglind Ásgeirsdóttir.

Gylfi Kristinsson.

I. VIÐAUKI
GRUNDVALLARKRÖFUR VARÐANDI HOLLUSTU OG ÖRYGGI.

1. ALMENNAR KRÖFUR UM ALLAR PERSÓNUHLÍFAR
Persónuhlífar skulu veita fullnægjandi vernd gegn allri fyrirliggjandi hættu.

1.1. **Meginreglur um hönnun**
1.1.1. *Nothæfi*

Persónuhlífar skulu hannaðar og framleiddar þannig að notandi þeirra geti við fyrirsjáanlegar aðstæður unnið með venjulegum hætti áhættusöm verk og notið við það viðeigandi verndar sem er eins góð og frekast er kostur.

1.1.2. *Verndarstig og verndarflokkar*

1.1.2.1. Hámarksvörn

Til að ná sem mestri vörn skal leggja til grundvallar við hönnun að óhagræði af notkun persónuhlífar má ekki vera því til fyrirstöðu að hún sé í raun notuð af þeim sem hún er ætluð meðan hann er í hættu eða vinnur viðkomandi verk á eðlilegan hátt.

1.1.2.2. Röðun í verndarflokka eftir mismunandi hættustigi

Nú eru aðstæður við notkun þannig að unnt er að aðgreina mismunandi stig sömu hættu og skal þá við hönnun persónuhlífar gera ráð fyrir viðeigandi verndarflokkum.

1.2. **Persónuhlífar skulu í sjálfu sér vera skaðlausar**

1.2.1. *Engin hætta eða aðrir ókostir stafa af hlífunum sjálfum*

Við hönnun og framleiðslu persónuhlífa skal þess gætt að ekki stafi af þeim hætta eða aðrir ókostir við fyrirsjáanlegar notkunaraðstæður.

1.2.1.1. Ákjósanleg efni í persónuhlífum

Efni í persónuhlífum, svo og þau efni sem kunna að myndast við niðurbrot þeirra, mega ekki vera skaðlegar heilsufari notandans.

1.2.1.2. Viðeigandi yfirborð alls staðar þar sem persónuhlíf er í snertingu við notandann.

Á þeim hlutum persónuhlífa sem snerta eða snert geta notandann meðan hann notar þær mega hvergi vera ójöfnur, hvassar brúnir, oddar eða annað sem valdið getur óhóflegri ertingu eða sárum.

1.2.1.3. Óhagræði fyrir notanda

Persónuhlíf skal skerða sem minnst hreyfifrelsi notandans eða draga úr næmi skilningarvita hans, og má ekki heldur verða honum tilefni til hreyfinga sem valda honum eða öðrum hættu.

1.3. **Þægindi og notagildi**

1.3.1. *Persónuhlíf löguð að líkamsbyggingu notanda*

Persónuhlíf skal þannig hönnuð og framleidd að hana megi auðveldlega setja rétt á notanda og að hún geti verið þar eins lengi og búist er við að hennar sé þörf þegar hafðar eru í huga breytilegar umhverfisaðstæður, hreyfingar og líkamsstellingar notanda. Skal því vera unnt að laga persónuhlíf sem best að líkamsbyggingu notanda með hverjum þeim hætti sem við á, svo sem með fullnægjandi stillingar- eða festibúnaði eða fullnægjandi stærðaúrvali.

1.3.2. *Léttleiki og ending*

Persónuhlíf skal vera eins létt og unnt er án þess að það skerði endingu hennar eða notagildi.

Auk þess að standast þær sérkröfur sem gerðar eru í 3. lið um raunhæfa vernd gegn þeim hættum sem um er að ræða verður persónuhlíf að standast allt ytra álag sem hlýtur að fylgja fyrirsjáanlegri notkun hennar.

1.3.3. *Skilyrði um að nota megi saman ýmsa flokka eða gerðir persónuhlífa sem ætlaðar eru til notkunar samtímis*

Nú setur framleiðandi á markað persónuhlífar í mismunandi flokkum eða af mismunandi gerðum, ætlaðar til að verja samtímis líkamshluta sem liggja hver að öðrum, og skal þá vera unnt að nota þær saman.

1.4. **Upplýsingar sem framleiðandi veitir**

Í notkunarleiðbeiningum sem framleiðandi skal semja og láta í té með þeim persónuhlífum sem hann setur á markað skulu auk nafns og póstfangs framleiðandans og/eða umboðsmanns hans innan EES vera allar nauðsynlegar upplýsingar um:

a) geymslu, notkun, hreinsun, viðhald, viðgerðir og sótthreinsun. Þau efni sem framleiðandi mælir með til hreinsunar, viðhalds eða sótthreinsunar eiga ekki vera skaðleg hlífunum eða notendum þeirra ef leiðbeiningunum er fylgt,
b) gagnsemi persónuhlífanna samkvæmt tæknilegum prófunum sem fram fara til að sannreyna hve mikla vernd þær veita eða verndarflokk þeirra,
c) viðbótarbúnað sem fáanlegur er með persónuhlífum og hvers konar varahlutir hæfa þeim,
d) vernd sem hæfir mismunandi hættustigum og samsvarandi notkunartakmörk,
e) endingartíma persónuhlífanna eða ákveðinna íhluta þeirra,
f) viðeigandi flutningsumbúðir utan um persónuhlífar,
g) þýðingu merkinga, ef um þær er að ræða (sjá 2.12),
h) ef við á, tilvísanir í reglur sem gilda í samræmi við b-lið 4. tölul. 5. gr.,
i) nafn, heimilisfang og kenninúmer samþykkts aðila sem starfar á hönnunarstigi persónuhlífanna.

Notkunarleiðbeiningar skulu vera skýrar og skiljanlegar og ritaðar á að minnsta kosti einu opinberu máli eða málum þess aðildarríkis sem senda á þær til.

2. FREKARI KRÖFUR SEM SAMEIGINLEGAR ERU MÖRGUM FLOKKUM OG GERÐUM PERSÓNUHLÍFA

2.1. **Stillanlegar persónuhlífar**

Ef stillingarbúnaður er á persónuhlíf skal hann hannaður og framleiddur þannig, að eftir að stilling hefur farið fram geti hún ekki breyst án vitundar notandans við fyrirsjáanlegar notkunaraðstæður.

2.2. **Persónuhlífar sem umlykja þann hluta líkamans er verja skal**

Persónuhlífar sem umlykja þann hluta líkamans er verja skal, skulu eftir því sem unnt er vera nægilega loftræstar til að takmarka þann svita sem notkun þeirra veldur, en sé það ekki unnt skulu þær eftir föngum búnar útbúnaði sem dregur í sig svitann.

2.3. **Persónuhlífar fyrir andlit, augu og öndunarfæri**

Persónuhlífar fyrir andlit, augu og öndunarfæri skulu takmarka sem minnst sjón og sjónsvið notanda.

Augnhlífar í þessum flokki skulu hafa svo lítil áhrif á sjón notanda að það samræmist þeirri nákvæmnisvinnu eða langvarandi vinnu sem þær kunna að vera ætlaðar til.

Þær skulu ef þörf krefur vera meðhöndlaðar eða útbúnar þannig að komið sé í veg fyrir að móða myndist.

Persónuhlífar sem ætlaðar eru notendum með skerta sjón skulu vera samrýmanlegar því að viðkomandi noti gleraugu eða snertilinsur.

2.4. **Úrelding**

Sé vitað að persónuhlíf verður með tímanum æ verri til að gegna hlutverki sínu skal framleiðsludagsetning og einnig lok endingartímans, sé það unnt, greypt á hvert eintak hennar sem sett er á markað, svo og á íhluta og umbúðir, með óafmáanlegu letri þannig að ekki verði misskilið.

Geti framleiðandi ekki lýst því yfir hver endingartími persónuhlífar er skal hann taka fram í notkunarleiðbeiningum sínum þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að kaupandi eða notandi geti ákvarðað eðlilegan úreldingartíma með tilliti til gæða persónuhlífarinnar og hvernig hún hefur verið geymd, notuð og hreinsuð, og til viðgerða og viðhalds.

Ef búist er við að persónuhlíf úreldist fljótt og verulega vegna reglubundinnar hreinsunar sem gerð er í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda skal framleiðandi ef unnt er merkja hverja einstaka markaðssetta persónuhlíf og tilgreina hve oft megi hreinsa hana áður en þarf að skoða eða taka hana úr notkun, en sé það ekki unnt skulu upplýsingar þessar veittar í notkunarleiðbeiningunum.

2.5. **Persónuhlífar sem geta fest meðan þær eru notaðar**
Ef fyrirsjáanlegar aðstæður við notkun eru þannig að sérstök hætta er á að persónuhlíf geti fest í hlut á hreyfingu og skapað hættu fyrir notandann skal hún hafa slík styrkleikamörk að sé farið fram úr þeim losni hluti hennar af og hættunni sé þar með bægt frá.

2.6. **Persónuhlífar til nota nálægt sprengifimum efnum**
Persónuhlífar sem ætlaðar eru til notkunar þar sem sprengifim efni eru, skulu þannig hannaðar og framleiddar að þær geti ekki orsakað ljósboga eða neista sem getur valdið sprengingu í sprengifimu efni vegna rafmagns, stöðurafmagns eða höggs.

2.7. **Persónuhlífar til notkunar í neyð eða sem setja má upp og taka niður í skyndi**
Persónuhlífar í þeim flokkum sem hér um ræðir skulu hannaðar og framleiddar þannig að tími til að setja þær upp og/eða taka niður sé sem stystur.
Festingar og annar búnaður til að halda hlíf í réttum skorðum á notandanum eða taka hana niður skal vera auðveldur í notkun og fljótvirkur.

2.8. **Persónuhlífar til notkunar við mjög hættulegar aðstæður**
Í notkunarleiðbeiningum sem framleiðandi lætur fylgja persónuhlífum til notkunar við mjög hættulegar aðstæður, sem um getur í 9. gr., skulu meðal annars vera upplýsingar sérstaklega ætlaðar sérhæfðu, þjálfuðu fólki sem hæft er til að túlka þær og sjá til þess að persónuhlífarnar verði notaðar.
Einnig skal þar greina hvernig sannreyna megi eftir að notandi hefur sett upp persónuhlíf að hún sé í réttum skorðum og gegni hlutverki sínu eins og til er ætlast.

Sé persónuhlíf búin viðvörunarbúnaði sem gefur merki ef, sú vernd sem hún veitir verður minni en venjulegt er, skal gerð hans og fyrirkomulag vera þannig að notandi veiti merkinu athygli við þau fyrirsjáanlegu notkunarskilyrði sem persónuhlífin er ætluð fyrir.

2.9. **Persónuhlífar með íhlutum sem notandi getur stillt eða fjarlægt**
Sé persónuhlíf búin íhlutum sem notandi getur stillt eða numið á brott til að skipta um þá skal hún þannig hönnuð og framleidd að slíkt megi gera án verkfæra.

2.10. **Persónuhlífar sem tengja má öðrum ytri viðbótarbúnaði**
Ef gert er ráð fyrir að persónuhlíf megi tengja viðbótarbúnaði skal tenging hönnuð og gerð þannig að hún hæfi aðeins þeim viðbótarbúnaði sem við á.

2.11. **Persónuhlífar með vökvahringrás**
Sé persónuhlíf búin vökvahringrásarkerfi skal það valið eða hannað þannig að tryggð sé fullnægjandi vökvaendurnýjun við þann hluta líkamans sem vernda skal, óháð hreyfingum eða stellingum notandans, við allar fyrirsjáanlegar notkunaraðstæður.

2.12. **Persónuhlífar með eitt eða fleiri auðkenni eða upplýsingamerki sem beinlínis eða óbeinlínis varða hollustu og öryggi**
Æskilegt er að auðkenni og upplýsingamerki, sem beint eða óbeint varða hollustu og öryggi og sett eru á persónuhlífar af þeim gerðum eða flokkum sem hér um ræðir, séu samræmdar skýringarmyndir eða táknmyndir og verða þau að haldast fullkomlega læsileg meðan á öllum fyrirsjáanlegum nýtingartíma stendur. Merkin skulu auk þess vera gerð til hlítar, nákvæmlega og skiljanlega þannig að komið sé í veg fyrir mistúlkun þeirra; orð eða setningar sem þeim kunna að fylgja skulu vera letruð á opinberu máli eða málum þess aðildarríkis þar sem persónuhlíf er notuð.

Nú er persónuhlíf, eða íhluti hennar, of smá til að nauðsynleg merking komist þar fyrir að öllu eða einhverju leyti og skulu þá viðeigandi upplýsingar veittar á umbúðum og í notkunarleiðbeiningum framleiðanda.

2.13. **Persónuhlífar í formi klæðnaðar sem veitir sýnilega viðvörun um hvar notandi er**
Klæðnaður til notkunar við fyrirsjáanlegar aðstæður þar sem þörf er á að vara sérstaklega við nærveru hvers einstaks notanda skal hafa áfastan búnað eða hluta, einn eða fleiri, sem fyrir er komið á hentugan hátt og lýsir eða endurkastar sýnilegu og nógu sterku ljósi og hefur viðeigandi ljós- og litareiginleika.

2.14. **Persónuhlífar til varnar gegn margs konar hættu**
Persónuhlífar sem hannaðar eru til að verja notanda gegn margs konar hættu sem komið getur upp samtímis skulu hannaðar og framleiddar þannig að þær uppfylli m.a. tilteknar lágmarkskröfur um vörn gegn hverri tegund af hættu fyrir sig (sjá lið 3).

3. FREKARI SÉRKRÖFUR UM VÖRN GEGN TILTEKINNI HÆTTU

3.1. **Vörn gegn höggi**

3.1.1. *Árekstur við hlut sem fellur eða skagar fram eða við aðra hindrun*

Persónuhlífar til að verjast hættum af þessu tagi verða meðal annars að geta tekið við svo þungu höggi að þær komi í veg fyrir að hinn varði líkamshluti verði kraminn eða stunginn, að minnsta kosti þar til höggorka nær því marki að óhófleg stærð og massi þess búnaðar sem við höggi tekur, kæmi í veg fyrir að hlífin yrði notuð með árangri á fyrirsjáanlegum notkunartíma.

3.1.2. *Fall*

3.1.2.1. Komið í veg fyrir fall vegna þess að maður rennur til
Sólar á fótabúnaði sem ætlað er að koma í veg fyrir að maður renni til skulu vera hannaðir og framleiddir eða útbúnir þannig að tryggt sé, með tilliti til eðlis og

ásigkomulags þess flatar sem gengið er á, að fast grip þeirra eða næg núningsmótstaða komi í veg fyrir rennslishreyfingu þeirra.

3.1.2.2. Komið í veg fyrir fall úr hæð

Í persónuhlífum sem koma eiga í veg fyrir fall úr hæð eða vernda gegn áhrifum þess skulu vera ólar um líkamann og tengibúnaður sem festa má við tryggan festingarstað. Þær skulu hannaðar þannig að lóðrétt fall notanda sé sem minnst við fyrirsjáanlegar notkunaraðstæður svo komið sé í veg fyrir ákomur af hindrunum, og þess einnig gætt að stöðvunarhnykkur verði ekki svo mikill að búast megi við meiðslum eða því að einhver hluti persónuhlífar slitni eða rifni með þeim afleiðingum að notandinn falli.

Þær skulu einnig tryggja að notandi sé í réttri stöðu eftir stöðvun, svo hann geti beðið hjálpar ef með þarf.

Framleiðandi skal í notkunarleiðbeiningum sínum tilgreina sérstaklega allar upplýsingar um:

— hvaða kröfur skulu gerðar til tryggra festingarstaða, og lágmarksfjarlægð fyrir neðan notanda,
— hver sé rétt aðferð við að setja upp líkamsólar og tengja festinguna við hinn trygga festingarstað.

3.1.3. *Titringur*

Persónuhlífar til varnar gegn áhrifum titrings verða að geta dregið úr titringi á tíðni sem er skaðleg þeim líkamshlutum sem verja skal.

Þeir tregðukraftar sem í raun verka á notandann vegna þess titrings mega aldrei fara fram úr því hámarki sem æskilegt er talið að setja á daglegt álag á þann líkamshluta sem vernda skal.

3.2. **Vörn gegn þrýstingi á líkamshluta sem ekki leggst á í formi höggs**

Persónuhlífar sem ætlað er að verja líkamshluta fyrir þrýstingi sem ekki leggst á í formi höggs skulu geta dregið svo úr áhrifum þrýstingsins að komið sé í veg fyrir alvarleg meiðsl og langvinna vanlíðan.

3.3. **Vörn gegn hreyfiverkun (núningi, stungu, skurði, biti)**

Með hönnun, vali og ísetningu á efni og íhlutum til persónuhlífa sem ætlað er að verja allan líkamann eða hluta hans gegn grunnum sárum af völdum véla, svo sem ef líkamshlutar skrámast, fá á sig stungur eða skurði eða klemmast, skal tryggt að persónuhlífar í þeim flokkum sem hér um ræðir hafi til að bera nægilegt viðnám gegn núningi, stungum og rifnun (sjá einnig 3.1) við fyrirsjáanlegar notkunaraðstæður.

3.4. **Varnir gegn skaðlegum áhrifum hávaða**

Persónuhlífar til varnar gegn skaðlegum áhrifum hávaða verða að geta temprað hann svo mikið að sá hávaði sem nær eyrum notandans fari aldrei fram úr þeim markgildum fyrir daglegt hávaðaálag á starfsmann sem kveðið er á um í reglum um hávaðavarnir á vinnustöðum og heyrnareftirlit starfsmanna.

Allar persónuhlífar skulu merktar upplýsingum um hve mikið þær tempra hávaða og innan hvaða marka þær koma í veg fyrir óþægindi sem af hávaða stafar, en sé það ekki unnt skal merkið fest á umbúðirnar.

3.5. **Varnir gegn hita og eldi**

Persónuhlífar til að verja allan líkamann eða hluta hans gegn áhrifum hita eða elds verða að hafa einangrunargildi og efnisstyrk í samræmi við fyrirsjáanlegar notkunaraðstæður.

3.5.1. *Efni og íhlutar*

Til að veita nægilega vörn gegn hitageislun og hitastreymi verða persónuhlífar hvað efni og íhluti snertir að vera nægilega einangrandi og svo óeldfim að ekki geti kviknað í þeim við fyrirsjáanlegar notkunaraðstæður.

Ef endurkastsyfirborð þarf að vera á efni eða íhlutum skal endurkastsgeta þess á innrauða sviðinu vera í samræmi við geislunarvarmann.

Efni og íhlutar búnaðar sem ætlaður er til nota um skamma stund í miklum hita, og í hlífum sem heit efni, svo sem bráðinn málmur, getur slest á, skulu einnig hafa til að bera nægilega varmarýmd til að halda í sér meginþorra viðtekins varma allt þar til notandi er kominn af hættusvæði og hefur tekið af sér persónuhlífina.

Þar sem heitt efni getur skvest af afli á persónuhlífar verða efni þeirra og íhlutar einnig að geta dregið nægilega úr höggi (sjá 3.1).

Íkveikjumark efnis og íhluta persónuhlífa sem komist geta í snertingu við eld af slysni, og efnis og annarra íhluta sem notaðir eru til framleiðslu á slökkvibúnaði, skal einnig vera svo hátt að það svari til þess hættuflokks sem á við hinar fyrirsjáanlegu notkunaraðstæður. Efnið eða íhlutarnir mega ekki geta bráðnað í eldi eða greitt fyrir útbreiðslu elds.

3.5.2. *Hlífðarbúningar reiðubúnir til notkunar*

Við fyrirsjáanlegar notkunaraðstæður:

1. verður sá varmi sem nær til notanda gegnum persónuhlífina að vera svo lítill að meðan hún er borin verði uppsafnaður varmi í þeim líkamshluta sem vernda skal aldrei svo mikill að sársauki hljótist af eða að hann valdi heilsutjóni af nokkru tagi,
2. skal persónuhlífin vera þétt gagnvart vökva og gufu ef þess er þörf, og má hörundssnerting við hlífðarlag hennar ekki valda bruna.

Sé persónuhlíf búin kælikerfi sem getur leitt brott varma með uppgufun úr vökva eða föstu efni skal það þannig úr garði gert að öllum rokgjörnum efnum sem losna sé hleypt út utan hlífarinnar en ekki í átt að notandanum.

Sé í hlífinni búnaður til að vernda öndunarfæri skal hann veita fullnægjandi vernd við fyrirsjáanlegar notkunaraðstæður.

Í notkunarleiðbeiningum sínum með hverri gerð af persónuhlífum til notkunar um skamma stund í miklum hita skal framleiðandi meðal annars veita nægar upplýsingar til að áætla hve lengi notandi getur þolað þann varma sem nær til hans gegnum hlífina þegar hún er notuð eins og til er ætlast.

3.6. **Vörn gegn kulda**

Persónuhlífar til að verja allan líkamann eða hluta hans gegn kulda verða að einangra gegn kulda og vera nægilega sterkar með tilliti til fyrirsjáanlegrar notkunar og tilgangs þeirra.

3.6.1. *Efni og íhlutar*

Efni og íhlutar persónuhlífa sem ætlaðar eru til verndar gegn kulda verða að hafa

einangrunargildi í samræmi við fyrirsjáanlegar notkunaraðstæður. Mjúk efni og íhlutar persónuhlífa sem ætlaðar eru til notkunar í miklum kulda verða að halda þeirri mýkt sem nauðsynlegar líkamshreyfingar og stellingar krefjast.

Þar sem kalt efni getur skvest af afli á persónuhlífar verða efni í þeim og íhlutar þeirra einnig að geta dregið nægilega úr höggi (sjá 3.1).

3.6.2. *Hlífðarbúningar reiðubúnir til notkunar*

Við fyrirsjáanlegar notkunaraðstæður:

1. verður kuldinn sem nær til notanda gegnum persónuhlífina að vera svo lítill að meðan hún er borin verði heildarvarmatap í hverjum þeim líkamshluta sem vernda skal, þar á meðal í tám og fingrum ef um er að ræða hlífar fyrir hendur eða fætur, aldrei svo mikið að sársauki hljótist af eða að það valdi heilsutjóni af einhverju tagi;
2. skal persónuhlífin vera eins vatnsþétt og kostur er og má snerting hörunds við hlífðarlag hennar ekki valda meiðslum.

Sé í hlífinni búnaður til að vernda öndunarfæri skal hann veita fullnægjandi vernd við fyrirsjáanlegar notkunaraðstæður.

Í notkunarleiðbeiningum sínum með hverri gerð af persónuhlífum til notkunar um skamma stund í kulda skal framleiðandi meðal annars veita nægar upplýsingar til að áætla hámarkstímann sem leggja má á notandann það varmatap sem á sér stað gegnum hlífina þegar hún er notuð í samræmi við tilgang sinn.

3.7. **Varnir gegn raflosti**

Persónuhlífar ætlaðar til að verja allan líkamann eða hluta hans fyrir raflosti skal einangra með fullnægjandi hætti gegn þeirri spennu sem búast má við að notandi verði fyrir við verstu, fyrirsjáanlegu notkunaraðstæður.

Með hönnun, vali og ísetningu á efni og íhlutum skal því tryggt að sá lekastraumur sem mælist gegnum hlífðarlagið, við spennu samsvarandi þeirri sem notandi verður hugsanlega fyrir við raunverulegar aðstæður, sé eins veikur og kostur er, og alltaf fyrir neðan þau mörk sem almennt eru talin leyfileg og samsvara þolmörkum.

Á persónuhlífar sem eingöngu eru ætlaðar til notkunar við rafbúnað sem spenna er á eða kann að vera á, svo og á umbúðir þeirra, er skylt að tilgreina verndarflokk og/eða þá spennu sem nota má búnaðinn við, raðnúmer og framleiðsludag. Einnig skal gert ráð fyrir að síðar sé sett merki utan hlífðarlags þeirra þar sem tilgreint er hvenær hlífin er tekin í notkun og hvenær reglubundin prófun eða eftirlit hefur farið fram.
Framleiðandi skal í notkunarleiðbeiningum sínum m.a. tilgreina til hvaða nota persónuhlífin er ætluð einvörðungu og hvernig og hve oft ber að gera leiðniprófanir á endingartíma hennar.

3.8. **Varnir gegn geislun**

3.8.1. *Ójónandi geislun*

Persónuhlífar til varnar gegn bráðum eða langvinnum afleiðingum ójónandi geislunar á augu manna verða þegar fyrirsjáanlegar notkunaraðstæður krefjast þess að geta útilokað meginhluta geislunar á skaðlegum bylgjulengdum án þess að breyta verulega skynjun óskaðlegs, sýnilegs ljóss eða skynjun á birtu- og litamun.

Augnhlífar verður því að hanna og framleiða með það í huga að ljósleiðnistuðull á hverri skaðlegri bylgjulengd sé þannig að sem mest sé dregið úr orku þess ljóss sem nær auga notandans, og að hún fari aldrei fram úr leyfilegu hámarki.

Verndargildi augnhlífa má ekki heldur rýrna eða tapast vegna áhrifa þeirrar geislunar sem þær verða fyrir við fyrirsjáanlegar notkunaraðstæður og hvert eintak sem sett er á markað skal merkt með tölu úr röð talna yfir verndargildi er vísar til línurits yfir ljósleiðnidreifingu á litrófinu.

Augnhlífum sem henta gegn geislun af sama tagi skal skipað í röð eftir vaxandi varnargildi, og skal framleiðandinn í notkunarleiðbeiningum sínum meðal annars veita upplýsingar um dreifingarlínuritin svo unnt sé að velja þá hlíf sem veitir besta vörn með hliðsjón af hinum raunverulegu aðstæðum, svo sem fjarlægð til geislunargjafans og litrófsdreifingu þeirrar orku sem frá honum stafar í þeirri fjarlægð. Framleiðandi skal merkja hverja einstaka augnhlíf með varnarstuðli hennar.

3.8.2. *Jónandi geislun*

3.8.2.1. Vörn gegn utanaðkomandi geislamengun

Með hönnun, vali og ísetningu á efni og íhlutum til persónuhlífa sem verja skulu líkamann eða hluta hans gegn geislavirku ryki, lofttegundum eða vökvum, öllu í senn eða einhverju af þessu, skal tryggt að búnaðurinn komi í raun í veg fyrir að mengunarvaldar komist inn fyrir hann við fyrirsjáanlegar notkunaraðstæður.

Sú vörn gegn leka sem nauðsynleg er með tilliti til eðlis og ástands mengunarvalds fæst með því að þétta hlífðarlagið eða með annarri viðeigandi aðferð, svo sem með lofthreinsunar- eða þrýstibúnaði sem kemur í veg fyrir að mengunin dreifist út síðar.

Er hreinsun hefur farið fram á búnaðinum skal vera unnt að nota hann aftur vandkvæðalaust meðan á fyrirsjáanlegum endingartíma hans stendur.

3.8.2.2. Takmörkuð vörn gegn utanaðkomandi geislun

Persónuhlífar sem ætlað er að veita notanda fullkomna vörn gegn utanaðkomandi geislun eða draga nægilega úr henni verða aðeins gerðar til hlífðar gegn efnisgeislun (t.d. betageislum) eða rafsegulgeislun (röntgen- eða gammageislum) sem hafa tiltölulega litla orku.

Með hönnun, vali og ísetningu á efni og íhlutum til persónuhlífa af þessum flokkum skal tryggt að notanda sé veitt sú vernd sem fyrirsjáanlegar notkunaraðstæður krefjast, án þess að takmarkanir á hreyfingum og stellingum notanda leiði til þess að tíminn á meðan hann verður fyrir geislun lengist (sjá 1.3.2).
Persónuhlífin skal bera merki þar sem tilgreint er hvers konar efni eru ætluð fyrir hinar fyrirsjáanlegu notkunaraðstæður og hve þykk þau eru.

3.9. **Vörn gegn hættulegum efnum og smitvöldum**

3.9.1. *Vernd öndunarfæra*

Persónuhlífar fyrir öndunarfæri skulu tryggja að notandi þeirra fái hreint loft til öndunar þegar loft umhverfis hann er mengað eða súrefni ekki nægilegt.

Veita skal lofti til notanda persónuhlífar með viðeigandi hætti, svo sem með því að sía mengað loft á leið gegnum persónuhlífina eða búnað hennar eða með því að veita ómenguðu lofti um leiðslu til notanda.

Með hönnun, vali og ísetningu á efni og íhlutum til persónuhlífa í þessum flokkum skal tryggt að notandi geti andað að sér nægilegu heilnæmu lofti þegar þær eru notaðar við fyrirsjáanlegar notkunaraðstæður.

Skylt er að andlitshlutar persónuhlífa þrýsti nægilega þétt að notanda og að þrýstingsfall við innöndun og hreinsunargeta þeirra hlífa sem búnar eru síu nægi til að tryggja að svo lítið mengunarefni nái til notanda úr menguðu lofti að hann bíði ekki heilsutjón af.

Persónuhlífin skal bera auðkenni framleiðanda og á hverri gerð skal vera lýsing á einkennum hennar, sem ásamt notkunarleiðbeiningum gerir þjálfuðum og þar til hæfum notanda unnt að nota búnaðinn á réttan hátt.

Einnig skal framleiðandinn, ef um er að ræða tæki sem búin eru síu, tilgreina hversu lengi megi geyma nýjar síur í upprunalegum umbúðum sínum.

3.9.2. *Vörn gegn snertingu við húð og augu*

Persónuhlífar sem ætlað er að verja yfirborð líkamans, allt eða hluta þess, gegn snertingu við hættuleg efni eða smitvalda verða að geta komið í veg fyrir að efnin eða smitvaldarnir berist eða flæði inn fyrir hlífðarlagið við þær fyrirsjáanlegu notkunaraðstæður sem markaðssetning þeirra miðast við.

Með hönnun, vali og ísetningu á efni og íhlutum til persónuhlífa af þessum flokkum skal þeim tryggður fullur þéttleiki að því marki sem mögulegt er svo nota megi þær daglega eins lengi og þörf er á, en sé það ekki unnt skal tryggður takmarkaður þéttleiki, sem hefur í för með sér að notkunartíma verður að stytta.

Ef sú vörn sem persónuhlífar veita er tímabundin vegna eðlis hlífanna og fyrirsjáanlegra aðstæðna við notkun þeirra gegn ákveðnum hættulegum efnum eða smitvöldum sem erfitt er að hindra að komist gegnum vörn þeirra skulu gerðar á þeim staðlaðar prófanir með það fyrir augum að flokka þær eftir virkni þeirra. Persónuhlífar sem taldar eru fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru með prófununum skulu bera merki þar sem m.a. eru tilgreind heiti eða táknsetning þeirra efna sem notuð hafa verið við prófun, og sá tími sem talið er að vörn gegn þeim endist að jafnaði. Framleiðandi skal einnig í notkunarleiðbeiningum sínum tilgreina þá merkingu sem táknsetningar hafa, ef við á, nákvæma prófunarlýsingu, og allar nauðsynlegar upplýsingar til að unnt sé að ákvarða hver notkunartíminn má lengstur verða miðað við hinar ýmsu fyrirsjáanlegu notkunaraðstæður.

II. VIÐAUKI
TÆKNILEG GÖGN FRÁ FRAMLEIÐANDA.

Í gögnum þeim sem um getur í 7. gr. skulu vera allar nauðsynlegar upplýsingar um það sem framleiðandi hefur gert til að tryggja að persónuhlíf sé í samræmi við allar grundvallarkröfur sem til hennar eru gerðar.

Ef um er að ræða persónuhlífar af því tagi sem um getur í 1. tölul. 8. gr. skulu meðal gagnanna vera:

1. Tæknilegar upplýsingar um framleiðsluna, sem felast í:
   a) teikningum, bæði af persónuhlífunum í heild og einstökum hlutum þeirra, sem með


fylgja þar sem við á útreikningar og niðurstöður prófana á frumgerðum að því leyti sem nauðsynlegt er til að ganga úr skugga um að grundvallarkröfum sé fullnægt,

b) tæmandi skrá um grundvallarkröfur um heilsuvernd og öryggi og þá samræmdu staðla eða aðrar tækniforskriftir sem um getur í 2. og 3. tölul. 4. gr. og tekið hefur verið tillit til við hönnun.

2. Lýsing á eftirliti og þeim prófunarbúnaði sem framleiðandinn hefur á framleiðslustað til að fylgjast með því og sannreyna að framleiddar persónuhlífar séu í samræmi við samræmda staðla eða aðrar tækniforskriftir.
3. Eintak af notkunarleiðbeiningum þeim sem um getur í 1.4 í I. viðauka.

III. VIÐAUKI
CE-SAMRÆMISMERKING OG UPPLÝSINGAR.

— CE-samræmismerkið skal samanstanda af hástöfunum „CE“ með eftirfarandi útliti:



— Ef CE-merkið er minnkað eða stækkað skulu hlutföllin í teikningunni hér að framan vera óbreytt.

— Einstakir hlutar CE-merkisins skulu að svo miklu leyti sem unnt er hafa sömu lóðréttu mál og mega þau ekki vera lægri en 5 mm. Ef um smágerðar persónuhlífar er að ræða má falla frá kröfu um lágmarksmál.

Viðbótarupplýsingar

— Tveir síðustu stafirnir í ártalinu fyrir árið þegar merkið var sett á; þessara upplýsinga er ekki krafist ef um er að ræða persónuhlífar sem um getur í 2. tölul. 8. gr.

IV. VIÐAUKI
KRÖFUR SEM SAMÞYKKTIR AÐILAR SKULU UPPFYLLA.

Aðilar sem stjórnvöld aðildarríkja innan EES hafa tilnefnt skulu uppfylla eftirtaldar lágmarkskröfur:

1. Þeir skulu hafa yfir að ráða því starfsfólki og þeim búnaði sem til þarf.
2. Starfsfólk þeirra skal hafa til að bera tæknilega kunnáttu og faglega hæfni.
3. Hvað snertir prófanir, skýrslugerð, útgáfu vottorða og eftirlitsstörf samkvæmt viðauka VI og VII skulu yfirmenn og tæknimenn vera óháðir öllum hópum og aðilum sem beint eða óbeint eiga hagsmuna að gæta á sviði persónuhlífa.
4. Starfsmenn þeirra skulu vera bundnir þagnarskyldu.
5. Þeir skulu vera ábyrgðartryggðir, nema ríkisvaldið hafi tekið að sér skaðabótaábyrgð á grundvelli landslaga.

Stjórnvöld aðildarríkjanna innan EES skulu öðru hverju ganga úr skugga um að kröfur samkvæmt atriði 1 og 2 séu uppfylltar.

V. VIÐAUKI
FYRIRMYND AÐ EB-SAMRÆMISYFIRLÝSINGU.

Framleiðandi eða umboðsmaður hans á Evrópska efnahagssvæðinu: (1)

lýsir því hér með yfir að neðangreind, ný persónuhlíf (2)

er í samræmi við reglur nr. frá
um gerð persónuhlífa og þar sem við á í samræmi við landsstaðal þar sem tekinn hefur verið upp samræmdur staðall nr. (á við um persónuhlífar sem getið er um í 2. mgr. 8. gr.)
er eins og persónuhlíf sú sem vottorð um EB-gerðarprófun nr.

var útgefið af (3) ..

hefur hlotið þá meðferð sem tilgreind er í 15. gr. ofangreindra reglna, undir eftirliti hins samþykkta aðila (3) .....

Gert í hinn

Undirskrift (4)

(1) Firmanafn og fullt póstfang, og ef fulltrúi er tilgreindur skal einnig tilgreina firmanafn og póstfang framleiðanda.
(2) Lýsing á persónuhlíf (tegund, gerð, raðnúmer o.s.frv.).
(3) Nafn og póstfang hins samþykkta aðila.
(4) Nafn og staða þess sem umboð hefur til að skrifa undir fyrir hönd framleiðanda eða umboðsmanns hans.

VI. VIÐAUKI
EB-GERÐARPRÓFUN.

1. Með EB-gerðarprófun athugar samþykktur skoðunaraðili hvort eintak af persónuhlíf uppfylli viðeigandi skilyrði reglna þessara og vottar að svo sé.
2. Framleiðandi eða umboðsmaður hans sækir um EB-gerðarprófun fyrir persónuhlíf til eins samþykkts skoðunaraðila. Umboðsmanni er skylt að hafa aðsetur innan EES.
3. Umsókninni skal fylgja:
   — nafn og póstfang framleiðanda eða umboðsmanns hans og framleiðslustaður persónuhlífar,
   — tæknileg gögn frá framleiðandanum sem krafist er samkvæmt II. viðauka.
   Með þessu skal fylgja tiltekinn fjöldi eintaka af persónuhlífinni sem samþykkja á.
4. Við EB-gerðarprófun ber skoðunaraðila, sem tilnefndur hefur verið, að fara að eins og greint er frá hér að neðan:
   a) Við skoðun tæknilegra gagna frá framleiðandanum:
      — Hinn samþykkti aðili rannsakar tæknileg gögn sem framleiðandi leggur fram og gengur úr skugga um að þau samrýmist samræmdu stöðlunum sem um getur í 3. mgr. 4. gr.

— Hafi framleiðandi ekki eða aðeins að hluta til farið eftir samræmdu stöðlunum eða séu slíkir staðlar ekki til skal hinn samþykkti aðili athuga hvort tækniforskrift sem framleiðandi fer eftir samrýmist grunnkröfum áður en hann rannsakar tæknileg gögn framleiðandans til að ganga úr skugga um að þau samrýmist tækniforskriftinni.

b) Við skoðun eintaksins:
— Skoðunaraðilinn sannprófar að eintakið hafi verið framleitt í samræmi við tæknileg gögn frá framleiðandanum og sé fullkomlega öruggt þegar það er notað eins og til er ætlast.
— Hann gerir nauðsynlegar athuganir og prófanir til að ganga úr skugga um að eintakið sé í samræmi við samræmdu staðlana.
— Hafi framleiðandi ekki eða aðeins að hluta til farið eftir samræmdu stöðlunum eða séu slíkir staðlar ekki til skal hinn samþykkti aðili gera nauðsynlegar athuganir og prófanir til að ganga úr skugga um að eintakið sé í samræmi við tækniforskriftina sem framleiðandinn notar, að því gefnu að hún samrýmist grunnkröfunum.

5. Uppfylli eintakið viðeigandi ákvæði skal skoðunaraðili gefa út vottorð um EB-gerðarprófun og tilkynna það umsækjanda. Í vottorðið skal skrá niðurstöður prófunar og tilgreina alla fyrirvara er fylgja útgáfu þess og láta fylgja lýsingu á hinu viðurkennda eintaki og teikningar af því svo að bera megi kennsl á það.

Samþykktir aðilar og stjórnvöld geta lagt fram beiðni um og fengið afrit af vottorðinu og afrit af tæknilegum gögnum framleiðandans og skýrslum um athuganir og prófanir sem gerðar hafa verið.

Stjórnvöld skulu hafa aðgang að gögnum þessum í tíu ár eftir að persónuhlíf er sett á markaðinn.

VII. VIÐAUKI
EFTIRLIT MEÐ FRAMLEIDDUM PERSÓNUHLÍFUM.

A. EB-gæðastýringarkerfi fyrir fullbúnar vörur

1. Framleiðandi gerir allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að framleiðsluferlið, þar með talið lokaskoðun persónuhlífa og prófanir, tryggi einsleitni framleiðslunnar og að persónuhlífar séu bæði í samræmi við þá gerð sem lýst er í vottorðinu um EB-gerðarviðurkenningu og viðeigandi grunnkröfur þessara reglna.
2. Samþykktur aðili, sem hefur verið valinn af framleiðanda, sinnir nauðsynlegu eftirliti. Eftirlitið skal fara fram með óreglubundnu millibili en að öðru jöfnu að minnsta kosti á eins árs fresti.
3. Hinn samþykkti aðili skal skoða nægjanlegt úrtak af persónuhlífum og gera viðeigandi prófanir, sem greint er frá í samræmdu stöðlunum eða telja má nauðsynlegar til að sýna samræmi við grunnkröfur þessara reglna, til að athuga samræmi persónuhlífa.
4. Sé þessi aðili ekki sá sami og gaf út vottorð fyrir viðkomandi EB-gerðarviðurkenningu verður hann að hafa samband við þann samþykkta aðila, komi upp vandamál í sambandi við mat á samræmi úrtaks.
5. Hinn samþykkti aðili skilar skýrslu um prófun til framleiðandans. Sé niðurstaðan sú að framleiðsluna skorti einsleitni eða að persónuhlífarnar sem skoðaðar voru samræmist

hvorki gerðinni sem lýst er í vottorðinu um EB-gerðarviðurkenningu né grunnkröfunum, gerir aðilinn viðeigandi ráðstafanir er taka mið af eðli gallans eða gallanna sem í ljós komu og kemur þeim upplýsingum áleiðis til stjórnvalds aðildarríkisins sem tilkynnti um hana eða þær.

6. Framleiðandi verður að geta framvísað skýrslunni frá hinum samþykkta aðila, sé farið fram á það.

B. Eftirlitskerfi til að tryggja EB-gæði í framleiðslu

1. *Skipulag kerfisins*

a) Samkvæmt reglum þessum leggur framleiðandi inn umsókn um samþykki fyrir gæðastýringarkerfi sitt hjá samþykktum aðila sem hann sjálfur kýs.
Umsókn hans skal fylgja:
— allar upplýsingar um persónuhlífar í þeim flokki sem um ræðir, þar með talið upplýsingar og skjöl sem varða samþykkta eintakið, þegar við á,
— upplýsingar og skjöl um gæðastýringarkerfið og
— loforð um að umsækjandi muni standa við þær skuldbindingar sem gæðastýringarkerfið leggur honum á herðar og muni halda þeirri nákvæmni og skilvirkni sem krafist er.

b) Samkvæmt gæðastýringarkerfinu verður að skoða hverja persónuhlíf og framkvæma þau próf sem um getur í 3. tölul. í A-hluta til að kanna hvort hún sé í samræmi við grunnkröfur þessara reglna.

Meðal upplýsinga og skjala um gæðastýringarkerfið skulu vera fullnægjandi lýsingar á eftirfarandi:
— gæðamarkmiðum, skipuriti, ábyrgð stjórnenda og valdsviði þeirra er lýtur að vörugæðum,
— eftirliti og prófunum sem framleiðandi verður að láta gera á fullunnum vörum,
— aðferðum sem beitt er til að athuga hversu árangursríkt gæðastýringar-kerfið reynist í framkvæmd.

c) Viðkomandi aðili metur hvort gæðastýringarkerfið uppfylli ákvæði þau sem tilgreind eru í b)-lið 1. mgr. Hann gengur út frá því að kerfi sem beita viðeigandi, samræmdum stöðlum uppfylli þessi ákvæði.

Aðilinn sem sér um úttekt gerir allar nauðsynlegar, hlutlægar athuganir á hinum ýmsu þáttum gæðastýringarkerfisins, einkum til að ganga úr skugga um að kerfið tryggi að persónuhlífar séu í samræmi við viðurkennda eintakið.

Tilkynna skal framleiðandanum um ákvörðunina. Þar skulu koma fram niðurstöður athugana og rök er liggja að baki matsúrskurðinum.

d) Framleiðandi tilkynnir aðilanum sem samþykkti gæðastýringarkerfið um allar áformaðar breytingar á kerfinu.

Viðkomandi aðili skoðar áformaðar breytingar og ákveður hvort hið breytta gæðastýringarkerfi uppfylli þau skilyrði sem við eiga. Tilkynna skal framleiðandanum um ákvörðunina. Þar skulu koma fram niðurstöður athugana og rök er liggja að baki matsúrskurðinum.

2. *Eftirlit*

a) Tilgangurinn með eftirlitinu er að tryggja að framleiðandi standi við skuldbindingar sínar vegna samþykkta gæðastýringarkerfisins.

b) Framleiðandi veitir aðilanum sem hefur eftirlit með höndum aðgang að þeim stöðum þar sem persónuhlífar eru skoðaðar, prófaðar og geymdar og að öllum upplýsingum sem hann hefur þörf fyrir, m.a.:
   — upplýsingum og skjölum um gæðastýringarkerfið,
   — tæknilegum upplýsingum og skjölum,
   — handbókum um gæðastýringuna.

c) Viðkomandi aðili skal öðru hverju gera þá úttekt sem nauðsynleg er til að sjá til þess að framleiðandi fari eftir og beiti samþykkta gæðastýringarkerfinu og lætur framleiðanda í té afrit af úttektarskýrslunni.

d) Þar að auki er aðilanum heimilt að fara fyrirvaralaust í eftirlitsferð til framleiðandans. Þegar það er gert lætur viðkomandi aðili framleiðandanum í té eftirlitsskýrslu auk úttektarskýrslu, ef við á.

e) Framleiðandi verður að geta framvísað skýrslunni frá hinum samþykkta aðila, sé farið fram á það.

Nr. 502 31. ágúst 1994

REGLUR

um vottun og merkingu á stálvírum, keðjum og krókum.

1. gr.

Reglur þessar gilda um vottun og merkingu á stálvírum, keðjum og krókum sem lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum gilda um.

2. gr.

1. Í reglum þessum telst lyftibúnaður vera stálvírar, keðjur úr sívölu stáli og krókar sem nota skal við hífingar og vélrænan lyftibúnað.
2. Undanþeginn frá þessum reglum er:
   — Lyftibúnaður sem tekinn var í notkun fyrir gildistöku þessara reglna.
   — Lyftibúnaður sem notaður er um borð í skipum og fyrir járnbrautir, tannhjólabrautir og svifbrautir.

3. gr.

1. Heimilt er að setja á markað án takmarkana eða hindrana lyftibúnað sem um getur í 2. gr., ef honum fylgir vottorð og hann er merktur í samræmi við fyrirmæli í viðauka við þessar reglur.
2. Vinnueftirliti ríkisins er þó heimilt að stöðva markaðssetningu tiltekins lyftibúnaðar ef það verður þess áskynja að eiginleikar hans eru ekki í samræmi við það sem fram kemur á vottorðinu. Það tilkynnir þá stjórnvöldum hinna aðildarríkjanna um ákvörðun sína.

4. gr.

Vinnueftirlit ríkisins getur krafist þess að sú vottun og sú merking sem um er rætt í þessum reglum skuli við tilboð og sölu vera sett fram sem alþjóðlega viðurkennd tákn eða með texta á íslensku.

5. gr.

1. Vinnueftirlit ríkisins hefur eftirlit með framkvæmd reglna þessara. Það getur þó

samþykkt aðra aðila til þess að fara með slíkt eftirlit að hluta eða öllu leyti, sbr. 1. mgr. 80. gr laga nr. 46/1980, en það fylgist þá með eftirliti slíkra aðila.

2. Um samskipti Vinnueftirlitsins og annarra stjórnvalda við önnur aðildarríki og framkvæmdastjórn EB fer, að öðru leyti en því sem kveðið er á um í reglum þessum, samkvæmt tilskipun 73/361/EBE sem vísað er til í 1. tölul. III. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

6. gr.

Ákvörðunum og úrskurðum sem teknir eru samkvæmt reglum þessum af Vinnueftirliti ríkisins má áfrýja samkvæmt 98. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

7. gr.

Brot á reglum þessum varða ákvæði 99. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

8. gr.

Reglur þessar eru settar af stjórn Vinnueftirlits ríkisins samkvæmt heimild í 34., 38. og 47. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og með hliðsjón af ákvæði samningsins um Evrópskt efnahagssvæði, sem vísað er til í 1. tölulið III. kafla II. viðauka, tilskipun 73/361/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna um vottun og merkingu á stálvírum, krókum og keðjum eins og henni var breytt með tilskipun 76/434/EBE. Reglurnar öðlast gildi við birtingu en fram til 31. desember 1994 er þó heimilt að selja lyftibúnað, sem um getur í 2. gr., sem ekki uppfyllir reglur þessar, enda uppfylli hann kröfur samkvæmt gildandi lögum og áður gildandi reglum.

Félagsmálaráðuneytið, 31. ágúst 1994.

F. h. r.
Berglind Ásgeirsdóttir.

Gylfi Kristinsson.

VIÐAUKI

1. ALMENN ÁKVÆÐI

1.1. Á hverri lengju af stálvír og keðju og á hverjum krók skal vera merki, eða sé slíkt ekki kleift, plata eða hringur tryggilega festur, sem á sé skráð heiti framleiðandans eða viðurkennds umboðsmanns hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins (EES), svo og upplýsingar um viðeigandi vottorð (samanber liði 2.1, 3.1 og 4.1).

1.2. Framleiðandinn eða viðurkenndur umboðsmaður hans með staðfestu innan EES skal votta það með vottorði þar að lútandi að hver lengja af stálvír og keðju og hver krókur sé í samræmi við þá eiginleika sem frá er greint (samanber liði 2.1, 3.1 og 4.1).

2. ÁKVÆÐI UM STÁLVÍRA

2.1. Framleiðandinn eða viðurkenndur umboðsmaður hans með staðfestu innan EES skal gefa út vottorð fyrir hvern einasta stálvír þar sem komi fram að minnsta kosti eftirfarandi upplýsingar:

1) Nafn og heimilisfang framleiðandans eða viðurkennds umboðsmanns hans með staðfestu innan EES.
2) Nafngildi þvermáls.
3) Nafngildi þunga á hvern lengdarmetra.
4) Gerð vafnings (kross-, lang-, eða víxlsleginn) og stefna vafnings (hægri eða vinstri).
5) Formótaður eða ekki.
6) Uppbygging (samsetning) og tegund stálvírs, fjöldi þátta, fjöldi þráða í þætti, eiginleikar kjarna og samsetning ef þeir eru úr stáli.
7) Togþol þráðanna.
8) Lágmarksbrotþol vírsins (þ.e. hvert er lágmarksálag sem þarf til að slíta vírinn í togþolsprófun). Hafi vírinn verið slitinn í togþolsprófun skal veita upplýsingar um prófunina.
9) Yfirborðsfrágangur vírsins. Sé um galvanhúðun að ræða ber að greina frá stigi hennar eða flokki. Sé um að ræða aðra yfirborðsvörn skal greina frá henni.
10) Séu þræðirnir ekki gerðir úr kolefnisstáli skal gefin nánari tæknilýsing.
11) Séu þræðirnir framleiddir eftir innlendum eða alþjóðlegum staðli skal greina frá hver hann er.
12) Hafi farið fram prófun á þráðunum og/eða á vírunum skal greina frá stöðlum eða tæknilýsingum sem farið er eftir við prófunina. Hafi svo ekki verið ber að greina náið frá prófuninni og niðurstöðum hennar.
13) Sé vírinn þannig uppbyggður eða saman settur að hann þarfnist sérstaks viðhalds og/eða eftirlits, ber að láta leiðbeiningar fylgja.
14) Undirskrift í samræmi við 1. lið.
15) Staða undirskriftaraðila innan framleiðslufyrirtækisins eða staða viðurkennds umboðsmanns framleiðanda.
16) Staður og dagsetning.

3. ÁKVÆÐI UM KEÐJUR ÚR SÍVÖLU STÁLI

3.1. Framleiðandinn eða viðurkenndur umboðsmaður hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins (EES) skal gefa út vottorð fyrir hverja keðju þar sem fram komi að minnsta kosti eftirfarandi upplýsingar:

1) Nafn og heimilisfang framleiðandans eða viðurkennds umboðsmanns hans með staðfestu innan EES.
2) Einkenni fyrir ókvarðaðar keðjur:
   Ytri lengd hlekkja, ytri breidd, nafngildi þvermáls ásamt upplýsingum um frávik. Skýringarteikning fylgi með af að minnsta kosti tveimur samfelldum hlekkjum þar sem fram komi mál.
3) Einkenni fyrir kvarðaðar keðjur:
   Ytri lengd hlekkja, ytri breidd og nafngildi þvermáls ásamt upplýsingum um frávik. Skýringarteikning fylgi með af að minnsta kosti tveimur samfelldum hlekkjum þar sem fram komi mál.
4) Nafngildi þunga á hvern lengdarmetra.
5) Aðferð við suðu hlekkjanna.
6) Prófþungi sem notaður var til að prófa alla keðjuna eftir hitameðferð.
7) Lágmarksbrotþol keðjunnar (þ.e. hvert er lágmarksálag sem þarf til að slíta keðjuna í togþolsprófun).
8) Minnsta heildarlenging áður en keðjan slitnaði, gefin upp sem hundraðshluti; einnig skal greina frá lengd á prufukeðjum eða fjölda hlekkja sem voru prófaðir.
9) Efniseiginleikar keðjunnar (t.d. alþjóðleg flokkun eða að öðrum kosti tæknilýsing á stálinu í keðjunni).

10) Tegund hitameðferðar sem notuð var.
11) Sé keðjan framleidd eftir innlendum eða alþjóðlegum staðli skal greina frá hver hann er.
12) Hafi farið fram prófun á keðjunni skal greina frá stöðlum eða tæknilýsingum sem farið er eftir við prófunina. Hafi svo ekki verið ber að greina náið frá prófuninni og niðurstöðum hennar.
13) Ef keðjan þarfnast sérstakrar meðferðar, viðhalds og/eða eftirlits eiginleika sinna vegna, ber að láta upplýsingar um slíkt fylgja.
14) Undirskrift í samræmi við 1. lið.
15) Staða undirskriftaraðila innan framleiðslufyrirtækisins eða staða viðurkennds umboðsmanns framleiðanda.
16) Staður og dagsetning.

3.2. Keðjur sem framleiddar eru eftir innlendum eða alþjóðlegum staðli skulu bera læsilega og óforgengilega gæðamerkingu í samræmi við viðkomandi staðal. Gæðamerki þessi skulu sett á hverja keðju. Á hverjum lengdarmetra skal vera að minnsta kosti eitt merki eða eitt merki á tuttugasta hverjum hlekk, eftir því hvort bilið er styttra. Merkin skulu hafa eftirfarandi mál:

Nafngildi þvermáls vírsins í mm	Lágmarkshæð stafanna í mm
Til og með 8	2
Meira en 8 til og með 12,5	3
Meira en 12,5 til og með 26	4,5
Meira en 26	6

4. ÁKVÆÐI UM KRÓKA

4.1. Framleiðandinn eða viðurkenndur umboðsmaður hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins (EES) skal gefa út vottorð um hverja framleiðslulotu króka eða, fari notandi fram á það, fyrir hvern krók og komi þar fram eftirfarandi upplýsingar:
1) Nafn og heimilisfang framleiðandans eða viðurkennds umboðsmanns hans með staðfestu innan EES.
2) Ef vottorðið gildir fyrir hverja framleiðslulotu króka skal greina frá hve margir þeir voru.
3) Tegund króks.
4) Skýringarteikning af króknum með upplýsingum um helstu mál.
5) Hámarksprófþungi sem leggja má á krókinn án þess að hann aflagist varanlega svo einhverju nemi.
Í engu tilviki má varanleg aflögun á króknum vera meiri en 0,25% miðað við opið á króknum.
6) Sá þungi sem þarf til þess að krókurinn byrji að opnast eða opnist svo mikið að hann getur ekki lengur haldið uppi hlassi. Sé krókurinn þannig gerður að hann sé eða geti verið líklegri til að brotna en að opnast skal lágmarksbrotþungi gefinn upp.
7) Efniseiginleikar króksins (t.d. alþjóðleg flokkun króksins eða að öðrum kosti tæknilýsing á stálinu í honum).
8) Tegund hitameðferðar sem notuð var við framleiðslu á króknum.
9) Sé krókurinn framleiddur eftir innlendum eða alþjóðlegum staðli skal greina frá hver hann er.
10) Hafi farið fram prófun á króknum skal greina frá stöðlum eða tæknilýsingum sem farið var eftir við prófunina. Hafi svo ekki verið ber að greina náið frá prófuninni

og niðurstöðum hennar (þar sem um er að ræða framleiðslulotu, skal fjöldi eintaka sem voru prófuð tilgreind).
11) Ef krókurinn þarfnast sérstakrar meðferðar, viðhalds og/eða eftirlits eiginleika sinna vegna, ber að láta upplýsingar um slíkt fylgja.
12) Undirskrift í samræmi við 1. lið.
13) Staða undirskriftaraðila innan framleiðslufyrirtækis eða staða viðurkennds umboðsmanns framleiðanda.
14) Staður og dagsetning.

4.2. Krókur sem framleiddur er eftir innlendum eða alþjóðlegum staðli verður að bera læsilegt og óforgengilegt gæðamerki til samræmis við þann staðal.

Nr. 503 31. ágúst 1994

REGLUR

um lyfti- og flutningabúnað (sameiginleg ákvæði).

I. KAFLI
Gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.

Reglur þessar fela í sér sameiginleg ákvæði um lyfti- og flutningabúnað sem lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti, og öryggi á vinnustöðum gilda um. Reglurnar gilda um lyfti- og flutningabúnað eins og hann er skilgreindur í 2. gr. og nánar er mælt fyrir um í sérreglum þeim sem um getur í 3. gr. Reglurnar gilda jafnframt um slíkan búnað sem jöfnum höndum er notaður við atvinnurekstur og til einkanota almennings, sé hann ekki háður öðrum lögum eða reglum.

2. gr.

1. Í þessum reglum merkir lyfti- og flutningabúnaður allan lyfti- og flutningabúnað hvort sem hann er rafdrifinn, vökvadrifinn eða á annan hátt vélknúinn, svo sem fólkslyftur, fólks- og vörulyftur, byggingalyftur, vörulyftur, krana, færibönd og lyfti- og dráttartæki. Reglurnar gilda einnig um íhluta þessara tækja.
2. Í þessum reglum merkir íhluti sérhvern hluta af lyfti- og flutningabúnaði eins og honum er lýst í sérreglum.
3. Reglur þessar ná ekki yfir lyfti- og flutningabúnað sem einkum er ætlaður til nota við tilraunir, notaður er á skipum, við olíuleit og olíuvinnslu á hafsbotni, við námavinnslu eða meðferð geislavirkra efna.
4. Í sérreglum fyrir hvern flokk lyfti- og flutningabúnaðar verður mælt fyrir um tæknikröfur að því er varðar hönnun og eftirlitsaðferðir vegna búnaðarins og íhluta hans.

3. gr.

1. Í þessum reglum merkir:

EBE-gerðarviðurkenning: Sú tilhögun þegar stjórnvald aðildarríkis innan Evrópska efnahagssvæðisins (EES) staðfestir og vottar að afloknum prófunum, að gerð lyfti- og flutningabúnaðar eða íhluta fyrir hann uppfylli þær kröfur sem samræmdar hafa verið samkvæmt þessum reglum og viðkomandi sérreglum.

EBE-sannprófun: Sú tilhögun þegar stjórnvald aðildarríkis innan EES getur að afloknum prófunum staðfest að tiltekið tæki eða íhlutur uppfylli þær kröfur sem samræmdar hafa verið samkvæmt þessum reglum og viðkomandi sérreglum.

EBE-gerðarprófun: Sú tilhögun þegar aðili, sem hlotið hefur samþykki stjórnvalds aðildarríkis innan EES, staðfestir og vottar að afloknum prófunum að gerð búnaðar eða íhluta uppfylli þær kröfur sem samræmdar hafa verið samkvæmt þessum reglum og viðkomandi sérreglum.

EBE-skoðun: Sú tilhögun þegar aðili, sem hlotið hefur samþykki stjórnvalds aðildarríkis innan EES, staðfestir með útgáfu á vottorði um EBE-gerðarprófun í samræmi við þessar reglur og viðkomandi sérreglur, að tæki eða íhlutar hafi verið framleiddir í samræmi við viðurkenndar gerðir.

EBE-yfirlýsing framleiðanda: Sú tilhögun þegar framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans sem hefur staðfestu innan EES, vottar á eigin ábyrgð að tæki eða íhluti uppfylli samræmdar kröfur samkvæmt þessum reglum og viðkomandi sérreglum.

2. Í sérreglum er kveðið á um tæknikröfur, skoðun og prófun fyrir þá flokka lyfti- og flutningabúnaðar eða íhluta sem um getur í 2. gr. Í þeim er tilgreint hver þeirra aðferða sem um getur í 1. tölul. þessarar greinar skuli viðhöfð um tiltekinn flokk búnaðar eða íhluta.

4. gr.

1. Í þessum reglum merkir „EBE-gerð af lyfti- og flutningabúnaði eða íhlut" hvert það tæki eða íhlut sem uppfyllir kröfur þessara reglna og viðkomandi sérreglna og ber í samræmi við það EBE-gerðarmerkið sem um getur í 20. gr.
2. Ekki er heimilt að hafna, banna eða takmarka markaðssetningu eða notkun á lyfti- og flutningabúnaði eða íhlut af EBE-gerð af ástæðum er varða smíði hlutarins eða eftirlit með smíðinni.
3. Heimilt er eftir sérreglum að mæla fyrir um skoðun á lyfti- og flutningabúnaði og/eða íhlutum af EBE-gerð þegar hann er settur upp eða tekinn í notkun og með reglulegu millibili eftir það.

II. KAFLI
EBE-gerðarviðurkenning.

5. gr.

1. Sé kveðið á um það í sérreglum skal EBE-gerðarviðurkenning vera forsenda þess að búnaður eða íhluti sé settur á markað eða tekinn í notkun.
2. Að beiðni framleiðanda eða viðurkennds fulltrúa hans sem hefur staðfestu í aðildarríki innan EES, veitir Vinnueftirlit ríkisins eða aðili sem það samþykkir EBE-gerðarviðurkenningu fyrir allar gerðir lyfti- og flutningabúnaðar eða íhluta sem uppfylla kröfur þessara reglna og viðkomandi sérreglna.
3. Eigi að sækja um EBE-gerðarviðurkenningu fyrir tiltekna gerð lyfti- og flutningabúnaðar eða íhluta skal hún einvörðungu lögð fram í einu aðildarríki innan EES. Veita skal EBE-gerðarviðurkenningu, hafna henni, afturkalla hana tímabundið eða til frambúðar í samræmi við ákvæði þessa kafla og I. viðauka.

6. gr.

1. Vinnueftirlit ríkisins eða aðili sem það samþykkir gefur út vottorð um EBE-gerðarviðurkenningu og sendir umsækjanda. Vottorðið um EBE-gerðarviðurkenningu verður að vera með því sniði sem sýnt er í III. viðauka
2. Í sérreglum er heimilt að mæla svo fyrir að EBE-gerðarviðurkenning sé háð tilteknum skilyrðum eða tímamörkum.
3. Framleiðanda ber að tilkynna Vinnueftirliti ríkisins hvenær hann hyggst hefja fjöldaframleiðslu á EBE-gerð af búnaði eða íhlut, sé þess krafist í sérreglum.

7. gr.

1. Ef Vinnueftirlit ríkisins kemst að því að eitt eða fleiri tæki eða íhlutir, sem hlotið hafa viðurkenningu á Íslandi, eru ekki í samræmi við þá gerð sem hlaut samþykki, ber því að afturkalla viðurkenninguna tímabundið eða til frambúðar.
2. Heimilt er þó að láta EBE-viðurkenninguna gilda áfram enda telji Vinnueftirlitið að sá mismunur, sem komið hafi í ljós, sé minniháttar og hafi ekki veruleg áhrif á hönnun tækisins eða íhlutans og að heilsu manna og öryggi stafi ekki hætta af. Þar sem svo háttar til krefst Vinnueftirlitið þess að framleiðandinn geri viðeigandi breytingar á framleiðslunni svo skjótt sem verða má. Þó krefst Vinnueftirlitið, hvað sem öðru líður, þess að viðeigandi breytingar verði gerðar hafi ekki verið farið að kröfum sérreglna. Heimilt er að afturkalla viðurkenninguna ef framleiðandinn fer ekki að þessum kröfum.
3. Vinnueftirlitið afturkallar EBE-gerðarviðurkenningu ef það kemst að þeirri niðurstöðu að ekki hafi átt að veita hana eða að skilmálarnir sem um getur í 2. tölul., 6. gr. hafa ekki verið uppfylltir.
4. Þá skal enn fremur gera ráðstafanir í samræmi við 1., 2. og 3. tölul. ef í ljós kemur eftir ábendingu annars aðildarríkis innan EES að fyrir hendi séu einhver þau málsatvik sem þar um ræðir.
5. Vinnueftirlitið tilkynnir stjórnvöldum í hinum aðildarríkjunum um afturköllun EBE-gerðarviðurkenningar.

III. KAFLI
EBE-sannprófun og yfirlýsing framleiðenda.

8. gr.

Í sérreglum þar sem kveðið er á um EBE-sannprófun eða EBE-yfirlýsingu framleiðenda er tekið fram hvaða tilhögun verði fylgt.

IV. KAFLI
EBE-gerðarprófun og vottorð um EBE-gerðarprófun.

9. gr.

1. Sé kveðið á um það í sérreglum skal EBE-gerðarprófun vera forsenda þess að búnaður eða íhluti sé settur á markað eða tekinn í notkun.
2. EBE-gerðarprófun skal framkvæmd af þeim aðilum sem til þess eru skipaðir af Vinnueftirliti ríkisins, ef óskað er eftir henni á Íslandi.

10. gr.

1. Aðilar sem Vinnueftirlit ríkisins tilnefnir til að framkvæma EBE-gerðarprófun í samræmi við 11. gr. skulu uppfylla lágmarksskilyrði þau sem mælt er fyrir um í II. viðauka án þess það hindri stjórnvöld aðildarríkjanna á nokkurn hátt í því að gera ráðstafanir og mæla fyrir um skilmála sem þau telja við hæfi innanlands, til að tryggja að aðilarnir

starfi á virkan, samræmdan og óaðfinnanlegan hátt. Ekki er skylt að samþykkja aðila þó hann uppfylli lágmarkskröfurnar.

2. Hafi Vinnueftirlitið veitt aðila eða aðilum viðurkenningu til að gera EBE-gerðarprófun sendir það stjórnvöldum annarra aðildarríkja nafn aðilans eða skrá yfir þá aðila sem hlut eiga að máli. Það tilkynnir einnig um allar síðari breytingar á skránni.

11. gr.

1. Vottorðið um EBE-gerðarprófun skal vera það skjal sem samþykktur aðili notar til að votta að gerð búnaðar eða íhluta sé í samræmi við kröfur þessara reglna og viðkomandi sérreglna. Að beiðni framleiðanda eða viðurkennds fulltrúa hans með staðfestu innan EES, ber þeim samþykkta aðila sem um getur í 10. gr. að framkvæma EBE-gerðarprófun á gerð búnaðar eða íhluta. Ef gerðin uppfyllir kröfur þessara reglna og viðkomandi sérreglna og framleiðandinn skuldbindur sig til að uppfylla þá skilmála sem um getur í 17. gr. og í sérreglum, skal hinn samþykkti aðili gefa út vottorð um EBE-gerðarprófun með því sniði sem sýnt er í III. viðauka nema kveðið sé á um annað í sérreglum. Búnaður eða íhlutarnir sem verða framleiddir eftir að hafa fengið vottorð um EBE-gerðarprófun verða að vera með sama sniði og það tæki sem vottun hlaut.
2. Samþykktu aðilarnir gefa út vottorð um EBE-gerðarprófun, neita að gefa þau út og afturkalla þau tímabundið eða til frambúðar í samræmi ákvæði þessa kafla og I. viðauka.
3. Umsóknir um EBE-gerðarprófun vegna sömu gerðar af tæki skulu einvörðungu sendar til eins samþykkts aðila.
4. Vottorðin um EBE-gerðarprófun skulu háð þeim skilmálum sem frá greinir í 17. gr. og heimilt er einnig að gefa þau út til skamms tíma eða með öðrum fyrirvörum sem fram koma í sérreglum.
5. Kröfur vegna EBE-vottunar eru skráðar í I. viðauka.

12. gr.

1. Komist samþykktur aðili að því að eitt eða fleiri eintök af búnaði eða íhluta af þeirri gerð, sem hann hefur gefið út vottorð fyrir um EBE-gerðarprófun, eru ekki í samræmi við gerðina skal hann veita vottorðshafa ákveðinn frest til að breyta framleiðslu og afturkalla vottorðið tímabundið ef þurfa þykir. Ef nauðsyn krefur skal þess getið í sérreglum um búnað eða íhluta þann sem í hlut á hve mörg tilfelli þurfi til að samþykkti aðilinn grípi inn í. Verði ekki gerð breyting innan þess frests sem veittur er, ber samþykkta aðilanum að afturkalla vottorðið tímabundið eða til frambúðar.
2. Samþykkti aðilinn, sem hefur veitt vottorð um EBE-gerðarprófun, verður að afturkalla það ef hann kemst að því að ekki hefði átt að veita vottorðið, eða að skilyrðin sem um getur í 4. tölul. 11. gr. hafa ekki verið uppfyllt.
3. Honum ber að afturkalla vottorðið tímabundið eða til frambúðar ef vottorðshafi stendur ekki við skuldbindingar sínar gagnvart honum sem getið er um í 11. og 17. gr.

13. gr.

1. Vinnueftirlit ríkisins tryggir að samþykktu aðilarnir leysi ofangreind störf rétt af hendi. Samþykktum aðila er skylt að leyfa Vinnueftirlitinu að láta fara fram kannanir á starfsemi þeirra hvenær sem er.
2. Vinnueftirlitið getur heimilað að aðili, sem það hefur samþykkt og án þess að takmarka ábyrgð þess aðila, falið einni eða fleiri rannsóknarstofum að gera prófanir sem fara eiga fram í sambandi við EBE-gerðarprófun og EBE-skoðun sem kveðið er á um í V. kafla, að því tilskildu að téðar rannsóknarstofnanir uppfylli þau skilyrði sem mælt er fyrir um í 2., 3., 4. og 7. hluta í II. viðauka.

3. Vinnueftirlitið gerir nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að umsækjandi eða sá aðili sem fær útgefið vottorð um EBE-gerðarprófun geti áfrýjað ákvörðunum samþykkts aðila um að neita að gefa út vottorð um EBE-gerðarprófun eða fella það úr gildi tímabundið eða til frambúðar.
4. Telji Vinnueftirlitið að aðili sem það hefur samþykkt ræki ekki skyldur þær sem um getur í 11. og 12. gr. að réttu lagi skal það gera allar viðeigandi ráðstafanir gagnvart honum.
5. Vinnueftirlitið dregur til baka viðurkenningu sína, telji það að aðilinn uppfylli ekki lengur þau lágmarksskilyrði sem mælt er fyrir um í II. viðauka eða að hann fullnægi ekki þeim skilyrðum sem sett hafa verið.

14. gr.

1. Dragi Vinnueftirlit ríkisins viðurkenningu sína til baka ber að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að framhald verði á að ræktar verði þær skyldur sem af undangenginni útgáfu vottorðanna um EBE-gerðarprófun leiðir, áður en það afturkallar viðurkenninguna.
2. Vinnueftirlitið afturkallar öll vottorð sem aðilinn hefur gefið út, áður en viðurkenningin er dregin til baka, ef útgáfu þeirra hefur verið ábótavant.

15. gr.

1. Ef eitthvert þeirra tilvika sem um getur í 12. gr. kemur upp á Íslandi vekur Vinnueftirlit ríkisins athygli lögbærra stjórnvalda aðildarríkisins innan EES, þar sem vottorðið var gefið út, á þeirri staðreynd.
2. Lögbær stjórnvöld í aðildarríkinu þar sem vottorðið um EBE-gerðarprófun var gefið út eiga að skylda hlutaðeigandi samþykktan aðila að gera þær ráðstafanir sem kveðið er á um í 12. gr.

V. KAFLI
EBE-skoðun.

16. gr.

Vinnueftirlit ríkisins tryggir að EBE-skoðunin sé framkvæmd, en markmið hennar er að tryggja að EBE-merkið sé rétt notað. Samþykktu aðilarnir, sem um getur í 10. gr. og gefið hafa út EBE-gerðarvottorð, geta framkvæmt skoðunina. Skoðun fer meðal annars fram með því að tekin eru sýni eða gerðar vettvangskannanir. Aðilarnir sem framkvæma skoðunina verða að uppfylla þau skilyrði sem mælt er fyrir um í II. viðauka og tilkynna verður um þær í samræmi við 10. gr.

17. gr.

1. Framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans sem hefur staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins og notar EBE merkið skal:
   a) tilkynna samþykktum aðila sem veitti EBE-gerðarvottorð um:

   staðina þar sem búnaðurinn er framleiddur eða geymdur eftir beiðni samþykkta aðilans,

   daginn sem framleiðsla hefst,

   annað það sem samþykkti aðilinn þarf að vita svo honum sé gert kleift að vinna starf sitt og það sem kveðið er á um í sérreglum,

   b) veita fulltrúum samþykkta aðilans sem gaf vottorðið út aðgang að téðum framleiðslu- eða geymslustöðum svo og að meginskjalasafni og að veita allar nauðsynlegar upplýsingar sem slíkri skoðun eru viðkomandi,

c) leyfa þeim aðila sem gaf vottorðið út að taka eitt eða fleiri eintök af búnaði eða íhluta sem sýni á framleiðslu- eða geymslustað.

2. Samþykkti aðilinn sem veitti EBE-gerðarvottorð lætur öðrum samþykktum aðilum aðildarríkja innan EES í té afrit af skýrslum um prófunina og tæknilýsingar samkvæmt beiðni.

3. Handhafa EBE-merkis er skylt að viðhafa framleiðslueftirlit og skoðun eða sjá til þess að það fari fram og hafa nærtæk þau tæki sem nauðsynleg eru til þess að fylgjast á fullnægjandi hátt með því að búnaður sá eða íhlutar sem framleiddir eru samsvari þeim búnaði sem EBE-gerðarvottorð var gefið út fyrir.

18. gr.

1. Samþykkti aðilinn sem veitti EBE-gerðarvottorð skipuleggur EBE-skoðun á framleiddum búnaði eða íhlutum sem EBE-gerðarvottorð hefur verið gefið út fyrir. Þessi skoðun á, í fyrsta lagi, að gera samþykkta aðilanum kleift að sannreyna hvort framleiðandinn hafi þau skoðunartæki sem um getur í 3. tölul. 17. gr. og í annan stað hvort framleiðandinn tryggi það með eftirliti sínu að framleiðsla búnaðarins eða íhlutanna sé í samræmi við búnað þann eða íhluti sem EBE-gerðarvottorð var gefið út fyrir, t.d. hvort hann haldi bókhald yfir skoðanir, ef honum hefur verið skylt að gera það. Samþykkti aðilinn getur enn fremur beitt sér fyrir því að sýni verði tekin fyrirvaralaust á tilgreindum framleiðslustað eða vörugeymslu. Eigi er heimilt að hindra að aðilinn taki sýni gegn greiðslu á hvaða sölustigi sem er.

2. Ef búnaðurinn er framleiddur, geymdur eða settur á markað í öðru aðildarríki innan EES en heimaríki samþykkta aðilans sem veitti EBE-gerðarvottorðið annast sá aðili allt nauðsynlegt samband við samþykkta aðilann í aðildarríkinu þar sem taka á sýni vegna áðurnefndrar skoðunar. Aðilinn sem framkvæmdi skoðunina skal senda um það skýrslu til samþykkta aðilans sem gaf út EBE-gerðarvottorðið.

19. gr.

1. Komi það í ljós í þeirri skoðun sem um getur í 18. gr. að búnaðurinn eða íhlutar eru ekki í samræmi við búnaðinn eða íhlutana sem hlutu EBE-gerðarvottorðið, og að kröfur þessara reglna og viðkomandi sérreglna eru ekki uppfylltar, skal samþykkti aðilinn grípa til einhverra eftirtalinna ráðstafana gegn handhafa EBE-merkisins:
   a) gefa einfalda viðvörun þar sem formlega er farið fram á það að látið verði af brotlegri hegðun innan ákveðins frests;
   b) gefa viðvörun eins og í a-lið ásamt tíðari skoðunum,
   c) afturkalla EBE-gerðarvottorð tímabundið,
   d) afturkalla EBE-gerðarvottorð til frambúðar.

   Einungis þeim samþykkta aðila sem gaf út EBE-gerðarvottorð er heimilt að gera þessar ráðstafanir.

2. Fyrstu tvær ráðstafanirnar skulu gerðar þegar frávikin eru þess eðlis að þau snerta ekki almenna hönnun búnaðarins, eða þar sem um er að ræða minni háttar brot og ef öryggi eða heilsu manna er engin hætta af þeim búin. Grípa skal til annarrar hvorrar síðastnefndu aðgerðanna ef frávikin eða tiltekin brot eru veruleg og ætíð ef þau leiða til þess að öryggi manna eða heilsu stafi hætta af.

3. Samþykkti aðilinn sem veitti EBE-gerðarvottorðið verður einnig að afturkalla vottorðið:

   ef framleiðandinn eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins, kemur í veg fyrir að skoðun sú sem um getur í 18. gr. fari fram,

ef hann kemst að því að ekki hefði átt að gefa út EBE-gerðarvottorð.

4. Ef samþykkti aðilinn sem veitti EBE-gerðarvottorð fær ábendingar frá samþykktum aðila í öðru aðildarríki innan EES um eitthvert þeirra tilvika sem um getur í 2. og 3. tölul. skal hann einnig, að höfðu samráði við þann aðila, gera þær ráðstafanir sem kveðið er á um í nefndum málsgreinum.
5. Ef EBE-gerðarvottorð er afturkallað tímabundið eða til frambúðar ber að tilkynna um það til stjórnvalda aðildarríkja innan EES og samþykktra aðila.

VI. KAFLI
Sameiginleg ákvæði um EBE-gerðarviðurkenningu, EBE-sannprófun og EBE-gerðarprófun.

20. gr.

1. Þegar EBE-samræmismerkið er sett á búnaðinn eða íhlutann er staðfest að hann er framleiddur í samræmi við þá gerð sem hlotið hefur viðurkenningu eða vottorð um EBE-gerðarprófun.
2. Vottorðið um EBE-gerðarviðurkenningu eða vottorð um EBE-gerðarprófun veitir framleiðandanum heimild til þess, á eigin ábyrgð, að setja EBE-merkið á þær vörur sem á að setja á markað og eru í samræmi við þá gerð sem vottorð var veitt fyrir eða að gefa út gerðarvottorð í samræmi við fyrirmyndina í IV. viðauka ef ákvæði eru um slíkt í sérreglum. Fyrirmæli um EBE-merkið eru skráð í I. viðauka.
3. Vinnueftirlit ríkisins gerir allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að á lyfti- og flutningabúnaði eða íhlutum sem hljóta EBE-gerðarviðurkenningu eða fá EBE-skoðun eða EBE-gerðarprófun, séu engin þau merki eða stafir sem hætta er á að ruglað verði saman við EBE-merkið.

VII. KAFLI
Undanþáguákvæði.

21. gr.

1. Heimilt er að hönnun búnaðar eða íhluta og framleiðsluaðferðir víki í ákveðnum tilvikum frá ákvæðum sérreglna, án þess að búnaðurinn og/eða íhlutinn hætti að heyra undir 2. tölul. 4. gr. í þessum reglum, að því tilskildu að þær breytingar sem eru gerðar veiti öryggi manna og heilsu að minnsta kosti jafnmikla vernd og áður.
2. Í öllum sérreglum skal tiltaka sérstaklega frá hvaða ákvæðum megi veita slíka undanþágu og í hvaða tilvikum slíkt er óheimilt.

VIII. KAFLI
Almenn ákvæði.

22. gr.

Hafi Vinnueftirlit ríkisins rökstuddan grun um að öryggi eða heilsu manna stafi hætta af lyfti- og flutningabúnaði eða íhlut, þó að hann uppfylli kröfur þessara reglna og sérreglna, er því heimilt að banna tímabundið eða takmarka á yfirráðasvæði sínu markaðssetningu og notkun á búnaði og/eða íhlut til þeirra nota sem hann er ætlaður. Vinnueftirlitið tilkynnir framkvæmdastjórn EB og stjórnvöldum annarra aðildarríkja um það og færa rök fyrir ákvörðun sinni.

23. gr.

Útgjöld sem stofnað er til vegna EBE-gerðarviðurkenningar, EBE-gerðarprófunar og EBE-skoðunar koma í hlut framleiðanda, eða viðurkennds fulltrúa hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins, sem mælst hefur til þess að þessi tilhögun verði viðhöfð.

IX. KAFLI
Ýmis ákvæði.

24. gr.

1. Vinnueftirlit ríkisins hefur eftirlit með framkvæmd þessara reglna. Það getur þó samþykkt aðra aðila til þess að fara með slíkt eftirlit að hluta eða öllu leyti, sbr. 1. mgr. 80. gr. laga nr. 46/1980, og fylgist þá með eftirliti slíkra aðila.
2. Um samskipti Vinnueftirlitsins og annarra stjórnvalda við önnur aðildarríki og framkvæmdastjórn EB fer, að öðru leyti en því sem kveðið er á um í reglum þessum, samkvæmt tilskipun 84/528 sem vísað er til í 2. tölul. III. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

X. KAFLI
Áfrýjun úrskurðar.

25. gr.

Ákvörðunum og úrskurðum sem teknar eru samkvæmt þessum reglum af Vinnueftirliti ríkisins má áfrýja samkvæmt 98. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

XI. KAFLI
Refsiákvæði.

26. gr

Brot á reglum þessum varða ákvæði 99. gr. laga nr 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

XII. KAFLI
Gildistaka.

27. gr.

Reglur þessar eru settar af stjórn Vinnueftirlits ríkisins samkvæmt heimild í 34., 38. og 47. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Jafnframt staðfestir ráðuneytið ákvæði 1. gr. reglnanna samkvæmt 3. mgr. 3. gr. laga nr. 46/1980. Reglurnar eru settar með hliðsjón af ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í 2. tölul. III. kafla II viðauka, tilskipun 84/528/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi sameiginleg ákvæði um lyfti- og flutningabúnað, eins og henni var breytt með 87/354/EBE. Reglur þessar öðlast gildi við birtingu en fram til 31. desember 1994 er þó heimilt að selja lyfti- og flutningabúnað sem ekki uppfyllir reglur þessar, enda uppfylli hann kröfur samkvæmt gildandi lögum og áður gildandi reglum.

Félagsmálaráðuneytið, 31. ágúst 1994.

F. h. r.
Berglind Ásgeirsdóttir.

Gylfi Kristinsson.

I. VIÐAUKI

EBE-gerðarviðurkenning og EBE-gerðarprófun.

1. UMSÓKN UM EBE-GERÐARVIÐURKENNINGU EÐA EBE-GERÐARPRÓFUN

1.1. Umsóknin sjálf og bréfaskipti henni tengd skulu vera á opinberu tungumáli (eða einu af opinberum tungumálum) þess ríkis sem veitir umsókninni viðtöku. Það ríki eða samþykktur aðili eða aðilar sem það hefur veitt viðurkenningu geta farið fram á að fylgiskjöl séu einnig rituð á því sama opinbera tungumáli.

1.2. Í umsókninni komi fram eftirfarandi upplýsingar:
- nafn og heimilisfang framleiðanda eða fyrirtækis, viðurkennds fulltrúa framleiðanda eða umsækjandans
- flokkur búnaðar og/eða íhluta
- fyrirhuguð notkun og hugsanlegar takmarkanir á notkun
- vörumerki, ef við á og gerð
- tæknilýsingar

1.3. Umsókninni fylgi tvö eintök af þeim skjölum sem þarf til að fjalla um hana, þar á meðal:

1.3.1.
- þær tækniupplýsingar sem um er beðið í sérreglum
- staðsetning EBE-merkisins sem frá er greint í þessum reglum og annarra merkja sem greint er frá í sérreglum

1.3.2 vitnisburður um að engin önnur umsókn um EBE-gerðarviðurkenningu eða EBE-gerðarprófun hafi verið lögð fram vegna sama búnaðar og/eða íhluta

1.3.3 ef við á, skjöl um hvers konar innlenda viðurkenningu sem þegar hefur verið veitt og þá íhluti sem þegar eru í notkun og hlotið hafa EBE-gerðarviðurkenningu eða hafa gengist undir EBE-gerðarprófun og EBE-sannprófun.

2. UMFJÖLLUN UMSÓKNAR

2.1. Umsóknina ber að meta á grundvelli smíðateikninga og tækja og/eða íhluta ef þeim er til að dreifa.

Þessi umfjöllun nær yfir hvers konar eftirlit og prófanir sem um getur í þessum reglum og viðkomandi sérreglum.

2.2. Í sérreglum um ýmsa flokka lyfti- og flutningabúnaðar og/eða íhluta eru settar reglur um framleiðslu, útreikninga, og prófanir ef nauðsyn krefur, um reiknistuðla sem notaðir verða við téða útreikninga og um gerð og eiginleika þeirra efna sem heimilt er að nota við framleiðslu þessa lyfti- og flutningabúnaðar.

3. EBE-VOTTORÐ OG -MERKI

Í vottorðinu um EBE-gerðarviðurkenningu og um EBE-gerðarprófun ber að greina frá niðurstöðum gerðarprófana og skilmálum sem útgáfa þess kann að vera bundin. Vottorðinu fylgi lýsingar og teikningar sem nauðsynlegar eru, svo og notkunarleiðbeiningar ef þess gerist þörf. EBE-merkið sem kveðið er á um í 20. gr. í þessum reglum skal vera stafurinn E, stílfærður og innan í sexhyrningi þar sem í sé skráð:

í efri hlutann, númer sérreglna í tímaröð eftir því hvenær þær hafa verið samþykktar og auðkennisstafir ríkisins (hástafir) þar sem vottorðið var gefið út (A fyrir Austurríki, B fyrir Belgíu, CH fyrir Sviss, D fyrir Sambandslýðveldið Þýskaland, DK fyrir Danmörku, F fyrir Frakkland, FL fyrir Liechtenstein, GR fyrir Grikkland, I fyrir Ítalíu, IRL fyrir Írland, IS fyrir Ísland, N fyrir Noreg, L fyrir Lúxemborg, NL fyrir Holland, S fyrir Svíþjóð, SF fyrir Finnland, UK fyrir Breska konungsríkið) og síðustu tveir stafirnir í útgáfuári vottorðsins

númer vottorðsins í neðri hlutanum.

Dæmi um merkið er sýnt í lið 6.1.

4. BREYTINGAR Á VÖRU SEM ÞEGAR ER KOMIN Á MARKAÐ

Tilkynna verður stjórnvöldum í aðildarríkinu eða samþykkta aðilanum, sem gefið hefur út vottorð, um allar verulegar breytingar, einkum þær sem hafa í för með sér að viðskiptaheiti vörunnar breytist.

5. AUGLÝSING VOTTORÐA

5.1. Jafnframt því sem umsækjanda er gert viðvart skal stjórnvald í því aðildarríki þar sem vottorðið var gefið út senda afrit til stjórnvalda hinna aðildarríkjanna, sem geta einnig fengið afrit af ítarlegum tæknilýsingum um búnaðinn og af skýrslum um skoðanir og prófanir sem fram hafa farið.


5.2. Sé EBE-vottorð afturkallað ber að auglýsa það í samræmi við tilhögunina sem mælt er fyrir um í lið 5.1.

5.3. Neiti stjórnvald aðildarríkis innan EES að gefa út vottorð er það tilkynnt stjórnvöldum í hinum aðildarríkjunum, annaðhvort beint ef um EBE-gerðarviðurkenningu er að ræða eða óbeint fyrir milligöngu samþykkts aðila ef um er að ræða EBE-gerðarprófun.

6. EBE-MERKIÐ

6.1. EBE-merkið (sjá 3. lið)

Dæmi:



Vottorð sem veitt er af Sambandslýðveldinu Þýskalandi, eða samþykktum aðila sem það hefur tilnefnt, á árinu 1979 samkvæmt fyrstu sértilskipuninni.

Númer vottorðsins.

6.2. Heimilt er að kveða á um staðsetningu og stærð EBE-merkjanna í sérreglum. Sé annað ekki tekið fram í sérreglum verða bók- og tölustafirnir í merkinu að vera að minnsta kosti 5 mm háir.

6.3. Merkið verður að vera sýnilegt, læsilegt og tryggilega fest á allan búnað og hvern íhlut.

II. VIÐAUKI

Lágmarksskilyrði sem aðildarríki EES þurfa að taka tillit til þegar þau tilnefna samþykkta aðila.

1. Stjórnandi eða starfsmenn samþykkta aðilans mega ekki vera hönnuðir, framleiðendur, sölu- eða þjónustuaðilar og ekki vinna við uppsetningu búnaðarins né vera viðkenndir fulltrúar neins þessara aðila. Þeir mega hvorki sjálfir né fyrir hönd annarra hafa bein afskipti af hönnun, smíði, markaðssetningu, kynningu eða viðhaldi búnaðarins. Þetta útilokar þó ekki möguleikann á gagnkvæmum upplýsingum um tæknileg atriði milli framleiðandans og samþykkta aðilans.
2. Starfsmenn sem annast prófun á búnaðinum, áður en vottorð um EBE-gerðarprófun er

gefið út og skoðun framkvæmd, skulu gæta þess að störf þeirra séu unnin af tæknilegri færni og faglegri ráðvendni og vera óháðir öllum áhrifum og þrýstingi, einkum af efnahagslegum toga, sem gæti haft áhrif á mat þeirra eða niðurstöður skoðunar, sérstaklega frá einstaklingum eða hópum einstaklinga sem hafa hagsmuna að gæta í sambandi við niðurstöður prófana.

3. Skoðunaraðilinn skal hafa yfir að ráða starfskröftum og búnaði sem nauðsynlegur er til að inna af hendi þá tæknivinnu og stjórnunarstörf sem tengjast útgáfu EBE-vottorða og framkvæmd skoðana; einnig skal vera fyrir hendi nauðsynlegur búnaður til að framkvæma prófanir og skoðanir sem heyra til undantekninga.
4. Starfsmenn sem annast skoðun skulu hafa:

trausta tækni- og fagmenntun,

viðunandi þekkingu á kröfum sem gerðar eru til prófana sem þeir framkvæma og nægilega reynslu af slíkum prófunum,

kunnáttu í að gefa vottorð, greinargerðir og skýrslur sem skýra frá niðurstöðum prófananna.

5. Tryggja verður óhlutdrægni skoðunarmanna. Þóknun hvers og eins má hvorki byggjast á fjölda prófana né á niðurstöðum þeirra.
6. Skoðunaraðilinn verður að hafa ábyrgðartryggingu, nema skoðunin sé á ábyrgð ríkisins á grundvelli landslaga eða framkvæmd á vegum stjórnvalds aðildarríkis.
7. Starfsmenn skoðunaraðilans eru bundnir þagnarskyldu um allt sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu (nema gagnvart lögbærum stjórnvöldum í ríkinu þar sem þeir starfa) í samræmi við þessar reglur og sérreglur eða ákvæðum landslaga sem veita þessum reglum gildi.

III. VIÐAUKI

FYRIRMYND AÐ VOTTORÐI UM EBE-GERÐARVIÐURKENNINGU EÐA EBE-GERÐARPRÓFUN FYRIR LYFTI- OG FLUTNINGABÚNAÐ OG/EÐA ÍHLUTA.

Lögbært stjórnvald eða samþykktur aðili .....

.....

.....

Vottorð um EBE-gerðarviðurkenningu eða EBE-gerðarprófun[1] .....

.....

.....

.....

Nr. EBE-gerðarviðurkenningar eða EBE-gerðarprófunar[1] .....

1. Flokkur, gerð og vöruheiti eða vörumerki .....
2. Nafn og heimilisfang framleiðanda .....

   .....

   .....
3. Nafn og heimilisfang vottorðshafa .....

   .....

   .....
4. Lagt fram til EBE-gerðarviðurkenningar eða EBE-gerðarprófunar hinn[1] .....
5. Vottorð gefið út á grundvelli eftirfarandi kröfu: .....

   .....
6. Prófunarstaður .....
7. Dagsetning og númer prófunarskýrslu .....
8. EBE-gerðarviðurkenning eða EBE-gerðarprófun veitt hinn[1] .....
9. Eftirtalin skjöl sem merkt eru með ofangreindu númeri EBE-gerðarviðurkenningar eða EBE-gerðarprófunar 1 fylgja þessu vottorði .....
10. Aðrar upplýsingar .....

    .....

Útgefið ..... hinn .....

_____

(undirskrift)

[1] Strikið yfir það sem ekki á við

IV. VIÐAUKI
EBE-SAMRÆMISVOTTORÐ.

Ég undirritaður/uð .....
(eftirnafn og skírnarnöfn)

lýsi því hér með yfir að neðangreint, búnaður --- uppsetning --- íhlutir --- lyfti- og flutningabúnaður [1]

1. Flokkur .....
2. Framleiðandi .....
.....
3. Gerð .....
4. Framleiðslunúmer .....
5. Framleiðsluár .....

er í samræmi við

—- þær gerðir sem viðurkenndar eru (EBE-gerðarviðurkenning)[1] ,

—- þær gerðir sem prófaðar hafa verið (EBE-gerðarprófun)[1] ,

og taldar eru upp í töflunni hér að neðan

Sérreglur	Vegna gerðarviðurkenningar[1]			Vegna gerðarprófunar[1]		
	nr.	dagsetning	aðildarríki	nr.	dagsetning	samþykktur aðili

Gjört í ..... hinn .....
(dagsetning) (undirskrift)

.....
(staða)

[1] Strikið yfir það sem ekki á við

REGLUR

um fólkslyftur og fólks- og vörulyftur.

1. gr.

1. Reglur þessar gilda um fólkslyftur og fólks- og vörulyftur, hvort heldur sem þær eru notaðar við atvinnurekstur eða til einkanota almennings.
2. Reglurnar gilda um varanlega festan rafknúinn, vökvaknúinn eða raf- og vökvaknúinn lyftubúnað sem fer upp í tiltekna hæð, með klefa sem ætlaður er til flutninga á fólki eða fólki og vörum og hangir í strengjum eða keðjum og gengur að minnsta kosti að hluta til eftir sporum sem eru lóðrétt eða víkja í mesta lagi 15° frá lóðréttu og kallast hér eftir lyftur.
3. Reglurnar gilda ekki um:

lyftur sem einkum eru ætlaðar til hernaðarnota eða í vísindaskyni,
lyftur sem teljast vera búnaður á skipum,
við olíuleit og borun á rúmsjó, við námavinnslu eða við meðhöndlun geislavirkra efna,

lyftur sem einkum eru ætlaðar til vöruflutninga,

eða einhvern af eftirtöldum lyftibúnaði: paternosterlyftur, tannstangarlyftur, lyftur drifnar með skrúfteini, leiksviðslyftur, lagerlyftur, fólkslyftur og vörulyftur á byggingarstöðum, lyftur til nota við byggingu og viðhald húsa og lyftur sem einkum eru ætlaðar til að flytja hreyfihamlaða.

2. gr.

1. Heimilt er án hindrana og takmarkana að setja upp og taka í notkun lyftur sem uppfylla kröfur þessara reglna og gildandi reglna um lyfti- og flutningabúnað, sbr. þó ákvæði 3. gr. Áður en lyfta er tekin í notkun ber að ganga úr skugga um að hún samræmist reglum með því að gera á henni prófun og skoðun í samræmi við ákvæði þessara reglna og gildandi reglna um lyfti- og flutningabúnað.
2. Reglur þessar hafa engin áhrif á innlendar reglur um byggingu húsa, einkum reglur um eldvarnir enda falli þær ekki undir gildissvið þessara reglna.
3. Nú fer Vinnueftirlitið fram á að heimildar verði leitað áður en uppsetning hefst og skal við afgreiðslu umsóknar um heimild fara eftir ákvæðum þessara reglna.
4. Prófanir og skoðanir sem fram fara með reglubundnu millibili sem hluti af viðhaldi eða að aflokinni meiriháttar breytingu fari fram í samræmi við lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og gildandi reglur um eftirlit með lyftum og rennistigum. Að því er varðar lyftur sem falla undir þessar reglur eru þessar prófanir og skoðanir ekki strangari en þær sem mælt er fyrir um í viðaukanum.

3. gr.

1. Þeir lyftuhlutir sem skráðir eru í II. viðauka skulu gangast undir EBE-gerðarprófun og EBE-skoðun í samræmi við gildandi reglur um lyfti- og flutningabúnað að því er varðar sameiginleg ákvæði um lyfti- og flutningabúnað.
2. Heimilt er án hindrana og takmarkana að markaðsetja og taka í notkun lyftuhluta ef þeir er í samræmi við þá gerð sem hefur hlotið skoðun, bera merki um EBE-gerðarprófun og þeim fylgir gerðarvottorð sem framleiðandinn hefur útbúið í samræmi við þá fyrirmynd sem sýnd er í IV. viðauka við gildandi reglur um lyfti- og flutningabúnað.

4. gr.

Vinnueftirlit ríkisins gerir allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að gera megi EBE-gerðarprófun á lyftuhlutum og að vottorð um EBE-gerðarprófun, með því sniði sem sýnt er í III. viðauka og getið er í 3. gr., verði veitt þegar íhlutarnir uppfylla tæknikröfurnar í I. viðauka.

5. gr.

1. Vinnueftirlit ríkisins hefur eftirlit með framkvæmd þessara reglna. Það getur þó samþykkt aðra aðila til þess að fara með slíkt eftirlit að hluta eða öllu leyti, sbr. 1. mgr 80. gr laga nr. 46/1980, og fylgist þá með eftirliti slíkra aðila.
2. Um samskipti Vinnueftirlits ríkisins og annarra stjórnvalda við önnur aðildarríki og framkvæmdastjórn EB fer, að öðru leyti en því sem kveðið er á um í reglum þessum, samkvæmt tilskipun 84/529 sem vísað er til í 3. tölul. III. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

6. gr.

Ákvörðunum og úrskurðum sem teknar eru samkvæmt þessum reglum af Vinnueftirliti ríkisins má áfrýja samkvæmt 98. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

7. gr.

Brot á reglum þessum varða ákvæði 99. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

8. gr.

Reglur þessar eru settar af stjórn Vinnueftirlits ríkisins samkvæmt heimild í 34., 38., og 47. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Jafnframt staðfestir ráðuneytið 1. gr. reglnanna samkvæmt 3. mgr. 3. gr. laga nr. 46/1980. Reglurnar eru settar með hliðsjón af ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sem vísað er til í 3. tölul. III. kafla II. viðauka, tilskipun 84/529/EBE, um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi ákvæði um rafknúnar lyftur og eins og henni var breytt með tilskipun 86/312/EBE og tilskipun 90/486/EBE. Reglurnar öðlast gildi þann 1. janúar 1995 og um leið fellur úr gildi reglugerð nr. 203/1972 um búnað, rekstur og eftirlit með lyftum og lyftubúnaði, sem breytt var með reglugerð nr. 474/1975 og reglugerð nr. 62/1988.

Félagsmálaráðuneytið, 31. ágúst 1994.

F. h. r.
Berglind Ásgeirsdóttir.

Gylfi Kristinsson.

I. VIÐAUKI

TÆKNIKRÖFUR.

1. Búnaður sá sem um getur í 2. tölulið 1. mgr. 1. gr., að frátöldum þeim sem vikið er að í 2. lið hér að neðan, skal fylgja eftirfarandi stöðlum sem samþykktir hafa verið af Staðlasamtökum Evrópu (CEN).

- EN 81-1 (útgáfan frá desember 1985) Lyftur og vörulyftur - öryggisreglur um smíði og uppsetningu. 1. hluti: Rafknúnar lyftur.
- EN 81-2 (útgáfan frá nóvember 1987) Lyftur og vörulyftur - öryggisreglur um smíði og uppsetningu. 2. hluti: Vökvaknúnar lyftur.

2. Þessir staðlar gilda með fyrirvara um eftirtaldar breytingar:

2.1. Liður 12.4.2.1. (gildir einvörðungu um staðal EN 81-1 - útgáfuna frá desember 1985).

Í stað síðasta málsliðar komi eftirfarandi:

„Þó er aðildarríkjum í sjálfsvald sett, allt til 26. september 1991, hvort þau geri þessar kröfur eða ekki.“

2.2. Liður 13.1.1.4.

Í stað hans komi eftirfarandi:
„Raftengingar við uppsetningu á lyftum skulu:

a) uppfylla þær kröfur sem settar eru fram í samræmdum skjölum frá CENELEC og samþykktar hafa verið af nefndum um raftæknimál í aðildarríkjum EBE;
b) uppfylla gildandi kröfur í því landi þar sem lyftan er sett upp enda sé ekki til að dreifa neinum samræmdum skjölum um raftengingar svo sem um getur í a-lið.“

2.3. Liður 13.1.2.

Í hans stað komi eftirfarandi:

„Nauðsynlegt er að veita vernd gegn beinni snertingu í hreyfils- og trissurými með ytri hlíf er gefi einangrun upp á að minnsta kosti IP 2 X.“

2.4. Liður F.O.1.6.
Bæta skal við eftirfarandi:
„... í samræmi við 2. mgr. 13. gr. í tilskipun 84/528/EBE.“

II. VIÐAUKI

SKRÁ YFIR ÞÁ LYFTUHLUTA SEM ÞURFA AÐ GANGAST UNDIR EBE-GERÐARPRÓFUN OG EBE-SKOÐUN Í SAMRÆMI VIÐ 3. GR.

1. Læsingarbúnaður á lyftudyrum.
2. Gangráðar (lyftuklefi og mótvægi).
3. Stöðvunarbúnaður (lyftuklefi og mótvægi).
4. Höggdeyfar (með deyfðu endurkasti og stuðpúðum).

III. VIÐAUKI

FYRIRMYND AÐ VOTTORÐI UM EBE-GERÐARPRÓFUN.

Nafn samþykkts aðila .....
.....
.....

Vottorð um EBE-gerðarprófun .....
.....
.....
.....

EBE-gerðarprófun nr.

1. Flokkur, gerð, og vörunafn eða vörumerki .....

2. Nafn og heimilisfang framleiðanda .....
.....
.....

3. Nafn og heimilisfang vottorðshafa .....
.....

4. Lagt fram til EBE-gerðarviðurkenningar eða EBE-gerðarprófunar hinn.....

5. Vottorð gefið út miðað við eftirfarandi kröfur: .....

6. Prófunarstaður .....

7. Dagsetning og númer prófunarskýrslu.....

8. EBE-gerðarprófun veitt hinn.....

9. Eftirtalin skjöl sem merkt eru með ofangreindu EBE-gerðarprófunarnúmeri.....
fylgja þessu vottorði. .....

10. Aðrar upplýsingar
.....

Útgefið ..... hinn .....

.....
(undirskrift)

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 291, 31. maí 1994, um botn- og flotvörpur.

1. gr.

14. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Við veiðar með botn- og flotvörpum er óheimilt að nota nokkurn þann útbúnað, sem þrengir, herpir eða lokar á nokkurn hátt möskvum þeim, sem um er getið í 3.- 5. gr., eða nota umbúnað af nokkru tagi til þess að koma í veg fyrir rennsli afla aftur í poka eða nota net eða annað til þéttingar poka að aftan. Þó er heimilt:

A. Við veiðar með botnvörpum og flotvörpum samkvæmt 4.-5. gr. að nota hlífðarpoka utan um pokann sjálfan. Lágmarksmöskvastærð slíks hlífðarpoka skal vera 135 mm.

B. Við innfjarðarækjuveiðar, þ.m.t. rækjuveiðar við Eldey, sbr. 1. tl. 1. gr. reglugerðar nr 345/1992, um leyfisbindingu tiltekinna veiða, er heimilt að binda fyrir rækjupoka allt að 20 cm fyrir ofan pokaendann og stinga lausa netinu inn í pokann til að þétta pokahnútinn. Rækjupokinn skal ekki vera meira en 50 cm lengri en hlífðarpokinn. Við innfjarðarækjuveiðar er óheimilt að binda fyrir hlífðarpokann að aftan.

C. Við úthafsrækjuveiðar, sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 405/1994, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1994/1995, er heimilt að binda fyrir rækjupokann allt að 40 cm fyrir ofan pokaendann og stinga lausa netinu inn í pokann til að þétta pokahnútinn. Rækjupokinn skal ekki vera meira en 50 cm lengri en hlífðarpokinn. Við úthafsrækjuveiðar er heimilt að binda fyrir hlífðarpokann að aftan.

D. Við veiðar með humarvörpum samkvæmt 3. gr. að festa undir pokann net allt að 9 m að lengd með 135 mm lámarksmöskvastærð til þess að koma í veg fyrir slit.

E. Við veiðar með botnvörpum samkvæmt 3.-5. gr. að festa undir 8 öftustu metra vörpunnar nautshúðir eða mottur úr gerviefnum í því skyni að auka núningsþol pokans.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og laga nr. 34, 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast gildi 25. september og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 16. september 1994.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 591/1993, um opinber innkaup og opinberar framkvæmdir á Evrópska efnahagssvæðinu.

1. gr.

2. gr. orðist svo:

Eftirtaldar EBE-gerðir öðlast því gildi, sbr. 1. gr.:

1. Tilskipun ráðsins 93/37/EBE frá 14. júní 1993 um samræmingu reglna um útboð og gerð opinberra verksamninga.
   Þó skal ekki öðlast gildi I. viðauki við tilskipun þessa.

2. Tilskipun ráðsins 93/36/EBE frá 14. júní 1993 um samræmingu reglna um útboð og gerð opinberra samninga um vörukaup.
   Þó skal ekki öðlast gildi I. viðauki við tilskipun þessa.

3. Tilskipun ráðsins 93/38/EBE frá 14. júní 1993 um samræmingu reglna um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og fjarskipti.
   Þó skal ekki öðlast gildi I.-X. viðauki við tilskipun þessa.

4. Tilskipun ráðsins 89/665/EBE frá 21. desember 1989 um samræmingu laga og stjórnsýslufyrirmæla aðildarríkjanna á reglum um meðferð kæru vegna útboðs og gerð opinberra vörukaupa- og verksamninga.

5. Tilskipun ráðsins 92/13/EBE frá 25. febrúar 1992 um samræmingu laga og stjórnsýslufyrirmæla um beitingu á reglum bandalagsins um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og fjarskipti.

6. Tilskipun ráðsins 92/50/EBE frá 18. júní 1992 um samræmingu reglna um útboð og gerð opinberra samninga um kaup á þjónustu.

7. Reglugerð (EBE/KBE) nr. 1182 frá 3. júní 1971 sem setur reglur um hvernig reikna beri tímabil, dagsetningar og fresti.
   Gerðir sem vísað er til í 4. og 7. tl. eru prentaðar sem fylgiskjöl með reglugerð þessari. Aðrar gerðir sem vísað er til eru birtar í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, sérstakri útgáfu bók 5, bls. 37-205.

2. gr.

3. gr. orðist svo:

Við útreikning samningsfjárhæða skv. reglugerð þessari skal miðað við það gengi á evrópsku mynteiningunni (ECU) sem auglýst er af eftirlitsstofnun EFTA í EES-viðbætinum við Stjórnartíðindi EB.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 63/1970, um skipan opinberra framkvæmda með síðari breytingum og lögum nr. 52/1987, um opinber innkaup með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 29. ágúst 1994.

F. h. r.
Snorri Olsen.

Áslaug Guðjónsdóttir.

30. ágúst 1994 Nr. 507

AUGLÝSING

um samstarf um almannavarnir.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 7. gr. laga um almannavarnir, nr. 94 29. desember 1962, sbr. lög nr. 85 2. júlí 1985, hefur verið ákveðið:

a. að Akureyrarkaupstaður, Eyjafjarðarsveit og Glæsibæjar-, Öxnadals-, Skriðu-, Arnarnes-, Svalbarðsstrandar-, Grýtubakka- og Grímseyjarhreppar skuli hafa samstarf um almannavarnir og veita gagnkvæma aðstoð, og
b. að Dalvíkurkaupstaður og Svarfaðardals-, Árskógs- og Hríseyjarhreppar skuli hafa samstarf um almannavarnir og veita gagnkvæma aðstoð.

Auglýsing þessi tekur þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing um samstarf um almannavarnir, nr. 285 18. júní 1987.

Þetta tilkynnist hér með þeim sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 30. ágúst 1994.

F. h. r.
Þorsteinn Geirsson.

Ólafur W. Stefánsson.

REGLUGERÐ

um friðunarsvæði við Ísland.

1. gr.

Veiðar með fiskibotn- og flotvörpu eru bannaðar á eftirgreindum svæðum:

1. Fyrir Vesturlandi á svæði, sem markast af línum, sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 65°36,00 N - 26°35,00 V
2. 65°29,00 N - 26°46,00 V
3. 64°38,00 N - 26°46,00 V
4. 64°38,00 N - 26°40,00 V
5. 64°00,50 N - 26°07,66 V
6. 64°10,00 N - 25°37,00 V
7. 63°53,00 N - 25°07,00 V
8. 63°38,00 N - 25°45,00 V
9. 63°06,50 N - 24°44,30 V
10. 63°11,70 N - 24°25,85 V
11. 63°09,00 N - 24°24,00 V
12. 63°06,00 N - 24°25,70 V
13. 63°03,00 N - 24°32,00 V
14. 63°01,40 N - 24°38,00 V
15. 63°01,00 N - 24°37,80 V
16. 62°58,70 N - 24°44,70 V
17. 63°19,00 N - 25°32,00 V
18. 63°24,00 N - 25°45,00 V
19. 63°35,00 N - 26°06,00 V
20. 63°45,00 N - 26°17,00 V
21. 63°53,00 N - 26°32,00 V
22. 64°25,00 N - 26°58,00 V
23. 64°55,00 N - 27°14,00 V
24. 65°26,00 N - 27°16,00 V
25. 65°36,00 N - 26°55,00 V

Heimilt er þó, þrátt fyrir ofangreint bann að stunda veiðar frá kl. 20.00 að kvöldi til kl. 8.00 að morgni á eftirgreindum svæðum:

A.

1. 65°36,00 N - 26°35,00 V
2. 65°29,00 N - 26°46,00 V
3. 64°38,00 N - 26°46,00 V
4. 64°38,00 N - 26°54,00 V
5. 65°26,00 N - 26°54,00 V
6. 65°26,00 N - 27°16,00 V
7. 65°36,00 N - 26°55,00 V

B.

1. 64°10,00 N - 25°37,00 V
2. 63°53,00 N - 25°07,00 V
3. 63°42,20 N - 26°14,00 V
4. 63°45,00 N - 26°17,00 V
5. 63°53,00 N - 26°32,00 V

Þá er og heimilt að stunda veiðar á eftirgreindu svæði á „Mehlsack“ frá og með 15. janúar til og með 15. apríl:

1. 63°26,77 N - 25°23,25 V
2. 63°06,50 N - 24°44,30 V
3. 63°03,36 N - 24°55,51 V
4. 63°19,00 N - 25°32,00 V
5. 63°21,95 N - 25°39,65 V

2. Á svæði á Fylkishóli, 1 sjómílu umhverfis 62°45,50 N - 25°14,50 V.

3. Á Litlabanka á svæði, sem markast af línum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 62°53,00 N - 24°44,00 V
2. 62°50,00 N - 24°38,00 V
3. 62°43,00 N - 24°50,00 V
4. 62°45,00 N - 24°55,00 V

4. Á „Heimsmeistarahrygg“ á svæði sem markast af línum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 63°18,50 N - 23°10,00 V
2. 63°15,80 N - 23°00,00 V
3. 63°15,00 N - 23°00,00 V
4. 63°10,70 N - 23°24,00 V
5. 63°11,00 N - 23°38,00 V
6. 63°15,00 N - 23°38,00 V

5. Á Tánni á tímabilinu frá og með 1. júní til og með 31. október á svæði, sem markast af línum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 63°10,00 N - 22°00,00 V
2. 63°09,20 N - 21°55,50 V
3. 63°05,40 N - 22°09,00 V
4. 63°02,80 N - 22°23,50 V
5. 63°03,00 N - 22°31,00 V
6. 63°06,00 N - 22°41,00 V
7. 63°09,20 N - 22°46,00 V
8. 63°11,00 N - 22°42,00 V
9. 63°05,00 N - 22°24,00 V

6. Á Lónsdýpi á svæði, sem markast af línu, sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

1. 63°52,00 N - 13°52,00 V
2. 63°51,00 N - 13°45,00 V
3. 63°48,00 N - 13°50,00 V
4. 63°46,00 N - 14°05,00 V
5. 63°41,00 N - 14°24,00 V
6. 63°43,00 N - 14°24,00 V
7. 63°49,00 N - 14°02,00 V
8. 63°49,00 N - 13°58,00 V

Heimilt er þó, að stunda veiðar frá kl. 20.00 að kvöldi til kl. 8.00 að morgni á ofangreindu svæði.

2. gr.

Veiðar með fiskibotn- og flotvörpu og línuveiðar eru bannaðar á eftirgreindum svæðum:

1. Norðaustur af Horni á svæði er markast af línum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 66°29,20 N - 21°45,00 V
2. 67°02,95 N - 21°45,00 V
3. 67°06,50 N - 20°48,50 V
4. 67°04,00 N - 20°42,00 V
5. 66°34,50 N - 21°11,72 V
6. 66°36,43 N - 20°45,30 V
7. 66°19,80 N - 20°45,15 V

Að sunnan afmarkast svæðið af línu, sem dregin er í 12 sjómílna fjarlægð frá viðmiðunarlínu sbr. lög nr. 81/1976 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

2. Á Sporðagrunni á svæði er markast af línum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 66°34,42 N - 20°20,50 V
2. 66°38,44 N - 20°16,67 V
3. 66°47,37 N - 19°52,94 V
4. 66°51,60 N - 19°21,89 V
5. 66°38,32 N - 19°24,68 V

3. Norðan Haganesvíkur á svæði er markast af línum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 66°22,10 N-19°32,30 V
2. 66°26,99 N-19°32,94 V
3. 66°29,48 N-18°58,76 V
4. 66°23,98 N-18°53,78 V

Að sunnan afmarkast svæðið af línu sem dregin er í 12 sjómílna fjarlægð frá viðmiðunarlínu sbr. lög nr. 81/1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

4. Fyrir Norðausturlandi á svæði sem að vestan markast af línu sem dregin er 10° réttvísandi frá Hraunhafnartanga (viðmiðunarstaður 9) og að austan af línu, sem dregin er 45° réttvísandi frá Langanesi (viðmiðunarstaður 10). Að utan markast svæðið af línu sem dregin er 20 sjómílur utan viðmiðunarlínu sbr. lög nr. 81/1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, en að sunnan af línu sem dregin er 12 sjómílur utan við viðmiðunarlínu sbr. lög nr. 81/1976 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

5. Á Langanesgrunni á svæði sem markast af línum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 66°36,39 N - 13°57,27 V
2. 66°40,53 N - 13°47,16 V
3. 66°37,72 N - 13°37,58 V
4. 66°31,81 N - 13°42,41 V
5. 66°29,29 N - 13°39,41 V
6. 66°38,28 N - 13°10,60 V
7. 66°48,28 N - 13°28,79 V
8. 66°48,29 N - 13°47,64 V
9. 66°55,07 N - 14°01,34 V
10. 66°40,00 N - 14°15,00 V

6. Á Digranesflaki á svæði sem markast af línum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 66°12,00 N - 13°48,00 V
2. 66°23,00 N - 12°51,00 V
3. 66°14,00 N - 12°40,00 V
4. 66°03,00 N - 12°40,00 V
5. 65°56,00 N - 13°31,00 V

7. Á Glettinganesgrunni á svæði sem markast af línum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 65°32,33 N - 12°26,34 V
2. 65°26,46 N - 12°11,41 V
3. 65°23,99 N - 12°49,52 V
4. 65°33,64 N - 12°51,07 V

8. Á Breiðdalsgrunni á svæði, sem markast af línum, sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 64°05,76 N - 13°14,40 V
2. 64°17,65 N - 13°21,10 V
3. 64°33,00 N - 13°23,00 V
4. 64°33,00 N - 12°40,00 V
5. 64°25,00 N - 12°34,00 V
6. 64°16,00 N - 12°46,80 V
7. 64°08,00 N - 13°02,55 V

9. Við Hrollaugseyjar á svæði sem markast af línum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 64°11,00 N - 15°42,50 V
2. 63°57,70 N - 15°28,70 V
3. 63°54,20 N - 15°46,50 V
4. 63°54,00 N - 15°59,00 V
5. 64°02,00 N - 16°11,20 V

Að norðan markast svæðið af stórstraumsfjöruborði.

3. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 25. september 1994. Frá sama tíma falla úr gildi eftirfarandi reglugerðir: Reglugerð nr. 283, 20. júlí 1993, um friðunarsvæði við Ísland, ásamt breytingareglugerðum nr. 456, 15. nóvember 1993, nr. 493, 14. desember 1993 og nr. 108, 9. mars 1994. Reglugerð nr. 110, 16. mars 1994, um bann við togveiðum vestur af Eldeyjarboða og reglugerð nr. 241, 11. maí 1994, um bann við togveiðum á Litlabanka.

Sjávarútvegsráðuneytið, 16. september 1994.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá nr. 383/1993 fyrir mengunareftirlit í Kópavogi, sbr. auglýsingu nr. 209/1994.

1. gr.

2. mgr. 4. gr. gjaldskrár fyrir mengunareftirlit í Kópavogi nr. 383/1993, orðist svo:

Fyrirtæki	Eftirlitsgjald
1. flokkur	kr. 56.000
2. flokkur	kr. 35.000
3. flokkur	kr. 21.000
4. flokkur	kr. 14.000
5. flokkur	kr. 7.000

2. gr.

Við 4. gr. bætist við ný málsgrein sem orðist svo:

Heilbrigðisnefnd er heimilt að lækka eftirlitsgjald sé um að ræða tímabundna, takmarkaða eða umfangslitla starfsemi.

3. gr.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Kópavogs, staðfestist hér með samkvæmt 5. og 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til að öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytið, 15. september 1994.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

AUGLÝSING

um umferð í Borgarnesi.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Borgarbyggðar og samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Borgarnesi.

Bifreiðastæði við norðurbrún Egilsgötu færast yfir á suðurbrún.

Gangbraut yfir Egilsgötu, sem er vestan við Bröttugötu færist yfir á hornið austan við Bröttugötu.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi þegar í stað.

Sýslumaðurinn í Borgarnesi, 6. september 1994.

Stefán Skarphéðinsson.

19. september 1994 Nr. 511

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 456/1994 um fuglaveiðar og nýtingu hlunninda af villtum fuglum.

1. gr.

Við 2. mgr. 8. gr. reglugerðar nr. 456/1994 bætist nýr töluliður, sem verður nr. 5 og hljóðar svo:

Heimilt er að veiða rjúpu frá 15. október til 22. desember.

2. gr.

Töluliður. nr. 5 í 2. mgr. 8. gr. um veiðar á kjóa í og við friðlýst æðarvarp, verður nr. 6 eftir breytinguna.

3. gr.

Reglugerðarbreyting þessi er gerð með heimild í lögum 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.

Umhverfisráðuneytið 19. september 1994.

Össur Skarphéðinsson.

Lúðvík Bergvinsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð fyrir talnagetraunir Íslenskrar getspár, nr. 86, 24. febrúar 1993.

1. gr.

5. grein, liður 5.6, orðist svo:

Þátttakendur hljóta eingöngu vinning í samræmi við hæsta fjölda talna í hverri röð, þ.e. sá sem hlýtur vinning samkvæmt a) lið, hlýtur ekki vinning samkvæmt öðrum liðum, o.s.frv.

Vinningar skulu færðir niður í næsta heilan tug króna. Mismunur sem myndast með því skal yfirfærður til 1. vinnings einu sinni til tvisvar á ári, eftir nánari ákvörðun stjórnar.

Stjórn Íslenskrar getspár er heimilt að leggja viðbótarfé frá fyrirtækinu til 1. vinnings í báðum leikjunum við sérstök tækifæri samkvæmt reglum sem dómsmálaráðuneytið samþykkir.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um talnargetraunir nr. 26, 2. maí 1986, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 16. september 1994.

F. h. r.
Þorsteinn Geirsson.

Jón Thors.

STJÓRNARTÍÐINDI B 71 – 1994

13. september 1994 1625 Nr. 513

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Lárusar Ottesen.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Lárusar Ottesen og er stofnaður samkvæmt ákvörðun í erfðaskrá hans.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er 15.000.000 kr. – fimmtán milljónir – og er óheimilt að skerða höfuðstól sjóðsins.

Stjórn sjóðsins skal ávaxta fé sjóðsins á hvern þann veg er hún telur gefa besta ávöxtun.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins skal vera að styrkja þá er skara framúr á sviði vísinda og menningar. Ennfremur er heimilt að styrkja stúdenta til framhaldsnáms, enda hafi þeir sýnt framúrskarandi námsárangur.

4. gr.

Sjóðsstjórn ákveður fjárhæð styrkja hverju sinni. Ennfremur ákveður hún hvort úthluta skuli eftir umsóknum eða án þeirra og skal miða við að úthluta eigi sjaldnar en annað hvert ár, í fyrsta sinni 1996.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skal kjósa með sér formann sem skal hafa umsjón með fundarboðunum svo oft sem þurfa þykir, þó eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Bóka skal fundi í sérstaka gerðarbók.

Formaður skal bera ábyrgð á fjárvörslu og reikningshaldi. Daglegar fjárreiður skulu og vera á höndum formanns.

Endurskoðaður reikningur sjóðsins skal sendur ríkisendurskoðun fyrir 30. júní ár hvert.

6. gr.

Til þess að fjárhagslegar skuldbindingar gagnvart sjóðnum séu gildar þarf formaður auk annars stjórnarmanns hið minnsta að undirrita þær.

7. gr.

Stjórnin ákveður þóknun fyrir stjórnarstörf svo og önnur störf sem unnin eru á vegum sjóðsins.

B 114

Steindórsprent Gutenberg hf.

8. gr.

Lárus Ottesen hefur skipað menn í stjórn sjóðsins og eru þeir eftirtaldir: Gylfi Birgisson, kt. 220956-5129, Brúnalandi 36, Reykjavík, Hörður Sigurgestsson, kt. 020638-2659, Skeljatanga 1, Reykjavík og Örn Guðmundsson, kt. 140962-7599, Huldulandi 1, Reykjavík. Varamaður er Þórir Oddsson, kt. 190541-7899, Lálandi 16, Reykjavík.

Í stjórn sjóðsins skulu ávallt sitja þrír menn og ef einhver stjórnarmanna fellur frá eða kýs að láta af stjórnarstörfum, skal varamaður taka sæti í stjórn. Sjóðsstjórn skal síðan velja nýjan varamann.

9. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 13. september 1994.

F. h. r.
Þorsteinn Geirsson.

Jón Thors.

Nr. 514 14. september 1994

REGLUGERÐ

um fjárhæð og útreikning húsaleigubóta.

1. gr.

Húsaleigubætur skal ákvarða þannig, að grunnstofn til útreiknings húsaleigubóta á mánuði skal vera 7.000 kr. fyrir hverja íbúð. Að auki bætast við 4.500 kr. fyrir fyrsta barn, 3.500 kr. fyrir annað og 3.000 kr. fyrir þriðja. Til viðbótar koma 12% þess hluta leigufjárhæðar er liggur á milli 20.000 - 45.000 kr.

Bætur skerðast óháð fjölskyldustærð í hverjum mánuði um 2% af árstekjum umfram 1,5 millj. kr.

Húsaleigubætur geta þó aldrei orðið hærri en sem nemur 50% af leigufjárhæð, að hámarki 21.000 kr. á mánuði.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með heimild í 22. gr. laga nr. 100/1994 um húsaleigubætur, sbr. 6. gr., öðlast gildi 1. janúar 1995.

Félagsmálaráðuneytið, 14. september 1994.

Guðmundur Árni Stefánsson.

Elín S. Jónsdóttir.

REGLUGERÐ

um veiðieftirlitsgjald.

1. gr.

Greiða skal sérstakt gjald – veiðieftirlitsgjald – fyrir veiðiheimildir sem veittar eru á fiskveiðiárinu 1. september 1994 til 31. ágúst 1995, á grundvelli laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum eða annarra laga er kveða á um stjórn fiskveiða.

2. gr.

Fyrir veitingu almenns leyfis til veiða í atvinnuskyni skv. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 38/1990 sbr. lög nr. 1/1992, um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1992, skal greiða fast gjald, 12.400 kr.

3. gr.

Fyrir tilkynningu um aflamark, sem kveður á um heimild til að veiða tiltekið magn sjávardýra skal greiða gjald sem miðast við aflamark af einstökum tegundum metið til þorskígilda samkvæmt verðmætahlutföllum í 5. gr. Gjald fyrir aflamarkstilkynningu skal vera 99 kr. fyrir hvert þorskígildistonn. Gjald fyrir hverja tilkynningu um aflamark, sem ekki er gefin út samhliða almennu leyfi til veiða í atvinnuskyni, skal þó aldrei vera lægra en 2.200 kr.

4. gr.

Fyrir leyfi til að veiða með dragnót, leyfi til hrognkelsaveiða og önnur veiðileyfi sem gefin eru út með stoð í 2. mgr. 4. gr. laga nr. 38/1990 skal greiða fast gjald, 12.400 kr. fyrir hvert leyfi.

5. gr.

Við útreikning þorskígilda samkvæmt 3. gr. skal miða við eftirfarandi verðmætahlutföll: Þorskur 1.00, ýsa 1.22, ufsi 0.48, karfi 0.46, grálúða 0.88, skarkoli 1.01, rækja 0.99, humar (slitinn) 9.52, hörpudiskur 0.42, síld 0.09, loðna 0.06.

6. gr.

Gjald samkvæmt 2., 3. og 4. gr. skal innheimt við afhendingu veiðiheimilda.

Gjald fyrir veiðiheimild skal tilgreint á leyfisbréfi. Gjaldið er ekki endurkræft, enda þótt veiðiheimildir séu ekki nýttar.

Gjald samkvæmt reglugerð þessari rennur til reksturs veiðieftirlits Fiskistofu.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum sbr. lög nr. 1/1992, um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1992 og öðlast þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi frá 1. september 1993 reglugerð nr. 321, 10. ágúst 1993, um veiðieftirlitsgjald.

Sjávarútvegsráðuneytið, 11. ágúst 1994.

Þorsteinn Pálsson.

Jón B. Jónasson.

REGLUGERÐ

um bann við notkun á efnum sem innihalda kvikasilfurssambönd, arsenefnasambönd og lífræn efnasambönd tins (tríbútýltin).

1. gr.

Skilgreining.

Reglugerð þessi nær yfir málningu og aðra efnavöru sem ætluð er til að hindra gróður og aðrar lífverur á ýmsum mannvirkjum undir vatni eða sjó svo sem botni skips, flotkvíum, veiðarfærum, gildrum, netum og öðrum hlutum.

Með lífrænum efnasamböndum tins er í reglugerð þessari átt við efnasambönd þar sem tin er bundið alkýl- eða akrýlefnahópum.

2. gr.

Bann og undanþágur.

Bannað er að nota efni sem innihalda kvikasilfurssambönd, arsensambönd og lífræn efnasambönd tins á báta- og skipskrokka, búr, flothylki, net og annað sem notað er og tengist hverskonar fiskveiðum og skelfiskarækt, svo og sérhvert það tæki og hlut sem er alveg eða að hluta til undir vatni.

Undanþegin þessu banni er þó notkun lífrænna efnasambanda tins á skip sem eru lengri en 25 metrar að mestu (samkvæmt ISO staðli 8666). Slíkar blöndur má einungis selja í umbúðum sem eru 20 lítrar eða stærri og aðeins til skipaviðgerðastöðva og dráttarbrauta en ekki til almennings. Umhverfisráðherra getur að fenginni umsögn Siglingamálastofnunar ríkisins ákveðið að bann samkvæmt 1. mgr. skuli einnig gilda fyrir báta og skip lengri en 25 metrar, enda séu þeir bátar og skip einkum í strandsiglingum.

Merkja skal umbúðir með skýru og óafmáanlegu letri, samkvæmt gildandi reglugerð um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda, sem innihalda slík efni. Í merkingu skal koma fram tilvitnun í framangreinda reglugerð. Einnig skal eftirfarandi texti koma fram á umbúðunum. „Má aðeins nota á skip og báta lengri en 25 metra. Notist einungis í slipp".

3. gr.

Eftirlit.

Siglingamálastofnun ríkisins annast eftirlit með framkvæmd þessarar reglugerðar hvað lög nr. 32/1986 um varnir gegn mengun sjávar varðar.

Heilbrigðisnefndir undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins hafa eftirlit með framkvæmd reglugerðar þessarar hvað lög nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni varðar.

4. gr.

Viðurlög.

Með mál sem kunna að rísa vegna brota á reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála.

Fyrir brot gegn reglugerð þessari skal fara samkvæmt 31. gr. laga nr. 32/1986 um varnir gegn mengun sjávar eða samkvæmt 25. og 26. gr. laga nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni eftir því sem við á hverju sinni.

5. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 9. gr. laga nr. 32/1986 um varnir gegn mengun sjávar, 18. gr. laga nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni, með síðari breytingum og með hliðsjón af 23. gr. í II. viðauka við EES samninginn, tilskipun 89/677/EBE, þ.e.a.s. áttundu breytingu á tilskipun 76/769/EBE, öðlast gildi 1. október 1994 til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Frá sama tíma falla úr gildi reglur nr. 33/1990 um bann við notkun á gróðurhryndnum efnum sem innihalda lífræn efnasambönd tins.

Umhverfisráðuneytið, 20. september 1994.

Össur Skarphéðinsson.

Ingimar Sigurðsson.

14. september 1994 Nr. 517

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Waldorfleikskólann Sólstafi.

1. gr.

Leikskólinn er sjálfseignarstofnun með aðsetur í Reykjavík.

2. gr.

Stofnendur eru M. Helga Óskarsdóttir, Snorri Traustason og Lárus Christensen.

3. gr.

Leikskólinn starfar eftir lögum um leikskóla og notar skólastefnu Waldorfuppeldisstefnunnar til að ná fram markmiðum leikskólalaganna með áherslu á listir, sköpun og æskuna.

4. gr.

Heimili og varnarþing er í Reykjavík.

5. gr.

Stofnframlag er kr. 441 000 og er það í vörslu stjórnar og má ekki skerða.

6. gr.

Stjórn leikskólans er skipuð fjórum mönnum, þremur mönnum sem í byrjun eru stofnendur skólans og einum manni kjörnum af foreldrum sem eiga börn í leikskólanum. Stjórn leikskólans er valin í lok hvers leikskólaárs. Fastir kennarar leikskólans velja þrjá menn og foreldrar sem eiga börn í skólanum einn mann. Stjórn skólans skal sjá um að skólinn sé rekinn í samræmi við lög um leikskóla.

7. gr.

Fastráðnir kennarar velja einn úr sínum hópi, með fullnægjandi menntun, til að gegna stöðu leikskólastjóra og velja einnig kennara leikskólans og annað starfsfólk hans.

8. gr.

Stjórnendur leikskólans ákveða fjölda nemenda. Kennari ákveður hverjir skuli teknir í sinn bekk ef fjöldi umsókna fer fram úr gildandi ákvæðum reglugerðar og leyfa um hámarksfjölda barna.

9. gr.

Leikskólafundur þar sem foreldrar, kennarar og annað starfsfólk skólans mæta öll saman skulu haldnir hið minnsta við upphaf, á miðju og í lok leikskólaárs. Leikskólakennari er ábyrgur fyrir foreldrastarfi í sínum bekk og skal haldinn a.m.k. einn foreldrafundur á önn.

10. gr.

Löggiltir endurskoðendur skulu yfirfara og árita reikninga leikskólans.

11. gr.

Fjár til leikskólans er aflað:

a) Með greiðslu leikskólagjalda.
b) Með opinberum styrkjum sem kunna að verða veittir.
c) Með styrkjum, stuðningi og framlögum sem leikskólanum hlotnast frá einstaklingum eða stofnunum.

12. gr.

Fjárreiður leikskólans eru í höndum fjársýslunefndar sem er skipuð einum stjórnarmanni og einum kennara. Framkvæmd fjársýslu skólans er í höndum eins kennara eða annars starfsmanns skólans sem fjársýslunefndin og stjórn skólans velja í sameiningu.

13. gr.

Stjórn leikskólans ákveður leikskólagjöld og greiðslumáta þeirra og hefur það markmið að leiðarljósi að ekkert barn þurfi frá að hverfa einungis vegna leikskólagjalda.

14. gr.

Til breytinga á skipulagsskránni þarf samþykki a.m.k. þriggja stjórnarmanna og til að leggja stofnunina niður þarf samþykki allra stjórnarmanna.

15. gr.

Verði stofnunin lögð niður skal eignum hennar varið til eflingar Waldorfskólastefnunnar undir umsjón stofnenda.

16. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 14. september 1994.

F. h. r.
Þorsteinn Geirsson.

Jón Thors.

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á sameiningu Reykjarfjarðarhrepps, Súðavíkurhrepps og Ögurhrepps.

Á grundvelli 2. mgr. 5. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 hefur félagsmálaráðuneytið ákveðið að sameina Reykjarfjarðarhrepp, Súðavíkurhrepp og Ögurhrepp í eitt sveitarfélag.

Ákvörðun þessi er í samræmi við tillögur nefndar, sem skipuð var samkvæmt 107. gr. sveitarstjórnarlaga.

Vegna sameiningar þessarar hefur ráðuneytið ákveðið eftirfarandi:

1. Nafn hins nýja sveitarfélags verður Súðavíkurhreppur.
2. Súðavíkurhreppur hinn nýi skal taka yfir allt það land sem nú tilheyrir Reykjarfjarðarhreppi, Súðavíkurhreppi og Ögurhreppi.
3. Íbúar Reykjarfjarðarhrepps, Súðavíkurhrepps og Ögurhrepps skulu vera þegnar hins nýja Súðavíkurhrepps.
4. Eignir, skuldir, réttindi og skyldur sem tilheyra hverju sveitarfélagi, Reykjarfjarðarhreppi, Súðavíkurhreppi og Ögurhreppi, skulu falla til hins nýja sveitarfélags.
5. Skjöl og bókhaldsgögn Reykjarfjarðarhrepps, Súðavíkurhrepps og Ögurhrepps skulu afhent hinum nýja Súðavíkurhreppi til varðveislu.
6. Kosning sveitarstjórnar hins nýja sveitarfélags skal fara fram hinn 12. nóvember 1994.
7. Kosningin skal vera bundin hlutfallskosning, sbr. 1. mgr. 15. gr. sveitarstjórnarlaga.
8. Kjósa skal fimm fulltrúa í sveitarstjórn hins nýja sveitarfélags, sbr. 1. mgr. 11. gr. sveitarstjórnarlaga.
9. Kjörstjórnir þær sem kosnar voru í upphafi yfirstandandi kjörtímabils samkvæmt 23. gr. sveitarstjórnarlaga skulu vera undirkjörstjórnir við kosningarnar. Hreppsnefndirnar skulu koma sér saman um kosningu 3ja aðalmanna og jafnmargra til vara í yfirkjörstjórn og verði ráðuneytinu tilkynnt um kosninguna að henni lokinni.
10. Sameiningin skal taka gildi 1. janúar 1995.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 21. september 1994.

Guðmundur Árni Stefánsson.

Sesselja Árnadóttir.

21. september 1994 Nr. 519

AUGLÝSING

um breytingu á viðauka A með skipulagsreglugerð nr. 318/1985.

Úr viðauka A með skipulagsreglugerð nr. 318/1985 þar sem skilgreint er orðið skipulagsnefnd fellur brott setningin sem hefst á orðunum „Sveitarstjórn kýs .....“

Breyting þessi er gerð með heimild í skipulagslögum nr. 19/1964 og tekur gildi þegar í stað.

Umhverfisráðuneytið, 21. september 1994.

Össur Skarphéðinsson.

Ingimar Sigurðsson.

SAMÞYKKT

um stjórn Neskaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar.

I. KAFLI
Um skipan bæjarstjórnar og verkefni hennar.

1. gr.

Bæjarstjórn Neskaupstaðar er skipuð 9 bæjarfulltrúum kjörnum skv. III. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, sbr. 2. mgr. 10. gr. og 11. gr. sömu laga.

2. gr.

Starfstímabil bæjarstjórnar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Bæjarstjórn fer með stjórn Neskaupstaðar skv. ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer bæjarstjórn með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum bæjarins, að svo miklu leyti sem bæjarstjórn hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

4. gr.

Bæjarstjórn skal gæta hagsmuna bæjarins og vera í fyrirsvari fyrir hann og vinna að sameiginlegum velferðarmálum bæjarbúa.

5. gr.

Bæjarstjórn annast þau verkefni, sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum. Þá getur bæjarstjórn ákveðið, að bærinn taki að sér verkefni sem varðar íbúa bæjarins sérstaklega, enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

6. gr.

Meðal verkefna bæjarstjórnar Neskaupstaðar eru:

1. Að kjósa forseta og varaforseta bæjarstjórnar, bæjarráð og aðrar nefndir, ráð og stjórnir skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga sbr. og V. kafla samþykktar þessarar og skoðunarmenn til að annast endurskoðun ársreikninga bæjarins skv. VIII. kafla sveitarstjórnarlaga.
2. Að setja samþykktir og gjaldskrár, eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Að stjórna fjármálum bæjarins, stofnana hans og fyrirtækja, skv. VIII. kafla sveitarstjórnarlaga sbr. og II. kafla samþykktar þessarar.
4. Að ákveða stjórnkerfi bæjarins og ráða bæjarstjóra og helstu starfsmenn bæjarins skv. VII. kafla sveitarstjórnarlaga sbr. og VI. kafla þessarar samþykktar.
5. Að upplýsa bæjarbúa um störf bæjarstjórnar og málefni bæjarins með útgáfu fréttabréfs og með því að halda almenna borgarafundi. Þá skulu bæjarbúar eiga þess kost að gerast áskrifendur að fundargerðum bæjarstjórnar gegn hæfilegu endurgjaldi.

II. KAFLI
Um fjármálastjórn bæjarins.

7. gr.

Á fyrsta ári hvers kjörtímabils skal bæjarstjórn semja þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál bæjarins og skal þessi þriggja ára áætlun vera til leiðbeiningar

við gerð árlegrar fjárhagsáætlunar bæjarins. Áætlunina skal endurskoða árlega í tengslum við afgreiðslu fjárhagsáætlunarinnar og skal þá framlengja áætlunina um eitt ár, sbr. 76. gr. laga nr. 8/1986.

8. gr.

Bæjarstjórn skal afgreiða fjárhagsáætlun bæjarsjóðs, bæjarfyrirtækja og -stofnana fyrir lok janúarmánaðar ár hvert að undangengnum tveimur umræðum í bæjarstjórn sbr. 24. gr. samþykktar þessarar.

Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun skv. 1. mgr. skal bæjarstjórn sækja skriflega um frest til félagsmálaráðuneytisins og tilgreina ástæðu fyrir umsókninni.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreikninga bæjarins og skal þar greint á milli rekstraráætlunar, fjárfestingaráætlunar og áætlunar um fjármagnshreyfingar.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur bæjarstjórn ákvarðanir um nýtingu tekjustofna bæjarsjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármagns á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af veltufjárstöðu bæjarsjóðs í byrjun fjárhagsárs og áætla fyrir þeim breytingum, sem nauðsynlegt er talið að gera á veltufjárstöðunni.

9. gr.

Fjárhagsáætlun skv. 8. gr. skal vera meginregla um fjármálastjórn bæjarins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr bæjarsjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöld séu lögbundin, samningsbundin eða samþykkt af bæjarstjórn. Samþykki bæjarstjórn fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar, skal hún jafnframt taka ákvörðun um hvernig afla skuli fjár til þeirra útgjalda s.s. með lækkun annarra útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé.

10. gr.

Hafi forsendur fyrir gerð fjárhagsáætlunar breyst verulega s.s. ef verðlagsbreytingar hafa orðið verulega meiri en ráð var fyrir gert er bæjarstjórn heimilt að endurskoða fjárhagsáætlunina. Slíkar breytingar afgreiðir bæjarstjórn við eina umræðu í bæjarstjórn, enda hafi breytingartillögurnar verið sendar bæjarfulltrúum með fundarboði og dagskrá a.m.k. fimm sólarhringum fyrir bæjarstjórnarfund.

11. gr.

Bæjarstjórn skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga bæjarsjóðs og fyrirtækja hans eigi síðar en í júnílok ár hvert skv. 88. gr. sveitarstjórnarlaga sbr. 82. og 83. gr. sömu laga. Eintak af ársreikningum skal senda Hagstofu Íslands og félagsmálaráðuneytinu fyrir 31. júlí ár hvert. Viðurlög skv. 2. mgr. 88. gr. sveitarstjórnarlaga liggja við vanrækslu bæjarstjórnar á afgreiðslu og skilum ársreikninga.

III. KAFLI
Um fundarsköp bæjarstjórnar.

12. gr.

Bæjarstjórn heldur reglulega fundi einu sinni í mánuði. Bæjarstjórnarfundir skulu að jafnaði hefjast kl. 16.00. Heimilt er að fella niður fundi í bæjarstjórn í allt að tvo mánuði að sumarlagi. Aukafundi skal halda í bæjarstjórn eftir því sem þörf krefur að mati bæjarstjóra og forseta bæjarstjórnar og skylt er að halda aukafundi í bæjarstjórn, ef a.m.k. þriðjungur bæjarfulltrúa krefst þess.

13. gr.

Aldursforseti nýkjörinnar bæjarstjórnar kveður bæjarstjórnina saman til fyrsta fundar að afloknum bæjarstjórnarkosningum, eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, sbr. 2. gr. samþykktar þessarar, þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag. Aldursforseti getur falið bæjarstjóra að boða fyrsta fund nýkjörinnar bæjarstjórnar.

14. gr.

Bæjarstjóri, sbr. þó 13. gr. samþykktar þessarar, boðar bæjarstjórnarfundi og ákveður jafnframt fundarstað, hafi bæjarstjórn ekki gert það. Bæjarbúum skal kunngert með auglýsingu, hvar og hvenær bæjarstjórnarfundir eru haldnir.

15. gr.

Bæjarstjóri semur dagskrá bæjarstjórnarfundar, og skal dagskráin fylgja fundarboði. Á dagskrá bæjarstjórnarfundar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar s.s. kosningar forseta bæjarstjórnar, kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarstjórnar, svo og kosningar eða ráðningar bæjarstjóra og annarra fastra starfsmanna bæjarins.
2. Fundargerðir bæjarráðs, nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarins, ef, eða að svo miklu leyti, sem bæjarstjórn þarf að samþykkja ályktanir, sem í þeim felast, sbr. 61. gr. samþykktar þessarar.
3. Önnur mál, sem falla undir verksvið bæjarstjórnar og bæjarstjóri ákveður að taka á dagskrá eða einhver bæjarfulltrúi óskar að tekin verði á dagskrá. Bæjarfulltrúi sem óskar að fá mál tekið á dagskrá bæjarstjórnarfundar, skal tilkynna það bæjarstjóra skriflega með tillögu eða fyrirspurn a.m.k. fimm sólarhringum fyrir fund.

Dagskrá bæjarstjórnarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna, sem bæjarstjóri telur nauðsynleg. Dagskrá skal jafnframt fylgja afrit fundargerðar síðasta bæjarstjórnarfundar.

16. gr.

Bæjarstjóri skal í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir bæjarstjórnarfund hafa boðsent bæjarfulltrúum fundarboð bæjarstjórnarfundar ásamt dagskrá og fylgigögnum.

17. gr.

Bæjarstjóri skal boðsenda bæjarfulltrúum fundarboð aukafundar í bæjarstjórn ásamt dagskrá a.m.k. sólarhring fyrir fund. Heimilt er þó að boða aukafund með styttri fyrirvara ef aðkallandi mál bíður afgreiðslu, enda sé hann boðaður með dagskrá.

18. gr.

Aldursforseti bæjarstjórnar setur fyrsta fund nýkjörinnar bæjarstjórnar og stýrir honum, uns forseti bæjarstjórnar hefur verið kjörinn. Forseti bæjarstjórnar skal kjörinn til eins árs. Sá er rétt kjörinn forseti, sem fengið hefur atkvæði meirihluta bæjarfulltrúa. Verði þeim atkvæðafjölda eigi náð skal kjósa að nýju um þá tvo, sem flest atkvæði fengu. Hafi þrír eða fleiri bæjarfulltrúar fengið jafnmörg atkvæði, skal varpa hlutkesti um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn forseti bæjarstjórnar, sem fleiri atkvæði fær. Verði atkvæði jöfn, skal hlutkesti ráða kosningu. Forseti bæjarstjórnar stjórnar kjöri 1. og 2. varaforseta bæjarstjórnar, og skal sömu aðferð beitt við kosningu þeirra, sbr. næstu málsgrein hér að framan. Varaforsetar skulu kjörnir til jafnlangs tíma og forseti. Sé enginn forseta á fundi, gegnir aldursforseti forsetastörfum, nema bæjarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra. Ef forseti deyr eða verður varanlega forfallaður frá forsetastörfum, skal kjósa forseta í hans stað til loka kjörtímabils forseta.

19. gr.

Bæjarstjórn kýs tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi bæjarfulltrúa til eins árs í senn á sama fundi og forsetakosning fer fram. Skrifarar skulu kosnir hlutfallskosningu. Skrifarar skulu telja saman atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í bæjarstjórn.

20. gr.

Bæjarstjórnarfundur skal haldinn í húsnæði sem fullnægir ákvæðum byggingarlaga og byggingarreglugerðar um aðgang fatlaðs fólks. Meðan ákvæði þessu er ekki fullnægt, skal bæjarstjórn sjá til þess að fatlað fólk fái nauðsynlega aðstoð æski það að hlýða á bæjarstjórnarfund. Bæjarstjórnarfundi skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim, eftir því sem húsrúm leyfir. Bæjarstjórn getur ákveðið að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum s.s. viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál, sem æskilegt er vegna hagsmuna bæjarins, að rædd verði fyrir luktum dyrum. Jafnframt getur bæjarstjórn ákveðið að bæjarstjórnarfundur, þar sem eingöngu er fjallað um slík mál verði haldinn fyrir luktum dyrum. Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í bæjarstjórn. Óheimilt er að skýra frá því sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í bæjarstjórn.

21. gr.

Bæjarstjórnarfundur er lögmætur ef meira en helmingur bæjarfulltrúa er á fundi. Bæjarstjórn getur enga bindandi ályktun gert, nema fundur sé lögmætur.

22. gr.

Forseti bæjarstjórnar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans og stjórnar umræðum og afgreiðslu mála, sér um að fundargerðir séu færðar og slítur fundi, þegar dagskrá hans er tæmd. Forseti úrskurðar um skilning á fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarstjórnar. Forseti sér um, að allt fari skipulega og löglega fram á bæjarstjórnarfundum og er bæjarfulltrúum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Raski áheyrandi fundarfriði, getur forseti vísað honum úr fundarsal. Leyfi forseta þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á bæjarstjórnarfundum. Skjóta má ákvörðun forseta til úrlausnar bæjarstjórnar.

23. gr.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í bæjarstjórn í þeirri röð sem þau eru á dagskrá, nema forseti eða bæjarstjórn ákveði annað. Heimilt er að taka til meðferðar á bæjarstjórnar-fundi mál, sem ekki hefur verið á dagskrá, ef 2/3 viðstaddra bæjarfulltrúa samþykkja slík afbrigði.

24. gr.

Bæjarstjórn afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlun bæjarins.
2. Ársreikninga bæjarins og fyrirtækja hans.
3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár, sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4. Áætlanir fyrir bæinn, sem gilda eiga til lengri tíma, s.s. þriggja ára áætlanir og skipulagsáætlanir.
5. Beiðni um fjárhagsaðstoð skv. 90. gr. sveitarstjórnarlaga.

25. gr.

Bæjarfulltrúa er skylt að sækja alla bæjarstjórnarfundi nema lögmæt forföll hamli svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi. Sé bæjarfulltrúi forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til bæjarstjóra, sem boðar þá varamann hans á fund. Bæjarfulltrúa, sem forfallast um stundarsakir er heimilt að ákveða, hver varamanna hans taki sæti á bæjarstjórnarfundi ella tekur varamaður sæti samkvæmt ákvæðum 1. og 2. mgr. 35. gr. sveitarstjórnarlaga. Bæjarstjóri skal sitja fundi bæjarstjórnar með málfrelsi og tillögurétt, en ekki hefur hann atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn bæjarfulltrúi. Bæjarstjórn getur heimilað að maður utan bæjarstjórnar kveðji sér hljóðs á bæjarstjórnarfundi.

26. gr.

Bæjarfulltrúa ber að víkja sæti við umræður og afgreiðslu máls þegar það varðar hann sjálfan, skyldmenni eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti af því. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Bæjarstjórn sker umræðulaust úr hvort mál er svo vaxið. Bæjarfulltrúi, sem hlut á að máli má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt. Bæjarfulltrúa, sem veit hæfi sitt orka tvímælis, ber að skýra forseta bæjarstjórnar frá því. Bæjarfulltrúi, sem vanhæfur er við úrlausn máls, skal yfirgefa fundarsal bæjarstjórnar við umræðu og afgreiðslu þess.

27. gr.

Bæjarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á bæjarstjórnarfundum. Bæjarfulltrúi sem taka vill til máls, skal óska heimildar forseta. Að jafnaði skulu bæjarfulltrúar taka til máls í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu, ef um er að ræða bæjarstjóra, framsögumann í máli eða bæjarfulltrúa, sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri bæjarfulltrúar kvatt sér hljóðs samtímis, ákveður forseti í hvaða röð þeir skuli tala.

28. gr.

Bæjarfulltrúi skal beina máli sínu til forseta. Þegar til umræðu er fundargerð bæjarráðs, annarrar nefndar, ráða eða stjórna skal bæjarfulltrúi taka fram hvaða lið/liði fundargerðarinnar hann óskar að ræða. Bæjarfulltrúi má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó bæjarfulltrúa að taka oftar til máls, til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd við fundarsköp. Bæjarstjóri, flutningsmaður tillögu eða framsögumaður (talsmaður flutningsmanna) mega þó tala oftar en tvisvar við hverja umræðu máls. Ef bæjarfulltrúi vill beina fyrirspurn til bæjarstjóra skal hann að jafnaði hafa hana skriflega og afhenda með sama fyrirvara og um tillögu sé að ræða, sbr. 15. gr. samþykktar þessarar. Ekki má bæjarfulltrúi lesa upp prentað mál við umræður í bæjarstjórn nema með leyfi forseta.

29. gr.

Beri bæjarfulltrúi aðra menn brigslum, skal forseti víta hann. Forseti getur lagt til við bæjarstjórn, að bæjarfulltrúi sem víttur hefur verið tvisvar á sama fundi, verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hlýðnist bæjarfulltrúi ekki úrskurði forseta eða bæjarstjórnar eða ef óregla kemur upp á fundi, skal forseti gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta fundi, ef nauðsyn krefur.

30. gr.

Telji forseti umræður dragast úr hófi fram, getur hann lagt fram dagskrártillögu um að ræðutími hvers bæjarfulltrúa verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver bæjarfulltrúi getur og borið fram slíkar tillögur. Bæjarstjórn afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo, að hún standi skemur en tvær klukkustundir, ef einhver bæjarfulltrúi kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.

31. gr.

Bæjarfulltrúi getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar, ef forseti óskar. Forseti ákveður, í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu.

32. gr.

Mál er afgreitt í bæjarstjórn með því að samþykkja það eða fella það, vísa því frá bæjarstjórn eða vísa því til afgreiðslu bæjarráðs, annarrar nefndar, ráðs eða stjórnar eða bæjarstjóra. Máli sem bæjarstjórn ber að lögum að afgreiða, verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra. Bæjarstjórn er heimilt að fresta afgreiðslu máls, nema um sé að ræða mál, sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

33. gr.

Atkvæðagreiðsla á bæjarstjórnarfundi fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Forseti biður þá bæjarfulltrúa sem samþykkja mál, að rétta upp hægri hönd sína. Að því búnu leitar forseti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir forseti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar. Ef mál er svo vaxið, að forseti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það, skýrir hann frá því, að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð. Forseti getur ákveðið, að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber forseta að láta fara fram nafnakall, ef a.m.k. þriðjungur bæjarfulltrúa óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá bæjarfulltrúa í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti, hvaða bæjarfulltrúi greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal forseti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar bæjarfulltrúi, þegar forseti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða á móti eða tekur fram, að hann greiði ekki atkvæði, en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu. Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu, ef bæjarfulltrúi óskar og bæjarstjórn samþykkir. Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar.

34. gr.

Við atkvæðagreiðslu ræður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum máls nema öðruvísi sé ákveðið í lögum. Verði atkvæði jöfn með máli og móti, fellur það. Kosningar, sem fram fara í bæjarstjórn, skulu vera hlutfallskosningar skv. d'Hondts reglu sbr. 16. og 17. gr. sveitarstjórnarlaga. Þegar kjósa skal einn fulltrúa eða ráða starfsmann úr hópi margra, sem tillögur hafa komið fram um, skal kosning fara fram með sama hætti og kosning forseta bæjarstjórnar sbr. 3. mgr. 18. gr. þessarar samþykktar.

35. gr.

Bæjarstjórn ræður sérstakan fundarritara utan bæjarstjórnar til að annast ritun fundargerðar í gerðabók bæjarstjórnar. Í fundargerð skal getið, hvar og hvenær fundur er haldinn

og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál, sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvernig mál er afgreitt. Sé mál ekki afgreitt samhljóða, skal greina í fundargerð, hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda, nægir að skrá í fundargerð bæjarstjórnar, um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda tölusliða. Mál, sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi sbr. 3. mgr. 20. gr. samþykktar þessarar skal skrá sem trúnaðarmál. Bæjarfulltrúi á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til máls, sem til meðferðar er í bæjarstjórn. Forseti skal hafa eftirlit með því, að fundargerðir séu skipulega og rétt færðar. Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og skulu allir viðstaddir bæjarfulltrúar undirrita hana nema bæjarstjórn ákveði annað. Bæjarfulltrúi, sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð, getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði. Bæjarstjórn getur ákveðið að umræður á bæjarstjórnarfundum skuli hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti. Verði það ákveðið, skal bæjarstjórn setja um það nánari reglur.

IV. KAFLI
Um réttindi og skyldur bæjarfulltrúa.

36. gr.

Bæjarfulltrúi á rétt á að fá mál samkvæmt 4. og 5. gr. samþykktar þessarar tekið á dagskrá bæjarstjórnarfundar, enda tilkynni hann það bæjarstjóra skriflega a.m.k. fimm sólarhringum fyrir fund.

37. gr.

Bæjarfulltrúa er bæði rétt og skylt að sækja fundi bæjarstjórnar nema lögmæt forföll hamli sbr. 25. gr. samþykktar þessarar. – Hver bæjarfulltrúi er skyldur til að taka að sér þau störf, sem bæjarstjórn felur honum og varða verkefni bæjarstjórnar, s.s. forsetastörf og störf í bæjarráði eða öðrum nefndum á vegum bæjarstjórnar. Þó getur sá, sem verið hefur forseti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í bæjarráði eða annarri nefnd sama tímabil, skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

38. gr.

Nú telur bæjarfulltrúi sig ekki geta gegnt skyldum sínum í bæjarstjórn án óhæfilegs álags og getur bæjarstjórn þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 35. gr. sveitarstjórnarlaga.

39. gr.

Bæjarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum bæjarstjórnar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari. Bæjarfulltrúa er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál, sem bæjarstjórn er að lögum skylt að afgreiða s.s. fjárhagsáætlun, eða ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir, getur forseti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu, ef minna en helmingur bæjarfulltrúa tekur þátt í atkvæðagreiðslunni.

40. gr.

Bæjarfulltrúa ber að gegna bæjarfulltrúastörfum sínum af alúð og samviskusemi og gæta hagsmuna bæjarins, en í störfum sínum er bæjarfulltrúi einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

41. gr.

Bæjarfulltrúi á aðgang að bókum, skjölum og öðrum gögnum bæjarins og einnig óhindraðan aðgang að stofnunum og fyrirtækjum hans á venjulegum afgreiðslutíma til upplýsingaöflunar vegna starfa sinna.

42. gr.

Bæjarfulltrúi skal gæta þagnarskyldu um það, sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum, eðli máls eða sérstakri ákvörðun bæjarstjórnar.

43. gr.

Bæjarfulltrúa ber að víkja sæti við umræður og afgreiðslu máls, þegar það varðar hann sjálfan, skyldmenni eða nána venslamenn hans svo mjög, að almennt megi ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju eða öllu leyti þar af. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Bæjarstjórn sker umræðulaust úr, hvort mál er svo vaxið. Bæjarfulltrúi, sem hlut á að máli, má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt. Bæjarfulltrúa, sem veit hæfi sitt orka tvímælis, ber að vekja athygli forseta bæjarstjórnar á því. Bæjarfulltrúi, sem vanhæfur er við úrlausn máls, skal yfirgefa fundarsal bæjarstjórnar við umræður um málið og afgreiðslu þess.

44. gr.

Bæjarfulltrúi skal fá hæfilega þóknun úr bæjarsjóði fyrir störf sín í bæjarstjórn. Takist bæjarfulltrúi á hendur ferð á vegum bæjarins skv. ákvörðun bæjarstjórnar á hann rétt á greiðslu hæfilegs ferða- og dvalarkostnaðar.

Bæjarstjórn setur reglur um greiðslur skv. 1. mgr.

45. gr.

Haga skal fundum bæjarstjórnar þannig, að bæjarfulltrúar eigi möguleika á að taka sér orlof árlega sbr. 12. gr. samþykktar þessarar.

46. gr.

Bæjarfulltrúi, sem vegna veikinda eða af öðrum ástæðum getur ekki sótt bæjarstjórnarfund/fundi tímabundið, getur tilnefnt hvern sem er af varamönnum sínum til að taka sæti sitt, meðan þannig hagar til.

47. gr.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur bæjarfulltrúa gilda einnig um varamenn, sem sitja bæjarstjórnarfundi.

V. KAFLI
Bæjarráð, aðrar nefndir, ráð og stjórnir.

48. gr.

Bæjarstjórn kýs fulltrúa í bæjarráð, aðrar nefndir, ráð og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar, bundnar hlutfallskosningar, ef einhver bæjarfulltrúi óskar þess. Forstöðumenn og stjórnendur fyrirtækja og stofnana bæjarins eru ekki kjörgengir í stjórnir þeirra stofnana sem þeir starfa hjá.

49. gr.

Bæjarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum kjósa þrjá bæjarfulltrúa í bæjarráð til eins árs og jafnmarga til vara. Aðalfulltrúar í bæjarstjórn eru einir kjörgengir sem aðalmenn og varamenn í bæjarráð. Bæjarstjóri á sæti í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétti en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins að hann sé bæjarfulltrúi og kjörinn í bæjarráð. Heimilt er að kjósa bæjarstjóra sem formann bæjarráðs. Bæjarstjórn

getur heimilað flokki eða framboðsaðila, sem bæjarfulltrúa á í bæjarstjórn en ekki hefur fengið kjörinn bæjarráðsmann, að tilnefna fulltrúa til setu í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétt.

Skylt er bæjarstjórn að gefa fulltrúa flokks/framboðsaðila, sem sæti á í bæjarstjórn, kost á setu í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétt þann tíma sem fundir bæjarstjórnar falla niður vegna sumarleyfa, sbr. 12. gr. samþykktar þessarar.

50. gr.

Bæjarráð skal að jafnaði halda fund þrisvar í mánuði á fimmtudögum kl. 17.00. Aukafundi skal halda, ef bæjarstjóri, formaður bæjarráðs eða a.m.k. tveir bæjarráðsmenn óska þess.

51. gr.

Bæjarstjóri undirbýr bæjarráðsfundi í samráði við formann bæjarráðs. Hann sér um, að bæjarráð sé boðað til fundar með dagskrá a.m.k. sex klukkustundum fyrir fund. Geti bæjarráðsmaður ekki sótt fund, skal hann að jafnaði boða varamann sinn eða hlutast til um, að varamaður verði boðaður. Hafi bæjarstjóri fengið vitneskju um forföll bæjarráðsmanns, skal hann boða eða láta boða varamann hans á fund.

52. gr.

Á fyrsta fundi nýkjörins bæjarráðs skal kjósa formann og varaformann bæjarráðs. Kjósa má bæjarstjóra formann bæjarráðs. Formaður bæjarráðs stjórnar fundum þess og sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum þess. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum, sem upp kunna að koma út af fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarráðs. Heimilt er að taka mál til meðferðar í bæjarráði, þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls, ef einhver bæjarráðsmaður óskar þess. Bæjarráð getur ráðið sér fundarritara utan bæjarráðs. Í fundargerðabók ráðsins skal skrá, hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Þá skal skrá í fundargerð mál, sem ráðið tekur til umræðu og afgreiðslu, frá hverjum þau eru, hvenær þau eru dagsett, efni þeirra stutt og skilmerkilega og hvaða afgreiðslu þau hljóta.

53. gr.

Bæjarráð fer ásamt bæjarstjóra með framkvæmdastjórn bæjarins, fjármálastjórn og starfsmannastjórn, að því leyti sem slík stjórn er ekki öðrum falin. Bæjarráð hefur umsjón með stjórnsýslu bæjarins, undirbúningi árlegrar fjárhagsáætlunar, semur drög að fjárhagsáætlun bæjarsjóðs og bæjarfyrirtækja að fengnum tillögum hlutaðeigandi stjórna og leggur þau fyrir bæjarstjórn í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga. Þá sér bæjarráð um, að ársreikningar bæjarsjóðs séu samdir og þeir ásamt ársreikningum bæjarstofnana lagðir fyrir bæjarstjórn til afgreiðslu, eins og sveitarstjórnarlög mæla fyrir um. Undir bæjarráð heyra málefni vatnsveitu, vegamál, holræsamál, fasteignamál, brunamál og öll önnur mál sem ekki eru falin sérstökum nefndum í samþykkt þessari eða ályktunum bæjarstjórnar. Bæjarráð gerir tillögur til bæjarstjórnar um afgreiðslu einstakra mála, sem það fær til meðferðar. Bæjarráði er þó heimil fullnaðarafgreiðsla mála, sem ekki varða verulega fjárhag bæjarsjóðs eða stofnana hans, enda sé ekki ágreiningur milli bæjarráðsmanna eða við bæjarstjóra um slíka afgreiðslu. Heimilt er að bóka afgreiðslu slíkra mála í sérstaka trúnaðarbók ef um er að ræða viðkvæm persónuleg málefni. Bæjarráð ákveður skiptingu og ráðstöfun fjár, sem ætlað er til einstakra málaflokka skv. fjárhagsáætlun, s.s. til gatnagerðar, nýbygginga og óvissra útgjalda. Þá getur bæjarstjórn falið bæjarráði fullnaðarafgreiðslu mála nema lög mæli á annan veg.

54. gr.

Skylt er starfsmönnum bæjarins að sitja fundi bæjarráðs, ef þess er óskað.

55. gr.

Forseti bæjarstjórnar boðar nefnd saman til fyrsta fundar eða ákveður, hver skuli gera það. Á þeim fundi skal kjósa formann, varaformann og ritara nefndar nema lög kveði á um annað. Formaður nefndar boðar eða lætur boða fundi í nefnd með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara.

56. gr.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir, skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Þegar aðalmaður í nefnd flyst burt úr bænum, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega, tekur varamaður hans sæti nema bæjarstjórn ákveði að kjósa aðalmann að nýju. Hafi tveir eða fleiri flokkar eða framboðsaðilar haft samstarf um nefndarkosningar, skal sá sem tilnefndi viðkomandi nefndarmann, einnig tilnefna varamann hans, sé eigi öðruvísi ákveðið í yfirlýsingu skv. 2. mgr. 35. gr. sveitarstjórnarlaga.

57. gr.

Nefndarfundur skal haldinn fyrir luktum dyrum. Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn bæjarins. Ennfremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

58. gr.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði III. og IV. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnum bæjarins, eftir því sem við á.

59. gr.

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn getur falið nefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið bæjarstjórn til ákvörðunar.

60. gr.

Nefndir, ráð og stjórnir bæjarins skulu halda gerðabækur. Kjörinn ritari nefndar skal færa fundargerð í gerðabók. Nefnd getur þó ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndar. Í fundargerð skal skrá hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji hann. Þá skal skrá í fundargerð einstök mál, sem tekin eru fyrir á fundi, dagsetningu þeirra, nöfn aðila, meginefni og hvaða afgreiðslu það hlýtur. Í fundarlok skal fundargerð lesin upp og allir viðstaddir nefndarmenn undirrita hana.

61. gr.

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna bæjarins skulu að jafnaði teknar á dagskrá bæjarstjórnar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundi. Ályktun nefndar, ráðs eða stjórnar sem hefur í för með sér útgjöld, skal ætíð lögð fyrir bæjarstjórn til endanlegrar afgreiðslu.

62. gr.

Bæjarstjórn kýs í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir:

A. **Til eins árs.** Á fundi í júní ár hvert:

1. *Bæjarráð.* Þrír aðalfulltrúar í bæjarstjórn, sem aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 55. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.

2. *Skoðunarmenn.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 84. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
3. *Kjörstjórn við alþingiskosningar.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 10. gr. laga nr. 80/1987 um kosningar til Alþingis.
4. *Sex fulltrúa á aðalfund Samtaka sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi, sbr. 6. gr. samþykktar SSA.*
5. *Starfskjaranefnd.* Tveir fulltrúar sbr. 1. gr. 18. kafla „Samkomulags um starfskjaranefnd" sbr. samning milli Starfsmannafélags Neskaupstaðar og bæjarstjórnar Neskaupstaðar frá febrúar 1990.

B. **Til fjögurra ára.** Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum:

1. *Almannavarnanefnd.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 8. gr. laga nr. 94/1962 um almannavarnir sbr. 5. gr. laga nr. 85/1985.
2. *Byggingar- og skipulagsnefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. byggingarlaga nr. 54/1978. Byggingar- og skipulagsnefnd fer með verkefni skipulagsnefndar skv. skipulagslögum, svo og umferðarmál sbr. 2. mgr. 116. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.
3. *Félagsmálaráð.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara, sbr. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Ráðið annast verkefni þau sem um getur í 2. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga nema þar sem bæjarstjórn hefur falið öðrum nefndum einstaka þætti félagsþjónustunnar. Einnig annast félagsmálaráð verkefni barnaverndarnefndar skv. lögum nr. 58/1992, sbr. og 32. gr. laga nr. 40/1991, verkefni áfengisvarnarnefndar skv. lögum nr. 82/1969, sbr. og 50. gr. laga nr. 40/1991, verkefni húsaleigunefndar skv. lögum nr. 44/1979, sbr. og 49. gr. laga nr. 40/1991, verkefni öldrunarnefndar skv. 5. gr. laga nr. 82/1969 um málefni aldraða.
4. *Umverfismálaráð.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Umhverfismálaráð fer með verkefni gróðurverndarnefndar skv. 19. gr. laga um landgræðslu nr. 17/1965, sbr. 28. gr. laga nr. 108/1988, verkefni náttúruverndarnefndar skv. 3. gr. náttúruverndarlaga nr. 47/1971, sbr. 62. gr. laga nr. 108/1988. Umhverfismálaráð fer með málefni skrúðgarðsins.
5. *Hafnarstjórn.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 9. gr. hafnalaga nr. 23/1994.
6. *Heilbrigðisnefnd.* Fjórir fulltrúar samkvæmt ákvæðum 6. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.
7. *Kjörstjórn við sveitarstjórnarkosningar.* Skv. 23. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara.
8. *Skólanefnd Neskaupstaðar.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 19. gr. laga nr. 49/1991 um grunnskóla. Skólanefnd fer með málefni Tónskóla Neskaupstaðar.
9. *Stjórn Sparisjóðs Norðfjarðar.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 36. gr. laga nr. 43/1993 um viðskiptabanka og sparisjóði.
10. *Safna- og sögunefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 7. gr. laga nr. 50/1976 um almenningsbókasöfn og reglugerð nr. 138/1978.
11. *Stjórn sjúkrahúss.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 30. gr. laga nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu.
12. *Húsnæðisnefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 40. gr. laga nr. 97/1993 um Húsnæðisstofnun ríkisins.
13. *Stjórn vinnumiðlunar.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 9. gr. laga nr. 18/1985 um vinnumiðlun.
14. *Einn búfjáreftirlitsmaður* og annar til vara skv. 9. gr. laga nr. 46/1991 um búfjárhald.

15. *Fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands.* Einn aðalmaður og annar til vara skv. 9. gr. laga nr. 68/1994 um Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands.
16. *Tómstundaráð.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara, sbr. reglugerð um skipan félagsmála í Neskaupstað, sem var samþykkt á fundi bæjarstjórnar 13. mars 1979.
17. *Menningarnefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Hlutverk menningarnefndar er að stuðla að eflingu hvers konar menningarstarfsemi í bæjarfélaginu.
18. *Stjórn Lífeyrissjóðs Neskaupstaðar.* Einn fulltrúi og einn til vara, sbr. 4. gr. reglugerðar um Lífeyrissjóð Neskaupstaðar frá janúar 1965.
19. *Samstarfsnefnd þjónustusvæðis.* Tveir fulltrúar og tveir til vara skv. 2. og 5. gr. laga Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi.
20. *Fulltrúar á aðalfund SKO.* Sex aðalmenn og sex til vara. Samkvæmt samningi um rekstur Skíðamiðstöðvarinnar.
21. *Atvinnumálanefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. ákvörðun bæjarstjórnar. Hlutverk nefndarinnar er að stuðla að eflingu atvinnulífs í bæjarfélaginu og vera bæjarstjórn til ráðuneytis um atvinnumál.
22. *Jafnréttisnefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 13. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 28/1991.
23. *Rekstrarstjórn félagsheimilisins Egilsbúðar.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. ákvörðun bæjarstjórnar.
24. *Landbúnaðarnefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Hlutverk nefndarinnar er að sjá um framkvæmd fjallskila og önnur mál er tengjast landbúnaði í sveitarfélaginu.
25. *Leikskólanefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 9. gr. laga nr. 78/1994 um leikskóla.

63. gr.

Bæjarstjórn getur kosið nefndir (lausanefndir) til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður þegar liðin eru fjögur ár frá því nefndin var kosin og fyrr ef verkefni nefndar er lokið.

Bæjarstjórn getur þó afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.

VI. KAFLI
Um framkvæmdastjórn og starfslið bæjarins.

64. gr.

Bæjarstjórn ræður bæjarstjóra. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við bæjarstjóra þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma hans og kaup og kjör. Ráðningarsamningur skal staðfestur af bæjarstjórn.

65. gr.

Bæjarstjóri er framkvæmdastjóri bæjarins. Hann undirbýr fundi bæjarráðs og bæjarstjórnar, semur dagskrá og boðar til funda sbr. 14. gr. samþykktar þessarar. Hann á sæti á fundum bæjarstjórnar/bæjarráðs og hefur þar málfrelsi og tillögurétt en eigi atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn fulltrúi í bæjarstjórn. Hann hefur og rétt til setu á fundum nefnda bæjarins með sömu réttindum. Bæjarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana bæjarstjórnar og bæjarmálefna að svo miklu leyti sem bæjarstjórn hefur ekki ákveðið annað. Bæjarstjóri er prókúruhafi bæjarsjóðs, hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna bæjarins, lántökur og aðrar skuldbindingar hans. Bæjarstjóri er æðsti yfirmaður starfsliðs bæjarins. Fjármálastjóri gegnir störfum bæjarstjóra í forföllum hans nema bæjarstjórn feli öðrum.

66. gr.

Bæjarstjórn ræður fasta starfsmenn í helstu stjórnunarstöður s.s. yfirmenn stofnana og deilda bæjarins og veitir þeim lausn frá störfum.

67. gr.

Bæjarráð ræður aðra fasta starfsmenn en þá sem greinir í 66. gr. nema á annan veg sé mælt í reglugerð eða reglum sem bæjarstjórn hefur sett.

68. gr.

Fastráðnir starfsmenn bæjarins skulu ráðnir til óákveðins tíma með gagnkvæmum uppsagnarfresti miðað við mánaðamót. Þeir hafa réttindi og skyldur opinberra starfsmanna sbr. lög nr. 38/1954 eftir því sem við á. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við fastráðna starfsmenn, þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma og uppsagnarfrest svo og starfssvið þeirra. Um kaup og kjör fer eftir ráðningarsamningi og gildandi kjarasamningum.

69. gr.

Um ráðningu lausráðinna starfsmanna fer eftir reglum sem bæjarstjórn setur. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarfélaga.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Neskaupstaðar hefur sett, samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 7. gr. og 49. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um stjórn Neskaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 55/1989.

Félagsmálaráðuneytið, 22. september 1994.

F. h. r.
Berglind Ásgeirsdóttir.

Sesselja Árnadóttir.

Nr. 521 23. september 1994

REGLUGERÐ

um þvotta- og hreingerningaefni.

Gildissvið og skilgreiningar

1. gr.

Ákvæði reglugerðar þessarar taka til lífrænnar niðurbrotshæfni yfirborðsvirkra efna í þvotta- og hreingerningaefnum.

2. gr.

Þvotta- og hreingerningaefni eru efnablöndur sem sérstaklega eru framleiddar og notaðar vegna hreinsandi eiginleika þeirra. Þau eru samsett úr yfirborðsvirkum efnum og öðrum efnum, til dæmis hjálparefnum, magnandi efnum og fylliefnum.

Takmarkanir á framleiðslu og innflutningi

3. gr.

Þvotta- og hreingerningaefni má aðeins framleiða eða flytja inn ef lífrænt niðurbrot yfirborðsvirkra efna þeirra er að meðaltali meira en 90%, sjá þó 10. gr. Þessi krafa gildir

um sérhvern eftirtalinna flokka yfirborðsvirkra efna: anjónísk, katjónísk, ójónísk og amfóterísk efni.

4. gr.

Yfirborðsvirk efni sem uppfylla ákvæði 3. gr. mega ekki, við eðlilega notkun, vera skaðleg heilsu manna og dýra.

Merkingar

5. gr.

Merkingar þvotta- og hreingerningaefna skulu vera með auðlæsilegu, sýnilegu og óafmáanlegu letri. Merkingar skulu vera á íslensku, ensku eða norðurlandamáli öðru en finnsku, sjá þó 7. gr. Þetta ákvæði kemur ekki í veg fyrir að upplýsingar séu gefnar á fleiri en einu tungumáli.

6. gr.

Skylt er að eftirfarandi upplýsingar komi fram á neytendaumbúðum þvotta- og hreingerningaefna:

a) Heiti vörunnar ásamt notkunarleiðbeiningum.

b) Nafn og heimilisfang innlends framleiðanda, innflytanda eða umboðsaðila vörunnar.

Skylt er að sömu upplýsingar komi fram á öllum fylgiskjölum ef þvotta- og hreingerningaefni eru flutt í lausri vigt.

7. gr.

Þvotta- og hreingerningaefni sem innihalda efni sem falla undir ákvæði reglugerðar nr. 236/1990 um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda, sem innihalda slík efni, skal merkja á íslensku í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar.

Eftirlit og rannsóknir

8. gr.

Heilbrigðisnefndir, undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins, hafa eftirlit með því að farið sé að ákvæðum reglugerðar þessarar.

9. gr.

Beita skal þeim greiningaraðferðum sem getið er um í I. og II. viðauka reglugerðar þessarar til að sýna fram á að lífrænt niðurbrot yfirborðsvirkra efna sé í samræmi við 3. gr. Taka skal tillit til óvissu slíkra aðferða og ákveða hæfileg vikmörk, sbr. 10. gr.

Prófanir skulu framkvæmdar og vottaðar af viðurkenndum rannsóknarstofum.

10. gr.

Ef í ljós kemur, við mælingu með einni af greiningaraðferðunum í I. og II. viðauka reglugerðar þessarar, að lífrænt niðurbrot yfirborðsvirks efnis er minna en 80%, skal Hollustuvernd ríkisins banna framleiðslu, innflutning og sölu þvotta- og hreingerningaefna sem innihalda viðkomandi efni.

Kærufrestur

11. gr.

Kærum vegna banns við framleiðslu, innflutningi og sölu þvotta- eða hreingerningaefna er heimilt að vísa til stjórnar Hollustuverndar ríkisins.

Kærufrestur er fjórar vikur frá þeim degi sem tilkynning um bann var gefin út.

Ýmis ákvæði og gildistaka

12. gr.

Framleiðandi, innflytjandi eða umboðsaðili sem annast markaðssetningu þvotta- og hreingerningaefna hér á landi er ábyrgur fyrir því að vörur þessar séu í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar.

13. gr.

Með brot gegn reglugerð þessari skal farið samkvæmt lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum, sbr. og lög nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Með mál sem rísa út af brotum gegn reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

14. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 24/1936 um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum, lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum og lögum nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni.

Einnig var höfð hliðsjón af ákvæðum samnings um Evrópskt efnahagssvæði, sem vísað er til í II. viðauka XV. kafla, 2. tl., tilskipun 73/404/EBE um þvottaefni, ásamt breytingum í tilskipun 82/242/EBE, 3. tl., tilskipun 73/405/EBE um aðferðir við að prófa lífrænt niðurbrot á anjónískum yfirborðsvirkum efnum, ásamt breytingum í tilskipun 82/243/EBE og 7. tl., tilskipun 82/242/EBE um aðferðir við að prófa lífrænt niðurbrot ójónískra yfirborðsvirkra efna.

Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

Umhverfisráðuneytið, 23. september 1994.

Össur Skarphéðinsson.

Ingimar Sigurðsson.

I. VIÐAUKI
Anjónísk yfirborðsvirk efni.

Tilskipun ráðsins 73/405/EBE frá 22. nóvember 1973 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi aðferðir við að prófa lífrænt niðurbrot á anjónískum yfirborðsvirkum efnum, eins og henni var breytt með tilskipun ráðsins 82/243/EBE frá 31. mars 1982, bls. 496 - 508.

II. VIÐAUKI
Ójónísk yfirborðsvirk efni.

Tilskipun ráðsins 82/242/EBE frá 31. mars 1982 um samræmingu aðildarríkjanna varðandi aðferðir við að prófa lífrænt niðurbrot á ójónískum yfirborðsvirkum efnum, bls. 584 - 600.

I. Viðauki og II. Viðauki eru birtir, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 31/1993, í sérriti; EES-gerðir, S 18. II. viðauki: Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun, XV. Hættuleg efni.

Viðaukarnir verða gefnir út í sérstakri handbók, sem hægt verður að fá hjá Hollustuvernd ríkisins.

REGLUGERÐ

um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla.

I. KAFLI
Gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla.

Reglugerðin nær ekki til eftirlits með slátrun, mjólkurframleiðslu á býlum, veiðum, vinnslu og meðferð sjávarafurða og uppskeru garðávaxta. Hún nær þó til eftirlits með meðferð og dreifingu garðávaxta og dreifingu sjávarafurða til smásölu innanlands.

2. gr.

1. **Opinbert eftirlit** er eftirlit á vegum stjórnvalda í þeim tilgangi að tryggja að framfylgt sé ákvæðum laga og reglna um matvæli og stuðla að fræðslu og upplýsingamiðlun.
2. **Innra eftirlit** er eftirlit á vegum framleiðanda eða dreifanda í þeim tilgangi að tryggja gæði, öryggi og hollustu vörunnar.
3. **GÁMES** merkir „Greining áhættuþátta og mikilvægra eftirlitsstaða", á ensku HACCP (Hazard Analysis Critical Control Points):
   áhættuþáttur er eðlis-, efna- eða örverufræðilegur þáttur í framleiðslu- eða dreifingarferli sem valdið getur heilsutjóni ef hann er ekki undir eftirliti;
   mikilvægur eftirlitsstaður er sá staður eða þrep í framleiðslu- eða dreifingarferli þar sem hægt er að hafa eftirlit með áhættuþáttum.
4. **Hollustuhættir** merkir allar þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að tryggja öryggi og hollustu matvæla.
5. **Matvæli** eru hvers konar vörur sem ætlaðar eru mönnum til neyslu, þar með talið neysluvatn. Lyf og vörur sem falla undir lyfjalög, tóbak og vímuefni önnur en áfengi eru þó undanskilin.
6. **Matvælafyrirtæki** er hvert það fyrirtæki og hver sá aðili sem annast framleiðslu og dreifingu matvæla.
7. **Framleiðsla** er meðferð hráefnis, vinnsla, pökkun, matreiðsla og annað sem tengist framleiðslu, s.s. húsnæði, efni og hlutir sem geta komist í snertingu við matvæli, störf, hreinlæti og heilbrigði starfsfólks.
8. **Dreifing** er hvers konar flutningur, framboð og afhending, þ.m.t. innflutningur, útflutningur og sala. Hér er einnig átt við geymslu og annað sem tengist dreifingu.
9. **Flutningsbúnaður** er flutningstæki, flutningsgámur og annað rými ætlað til flutninga á matvælum.
10. **Vottun** er aðferð sem felst í því að aðili sem er viðurkenndur sem óháður málsaðili að því er varðar viðkomandi viðfangsefni staðfesti skriflega að vara, ferli eða þjónusta uppfylli tilgreindar kröfur.
11. **Faggilding** er formleg staðfesting á því að starfsemi rannsóknarstofa (prófunarstofa), vottunarstofa og eftirlitsaðila fari fram samkvæmt stöðlum og reglum sem um hana gilda.
12. **Skoðunarstofa** er lögaðili eða fyrirtæki í eigu einstaklings sem hlotið hefur faggildingu til að annast reglulegt eftirlit með innra eftirliti matvælafyrirtækja.

II. KAFLI
Leyfisveitingar og innra eftirlit.

3. gr.

Þeir sem framleiða eða dreifa matvælum skulu hafa starfsleyfi opinbers eftirlitsaðila. Sækja skal um starfsleyfi áður en starfsemi hefst og þegar eigendaskipti verða. Í umsókn um starfsleyfi skal koma fram hvernig innra eftirliti verður háttað samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar. Þá er heimilt að binda starfsleyfi ákveðnum kröfum til þess að tryggja að matvæli verði ekki fyrir skemmdum eða spillist á annan hátt.

Leyfi til framleiðslu og dreifingar matvæla má fella úr gildi ef handhafi leyfis gerist sekur um ítrekuð eða alvarleg brot á lögum eða reglugerðum um matvæli eða fyrirmælum settum samkvæmt þeim.

Þeir sem annast leyfisveitingu geta endurskoðað veitt leyfi þegar gerðar eru umfangsmiklar breytingar á starfsemi eða húsnæði og þegar framleiðandi eða dreifandi ráðgerir að taka í notkun framleiðslutækni, sem ekki hefur áður verið almennt í notkun. Skal eftirlitsaðila tilkynnt um slíkar fyrirætlanir.

4. gr.

Matvælafyrirtæki skulu starfrækja innra eftirlit til að tryggja gæði, öryggi og hollustu matvæla og að vörurnar uppfylli að öðru leyti þær kröfur sem til þeirra eru gerðar. Innra eftirlit skal taka mið af umfangi og stærð matvælafyrirtækja og skal, eftir því sem við á, komið á með eftirfarandi hætti:

1. Tilgreina skal áhættuþætti í framleiðslu og við dreifingu matvæla og viðeigandi ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að tryggja öryggi þeirra. Ráðstöfunum þessum skal komið á, þeim viðhaldið og þær endurskoðaðar með því að taka mið af eftirfarandi reglum, sem notaðar eru við uppsetningu og framkvæmd GÁMES eftirlitskerfisins:
   a) setja upp flæðirit fyrir framleiðslu- og dreifingaferli matvæla, greina áhættuþætti og tilgreina fyrirbyggjandi aðgerðir;
   b) ákvarða mikilvæga eftirlitsstaði;
   c) tilgreina þau viðmiðunargildi, skilyrði eða staðla sem þarf að uppfylla á viðkomandi eftirlitsstað;
   d) koma á fót virku eftirliti á mikilvægum eftirlitsstöðum;
   e) ákveða hvaða úrbóta skuli gripið til þegar niðurstöður eftirlits sýna frávik frá settum mörkum;
   f) sjá til þess að allir þættir GÁMES kerfisins séu skráðir og skjalfestir;
   g) koma á fót innri úttekt og endurskoða áhættuþættina, mikilvægu eftirlitsstaðina og eftirlitskerfið reglulega og í hvert sinn sem breyting er gerð á framleiðslu- og/eða dreifingarferli.
2. Gera skal skriflegar hreinlætisáætlanir sem fela í sér umgengnisreglur og áætlanir um meindýravarnir, þrif (s.s tiltektir, hreinsanir og þvott) og gerileyðingu, eftir því sem við á. Efni sem notuð eru til þrifa og gerileyðingar og innihalda eiturefni og hættuleg efni skulu samþykkt af Hollustuvernd ríkisins. Notkun þessara efna skal haga í samræmi við leiðbeiningar.
3. Starfsfólk skal fá viðeigandi þjálfun í gæða- og hollustuháttamálum.

5. gr.

Eftirlitsaðilar, samkvæmt IV. kafla, skulu þar sem við á ráðleggja matvælafyrirtækjum að byggja upp gæðakerfi, sem taka mið af ÍST ISO 900X (EN 2900X) stöðlunum. Í þeim tilvikum þegar matvælafyrirtæki starfar samkvæmt þessum stöðlum skal fella innra eftirlit fyrirtækisins að þeim.

III. KAFLI
Framleiðsla og dreifing.

6. gr.

Við framleiðslu og dreifingu matvæla skal gæta fyllstu hollustuhátta og fara að þeim ákvæðum sem sett eru í viðaukum 1-9.

7. gr.

Eftirlitsaðili getur, ef ástæða er til, gefið út fyrirmæli um innréttingu og starfsemi fyrirtækja sem annast framleiðslu og/eða dreifingu matvæla.

Við framleiðslu og dreifingu matvæla skal þess gætt að fullnægjandi aðskilnaður sé á milli matvæla og annarrar vöru sem inniheldur lyktarsterk og/eða hættuleg efni.

8. gr.

Eftirlitsaðila er heimilt að hafa á áberandi stað í matvælafyrirtækjum fyrirmæli, sem hann lætur í té og fela í sér einstök atriði sem honum þykir ástæða til að leggja áherslu á í sambandi við framleiðslu og dreifingu matvæla.

9. gr.

Hitastig í vinnslusölum þar sem fram fer skurður, úrbeining og pökkun á fersku kjöti, skal ekki vera hærra en 12°C. Með fersku kjöti er átt við kjöt í heilum skrokkum, eða skorið og/eða úrbeinað til frekari vinnslu. Kjöt þetta má aðeins hafa verið kælt eða fryst til að tryggja geymsluþol.

Þess skal gætt að kjöt og kjötvörur, sem unnið er með, sé ekki lengur utan kæli- og/eða frystiklefa en brýna nauðsyn ber til. Kjarnahiti í vörunni skal aldrei vera hærri en 7°C nema um sé að ræða sérstaka meðferð svo sem söltun, reykingu eða suðu.

10. gr.

Eftirfarandi ákvæði gilda um kæli- og frystibúnað:

a) hitastig skal vera þannig að kælivörur haldist við 0-4°C og frystivörur við -18°C eða lægra;
b) hitamælar skulu vera til staðar og þá skal prófa og stilla reglulega;
c) vöruhleðsla skal vera í samræmi við þau mörk sem framleiðendur búnaðarins setja;
d) fullnægjandi aðskilnaður skal vera á milli ópakkaðra, viðkvæmra matvæla (s.s. kjöts og fisks) og á milli soðinna og ósoðinna matvæla.

IV. KAFLI
Eftirlit og rannsóknir.

11. gr.

Heilbrigðisnefndir hafa undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins, hver á sínum stað, opinbert eftirlit með því að farið sé að ákvæðum þessarar reglugerðar, nema annað sé ákvarðað samkvæmt lögum eða sérreglum.

Eftirlitið skal meðal annars fela í sér mat á þeim áhættuþáttum sem viðkomandi matvælafyrirtæki hefur tilgreint. Jafnframt skulu mikilvægir eftirlitsstaðir skoðaðir til að meta hvort nauðsynlegt eftirlit og sannprófanir fari fram.

Tíðni eftirlits er háð mati eftirlitsaðila og við slíkt mat skal tekið tillit til umfangs og innra eftirlits þess fyrirtækis sem um ræðir. Hollustuvernd ríkisins getur gefið út viðmiðunarreglur um fjölda eftirlitsferða, töku sýna á eftirlitsskyldum stöðum og um mat á niðurstöðum rannsókna (prófana).

12. gr.

Skoðunarstofum er heimilt að annast eftirlit með innra eftirliti matvælafyrirtækja, að því tilskildu að þær hafi faggildingu og uppfylli þær kröfur sem fram koma í þessum kafla reglugerðarinnar. Samningur matvælafyrirtækis við skoðunarstofu undanskilur ekki opinbert matvælaeftirlit, en tekið skal tillit til þess hvað tíðni eftirlits og ákvörðun eftirlitsgjalda varðar, sbr. einnig 3. mgr. 11. gr. Það sama getur átt við þegar matvælafyrirtæki starfar eftir vottuðu eftirlits- og gæðakerfi.

13. gr.

Eftirlit skal framkvæmt á öllum stigum framleiðslu og dreifingar og að öllu jöfnu án viðvörunar bæði reglubundið og þegar grunur leikur á að ekki sé farið eftir gildandi lögum, reglugerðum eða fyrirmælum um matvæli.

14. gr.

Eftirlit með matvælafyrirtækjum skal fela í sér eitt eða fleira af eftirtöldum atriðum:

a) almenna skoðun;
b) sýnatöku og greiningu;
c) eftirlit með hollustuháttum starfsfólks;
d) skoðun á skráðu og skjalfestu efni;
e) skoðun á innri úttektum fyrirtækisins og niðurstöðum sem þær gefa.

15. gr.

Við eftirlit með matvælafyrirtækjum skal skoða eftirfarandi atriði:

a) umráða- og athafnasvæði;
b) búnað (tæki, áhöld og innréttingar) og viðhald hans;
c) hráefni, aukefni og önnur innihaldsefni;
d) hálfunnar og fullunnar vörur;
e) efni og hluti sem ætlað er að komi í snertingu við matvæli;
f) efni og aðferðir við þrif og gerileyðingu;
g) framleiðslu-, dreifingar- og geymsluaðferðir;
h) umbúðamerkingu, auglýsingu og kynningu matvæla;
i) mælitæki fyrirtækisins og prófa áreiðanleika þeirra.

16. gr

Opinberum eftirlitsaðila er heimilt að taka sýni, endurgjaldslaust, af þeim efnum og vörum sem fjallað er um í 15. gr. og skulu rannsóknir á þeim framkvæmdar í faggiltum rannsóknastofum (prófunarstofum).

Matvælafyrirtækjum er á eigin kostnað heimilt að fara fram á álit þriðja aðila til að sannrófa niðurstöður eftirlitsrannsóknar. Slíkt seinkar ekki aðgerðum af hálfu eftirlitsaðila, en honum er ekki heimil förgun vörutegunda fyrr en niðurstöður sannprófunar liggja fyrir.

Eftirlitsaðili getur gert kröfu til þess að matvælafyrirtæki greiði þann kostnað er hlýst af geymslu og förgun matvæla.

17. gr.

Eftirlit með hollustuháttum þeirra, sem í störfum sínum koma beint eða óbeint í snertingu við matvæli, skal framkvæmt í samræmi við ákvæði í viðauka 2.

18. gr.

Eftirlitsaðilum er heimilt að framkvæma eftirlit með því að kynna sér ritað og skjalfest efni sem matvælafyrirtæki hafa undir höndum um innra eftirlit og hollustuhætti matvæla. Þeim er einnig heimilt að að taka ljósrit eða gera útdrátt úr slíku efni vegna matvælaeftirlits.

19. gr.

Fyrir 1. desember ár hvert skulu opinberir eftirlitsaðilar gera áætlanir fyrir komandi ár, þar sem gerð er grein fyrir eðli og tíðni eftirlits samkvæmt reglugerð þessari og senda til Hollustuverndar ríkisins.

Fyrir 1. mars ár hvert skulu opinberir eftirlitsaðilar senda Hollustuvernd ríkisins niðurstöður eftirlits frá árinu áður þar sem fram koma upplýsingar um fjölda eftirlitsstaða, fjölda eftirlitsferða og tegund og eðli staðfestra brota. Upplýsingunum skal fylgja skrá yfir matvælafyrirtæki sem viðkomandi aðili hefur eftirlit með í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar. Hollustuvernd ríkisins skal útbúa eyðublöð þar sem fram kemur hvernig þessar upplýsingar skulu skráðar.

Opinberir eftirlitsaðilar skulu taka þátt í samræmdum eftirlitsverkefnum sem íslensk stjórnvöld ákveða að framkvæma á grundvelli samningsins um Evrópskt efnahagssvæði. Verkefni þessi skulu framkvæmd undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins og skulu niðurstöður þeirra liggja fyrir 1. mars ár hvert.

20. gr.

Þeir aðilar sem fara með eftirlit samkvæmt reglugerð þessari skulu fullnægja kröfum um menntun og reynslu á matvælasviði, s.s. matvælafræði, efnafræði, dýralækningum, læknisfræði, örverufræði, heilbrigðiseftirliti, eða öðru sambærilegu raungreinasviði, og hljóta viðurkenningu Hollustuverndar ríkisins.

21. gr

Þær rannsóknarstofur sem sinna rannsóknum samkvæmt reglugerð þessari skulu standast almennar kröfur um starfsemi prófunarstofa eins og þær eru tilgreindar í Evrópustaðli EN 45001 og í reglum OECD um vönduð rannsóknarstofuvinnubrögð. Jafnframt skulu þær vera faggiltar.

V. KAFLI
Viðurlög, málsmeðferð og gildistaka.

22. gr.

Með brot gegn reglugerð þessari skal farið samkvæmt lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og lögum nr. 24/1936 um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum, með síðari breytingum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Með mál sem rísa út af brotum gegn reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

23. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 24/1936 um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum og lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum. Einnig var höfð hliðsjón af ákvæðum samningsins um Evrópskt efnahagssvæði, sem vísað er til í II. viðauka XII. kafla, 50. tölul., tilskipunar 89/397/EBE um opinbert matvælaeftirlit og 12. tölul., tilskipunar 85/591/EBE um að koma á bandalagsaðferðum við sýnatöku og greiningu vegna matvælaeftirlits. Einnig með þeim breytingum og viðbótum sem leiða af II. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans, og tilskipun 93/43/EBE um hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla og tilskipun 93/99/EBE sem er viðbótartilskipun við tilskipun 89/397/EBE um opinbert matvælaeftirlit. Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

Með reglugerð þessari falla úr gildi gr. 9.2., 10.5., 66., 67. og X. kafli heilbrigðisreglugerðar nr. 149/1990, með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Þrátt fyrir ákvæði 23. gr. skulu ákvæði 4. gr. um innra eftirlit eigi taka gildi fyrr en 14. desember 1995 og ákvæði 16. gr. um faggildingu, svo og ákvæði 21. gr. eigi taka gildi fyrr 1. nóvember 1998.
2. Við gildistöku ákvæða um innra eftirlit skal endurskoða starfsleyfi matvælafyrirtækja með hliðsjón af ákvæðum 3. gr. reglugerðarinnar.

Umhverfisráðuneytið, 20. september 1994.

Össur Skarphéðinsson.

Ingimar Sigurðsson.

Viðauki 1.
Meðferð matvæla.

1. Við framleiðslu og dreifingu matvæla skal gæta góðra framleiðsluhátta. Einungis má nota hráefni, aukefni og önnur efni sem eru óspillt og hæf til vinnslu. Þau skal geyma við viðunandi aðstæður.
2. Öll framleiðsla og dreifing matvæla skal fara þannig fram að ekki sé hætta á að þau óhreinkist eða spillist, verði óhæf til neyslu, skorti eðlilega hollustu eða geti valdið heilsutjóni. Óheimilt er að dreifa matvælum sem ekki uppfylla þessi skilyrði.
3. Við afgreiðslu fullframleiddrar, ópakkaðrar vöru skal nota tengur, spaða, skeiðar, gaffla eða annað, sem til þess er ætlað. Heimilt er þó að haga afgreiðslu grænmetis og ávaxta á annan hátt.
4. Öll innihaldsefni og tilbúin matvæli skal geyma við viðeigandi hitastig. Við tilbúning og aðra meðferð viðkvæmra matvæla skal gæta þess að hitastig sé þannig að það komi í veg fyrir fjölgun sýkla og myndun eiturefna.
   Matvæli sem geyma á í kæli eða sem framreiða á köld, skal kæla svo fljótt sem auðið er og geyma við 0-4°C. Heitum réttum skal haldið heitum við a.m.k. 60°C.
5. Hættuleg efni og efni sem ekki eru ætluð til neyslu skal merkja og geyma í sérstökum ílátum/gámum sem til þess eru ætluð.

Viðauki 2.
Almennt hreinlæti.

1. Þeir sem vinna við matvæli, beint eða óbeint, skulu gæta fyllsta hreinlætis og klæðast hreinum og hentugum klæðnaði og hlífðarfatnaði þar sem það á við. Eftirlitsaðili getur fyrirskipað notkun hlífðarfatnaðar og samþykkir gerð og umfang hans, s.s. efni, liti, höfuðbúnað, skófatnað, einnota búnað og annað.
2. Sá sem vitað er eða grunur leikur á að sé smitberi eða með smitandi sjúkdóm sem gæti dreifst með matvælum, eða hann er með opið sár, sýkingu í sári, smitandi húðsjúkdóm, fleiður, hálsbólgu eða niðurgang, má ekki vinna þar sem matvæli eru meðhöndluð.
3. Forráðamenn matvælafyrirtækja skulu við ráðningu starfsfólks bera ábyrgð á að það framvísi læknisvottorði (ekki eldra en 7 daga) og síðan árlega eða oftar ef þurfa þykir. Eftirlitsaðili skal hafa aðgang að læknisvottorðum og getur jafnframt krafist reglulegra heilsufarsskoðana starfsfólks. Heimilt er að víkja frá kröfu um læknisvottorð þegar matvælafyrirtæki láta starfsfólk fylla út stöðluð eyðublöð sem Hollustuvernd ríkisins lætur í té, þar sem fram koma upplýsingar um heilsufar þess.
4. Notkun tóbaks er óheimil í rými þar sem meðferð óvarinna matvæla eða umbúða á sér stað.

Viðauki 3.
Athafnasvæði matvælafyrirtækja.

1. Umráða- og athafnasvæði matvælafyrirtækja skal vera vel við haldið og þar skal gætt góðrar umgengni og hreinlætis. Húsakynni skulu vera rúmgóð og í samræmi við ákvæði byggingarreglugerðar um atvinnuhúsnæði. Afmarkað loftræst rými skal vera fyrir ræstiefni, ræstiáhöld og ræstilaug og skal slíkt rými vera á hverri hæð eða í hverri rekstrareiningu.
2. Matvælafyrirtæki mega ekki vera í beinu sambandi við óskyldan atvinnurekstur eða íbúð og skulu eigi staðsett nálægt atvinnurekstri sem getur haft mengandi áhrif á starfsemina. Ekki má hleypa hundum, köttum eða öðrum dýrum inn í matvælafyrirtæki. Eftirlitsaðili getur gert kröfur um sérstakan útbúnað til meindýravarna.
3. Fyrirkomulag, hönnun, frágangur og stærð athafnasvæðis skal vera þannig:
   a) að aðstaða til þrifa og gerileyðingar sé fullnægjandi;
   b) að óhreinindi safnist ekki fyrir og að raki og mygla myndist ekki á yfirborðsflötum;
   c) að eiturefni og aðskotahlutir berist ekki í matvælin;
   d) að útiloka megi hættu á krosssmiti vegna matvæla, tækja, efna og hluta, vatns, lofts eða starfsfólks og utanaðkomandi mengun, s.s af völdum meindýra, bæði meðan á framleiðslu stendur og í framleiðsluhléum;
   e) að kröfur um viðeigandi hitastig verði uppfylltar.
4. Þar sem nauðsynlegt er skulu vera til staðar fullnægjandi fataskiptarými fyrir starfsfólk. Starfsmannaaðstaða skal búin hæfilegum fjölda salerna með fullnægjandi loftræstingu og frárennsliskerfi. Lokað forrými þarf að vera framan við salerni. Jafnframt skal starfsfólk hafa greiðan aðgang að heitu og köldu rennandi vatni, handlaugum, einnota pappírsþurrkum, fljótandi handsápu og öðrum nauðsynlegum hreinlætisgögnum.
5. Loftræsting skal vera fullnægjandi og skal gæta að því að loft berist ekki milli mengaðs og ómengaðs svæðis. Loftræstikerfi þurfa að vera þannig hönnuð að auðveldlega megi skipta um og þrífa síur og annan búnað sem fylgir kerfinu.
6. Lýsing skal vera fullnægjandi.
7. Frárennslislögnum skal vera þannig fyrir komið og þær þannig gerðar og viðhaldið, að óhollusta eða óþægindi hljótist ekki af.
8. Að öðru leyti ber að gæta ákvæða gildandi reglna um húsnæði vinnustaða.

Viðauki 4.
Sérstakar kröfur til húsakynna matvælafyrirtækja
(undan er skilin starfsemi samkvæmt viðauka 8).

1. Húsakynni þar sem fram fer framleiðsla matvæla skulu uppfylla eftirfarandi:
   a) gólf skulu lögð vatnsheldu, haldgóðu og varanlegu efni sem er án eiturefna og skal þannig frá þeim gengið að auðvelt sé að þrífa þau og gerileyða ef þörf krefur. Gólf skulu þrifin daglega og oftar ef þurfa þykir. Þar sem við á skal vera fullnægjandi frárennsli af gólfum;
   b) veggir skulu lagðir vatnsheldu, haldgóðu og varanlegu efni sem er án eiturefna og skal þannig frá þeim gengið að auðvelt sé að þrífa þá og gerileyða ef þörf krefur. Yfirborð þeirra skal vera slétt upp í þá hæð sem nauðsynlegt þykir starfseminnar vegna;
   c) loft og loftfastir hlutir skulu hannaðir og þannig frá þeim gengið að óhreinindi, raki og mygla safnist ekki fyrir eða falli niður úr þeim;
   d) gluggar og önnur op skulu vera þannig frágengin að óhreinindi safnist ekki fyrir. Þar sem nauðsynlegt þykir skulu opnanlegir gluggar vera með skordýraneti sem auðvelt er að fjarlægja og þrífa. Þar sem hætta er á að óhreinindi eða mengun geti borist inn um opnanlega glugga skulu þeir hafðir lokaðir meðan á framleiðslu stendur;

e) hurðir skulu lagðar sléttu og vatnsheldu efni og þannig frá þeim gengið að auðvelt sé að þrífa þær og gerileyða ef þörf krefur;
f) yfirborðsfletir (þar með talið yfirborð tækja og innréttinga) sem eru í beinni snertingu við matvæli skulu lagðir vatnsheldu og sléttu efni sem er án eiturefna og skal þannig frá þeim gengið að auðvelt sé að þrífa þá og gerileyða ef þörf krefur.

2. Þar sem nauðsynlegt er skal vera hentug aðstaða og búnaður til þrifa og gerileyðingar á tækjum og áhöldum. Slík aðstaða skal vera úr ryðfríu efni sem er auðvelt að þrífa og þar skal vera nóg af heitu og köldu vatni.
3. Þar sem við á skal vera búnaður til að skola og hreinsa matvæli og skal slík aðstaða útbúin heitu og köldu vatni og skal henni haldið hreinni.
4. Hæfilegur fjöldi handlauga með heitu og köldu vatni ásamt skammtara með gerileyðandi sápulegi og einnota handþurrkum skal vera þar sem unnið er við eða afgreidd eru ópökkuð viðkvæm matvæli.
5. Á stöðum þar sem heitir eða kaldir réttir og drykkir eru framreiddir skal vera sérstakt eldhús með viðeigandi tækjum til matreiðslu, þvotta á tækjum, uppþvotta á borðbúnaði og handþvotta.
6. Í stóreldhúsum (mötuneytum, veitingastöðum og annarri sambærilegri starfsemi) skulu eftirfarandi vaskar vera til staðar í vinnurými:
   a) tækja og áhaldavaskur, fyrir uppþvott á tækjum og áhöldum;
   b) matvælavaskur, til að skola og hreinsa matvæli. Þar sem þurfa þykir skulu vera tveir slíkir vaskar, einn fyrir grænmeti og annar fyrir kjöt og fisk;
   c) handlaug fyrir handþvott starfsfólks og við hana skal vera gerileyðandi sápulögur og einnota handþurrkur;
   d) uppþvottavaskur við uppþvottavél sem eingöngu er ætlaður fyrir uppþvott á borðbúnaði gesta. Þar sem notaður er einnota borðbúnaður fyrir gesti þarf ekki þennan búnað.

Viðauki 5.
Búnaður, tæki, áhöld og innréttingar.

1. Allur búnaður sem getur komist í snertingu við matvæli skal vera þannig gerður, við haldið og staðsettur að ekki sé hætta á að matvælin spillist og að auðvelt sé að þrífa og gerileyða bæði búnaðinn sjálfan og nærliggjandi vinnusvæði.
2. Allan búnað skal þrífa á fullnægjandi hátt, a.m.k. daglega og oftar ef þurfa þykir.
3. Öll vélknúin tæki (s.s kjötsagir, hakkavélar og áleggsskurðarvélar) skulu tekin í sundur og þrifin og gerileydd daglega og oftar ef þurfa þykir.
4. Áhöld og tæki, sem notuð eru í kjötvinnslu, kjötdeild verslunar eða við kjötafgreiðslu og koma í snertingu við kjöt, skulu eingöngu notuð fyrir þá vöru.
   Áhöld og tæki, sem notuð eru í fiskverslun eða fiskdeild verslunar og koma í snertingu við fisk, skulu eingöngu notuð fyrir þá vöru.
   Ef framleiðandi getur tryggt fullnægjandi þrif og gerileyðingu milli notkunar má eftirlitsaðili veita undanþágu frá þessu ákvæði.
5. Borðbúnað, ílát, áhöld og vinnuborð skal þvo á fullnægjandi hátt og gerileyða með virkum og viðurkenndum efnum eftir notkun.

Viðauki 6.
Matarleifar og úrgangur.

1. Ekki er leyfilegt að matarleifar og annar úrgangur safnist upp í rýmum þar sem matvæli eru höfð um hönd, nema það sé óhjákvæmilegt starfseminnar vegna, og tryggt sé að óhollusta eða óþrifnaður stafi ekki af.
2. Matarleifar og annan úrgang skal setja í sorpílát eða gáma sem hægt er að loka, nema eftirlitsaðili viðurkenni aðra tegund íláta. Sorpílát/gámar skulu vera vel gerð og vel við haldið og það skal vera auðvelt að tæma þau, þrífa og gerileyða.
3. Fullnægjandi ráðstafanir skulu gerðar til geymslu og flutnings á matarleifum og öðrum úrgangi. Sorpgeymslur og/eða geymslusvæði úrgangs skulu þannig gerð að unnt sé að ganga vel um þau, halda hreinum, vel loftræstum og verja gegn meindýrum svo að ekki sé hætta á að matvæli, neysluvatn, búnaður eða athafnasvæði mengist.

Viðauki 7.
Vatn.

1. Ávallt skal vera nægilegt magn af vatni og skal það uppfylla skilyrði reglugerðar um neysluvatn. Til að tryggja að matvæli spillist ekki skal ætíð nota þetta vatn þegar þörf krefur.
2. Þar sem við á skal ís gerður úr vatni sem uppfyllir skilyrði reglugerðar um neysluvatn. Til að tryggja að matvæli spillist ekki skal ætíð nota þennan ís þegar þörf krefur. Ísinn skal þannig búinn til, meðhöndlaður og geymdur að tryggt sé að hann óhreinkist ekki eða spillist á annan hátt.
3. Í gufu sem kemst í beina snertingu við matvæli mega ekki vera efni sem geta verið hættuleg heilbrigði fólks eða spillt vörunni.
4. Ódrykkjarhæft vatn sem notað er til gufumyndunar, við kælingu/frystingu, til eldvarna og í öðrum svipuðum tilgangi, skal vera í aðskildu leiðslukerfi. Það skal vera auðvelt að bera kennsl á lagnakerfi þess og það skal á engan hátt tengt neysluvatnskerfinu.

Viðauki 8.
Markaðir, sölutjöld, söluvagnar og sjálfsalar.

1. Eftirlitsaðili skal einungis leyfa götuverslun (s.s. markaðir, sölutjöld og söluvagnar) með matvæli, þegar slíkur verslunarmáti hefur ekki í för með sér ónæði, umhverfismengun og/eða óhollustu í sambandi við geymslu, flutning eða sölu matvæla. Ef um söluvagn er að ræða skal hann vera greinilega merktur með nafni og heimilisfangi eigandans.
2. Matvæli sem seld eru úr sjálfsala skulu vera í neytendaumbúðum og sjálfsalinn þannig útbúinn og við haldið að varan geymist þar á óaðfinnanlegan hátt. Afla ber leyfis eftirlitsaðila áður en sjálfsali er tekinn í notkun.
3. Staðsetning, hönnun, gerð, viðhald og þrif starfssvæðis skal vera þannig að matvælin óhreinkist ekki eða spillist.
4. Þar sem þörf krefur að mati eftirlitsaðila:
   a) skal vera viðunandi aðstaða fyrir starfsfólk, m.a. til handþvotta, almenns hreinlætis og fataskipta;
   b) skulu yfirborðsfletir sem koma í beina snertingu við matvæli vera úr vatnsheldu og sléttu efni sem er án eiturefna og þannig frá þeim gengið að auðvelt sé að þrífa þá og gerileyða ef þörf krefur;
   c) skal vera viðunandi aðstaða og búnaður til þrifa og gerileyðingar á tækjum og áhöldum;
   d) skal vera viðunandi aðstaða til að skola og hreinsa matvæli;

e) skal vera aðgangur að heitu og köldu vatni;
f) skal vera viðunandi aðstaða til geymslu og förgunar á matarleifum og öðrum úrgangi;
g) skal vera aðstaða til að halda matvælum við viðeigandi hitastig;
h) skal matvælum þannig fyrir komið að ekki sé hætta á að þau óhreinkist eða spillist.

Viðauki 9.
Flutningar.

1. Flutningsbúnaður skal vera í góðu lagi, hreinn og vel við haldið og þannig úr garði gerður að ekki sé hætta á að matvælin óhreinkist eða spillist og að unnt sé að þrífa og/eða gerileyða hann á fullnægjandi hátt. Flutningsrými fyrir flutning viðkvæmra matvæla skal vera lokað, gluggalaust og aðskilið frá rými bifreiðastjóra.
2. Ekki má flytja annan varning í flutningsbúnaði matvæla ef hætta er á að matvælin óhreinkist eða spillist á einhvern hátt. Ósekkjuð eða ópökkuð vara, í fljótandi eða föstu formi (þ.m.t. kyrni og duft), skal flutt í lokuðum gámum, tönkum eða ílátum, sem eingöngu eru ætluð til matvælaflutninga. Slíkir gámar/tankar/ílát skulu greinilega merktir, með einu eða fleiri tungumálum EES-ríkja, að um flutninga matvæla sé að ræða eða með setningunni „aðeins til flutninga á matvælum".
3. Þegar meira en ein tegund matvæla er flutt í sama flutningsbúnaði, eða aðrar vörur eru fluttar samtímis matvælum í sama flutningsbúnaði, skal vera fullnægjandi aðskilnaður milli varanna þannig að ekki sé hætta á að matvælin óhreinkist eða spillist.
4. Þegar meira en ein tegund matvæla eða aðrar vörur hafa verið fluttar í flutningsbúnaði, skulu fara fram gagngerð þrif og gerileyðing (ef við á) á búnaðinum eftir losun til að fyrirbyggja að matvæli óhreinkist eða spillist.
5. Matvælum sem flutt eru í flutningsbúnaði skal þannig komið fyrir og frá þeim gengið að lágmarkshætta verði á að matvælin óhreinkist eða spillist.
6. Þar sem þess er krafist skal flutningsbúnaður vera þannig gerður að viðeigandi hitastig matvæla haldist og þannig frá gengið að hægt sé að hafa eftirlit með og/eða skrá hitastigið. Hitastig skal vera í samræmi við 10. gr. þessarar reglugerðar. Við flutning hraðfrystra matvæla, sem eru markaðssett sem slík, skal jafnframt farið að ákvæðum reglugerðar nr. 557/1993 um hraðfryst matvæli.

Nr. 523 23. september 1994

SAMÞYKKT

um hunda- og kattahald í Egilsstaðabæ.

1. KAFLI
Hundahald.

1. gr.

Hundahald er bannað í þéttbýli í Egilsstaðabæ.

2. gr.

Bæjarstjórn er þó heimilt að veita einstaklingum 16 ára og eldri, sem búa í bæjarfélaginu, undanþágu frá 1. gr. og leyfi til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum:

a) Leyfi er bundið við nafn og heimilisfang sjálfráða einstaklings og er óheimilt að framselja það. Við skráningu skal hundeigandi undirrita yfirlýsingu um að hann skuli í einu og öllu fara með hund sinn eftir fyrirmælum samþykktar þessarar.
b) Ef sótt er um leyfi til að halda hund í fjölbýlishúsi skal skriflegt samþykki allra íbúðareigenda í sama stigagangi fylgja umsókn. Sé um að ræða parhús eða raðhús

skal fylgja umsókn samþykki eigenda aðliggjandi íbúða. Í fjölbýlishúsi með sérinngangi fyrir hverja íbúð skal liggja fyrir samþykki eigenda aðliggjandi íbúða.

c) Leyfisgjald vegna undanþágu skal greiða til bæjarsjóðs árlega eftir gjaldskrá sem bæjarstjórn ákveður og umhverfisráðherra staðfestir og birt skal í b-deild Stjórnartíðinda. Heimilt er að ákveða lægra gjald fyrir nauðsynlega minkahunda, dýrhunda, sporhunda og smalahunda. Af hundum, sem blindir menn og öryrkjar þurfa á að halda, vegna fötlunar sinnar skal ekkert gjald greiða. Við ákvörðun leyfisgjalds skal tekið mið af þeim kostnaði sem leiðir af framkvæmd þessarar samþykktar. Gjaldið skal greitt fyrirfram í fyrsta sinn við skráningu hunds til næstkomandi júlímánaðar og síðan árlega 1. júlí fyrir eitt ár í senn. Hafi gjaldið ekki verið greitt innan tveggja mánaða frá gjalddaga fellur leyfið sjálfkrafa úr gildi.

d) Leyfishafa er skylt að hafa hundinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu tryggingafélagi en einnig getur bæjarstjórn gert heildarsamning við tryggingafélag, eitt eða fleiri. Tryggingin skal ná til alls þess tjóns, sem dýrið kann að valda. Vottorð um ábyrgðartryggingu skal liggja fyrir við greiðslu leyfis og árlegs leyfisgjalds, svo og vottorð um hreinsun hundsins.

e) Hundar skulu færðir til hreinsunar í október eða nóvember ár hvert. Um hreinsun og gjald fyrir hana fer eftir reglugerð um varnir gegn sullaveiki nr. 201/1957.

f) Hundurinn skal ávallt bera um hálsinn ól með plötu á. Á plötuna skal greypa skráningarnúmer hunds, nafn eiganda og símanúmer.

g) Óheimilt er með öllu að láta hunda ganga lausa innan marka þéttbýlis nema minkahunda, dýrhunda og sporhunda þegar þeir eru að störfum í gæslu eigenda eða umráðamanna.

Hundar skulu annars ávallt vera í taumi utan húss nema á opnum svæðum fjarri alfaraleið og þéttbýli. Leyfishafi skal gæta þess vel að hundur hans valdi ekki hættu, óþægindum eða óþrifnaði eða raski ró manna. Hundeiganda er alltaf skylt að fjarlægja saur eftir hundinn.

h) Eigi má hleypa hundum inn í almenningsfarartæki, leikvelli eða aðra þá staði sem um ræðir í III. - V., VIII - XV. kafla heilbrigðisreglugerðar nr. 149/1990 og hér eru upp taldir.

1. Vatnsveitur, vatnsból, verndarsvæði og brunna.
2. Almennings- og útisalerni.
3. Hvers konar sorpgeymslu- eða sorpeyðingarstaði.
4. Gististaði, veitingastaði og matsölustaði.
5. Tjald og hjólhýsasvæði, nema samkvæmt ákvörðun umsjónaraðila.
6. Húsakynni þar sem geymd eru, framleidd eða seld matvæli.
7. Skólar, kennslustaðir og barnaheimili og gæsluvellir.
8. Rakarastofur, hárgreiðslustofur, hvers konar snyrtistofur og sólbaðsstofur.
9. Heilbrigðisstofnanir, hæli, heilsuræktar- og íþróttastöðvar og baðstaðir.
10. Fangelsi og aðrar vistarverur handtekinna manna.
11. Samkomuhús hvers konar og almennar skrifstofur.
12. Kirkjugarðar, bálstofur, líkhús og líkgeymslur.
13. Almenn samgöngutæki.

i) Ákvæði stafliðs h gildir ekki fyrir hunda, sem notaðir eru til löggæslu eða björgunarstarfa né leiðsöguhunda blindra og sjónskerta.

j) Ábúendum lögbýla, sem eru innan marka bæjarfélagsins, er heimilt að halda tvo þarfahunda hið mesta án þess að leyfisgjald komi fyrir, enda gildi sömu reglur fyrir þá hunda innan þéttbýlis og aðra hunda.

k) Óheimilt er að láta hund, sem er eldri en 3ja mánaða dvelja lengur í þéttbýli en einn mánuð án þess að sótt sé um leyfi fyrir honum.

3. gr.

Umsókn um leyfi til hundahalds skal senda til bæjarstjórnar sem gefur út eða synjar umbeðnu leyfi. Upplýsingar um hundinn skal færa í þar til gerða bók. Þar skal skrá heiti, aldur, kyn, tegundarafbrigði, litarhátt og önnur einkenni hundsins. Þar skal einnig skrá nafn og heimilisfang leyfishafa. Árlega skal senda sýslumanninum á Seyðisfirði skrá um leyfða hunda. Leyfishafi fær afhenta merkta plötu, sbr. ákvæði f liðar 2. gr., og eintak af samþykkt um hundahald í Egilsstaðabæ.

Ekki er skylt að sækja um leyfi fyrr en hundur hefur náð 3ja mánaða aldri. Sé leyfis ekki vitjað innan mánaðar frá því það var veitt fellur það sjálfkrafa úr gildi.

4. gr.

Við minni háttar brot á samþykkt þessari skal hundeigandi sæta skriflegri áminningu og greiða allan kostnað er leiðir af brotinu. Ef um ítrekað eða meiri háttar brot er að ræða gegn ákvæðum þessarar samþykktar eða öðrum reglum, sem um hundahald gilda, getur bæjarstjórn afturkallað leyfið. Skal leyfishafi þá afhenda hundinn lögreglu eða heilbrigðiseftirlitsmanni til ráðstöfunar. Einnig getur bæjarstjórn afturkallað öll leyfi til hundahalds telji hún þess brýna þörf.

5. gr.

Heilbrigðiseftirlit og lögreglustjóri eða aðilar á þeirra vegum annast eftirlit með hundahaldi í Egilsstaðabæ.

6. gr.

Hunda, sem ganga lausir utanhúss í þéttbýli skal handsama og taka úr umferð. Sama gildir um hættulega hunda og óleyfilega. Kostnaður við töku og geymslu hunda skal að fullu greiddur af eigendum. Hunda, sem ráðast á menn eða skepnur og bíta, skal fjarlægja og er heimilt að lóga þeim þegar í stað. Aðra hunda er heimilt að afhenda, ef leyfi er framvísað innan 7 daga frá því hundurinn kom í vörslu eftirlitsmanns, enda verði áfallinn kostnaður greiddur áður en það er gert. Að öðrum kosti er heimilt að lóga hundinum, enda hafi eiganda verið tilkynnt um töku hundsins, ef unnt er, þegar vitað er um eigenda.

2. KAFLI
Kattahald.

7. gr.

Allir heimiliskettir skulu bera bjöllu og merkta hálsól, þar sem fram kemur nafn eiganda, heimili og símanúmer.

8. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að takmarka kattahald í þéttbýli, ef þess er talin brýn þörf að mati heilbrigðisnefndar, héraðslæknis eða viðkomandi héraðsdýralæknis. Þannig getur bæjarstjórn t.d. takmarkað fjölda fullorðinna katta á heimili við ákveðna hámarkstölu, ef ástæða þykir til.

Bæjarstjórn getur krafist þess að kattaeigendur láti hreinsa ketti sína árlega.

9. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að láta eyða ómerktum köttum, enda hafi framkvæmdin verið auglýst með áberandi hætti a.m.k. 2 sólarhringum áður en hún er framkvæmd.

3. KAFLI
Þvingunarúrræði og gildistaka.

10. gr.

Með brot á samþykktum þessum skal fara samkvæmt ákvæðum laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

11. gr.

Samþykkt þessi er samin og samþykkt af bæjarstjórn Egilsstaða og staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar í stað. Um leið fellur úr gildi samþykkt um hundahald í Egilsstaðahreppi nr. 209/1980.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þau leyfi sem veitt hafa verið fyrir gildistöku þessarar samþykktar halda gildi sínu. Að öðru leyti gildir samþykktin um þau að fullu leyti.

Umhverfisráðuneytið, 23. september 1994.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

23. september 1994 Nr. 524

REGLUGERÐ

um hávaða sem berst í lofti frá heimilistækjum.

1. gr.
Gildissvið.

1.1 Reglugerð þessi nær til ákvæða um:
- meginreglur vegna birtingar upplýsinga um hávaða sem berst í lofti frá heimilistækjum,
- mælingaraðferðir til að ákvarða hávaða sem berst í lofti frá heimilistækjum og reglur um fyrirkomulag eftirlits með hávaða sem berst í lofti frá heimilistækjum.

1.2 Reglugerð þessi gildir ekki um:
- tæki, vélar eða búnað sem eingöngu eru ætlaðar til nota í iðnaði eða í atvinnuskyni,
- tæki sem eru óaðskiljanlegur hluti húss eða búnaðar svo sem lofthreinsi-, hita- eða loftræstingarbúnað (að frátöldum heimilisviftum, gufugleypum og aðskildum tækjum til hitunar), olíukynditæki til miðstöðvarhitunar og dælur vegna vatnsveitna og fráveitukerfa,
- íhluti í búnað eða tæki svo sem hreyfla,
- rafhljómburðartæki.

2. gr.
Skilgreiningar.

Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

Heimilistæki: Allar vélar, vélahlutir eða búnaður sem er einkum framleiddur til að nota í híbýlum, þar með töldum kjöllurum, bílageymslum og öðrum útihúsum, nánar tiltekið heimilistæki til viðhalds, hreingerninga, framreiðslu og geymslu matvæla, framleiðslu og dreifingar á hita eða kulda, lofthreinsunar og önnur tæki sem ekki eru notuð í atvinnuskyni.

Tegund heimilistækja: Heimilistæki, sem ætluð eru til sömu nota og knúin af sama höfuðaflgjafa. Venjan er að nokkrar gerðir heyri undir hverja tegund.

Syrpa heimilistækja: Öll heimilistæki sömu gerðar sem hafa ákveðin sérkenni og eru frá sama framleiðanda.

Heimilistækjalota: Ákveðið magn af tiltekinni framleiðslusyrpu sem framleidd er við sams konar aðstæður.

Hávaði sem berst í lofti: Vegið hljóðaflsstig, L_{WA}, heimilistækja sem gefið er upp í desíbelum (dB) með tilvísun í hljóðstyrk eins píkóvatts (1 pW), sem berst í lofti.

3. gr.

Markaðssetning.

Ekki má hindra markaðssetningu heimilistækja vegna upplýsinga um hávaða sem berst í lofti frá slíkum tækjum ef upplýsingarnar eru gefnar í samræmi við kröfurnar í þessari reglugerð.

Með fyrirvara um niðurstöður athugana sem gerðar eru af handahófi um leið og heimilistækin eru markaðssett skulu stjórnvöld telja að upplýsingar um hávaða sem berst í lofti séu birtar í samræmi við þessa reglugerð.

4. gr.

Kröfur um upplýsingar.

Stjórnvöld geta, vegna tiltekinna tegunda tækja, krafist þess að upplýsingar um hávaða sem berst í lofti frá þeim verði birtar.

Framleiðandinn skal láta þessar upplýsingar í té eða, hafi framleiðandinn staðfestu utan Evrópska efnahagssvæðisins, innflytjandi sem hefur staðfestu innan þess.

Í slíku tilviki:

a) skulu hávaðamörkin sem fjallað er um í upplýsingunum ákveðin í samræmi við almennu prófunaraðferðina sem sett eru fram í 1. mgr. 5. gr.,
b) er hægt að gera athugun af handahófi á upplýsingunum á grundvelli tölfræðilegu aðferðarinnar í 2. mgr. 5. gr. Stjórnvöld geta gert allar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að veittar upplýsingar séu samkvæmt fyrirmælum þessarar reglugerðar,
c) ber framleiðandinn eða innflytjandinn ábyrgð á því að viðkomandi upplýsingar séu réttar.

Ef stjórnvöld krefjast ekki birtingar upplýsinga um hávaða sem berst í lofti getur framleiðandinn eða innflytjandinn samt birt upplýsingarnar enda fylgi hann ákvæðum a-, b-, og c- liða. áfram.

5. gr.

Mæliaðferðir.

5.1 Almenna prófunaraðferðin:

a) Almenna prófunaraðferðin sem notuð er til að mæla hávaða sem berst í lofti frá heimilistækjum verður að vera það nákvæm að óvissa í mælingunum með vegnu hljóðaflsstigi leiði ekki af sér hærra staðalfrávik en 2 dB. Þessi staðalfrávik skulu endurspegla áhrif allra óvissuþátta mælinganna að undanskildum sveiflum í hávaðamörkum tækisins frá einni prófun til annarrar.
b) Til viðbótar almennu prófunaraðferðinni sem um getur í a- lið hér að ofan skal fylgja hverri tegund tækja lýsing á staðsetningu, uppsetningu, hleðslu og vinnslu tækjanna meðan prófunin fer fram til að hvetja til eðlilegrar notkunar og tryggja fullnægjandi nýtingu og afkastagetu. Tilgreina skal staðalfrávik afkastagetu fyrir hverja tegund heimilistækja.

5.2 Tölfræðilega aðferðin:

Tölfræðilega aðferðin sem notuð er til að sannprófa tilgreind hávaðamörk tækja í framleiðslulotu er gerð með því að mæla eitt tæki, sem er tekið úr einni framleiðslulotu og gera einhliða prófanir.

Meginfæribreytur í tölfræðilegu aðferðinni skal ákveða þannig að líkurnar á viðurkenningu séu 95% ef hávaðinn er meiri en tilgreint er fyrir 6,5% af tækjunum í lotunni. Þrjú tæki skulu skoðuð í einu eða sambærilegu úrtaki. Tölfræðilega aðferðin sem er valin krefst þess að notað sé viðmiðunarstaðalfrávik sem er 3,5 dB.

6. gr.

Sérstakar ráðstafanir.

Gera skal allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að framleiðandi eða innflytjandi, kjósi hann ekki að taka hina gölluðu framleiðslulotu af markaðinum, leiðrétti upplýsingarnar án tafar ef í ljós kemur við eftirlit samkvæmt 2. mgr. 5. gr. að hávaði sem berst í lofti frá tækjum úr framleiðslulotunni fer yfir tilgreind hávaðamörk.

7. gr.

Samræmi við kröfur.

7.1 Gert er ráð fyrir því að upplýsingar um hávaða sem berst frá heimilistækjum séu gefnar í samræmi við kröfurnar í reglugerð þessari og að athuganir hafi verið gerðar á fullnægjandi hátt ef mælingarnar á hávaða og viðeigandi athuganir hafa verið gerðar í samræmi við:

a) landsstaðla sem falla að samhæfðu stöðlunum, eða

b) landsstaðlana og tæknilegu reglugerðirnar sem um getur í 2. mgr. ef engir samhæfðir staðlar eru til um það sem landsstaðlarnir og reglugerðirnar taka til.

7.2 Stjórnvöld skulu senda Eftirlitsstofnun EFTA og fastanefnd EFTA ríkjanna texta viðkomandi landsstaðla og tæknilegra reglugerða, eins og um getur í b-lið 1. mgr., sem þau telja fullnægja kröfunum í 5. gr.

Stjórnvöld skulu sjá um að birta þessa landsstaðla og tæknilegu reglugerðir.

7.3 Leiki vafi á að samhæfðu staðlarnir sem um getur í a-lið 1. mgr. hlíti ekki til fulls kröfunum í 5. gr. skal leggja málið fyrir fastanefnd á vegum ESB til úrskurðar.

8. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum um merkingar og upplýsingaskyldu varðandi orkunotkun heimilistækja o.fl., nr. 72/1994 og með hliðsjón af ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sem vísað er til í IV. kafla II. viðauka, tilskipun ráðsins 86/594/EBE frá 1. desember 1986 um hávaða sem berst í lofti frá heimilistækjum, með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af II. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Iðnaðarráðuneytið, 23. september 1994.

F. h. r.

Þorkell Helgason.

Sveinn Þorgrímsson.

REGLUGERÐ

um (2.) breytingu á reglugerð nr. 14/1993 um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu.

1. gr.

Á eftir 8. gr. komi fyrirsögnin:

Greiðslur sjúkratryggðra fyrir læknisvottorð vegna almannatrygginga og bóta félagslegrar aðstoðar.

Á eftir fyrirsögninni komi ný grein sem verður 8. gr. a. svohljóðandi:

Fyrir læknisvottorð á eyðublöðum Tryggingastofnunar ríkisins vegna almannatrygginga eða bóta félagslegrar aðstoðar skulu sjúkratryggðir greiða sem hér segir:

a. Ekkert gjald fyrir örorkuvottorð vegna lífeyristrygginga (A og B), örorkuvottorð vegna slysatrygginga (A), vottorð vegna fjárhagslegrar aðstoðar við fötluð og sjúk börn eða vottorð vegna endurhæfingarlífeyris.
b. Kr. 300 fyrir framhaldsvottorð vegna slysatrygginga.
c. Kr. 600 fyrir læknisvottorð vegna slysatrygginga (áverkavottorð), vegna beiðni um þjálfun, vegna öflunar hjálpartækja, vegna lengingar fæðingarorlofs, vegna hreyfihömlunar (bensínstyrkur), vegna heimahjúkrunar, vegna handarmeiðsla, vegna umsóknar um lyfjaskírteini, vegna utanfarar til lækninga, vegna vistunar sjúklings erlendis, vegna lýtalækninga, sjúkradagpeningavottorð eða skýrslu vegna ferðakostnaðar innanlands.
d. Kr. 700 fyrir læknisvottorð vegna umsóknar til kaupa á bifreið fyrir fatlaða.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 66. gr. sbr. 36. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, öðlast gildi 1. október 1994.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 22. september 1994.

Sighvatur Björgvinsson.

Páll Sigurðsson.

Nr. 526 20. september 1994

AUGLÝSING

um umferð í Mosfellsbæ.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarstjórnar hefur verið ákveðið

1. að biðskylda verði á aðkomu að gagnfræðaskóla Mosfellsbæjar gagnvart Skólabraut.
2. að biðskylda verði á aðkomu að hesthúsahverfi á Varmárbökkum gagnvart Skeiðholti.
3. að hámarkshraði í Brekkulandi verði 30 km/klst.

Ákvörðun þessi hefur þegar tekið gildi.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 20. september 1994.

Böðvar Bragason.

ERINDISBRÉF

formanna stjórna heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa.

1. gr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skipar formenn stjórna heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa til fjögurra ára í senn að afloknum sveitarstjórnarkosningum, sbr. 1. málsgr. 21. gr. og 3. málsgr. 30. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990 með síðari breytingum.

Ráðherra skipar formenn þessa án tilnefningar. Þeir skulu vera búsettir á starfssvæði hlutaðeigandi heilsugæslustöðvar og sjúkrahúss.

2. gr.

Formaður stjórnar heilsugæslustöðvar og sjúkrahúss er fulltrúi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra í stjórninni.

Hann skal sinna starfi sínu af trúmennsku og í samræmi við þá stefnu sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur hverju sinni mótað í málefnum heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa.

3. gr.

Formaður skal tryggja og ber ábyrgð á gagnvart ráðherra að:

1. stjórnin skipuleggi starfsemi stofnunarinnar í samræmi við ákvæði laga um heilbrigðisþjónustu þannig að stofnunin veiti þá heilbrigðisþjónustu sem lög gera ráð fyrir,
2. stjórnin skipuleggi starfsemi og þjónustu stofnunarinnar innan þess ramma sem rekstri stofnunarinnar er sniðinn í fjárlögum á ári hverju,
3. stjórnin hafi vakandi auga með starfsemi og þjónustu stofnunarinnar og grípi til tafarlausra aðgerða ef starfsemi og þjónusta er ekki í samræmi við ákvæði laga um heilbrigðisþjónustu,
4. stjórnin hafi vakandi auga með rekstri stofnunarinnar og grípi til tafarlausra aðgerða ef rekstur er ekki í samræmi við fjárlög,
5. stjórnin ráði starfslið heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa þannig að stöðuheimildir stofnunarinnar séu á hverjum tíma mannaðar hæfasta starfsliði sem völ er á.
6. stjórnin ráði ekki aðra í fastar læknastöður heilsugæslustöðvar en sérfræðinga í heimilislækningum, sé þess kostur.

4. gr.

Formaður skal gera heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra reglulega grein fyrir starfsemi stofnunar þeirrar, sem hann er formaður fyrir.

Formaður skal án ástæðulausra tafa gera heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra grein fyrir vandamálum sem upp kunna að koma í starfsemi stofnunarinnar, t.d. vegna reksturs eða starfsmannamála.

5. gr.

Formaður skal boða fundi í stjórn stofnunar eftir þörfum en þó eigi sjaldnar en annan hvern mánuð.

6. gr.

Þóknun formanna og annarra stjórnarmanna stjórna heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa skal ákveðin af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og greidd af rekstrarfé stofnunarinnar.

7. gr.

Erindisbréf þetta sem sett er með stoð í 3. málsgr. 1. gr., 2. gr. sbr. 1. málsgr. 21. gr. og 3. málsgr. 30. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990 með síðari breytingum öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 22. september 1994.

Sighvatur Björgvinsson.

Páll Sigurðsson.

Nr. 528 28. september 1994

AUGLÝSING

um (4.) hækkun gjaldskrár nr. 283/1992 fyrir tannréttingar.

1. gr.

Fjárhæðir í gjaldskrá nr. 283/1992 fyrir tannréttingar skulu hækka um 6,13% frá 1. október nk.

2. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er með stoð í 37. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 28. september 1994.

F. h. r.
Páll Sigurðsson.

Sólveig Guðmundsdóttir.

Nr. 529 28. september 1994

AUGLÝSING

um (4.) hækkun gjaldskrár nr. 166/1992 fyrir skólatannlækningar.

1. gr.

Fjárhæðir í gjaldskrá nr. 166/1992 fyrir skólatannlækningar skulu hækka um 6,13% frá 1. október nk.

2. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er með stoð í 37. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993 með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 28. september 1994.

F. h. r.
Páll Sigurðsson.

Sólveig Guðmundsdóttir.

Stjórnartíðindi B 71, nr. 513–529. Útgáfudagur 30. september 1994.

STJÓRNARTÍÐINDI B 72 - 1994

29. september 1994 1665 Nr. 530

REGLUGERÐ

um bann við rækjuveiðum á Skjálfandadjúpi.

1. gr.

Frá kl. 15.00 30. september 1994 eru allar rækjuveiðar bannaðar á svæði í Skjálfandadjúpi, sem markast af línum, sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 66°27'N - 17°18'V
2. 66°27'N - 17°30'V
3. 66°35'N - 17°30'V
4. 66°35'N - 17°18'V

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1979, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 29. september 1994.

F. h. r.
Árni Kolbeinsson.

Jón B. Jónasson.

Stjórnartíðindi B 72, nr. 530. Útgáfudagur 30. september 1994.

B 117
Steindórsprent Gutenberg hf.

STJÓRNARTÍÐINDI B 73 – 1994

Nr. 531 1666 28. september 1994

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 291, 31. maí 1994, um botn- og flotvörpur.

1. gr.

Aftan við A. lið 14. gr., sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 505/1994, komi nýr málsliður er orðist svo: Einnig er heimilt að nota hlífðarpoka með lágmarksmöskvastærðinni 100 mm við rækjuveiðar sbr. B. og C. liði.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og laga nr. 34, 17. maí 1976, um veiðar utan fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 28. september 1994.

F. h. r.
Árni Kolbeinsson.

Jón B. Jónasson.

Stjórnartíðindi B 73, nr. 531. Útgáfudagur 3. október 1994.

Steindórsprent Gutenberg hf.

STJÓRNARTÍÐINDI B 74 – 1994

4. október 1994 1667 Nr. 532

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 339, 22. júní 1994, um loðnuveiðar 1994/1995.

1. gr.

Með reglugerð þessari er felldur úr gildi B-liður 3. gr. sbr. reglugerð nr. 376, 5. júlí 1994.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og laga nr. 34, 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 4. október 1994.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

Stjórnartíðindi B 74, nr. 532. Útgáfudagur 6. október 1994.

Steindórsprent Gutenberg hf.

STJÓRNARTÍÐINDI B 75 – 1994

Nr. 533 1668 23. september 1994

REGLUGERÐ

um vegabréf utanríkisráðuneytisins.

1. gr.

Utanríkisráðuneytið gefur út tvenns konar vegabréf, diplómatísk vegabréf og þjónustuvegabréf.

2. gr.

Í vegabréfum utanríkisráðuneytisins skal greina fullt nafn vegabréfshafa, stöðu, fæðingardag og -ár, fæðingarstað, heimilisfang, hæð, háralit, augnalit og kennitölu.

Í vegabréf skal ennfremur festa nýlega ljósmynd af vegabréfshafa, og skal setja á hana embættisinnsigli ráðuneytisins þannig að nokkur hluti innsiglisins komi fram á myndinni en nokkur hluti utan hennar.

Taka skal fram í vegabréfi til hve langs tíma það skuli gilda.

Vegabréfshafi skal rita nafn sitt í vegabréfið með eigin hendi undir ljósmynd. Rita skal útgáfudag vegabréfs, undirrita það og stimpla með embættisstimpli ráðuneytisins.

3. gr.

Ráðuneytið skal halda sérstakar skrár yfir öll vegabréf, sem það gefur út, aðra yfir diplómatísk vegabréf, hina yfir sérstök vegabréf. Skal þar skrá allar hinar sömu upplýsingar um vegabréfshafa og settar hafa verið í vegabréfið og auk þess festa þar ljósmynd af vegabréfshafa. Gjöld skal innheimta af útgáfu vegabréfanna í samræmi við ákvæði reglugerðar um embættisverk fulltrúa í utanríkisþjónustunni nr. 562/1993.

4. gr.

Þessir aðilar einir geta fengið diplómatísk vegabréf, enda séu þeir íslenskir ríkisborgarar:

1. Forseti Íslands.
2. Fyrrverandi forsetar Íslands.
3. Nánustu fylgdarmenn forseta Íslands, þegar þeir eru í fylgd með forseta.
4. Ráðherrar.
5. Forsetar Alþingis.
6. Hæstaréttardómarar.
7. Ríkissaksóknari.
8. Umboðsmaður Alþingis.
9. Embættismenn utanríkisþjónustunnar skv. 1.-5. flokki 8. gr. laga nr. 39/1971 og þeir aðrir starfsmenn hennar sem reglur ráðuneytisins kveða á um.
10. Ráðuneytisstjórar.
11. Ríkisendurskoðandi.
12. Ríkissáttasemjari.

Steindórsprent Gutenberg hf.

13. Biskupinn yfir Íslandi.
14. Aðalbankastjórar Seðlabankans.
15. Þeir sem gegna meiriháttar trúnaðarstörfum fyrir Ísland í fjölþjóðlegum ríkjasamtökum.
16. Fyrrverandi forsætis- og utanríkisráðherrar.
17. Fyrrverandi starfsmenn utanríkisþjónustunnar úr 1. og 2. flokki sbr. 8. gr. laga nr. 39/1971, sem látið hafa af störfum fyrir aldurs sakir.
18. Makar og börn þeirra sem taldir eru í 1.-17. tölulið; börnin þó að því tilskildu að þau hafi ekki náð 16 ára aldri.

5. gr.

Þessir aðilar einir geta fengið þjónustuvegabréf, enda séu þeir íslenskir ríkisborgarar:

1. Alþingismenn.
2. Skrifstofustjórar í Stjórnarráði Íslands.
3. Forstjórar helstu ríkisstofnana.
4. Skrifstofustjóri Alþingis.
5. Hæstaréttarritari.
6. Aðstoðarmenn ráðherra.
7. Starfsfólk utanríkisþjónustunnar, sem ekki er talið upp í 9. tölulið 4. gr.
8. Kjörræðismenn Íslands erlendis.
9. Borgarstjórinn í Reykjavík.
10. Forseti borgarstjórnar Reykjavíkur.
11. Þeir sem ferðast í opinberum erindum ríkisstjórnarinnar, þegar sérstaklega stendur á og að því tilskildu, að hlutaðeigandi ráðuneyti óski þess skriflega að vegabréf sé gefið út.
12. Fulltrúar Íslands í stjórn, á þingum eða í starfsliði fjölþjóðlegra ríkjasamtaka.
13. Þeir sem ferðast í erindum meiriháttar viðskiptasamtaka þegar sérstaklega stendur á.
14. Fyrrverandi ráðherrar.
15. Fyrrverandi hæstaréttardómarar.
16. Fyrrverandi ráðuneytisstjórar.
17. Fyrrverandi aðalbankastjórar Seðlabanka Íslands.
18. Þeir sem gegnt hafa meiriháttar trúnaðarstörfum í fjölþjóðlegum ríkjasamtökum.
19. Makar og börn þeirra, sem taldir eru upp í 1.-18. tölulið; börnin þó að því tilskildu að þau hafi ekki náð 16 ára aldri.

Ennfremur er heimilt að gefa út þjónustuvegabréf til handa fyrrverandi starfsmönnum utanríkisþjónustunnar, sem ekki falla undir 17. tölulið 4. gr., svo og þeim sem greinir í 2.-5. tölulið, sbr. 19. tölulið þessarar greinar þegar þessir starfsmenn hafa látið af starfi fyrir aldurs sakir.

6. gr.

Þegar diplómatísk eða þjónustuvegabréf eru gefin út til ákveðinnar ferðar, skulu þau eingöngu látin gilda fyrir þann tíma, er ætla má, að ferðin muni standa; ella má láta vegabréf þessi gilda allt að fimm árum.

7. gr.

Nú hættir maður að gegna starfi, er heimildin til að fá diplómatískt eða þjónustuvegabréf samkvæmt 1. gr. fylgir, og er þá vegabréfshafa skylt að afhenda utanríkisráðuneytinu eða næsta íslenska sendiráði vegabréf sitt.

Á sama hátt er skylt að afhenda utanríkisráðuneytinu eða næsta sendiráði vegabréf maka vegabréfshafa og barna hans, sem hafa fengið vegabréf samkvæmt 4. gr. 18. tölulið og 5. gr. 19. tölulið samtímis því, sem vegabréfshafi, samkvæmt því er segir hér að framan afhendir vegabréf sitt.

Ráðuneytið getur gert undanþágu frá aldursákvæðum 18. töluliðs 4. gr. og 19. töluliðs 5. gr. þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

8. gr.

Sendiráðum og fastanefndum Íslands heimilast að framlengja gildi vegabréfa utanríkisráðuneytisins fyrir þá starfsmenn utanríkisþjónustunnar, sem nefndir eru í 4. gr. 9. tölulið og 5. gr. 7. tölulið, sem og vegabréf fyrir maka þeirra og börn. Vegabréf þessi skal þó eigi framlengja til lengri tíma en svo, að vegabréfshafa gefist tími til að afla sér nýs vegabréfs frá utanríkisráðuneytinu, og aldrei lengur en til 6 mánaða í senn.

Gildi annarra vegabréfa má eigi framlengja nema að fengnu leyfi ráðuneytisins.

9. gr.

Reglugerð þessi, sem gefin er út samkvæmt heimild í lögum nr. 18/1953 um íslensk vegabréf og lögum nr. 39/1971 um utanríkisþjónustu Íslands, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 424/1988 um vegabréf utanríkisráðuneytisins.

Utanríkisráðuneytið, 23. september 1994.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Róbert Trausti Árnason.

Nr. 534 27. september 1994

AUGLÝSING

um umferð í Egilsstaðabæ.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Egilsstaðabæjar hefur verið ákveðið að setja eftirfarandi reglu um umferð í Egilsstaðabæ:

1. Biðskylda.

1.1. Umferð um Árskóga víki fyrir umferð um Skógarlönd.

1.2. Umferð um Skógarlönd víki fyrir umferð um Seyðisfjarðarveg.

Reglur þesar taka þegar gildi.

Sýslumaðurinn á Seyðisfirði, 27. september 1994.

Helgi Jensson, sýslumannsfulltrúi.

SAMÞYKKT

um stjórn Borgarbyggðar og fundarsköp bæjarstjórnar.

I. KAFLI
Um skipan bæjarstjórnar og verkefni hennar.

1. gr.

Skipan bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn Borgarbyggðar er skipuð 9 fulltrúum kjörnum skv. III. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, sbr. 2. mgr. 10. gr. og 11. gr. sömu laga.

2. gr.

Starfstímabil.

Starfstímabil bæjarstjórnar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Valdsvið.

Bæjarstjórn fer með stjórn Borgarbyggðar skv. ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer bæjarstjórn með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum bæjarfélagsins, að svo miklu leyti sem bæjarstjórn hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

4. gr.

Verkefni bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn skal gæta hagsmuna bæjarfélagsins, vera í fyrirsvari fyrir það og vinna að sameiginlegum velferðarmálum íbúanna.

5. gr.

Verkefni bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn annast þau verkefni, sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum.

Þá getur bæjarstjórn ákveðið, að bæjarfélagið taki að sér verkefni, sem varða íbúa þess sérstaklega, enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

6. gr.

Verkefni bæjarstjórnar.

Meðal verkefna bæjarstjórnar Borgarbyggðar eru:

1. Að kjósa forseta og varaforseta bæjarstjórnar, bæjarráð og aðrar nefndir, ráð og stjórnir skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga sbr. og V. kafla samþykktar þessarar, og skoðunarmenn til að annast endurskoðun ársreikninga bæjarfélagsins skv. VIII. kafla sveitarstjórnarlaga.
2. Að setja samþykktir og gjaldskrár, eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Að stjórna fjármálum bæjarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja skv. VIII. kafla sveitarstjórnarlaga sbr. og II. kafla samþykktar þessarar.
4. Að ákveða stjórnkerfi bæjarfélagsins og ráða bæjarstjóra og aðra helstu starfsmenn bæjarfélagsins skv. VII. kafla sveitarstjórnarlaga sbr. og VI. kafla þessarar samþykktar.
5. Að upplýsa íbúa um störf bæjarstjórnar og málefni bæjarfélagsins. Þá skulu íbúar eiga þess kost að gerast áskrifendur að fundargerðum bæjarstjórnar gegn hæfilegu endurgjaldi.

II. KAFLI
Um fjármálastjórn bæjarfélagsins.

7. gr.
Þriggja ára áætlun.

Á fyrsta ári hvers kjörtímabils skal bæjarstjórn semja þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál bæjarfélagsins, og skal þessi þriggja ára áætlun vera til leiðbeiningar við gerð árlegrar fjárhagsáætlunar bæjarfélagsins. Áætlunina skal endurskoða árlega í tengslum við afgreiðslu fjárhagsáætlunar og skal þá framlengja áætlunina um eitt ár.

8. gr.
Afgreiðsla fjárhagsáætlunar.

Bæjarstjórn skal afgreiða fjárhagsáætlun bæjarsjóðs, bæjarfyrirtækja og stofnana fyrir lok janúarmánaðar ár hvert að undangengnum tveimur umræðum í bæjarstjórn sbr. 24. gr. samþykktar þessarar.

Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun skv. 1. mgr. skal bæjarstjórn sækja skriflega um frest til félagsmálaráðuneytisins og tilgreina ástæður fyrir umsókninni.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreikninga bæjarfélagsins og skal þar greint á milli rekstraráætlunar, fjárfestingaráætlunar og áætlunar um fjármagnshreyfingar.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur bæjarstjórn ákvarðanir um nýtingu tekjustofna bæjarsjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár, ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármagns á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af veltufjárstöðu bæjarsjóðs í byrjun fjárhagsárs og áætla fyrir þeim breytingum, sem nauðsynlegt er talið að gera á veltufjárstöðunni.

9. gr.
Fjárhagsáætlun.

Fjárhagsáætlun skv. 8. gr. skal vera meginregla um fjármálastjórn bæjarfélagsins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr bæjarsjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöldin séu lögbundin, samningsbundin eða samþykkt af bæjarstjórn. Samþykki bæjarstjórn fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar, skal hún jafnframt taka ákvörðun um, hvernig afla skuli fjár til þeirra útgjalda.

10. gr.
Endurskoðun fjárhagsáætlunar.

Bæjarstjórn er heimilt að endurskoða fjárhagsáætlun, hafi forsendur fyrir henni breyst. Slíkar breytingar afgreiðir bæjarstjórn við eina umræðu í bæjarstjórn, enda hafi breytingartillögurnar verið sendar bæjarfulltrúum með fundarboði og dagskrá a.m.k. fimm sólarhringum fyrir bæjarstjórnarfund.

11. gr.
Afgreiðsla ársreikninga.

Bæjarstjórn skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga bæjarsjóðs og fyrirtækja hans eigi síðar en í júnílok ár hvert skv. 88. gr. sveitarstjórnarlaga sbr. 82. og 83. gr. sömu laga. Eintak af ársreikningum skal senda Hagstofu Íslands og félagsmálaráðuneytinu fyrir 31. júlí ár hvert. Viðurlög skv. 2. mgr. 88. gr. sveitarstjórnarlaga liggja við vanrækslu bæjarstjórnar á afgreiðslu og skilum ársreikninga.

III. KAFLI
Um fundarsköp bæjarstjórnar.

12. gr.
Fundartími bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn heldur reglulega fundi einu sinni í hverjum mánuði, annan miðvikudag mánaðarins, utan þá mánuði þegar fyrsta virkan dag mánaðar ber upp á þriðjudag en þá heldur bæjarstjórn reglulegan fund þriðja miðvikudag mánaðarins.
Bæjarstjórnarfundir skulu að jafnaði hefjast kl. 16.00. Bæjarstjórn er heimilt að fella niður fundi í bæjarstjórn í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

Aukafundi skal halda í bæjarstjórn eftir því sem þörf krefur að mati bæjarstjóra eða forseta bæjarstjórnar og skylt er að halda aukafund í bæjarstjórn, innan þriggja sólarhringa, ef a.m.k. þriðjungur bæjarfulltrúa krefst þess.

13. gr.
Fyrsti fundur nýkjörinnar bæjarstjórnar.

Aldursforseti nýkjörinnar bæjarstjórnar kveður bæjarstjórnina saman til fyrsta fundar að afloknum bæjarstjórnarkosningum eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, sbr. 2. gr. samþykktar þessarar þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag.
Aldursforseti getur falið bæjarstjóra að boða fyrsta fund nýkjörinnar bæjarstjórnar.

14. gr.
Boðun bæjarstjórnarfunda.

Bæjarstjóri, sbr. þó 13. gr. samþykktar þessarar, boðar bæjarstjórnarfundi og ákveður jafnframt fundarstað, hafi bæjarstjórn ekki gert það.
Bæjarbúum skal kunngert með auglýsingu hvar og hvenær bæjarstjórnarfundir eru haldnir.

15. gr.
Dagskrá bæjarstjórnarfunda.

Bæjarstjóri semur dagskrá bæjarstjórnarfundar, og skal dagskráin fylgja fundarboði.
Á dagskrá bæjarstjórnarfundar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar s.s. kosningar forseta bæjarstjórnar, kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarstjórnar svo og kosningar eða ráðningar bæjarstjóra og annarra fastra starfsmanna bæjarfélagsins.
2. Fundargerðir bæjarráðs, nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarfélagsins, ef eða að svo miklu leyti, sem bæjarstjórn þarf að samþykkja ályktanir, sem í þeim felast, sbr. 60. gr. samþykktar þessarar.
3. Önnur mál, sem falla undir verksvið bæjarstjórnar og bæjarstjóri ákveður að taka á dagskrá eða einhver bæjarfulltrúi óskar að tekin verði á dagskrá. Bæjarfulltrúi sem óskar að fá mál tekið á dagskrá bæjarstjórnarfundar, skal tilkynna það bæjarstjóra skriflega með tillögu eða fyrirspurn a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Dagskrá bæjarstjórnarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna sem bæjarstjóri telur nauðsynleg.

Dagskrá skal jafnframt fylgja afrit fundargerðar síðasta bæjarstjórnarfundar.

16. gr.
Boðsending fundarboða.

Bæjarstjóri skal í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir bæjarstjórnarfund hafa boðsent bæjarfulltrúum og varamönnum þeirra fundarboð bæjarstjórnarfundar ásamt dagskrá og fylgigögnum.

17. gr.

Boðun aukafunda.

Bæjarstjóri skal boðsenda bæjarfulltrúum fundarboð aukafundar í bæjarstjórn ásamt dagskrá a.m.k. sólarhring fyrir fund. Heimilt er þó að boða aukafund með styttri fyrirvara ef aðkallandi mál bíður afgreiðslu, enda sé hann boðaður með dagskrá.

18. gr.

Kosning forseta og varaforseta bæjarstjórnar.

Aldursforseti bæjarstjórnar setur fyrsta fund nýkjörinnar bæjarstjórnar og stýrir honum, uns forseti bæjarstjórnar hefur verið kjörinn.

Forseti bæjarstjórnar skal kjörinn til eins árs.

Sá er rétt kjörinn forseti, sem fengið hefur atkvæði meirihluta bæjarfulltrúa. Verði þeim atkvæðafjölda eigi náð, skal kjósa að nýju um þá tvo sem flest atkvæði fengu. Hafi þrír eða fleiri bæjarfulltrúar fengið jafnmörg atkvæði, skal varpa hlutkesti, um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn forseti bæjarstjórnar, sem fleiri atkvæði fær. Verði atkvæði jöfn, skal hlutkesti ráða kosningu.

Forseti bæjarstjórnar stjórnar kjöri 1. og 2. varaforseta bæjarstjórnar, og skal sömu aðferð beitt við kosningu þeirra, sbr. næstu málsgrein hér að framan. Varaforsetar skulu kjörnir til jafnlangs tíma og forseti.

Sé enginn forseti á fundi, gegnir aldursforseti forsetastörfum, nema bæjarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Ef forseti deyr eða verður varanlega forfallaður frá forsetastörfum, skal kjósa forseta í hans stað til loka kjörtímabils forseta.

19. gr.

Kosning skrifara.

Bæjarstjórn kýs tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi bæjarfulltrúa til eins árs í senn á sama fundi og forsetakosning fer fram. Skrifarar skulu kosnir hlutfallskosningu.
Skrifarar skulu telja saman atkvæði þegar atkvæðagreiðslur fara fram í bæjarstjórn.

20. gr.

Fundarstaður.

Bæjarstjórnarfundur skal haldinn í húsnæði sem fullnægir ákvæðum byggingarlaga og byggingarreglugerðar um aðgengi fatlaðs fólks. Meðan ákvæðum 1. málsliðar er ekki fullnægt, skal bæjarstjórn sjá til þess að fatlað fólk fái nauðsynlega aðstoð æski það að hlýða á bæjarstjórnarfund.

Bæjarstjórnarfundi skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim, eftir því sem húsrúm leyfir. Bæjarstjórn getur ákveðið, að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum s.s. viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál, sem æskilegt er vegna hagsmuna bæjarfélagsins, að rædd verði fyrir luktum dyrum. Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í bæjarstjórn.
Óheimilt er að skýra frá því sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í bæjarstjórn.

21. gr.

Lögmæti bæjarstjórnarfunda.

Bæjarstjórnarfundur er lögmætur, ef meira en helmingur bæjarfulltrúa er á fundi.
Bæjarstjórn getur enga bindandi ályktun gert, nema fundur sé lögmætur.

22. gr.
Fundarstjórn.

Forseti bæjarstjórnar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans og stjórnar umræðum og afgreiðslu mála. Sér um að fundargerðir séu færðar og slítur fundi þegar dagskrá hans er tæmd. Forseti úrskurðar um skilning á fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarstjórnar. Forseti sér um að allt fari skipulega og löglega fram á bæjarstjórnarfundum og er bæjarfulltrúum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Raski áheyrandi fundarfriði getur forseti vísað honum úr fundarsal. Leyfi forseta þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á bæjarstjórnarfundi.

23. gr.
Afgreiðsla dagskrármála á fundi.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í bæjarstjórn í þeirri röð, sem þau eru á dagskrá nema forseti eða bæjarstjórn ákveði annað. Heimilt er að taka til meðferðar á bæjarstjórnarfundi mál, sem ekki hefur verið á dagskrá, ef 2/3 viðstaddra bæjarfulltrúa samþykkja slíkt afbrigði.

24. gr.
Afgreiðsla mála, tvær umræður.

Bæjarstjórn afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlun bæjarfélagsins.
2. Ársreikninga bæjarfélagsins og fyrirtækja þess.
3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár, sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4. Áætlanir fyrir bæjarfélagið sem gilda eiga til lengri tíma s.s. þriggja ára áætlanir og skipulagsáætlanir.
5. Beiðni um fjárhagsaðstoð skv. 90. gr. sveitarstjórnarlaga.

25. gr.
Fundarsókn, varamenn.

Bæjarfulltrúa er skylt að sækja alla bæjarstjórnarfundi nema lögmæt forföll hamli því um stundarsakir og skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til bæjarstjóra, sem boðar þá varamann hans á fund. Bæjarfulltrúa, sem forfallast um stundarsakir er heimilt að ákveða, hver varamanna hans taki sæti á bæjarstjórnarfundi ella tekur varamaður sæti samkvæmt ákvæðum 1. og 2. mgr. 35. gr. sveitarstjórnarlaga.

Bæjarstjóri skal sitja fundi bæjarstjórnar með málfrelsi og tillögurétt, en ekki hefur hann atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn bæjarfulltrúi.

Bæjarstjórn getur heimilað að maður utan bæjarstjórnar kveðji sér hljóðs á bæjarstjórnarfundi.

26. gr.
Fundarsköp: Málfrelsi fundarmanna.

Bæjarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á bæjarstjórnarfundum. Bæjarfulltrúi sem taka vill til máls, skal óska heimildar forseta. Að jafnaði skulu bæjarfulltrúar taka til máls í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu, ef um er að ræða bæjarstjóra, framsögumann í máli eða bæjarfulltrúa, sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri bæjarfulltrúar kvatt sér hljóðs samtímis, ákveður forseti í hvaða röð þeir skuli tala.

27. gr.

Fundarsköp: Takmarkanir á málfrelsi.

Bæjarfulltrúi skal beina máli sínu til forseta. Þegar til umræðu er fundargerð bæjarráðs, annarra nefnda, ráða eða stjórna skal bæjarfulltrúi taka fram, hvaða lið/liði fundargerðarinnar hann óskar að ræða.

Bæjarfulltrúi má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó bæjarfulltrúa að taka oftar til máls, til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd við fundarsköp. Bæjarstjóri, flutningsmaður tillögu eða framsögumaður (talsmaður flutningsmanna) mega þó tala oftar en tvisvar við hverja umræðu máls.

Ekki má bæjarfulltrúi lesa upp prentað mál við umræður í bæjarstjórn nema með leyfi forseta.

28. gr.

Fundarsköp: Vítur á bæjarfulltrúa.

Beri bæjarfulltrúi aðra menn brigslum, skal forseti víta hann. Forseti getur lagt til við bæjarstjórn, að bæjarfulltrúi, sem víttur hefur verið tvisvar á sama fundi, verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hlýðnist bæjarfulltrúi ekki úrskurði forseta eða bæjarstjórnar eða ef óregla kemur upp á fundi, skal forseti gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta fundi, ef nauðsyn krefur.

29. gr.

Fundarsköp: Takmarkanir á ræðutíma.

Telji forseti umræður dragast úr hófi fram, getur hann lagt fram dagskrártillögu um að ræðutími hvers bæjarfulltrúa verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver bæjarfulltrúi getur og borið fram slíkar tillögur. Bæjarstjórn afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo, að hún standi skemur en tvær klukkustundir, ef einhver bæjarfulltrúi kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.

30. gr.

Fundarsköp: Meðferð tillagna.

Bæjarfulltrúi getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál, sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar, ef forseti óskar. Forseti ákveður, í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu.

31. gr.

Fundarsköp: Afgreiðsla mála.

Mál er afgreitt í bæjarstjórn með því að samþykkja það eða fella það, vísa því frá bæjarstjórn eða vísa því til afgreiðslu bæjarráðs, annarrar nefndar, ráðs eða stjórnar eða bæjarstjóra. Máli, sem bæjarstjórn ber að lögum að afgreiða, verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra. Bæjarstjórn er heimilt að fresta afgreiðslu máls, nema um sé að ræða mál, sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

32. gr.

Fundarsköp: Atkvæðagreiðsla.

Atkvæðagreiðsla á bæjarstjórnarfundi fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Forseti biður þá bæjarfulltrúa sem samþykkja mál, að rétta upp hægri hönd sína. Að því

búnu leitar forseti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir forseti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar. Ef mál er svo vaxið, að forseti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það, skýrir hann frá því að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu, nema athugasemd verði við það gerð.

Forseti getur ákveðið, að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber forseta að láta fara fram nafnakall, ef a.m.k. þriðjungur bæjarfulltrúa óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá bæjarfulltrúa í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti, hvaða bæjarfulltrúi greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal forseti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar bæjarfulltrúi þegar forseti les upp nafn hans, já eða nei, eftir því hvort hann er með máli eða móti eða tekur fram að hann greiði ekki atkvæði, en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu, ef bæjarfulltrúi óskar og bæjarstjórn samþykkir.

Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar.

33. gr.

Fundarsköp: Úrslit atkvæðagreiðslu.

Við atkvæðagreiðslu ræður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum máls nema öðruvísi sé ákveðið í lögum. Verði atkvæði jöfn með máli og móti, fellur það.

Kosningar, sem fram fara í bæjarstjórn, skulu vera hlutfallskosningar skv. d'Hondts reglu sbr. 16. og 17. gr. sveitarstjórnarlaga.

Þegar kjósa skal einn fulltrúa eða ráða starfsmann úr hópi margra, sem tillögur hafa komið fram um, skal kosning fara fram með sama hætti og kosning forseta bæjarstjórnar sbr. 3. mgr. 18. gr. þessarar samþykktar.

34. gr.

Fundarritun – fundargerð.

Bæjarstjórn getur ráðið sérstakan fundarritara utan bæjarstjórnar til að annast ritun fundargerða í gerðabók bæjarstjórnar. Í fundargerð skal getið, hvar og hvenær fundur er haldinn, töluröð fundar og hverjir sitji hann. Skrá skal þau mál, sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvernig mál er afgreitt. Sé mál ekki afgreitt samhljóða, skal greina í fundargerð, hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda, nægir að skrá í fundargerð bæjarstjórnar, um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda tölusettra liða.

Mál, sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi sbr. 3. mgr. 20. gr. samþykktar þessarar skal skrá sem trúnaðarmál.

Bæjarfulltrúi á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til máls, sem til meðferðar er í bæjarstjórn.

Forseti skal hafa eftirlit með því, að fundargerðir séu skipulega og rétt færðar.

Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og skulu allir viðstaddir bæjarfulltrúar undirrita hana nema bæjarstjórn ákveði annað.

Bæjarfulltrúi, sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð, getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

Bæjarstjórn getur ákveðið, að umræður á bæjarstjórnarfundum skuli hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti. Verði það ákveðið, skal bæjarstjórn setja um það nánari reglur.

IV. KAFLI
Um réttindi og skyldur bæjarfulltrúa.

35. gr.
Dagskrá bæjarstjórnarfunda.

Bæjarfulltrúi á rétt á að fá mál samkvæmt 4. og 5. gr. samþykktar þessarar tekið á dagskrá bæjarstjórnarfundar, enda tilkynni hann það bæjarstjóra skriflega a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

36. gr.
Fundarseta.

Bæjarfulltrúa er bæði rétt og skylt að sækja fundi bæjarstjórnar nema lögmæt forföll hamli sbr. 25. gr. samþykktar þessarar. Bæjarfulltrúa er skylt að taka að sér þau störf, sem bæjarstjórn felur honum og varða verkefni bæjarstjórnar s.s. forsetastörf og störf í bæjarráði eða öðrum nefndum á vegum bæjarstjórnar. Þó getur sá sem verið hefur forseti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í bæjarráði eða annarri nefnd sama tímabil skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

37. gr.
Lausn úr bæjarstjórn.

Nú telur bæjarfulltrúi sig ekki geta gegnt skyldum sínum í bæjarstjórn án óhæfilegs álags og getur bæjarstjórn þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 35. gr. sveitarstjórnarlaga.

38. gr.
Málfrelsi, tillögurétt, atkvæðisréttur.

Bæjarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum bæjarstjórnar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

Bæjarfulltrúa er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál, sem bæjarstjórn er að lögum skylt að afgreiða s.s. fjárhagsáætlun, ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir, getur forseti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu, ef minna en helmingur bæjarfulltrúa tekur þátt í atkvæðagreiðslunni.

39. gr.
Hagsmunir bæjarfélagsins.

Bæjarfulltrúa ber að gegna bæjarfulltrúastörfum sínum af alúð og samviskusemi og gæta hagsmuna bæjarfélagsins, en í störfum sínum er bæjarfulltrúi einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

40. gr.
Aðgangur að upplýsingum.

Bæjarfulltrúi á aðgang að bókum, skjölum og öðrum gögnum bæjarfélagsins og einnig óhindraðan aðgang að stofnunum og fyrirtækjum bæjarfélagsins á venjulegum afgreiðslutíma til upplýsingaöflunar vegna starfa sinna.

41. gr.
Þagnarskylda.

Bæjarfulltrúi skal gæta þagnarskyldu um það, sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum, eðli máls eða sérstakri ákvörðun bæjarstjórnar.

42. gr.

Vanhæfi bæjarfulltrúa.

Bæjarfulltrúa ber að víkja sæti við umræður og afgreiðslu máls, þegar það varðar hann sjálfan, skyldmenni eða nánustu venslamenn hans svo mjög, að almennt megi ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af, samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 8/1986. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Bæjarstjórn sker umræðulaust úr hvort mál er svo vaxið. Bæjarfulltrúi sem hlut á að máli, má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt. Bæjarfulltrúa sem veit hæfi sitt orka tvímælis, ber að vekja athygli forseta bæjarstjórnar á því. Bæjarfulltrúi sem vanhæfur er við úrlausn máls, skal yfirgefa fundarsal bæjarstjórnar við umræður um málið og afgreiðslu þess.

43. gr.

Þóknun.

Bæjarfulltrúi skal fá hæfilega þóknun úr bæjarsjóði fyrir störf sín í bæjarstjórn. Þá á hann rétt á greiðslu hæfilegs ferða- og dvalarkostnaðar.
Bæjarstjórn setur reglur um greiðslur skv. 1. mgr.

44. gr.

Orlof og fundartími.

Haga skal fundum bæjarstjórnar þannig, að bæjarfulltrúar eigi möguleika á að taka sér orlof árlega sbr. 12. gr. samþykktar þessarar.

45. gr.

Fjarvera vegna veikinda – varamenn.

Bæjarfulltrúi, sem vegna veikinda eða af öðrum ástæðum getur ekki sótt bæjarstjórnarfund/fundi tímabundið, getur tilnefnt hvern sem er af varamönnum sínum til að taka sæti sitt, meðan þannig hagar til.

46. gr.

Varamenn.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur bæjarfulltrúa gilda einnig um varamenn, sem sitja bæjarstjórnarfund.

V. KAFLI
Bæjarráð, aðrar nefndir, ráð og stjórnir.

47. gr.

Kosning í bæjarráð og nefndir.

Bæjarstjórn kýs fulltrúa í bæjarráð, aðrar nefndir, ráð og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar, bundnar hlutfallskosningar, ef einhver bæjarfulltrúi óskar þess.
Forstöðumenn og stjórnendur fyrirtækja og stofnana bæjarfélagsins eru ekki kjörgengir í stjórnir þeirra stofnana sem þeir starfa hjá.

48. gr.

Kosning í bæjarráð.

Bæjarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum kjósa þrjá bæjarfulltrúa í bæjarráð til eins árs og jafnmarga til vara. Aðalfulltrúar í bæjarstjórn eru einir kjörgengir sem aðalmenn í bæjarráð.

Framboðsaðila er heimilt að ákveða að varamenn taki sæti í bæjarráði í þeirri röð sem þeir skipuðu listann.

Heimilt er flokki eða framboðsaðila sem fulltrúa á í bæjarstjórn en ekki hefur fengið kjörinn bæjarráðsmann, að tilnefna áheyrnarfulltrúa til setu í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétt. Um varamenn áheyrnarfulltrúa gilda ákvæði 2. málsgreinar.

Bæjarstjóri á sæti í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétt, en atkvæðisrétt hefur hann aðeins að hann sé bæjarfulltrúi og kjörinn í bæjarráð.

Bæjarfulltrúar sem ekki eiga sæti í bæjarráði hafa rétt á að sitja bæjarráðsfundi án málfrelsis og tillöguréttar.

49. gr.

Fundartími bæjarráðs.

Bæjarráð skal funda hvern þriðjudag að undanskildum þeim þriðjudegi sem næstur er á undan bæjarstjórnarfundi sbr. 12. gr. samþykktar þessarar. Aukafundi skal halda ef bæjarstjóri, formaður bæjarráðs eða að minnsta kosti tveir bæjarráðsmenn óska þess.

Bæjarráðsfundir skulu að jafnaði hefjast kl. 9.00.

50. gr.

Undirbúningur og boðun bæjarráðsfunda.

Bæjarstjóri undirbýr bæjarráðsfundi. Hann sér um að bæjarráð sé boðað til fundar með skriflegu fundarboði ásamt dagskrá a.m.k. hálfum sólarhring fyrir fund. Geti bæjarráðsmaður ekki sótt fund, skal hann að jafnaði boða varamann sinn eða hlutast til um að varamaður verði boðaður. Hafi bæjarstjóri fengið vitneskju um forföll bæjarráðsmanns, skal hann boða eða láta boða varamann hans á fund.

51. gr.

Kosning formanns og varaformanns bæjarráðs.

Á fyrsta fundi nýkjörins bæjarráðs skal kjósa formann og varaformann bæjarráðs. Formaður bæjarráðs stjórnar fundum þess og sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum þess. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma út af fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarráðs. Heimilt er að taka mál til meðferðar í bæjarráði, þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls, ef einhver bæjarráðsmaður óskar þess.

Bæjarráð getur ráðið sér fundarritara utan bæjarráðs. Í fundargerðabók ráðsins skal skrá hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Þá skal skrá í fundargerð mál sem ráðið tekur til umræðu og afgreiðslu, frá hverjum þau eru, hvenær þau eru dagsett, efni þeirra stutt og skilmerkilega og hvaða afgreiðslu þau hljóta.

52. gr.

Bæjarráð: Fjármálastjórn og fullnaðarafgreiðsla mála.

Bæjarráð fer ásamt bæjarstjóra með framkvæmdastjórn bæjarfélagsins og fjármálastjórn að því leyti sem slík stjórn er ekki öðrum falin. Bæjarráð hefur umsjón með stjórnsýslu bæjarfélagsins, undirbúningi árlegrar fjárhagsáætlunar, semur drög að fjárhagsáætlun bæjarsjóðs og bæjarfyrirtækja að fengnum tillögum hlutaðeigandi stjórna og leggur þau fyrir bæjarstjórn í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga. Þá sér bæjarráð um að ársreikningar bæjarsjóðs séu samdir og þeir ásamt ársreikningum bæjarstofnana lagðir fyrir bæjarstjórn til afgreiðslu, svo sem sveitarstjórnarlög mæla fyrir um.

Bæjarráð gerir tillögur til bæjarstjórnar um afgreiðslu einstakra mála, sem það fær til meðferðar. Bæjarráði er þó heimil fullnaðarafgreiðsla mála sem ekki varða verulega fjárhag bæjarsjóðs eða stofnana hans, enda sé ekki ágreiningur milli bæjarráðsmanna eða við bæjarstjóra um slíka afgreiðslu. Bæjarráð ákveður skiptingu og ráðstöfun fjár sem ætlað

er til einstakra málaflokka skv. fjárhagsáætlun s.s. til gatnagerðar, nýbygginga og óvissra útgjalda.

Þá getur bæjarstjórn falið bæjarráði fullnaðarafgreiðslu mála nema lög mæli á annan veg.

53. gr.

Starfsmenn á fundi bæjarráðs.

Skylt er starfsmönnum bæjarfélagsins að sitja fundi bæjarráðs ef þess er óskað.

54. gr.

Boðun fyrstu nefndafunda.

Forseti bæjarstjórnar boðar til fyrsta fundar nefnda eða ákveður hver skuli gera það. Á þeim fundi skal kjósa formann, varaformann og ritara nefndar, nema lög kveði á um annað.

Formaður nefndar boðar eða lætur boða fundi í nefnd með dagskrá með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara.

55. gr.

Fundarseta.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir, skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Þegar aðalmaður í nefnd flyst burt úr bæjarfélaginu, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega, tekur varamaður hans sæti nema bæjarstjórn ákveði að kjósa aðalmann að nýju.

Hafi tveir eða fleiri flokkar eða framboðslistar haft samstarf um nefndarkosningar skal sá sem tilnefndi viðkomandi nefndarmann einnig tilnefna varamann hans, sé eigi öðruvísi ákveðið í yfirlýsingu skv. 2. mgr. 35. gr. sveitarstjórnarlaga.

56. gr.

Lokaðir fundir.

Nefndarfundur skal haldinn fyrir luktum dyrum. Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn bæjarfélagsins. Ennfremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál. Bæjarfulltrúar eiga rétt á að sitja fundi nefnda með málfrelsi.

57. gr.

Fundarstjórn.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði III. og IV. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnum bæjarfélagsins, eftir því sem við á.

58. gr.

Hlutverk og valdsvið nefnda.

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarfélagsins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn getur falið nefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála nema slíkt sé með lögum sérstaklega falið bæjarstjórn.

59. gr.

Fundargerðarbækur.

Nefndir, ráð og stjórnir bæjarfélagsins skulu halda gerðabækur. Kjörinn ritari nefndar skal færa fundargerð í gerðabók. Nefnd getur þó ráðið sér fundarritara utan nefndar. Í

fundargerð skal skrá, hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitja hann. Þá skal skrá í fundargerð einstök mál sem tekin eru fyrir á fundi, dagsetningu þeirra, nöfn aðila, meginefni og hvaða afgreiðslu það hlýtur. Í fundarlok skal fundargerð lesin upp og allir viðstaddir nefndarmenn undirrita hana.

60. gr.

Afgreiðsla fundargerða nefnda, ráða og stjórna.

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna bæjarfélagsins skulu að jafnaði teknar á dagskrá bæjarstjórnar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundi.

Ályktun nefndar, ráðs eða stjórnar sem hefur í för með sér aukin útgjöld, skal ætíð lögð fyrir bæjarráð og síðan bæjarstjórn til endanlegrar afgreiðslu.

61. gr.

Nefndir, ráð, stjórnir, tilnefningar og kosningar.

Bæjarstjórn kýs í eftirtaldar nefndir, stjórnir og ráð:

I. **Nefndir.** Hér er um að ræða fagnefndir, sem sinna faglegu starfi þeirra málaflokka, sem þeim hafa verið falin af bæjarstjórn með erindisbréfum.

1. *Bæjarráð.* Bæjarstjórn kýs þrjá bæjarfulltrúa og þrjá til vara í bæjarráð skv. 55. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986. Eingöngu bæjarfulltrúar eru kjörgengir sem aðalmenn í bæjarráð. Bæjarráð er kosið árlega. Kjósa skal í bæjarráð fyrst á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og síðan árlega í júní ár hvert. Auk þeirra fulltrúa sem ná kjöri eiga þeir listar sem ekki fá kjörinn fulltrúa í bæjarráð, rétt á að tilnefna einn bæjarfulltrúa sem áheyrnarfulltrúa hver, með málfrelsi og tillögurétt og annan til vara. Auk verkefna, sem tilgreind eru í erindisbréfi bæjarráðs fer bæjarráð með launa- og starfskjaramál.
2. *Atvinnumálanefnd.* Bæjarstjórn kýs fimm fulltrúa og jafnmarga til vara í atvinnumálanefnd. Atvinnumálanefnd er kosin á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil hennar hið sama og bæjarstjórnar. Auk verkefna, sem tilgreind eru í erindisbréfi atvinnumálanefndar fer nefndin með hafnarmál skv. hafnalögum nr. 23/1994 og ferðamál. Þá skulu formaður og tveir fulltrúar úr nefndinni vera fulltrúar bæjarstjórnar í stjórn vinnumiðlunar samkvæmt lögum nr. 18/1985.
3. *Byggingarnefnd.* Bæjarstjórn kýs fimm fulltrúa og jafnmarga til vara í byggingarnefnd, sbr. byggingarlög nr. 54/1978. Byggingarnefnd er kosin á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil hennar hið sama og bæjarstjórnar.
4. *Félagsmálanefnd.* Bæjarstjórn kýs fimm fulltrúa og jafnmarga til vara í félagsmálanefnd, sbr. lög nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga. Félagsmálanefnd er kosin á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil hennar hið sama og bæjarstjórnar. Félagsmálanefnd fer með barnaverndarmál skv. lögum nr. 58/1992 og barnalögum nr. 20/1992, jafnréttismál skv. lögum nr. 28/1991 og áfengisvarnir skv. lögum nr. 82/1969. Félagsmálanefnd hefur umsjón með daggæslu í heimahúsum, umsjón með framkvæmd laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðra og málefni aldraðra skv. lögum nr. 82/1989 og sinnir verkefnum skv. lögum um leikskóla nr. 78/1994.
5. *Húsnæðisnefnd.* Bæjarstjórn kýs þrjá fulltrúa og jafnmarga til vara í húsnæðisnefnd, sbr. lög nr. 97/1993 um Húsnæðisstofnun ríkisins. Húsnæðisnefnd er kosin á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil hennar hið sama og bæjarstjórnar. Húsnæðisnefnd fer með húsaleigumál sbr. lög nr. 44/1979.
6. *Menningarmálanefnd.* Bæjarstjórn kýs fimm fulltrúa og jafnmarga til vara í menningarmálanefnd. Menningarmálanefnd er kosin á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil hennar hið sama og bæjarstjórnar.

Menningarmálanefnd fer með stjórn Menningarsjóðs Borgarness, tilnefnir einn úr sínum hópi í stjórn Héraðsskjalasafns Borgarfjarðar, einn í stjórn Náttúrugripasafns Borgarfjarðar og þrjá í stjórn Héraðsbókasafns Borgarfjarðar. Fulltrúar í menningarmálanefnd sitja jafnframt í fulltrúaráði Safnastofnunar Borgarfjarðar. Tilnefningar þessar öðlast gildi við samþykkt bæjarstjórnar.

7. *Fræðslunefnd.* Bæjarstjórn kýs fimm fulltrúa og jafnmarga til vara í fræðslunefnd. Fræðslunefnd er kosin á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil hennar hið sama og bæjarstjórnar. Fræðslunefnd fer með málefni grunnskóla skv. lögum nr. 49/1991, tónlistarskóla skv. lögum nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla og skv. ákvæðum samstarfssamninga, sem um rekstur tónlistarskóla gilda hverju sinni.
8. *Tómstundanefnd.* Bæjarstjórn kýs fimm fulltrúa og jafnmarga til vara í tómstundanefnd skv. heimild í sveitarstjórnarlögum og lögum nr. 24/1970 um æskulýðsmál. Tómstundanefnd er kosin á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil hennar hið sama og bæjarstjórnar.
9. *Skipulagsnefnd.* Bæjarstjórn kýs fimm fulltrúa og jafnmarga til vara í skipulagsnefnd. Skipulagsnefnd er kosin á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil hennar hið sama og bæjarstjórnar. Skipulagsnefnd fer með skipulagsmál, sbr. skipulagslög nr. 19/1964 og mengunarvarnir skv. reglugerð. Skipulagsnefnd sinnir lögbundnum verkefnum náttúruverndarnefndar. Nefndin skal tilnefna einn aðalfulltrúa og annan til vara úr sínum hópi í heilbrigðisnefnd Vesturlands skv. 6. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit. Tilnefning þessi öðlast gildi við samþykkt bæjarstjórnar. Skipulagsnefnd fer með umferðarmál skv. lögum nr. 50/1987.
10. *Landbúnaðarnefnd.* Bæjarstjórn kýs sjö fulltrúa og jafnmarga til vara í landbúnaðarnefnd. Landbúnaðarnefnd er kosin á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil hennar hið sama og bæjarstjórnar. Landbúnaðarnefnd fer með landbúnaðarmálefni sbr. lög nr. 46/1991 og lög nr. 64/1994.
11. *Afréttarnefndir.* Bæjarstjórn kýs þrjár afréttarnefndir, eina fyrir fyrrum Hraunhrepp, eina fyrir Stafholtstungur og Norðurárdal vestan Norðurár og eina fyrir Stafholtstungur og Norðurárdal sunnan Norðurár. Afréttarnefndir eru kosnar á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil þeirra hið sama og bæjarstjórnar.
Kosnir skulu þrír fulltrúar í hverja nefnd og þrír til vara.
Afréttarnefndir fara með afréttar- og fjallskilamál undir yfirstjórn bæjarstjórnar.
12. *Veitunefnd.* Bæjarstjórn kýs fimm fulltrúa og jafnmarga til vara í veitunefnd. Veitunefnd er kosin á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil hennar hið sama og bæjarstjórnar. Veitunefnd fer með málefni vatnsveitu og rafveitu skv. ákvæðum orkulaga nr. 58/1967, laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 81/1991 og reglugerðar um Rafveitu Borgarness.
13. *Yfirkjörstjórn.* Bæjarstjórn kýs þrjá fulltrúa og jafnmarga til vara í yfirkjörstjórn. Yfirkjörstjórn er kosin á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil hennar hið sama og bæjarstjórnar. Yfirkjörstjórn fer með þau verkefni sem henni eru falin skv. ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 um kosningar til sveitarstjórna.
14. *Undirkjörstjórnir.* Bæjarstjórn kýs þrjár undirkjörstjórnir, eina fyrir kjördeild í Lyngbrekku, eina fyrir kjördeild í Borgarnesi og eina fyrir kjördeild í Þinghamri. Í hverja undirkjörstjórn skal kjósa þrjá fulltrúa og jafnmarga til vara. Undirkjörstjórnir eru kosnar á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og síðan í júní ár hvert. Undirkjörstjórnir fara með kosningar skv. sveitarstjórnarlögum nr. 8/1986 um kosningar til sveitarstjórna og lögum nr. 80/1987 um kosningar til Alþingis.

II. Stjórnir og samstarfsráð. Hér er um að ræða stjórnir stofnana með sjálfstæðan fjárhag og tilnefningar í samstarfsráð, sem hafa endanlegt ákvörðunarvald í málefnum sínum, þ.e.a.s. þurfa ekki staðfestingu bæjarstjórnar til að koma málum í framkvæmd, innan ákveðins fjárhagslegs ramma. Kjörtímabil þeirra er samkvæmt samþykktum um stjórn viðkomandi stofnunar.

1. *Stjórn Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar.* Bæjarstjórn kýs tvo fulltrúa og jafnmarga til vara í stjórn HAB skv. ákvæðum sameignarsamnings. Fulltrúar bæjarfélagsins eru kosnir á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil þeirra hið sama og bæjarstjórnar.
2. *Stjórn Listasafns Borgarness.* Bæjarstjórn kýs þrjá fulltrúa og þrjá til vara í stjórn Listasafns Borgarness samkvæmt reglugerð fyrir safnið. Fulltrúar bæjarfélagsins eru kosnir á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil þeirra hið sama og bæjarstjórnar.
3. *Fulltrúaráð Heilsugæslustöðvarinnar Borgarnesi.* Bæjarstjórn kýs fjóra fulltrúa og fjóra til vara í fulltrúaráð heilsugæslustöðvarinnar Borgarnesi skv. ákvæðum laga um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990. Fulltrúar bæjarfélagsins eru kosnir á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil þeirra hið sama og bæjarstjórnar.
4. *Stjórn Brunavarna Borgarness og nágrennis hf.* Bæjarstjórn kýs þrjá fulltrúa og jafnmarga til vara í stjórn Brunavarna Borgarness og nágrennis hf. skv. ákvæðum samstarfssamnings. Fulltrúar bæjarfélagsins eru kosnir á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil þeirra hið sama og bæjarstjórnar.
5. *Fulltrúaráð Sparisjóðs Mýrasýslu.* Bæjarstjórn kýs ellefu fulltrúa og jafnmarga til vara í fulltrúaráð Sparisjóðs Mýrasýslu skv. lögum nr. 43/1993 um viðskiptabanka og sparisjóði og samþykktum sjóðsins. Fulltrúar bæjarfélagsins eru kosnir á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil þeirra hið sama og bæjarstjórnar.
6. *Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga.* Bæjarstjórn kýs tvo fulltrúa og jafnmarga til vara á landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga skv. lögum sambandsins. Fulltrúar bæjarfélagsins eru kosnir á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil þeirra hið sama og bæjarstjórnar.
7. *Fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands.* Bæjarstjórn kýs einn fulltrúa og annan til vara í fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands skv. lögum um Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands nr. 68/1994. Fulltrúi bæjarfélagsins er kosinn á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil hans hið sama og bæjarstjórnar.
8. *Samtök sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi.* Bæjarstjórn kýs fjóra fulltrúa og jafnmarga til vara á aðalfund Samtaka sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi skv. lögum samtakanna. Fulltrúar bæjarfélagsins eru fyrst kosnir á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og síðan í júní ár hvert, vegna næstkomandi aðalfundar.
9. *Héraðsnefnd Mýrasýslu.* Bæjarstjórn kýs sjö fulltrúa og jafnmarga til vara á aðalfund Héraðsnefndar Mýrasýslu skv. samþykktum nefndarinnar. Fulltrúar bæjarfélagsins eru kosnir á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og síðan í júní ár hvert, vegna næstkomandi aðalfundar.
10. *Aðalfundur Andakílsárvirkjunar.* Bæjarstjórn kýs fimm fulltrúa og jafnmarga til vara á aðalfund Andakílsárvirkjunar skv. samþykktum um virkjunina. Fulltrúar bæjarfélagsins eru fyrst kosnir á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og síðan í júní ár hvert, vegna næstkomandi aðalfundar.
11. *Almannavarnanefnd Mýra- og Borgarfjarðarsýslu.* Bæjarstjórn kýs einn fulltrúa og annan til vara í almannavarnanefnd Mýra- og Borgarfjarðarsýslu. Fulltrúi bæjarfélagsins er kosinn á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil hans hið sama og bæjarstjórnar.

12. *Fulltrúaráð Safnastofnunar Borgarfjarðar.* Auk menningarmálanefndar kýs bæjarstjórn tvo fulltrúa í fulltrúaráðið og jafnmarga til vara. Fulltrúar bæjarfélagsins eru kosnir á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil þeirra hið sama og bæjarstjórnar.
13. *Stjórn Dvalarheimilis aldraðra.* Bæjarstjórn kýs einn fulltrúa og annan til vara í stjórn Dvalarheimilis aldraðra í Borgarnesi skv. samþykktum fyrir Dvalarheimilið. Fulltrúi bæjarfélagsins er kosinn á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil hans hið sama og bæjarstjórnar.
14. *Fulltrúaráð Fjölbrautaskóla Vesturlands.* Bæjarstjórn kýs einn fulltrúa og annan til vara í fulltrúaráð Fjölbrautaskóla Vesturlands skv. samningi um skólann og ákvæðum framhaldsskólalaga nr. 57/1988. Fulltrúi bæjarfélagsins er kosinn á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil hans hið sama og bæjarstjórnar.
15. *Skólanefnd Varmalandsskóla.* Bæjarstjórn kýs þrjá fulltrúa og jafnmarga til vara í skólanefnd Varmalandsskóla skv. samþykktum um skólann. Fulltrúar bæjarfélagsins eru kosnir á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil þeirra hið sama og bæjarstjórnar. Skólanefnd Varmalandsskóla fer með málefni grunnskóla skv. lögum nr. 49/1991.
16. *Stjórn Lyngbrekku, húsnefnd.* Bæjarstjórn kýs einn fulltrúa og annan til vara í stjórn Lyngbrekku, húsnefnd. Fulltrúi bæjarfélagsins er kosinn á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil hans hið sama og bæjarstjórnar. Stjórn Lyngbrekku, húsnefnd fer með rekstur húseignarinnar.
17. *Fulltrúar á aðalfund Félagsheimilisins Lyngbrekku.* Bæjarstjórn kýs þrjá fulltrúa og jafnmarga til vara á aðalfund Félagsheimilisins Lyngbrekku. Fulltrúar bæjarfélagsins eru kosnir á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil þeirra hið sama og bæjarstjórnar.
18. *Stjórn Lestrarfélags Stafholtstungna.* Bæjarstjórn kýs þrjá fulltrúa í stjórn Lestrarfélags Stafholtstungna og jafnmarga til vara. Stjórn Lestrarfélags Stafholtstungna er kosin á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil hennar hið sama og bæjarstjórnar. Stjórnin fer með rekstur Lestrarfélagsins skv. samþykktum þess.
19. *Stjórn eigendafélags Þinghamars.* Bæjarstjórn kýs þrjá fulltrúa í stjórn eigendafélags Þinghamars og jafnmarga til vara. Fulltrúar bæjarfélagsins eru kosnir á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil þeirra hið sama og bæjarstjórnar. Stjórn eigendafélags Þinghamars fer með rekstur félagsheimilisins skv. samþykktum þess.
20. *Byggðasamlag um Varmalandsskóla.* Bæjarstjórn kýs þrjá fulltrúa í byggðasamlag um Varmalandsskóla og jafnmarga til vara. Fulltrúar bæjarfélagsins eru kosnir á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil þeirra hið sama og bæjarstjórnar. Byggðasamlagið fer með rekstur fasteigna Varmalandsskóla.
21. *Stjórn Hitaveitu Norðurárdals.* Bæjarstjórn kýs einn fulltrúa í stjórn Hitaveitu Norðurárdals og annan til vara. Fulltrúi bæjarfélagsins er kosinn á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil hans hið sama og bæjarstjórnar. Stjórnin fer með málefni Hitaveitu Norðurárdals skv. samþykktum.

III. Lögbundin kosning embættismanna. Samkvæmt lögum ber bæjarstjórn að kjósa eftirtalda embættismenn:

1. *Skoðunarmenn bæjarsjóðsreikninga.* Bæjarstjórn kýs tvo skoðunarmenn og jafnmarga til vara skv. sveitarstjórnarlögum nr. 8/1986. Skoðunarmenn bæjarsjóðsreikninga eru fyrst kosnir á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og síðan í júní ár hvert, vegna næstkomandi ársreikninga.

2. *Búfjáreftirlit.* Bæjarstjórn kýs fjóra búfjáreftirlitsmenn skv. lögum um búfjárhald nr. 46/1991. Búfjáreftirlitsmenn eru kosnir á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil þeirra hið sama og bæjarstjórnar.

IV. **Verkefnabundnar nefndir.** Bæjarstjórn getur kosið nefndir (lausanefndir) til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður þegar liðin eru fjögur ár frá því nefndin var kosin og fyrr ef verkefni nefndar er lokið. Bæjarstjórn getur þó afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er. Bæjarstjórn útbýr erindisbréf fyrir nefndina þar sem hlutverk og staða nefndarinnar er skilgreint.

VI. KAFLI
Um framkvæmdastjórn og starfsmenn.

62. gr.
Ráðning bæjarstjóra.

Bæjarstjórn ræður bæjarstjóra. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við bæjarstjóra þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma hans, kaup og kjör. Ráðningarsamningur skal staðfestur af bæjarstjórn.

63. gr.
Hlutverk bæjarstjóra.

Bæjarstjóri er framkvæmdastjóri bæjarfélagsins. Hann undirbýr fundi bæjarráðs og bæjarstjórnar, semur dagskrá og boðar til fundar sbr. 14. gr. samþykktar þessarar. Hann á sæti á fundum bæjarstjórnar/bæjarráðs og hefur þar málfrelsi og tillögurétt en eigi atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn fulltrúi í bæjarstjórn. Hann hefur og rétt til setu á fundum nefnda bæjarfélagsins með sömu réttindum.

Bæjarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana bæjarstjórnar og bæjarmálefna að svo miklu leyti sem bæjarstjórn hefur ekki ákveðið annað.

Bæjarstjóri er prókúruhafi bæjarsjóðs. Hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna bæjarfélagsins, lántökur og aðrar skuldbindingar.

Bæjarstjóri er æðsti yfirmaður starfsmanna bæjarfélagsins.

Bæjarritari er staðgengill bæjarstjóra.

64. gr.
Ráðning stjórnenda.

Bæjarstjórn ræður fasta starfsmenn í helstu stjórnunarstöður, s.s. yfirmenn stofnana og deilda bæjarfélagsins og veitir þeim lausn frá störfum.

65. gr.
Ráðning starfsmanna.

Bæjarráð ræður aðra fasta starfsmenn en þá sem greinir í 64. gr. nema á annan veg sé mælt í reglugerð eða reglum sem bæjarstjórn hefur sett og veitir þeim lausn frá störfum.

66. gr.
Fastráðnir starfsmenn.

Fastráðnir starfsmenn bæjarfélagsins skulu ráðnir til óákveðins tíma með gagnkvæmum 3 mánaða uppsagnarfresti miðað við mánaðarmót. Þeir hafa réttindi og skyldur opinberra starfsmanna sbr. lög nr. 38/1954 eftir því sem við á.

Gera skal skriflegan ráðningarsamning við fastráðna starfsmenn, þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma og uppsagnarfrest sbr. 1. mgr. svo og starfssvið þeirra. Um kaup og kjör fer eftir ráðningarsamningum og gildandi kjarasamningum.

67. gr.

Lausráðnir starfsmenn.

Um ráðningu lausráðinna starfsmanna fer eftir reglum sem bæjarstjórn setur. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarfélaga.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Borgarbyggðar hefur sett samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 7. gr. og 49. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um stjórn Borgarnesbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 468/1987.

Félagsmálaráðuneytið, 5. október 1994.

F. h. r.
Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

3. október 1994 Nr. 536

REGLUGERÐ

um breytingu á mengunarvarnareglugerð nr. 48/1994 með síðari breytingum nr. 387/1994.

1. gr.

Viðauki 6 verði svohljóðandi:

VIÐAUKI 6

Leyfilegt hámark mengunarefna í útblásturslofti bifreiða.

Um hámark mengandi efna í útblæstri bifreiða sem eru fluttar til landsins frá og með 1. júlí 1992 skulu gilda eftirfarandi mörk. Miðað er við prófanir samkvæmt US-87/88 reglum, sænskum A12/13 reglum eða tilskipun nr. 70/220/EBE með breytingum nr. 91/441/EBE og nr. 83/351/EBE eða tilskipun nr. 88/77/EBE með breytingum nr. 91/542/EBE, og að mengunarvarnabúnaður bifreiða sé samkvæmt reglugerð um gerð og búnað ökutækja. Bifreiðar áður gerðarprófaðar og skráðar innan Evrópska efnahagssvæðisins þurfa ekki að leggja fram vottorð til staðfestingar á að mengunarefni séu undir eftirfarandi mörkum.

A. Þegar prófað er samkvæmt sænskum reglum A12/13 eða bandarískum reglum US-87/88:

Kolmónoxíð	CO	2,11	gr/km
Kolvetni	CH	0,25	gr/km
Köfnunarefnisoxíð	NO_x	0,62	gr/km
Ryk		0,124	gr/km

B. Þegar prófað er eftir tilskipun nr. 70/220/EBE með breytingum nr. 91/441/EBE og nr. 83/351/EBE:

Viðmiðunarþyngd kg	Kolmónoxíð(CO) í gr á hverja prófun	Summa kolvetna og köfnunarefnisoxíða í gr á hverja prófun
vþ ≤ 1020	58	19,0
1020 < vþ ≤ 1250	67	20,5
1250 < vþ ≤ 1470	76	22,0
1470 < vþ ≤ 1700	84	23,5
1700 < vþ ≤ 1930	93	25,0
1930 < vþ ≤ 2150	101	26,5
2150 ≤ vþ	110	28,0

eða

Kolmónoxíð	CO	2,72 gr/km
Kolvetni og köfnunarefnisoxíð	HC+ NO_x	0,97 gr/km
Ryk		0,14 gr/km

C. Þegar prófað er samkvæmt tilskipun nr. 88/77/EBE með breytingum nr. 91/452/EBE:

Kolmónoxíð	CO	4,5 gr/kwh
Kolvetni	HC	1,1 gr/kwh
Köfnunarefnisoxíð	NO_x	8,0 gr/kwh
Efnisagnir		0,36 gr/kwh(*)

(*) Sé um að ræða minni hreyfil en 85 kW skal margfalda markgildið með 1,7

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 3. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, sbr. lög nr. 65/1994 og með hliðsjón af EES-samningnum til að öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytið, 3. október 1994.

Össur Skarphéðinsson.

Magnús Jóhannesson.

11. október 1994 1689 Nr. 537

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 467/1991 um húsbréfadeild og húsbréfaviðskipti.

1. gr.

2. málsl. 2. mgr. 2 gr. reglugerðarinnar hljóði svo:

Félagsmálaráðherra ákveður að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar, lántökugjald allt að 1% til að standa straum af rekstrarkostnaði húsbréfadeildar auk vaxtaálags, allt að 0, 35% sem renni í varasjóð til að mæta áætluðum útlánatöpum.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins nr. 97/1993 með síðari breytingum, með vísun til 21. gr., öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 540, 28. desember 1993.

Félagsmálaráðuneytið, 11. október 1994.

Guðmundur Árni Stefánsson.

Ingi Valur Jóhannsson.

11. október 1994 Nr. 538

REGLUGERÐ

um útgáfu á 4. flokki húsbréfa 1994 fyrir Byggingarsjóð ríkisins, húsbréfadeild.

1. gr.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið, á grundvelli laga um Húsnæðisstofnun ríkisins nr. 97/1993 með síðari breytingum, að Byggingarsjóður ríkisins, húsbréfadeild, gefi út 4. flokk húsbréfa 1994. Samanlögð fjárhæð húsbréfa í 4. flokki 1994, skal vera að hámarki 3 700 milljónir. Húsbréfin skulu gefin út í fjórum undirflokkum A, B, C og D. Í undirflokki A skal hvert húsbréf vera að fjárhæð kr. 5.000.000,00, í undirflokki B kr. 1.000.000,00, í undirflokki C kr. 100.000,00 og í undirflokki D kr. 10.000,00. Vextir í 4. flokki 1994 eru 4.75 % á ári. Lánstími er 25 ár.

2. gr.

Húsbréf eru greiðsla húsbréfadeildar Byggingarsjóðs ríkisins við kaup deildarinnar á fasteignaveðbréfum.

3. gr.

Húsbréf skulu skráð á nafn. Nafn fyrsta eiganda, kennitala og heimilisfang, skal skráð á framhlið húsbréfs. Við eigendaskipti að húsbréfi skal framsal til nýs eiganda skráð á bakhlið þess og þar skráður framsalsdagur, nafn, kennitala og heimilisfang hins nýja eiganda. Framsal húsbréfs til handhafa er óheimilt. Sé röð framsala gölluð, verður bréfið ekki innleyst, nema handhafi þess færi fullar sönnur á eignarheimild sína.

4. gr.

Húsbréf eru verðtryggð miðað við lánskjaravísitölu skv. 39. gr. laga nr. 13/1979 með síðari breytingum, sbr. reglugerð nr. 18/1989 og auglýsingu Seðlabanka Íslands í Lögbirtingablaði nr. 11 frá 23. janúar 1989. Grunnvísitala flokksins er vísitala september mánaðar 1994.

5. gr.

Byggingarsjóður ríkisins greiðir verðbætur á höfuðstól, vexti og vaxtavexti húsbréfa skv. breytingum á lánskjaravísitölu frá útgáfudegi bréfanna, 15. september 1994 til gjalddaga. Höfuðstóll, verðbætur, vextir og vaxtavextir greiðast eftir á í einu lagi. Nafnvextir eru óbreytanlegir allan tímann og reiknast frá útgáfudegi 15. september 1994.

6. gr.

Byggingarsjóður ríkisins innleysir og endurgreiðir húsbréf þetta að fullu skv. útdrætti á föstum gjalddögum, sem eru 15. mars, 15. júní, 15. september og 15. desember ár hvert. Fyrsti gjalddagi er 15. desember 1995. Húsbréfaflokknum skal lokað eigi síðar en 15. september 1995. Í hverjum útdrætti skal draga út húsbréf fyrir þá fjárhæð sem svarar næst til endurgreiðslu jafngreiðsluláns með þeim vöxtum sem um flokkinn gilda, lánstíma sem eftir er og eftirstöðvum.

Númer útdreginna húsbréfa skulu birt í Lögbirtingablaði í síðasta lagi tveimur mánuðum fyrir gjalddaga.

Þau húsbréf þessa flokks, sem ekki verða dregin út, greiðast að fullu á lokagjalddaga, þann 15. september 2019. Húsbréf verða ekki innleyst að hluta.

7. gr.

Útdráttur fer fram hjá Raunvísindastofnun Háskólans að viðstöddum fulltrúa húsbréfadeildarinnar undir umsjón lögbókanda.

8. gr.

Allar kröfur á grundvelli húsbréfa fyrnast, sé þeim ekki lýst hjá Byggingarsjóði ríkisins innan 10 ára frá gjalddaga, hvort sem um útdrátt á föstum gjalddaga eða lokagjalddaga er að ræða.

Gjaldfallnar endurgreiðslur húsbréfa bera ekki vexti eða verðbætur eftir gjalddaga.

9. gr.

Skattskylda eða skattfrelsi húsbréfa, vaxta og verðbóta af þeim, fer samkvæmt ákvæðum laga um tekju- og eignarskatt á hverjum tíma, sbr. nú 8. gr., 1. tl. B-liðar 30. gr., 74. og 78. gr. laga nr. 75/1981, með síðari breytingum.

10. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 117. gr., sbr. IV. kafla laga nr. 97/1993 um Húsnæðisstofnun ríkisins með síðari breytingum, öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 11. október 1994.

Guðmundur Árni Stefánsson.

Ingi Valur Jóhannsson.

11. október 1994 Nr. 539

REGLUGERÐ

um bann við línuveiðum í Faxaflóa, Húnaflóa og á Fljótagrunni.

1. gr.

Frá og með 15. október 1994 til og með 31. mars 1995 eru allar veiðar með línu bannaðar á eftirgreindum svæðum:

1. Á svæði í norðanverðum Faxaflóa, sem afmarkast af línu, sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

1. 64°44,50 N - 23°39,00 V
2. 64°41,30 N - 23°39,00 V
3. 64°39,00 N - 22°57,00 V
4. 64°31,00 N - 23°04,00 V
5. 64°30,00 N - 22°57,00 V
6. 64°35,00 N - 22°52,00 V
7. 64°37,00 N - 22°44,00 V
8. Þormóðssker
9. 64°27,60 N - 22°11,32 V

Að norðan takmarkast svæðið af fjöruborði.

2. Á þremur svæðum í Húnaflóa, sem markast af línum, sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

A.
1. 66°19.70 N - 22°12,00 V
2. 66°19,70 N - 21°22,00 V
3. 66°08,00 N - 21°15,00 V
4. 66°08,00 N - 21°21,00 V
5. Gjögurviti

Að vestan takmarkast svæðið af fjöruborði.

B.
1. 66°00,00 N - 21°19,00 V
2. 66°00,00 N - 21°14,00 V
3. 65°44,00 N - 21°14,00 V
4. 65°44,00 N - 21°20,60 V

Að vestan takmarkast svæðið af fjöruborði.

C.
1. 65°40,00 N - 21°40,00 V
2. 65°40,00 N - 21°01,00 V
3. 65°54,00 N - 20°54,00 V
4. 65°55,00 N - 20°41,00 V
5. 65°40,00 N - 20°38,00 V

Að sunnan takmarkast svæðið af fjöruborði.

3. Á svæði á Fljótagrunni, sem markast af línu, sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

1. Straumnesviti
2. 66°05,00 N - 19°35,00 V
3. 66°15,88 N - 19°19,78 V
4. 66°16,28 N - 19°15,07 V
5. 66°11,48 N - 19°14,95 V
6. 66°14,44 N - 18°41,15 V
7. 66°09,25 N - 18°40.00 V

Að sunnan takmarkast svæðið af fjöruborði.

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 11. október 1994.

Þorsteinn Pálsson.

Jón B. Jónasson.

REGLUGERÐ

um deildaskiptingu og safnráð Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns.

1. gr.

Í Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni eru þessar deildir:
Þjóðdeild, handritadeild, aðfangadeild, skráningardeild, útlánadeild og upplýsingadeild.

2. gr.

Safnráð Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns er samráðsvettvangur yfirmanna bókasafnsins og forstöðumanna deilda.

Í safnráði eiga sæti: Landsbókavörður, sem er formaður ráðsins, aðstoðarlandsbókavörður, forstöðumenn deilda, sbr. 1. gr., og allt að þrír aðrir forstöðumenn einstakra starfsþátta samkvæmt ákvörðun stjórnar safnsins að fengnum tillögum landsbókavarðar.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 5. gr., sbr. 12. gr. laga nr. 71/1994 um Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 11. október 1994.

Ólafur G. Einarsson.

Árni Gunnarsson.

11. október 1994 Nr. 541

REGLUGERÐ

um greiðslumark sauðfjárafurða á lögbýlum og beinar greiðslur verðlagsárið 1995-1996.

I. KAFLI.
Um greiðslumark.

1. gr.

Greiðslumark lögbýla.

Heildargreiðslumark sauðfjárafurða verðlagsárið 1995-1996 skal vera 7.820 tonn kindakjöts, að frádregnum 620 tonnum skv. samningi um sérstaka lækkun heildargreiðslumarks, sbr. 2. mgr. 41. gr. laga nr. 99/1993. Samanlagt greiðslumark lögbýla verður því 7.200 tonn, sem reiknast í kg kindakjöts. Greiðslumark hvers lögbýlis verðlagsárið 1995-1996 skal vera sama hlutfall af heildargreiðslu marki eins og það var á verðlagsárinu 1994-1995 að teknu tilliti til staðfestra aðilaskipta fyrir 1. febrúar 1995. Greiðslumark vegna heimtöku breytist ekki.

2. gr.

Útreikningur.

Framleiðsluráð landbúnaðarins reiknar út greiðslumark til framleiðslu sauðfjárafurða og heldur skrá yfir greiðslumark lögbýla og handhafa réttar til beinna greiðslna, og lætur

afurðastöðvum og búnaðarsamböndum í té eintak af henni fyrir starfssvæði viðkomandi afurðastöðvar og búnaðarsambands.

Framleiðsluráð landbúnaðarins aflar upplýsinga og annast útreikninga vegna framkvæmdar þessarar reglugerðar og hefur eftirlit með uppgjöri afurðastöðva við framleiðendur.

Afurðastöðvum er skylt að láta Framleiðsluráði landbúnaðarins í té allar þær upplýsingar sem að gagni geta komið við störf þess og þær geta veitt.

3. gr

Tilkynningar.

Framleiðsluráð landbúnaðarins skal tilkynna framleiðendum um greiðslumark lögbýlisins. Þeir eiga þess kost að gera skriflegar athugasemdir við það og skulu þær berast Framleiðsluráði landbúnaðarins innan 20 daga frá dagsetningu tilkynningar um greiðslumark, ella gildir það fyrir verðlagsárið. Framleiðsluráð landbúnaðarins endurskoðar útreikninga, sem athugasemdir eru gerðar við og tilkynnir framleiðanda niðurstöðu sína.

Berist Framleiðsluráði ekki skriflegar athugasemdir við þá niðurstöðu innan 25 daga frá dagsetningu ákvörðunar, gildir hún fyrir hlutaðeigandi verðlagsár.

Uni viðkomandi framleiðandi ekki þeirri niðurstöðu, hefur hann rétt til þess að skjóta ágreiningnum með rökstuddri kæru til úrskurðarnefndar, sem starfar skv. 42. gr. laga nr. 99/1993.

4. gr.

Nýting.

Heimilt er framleiðanda að nýta 103% af greiðslumarki lögbýlisins með innleggi í afurðastöð og heimtöku kjöts á verðlagsárinu 1995-1996. Greiðslumark sem skráð er samkvæmt 2. mgr. 1. gr. verður aðeins nýtt með heimtöku úr afurðastöð.

Áður en afurðastöð kaupir eða tekur til sölumeðferðar sauðfjárafurðir umfram efri mörk greiðslumarks skal gert sérstakt samkomulag milli afurðastöðvar og framleiðanda um slátrun, afurðaverð og greiðslu þess, eftir því sem við á. Samsvarandi magn afurða skal markaðsfært erlendis á ábyrgð viðkomandi aðila. Ákvæði þetta gildir um innlegg frá öllum lögbýlum sem voru á sérstakri fullvirðisréttarskrá 1. september 1991, enda hafi greiðslumark þess ekki verið lagt inn til geymslu síðan. Fari framleiðsla á lögbýlinu umfram efri mörk greiðslumarks þess, án sérstaks samkomulags við afurðastöð, skal það sem umfram er og ekki rúmast innan heildargreiðslumarks koma til lækkunar á greiðslumarki þess á næsta verðlagsári.

Nú hættir framleiðandi sauðfjárrækt og fargar fjárstofni sínum og er honum þá heimilt að nýta greiðslumark verðlagsársins 1996-1997 fyrir þann hluta innleggs sem ekki rúmast innan efri marka greiðslumarks fyrir verðlagsárið 1995-1996. Réttur til beinna greiðslna verðlagsárið 1995-1996 verður eins og um innlegg það ár sé að ræða á þessum hluta framleiðslunnar. Sé ábúandi annar en eigandi lögbýlisins ber honum að fá samþykki eiganda fyrir þessari ráðstöfun greiðslumarks lögbýlisins verðlagsárið 1996-1997. Framleiðandi skal semja við afurðastöð um greiðslu fyrir þær sláturafurðir sem færast til innleggs á verðlagsárinu 1996-1997, en afurðastöð heldur þeim aðgreindum í birgða- og framleiðslubókhaldi. Það teljast lok á sauðfjárframleiðslu skv. þessari málsgrein, þótt framleiðandi haldi eftir allt að tíu kindum.

Við útreikning á nýtingu greiðslumarks skal vega saman kjöt af dilkum og fullorðnu fé þannig: Magn dilkakjöts x 1,01 + magn kjöts af fullorðnu fé x 0,91 = reiknuð nýting.

5. gr.

Brottfall og geymsla.

Heimilt er landbúnaðarráðherra að fella niður greiðslumark sem ekki hefur verið nýtt til framleiðslu að neinu leyti í full tvö verðlagsár, enda sé viðkomandi rétthafa tilkynnt um það og honum gefinn kostur á að leggja greiðslumarkið inn til geymslu.

Heimilt er framleiðanda að leggja greiðslumark lögbýlisins inn til geymslu til 31. ágúst 1998 og sætir það þá sömu breytingum og annað greiðslumark.

6. gr.

Aðilaskipti.

Heimil eru aðilaskipti að greiðslumarki milli lögbýla, með eftirfarandi takmörkunum:

a) Greiðslumark byggt á fullvirðisrétti sem leigður var Framleiðnisjóði landbúnaðarins má því aðeins selja að það hafi verið í framleiðslu hjá viðkomandi framleiðanda, sbr. 7. gr., næstliðin tvö ár fyrir sölu. Heimilt er að selja allt greiðslumarkið þegar framleiðsla á lögbýlinu hefur náð 80% greiðslumarksins að meðaltali í tvö ár, að öðrum kosti í hlutfalli við nýtingu þess. Takmörkun þessi nær til svonefndra opinna leigusamninga sem framleiðendur gerðu við sjóðinn.
b) Greiðslumark vegna heimtöku er óheimilt að selja frá lögbýli.
c) Greiðslumark sem bundið er í fjárskiptasamningi verður seljanlegt að liðnum samningstíma um fjárleysi og þegar samningurinn telst fullefndur að öðru leyti.
d) Landbúnaðarráðherra er heimilt, að höfðu samráði við umhverfisráðherra, að takmarka eða stöðva aðilaskipti að greiðslumarki ef fyrir liggur rökstutt álit Landgræðslu ríkisins um nauðsyn þess af gróðurverndarástæðum. Landbúnaðarráðherra ákveður nánari starfsreglur hér að lútandi. Framleiðsluráð landbúnaðarins skal veita Landgræðslu ríkisins upplýsingar um fyrirhuguð aðilaskipti að greiðslumarki jafnóðum og tilkynningar berast.
e) Sé ábúandi lögbýlis annar en eigandi þess þarf samþykki beggja fyrir því að afsala greiðslumarki frá lögbýli.

Nú á framleiðandi fleiri en eitt lögbýli eða flytur af einu lögbýli á annað og er þá heimilt að sameina greiðslumark beggja lögbýlanna með ofangreindum takmörkunum. Á sama hátt er landbúnaðarráðherra heimilt að flytja greiðslumark milli lögbýla í eigu ríkisins.

Aðilaskipti greiðslumarks skulu tilkynnt fyrir 1. febrúar 1995 á þar til gerðum eyðublöðum sem Framleiðsluráð landbúnaðarins lætur í té og liggja frammi á skrifstofum búnaðarsambanda. Með tilkynningu um aðilaskipti að greiðslumarki skal fylgja staðfesting um eignarhald að lögbýli. Aðilaskiptin taka fyrst gildi þegar staðfesting Framleiðsluráðs landbúnaðarins liggur fyrir.

7. gr.

Fullvirðisréttur í leigusamningum við Framleiðnisjóð.

Handhafa leigusamnings við Framleiðnisjóð landbúnaðarins er heimilt að hefja framleiðslu við lok leigutíma og nýta rétt lögbýlis til greiðslumarks að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

a) Tilkynna skal Framleiðnisjóði landbúnaðarins með tilskildum fyrirvara hvort hefja á framleiðslu.
b) Framleiðsla verður aðeins hafin á því lögbýli sem fullvirðisrétturinn var leigður af.

II. KAFLI
Um beinar greiðslur o.fl.

8. gr.
Beinar greiðslur.

Bein greiðsla er framlag úr ríkissjóði til framleiðanda sauðfjárafurða og skal svara til 50% af framleiðslukostnaði kindakjöts samkvæmt verðlagsgrundvelli sauðfjárafurða 1. september 1995. Vegna verðlagsársins 1995-1996 má að hámarki greiða beina greiðslu miðað við 100% reiknaða nýtingu á greiðslumarki hvers lögbýlis, sbr. þó ákvæði 12. gr. Beinar greiðslur skulu takmarkast við ásetning á lögbýlinu skv. forðagæsluskýrslu haustið 1994, þannig að á móti 18.2 kg kindakjöts í greiðslumarki nemi ásetningur a.m.k. 0.6 ám eða 0.8 gemlingum. Hafi framleiðandi á undanförnum tveimur árum fullnýtt framleiðsluheimild sína með lægra ásetningshlutfalli skulu beinar greiðslur ekki skertar samkvæmt þessari reglu.

9. gr.
Viðtakandi beinna greiðslna.

Beinar greiðslur greiðast ábúanda á lögbýlinu. Á hverjulögbýli skal aðeins einn framleiðandi vera skráður handhafi. Þó er heimilt, þegar um fleiri sjálfstæða rekstraraðila er að ræða sem standa að búinu, að skrá þá sérstaklega. Sjálfstæður rekstraraðili telst sá einn sem hefur sjálfstætt virðisaukaskattsuppgjör. Tilkynna skal Framleiðsluráði landbúnaðarins allar breytingar á hver eigi að vera handhafi beinna greiðslna. Séu handhafar tveir eða fleiri, skal gefa upp hlutfallslega skiptingu beinna greiðslna. Jafnframt skulu viðtakendur beinna greiðslna tilgreina sérstakan reikning í banka eða öðrum viðskiptastofnunum, sem greiðslur skulu lagðar inn á.

10. gr.
Greiðslutilhögun.

Beinar greiðslur greiðast til viðtakanda, í fyrsta sinn 1. mars 1995 og skulu 80% af heildargreiðslum greiðast með jöfnum mánaðarlegum greiðslum 1. hvers mánaðar frá mars til október. Eftirstöðvar skulu greiðast 15. desember 1995. Greiðslur frá mars til október skulu áætlaðar út frá verðlagsgrundvelli 1. september 1994, en uppgjör beinna greiðslna miðast við verðlagsgrundvöll 1. september 1995.

11. gr.
Uppgjör beinna greiðslna.

Beinar greiðslur skerðast hlutfallslega nái reiknuð nýting greiðslumarks ekki 80% af greiðslumarki lögbýlisins. Þó skulu þeir sem tóku fé haustið 1992 eftir fjárleysi samkvæmt samningum við Sauðfjárveikivarnir fá fullar beinar greiðslur þó framleiðsla þeirra sé aðeins 60%, hjá þeim sem tóku fé haustið 1993 miðast við 40% og 20% hjá þeim sem fé tóku haustið 1994.

Sjái framleiðandi fram á að nýting greiðslumarks gefi ekki rétt til a.m.k. 80% af beinum greiðslum ársins, ber honum að tilkynna það Framleiðsluráði landbúnaðarins, sem þá skal haga beinum greiðslum í samræmi við áætlaða nýtingu. Komi samt fram við lok sláturtíðar, að ofgreitt hafi verið, ber viðtakanda beinna greiðslna að endurgreiða mismuninn samkvæmt reikningi.

Gerist framleiðandi sekur um ólöglega sölu eða dreifingu á kjöti af heimaslátruðu sauðfé er heimilt að skerða eða fella niður beinar greiðslur til viðkomandi lögbýlis.

12. gr.

Fjármunir til markaðsfærslu.

Fjármunum sem sparast vegna samkomulags um sérstaka lækkun heildargreiðslumarks skal varið til söluátaks á kindakjöti innan lands, þar sem þess skal gætt að þeir nýtist til beinna lækkana á verði kindakjöts til neytenda. Sama gildir um fjármuni sem kunna að sparast vegna vannýtingar einstakra framleiðenda á greiðslumarki lögbýla, nema birgðir kindakjöts 1. september 1995 verði minni en 1000 tonn. Þá skal þeim fjármunum deilt út sem jafnri upphæð á hvert kíló kjöts umfram greiðslumark, allt að efri mörkum þess. Landbúnaðarráðherra staðfestir ráðstöfun á fjármunum til markaðsfærslu að fengnum tillögum Framkvæmdanefndar búvörusamninga.

13. gr.

Viðurlög og gildistaka.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt lögum nr. 99 8. september 1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 99 8. september 1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 11. október 1994.

Halldór Blöndal.

Jón Höskuldsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 77 – 1994

Nr. 542 1698 15. september 1994

REGLUR

um smíði og búnað báta með mestu lengd allt að 15 metrum.

1. Gildissvið

1.1 Reglur þessar gilda um báta sem eru 6 metrar á lengd, mælt milli stafna, eða með mestu lengd allt að 15 metrum.

1.2 Reglurnar gilda um báta sem hafin er smíði á eða koma til Íslands eftir gildistöku reglnanna. Aðrir bátar skulu uppfylla ákvæði reglnanna við fyrstu aðalskoðun eftir gildistöku þeirra, að því marki sem hér greinir;

- um björgunarstiga
- um brunaboða
- um gaskynt tæki
- um handrið
- um handslökkvitæki
- um legufæri og dráttartóg
- um lokunarbúnað á loftrásir til vistarvera
- um neyðarstýri
- um neyðarútganga, þó ekki bátar með neyðarútganga skv. ákvæðum reglna nr. 521/1984
- um öryggisbúnað við vindu til netaveiða.

Heimilt er að gera frekari kröfur til endurbóta með tilliti til ákvæða þessara reglna, ef ástæða þykir til frá öryggissjónarmiði.

1.3 Við endurnýjun aðalvélar í bátum sem hafin var smíði á fyrir gildistöku þessara reglna skal eftirgreindum búnaði breytt til samræmis við ákvæði reglnanna:

- loftrásum til vélarrúms
- lokum við eldsneytisgeyma
- rafbúnaði
- sjó- og austurlögnum
- útblásturslögnum
- viðvörun um vatn í vélarrúmi
- föstum slökkvibúnaði

1.4 Ef bátum er breytt eða þeir endursmíðaðir að einhverju leyti, skal verkið unnið samkvæmt reglum þessum, nema vinna samkvæmt eldri reglum teljist fullnægjandi með hliðsjón af smíði bátsins.

Steindórsprent Gutenberg hf.

Smíði peru á stefni eða flotgeymis á skut báta sem hafin var smíði á fyrir gildistöku þessara reglna og samþykkt var skv. eldri reglum, telst fullnægjandi. Við samþykkt á breytingum eða endursmíði á bátum skal fara að sem um samþykkt á bátum í fyrsta sinn, samkvæmt kafla 2.

1.5 Hver bátur sem smíði var hafin á fyrir gildistöku þessara reglna skal uppfylla kröfur reglnanna um stöðugleika ef aðalvél er endurnýjuð, bátnum breytt eða hann endursmíðaður svo og ef siglingamálastjóri telur nauðsynlegt af öryggisástæðum að kanna stöðugleika báta.

1.6 Bátar, sem smíðaðir eru í alþjóðlega keppnisflokka, eru undanþegnir ákvæðum reglna um smíði skemmtibáta, enda séu bátarnir eingöngu notaðir á takmörkuðu svæði til æfinga eða keppni og samþykktir til þeirra nota af viðkomandi íþróttasambandi.

2. Samþykkt báta

2.1 Bátar 6 metrar að lengd og lengri og sem smíðaðir eru hér á landi eru háðir samþykki Siglingamálastofnunar ríkisins.

2.2 Umsókn um samþykkt báta skal skila skriflega til Siglingamálastofnunar ríkisins áður en smíði hefst.

2.3 Umsóknir skulu undirritaðar af ábyrgðarmanni þess fyrirtækis sem hyggst smíða bátana eða flytja þá til landsins. Er sá hinn sami ábyrgur fyrir því að settum reglum sé fylgt í einu og öllu sbr. ákvæði í gr. 2.6.

2.4 Umsóknum skulu fylgja öll gögn sem nauðsynleg eru til samþykktar á viðkomandi bátum, sbr. ákvæði Norðurlandareglna sem fylgja reglum þessum.

2.5 Smíði og búnaður báta sem falla undir reglur þessar, skal fullnægja ákvæðum Norðurlandareglna um smíði og búnað báta með mestu lengd allt að 15 metrum sem fylgja reglum þessum og teljast hluti þeirra. Ennfremur skulu bátarnir uppfylla ákvæði reglna um öryggisbúnað og merkingu, svo og aðrar þær reglur sem varða báta minni en 15 metrar. Allt efni til smíði og viðgerða báta skal vera samþykkt af Siglingamálastofnun ríksins.

2.6 Samþykki Siglingamálastofnunar ríkisins byggist á því að forsvarsmenn bátasmíðastöðva ábyrgist að bátar þeirra séu smíðaðir samkvæmt samþykktum teikningum og smíðalýsingum, við viðurkenndar aðstæður, úr efni og með því verklagi sem kveðið er á um í Norðurlandareglunum um viðkomandi báta eða bátsgerð. Sama ábyrgð hvílir á innflytjendum báta sem smíðaðir eru erlendis. Með umsókn um samþykkt á bátum eða búnaði báta, skuldbindur umsækjandi sig til að greiða allan kostnað og gjöld vegna samþykktarinnar.

3. Innfluttir bátar

3.1 Innflutningur skemmtibáta 6 metrar að lengd og lengri og annarra báta til nota í atvinnuskyni, er háður samþykki Siglingamálastofnunar ríkisins.

3.2 Umsókn um leyfi til innflutnings á bátum skal skila skriflega til Siglingamálastofnunar ríkisins áður en bátarnir eru fluttir til landsins. Í umsókninni skal koma fram hvar bátarnir eru smíðaðir og á hvaða smíðastigi þeir verða þegar þeir koma til landsins. Ennfremur skulu liggja fyrir allar teikningar og önnur gögn sem nauðsynleg eru til samþykktar á viðkomandi báti sbr. ákvæði Norðurlandareglna sem fylgja reglum þessum og teljast hluti þeirra.

3.3 Með upplýsingum um innflutta báta úr trefjaplasti skal fylgja vottorð sem staðfestir að þeir séu smíðaðir samkvæmt ákvæðum í Norðurlandareglunum eða samsvarandi reglum. Vottorðið skal vera gefið út af erlendum yfirvöldum eða flokkunarfélagi sem viðurkennt er af Siglingamálastofnun ríkisins.

3.4 Bátar sem ekki eru fullsmíðaðir þegar þeir koma til landsins skulu fullgerðir undir eftirliti skoðunarmanna Siglingamálastofnunar ríkisins og/eða skoðunarmanna viðurkenndra flokkunarfélaga.

4. Samþykkt úr gildi

4.1 Ef smiður báts eða innflytjandi fer ekki í einu og öllu eftir settum reglum, má fella úr gildi allar samþykktir veittar viðkomandi bátasmið eða innflytjanda, þar með talið starfsleyfi til smíði báta úr trefjaplasti.

4.2 Ef bátar eru smíðaðir eða fluttir til landsins án samþykkis Siglingamálastofnunar ríkisins, getur það leitt til þess að tilkynning þar að lútandi verði birt opinberlega. Sama gildir ef viðurkenning báta er afturkölluð vegna misgerða.

4.3 Samþykkt á smíði bátsgerða samkvæmt eldri reglum falla úr gildi við gildistöku þessara reglna. Viðurkenningarskírteini sem gefin hafa verið út samkvæmt eldri reglum gilda þó áfram fyrir viðkomandi báta.

4.4 Við endurnýjun samþykktar skal fara að sem um samþykkt í fyrsta sinn, nema önnur aðferð teljist fullnægjandi.

5. Refsingar

5.1 Brot á reglum þessum varða refsingu samkvæmt VII. kafla laga nr. 35, 30. apríl 1993, um eftirlit með skipum.

6. Gildistaka

6.1 Reglur þessar sem settar eru samkvæmt lögum nr. 35, 30. apríl 1993 um eftirlit með skipum, staðfestast hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt falla úr gildi reglur um smíði og búnað báta með mestu lengd allt að 15 metrum, nr. 521/1984 og 48/1986. Ennfremur falla úr gildi þau ákvæði sem varða báta með mestu lengd allt að 15 metrum í reglum um vélbúnað og rafbúnað vöruflutninga- og farþegaskipa, nr. 635/1983.

Samgönguráðuneytið, 15. september 1994.

Halldór Blöndal.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

Norðurlandareglur um smíði og búnað vinnubáta með mestu lengd allt að 15 m.

Efnisyfirlit

Almennt
1. Samþykkt á bátum
2. Skilgreiningar og tákn

Flothæfni
3. Fríborð og stöðugleiki
4. Lúgur, hurðir og gluggar
5. Austurop og önnur op á bol
6. Vatnsþétt hólf og austurbúnaður

Stýris- og vélbúnaður
7. Stýrisbúnaður
8. Vélbúnaður
9. Eldsneytisbúnaður
10. Skrúfubúnaður
11. Rafbúnaður

Vistarverur
12. Vistarverur
13. Öryggi manna
14. Eldvarnir
15. Lyftibúnaður
16. Festartæki og legufæri
17. Stýrishús og siglingatæki

Sérákvæði
18. Bátar úr trefjaplasti
19. Stálbátar
20. Álbátar

Efnismál
21. Álagsstuðlar
22. Bátar úr trefjaplasti
23. Stálbátar
24. Álbátar
25. Trébátar

Smíði
26. Bátar úr trefjaplasti
27. Stálbátar
28. Álbátar
29. Trébátar

Sérákvæði
30. Fiskibátar
31. Farþegabátar
32. Dráttarbátar
33. Styrkingar vegna siglinga í ís

SAMÞYKKT Á BÁTUM V-1

Efnisyfirlit

1. Almennt
2. Gildissvið
3. Afhending báta
4. Umsókn um samþykkt
5. Smíðalýsing
6. Innra framleiðslueftirlit
7. Eftirlit og prófanir
8. Forsendur samþykktar á bátsgerðum
9. Skilti og skírteini

1. Almennt

1.1 Bátar sem eru raðsmíðaðir samkvæmt reglum þessum, geta fengið bátsgerðarviðurkenningu þegar einn bátur hefur verið skoðaður og prófaður og niðurstaðan sýnir að hann uppfyllir ákvæði reglnanna.

1.2 Bátsgerðarviðurkenning er veitt raðsmíðuðum bátum sömu gerðar sem smíðaðir eru undir eftirliti sem felst í skyndiskoðunum.

1.3 Bátum, sem ekki fara fullsmíðaðir frá bátasmíðastöðinni, er veitt bátsviðurkenning, enda séu þeir smíðaðir undir sérstöku eftirliti þar sem hver og einn bátur er prófaður sérstaklega að smíði lokinni.

1.4 Samþykkt báta samkvæmt reglum þessum er veitt af siglingamálastofnunum í Danmörku, Finnlandi, Íslandi, Noregi og Svíþjóð, eða af Det norske Veritas. Samþykktin miðast við nýja báta áður en þeir eru teknir í notkun.

1.5 Eigendur gamalla báta geta fengið þá samþykkta samkvæmt reglum þessum.

1.6 Viðgerðir og endurbætur á bátum skulu unnar samkvæmt ákvæðum reglnanna eftir því sem við á hverju sinni.

2. Gildissvið

2.1 Reglur þessar gilda um báta með mestu lengd allt að 15 metrum.

2.2 Reglurnar gilda fyrst og fremst sem kröfur um öryggi, en einnig um gæði, endingu, notagildi o.þ.h. að því marki sem þessir þættir varða öryggi bátanna.

2.3 Reglurnar taka ekki til gæða, endingar eða notagildis ef þessir þættir hafa ekki þýðingu fyrir öryggi bátanna.

2.4 Bátar sem eru smíðaðir við aðrar aðstæður, úr öðru efni, með öðrum aðferðum, með annarri tegund styrkinga, með annan búnað eða annan frágang á vélum og tækjum en reglur þessar segja fyrir um, geta að undangenginni sérstakri athugun fengist samþykktir ef þeir teljast uppfylla ákvæði reglnanna.

2.5 Gera má kröfur umfram ákvæði reglnanna ef nauðsynlegt er talið til að ná því marki sem reglurnar miða að.

2.6 Kröfur reglnanna eru settar fram með orðalaginu „skal“ eða „skal ekki“. Með orðalaginu „á“ og „skal almennt“ eða „á ekki“ og „skal almennt ekki“ er átt við kröfu þar sem samsvarandi útfærsla getur komið í staðinn.

2.7 Reglurnar byggjast á eftirfarandi skilyrðum fyrir notkun bátanna:
- að ekki sé látinn meiri þungi í bátana en þeir eru viðurkenndir fyrir
- að ekki sé notuð kraftmeiri vél í bátunum en þeir eru viðurkenndir fyrir
- að skipstjórar bera fulla ábyrgð á notkun bátanna með tilliti til veðurs og sjólags,

ganghraða í slæmu veðri, ásamt staðsetningar manna, búnaðar og annarrar hleðslu um borð
- að opnir bátar séu aðeins á sjó þar sem þeir geta leitað hafnar með stuttum fyrirvara ef veður versnar
- að ef reiði er til staðar sé hann settur upp á öruggan hátt
- að stjórnendur bátanna geri sér grein fyrir því að bátarnir eru ekki styrktir til siglinga í ís, nema þeir uppfylli ákvæði í V-33 og þá aðeins til siglinga í þunnum ís eða íshröngli.

3. Afhending báta

3.1 Bátsgerð er skilgreining á bátum sem eru af sömu stærð og lögun, hafa sama búnað, fyrirkomulag og eiginleika.

3.2 Bátar af viðurkenndri gerð eiga að vera fullsmíðaðir og með allan fastan búnað þegar þeir fara frá bátasmíðastöðinni, þannig að hægt sé að taka þá í notkun án frekari aðgerða. Takmarkanir á notkun bátanna miðast við útfærslu þeirra samkvæmt samþykktri smíðalýsingu.

3.3 Bátsgerð getur fengist samþykkt með mismunandi útfærslu, t.d. stjórntækjum, gleri í gluggum, yfirbyggingum o.s.frv., sem auðveldlega má koma fyrir í bátunum.

3.4 Viðurkenndar bátsgerðir skulu kynntar undir nafni sem ekki er hægt að taka fyrir aðra bátsgerð eða aðra útfærslu á sömu bátsgerð.

3.5 Bátar sem viðurkenndir eru til eiginsmíði skulu vera á því smíðastigi er þeir fara frá bátasmíðastöðinni að allir þeir hlutir sem varða styrk bátanna séu fullsmíðaðir, þar með taldar undirstöður véla og annars búnaðar sem veldur álagi. Eiginsmíði kaupandans nær því aðeins til frágangs sem skoðunarmenn geta skoðað og metið þegar smíði bátsins er lokið. Bátar til eiginsmíði skulu prófaðir sérstaklega hver og einn að smíði lokinni.

3.6 Bátum sem afhentir eru kaupanda til eiginsmíði skal fylgja samþykkt smíðalýsing, þar sem fram kemur hvernig bátarnir skuli búnir til að þeir uppfylli ákvæði reglna. Ennfremur skal þess getið hvaða vélar og tæki eru samþykkt í bátana.

3.7 Þegar kaupandi hefur fullsmíðað bát sem hann keypti til eiginsmíði, ber honum að sækja um skoðun og prófun á bátnum og fá hann endanlega samþykktan.

4. Umsókn um samþykkt

4.1 Umsókn um samþykkt á bátum skal gera skriflega af forsvarsmönnum bátasmíðastöðva.

4.2 Með umsókn um samþykkt skuldbindur umsækjandi sig til að leggja fram réttar upplýsingar um smíði og búnað bátanna auk þess sem hann ábyrgist:
- að farið verði að kröfum um efni og smíði almennt
- að skoðanir og prófanir fari fram á hverjum báti eða prufubáti hverrar bátsgerðar, þar til fyrir liggur að prufubáturinn uppfylli að öllu leyti ákvæði reglna
- að allir bátar sömu gerðar séu eins smíðaðir og prufubáturinn
- að skyndiskoðanir og annað eftirlit með smíði bátanna geti farið fram svo fullnægjandi sé
- að bætt sé úr ef athugasemdir eru gerðar við skoðun.

5. Smíðalýsing

5.1 Þegar sótt er um samþykkt á báti/bátsgerð skal fylgja umsókninni smíðalýsing með teikningum í þremur eintökum fyrir hvern bát.

5.2 Í smíðalýsingu skulu koma fram minnst eftirgreindar upplýsingar:

- almennar upplýsingar sem þýðingu hafa fyrir samþykktina, svo sem auglýsingabæklinga, niðurstöður prófana og þess háttar
- um smíðaverkstæði, smíðaaðferð, efni, efnisgæði og styrkingar
- um fyrirkomulag bátanna, hámarkshleðslu, stöðugleikagögn ásamt línuteikningu og upplýsingar um op og lokunarbúnað
- um vél- og stýrisbúnað
- um annan búnað svo sem slökkvibúnað, festartæki, lyftibúnað, handrið, handföng o.þ.h.

5.3 Eftirgreindar teikningar skulu fylgja umsókn um samþykkt:
- fyrirkomulagsteikning
- langskurður, lóðréttur og láréttur
- miðband og minnst einn þverskurður fyrir framan og annar fyrir aftan
- yfirbygging, þar sem sýndur er frágangur glugga, dyra og neyðarútganga
- lúgum og lokunarbúnaður
- vélarundirstöðu
- stýri
- sjó- og austurkerfi
- eldsneytisgeymum og lögnum
- rafbúnaði
- mastri og bómu
- skrúfubúnaði.

6. Innra framleiðslueftirlit

6.1 Framleiðendur skulu hafa fullnægjandi eftirlit með eigin framleiðslu sem tryggir að bátarnir uppfylli kröfur í reglum.

6.2 Starfsmenn skulu hafa nákvæmar leiðbeiningar um verklag hvers smíðaáfanga sem gera þeim mögulegt að vinna sitt verk í samræmi við samþykktar teikningar og smíðalýsingar.

6.3 Niðurstaða eftirlits með hverjum báti skal skrásett og undirrituð og merkt smíðanúmeri viðkomandi báts.

6.4 Sá sem ábyrgur er fyrir framleiðslunni skal hafa kunnáttu til að geta metið verklag og gæði framleiðslunnar.

6.5 Eftirlit skal haft með eftirgreindum atriðum:
- hráefni
- geymslu- og framleiðsluaðstöðu
- verklagi
- að unnið sé í samræmi við samþykkta smíðalýsingu.

7. Eftirlit og prófanir

7.1 Við eftirlit með smíði á bátum skal gengið úr skugga um að hver bátur, eða prufubátur hverrar bátsgerðar, sé í einu og öllu smíðaður samkvæmt samþykktri smíðalýsingu og að verklag sé eins og vera ber.

7.2 Við smíði á raðsmíðuðum bátum skal fylgst með innra eftirliti bátasmíðastöðvarinnar en bátarnir eru háðir skyndiskoðunum.

7.3 Skipaskoðunarmenn ákveða tíðni skyndiskoðana með hliðsjón af þeim fjölda báta sem eru smíðaðir á hverjum stað.

7.4 Bátar til eiginsmíði eru háðir sama eftirliti og aðrir viðurkenndir bátar. Aðeins sá hluti bátanna sem smíðaður er hjá bátasmíðastöðinni getur flokkast undir raðsmíði. Hver bátur skal vera merktur með smíðanúmeri og nafni framleiðanda.

7.5 Stórir bátar, bátar sem eru margbrotnir í smíði og bátar sem eru ekki raðsmíðaðir,

skulu skoðaðir sérstaklega hver fyrir sig. Bátarnir skulu skoðaðir eftir því sem ástæða þykir til en þó minnst einu sinni meðan á smíði stendur og síðan að smíði lokinni.

7.6 Við prófun á prufubáti skal athuga stöðugleika hans, flothæfni og hleðslu, en einnig skal bátnum reynslusiglt við aðstæður sem skoðunarmaður telur fullnægjandi. Fyrir stærri báta geta útreikningar komið í stað prófana. Niðurstöður prófana skulu skráðar.

7.7 Hver bátur með bátsviðurkenningu skal prófaður fyrir afhendingu til kaupanda eftir sérstakri áætlun sem ákveðin er við samþykkt á bátunum. Fyrir raðsmíðaða bátsgerð, báta minni en 10 m, nægir að prófa einn prufubát.

7.8 Hvað varðar báta sem smíðaðir eru skv. ákvæðum í V-18, V-19 og V-20 nægir að bátarnir séu skoðaðir að smíði lokinni enda séu aðstæður til skoðunar á þann veg að fullnægjandi skoðun geti átt sér stað sbr. almenn ákvæði í 1. gr. kaflanna. Ef fyrirkomulag bátanna er hins vegar þannig að skoðunarmaður komist ekki að til skoðunar vegna innréttinga, innsúðar eða af öðrum sökum, ber bátasmiðnum að kalla til skoðunarmann meðan á smíðinni stendur og báturinn er aðgengilegur til skoðunar.

7.9 Bátum skal reynslusiglt í viðurvist skipaskoðunarmanns og skal eftirgreint athugað:
- stjórnhæfni bátsins í bæði borð á lítilli ferð og hámarkshraða
- bökkun
- stefnustöðugleiki á lítilli ferð
- stöðvun.

Hraðgengir bátar skulu prófaðir skv. viðauka við kafla þennan.

8. Forsendur samþykktar á bátsgerðum

8.1 Ef bátar eru ekki í einu og öllu skv. reglum þegar þeir eru afhentir kaupanda, má fella úr gildi samþykktina á viðkomandi bátsgerð.

8.2 Ef gerðar eru breytingar varðandi efni, efnisuppbyggingu, festingu á vél og tækjum eða öðru sem snertir smíði bátanna, án þess að það hafi verið samþykkt sérstaklega, má fella úr gildi samþykktina á viðkomandi bátsgerð.

8.3 Ef bátasmiður fer ekki eftir þeim ábendingum sem fram koma við eftirlit með smíði báta, má fella úr gildi samþykktina á viðkomandi bátsgerð.

8.4 Ef smíði báta er flutt til annars smíðaverkstæðis skal það samþykkt sérstaklega, annars fellur samþykktin á bátsgerðinni úr gildi.

8.5 Ef samþykkt á bátsgerð er afturkölluð vegna misgerða getur það leitt til þess að tilkynning þar að lútandi verði birt opinberlega. Við endurnýjun samþykktar skal fara að sem við samþykkt báta í fyrsta sinn.

8.6 Þó smíði báta af samþykktri bátsgerð sé hætt um stundarsakir getur samþykktin gilt áfram.

9. Skilti og skírteini

9.1 Fyrir hvern bát skal gefið út viðurkenningarskírteini.

9.2 Allir samþykktir bátar skulu merktir varanlega með smíðanúmeri og nafni bátasmiðsins.

9.3 Viðurkenningarskírteini skal vera sem hér greinir:

VIÐURKENNINGARSKÍRTEINI

fyrir báta með mestu lengd allt að 15 metrum.

Skírteini þetta staðfestir að nýsmíði nr. _____ frá bátasmíðastöðinni

_____

uppfyllir ákvæði reglna um báta[1] og hefur fengið úthlutað skipaskrárnúmerinu _____

Báturinn er af gerðinni _____ og bolur úr _____

Lm _____ m B _____ m D _____ m

Bátinn má ekki hlaða meira en sem nemur _____ kg[2]

þar af má hleðsla á þilfari ekki fara yfir _____ kg[2]

Farþegar um borð mega ekki vera fleiri en _____

Fríborð bátsins miðskips skal vera minnst _____ m[3]

1) Viðurkenning þessi nær ekki yfir lausan björgunar- og öryggisbúnað, fjarskiptabúnað eða siglingartæki og er háð þeim takmörkunum sem Siglingamálastofnun ríkisins kann að setja um notkun bátsins. Viðurkenningin fellur úr gildi ef báturinn verður fyrir áverkum eða honum er breytt þannig að hann uppfyllir ekki lengur ákvæði reglna.

2) Til hleðslu skal telja m.a. þyngd á mönnum, búnaði, innihaldi geyma, ásamt öðru því sem í bátnum er.

3) Bátinn má ekki hlaða þannig að stafnhalli, hliðarhalli, ganghraði bátsins eða önnur tilvik við notkun hans, valdi því að vatn safnist fyrir á þilfari eða plittum.

Viðurkenningarskírteini nr. _____

Gefið út af Siglingamálastofnun ríkisins

Reykjavík, _____ 19 _____

_____

REYNSLUSIGLING HRAÐBÁTA

Efnisyfirlit

1. Útsýni
2. Stjórnpallur og stjórntæki
3. Reynslusigling

1. Útsýni

1.1 Útsýni frá stjórntækjum fyrir meðalstóran mann, standandi eða sitjandi eftir því sem við á hverju sinni, skal vera þannig að:
- yfirborð vatnsins sé sjáanlegt í fjarlægð sem er innan við fjórar bátslengdir framan við bátinn og upp að sjóndeildarhring á því gráðuhorni sem hliðarljósin ná til. Krafan skal uppfyllt við þau hleðslutilvik og þann ganghraða sem gera má ráð fyrir á viðkomandi báti. Þó má útsýni fram fyrir bátinn vera minna á meðan hann fer upp á plan, ef það tekur aðeins stuttan tíma.
- sjóndeildarhringurinn sé sjáanlegur til beggja hliða við siglingu á meðalhraða.
- útsýni aftur fyrir bátinn sé nægilegt til að stjórnandi hans geti fylgst með skipum sem sigla í sömu stefnu og báturinn.
- gluggatjöld sem skyggja á útsýni frá stjórntækjum bátsins séu sett upp á þann veg að hægt sé að víkja þeim til hliðar, ef nauðsyn krefur við stjórn bátsins.

1.2 Ef útsýni minnkar að ráði við ágjöf eða regn skal vera rúðuþurrka sem hefur undan og ennfremur má takmarka fjarlægðina á milli rúðu og stjórnanda bátsins.

1.3 Staðsetning stjórnanda bátsins og fyrirkomulag á stjórnpalli almennt skal vera þannig að möguleikar stjórnandans til að stjórna bátnum minnki ekki við ljós eða speglun, hvorki við sólarljós né önnur ljós í myrkri.

1.4 Gler í gluggum sem horfa þarf í gegnum við stjórn bátsins má ekki vera þeim eiginleikum búið að það dragi svo nokkru nemi úr því ljósmagni sem í gegnum glerið fer eða að það hafi áhrif á liti sem varða siglingu bátsins.

2. Stjórnpallur og stjórntæki

2.1 Í báti sem gengur hraðar en 15 hnúta skal vera stýrishjól á heppilegum stað beint framan við stjórnanda bátsins. Stýrishjól skal vera á öllum bátum sem ætlaðir eru fyrir utanborðsvél aflmeiri en 15 kW (20 hö). Stjórntæki vélar skulu vera innan við armslengd frá stjórntækjum bátsins.

2.2 Bátur með innanborðsvél sem knýr bátinn hraðar en 40 hnúta skal búinn öryggisrofa til að stöðva vélina. Í bátum sem eru með stjórntæki í opnu rými og ætlaðir eru fyrir utanborðsvél sem knýr bátana hraðar en 15 hnúta, skal vera skilti við stjórntæki með áletruninni: NOTA SKAL ÖRYGGISROFA.

2.3 Í báti með ganghraða yfir 25 hnútum skal stjórntæki vélar, stilling á stafnhalla bátsins og stilling á halla utanborðsdrifs vera þannig fyrirkomið að stjórnandi bátsins geti náð til þeirra allra samtímis eða í beinu framhaldi hverju af öðru, án þess að sleppa stýrishjólinu.

2.4 Í báti með ganghraða yfir 25 hnútum skulu allir mælar og önnur tæki sem nota þarf við siglingu bátsins, svo sem hraðamælir, mælar sem sýna stöðu utanborðsdrifs og stafnhalla bátsins, áttaviti o.þ.h. vera sem næst beint fyrir framan stjórnanda bátsins.

2.5 Í báti með ganghraða yfir 40 hnútum á aðstaða við stjórntæki að vera á þann veg að stjórnandi bátsins geti staðið upp og hafi þá stuðning við bak og til hliðanna, án þess að vikið sé frá öðrum ákvæðum í kafla þessum.

3. Reynslusigling

3.1 Við reynslusiglingu skal botn bátanna, vél og skrúfa vera ný eða sem ný. Reiði, Vél og skrúfa skal vera þannig að hægt sé að ná mesta mögulega ganghraða. Í bátunum skal vera allur búnaður. Reynslusiglt skal á lygnu vatni við vindhraða undir 5 m/sek.

3.2 Mesti ganghraði skal mældur með hámark tveimur mönnum um borð. Báturinn skal halda stefnunni stöðugri og halda sér á réttu plani.

3.3 Ganghraði á ekki að vera meiri en:
V mest = 17 $\sqrt{Lm}$ hnútar.

3.4 Hraðbátar skulu prófaðir með siglingu í 90° beygju í bæði borð. Í bátunum skulu vera hámark tveir menn og innihald geyma ekki meira en til hálfs. Bátunum skal siglt á fullri ferð í beinni stefnu þegar stýri er snúið snöggt í borð og síðan siglt í stefnu sem er 90° á fyrri stefnu.

Stjórnandi bátsins skal reyna að halda stefnu í boga sem myndar 6 · L_m metra radíus. Í beygjunni skal ekki nota önnur stjórntæki en stýri bátsins. Framangreind prófun skal gerð þrisvar sinnum í hvort borð. Bátur telst uppfylla kröfur ef stjórnandi bátsins hefur fulla stjórn á honum við prófunina og ekkert af eftirgreindu gerist:
- báturinn breytir snögglega um stefnu eða skrensar til, án þess að stjórnandinn ráði við
- hliðarátak gerir stjórnanda erfitt að sitja í sæti sínu í beygjunum
- báturinn hefur lélegt grip í vatninu sem gerir erfitt að halda stefnunni í réttum boga
- annað sem gefur til kynna að öryggi sé ekki sem skyldi.

3.5 Hraðgenga báta skal prófa á fullri ferð með hámark tvo menn um borð og hámark hálffulla geyma, með því að leggja stýri snögglega frá borði til borðs nokkrum sinnum. Bátur telst uppfylla kröfur ef stjórnandinn hefur fulla stjórn á bátnum. Framangreind prófun skal einnig gerð á fullhlöðnum báti við það sjólag sem gera má ráð fyrir að báturinn verði notaður í, ef ástæða er talin til að kanna eiginleika bátsins við þær aðstæður.

SKILGREININGAR OG TÁKN V-2

Efnisyfirlit

1. Skilgreining á bátum
2. Aðalmál
3. Fríborð og hleðslumerki
4. Þyngdir
5. Eiginþyngd og sæþyngd
6. Tákn og einingar

1. Skilgreining á bátum

1.1 Bátar og bátsgerðir eru skilgreind í reglum þessum sem hér segir:


Bátur: Hver sá farkostur sem notaður er til ferða á sjó eða vötnum. Sjá einnig skilgreiningu í lögum um eftirlit með skipum.

Bátsgerð: Bátar sem hafa sömu lögun, stærð, fyrirkomulag og eiginleika.


Bátsgerðir skiptast í eftirgreinda flokka:
Fiskibátar: Bátar sem notaðir eru til fiskveiða í atvinnuskyni.

Farþegabátar: Bátar sem notaðir eru til farþegaflutninga í atvinnuskyni.
Dráttarbátar: Bátar sem notaðir eru til að draga skip og báta.
Vinnubátar: Samheiti á bátum sem notaðir eru í atvinnuskyni.
Bátar til eiginsmíði: Bátar sem smiður afhendir kaupendum áður en smíði eða frágangi búnaðar er að fullu lokið. Sjá nánar í V-1.


1.2 Þilfarsbátur er bátur sem hefur þétt þilfar stafna á milli, frá síðu til síðu, nema þar sem þilfarið er rofið af veðurþéttri yfirbyggingu og lúgum.



1.3 Opinn bátur er bátur sem ekki er þilfarsbátur. Sjá nánar um opna báta í V-5.2 og V-6.2.



1.4 Yfirbyggður bátur er þilfarsbátur eða opinn bátur sem er yfirbyggður að verulegu leyti yfir fríborðsþilfari eða plittum.




1.5 Með orðinu „plittur“ er átt við krossviðarplötur, hlera eða aðra palla í opnu rými opinna báta. Gildir það einnig um palla sem eru smíðaðir sem þilfar, en uppfylla ekki kröfur í 1.2


2. Aðalmál

2.1. Við mælingu á aðalmálum skal reikna með öllum föstum hlutum bolsins, þar með taldir hlífðarlistar. Hins vegar skal ekki mæla stýrisfjaðrir, laus fríholt né annan auðlosanlegan búnað svo sem handrið, hlífðargrindur við utanborðsdrif, kili og þess háttar.


2.2 Mesta lengd í metrum, L_m, skal mæld eins og eftirfarandi myndir sýna:



2.3 Mesta breidd í metrum, B_m, og breidd á bol, B, skal mæld eins og eftirfarandi myndir sýna.




2.4 Dýpt í metrum, D, skal mæld á miðri mestu lengd, frá efri brún á borðstokki eða þilfari að útsíðu botnsúðar, miðskips á flatbotna bátum, en við hlið kjalar á kjalbátum. Sjá eftirfarandi myndir:




2.5 Djúprista í metrum, d, skal mæld niður á neðri brún kjalar þar sem hann er lægstur.

3. Fríborð og hleðslumerki

3.1 Á þilfarsbátum skal mæla fríborð upp að efri brún á þilfari við síðuna, en ekki upp á brún skjólborðsklæðningar, jafnvel þótt hún sé þétt niður að þilfarinu. Að undanskildum farþegabátum og dráttarbátum skal merkja hámarks leyfilega hleðslu á báðar síður miðskips með vel greinilegu hleðslumerki, sem er 250 mm langt og 20 mm breitt.





3.2 Á opnum bátum skal mæla fríborð upp að þeim stöðum sem vatn kemur til með að renna fyrst inn í bátana. Þó skal ekki mæla að opum sem eru minni en 20 mm í þvermál, ef þau eru ofan við 0,5 · F við hámarkshleðslu eða eru búin einstefnulokum. Opnir bátar skulu merktir með hleðslumerki sbr. ákvæði 3.1 á báðar síður miðskips og að framan á afturbyggðum bátum og að aftan á frambyggðum.



3.3 Lágmarksfríborð miðskips skal vera tilgreint á viðurkenningarskírteini.

3.4 Eftirfarandi myndir sýna dæmi um áhrif hleðslu á fríborð með tilliti til ákvæða í 3.1 og 3.2.





4. Þyngdir

4.1 Til hámarkshleðslu, P, telst sú þyngd sem setja má í bát með hliðsjón af lágmarks-

fríborði, styrk á bol og stöðugleika, til viðbótar eiginþyngd viðkomandi báts. Eftirgreindar þyngdir teljast til hleðslu:

- þyngd þeirra manna sem mega vera um borð í bátnum samtímis og skal gera ráð fyrir að hver maður vegi 75 kg
- þyngd á persónulegum munum sem skal áætlað 30 kg fyrir hvern mann
- þyngd á eldsneyti og vatni í fullum geymum, sem reiknast 0,85 fyrir hvern lítra af eldsneyti og 1,0 fyrir vatn
- þyngd á öllum lausum búnaði, þar með talinn öryggisbúnaður, þó ekki akkerisbúnaður
- þyngd á farmi.

4.2 Fyrir þilfarsbáta skal ákveða hámarkshleðslu út frá stöðugleikagögnum og stafnhalla með hliðsjón af staðsetningu farms, sem skal reiknast dreift jafnt bæði í lest og á þilfari.

4.3 Fyrir opna báta og yfirbyggða báta skal ákveða hámarkshleðslu með hleðsluprófun, eða hugsanlega útreikningum á stöðugleika, stafnhalla og fríborði skv. ákvæðum í V-3. Gera skal ráð fyrir að hleðslunni sé dreift jafnt í þau rými sem eru ætluð fyrir farm.

4.4 Hámarkshleðsla og leyfileg hleðsla á þilfari skal vera tilgreind á viðurkenningarskírteini.

5. Eiginþyngd og sæþyngd

5.1 Eftirtaldar þyngdir teljast til eiginþyngdar, G:

- þyngd á fullsmíðuðum báti með innréttingum og búnaði sem er fastur í bátnum og telst til hluta hans
- þyngd á vélum, vindum og kerfum, þar með talinn glussi, smurolía, kælivatn og annar vökvi
- þyngd á akkerisbúnaði.

5.2 Eiginþyngd skal ákveðin út frá stöðugleikagögnum eða með vigtun.

5.3 Hámarkssæþyngd báta, Δ, er summan af eiginþyngd, G, og leyfilegri hleðslu, P:
$\Delta = G + P$ kg.

6. Tákn og einingar

6.1 Tákn sem notuð eru í reglunum

Tákn	Eining	Stærð
A	m^2 cm A	flatarmál/amper
a	mm^2 cm^2	flatarmál
B	m	breidd
B_m	m	mesta breidd
b	mm	breidd
c	c	senti
D	m	dýpt
d	m	djúprista/þvermál
d_v	mm	þvermál
E	MPa	sveigjufjaðurstuðull
F	m	meðalfríborð
f	m/mm	fríborð/leiðréttingarstuðlar/hæð á kúpu

G	kg	eiginþyngd
g	kg	kjalarþungi/þyngd lóða
H	m	hæð
h	mm	hæð
I	mm^4	tregðuvægi
J	Nm	júl
K	Nf	kraftur
k	k	leiðréttingarstuðull/ kíló/fastastærð
L	m	lengd vatnslínu
L_m	m	mesta lengd
l	mm	spennilengd
M	Nm	vægi
m	m	metri, milli
N	N	newton
n	fjöldi	menn/boltar
°	gráður	gráður, celsíus
P	kg, N	kraftur/þyngd/ álag/hleðsla
p	MPa, kW	þrýstingur, vélarafl
Q	m^3/mín	afköst
q	m^3/klst/kW	afköst
R	mm	radíus
r	sn/sek	snúningar
S	cm, mm	vægisarmur
s	mm	millibil styrkinga
t	mm	þykkt/tonn
U	kW	hámarksvélarafl
V	hnútur/m^3	ganghraði/rúmmál
v	kg/m^3	eðlisþyngd/rúmmál
W	mm^3 W	mótstöðuvægi, Watt
α	gráður	geiri
ß	gráður	geiri
σ	MPa	spenna
Δ	kg	sæþyngd
τ	MPa	skerþol

6.2 Í reglum þessum eru notaðar einingar hins alþjóðlega einingakerfis „Systeme International d'Unites" skammstafað SI.

Helstu SI-einingar í reglunum eru:

Stærðir	SI-einingar	Tákn
afl	watt	W
hiti	celsíus	°C
kraftur	newton	N
lengd	metri	m

massi	kílógramm	kg
rafstraumur	amper	A
tíðni	herz	Hz
tími	sekúnda	sek
tími	mínúta	mín
tími	klukkustund	klst
vinna	júl	J
þrýstingur	pascal	Pa

Helstu yfir- og undireiningar eru myndaðar með:

Stærðir	Nafn	Tákn
milljón	mega	M
þúsund	kíló	k
1 hundraðasti	senti	c
1 þúsundasti	milli	m

Gildi SI-eininga:

SI-einingar	Gildi	Eldri einingar
1 N	1 kg m/sek	0,1020 kp
1 Pa	1 N/m^2	0,0010 kp/cm^2
1 kPa	0,001 MPa	0,0102 kp/cm^2
0,1 MPa	1 bar	1,0200 kp/cm^2
1 MPa	1 N/mm^2	0,1020 kp/mm^2
1 W	1 J/sek	0,8600 kcal/h
1 kW	3,6 MJ/klst	1,3600 hö
0,7355 kW		1 hö

1 hnútur = 1 sjóm/klst = 1,85 km/klst = 0,514 m/sek

FRÍBORÐ OG STÖÐUGLEIKI V-3

Efnisyfirlit

1. Fríborð þilfarsbáta
2. Fríborð opinna báta
3. Stöðugleiki þilfarsbáta
4. Stöðugleiki opinna báta
5. Kjölfesta

1. Fríborð þilfarsbáta

1.1 Fríborð miðskips skal ákveða út frá stöðugleika, stafnhalla og styrk á bol. Fríborð skal þó aldrei vera minna en 200 mm, mælt frá efri brún þilfars niður að vatnslínu, hvar sem mælt er á bátnum.

1.2 Fríborð að framan skal ekki vera minna en;
$17 \cdot L_m + 700$ mm; mælt frá lyftiþilfari eða fríborðsþilfari niður að vatnslínu. Hæðin á lyftiþilfarinu/fríborðsþilfarinu að framan má minnka línulega niður í lágmarksfríborð sbr. 1.1 á svæði sem er ekki minna en; $0,3 \cdot L_m$; mælt frá framstefninu.

2. Fríborð opinna báta

2.1 Fríborð skal ákveða út frá stöðugleika, stafnhalla og styrk á bol, en með hleðslu í því rými sem henni er ætlað skal fríborðið miðskips ekki vera minna en hið hærra af:

a) $F = \frac{3,2}{1000 \cdot L_m} \cdot \frac{\Delta}{B}$ m

b) $F = 0,5$ m

2.2 Við fyrrgreinda prófun skal:
- fríborð að framan ekki vera minna en $1,2 \cdot F$
- fríborð að aftan ekki vera minna en $0,8 \cdot F$ Sjá mynd í V-2.3.4.

3. Stöðugleiki þilfarsbáta

3.1 Hvern bát skal hallaprófa í viðurvist skoðunarmanns eftirlitsaðila. Bátarnir skulu prófaðir þegar smíði er að fullu lokið og allur fastur búnaður er kominn um borð. Niðurstöður prófunar skulu skráðar á þar til gerð eyðublöð og skal reikna út eiginþyngd, G, og staðsetningu þyngdarmiðju.

3.2 Þegar bátar eru raðsmíðaðir eftir sömu smíðalýsingu þannig að þeir hafi sömu aðalmál, þyngd og form á bol, styrkingar á sama veg, samskonar vélbúnað og fastan búnað á sama stað í bátunum, skal hallaprófa minnst tvo fyrstu bátana, en síðan má falla frá hallaprófun á næstu bátum, ef útreikningar eða vigtun sýnir að eiginþyngd, G, er hin sama og á hallaprófuðu bátunum.

3.3 Við athugun á stöðugleika skal reikna eftirgreind hleðslutilvik:
a) Við eiginþyngd skv. V-2.5.1 og eins fáum mönnum og mögulegt er.
b) Með áhöfn, eldsneytis- og vatnsgeyma fulla, allar birgðir og veiðarfæri.
c) Með hámarkshleðslu, þó aðeins 30% af eldsneyti, vatni og öðrum birgðum.
d) Með hámarkshleðslu, þó aðeins 10% af eldsneyti, vatni og öðrum birgðum.
e) Með 20% af farmi og 10% af eldsneyti, vatni og öðrum birgðum.
Fyrir það hleðslutilvik hinna þriggja síðasttöldu, c, d og e, sem sýnir minnstan stöðug-

leika, skal að auki reikna stöðugleikann með tilliti til ísingar. Gera skal ráð fyrir 40 kg/m^2 á þilfari og 10 kg/m^2 á hvorri hlið ofan sjólínu, möstur og handrið þar meðtalin. Þyngdarmiðju við framangreind hleðslutilvik skal reikna sem hér segir;

- lest, þar með talið lestarkarm, eldsneytisgeyma og aðra geyma, skal reikna út frá rúmmáli viðkomandi rýmis
- fyrir hleðslu á þilfari, að undanskildum mönnum og einstökum þungum stykkjum, skal reikna þyngdarmiðju út frá 1,0 t hleðslu sem er dreift jafnt á þilfarið, þó minnst 0,10 m ofan við þilfarið
- farþegar reiknast jafnt dreifðir á þilfarinu með þyngdarmiðju 1,0 m ofan við þilfarið
- fyrir báta sem ætlaðir eru fyrir flutning á þungum stykkjum, svo sem flutningartækjum eða öðru slíku með þyngdarmiðju hlutfallslega ofarlega, skal ganga út frá þyngdarmiðjunni sem næst því sem gera má ráð fyrir á viðkomandi stykkjum.

3.4 Þilfarsbátar skulu uppfylla eftirtaldar stöðugleikakröfur við öll þau hleðslutilvik sem tilgreind eru í 3.3, þó þarf ekki að taka tillit til ísingar:

a) Flöturinn undir réttiarmsboglínunni (GZ-línunni) skal ekki vera minni en 0,055 meterradianar að 30° hallahorni og ekki minni en 0,09 meterradianar að 40° hallahorni eða að fyllingaropum, ef það horn er minna en 40°. Auk þessa skal flöturinn undir réttiarmsboglínunni (GZ-línunni) milli hallahornanna 30° og 40° eða á milli 30° og hallahorni að fyllingaropum, ef það horn er minna en 40°, ekki vera minni en 0,03 meterradianar.

b) Réttiarmurinn GZ, skal ná minnst 0,20 m við hallahorn 30° eða stærra.

c) Stærsti réttiarmur skal vera við hallahorn, sem helst er stærra en 30°, en ekki minna en 25°.

d) Byrjunarmálmiðjuhæðin GM skal ekki vera minni en 0,35 m.

Heimilt er að miða kröfur við önnur stöðugleikamörk en framan greinir, fyrir einstakar gerðir báta, ef nauðsynlegt er talið frá öryggissjónarmiði.

3.5 Op sem eru ekki búin veðurþéttum lokunarbúnaði skoðast sem fyllingarop.

3.6 Við útreikninga á GZ-bogalínum er ekki litið á minni op, svo sem fyrir víra, keðjur o.þ.h. á þilfarshúsi eða öðrum yfirbyggingum sem fyllingarop. Lítil op með þvermál undir 20 mm, sem eru minnst 380 mm yfir fríborðsþilfari og fara ekki niður í vatn við 30° halla bátsins, þurfa ekki að skoðast sem fyllingarop.

3.7 Í hverjum báti skulu vera upplýsingar sem gera skipstjóra kleift að meta stöðugleika bátsins á auðveldan og öruggan hátt við mismunandi aðstæður.

3.8 Sjá V-30, V-31 og V-32 um sérkröfur til stöðugleika fiskibáta, farþegabáta og dráttarbáta.

4. Stöðugleiki opinna báta

4.1 Stöðugleika opinna báta skal kanna annað hvort með hallaprófun eða veltiprófun.

4.2 Sé notuð hallaprófun skal stöðugleiki bátanna uppfylla ákvæði um stöðugleika þilfarsbáta, sjá V-3.3 að undanskyldum kröfum um réttiarm, GZ.

4.3 Sé notuð veltiprófun skal hún gerð í viðurvist skoðunarmanns eftirlitsaðila. Bátarnir skulu prófaðir þegar smíði er að fullu lokið og allur fastur búnaður auk veiðarfæra er kominn um borð. Veltiprófun skal framkvæmd þannig að bátur er látinn velta frjálst og heildartími a.m.k. þriggja veltna mældur. Stöðugleiki báts skal teljast fullnægjandi ef meðaltími einnar heillar veltu (þ.e. milli bakborða-stjórnborða-bakborða eða öfugt), mældur í sekúndum er styttri en skráð mesta breidd bátsins í metrum.

5. Kjölfesta

5.1 Kjölfestu skal festa á þann veg að hún hreyfist ekki við 90° halla bátsins.

LÚGUR, HURÐIR OG GLUGGAR V-4

Efnisyfirlit

1. Lúgur á þilfarsbátum
2. Hurðir á þilfarsbátum
3. Lúgur og hurðir á opnum bátum
4. Gluggar
5. Lúgur á súð

1. Lúgur á þilfarsbátum

1.1 Karmar um lúguop á fríborðsþilfari skulu ekki vera lægri en 380 mm mælt frá þilfarinu. Karmar um lúguop á þilfari ofan við fríborðsþilfar skulu vera minnst 300 mm háir.


1.2 Lúgur sem opnaðar eru til sjós skulu vera á lömum eða festar við karminn með keðju. Ennfremur skal vera hægt að festa lúguna í opinni stöðu.


1.3 Karmar um lúgur sem almennt eru ekki opnaðar til sjós, neyðarlúgur o.þ.h., skulu vera minnst 230 mm á fríborðsþilfari og 100 mm á þilfari ofan við fríborðsþilfar.

1.4 Víkja má frá kröfum um hæð á körmum við eftirgreindar lúgur;
- lúgur yfir vélarrúmi sem aðeins eru opnaðar til viðhalds og viðgerða á vél
- lúgur sem ekki þarf að opna til sjós vegna notkunar á bátnum
- lúgur sem eru innan við 0,1 m^2 að stærð.

Skilyrði fyrir lúgum án karma eru að þær séu búnar fullnægjandi þéttingum og lokunarbúnaðurinn sé á þann veg að lúgurnar verði ekki auðveldlega opnaðar.

1.5 Til að lúgur teljist veðurþéttar og þar með fullnægjandi á þilfarsbáta, skulu þær búnar þéttingum sem ekki geta pressast út fyrir þéttikantinn og skálkbúnaði með hámark 600 mm millibili. Heimilt er að lamir sem pressa lúguna niður komi í staðin fyrir skálkspennur.





2. Hurðir á þilfarsbátum

2.1 Dyrum, til rýmis undir þilfari eða á yfirbyggingu sem reiknast til uppdriftar fyrir stöðugleika, skal lokað með veðurþéttum hurðum. Hurðirnar skulu hafa minnst sama styrk og þilið sem dyrnar eru á. Til að hurðirnar teljist veðurþéttar skulu þær búnar þéttingum og minnst tveimur þéttispennum auk lamanna.

2.2 Hurðir skal vera mögulegt að opna og loka bæði innan frá og utan.

2.3 Þröskuldar á dyrum til fríborðsþilfars skulu vera minnst 380 mm háir. Þröskuldar á dyrum til þilfars ofan við fríborðsþilfar skulu vera minnst 300 mm háir.

3. Lúgur og hurðir á opnum bátum

3.1 Lúgur á vélarúmi eða vélakössum skulu búnar lokunarbúnaði. Sama gildir um lúgur og hurðir á stýrishúsum og öðrum vistarverum.

4. Gluggar

4.1 Þykkt á gleri í gluggum skal vera samkvæmt töflu 4.1 sem miðuð er við hert gler, samanlímt gler og akrýlgler.

4.2 Þykkt á gleri miðast við staðsetningu gluggans og hvort báturinn er lokaður eða opinn. Í ljósi þess er töflunni skipt niður í þrjá dálka.

Dálkur 1 gildir um:

a) Glugga sem eru minnst í 0,5 m og að;

$$\frac{3{,}2 \cdot \Delta}{1000 \cdot L_m \cdot B}\ \text{m}$$ yfir hleðsluvatnslínu

Innan við framangreinda glugga skal vera blindlok á lömum sem loka má vatnsþétt.

b) Lárétta glugga og lúgur sem geta orðið fyrir álagi og eru í þilfari eða reisnarþaki á lokuðum bátum sem er ofan við;

$$\frac{3{,}2 \cdot \Delta}{1000 \cdot L_m \cdot B}\ \text{m}$$ yfir hleðsluvatnslínu

Samsvarandi gluggar/lúgur sem eru staðsettar neðar en framan greinir skal meta sérstaklega til samþykktar.

Dálkur 2 gildir um:

Glugga í yfirbyggingum, stýrishúsum o.þ.h. á lokuðum bátum sem eru ofan við;

$$\frac{3{,}2 \cdot \Delta}{1000 \cdot L_m \cdot B}\ \text{m}$$ yfir hleðsluvatnslínu

Dálkur 3 gildir um:

a) Glugga í yfirbyggingum á opnum bátum sem eru minnst ofan við fríborðshæð.

b) Glugga sem eru á annarri hæð yfirbygginga á lokuðum bátum, þó ekki um glugga á framhlið stýrishúss, þar gilda ákvæði í dálki 2.

4.3 Gluggar á bátssíðum skulu aldrei vera neðar á síðunum en 500 mm ofan við hleðsluvatnslínu og skal glerið auk þess vera minnst 10 mm innan við úthlið síðunnar. Rammar sem eru utanáliggjandi skulu ekki ná meira en 5 mm út fyrir bátssíðuna.

4.4 Litað gler eða rúður úr efni sem auðveldlega rispast má ekki hafa í gluggum framan við eða til hliðar við stýri.

4.5 Glugga skal festa tryggilega, einkum með tilliti til álags utan frá. Ef rúður eru stórar, úr sveigjanlegu efni eða staðsettar nærri vatnslínu skal falsið fyrir rúðurnar vera nægilega djúpt eða rúðurnar festar í falsinu til að þær komist ekki úr falsinu við sveigju.

4.6 Rúður í gluggum á rýmum sem reiknast til uppdriftar vegna stöðugleika skulu vera í föstum ramma sem er tryggilega festur við bátinn.

4.7 Ef rúður eru festar með gúmlistum, skulu þeir vera þannig lagaðir að rúðurnar þrýstist ekki inn við álag utan frá. Ennfremur skal auka þykktina á glerinu um 20% frá því sem tilgreint er í dálkum 1 og 2 í töflunni. Ef notað er annað gler en hert gler, skal þykktin vera með tilliti til stífleika og styrks á hertu gleri.

4.8 Ef notaðar eru rúður sem eru lengri eða breiðari en tilgreint er í töflunni, skal styrkur og stífleiki vera hlutfallslega samsvarandi.

5. Lúgur á súð

5.1 Lúgur á súð opinna báta skulu vera vatnsþéttar. Lúgur og karmar skulu ekki hafa

minni styrk en bolurinn að öðru leyti. Ekki má setja lúgur á bol þilfarsbáta neðan við fríborðsþilfar.

5.2 Neðsti kantur á lúgum á opnum bátum skal ekki vera neðar en 200 mm ofan við hleðsluvatnslínu.

5.3 Vegna þéttleika á lúgum sem eru að einhverju leyti neðar en 500 mm ofan við hleðsluvatnslínu, skulu þær búnar fullnægjandi þéttingum og skálkbúnaði með innan við 300 mm millibili. Lúgur sem eru ofan við 500 mm frá hleðsluvatnslínu, skulu vera það þéttar að ekki komist verulegt magn af vatni inn með lúgunum og vera búnar fullnægjandi lokunarbúnaði.

5.4 Niðurfellanlegar lúgur skulu hafa stoppara í neðstu stöðu lúgunnar.

Tafla 4.1

Hæð í mm	200	300	400	500	600	700
Breidd í mm	123	123	123	123	123	123
200	554	554	554	554	554	654
300	554	554	654	654	654	664
400	554	654	654	664	864	865
500	554	654	664	864	1065	1085
600	554	654	864	1065	1085	1085
700	654	864	865	1085	1085	1085
800	-54	-64	-65	-85	-85	-106
900	-54	-65	-85	-85	-106	-106
1000	-54	-65	-85	-85	-106	-106
1100	-54	-65	-85	-106	-106	-126
1200	-54	-65	-85	-106	-106	-126
1300	-54	-65	-86	-106	-126	-126
1400	-54	-65	-86	-106	-126	-126

AUSTUROP OG ÖNNUR OP Á BOL V-5

Efnisyfirlit

1. Austurop á þilfarsbátum
2. Op á súð
3. Op loftrása
4. Loftrásir

1. Austurop á þilfarsbátum

1.1 Austuropum skal deilt jafnt niður eftir lengd þilfarsins, en þó skal taka tillit til þess hvar mestar líkur eru á að sjór safnist, t.d. vegna niðurskurðar þilfars eða lægsta hluta þess.

1.2 Á bátum þar sem skjólborðsklæðning, yfirbyggingar o.þ.h. mynda brunn, skal setja austurop, A, sem eru ekki minni á hvorri hlið bátsins en:
$A = 0{,}02 \cdot V\ m^2$
V = rúmmál brunnsins í m^3

1.3 Rúmmál brunnsins er byggt á flatarmáli þilfarsins og hæð skjólborðsklæðningar. Frá þessu má draga rúmmál á lúgum og þilfarshúsum upp að efri brún á skjólborðsklæðningu.

1.4 Lúgur, ef þær eru til staðar, eða utanáliggjandi gúmblöðkur skulu vera á lömum að ofan. Frágangur á lúgum skal vera á þann veg að ekki sé hætta á að þær sitji fastar. Lamir skulu vera úr efni sem ekki ryðgar. Lokunarbúnað má ekki hafa á lúgum við austurop.

1.5 Stór austurop skulu búin rimlum með hámark 330 mm millibili, þó hámark 230 mm frá þilfari að lægsta rimli.

2. Niðurföll af plittum


2.1 Niðurföll af plittum opinna báta sem eru ofan við vatnslínu bátanna, sbr. ákvæði í V-30.11.1, skulu aldrei vera minni en þar segir þó skal dýpt plittabrunnsins aldrei reiknuð minni en 500 mm.


3. Op á súð

3.1 Við op á súð sem eru undir þilfari eða plittum, eða innan við 100 mm yfir hleðsluvatnslínu, skulu vera lokanlegir lokar.

3.2 Lokinn skal vera ætlaður til nota í bátum, vera handvirkur og vel aðgengilegur undir öllum kringumstæðum. Í ljósi þess mega lokanlegir lokar ekki vera staðsettir í lest. Handföng skulu þannig fest við lokana að þau losni ekki við notkun.

3.3 Við op á súð sem eru ofan við vatnslínu á báti við eiginþyngd og neðar en 350 mm yfir hleðsluvatnslínu eða undir þilfari, skal vera einstefnuloki sem kemur í veg fyrir að vatn renni inn í bátinn. Þó þarf ekki einstefnuloka ef lögnin nær ofar en 350 mm yfir hleðsluvatnslínu eða 250 mm upp fyrir þilfar.





3.4 Lagnir sem tengjast opum á súð skulu vera á þann veg að vatn geti ekki runnið inn í bátinn þótt lokanlegir lokar standi opnir.

3.5 Slöngur sem tengjast við op í súð, neðar en 350 mm yfir hleðsluvatnslínu, skal festa með tveimur hosuklemmum í báða enda, nema með sérstöku samþykki, þó nægir að festa innri endann með einni hosuklemmu, ef lögnin nær að einhverju leyti ofar en 350 mm yfir hleðsluvatnslínu. Tengistútar skulu vera rifflaðir.

4. Op loftrása

4.1 Á þilfarsbátum skal op loftrása vera minnst 450 mm ofan við þilfar og vera þannig fyrirkomið að ágjöf sjávar stofni ekki öryggi bátsins í hættu. Hæð og staðsetning opanna skal auk þess vera þannig að hvorki renni vatn inn um þau á opnum bátum þó þeir halli 30° né inn um opin á þilfarsbátum við allt að 40° halla. Ytra op loftrása á opnum bátum skal vera minnst 380 mm ofan við plitta.

5. Loftrásir

5.1 Loftrásir skulu ná upp undir öldustokk, þó minnst 450 mm upp frá þilfari og vera þannig staðsettar að þær verði ekki fyrir áverkum vegna vinnu á þilfari.

5.2 Loftrásir skulu vera þannig að vatn gangi ekki niður í eldsneytisgeyma, rafhlöðurými o.þ.h., til dæmis skal vera á þeim svanaháls eða einstefnuloki.

5.3 Loftrásir til eldsneytisgeyma skulu liggja út fyrir opið rými opinna báta og upp fyrir þilfar á lokuðum bátum, þannig að yfirfall við áfyllingu fari ekki inn í bátinn.

6. Önnur op

6.1 Öll önnur op en að framan greinir skulu vera minnst 450 mm ofan við þilfar á þilfarsbátum og 380 mm ofan við plitta á opnum bátum og vera þannig fyrir komið að ágjöf sjávar stofni ekki öryggi bátsins í hættu.

VATNSÞÉTT HÓLF OG AUSTURBÚNAÐUR V-6

Efnisyfirlit

1. Vatnsþétt hólf
2. Austurbrunnar
3. Vél- og rafdælur
4. Handdælur
5. Viðvörun um vatn
6. Austurlagnir

1. Vatnsþétt hólf

1.1 Vélarúm, lest og vistarverur í þilfarsbátum skulu vera aðskilin hvert frá öðru með vatnsþéttu skilrúmi frá botni og upp að þilfari. Í opnum bátum skal vélarúm vera aðskilið vatnsþétt frá öðru rými bátsins frá botni og upp að hleðsluvatnslínu eða plittum, hvort heldur sem er hærra.

1.2 Lúgur og hurðir á vatnsþéttum skilrúmum skulu hafa fullnægjandi lokunarbúnað og hafa minnst sama styrk og viðkomandi skilrúm.
1.3 Ef rör eða raflagnir ganga í gegnum vatnsþétt skilrúm skal frágangur vera á þann veg að skilrúmið haldist vatnsþétt.

2. Austurbrunnar


2.1 Í bátum með frárennsli af plittum eða þilfari er heimilt að hafa sérstakan austurbrunn í botni bátanna fyrir frárennslisvatnið skv. nánari fyrirmælum siglingamálastjóra.

3. Vél- og rafdælur


3.1 Austurkerfi skal vera á þann veg að mögulegt sé að dæla úr hverju vatnsþéttu hólfi bátsins. Þó er heimilt að á litlum hólfum, svo sem stýrisvélarými, keðjukassa eða öðrum hólfum af svipaðri stærð, sé frárennsli að austurdælu með loka utan við viðkomandi hólf.
3.2 Austurdælur skulu vera vél- eða rafknúnar. Austurkerfið má vera hvort heldur sem er ein dæla og fastar soglagnir í hvert vatnsþétt hólf, með einstefnuloka á hverri lögn, eða sérstök dæla til austurs úr hverju hólfi fyrir sig. Hverri austurdælu skal vera stjórnað úr stýrishúsi.
3.3 Hver dæla skal ekki afkasta minna en tilgreint er í eftirfarandi töflu:

		L_m	< 8 =	80	l/mín.
8	≤	L_m	<12 =	120	l/mín.
12	≤	L_m	<15 =	180	l/mín.

3.4 Austurkerfi skal lagt á þann veg að vatn geti ekki runnið úr einu vatnsþéttu hólfi til annars gegnum austurlagnirnar.



3.5 Rafknúnar austurdælur má ekki tengja við rafgeyma til gangsetningar vélar. Dælu má ekki staðsetja í lest, nema hún sé aðgengileg til hreinsunar undir öllum kringumstæðum eða í lestinni sé önnur dæla til vara sem nota má ef aðaldælan stíflast.
3.6 Austurbúnaðinn má almennt ekki nota til annars en til austurs úr bátnum. Þó er heimilt að tengja sjólögn við austurlögnina að því tilskildu að báturinn sé búinn minnst tveimur dælum með aðskildar lagnir og tengingin sé á þann veg að sjór geti ekki runnið inn í bátinn.



3.7 Ekki má tengja saman ólíka málma þar sem það getur valdið tæringu.

4. Handdælur

4.1 Handdæla skal vera til austurs úr vélarrúmi og skal hún vera föst við bátinn og staðsett utan við vélarrúmið og sem næst stjórnpalli.

4.2 Hver handdæla skal ekki afkasta minna en tilgreint er í eftirfarandi töflu:

Mesta lengd í metrum	Lítri í slagi blöðku-dæla	Lítri í slagi stimpil-dæla
- 8,0	0,5	0,7
8,0 - 10,0	0,7	1,0
10,0 -	0,9	1,25

4.3 Í bátum með tvær vélar og tvær vélknúnar dælur, eina knúna af hvorri vél, þarf ekki handdælu í vélarrúmi. Einnig má hafa rafknúna dælu í stað handdælu, enda sé hún ekki knúin af sömu vél og aðaldælan.

5. Viðvörun um vatn

5.1 Þilfarsbátar og opnir bátar með plitta ofan við hleðsluvatnslínu skulu búnir viðvörunarkerfi sem gefur merki á fullnægjandi hátt um vatn í vélarrúmi, annaðhvort með hljóðmerki, ljósi eða hvort tveggja


6. Austurlagnir


6.1 Austurlagnir skulu vera úr óbrennanlegu efni eða slöngum sem uppfylla ákvæði í EB-11.

6.2 Austurlagnir skal festa á fullnægjandi hátt.

Mynd 6.1
Dæmi um austurbúnað:

1. Vélknúin dæla
2. Rafknúin dæla
3. Handdæla
4. Sía
5. Lokanlegir einstefnulokar
6. Skiptiloki
7. Sigti
8. Síðuflans





STÝRISBÚNAÐUR V-7

Efnisyfirlit

1. Almennt
2. Stýriskraftur
3. Stýrisásar og hæltappar
4. Legur, stýrisástengi og þétting
5. Stýrisfjöður
6. Stærð stýrisfjaðra

1. Almennt

1.1 Stýrisbúnaður skal vera á þann veg að auðvelt sé að stjórna bátnum á þeim hámarkshraða sem báturinn er viðurkenndur fyrir. Barkastýrisbúnaður og stýrishjól skulu uppfylla ákvæði í EB-12 og EB-14. Stýrisbúnaður skal þannig varinn að hann geti ekki snert hluti sem gera stjórn bátsins erfiða eða ómögulega.

1.2 Á bátum sem ekki er stjórnað með stýrissveif sem fest er beint á stýrisásinn, skal vera stoppari við stýrisfjöðrina.

1.3 Bátar sem eru viðurkenndir fyrir aflmeiri utanborðsvélar en 15 kW (20 hö) skulu búnir stýrishjóli. Gera má kröfu um stýrishjól á öðrum bátum ef nauðsynlegt er talið af öryggisástæðum.

1.4 Stjórnborð, sem og annar stýrisbúnaður, skal hafa nægan styrk og vera það vel fest við bolinn að búnaðurinn þoli það álag sem á hann reynir, þar með talinn þann kraft sem stjórnandi bátsins gæti valdið í veltingi eða við aðrar hreyfingar bátsins. Heimilt er að krefjast skrúfaðra tenginga úr ryðfríu stáli. Allar skrúfaðar tengingar á stýrisbúnaði við bátinn skulu vera læstar.

1.5 Göt fyrir stýrislagnir o.þ.h. á brunnum fyrir utanborðsvélar skulu þétt á fullnægjandi hátt.

1.6 Vökvaslöngur og rör skulu varin fyrir hita og sliti og vera fest með sem næst 300 mm millibili. Vökvaáfylling og lofttappar skulu vera aðgengilegir.

1.7 Á bátum sem ekki er stjórnað með stýrissveif sem fest er beint á stýrisásinn, skal vera neyðarstýri. Neyðarstýri má vera neðan þilfars að því tilskildu að það sé aðgengilegt frá þilfari undir öllum kringumstæðum. Á bátum með tvær skrúfur þarf ekki neyðarstýri, ef sýnt er með reynslusiglingu að örugglega má stjórna bátnum með skrúfunum. Á bátum með tvö aðskilin stjórnkerfi sem hvort um sig má nota til að stjórna bátnum, þarf ekki neyðarstýri ef stjórnkerfin eru ekki búin vökvaslöngum. Á bátum sem stjórnað er með utanborðsdrifi eða utanborðsvél þarf ekki neyðarstýri.

2. Stýriskraftur

2.1 Þar sem ekki er annað tilgreint gilda eftirgreind tákn:

A = flatarmál á stýrisfjöður í m^2
d_a = þvermál á stýrisási við stýrisarm í mm
d_t = þvermál á hæltappa
d_v = þvermál á gegnheilum stýrisási í mm
K = stýriskraftur í N
M = vægi í N mm
P = kraftur á stýrisfjöður í N

$$P = 110 \cdot A \cdot V^2$$

R_p 0,2= flotmörk í MPa

S_a = lengd á stýrisarmi í mm
S_b = lengd í mm frá þrýstimiðju stýrisfjaðrarinnar að skutlegu
S_v = lengd í mm frá þrýstimiðju stýrisfjaðrarinnar að snúningslínu á stýrisási, mælt hornrétt frá snúningslínu. Þrýstimiðja á plötustýri skal vera 40% af breidd stýrisfjaðrarinnar, mælt frá framkanti. Þrýstimiðja á tvöföldu stýri skal vera 30% af breidd stýrisfjaðrarinnar, mælt frá framkanti
T = prófunarálag
t_e = þykkt á plötu í plötustýri
t_d = þykkt á plötum í tvöföldu stýri
t_t = þykkt á eikarstýri
U = hámarksvélarafl í kW
V = mesti ganghraði bátsins í hnútum


2.2 Stýriskraftur á báti með utanborðsvél eða hálfutanborðsvél skal vera minnst:
$K = 10 \cdot U$ N

2.3 Stýriskraftur á báti með stýri skal við vélarfestinguna vera minnst:
$K = P \cdot S_v / S_a$ N


2.4 Stýrisbúnaður með fast stýrishjól skal þola eftirgreint álag, T, á viðkomandi vél eða festingu stýrisarmsins:
$T = 3{,}5 \cdot K$ á barkastýrisbúnað
$T = 1{,}5 \cdot K$ á vökvastýrisbúnað
$T = 2{,}0 \cdot K$ á annan stýrisbúnað

3. Stýrisásar og hæltappar

3.1 Stýrisásar sem festir eru í hællegu að neðan, hafa snúningsvægið:
$M = (0{,}25 \cdot P \cdot S_b + 0{,}5 \cdot P \cdot \sqrt{S_b} + 2 \cdot S_v^2)\ 1{,}15$



3.2 Stýrisásar á spaðastýri hafa snúnings- og beygjuvægið:
$M = (0{,}5 \cdot P \cdot S_b + 0{,}5 \cdot P \cdot \sqrt{S_b^2 + 2 \cdot S_v^2})\ 1{,}15$



3.3 Þvermál á gegnheilum stýrisási skal ekki vera minna en:
$d_v = 2{,}2 \cdot \sqrt[3]{M} / R_p\ 0{,}2$ mm
$R_p\ 0{,}2$ = flotmörk stýrisássins í MPa
Þvermálið má þó minnka línulega frá skutlegu og upp að stýrisarmi niður í:
$d_a = 0{,}8 \cdot d_v$ mm


3.4 Holur stýrisás skal hafa þvermál skv. eftirfarandi líkingu:
$d_v = \sqrt[3]{(d_1^4 - d_2^4)} / d_1$ mm
d_v = þvermál á gegnheilum stýrisás
d_1 = ytra þvermál á hola stýrisásnum
d_2 = innra þvermál á hola stýrisásnum

3.5 Þvermál á hæltappa skal ekki vera minna en:
$d_t = 5{+}0{,}6 \cdot d_v$ mm

4. Legur, stýrisástengi og þétting

4.1 Legur við stýrisás og festingar leganna við bolinn skulu þola stýriskraftinn P. Lengd á legum skal ekki vera minni en d_v. Stýrisás við spaðastýri skal hafa stuðning af legu sem er minnst S_b ofan við skutleguna. Ef bilið á milli stýrisarms og skutlegu á stýri sem fest er með hællegu að neðan, er meira en 6 sinnum þvermálið á stýrisásnum, skal sett burðarlega efst á stýrisásinn.

4.2 Þvermál á boltum í stýrisástengi má ekki vera minna en:
$d_b = 0{,}65 \cdot d_v / \sqrt{n}$ mm
d_v = þvermál á stýrisási í mm
d_b = þvermál á boltum í mm
n = fjöldi bolta; boltar skulu ekki vera færri en fjórir
Fjarlægð bolta í láréttu stýrisástengi frá miðju stýrisáss skal ekki vera minni en sem nemur þvermáli ássins.



4.3 Boltar í stýristengingu skulu festir á þann veg að þeir losni ekki við titring. Þykkt á stýrsástengi skal ekki vera minni en þvermál bolta. Breidd á stýrisástengi utan við boltana skal ekki vera minni en þvermál bolta.

4.4 Stýrisáspípa á að ná minnst 350 mm upp fyrir hleðsluvatnslínu og vera búin þéttihring. Ef þessu verður ekki við komið, skal vera á stýrisáspípunni fullnægjandi þéttidós.

5. Stýrisfjöður

5.1 Stýrisfjaðrir úr stáli, áli og glertrefjastyrktum pólýestra skulu hafa gegnumgangandi ás frá stýrisástengi niður að hæltappa. Þvermál ássins skal ekki vera minna en þvermál á hæltappa skv. 3.5. Á spaðastýri má þvermál ássins þó minnka niður í ekki neitt við neðri brún stýrisfjaðrarinnar.

5.2 Stýrisfjaðrir úr stáli og áli, hvort heldur sem plötustýri eða tvöföld stýri, skulu hafa minnst tvær þverstyrkingar þvert á ásinn, með hámark 600 mm millibili. Þykkt þverstyrkinganna skal ekki vera minni en þykkt á plötum í tvöföldu stýri skv. 5.4.

5.3 Þykkt á plötustýri úr stáli eða áli skal ekki vera minni en:
$t_e = 3 + 0{,}125 \cdot d_v$ mm
d_v = þvermál á stýrisási skv. 3.3.

5.4 Þykkt á plötum í tvöföldu stýri skal ekki vera minni en:
$t_d = k \cdot t_e$ mm
k = 0,46 fyrir stál eða ál
k = 0,33 fyrir ryðfrítt stál
t_e = þykkt á plötustýri skv. 5.3.

5.5 Stýrisfjaðrir úr glertrefjastyrktum pólýestra, skulu vera tvöföld stýri með stálstyrkingum sem soðnar eru á ásinn með hámark 200 mm millibili. Þykkt þverstyrkinganna skal ekki vera minni en þykkt á plötustýri skv. 5.3, breiddin minnst 10 · þykktin og lengdin ekki minni en 75% af lengdinni frá ásnum að fram- eða afturkanti stýrisfjaðrarinnar.

5.6 Stýrisfjöður úr glertrefjastyrktum pólýestra, sem smíðuð er í tveimur hlutum, skal fyllt með styrktum pólýestra eða samsvarandi efni og hlutarnir límdir saman á flönsum við kantana. Þykkt hliðanna skal ekki vera minni en þykkt á tvöföldu stýri úr stáli eða áli skv. 5.4.

5.7 Stýrisfjaðrir úr tré skulu vera úr eik og festast við stýrisás og hæltappa með stálgöfflum

sem eru ekki þynnri en 0,8 · þykkt á plötustýri skv. 5.3. Stálgafflarnir skulu heilsoðnir við stýrisásinn og hæltappann og boltast við stýrisfjöðrina með minnst þremur boltum að ofan og tveimur að neðan og skal þvermál þeirra ekki vera minna en þvermál bolta í stýrisástengi skv. 4.2.

5.8 Þykkt á stýrisfjöður úr eik skal ekki vera minni en:
$t_t = 7{,}3 \cdot t_e$ mm
t_e = þykkt á plötustýri skv. 5.3.

5.9 Stýrisfjaðrir sem eru auðlosanlegar skulu þannig festar að þær geti ekki hrokkið af eða losnað.

6. Stærð stýrisfjaðra

6.1 Stýrisfjöður skal vera nægilega stór til að tryggja fulla stjórn á bátnum skv. nánari fyrirmælum siglingamálastjóra.

VÉLBÚNAÐUR V-8

Efnisyfirlit

1. Vélar
2. Vélarúm
3. Slöngulagnir
4. Útblásturslagnir
5. Stjórntæki og mælar
6. Búnaður vegna utanborðsvéla
7. Kælivatnsbúnaður
8. Loftrásir

1. Vélar

1.1 Vinnubátar skulu búnir dísilvélum. Þó má hafa utanborðs bensínvélar í öðrum bátum en farþegabátum, ef $L_m \cdot B$ er minna en 20.

1.2 Heimilt er að krefjast tegundarviðurkenningar frá viðurkenndu flokkunarfélagi fyrir vélar sem eru 100 kW (136 hö) eða stærri.

1.3 Ef aðalvél stendur á sveigjanlegum undirstöðum, t.d. gúmpúðum, skal skrúfuásinn festur við vélina með sveigjutengi, nema lengdin frá vél að næstu legu við skrúfuásinn sé meiri en 40 sinnum þvermál hans. Þó þarf ekki sveigjutengi ef skrúfuásinn hefur aðeins stuðning af einni skutlegu. Sjá V-10.1.5 um sveigjutengi.

1.4 Óheimilt er að festa vélum með gúmpúðum nema fyrir liggi staðfesting frá vélarframleiðanda um að púðarnir hafi fullnægjandi styrk fyrir viðkomandi vél og séu gerðir fyrir langskipskrafta frá skrúfubúnaði, ef þeir verða fyrir slíku álagi.

2. Vélarrúm

2.1 Fyrirkomulag í vélarrúmi skal vera á þann veg að rýmið sé ekki notað til annarra hluta en því er ætlað. Allur vélbúnaður sem þarf þjónustu og eftirlit skal vera vel aðgengilegur. Geymslurými skal aðskilið frá vélarrými með skilrúmi. Til að létta störf við stærri viðgerðir mega skilrúm vera losanleg, að því tilskildu að þau uppfylli kröfur um styrk og þéttleika skilrúma.

2.2 Kýraugu eða önnur gler til birtugjafa má ekki setja á bátssíðu, þilfar eða reisn yfir vélarrúmi. Í vélarrúmi skal vera raflýsing.

3. Slöngulagnir

3.1 Allar slöngur skulu vera sjáanlegar og aðgengilegar til skoðunar. Slöngur skulu uppfylla ákvæði í EB-9, 10 og 11 og vera fest við rifflaða stúta með tveimur sýruheldum hosuklemmum. Millibil festinga á ekki að vera meira en 10 til 15 sinnum þvermálið.


4. Útblásturslagnir

4.1 Sjókældar útblásturslagnir skulu vera úr efni sem ekki tærist. Ekki má tengja saman ólíka málma þar sem það getur valdið tæringu.

4.2 Í bátum með fleiri en eina vél skal vera sérstök útblásturslögn fyrir hverja vél.

4.3 Útblásturslagnir skulu lagðar á þann veg að þær verði ekki fyrir ákomu. Lagnirnar má þó ekki loka inni í trefjaplasti. Ekki má vera frárennslisloki á útblásturslögn í lokuðum vistarverum.

4.4 Útblástursop á opnum bátum skal vera minnst 100 mm yfir hleðsluvatnslínu. Þó má opið vera neðar ef lögnin frá opinu er pípa af minnst sama styrk og súðin, sem er tryggilega fest við bolinn og nær minnst 100 mm upp fyrir hleðsluvatnslínuna. Á þilfarsbátum skal opið vera ofan við þilfarið. Útblásturslagnir skulu lagðar á þann veg að hluti þeirra sé minnst 350 mm yfir hleðsluvatnslínu á opnum bátum en 250 mm ofan við þilfar á þilfarsbátum með fallrennsli til opsins á súðinni.



5. Stjórntæki og mælar

5.1 Öll stjórn á aðalvél skal vera með einföldum hætti og stjórntækin aðgengileg frá stýri.

5.2 Mælar og viðvörunarkerfi skal vera á þann veg að við stýrið sé hægt að fylgjast með:

- snúningshraða aðalvélar
- olíuþrýstingi aðalvélar
- olíuþrýstingi á gír

- hita á kælivatni
- hita á útblæstri

Í bátum með vél minni en 100 kW nægir að við stýrið séu viðvörunarljós í stað mæla, að undanskildum snúningshraðamæli aðalvélar.

Á mælum skal almennt vera merki sem sýnir ef vél er notuð óeðlilega og einnig skulu mælar vera vel lýstir. Auk framangreindra mæla skulu hljóðmerki gera vart við óeðlilega notkun vélarinnar.

6. Búnaður vegna utanborðsvéla

6.1 Afturgafl skal búinn hlífðarplötum beggja megin sem er vel fest við gaflinn vegna festiskrúfa utanborðsvéla. Á efri brún innri plötunnar skal vera minnst 5 mm hár kantur sem varnar því að festiskrúfur vélarinnar renni upp af gaflinum.

6.2 Utanborðsvélar með vélarafl meira en 15 kW (20 hö) skulu festar við afturgafl með gegnumgangandi boltum.

6.3 Bátar með vélarafl meira en 15 kW (20 hö) skulu hafa vélarbrunn með frárennsli til sjávar, sem er minnst 15 mm í þvermál.

6.4 Öll göt á vélarbrunni, fyrir stjórnbarka, eldsneytislagnir o.þ.h., skulu vera þétt. Botn vélarbrunns skal vera ofan við sjólínu við eiginþyngd bátsins.

6.5 Vélarbrunnur skal vera það stór að auðveldlega megi stjórna vélinni og að mögulegt sé að reisa vélina upp.

7. Kælivatnsbúnaður

7.1 Kælivatnsbúnaður skal vera úr efni sem ekki tærist. Ekki má tengja saman ólíka málma þar sem það getur valdið tæringu.

7.2 Sjóinntak skal annaðhvort búið sigti eða síu.

7.3 Utanáliggjandi kælivatnslagnir skulu varðar eins og kostur er.

7.4 Ef sía er á kælivatnslögn skal þannig frá henni gengið að hana megi hreinsa á auðveldan hátt.

7.5 Lagnir og síur í vélarrúmi skulu ekki vera úr hitadeigu plasti. Heimilt er að nota slöngur í kælivatnslagnir, enda séu þær samþykktar sérstaklega til þeirra nota.

8. Loftrásir

8.1 Loftrás til vélarrúms skal lögð á þann veg að hún afkasti því loftstreymi sem nauðsynlegt er skv. leiðbeiningum vélarframleiðanda. Op loftrásarinnar í vélarrúminu skal almennt vera í gagnstæðri síðu við loftinntak vélarinnar og ytra opið sem lengst frá útblástursopi, þannig að útblástur vélarinnar eigi ekki greiða leið inn í vélarrúmið aftur.

8.2 Loftrás fyrir eðlilegan súg skal ekki hafa minna þverskurðarflatarmál en:

$A = 7 \cdot kW\ cm^2$ eða

$5{,}2 \cdot hö\ cm^2$.

kW/hö = afl vélar í viðkomandi vélarúmi.

8.3 Í vélknúinni loftrás skal afkastageta viftunnar ekki vera minni en:

$Q = 8 \cdot kW\ m^3/klst.$

Ekki skal taka tillit til hugsanlegra loftrása fyrir eðlilegan súg ef vélarrúmið er loftræst með viftu.

8.4 Loftrásir á þilfarsbátum skulu búnar lokunarbúnaði sem stjórna má utan við vélarrýmið. Lokunarbúnaðurinn skal vera þannig að festa megi lokið bæði í opinni og lokaðri stöðu.

8.5 Sjá V-9.3.2 um hugsanlega yfirfyllingu um loftrásir eldsneytisgeyma.

ELDSNEYTISBÚNAÐUR V-9

Efnisyfirlit

1. Almennt
2. Eldsneytisgeymar
3. Eldsneytislagnir

1. Almennt

1.1 Á eldsneytislögn til vélar skal vera aðgengileg sía og vatnsskilja sem gerir mögulegt að hleypa vatni undan eldsneytinu á auðveldan hátt. Síur má ekki hafa inni í eldsneytisgeymum.

1.2 Lögn fyrir rennsli til baka frá vél skal ná niður undir botn á eldsneytisgeyminum.

1.3 Eldsneytisgeymar skulu standa á traustum undirstöðum og vera tryggilega festir. Eldsneytisgeymar skulu þannig staðsettir að loftrás í kringum þá sé óhindruð.

2. Eldsneytisgeymar

2.1 Á eldsneytisgeymum fyrir dísilolíu má tengja eldsneytislagnir við botn geymanna, að því tilskildu að loki sé á lögnunum við geymana. Ennfremur má leggja lagnir á milli dísilolíugeyma, enda séu lokar á lögnunum við hvern eldsneytisgeymi. Þá er heimilt að setja frárennslisloka á botn eldsneytisgeyma fyrir dísilolíu.

2.2 Bátar með utanborðsvélar skulu hafa festingar fyrir færanlega bensíngeyma. Festingarnar skulu vera á þann veg, að auðvelt sé að festa geymana. Sjá V-8.1.1.

2.3 Bensíngeymar skulu vera úr ryðfríu stáli eða sjóþolnu áli og vera í rými sem er loftþétt aðskilið frá öðrum hólfum bátsins og loftræst út.


2.4 Geymir sem rúmar meira en 50 l skal hafa nauðsynleg skvettiskilrúm. Skvettiskilrúmin skulu hafa fullnægjandi op á milli hólfa, bæði að ofan og neðan. Á eldsneytisgeymum skal vera aðgengileg skoðunarlúga sem gerir mögulegt að hreinsa hvert hólf geymanna.


2.5 Hver eldsneytisgeymir skal hafa dýpilpípu, hæðarmæli eða annan búnað sem gefur til kynna eldsneytismagnið í geyminum. Við utanáliggjandi sjónglös skal vera sjálflokandi loki.


2.6 Eldsneytisgeymar úr glertrefjastyrktum pólýestra skulu smíðaðir úr ísotalspólýestra og duftbundinni glertrefjamottu í innsta lagi geymanna, þ.e. því lagi sem næst er innsíðu geymanna. Geymarnir skulu ennfremur húðaðir að innan með ísótalsslithúð.

2.7 Smíði færanlegra eldsneytisgeyma úr stáli, ryðfríu stáli eða áli, skal metin á sama veg og smíði annarra eldsneytisgeyma. Sama gildir um suðu geymanna sem má ekki vera kantsuða. Sjá eftirfarandi myndir:


Viðurkennndar suður







Ekki viðurkennd suða



2.8 Efnismál eldsneytisgeyma skal vera með tilliti til styrkinga og lögunar, en þykkt skal þó aldrei vera minni í mm en sú niðurstaða sem lægri er úr eftirfarandi töflu eða líkingu:

Stærð í lítrum	-50	50-100	100-200	200-500	500-1000	1000-
Stál 37-2	1,50	2,00	3,0	4,0	5,0	6,0
Ryðfrítt stál	1,25	1,25	2,0	2,5	3,0	4,0
Ál	2,00	3,00	4,0	4,5	5,0	6,0
Trefjaplast	4,00	4,00	4,0	4,5	5,0	6,0
Pólýten	5,00	7,00	9,0	-	-	-

t = 0,8 · s · h + k mm
s = millibil styrkinga í metrum eða styttri hliðin á óstyrktum fleti
h = þrýstihæð í metrum, frá botni geymisins upp að opi á loftpípu
k = 0,7 sinnum þykktin sem krafist er fyrir viðkomandi stærð af geymum í töflunni

3. Eldsneytislagnir

3.1 Eldsneytislagnir skulu almennt vera úr stáli eða kopar. Dísilolíulagnir mega þó vera úr slöngum, enda uppfylli þær ákvæði í EB-8.

3.2 Hver fastur eldsneytisgeymir skal hafa sérstaka áfyllingarpípu og aðra loftpípu. Op loftræstilagnarinnar skal vera þannig staðsett að vatn gangi ekki inn í geyminn. Þvermál áfyllilagnarinnar að innan skal vera minnst 38 mm og þvermál loftrásarinnar minnst 12 mm. Lagnirnar skulu lagðar á þann veg að yfirfall við áfyllingu eða olíuloft vegna uppgufunar fari ekki inn í bátinn.

3.3 Á eldsneytislögnum skal vera loki við eldsneytisgeyma sem gerir mögulegt að loka fyrir rennsli frá geymunum á aðgengilegum stað utan vélarrúms.


3.4 Eldsneytislagnir skulu tryggilega festar og þær varðar þannig að þær verði ekki fyrir áverkum, sliti eða öðru slíku. Eldsneytislagnir skulu lagðar með nægilega stórum lykkjum vegna hugsanlegra hreyfinga á lögninni. Ekki má tengja saman ólíkar efnistegundir þar sem það gæti valdið tæringu. Allir hlutir sem tengjast saman skulu vera í sama gæðaflokki.

3.5 Tengingar á slöngum skulu vera tryggilega þéttar. Ef notaðar eru hosuklemmur skulu þær vera minnst tvær á hverri tengingu og skulu tilheyrandi stútar vera riffl aðir. Hosuklemmur skulu vera úr sýruheldu efni.

3.6 Eldsneytisbúnaðurinn fullfrágenginn skal þéttiprófaður með 0,02 MPa (0,2 kp/cm^2) yfirþrýstingi. Þéttiprófa má með lofti og sápuvatni.

3.7 Sjá 1.1 um síu og vatnsskilju á eldsneytislögnum til véla.

Mynd 9.1
Dæmi um eldsneytislagnir:
V = vél
E = eldsneytisgeymir
S = vatnsskilja
L = loki, sjá 2.1 og 3.3



SKRÚFUBÚNAÐUR V-10

Efnisyfirlit

1. Skrúfuás
2. Legur og millibil þeirra
3. Ásberar

1. Skrúfuás

1.1 Efni í skrúfuásum skal hafa brotþol sem er ekki minna en 440 MPa (44 kp/mm^2).

1.2 Þvermál á skrúfuásum skal uppfylla tilmæli vélarframleiðanda en skal þó aldrei vera minna en:

$d = 30\ \sqrt[3]{p} / r \cdot$ mm, þar sem

d = þvermál skrúfuássins

p = hámarksvélarafl við stöðugt álag í kW

r = snúningshraði skrúfu í sekúndum.

1.3 Ef efni í skrúfuási hefur meira brotþol en 440 MPa má leiðrétta þvermálið með því að margfalda það með eftirgreindum stuðli f:

$f = \sqrt[3]{600} / (\sigma_b + 160)$

σ_b = brotþol efnisins í viðkomandi skrúfuási þó hámark 700 MPa, án tillits til raunverulegs brotþols skrúfuássins.

1.4 Við skrúfuása sem ganga í gegnum vatnsþétt skilrúm skal þess gætt að styrkur og þéttleiki skilrúmsins haldist.

1.5 Ef skrúfuás er festur við vél með sveigjutengi, sbr.V-8.1.3, skal sveigjutengið vera þannig upp byggt að vélin geti knúið bátinn þó sveigjutengið bili.

2. Legur og millibil þeirra

2.1 Veggþykkt á legum við skrúfuás skal ekki vera minni en:

$t = (d + 230)/ 32$ mm

d = þvermál á skrúfuási í mm.

2.2 Lengd á öftustu legu við skrúfuás skal ekki vera minni en:

$l = 3 \cdot d$

d = þvermál á viðkomandi skrúfuási.

Lengd á öðrum legum skal ekki vera minni en:

$l = 2 \cdot d$

2.3 Millibil á legum skal ekki vera meira en fram kemur á línuriti myndar 10.1 á næstu síðu:

3. Ásberar

3.1 Við ákvörðun á efnismálum einarma ásbera skal mótstöðuvægi hans við botn bátsins ekki vera minna en:

$W = l \cdot d^2 / 0{,}112\ \sigma_b$ mm^3, þar sem


l = lengd armsins frá botni bátsins að miðjum ási í mm

d = þvermál skrúfuássins í mm

σ_b = brotþol efnisins í ásberanum.

3.2 Mótstöðuvægi ásberans við ásnöfina skal vera minnst 60% þess mótstöðuvægis sem krafist er við botninn skv. 3.1.

Mynd 10.1


Hámarks millibil á legum í mm
3400
3200
3000
2800
2600
2400
2200
2000
1800
1600
1400
1200
500
700
900
1100
1300
1500
Snúningshraði skrúfu á mínútu
Þvermál á skrúfuási í mm
80
70
60
55
45
40
35
30
25
Lágmarks millibil lega ef tengt er með sveigjutengi
1200
1100
1000
900
700
600
500
400
300

RAFBÚNAÐUR V-11

Efnisyfirlit

1. Gildissvið
2. Kröfur til veitukerfis
3. Ljós, siglingaljós og öryggistæki
4. Fyrirkomulag rafbúnaðar og merkingar
5. Yfirálagsvarnir
6. Rafhlöður
7. Frágangur rafstrengja og rafbúnaðar
8. Kröfur um þéttleika
9. Rafstrengir og ljósabúnaður

1. Gildissvið

1.1 Reglur þessar gilda um jafnstraumskerfi með málspennu allt að 50 V. Varðandi önnur rafkerfi er bent á þar að lútandi reglur Siglingamálastofnunar ríkisins.

1.2 Reglur þessar gilda ekki um vélar og tæki fasttengd aðal- eða hjálparvél, né viðtæki, talstöðvar, rafmótora, mæla og þvílíkra tækja. Ef hægt er að staðfesta að slík tæki séu ekki talin uppfylla öryggiskröfur er heimilt að krefjast endurbóta eða endurnýjunar.

1.3 Reglur þessar taka ekki til varúðarráðstafana gegn skaðlegum rafsegulbylgjum, t.d. frá radar og skjámynd.

2. Kröfur til veitukerfis

2.1 Almennt skal rafkerfið vera einangrað tvítauga kerfi.

2.2 Heimilt er þó að bátar með aðalvél minni en 100 kW séu búnir tvítauga kerfi fyrir gangsetningu vélarinnar, þ.e. með annan pólinn til jarðar, en ekki skipsbolinn sem leiðara. Eftirfarandi mynd sýnir dæmi um hvernig nota má vélina sem leiðara og önnur hvor rafhlaðan er notuð til þess að ræsa vélina, sjá 6.2.

2.3 Neyslustraumur frá rafhlöðu til notenda, annarra en þeirra sem tilheyra vélinni, skal tekinn frá einni eða fleiri greinitöflum, gegnum varinn stofnstreng með yfirálagsvörum og höfuðrofa sem eru sem næst rafhlöðum. Viðvörunarkerfi, hitari og sjálfvirkar austurdælur mega þó tengjast framan við höfuðrofa og skal þá hvert þeirra hafa sjálfstæðan varbúnað.
Rafbúnað sem nota skal aðeins stutta stund, t.d. rafstrengur að akkerisspili, má tengjast rafhlöðu án vara en skal þá uppfylla kröfur í 7.3.

2.4 Spennufall í rafstrengjum frá greinitöflu að notanda má við fullt álag ekki vera meira en 6% af spennunni í greinitöflunni.

3. Ljós, siglingaljós og öryggistæki

3.1 Vör skulu vera fyrir hvert siglingaljós. Sjá V-17.4

3.2 Ef ekki er hægt með góðu móti að fylgjast með virkni siglingaljósanna, skal vera í stýrishúsi gaumljós fyrir hvert siglingaljós eða sameiginlegt hljóðmerki, sem gefur til kynna ef siglingaljós logar ekki. Bilun í þessum merkjabúnaði má ekki hafa áhrif á siglingaljósin.


3.3 Almennri lýsingu um borð skal deilt á a.m.k. tvær greinar. Vör ljósagreina skulu ekki vera stærri en 10 A.

3.4 Öryggisbúnaður, t.d. sjó- og austurdælur, talstöð, flauta, leitarkastari o.fl. og rafbúnaður fyrir meira en 5 A straumnotkun skal hver og einn hafa sitt eigið var.

4. Fyrirkomulag rafbúnaðar og merkingar

4.1 Rafhlöður, rafstrengjum og öðrum rafbúnaði skal þannig komið fyrir að það sé aðgengilegt til viðhalds, jafnvel þegar báturinn er í notkun. Teikningar af rafkerfi bátsins skulu fylgja honum.

4.2 Allar merkingar skulu gerðar á sérstök merkispjöld með varanlegri áletrun.



4.3 Sérhvert var skal merkt með upplýsingum um straumgildi og notanda. Samræmi skal vera á númerum greina í töflu og á teikningum. Tengimynd af töflu skal vera í töflunni. Allar greinar töflunnar skulu vera aðgengilegar til einangrunarmælinga.

4.4 Merkja skal greinilega alla mæla, rofa, gaumljós og annað í töflum.

4.5 Tenglar skulu merktir og getið um spennu- og straumtegund. Bátar sem eingöngu eru búnir 12 V eða 24 V jafnstraumskerfi eru þó undanþegnir þessari reglu.

4.6 Leiðarar skulu búnir varanlegum merkingum, t.d. númerum eða litum, þannig að frá teikningum sé auðvelt að rekja hvern leiðara.

4.7 Við rafhlöður skal vera merking sem tilgreinir notkun hverrar rafhlöðu. Einnig skal tekið fram hvernig umtenging fer fram, þ.e. í neyðartilfellum að flytja álagið frá einni rafhlöðu yfir á aðra.

5. Yfirálagsvarnir

5.1 Gerð og gildleika rafstrengja skal velja þannig að ekki verði tjón af völdum hita, skammhlaups eða annars álags við venjulega notkun. Rafstrengi milli rafhlöðu og ræsis má ekki verja með vörum. Hlíta ber leiðbeiningum vélarframleiðanda um val á gildleika rafstrengs milli rafhlöðu-ræsis og rafala-rafhlöðu, þó má spennufallið vera mest 8%.

5.2 Yfirstraumsvörnin skal verja rafstrengi fyrir yfirálagi og við skammhlaup rjúfa straum-inn innan 5 sek., skv. töflu á mynd 11.1. Yfirstraumsvarnir skal staðsetja í vel aðgengilegum töfluskáp, svo nærri rafhlöðum og mögulegt er. Hafa skal vör á báðum taugum hverrar greinar. Rafstrengir, sem notaðir eru til merkjaflutninga mega þó vera grennri en sá lágmarksgildleiki sem gefinn er í töflu á mynd 11.1.

5.3 Bræðivör af gerðinni Neozed, Diazed og önnur vör sem uppfylla DIN 72581-3 með málstraum skv. töflu í dálki yfir „stærsta leyfilega yfirálagsvar" skulu teljast uppfylla kröfuna um skammhlaupsvörn. Sjálfvirk endursetning á sjálfvörum skal ekki vera möguleg og skulu þau hafa a.m.k. 100 A skammhlaupsgetu.

6. Rafhlöður

6.1 Rafhlöður skulu vera í stöðugri hleðslu þegar vélar eru í gangi.

6.2 Vél með rafræsi skal vera mögulegt að tengja tveim óháðum rafhlöðum. Önnur rafhlaðan á að vera eingöngu ætluð til ræsingar vélar og má því enginn annar almennur notandi tengjast henni. Hin rafhlaðan má vera neyslurafhlaða, ef hún uppfyllir kröfur um rýmd sem ræsirafhlaða.

6.3 Fyrir hverja rafhlöðu skal hafa rafhlöðurofa á báðum pólum á aðgengilegum stað sem næst rafhlöðu.

6.4. Ef rafhlöður eru hafðar í sama vatnsþéttirými, t.d. vélarrými, skulu þær þannig staðsettar að ekki verði í þeim skammhlaup þó sjór nái upp að hleðsluvatnslínu. Að öðrum kosti verði komið fyrir neyðarrafhlöðu á þilfari eða í stýrishúsi fyrir notkun á neyðarljósum, siglinga- og fjarskiptatækjum.

6.5 Rafhlöður skal festa tryggilega í sýruheldum kössum sem skulu byrgðir að ofan með einangrandi loki og svo frá þeim gengið að engin hætta sé á að þær losni.

6.6 Rafhlöður skal hafa í vélarými eða tilsvarandi rýmum. Ef samanlögð rýmd rafhlaðanna er stærri en 10 kWh, samsvarandi 410 Ah við 24V eða 820 Ah við 12V skal staðsetja rafhlöðurnar í sérstök rými með eigin loftræstingu þannig að að- og frástreymi lofts sé óhindrað.

7. Frágangur rafstrengja og rafbúnaðar

7.1 Raflagnir skal festa tryggilega með þar til gerðum spennum eða draga í rör. Rör skal festa vandlega með spennum og skrúfum eða plasta. Ekki má plasta sjálfa rafstrengina eða festa þá við olíugeyma, olíuleiðslur, vatnsrör eða þvílíkt.

7.2 Lagningu rafstrengja skal þannig háttað að þeir séu varðir gegn utanaðkomandi hita. Rafstrengur sem gæti orðið fyrir áverkum skal hafa hlíf eða hafður í röri. Rafstrengur sem lagður er undir vél eða gólf skal hafður í röri. Leggja skal raflagnarör þannig, að hugsanlegt vatn eða raki í rörunum geti runnið burt. Utan um rafstrengi sem leggja þarf í gegnum vatnsþétt þil eða þilför skal vera vatnsþéttur umbúnaður. Strengjagegnumtök skulu vera að neðan eða á hliðum viðkomandi búnaðar.

7.3 Eftirtaldir strengir skulu vera einangraðir einleiðarar og þannig lagðir, að þeir séu vel aðskildir og varðir gegn hugsanlegum áverkum:
rafall - rafhlaða
rafhlaða - ræsir
rafhlaða - greinitafla.
Ef þessir einleiðarar eru festir á rafleiðandi efni skal einleiðarinn vera með tvöfaldri einangrun eða lagður í rör úr einangrandi efni.

7.4 Ganga skal tryggilega frá endum rafstrengja á þann hátt að leiðarinn skaðist ekki. Kápa rafstrengs skal ná inn í þann búnað sem strengurinn er tengdur við. Fyrir strengi sem uppfylla eiga kröfurnar í 7.3, skal nota ápressaða strengskó og festa með spenniskífu og ró. Aðra leiðaraenda skal festa tryggilega við safnskinnur eða nota viðurkennd raðtengi.

7.5 Vör eða rafhlöður skal ekki hafa í rýmum með bensínvélum eða þar sem hætta er á að eldfimar gastegundir finnist sem geta valdið sprengingu. Vör skulu ekki höfð í sérstökum rafhlöðurýmum.
Ljósa- og rofabúnaður skal vera af þeirri gerð sem sérstaklega er viðurkennndur til notkunar í slíkum rýmum.

8. Þéttleiki

8.1 Lágmarkskröfur um þéttleikaflokk búnaðar í hinum ýmsu rýmum skal vera skv. töflu á mynd 11.2.

9. Rafstrengir og ljósabúnaður

9.1 Lágmarksspennuflokkur rafstrengja skal vera 60 V. Lágmarkshitaflokkur rafstrengja skal vera sem hér segir:
60°C Strengir í íverustöðum og á þilfari.
85°C Strengir í vélarrými og fyrir bruna- og austurdælur.

9.2 Fastfrágengnir leiðarar skulu vera margþættir. Leiðarar skulu vera fínþættir þar sem hætta er á að þeir verði fyrir hreyfingu eða titringi.

9.3 Rofar skulu vera af þeirri gerð og stærð að þeir þoli þá spennu og þann mesta straum í þeirri rafrás er þeir tengjast.

9.4 Ljósabúnaður skal búinn hlífðargrind ef hætta er á að hann geti orðið fyrir hnjaski.

Mynd 11.1

Gildleiki mm^2	Leyfilegt stöðugt álag A	Stærsta leyfilega yfirálagsvar A	Stærsta leyfilega skammhlaups-var, raðtengt yfirálagsvörn A
1,5	9	10	20
2,5	12	16	35
4,0	16	20	45
6,0	21	25	63
10,0	28	35	100
16,0	37	50	160
25,0	49	63	200
35,0	60	80	315
50,0	76	100	400


Mynd 11.2

Fyrri tölustafurinn fyrir aftan bókstafina IP táknar vörn gegn snertingu spennuhafa eða hreyfanlegra hluta og þéttleika gegn ryki og aðskotahlutum. Seinni tölustafurinn táknar þéttleika gegn vökva. Ef ekki er getið um þéttleikaflokk í eftirfarandi töflu, er slíkur búnaður ekki leyfður í viðkomandi rými.

Snertivörn		Vatnsvörn	
0	Án varnar	0	Án varnar
1	Opnun < 50 mm	1	Dropavarið
2	Opnun < 12 mm	2	Vörn gegn dropum við allt að 15° halla
3	Opnun < 2,5 mm	3	Regnvarið
4	Opnun < 1 mm	4	Vörn gegn dropum úr öllum áttum
5	Rykvarið	5	Sprautuvarið
6	Rykþétt	6	Vatnsþétt

Staðsetning	Raf-mótorar	Töflu-búnaður	Ljósa-búnaður	Hitunar-tæki	Annar búnaður
íverustaðir	IP 20	IP 20	IP 20	IP 20	IP 20
stýrishús	IP 20	IP 20	IP 20	IP 20	IP 20
stjórnklefi	IP 22	IP 22	IP 22	IP 22	IP 22
vélarrúm	IP 22	IP 22	IP 44	IP 44	IP 44
stýrisvélarrými	IP 22		IP 44	IP 44	IP 44
lest			IP 56	IP 56	IP 56
eldhús		IP 44	IP 22	IP 22	IP 22
þvottarými	IP 44		IP 44	IP 44	IP 55
kælirými	IP 44		IP 44		IP 55
undir gólfi	IP 44		IP 55		
opið þilfar	IP 56	IP 56	IP 55		IP 56

Mynd 11.3
Dæmi um rafkerfi:



Ath.: Strengir, taugar og rafbúnaður skal vera af viðurkenndri gerð fyrir skip og báta.

Strengir eru 1,5# nema annað sé tekið fram.

Bátur: Vinnubátur	Umd.nr.:	Skráseta.nr.:
Heiti: Dæmi um einangrað tvítauga kerfi.		Teikn.nr.:
Verktaki:		Verk nr.:
Hönnuður:		Dags.:

VISTARVERUR V-12

Efnisyfirlit

1. Salerni
2. Loftrásir
3. Ferskvatnsgeymar

1. Salerni

1.1 Hver bátur sem er lengri en 8 m mesta lengd skal búinn minnst einu salerni.

1.2 Öll salerni skulu vera í sérstökum klefa með læsanlegri hurð. Salerni skulu vera vel lýst og loftræst og á hverju salerni skal vera handlaug með rennandi vatni og frárennsli. Heimilt er að víkja frá þessari kröfu um sérstakan salernisklefa ef báturinn er minni en 10 m mesta lengd og ekki notaður til farþegaflutninga Þó skal salernið vera vel loftræst og aðskilið frá svefnklefum og matargeymslum.

2. Loftrásir

2.1 Vistarverur skulu loftræstar á þann veg að nægilegt innstreymi og útstreymi geti átt sér stað þegar hurðir, kýraugu, gluggar o.þ.h. eru lokuð.

2.2 Loftræstiop skulu þannig staðsett að loftræsting sé góð.

2.3 Loftháfar mega ekki vera á þeim stöðum sem hætta er á að skaðlegar lofttegundir geti sogast inn í bátinn. Loftrásir fyrir eðlilegan súg skulu vera eins stuttar og mögulegt er og sem minnst bognar.

2.4 Innstreymisrás og útstreymisrás fyrir eðlilegan súg skulu hvor um sig hafa minnst 7,5 cm^2 þverskurðarflatarmál, fyrir hvert sæti í rýminu eða samsvarandi loftræstingu.

2.5 Ofan við eldavél skal vera loftrás með hatti eða öðrum búnaði sem myndar súg frá eldavélinni.

2.6 Salerni skulu loftræst út með sérstakri loftrás.

3. Ferskvatnsgeymar

3.1 Ferskvatnsgeyma skal vera auðvelt að hreinsa og þeir skulu vera úr ryðfríu efni.

3.2 Geymarnir skulu hafa skoðunarlúgu sem er ekki minni en 150 mm í þvermál.

3.3 Ferskvatnsgeyma skal vera hægt að tæma, annaðhvort með frárennsli á lægsta hluta botnsins eða soglögn. Soglögn skal ná niður í skál á botni geymisins.

ÖRYGGI MANNA V-13

Efnisyfirlit

1. Hálkuvörn á þilfari
2. Handrið og handföng
3. Hvassar brúnir
4. Hálkuvörn í vélarrúmi
5. Öryggi við hreyfanlega og heita hluti
6. Neyðarútgangar
7. Björgunarstigar

1. Hálkuvörn á þilfari

1.1 Á opnu þilfari, kringum vindur, við línu- og netaspil og á öðrum þeim stöðum sem vænta má umgangs, skal þilfar hafa fullnægjandi hálkuvörn.

2. Handrið og handföng

2.1 Um opin þilför þar sem vænta má umgangs manna skal setja skjólborð eða handrið. Handriðið má vera losanlegt ef nauðsyn krefur vegna notkunar bátsins.

2.2 Hæð á skjólborðum og handriðum skal ekki vera minni en 750 mm. Bilið undir neðstu rim á handriði skal ekki vera meira en 230 mm. Bil á milli annarra rima skal ekki vera meira en 330 mm. Heimilt er að víkja frá kröfunum um millibil rima á lyftiþilfari sem aðeins er ætlað til vinnu við legufæri, festar o.þ.h. en millibilið skal þó aldrei vera meira en 400 mm.

2.3 Allir bátar skulu búnir fullnægjandi handföngum til að koma í veg fyrir að menn verði fyrir meiðslum eða falli fyrir borð.

3. Hvassar brúnir

3.1 Þar sem menn ganga um eða hafast við mega ekki vera hvassar brúnir sem gætu valdið meiðslum.

4. Hálkuvörn í vélarrúmi

4.1 Þar sem gert er ráð fyrir að menn gangi í vélarrúmi skal vera fullnægjandi hálkuvörn og má efnið ekki geta drukkið í sig olíu. Gólfplötur skulu vera tryggilega fastar.

5. Öryggi við hreyfanlega og heita hluti

5.1 Þar sem menn ganga um eða hafast við, nálægt vélum með hreyfanlega eða heita hluti, skal fyrirkomulag vera á þann veg að ekki sé hætta á meiðslum. Við hreyfanlega hluti skal vera hlíf sem kemur í veg fyrir að föt og þess háttar festist og dragist inn.

5.2 Vírarúllur skulu þannig búnar að víraendar geti ekki slegist upp og valdið meiðslum á mönnum.

6. Neyðarútgangar

6.1 Allar vistarverur skulu hafa minnst tvær útgönguleiðir. Minni vistarverur mega þó vera með aðeins eina útgönguleið ef víst er að hún geti ekki lokast vegna elds í vélarrúmi, eldhúsi eða af öðrum sökum.

6.2 Útgönguopin skulu vera í sitt hvorum enda vistarverunnar og vera þannig löguð að þau séu heppileg í neyðartilfellum. Ef nauðsynlegt þykir skulu vera stigar og handföng til að auðvelda útgang um opin.

6.3 Útgönguopin skulu ekki vera minni en:
450 · 450 mm eða 450 mm í þvermál ef þau eru hringlaga, á bátum allt að 12 m mestu lengd, en 600 · 600 mm eða 600 mm í þvermál ef þau eru hringlaga, á bátum 12 m og lengri.

6.4 Dyr eða lúgur skulu vera auðopnanlegar innan frá án þess að nota þurfi verkfæri. Rennilúgur skulu hafa handfang að innanverðu. Ennfremur skal vera mögulegt að opna utanfrá, en heimilt er að til þess þurfi að nota laust handfang, brunaöxi eða annað þess háttar, sem staðsett er á heppilegum stað, t.d. í stýrishúsi.

6.5 Ef ganga þarf um dyr að útgönguopi má hurð dyranna ekki vera læsanleg, nema í henni séu spjöld sem sparka má úr hurðinni í útgönguátt í neyðartilfellum.

7. Björgunarstigar

7.1 Hver bátur skal vera búinn föstum björgunar-stiga sem er með neðsta þrep minnst 300 mm neðan við vatnslínu við eiginþyngd bátsins, eða annan þann búnað sem gerir mögulegt fyrir mann sem fallið hefur í sjóinn að komast af eigin ramleik aftur um borð. Kaðalstigi sem leggja má saman skoðast ekki sem fastur stigi.

ELDVARNIR V-14

Efnisyfirlit

1. Eldavélar og ofnar
2. Gastæki
3. Einangrun
4. Handslökkvitæki
5. Fastur slökkvibúnaður
6. Brunaboðar
7. Neyðarrofar

1. Eldavélar og ofnar

1.1 Eldavélar og ofnar, sem eru þannig uppbyggðir að eldsneytið gæti farið til spillis við áfyllingu eða ef eldur slökknar, skulu standa í eða vera yfir vökvaheldum bakka sem er með minnst 20 mm háum kanti allan hringinn.

1.2 Olíukynt tæki skulu þannig búin að sjálfkrafa lokist fyrir olíurennsli til þeirra ef eldur slökknar og einnig ef óhóflegur hiti myndast við tækið.


1.3 Við hvert gastæki skal vera lokanlegur loki. Lokinn skal vera aðgengilegur og sem næst tækinu þó þannig að loka megi fyrir gasið ef eldur kemur upp við tækið. Ef lokinn á gaskútnum er vel aðgengilegur og í námunda við tækið þarf ekki fyrrgreindan loka.

1.4 Gastæki, önnur en eldavélar, skulu vera með hulinn eld eða þannig fyrirkomið að brennarinn sé í sértilgerðu rými. Gastæki skulu undir öllum kringumstæðum vera í loftræstu rými.

1.5 Eldavélum og ofnum skal þannig fyrirkomið að nærliggjandi hlutir hitni ekki um of. Brennanlegt efni má ekki verða fyrir meiri hita frá eldavélum eða ofnum en 80°C. Eftirfarandi mynd sýnir það lágmarksbil sem skal vera frá opnum eldi að nærliggjandi hlutum án eldvarnar og hvar hitann verður að mæla til að ganga úr skugga um hvort setja þarf eldvörn. Eldvörn skal vera hlíf úr óbrennanlegu efni, sem er hitaeinangruð frá brennanlegu efni.

1.6 Framan við eldavélar á ramböldum skal vera föst slá til öryggis. Eldavélar á ramböldum skal vera mögulegt að festa í láréttri stöðu.

1.7 Eldavélar og ofnar skulu fest þannig að þau losni ekki við velting bátsins.
   a) Eldfim klæðning eða gluggatjöld óheimil.
   b) Hámark 80°C.
   c) Óbrennanlegt efni



2. Gastæki

2.1 Eftirfarandi ákvæði gilda um föst gaskerfi, að undanskildum kerfum sem notuð eru við framdrifsvélar og kerfum með 35 mbar þrýsting og þar yfir.

2.2 Fylgihlutir sem tengjast gaskerfum skulu uppfylla ákvæði í EB-15.


2.3 Lagnir skulu ekki hafa fleiri samsetningar en nauðsynlegt er. Lagnir má ekki leggja í vélarrúmi.

2.4 Lagnir skal festa með klemmum eða á annan samsvarandi hátt til að fyrirbyggja titring og nudd lagnanna við bol bátsins eða aðra hluti. Klemmur skulu vera úr ryðfríu efni og þannig lagaðar að þær skaddi ekki lagnirnar með hvössum brúnum eða skaði lagnaefnið á annan hátt.


2.5 Slöngur skulu ekki vera lengri en 1 metri, nema ef fjarlægðin á milli gaskúts og tækis er innan við 1,5 metrar og ef aðeins eitt tæki er tengt við viðkomandi gaskút. Gúmslöngur skulu vera vel aðgengilegar til skoðunar.

2.6 Festingar skulu vera fyrir alla gaskúta, bæði neyslukúta og varakúta. Þrýstijafnarar sem eru ekki gerðir til að festast beint á gaskútana skulu vera fastir í sama rými og gaskútarnir sem þeir tengjast. Rými fyrir gaskúta má ekki nota til geymslu á öðru en viðkemur gaskerfinu. Rými fyrir varakúta, hvort sem þeir eru fullir eða tómir, skal uppfylla sömu kröfur og rými fyrir neyslukúta. Öryggisbúnaður skal vera þannig festur að hann þoli þær hreyfingar sem gera má ráð fyrir til sjós. Kerfi sem tengt er tveimur gaskútum skal búið skiptiloka fyrir val á kútum. Skiptilokinn kemur ekki í stað lokanlega lokans á gaskútunum.

2.7 Rými ofan þilfars fyrir gaskúta, þrýstijafnara og öryggisbúnað skal vera kassi á opnu þilfari eða yfirbyggingaþaki sem er loftræstur út í opið rými, þannig að gas geti ekki runnið inn í bátinn.



2.8 Rými undir þilfari eða borðstokki fyrir gaskúta, þrýstijafnara og öryggisbúnað, skal vera gasþétt aðskilið frá öðru rými bátsins. Rýmið skal aðeins vera opnanlegt að ofan og þannig fyrirkomið að gas geti ekki runnið inn í bátinn. Rýmið skal vera ofan við vatnslínu og vel aðgengilegt þannig að hægt sé að opna það í skyndi án verkfæra, til að stilla lokann á gaskútnum, kanna leka eða lesa af þrýstimæli ef hann er til staðar. Rýmið skal vera loftræst með minnst 12,5 mm opi á botni rýmisins sem liggur út úr bátnum í gegnum bolinn, án nokkurra vasa sem geta safnað saman gasi. Opið skal koma út neðan við botn rýmisins, en ofan vatnslínu og minnst 500 mm frá öðrum opum sem liggja inn í bátinn. Efnismál hliða og botns gaskútahólfsins skulu ekki vera minni en efnismál vantsþéttra skilrúma.



2.9 Þegar uppsetningu á gaskerfum er að fullu lokið skulu þau þéttiprófuð með sápuvatni eða þar til gerðu efni á öllum samsetningum og við hugsanlega lekavara og skulu kerfin vera fullkomlega þétt. Lagnir skulu prófaðar áður en þær eru tengdar við þrýstijafnara eða hugsanlegan lekavara, með 0,035 MPa (0,35 kp/cm^2) loftþrýstingi og skulu lagnirnar vera þéttar við þennan þrýsting.

3. Einangrun

3.1 Einangrunarefni og klæðning á einangrun skal hafa minnst ildisstuðulinn 21.

3.2 Einangrun í vélarúmi skal klædd með efni sem ekki drekkur í sig olíu eða olíugufu.

4. Handslökkvitæki

4.1 Hver bátur skal búinn handslökkvitækjum sem hér segir;
- eitt stk. í bátum með mestu lengd allt að 10 metrum
- tvö stk. í bátum með mestu lengd 10 metrar og þar yfir.

4.2 Handslökkvitæki skulu vera af viðurkenndri gerð fyrir A- ,B- og E-elda og innihalda minnst 6 kg af slökkvimiðli eða jafngildi 6 kg (21 slökkvieining fyrir A-eld og 113 fyrir B).

5. Fastur slökkvibúnaður

5.1 Bátar með mestu lengd 8 metra og þar yfir skulu búnir föstum slökkvibúnaði í vélarrúmi.

5.2 Eftirfarandi ákvæði gilda um slökkvikerfi þar sem slökkvimiðillinn er kolsýra. Heimilt er að nota annan slökkvimiðil og búnað sem tryggir samsvarandi öryggi ef eldur verður laus.

5.3 Stjórnbúnaður slökkvikerfisins skal aðeins vera handvirkur. Hann skal vera miðsvæðis í bátnum og utan við vélarúmið. Stjórnbúnaðurinn skal vera í skjóli fyrir ágjöf sjávar og þannig fyrirkomið að ekki verði opnað fyrir kolsýruna í ógáti. Leiðbeiningar um notkun skulu vera við stjórnbúnaðinn.

5.4 Kolsýrukútar skulu vera á afviknum stað þar sem ekki er hætta á að þeir verði fyrir ágjöf sjávar, áverkum eða hita yfir 50°C. Kútarnir mega ekki vera í vélarrúmi.

5.5 Pípulagnir og dreifistútar skulu staðsettir þannig að kolsýran dreifist jafnt í vélarrúmið. Magn kolsýrunnar og afköst skulu vera með tilliti til stærðar vélarrúmsins svo fullnægjandi sé til að slökkva eld sem þar gæti komið upp.

5.6 Magn kolsýru skal vera 1,5 kg/m^3 miðað við heildarrými vélarrúmsins, en skal þó aldrei vera minna en 2 kg eða jafngildi 2 kg CO_2 (13 slökkvieiningar fyrir B-eld). Afköstin skulu nægja til að vélarrúmið mettist að hálfu á mest 10 sekúndum.

5.7 Loftræsting og lokunarbúnaður loftrása skal vera á þann veg að ekki sé hætta á skaðlegum yfirþrýstingi þegar opnað er fyrir slökkvimiðilinn.

5.8 Vélarrúm og rými fyrir kolsýrukúta ásamt öðru rými bátsins þar sem leki gæti komið upp í slökkvikerfinu, skulu vera gasþétt aðskilin frá lokuðum íverustöðum manna. Rými fyrir kolsýrukúta skal vera loftræst út í opið rými.

6. Brunaboðar

6.1 Þilfarsbátar og bátar sem eru yfirbyggðir að hluta skulu búnir brunaboða sem gefur til kynna með hljóðmerki við stýri ef hiti verður óeðlilega mikill í vélarrúmi. Heimilt er að víkja frá þessari reglu, ef vélin er í sérstökum kassa í opnu rými eða í rými sem er sambyggt stýrishúsinu og með opið á milli vélar og stýrishúss.

6.2 Hver bátur með eldavél, ofn eða önnur tæki sem gætu valdið eldi í vistarverum, skal búinn brunaboða sem gefur til kynna með hljóðmerki við stýri ef reykur kemur upp

í vistarverunum. Í frambyggðum bátum með lúkar fremst eða afturbyggðum bátum með káetu aftast, má reykskynjarinn vera sjálfstæð eining með sambyggðum aflgjafa.

7. Neyðarrofar.

7.1 Hver bátur með vélknúna loftræstingu skal hafa neyðarrofa fyrir loftblásara. Skal neyðarrofinn vera vel merktur og staðsettur á aðgengilegum stað en ekki innan þeirra rýma sem loftræst eru, t.d. vélarrými eða vistarveru.

LYFTIBÚNAÐUR V-15

Efnisyfirlit

1. Gildissvið
2. Hámarksálag
3. Upplýsingar um lyftigetu

1. Gildissvið

1.1 Ákvæði þessa kafla gilda um vélknúinn lyftibúnað.

2. Hámarksálag

2.1 Hver lyftibúnaður skal vera þannig gerður að án aðgerða með verkfærum sé ómögulegt að lyfta meiri þunga en lyftibúnaðurinn er gerður fyrir.
Búnaður sem lyftir með vír skal vera þannig gerður að álag á vírinn geti aldrei orðið of mikið þegar krókurinn er í innstu stöðu.

2.2 Hámarks leyfilegur þungi skal vera greinilega skráður á áberandi stað á hverjum lyftibúnaði. Einnig skulu liggja fyrir upplýsingar um minnst þrjár mismunandi þyngdir ásamt tilheyrandi útslætti sem við versta tilvik er innan leyfilegra marka. Tilgreina má við sjálfvirkar þungatakmarkanir hver takmörkin eru við mismunandi stöðu lyftiarmsins. Óheimilt er að á lyftibúnaði séu aðrar merkingar sem gætu valdið misskilningi á tilskildri skráningu.

2.3 Að lokinni prófun á lyftibúnaði skal búnaðurinn og festing hans skoðuð nákvæmlega til að ganga úr skugga um hvort nokkur merki sjáist um skemmdir.

3. Upplýsingar um lyftigetu

3.1 Með hverjum lyftibúnaði skulu fylgja leiðbeiningar þar sem tilgreindur er leyfilegur hámarksþungi, sem lyfta má með viðkomandi búnaði.

3.2 Vegna festinga á lyftibúnaði og þess hluta bátsins sem verður fyrir álagi við notkun búnaðarins, skal leggja fram upplýsingar sem sýna að öryggisstuðull fyrir málma sé ekki minni en 5 og fyrir glertrefjastyrktan pólýestra minnst 7.

FESTARTÆKI OG LEGUFÆRI V-16

Efnisyfirlit

1. Festartæki
2. Legufæri

1. Festartæki

1.1 Hver bátur skal búinn viðurkenndum festartækjum skv. ákvæðum í EB-16, ásamt festarleiðurum þannig að festa megi akkeri, draga bátinn, draga aðra báta og festa viðkomandi bát tryggilega við bryggju eða annan viðlegustað.

1.2 Hver bátur skal hafa minnst eitt festartæki að framan og annað að aftan. Ef höfð eru tvö festartæki annaðhvort að framan eða aftan skulu þau vera eins nærri síðum bátsins og mögulegt er, sitt hvorum megin. Fyrir stærri báta má krefjast fleiri festartækja.

1.3 Eitt festartæki að framan og annað að aftan skulu vera þannig að þau megi nota til að draga bátinn eða draga aðra báta. Ef festartæki sem staðsett er á framstefni er vel aðgengilegt getur það talist fullnægjandi festartæki á opnum bátum án forþilfars.

1.4 Festartæki skulu vera sterkbyggð og þau tryggilega fest. Festartækin og festing þeirra skal þola láréttan kraft, P, skv. eftirfarandi líkingu:
$P = 50 \cdot \Delta / Lm$ N
Δ = særými bátsins við hámarkshleðslu í kg
Festartækin skulu prófuð með tvöföldum framangreindum krafti.

1.5 Þar sem festartæki eru fest skulu vera fullnægjandi styrkingar. Boltar, rær og annað það sem notað er við festingu festartækja skal vera úr ryðfríu eða ryðvörðu efni.

1.6 Festartæki skulu annaðhvort soðin föst eða fest með gegnumgangandi boltum. Undir rær að innan skal setja stórar skífur og læsa rónum.

2. Legufæri

2.1 Hver bátur skal hafa akkerisbúnað skv. línuriti á mynd 16.1 þannig fyrirkomið að varpa megi akkeri á öruggan hátt í skyndi.


2.2 Akkerisþyngd skv. línuritinu má deila á tvö akkeri, en þó skal annað akkerið vega minnst 2/3 af tilskilinni heildarþyngd. Bátar sem eru 8 metrar mesta lengd eða lengri skulu þó búnir einu akkeri skv. línuritinu og öðru sem vegur 1/3 þeirrar þyngdar.

2.3 Hver bátur skal búinn minnst einni akkeriskeðju af lengd og með þvermáli skv. línuritinu.

2.4 Hver bátur skal búinn minnst einni akkerisfesti og þremur dráttartógum af lengd og með brotþoli skv. línuritinu.

2.5 Bátar sem eru í förum á svæðum þar sem ætla má að legufæri skv. línuritinu séu ófullnægjandi, skulu búnir þyngri akkerum og lengri akkerisfesti með tilliti til aðstæðna í hverju einstöku tilfelli.

Mynd 16.1


70
60
kg
m
kN
50
40
30
20
10
Þyngd á akkeri í kg
Lengd á akkerisfesti í m
Brotþol akkerisfestar í kN
Lengd og brotþol á dráttartógi
Lengd á keðju í m
Þvermál keðju í mm
8
9,5
12,5
4
6
8
10
12
14
Lm í metrum

STÝRISHÚS OG SIGLINGATÆKI V-17

Efnisyfirlit

1. Stýrishús
2. Áttavitar
3. Tæki til hljóðmerkjagjafa
4. Siglingaljós

1. Stýrishús

1.1 Útsýni frá stjórntækjum skal vera gott allt í kringum bátinn. Auk þess skal vera mögulegt að hreinsa regn, ágjöf og móðu af framrúðum á auðveldan hátt.

1.2 Fyrirkomulag í stýrishúsi skal vera með hliðsjón af eftirgreindu;
- mælar, stjórntæki, viðvörunarljós o.þ.h. séu þannig staðsett að stjórn bátsins verði sem auðveldust
- innréttingar við stjórntæki séu, ef þess er nokkur kostur, úr endurskinsfríu efni
- lofthæð sé almennt ekki minni en 1,98 m.

2. Áttavitar

2.1 Hver bátur skal búinn seguláttavita af viðurkenndri gerð.

3. Tæki til hljóðmerkjagjafa

3.1 Hver bátur skal búinn tækjum til hljóðmerkjagafa samkvæmt reglum um björgunar- og öryggisbúnað og Alþjóðasiglingareglum frá 1972.

3.2 Flautan og skipsklukkan skulu uppfylla ákvæði í Alþjóðasiglingareglum frá 1972, viðauka III.

4. Siglingaljós

4.1 Hver bátur skal búinn siglingaljósum af stærð og tegund og með staðsetningu og fyrirkomulagi sem uppfylla ákvæði Alþjóðasiglingareglna frá 1972 ásamt síðari breytingum.

4.2 Heimilt er að hliðarljós séu í sambyggðu ljóskeri staðsett í miðlungskurðarfleti bátsins. Á öðrum bátum en fiskibátum minni en 12 m má í stað skut- og sigluljóss hafa uppi hvítt hringljós auk hliðarljósanna.
Sjá V-30.12 um fiskibáta og V-32.8 um dráttarbáta.

4.3 Siglingaljós skulu vera af viðurkenndri gerð og merkt einhverri Siglingamálastofnun Norðurlandanna eða ljóskerjunum fylgi viðurkenningarskírteini sbr. reglur einstakra Norðurlanda.

4.4 Ef nauðsyn krefur skulu vera hlífar við siglingaljós til að koma í veg fyrir óþægilegt endurskin.

BÁTAR ÚR TREFJAPLASTI - SÉRÁKVÆÐI V-18

Efnisyfirlit

1. Almennt
2. Efni
3. Smíðaverkstæði
4. Verklag
5. Efnismál
6. Eftirlit

1. Almennt

1.1 Báta úr trefjaplasti má smíða samkvæmt ákvæðum í kafla þessum svo framarlega að:
a) ganghraði bátanna fari ekki yfir 15 hnúta
b) bátarnir séu ekki smíðaðir með samlokuaðferð
c) skilrúm, bönd, botnstokkar og aðrar styrkingar séu aðgengilegar til skoðunar og botn, síður og þilfar aðgengilegt til þykktarmælinga.

1.2 Ef framangreindum skilyrðum er ekki fullnægt skulu bátarnir smíðaðir skv. ákvæðum í V-21, V-22 og V-26.

2. Efni

2.1 Við smíði báta samkvæmt kafla þessum skulu liggja fyrir fullnægjandi upplýsingar sem staðfesta að efnið uppfylli kröfur í EB-2, EB-3 eða samsvarandi reglum.

2.2 Upplýsingar skulu liggja fyrir sem staðfesta að eiginleikar trefjaplastsins uppfylli kröfur í EB-2.

2.3 Ef upplýsingar um efnisgæði liggja ekki fyrir skal taka sýni úr bátunum til rannsóknar.

3. Smíðaverkstæði

3.1 Smíðaverkstæði skal vera á þann veg að það uppfylli eftirgreind skilyrði:
1) Hitastigið meðan á smíði bátanna og herslu pólýestrans stendur, sé stöðugur og aldrei minni en 18°C
2) Loftræstikerfi myndi ekki gegnumtrekk
3) Trefjaplastið verði ekki fyrir beinu skini sólar
4) Ekki sé unnið við slípingar þar sem plastvinna fer fram.

4. Verklag

4.1 Uppbygging trefjaplastsins skal vera á hefðbundinn hátt fyrir gott verklag og trefjaplastið vel hert og ekki mislitt. Trefjaplast sem verður fyrir vatni skal húðað með grunnhúð eða topphúð.

5. Efnismál

5.1 Efnismál skulu ekki vera minni en tilgreint er í eftirfarandi töflu:
B = mesta breidd á bol í metrum, sjá V-2.2.3
L_m = mesta lengd bátsins í metrum, sjá V-2.2.2

Bátshluti	Á svæði	Efnismál
kjölur og stefni	80 · B út frá miðlínu	$t = 7,0 + 1,3 \cdot L_m$mm
botn upp að hleðsluvatnslínu		$t = 6,0 + 0,7 \cdot L_m$ mm
síður, yfirbyggingar og skilrúm	ofan við hleðsluvatnslínu	$t = 3,0 + 0,6 \cdot L_m$mm
þilfar og þilfarshús		$t = 6,0 + 0,8 \cdot L_m$mm
kantar á bol	100 mm til beggja hliða við kantana	$t = 6,0 + 0,8 \cdot L_m$mm

5.2 Millibil styrkinga skal ekki vera meira en tilgreint er í eftirfarandi töflu og mótstöðuvægi þeirra ekki minna en þar kemur fram:

Styrkingar í	Hámarksmillibil í mm	Lágmarksmótstöðuvægi í mm^3
botn	$s = 5,4 \cdot L_m + 400$	$W = 0,06 \cdot L_m \cdot s \cdot (l/100)^2$
síðu	$s = 16 \cdot L_m + 400$	$W = 0,038 \cdot L_m \cdot s\ (l/100)^2$
þilfar	$s = 26 \cdot L_m + 300$	$W = (0,01 \cdot 0,002 \cdot L_m)\ 8,7 \cdot s\ (l/100)^2$

5.3 Bátarnir skulu búnir botnstokkum með hámark 1,0 m millibili og skal hæðin á kilinum, h_b, ekki vera minni en:
$h_b = B/3 \cdot 0,1 \cdot s$, þó minnst 100 mm
s = millibil botnstokka í mm

5.4 Krossviður í skilrúmum skal vera vatnsheldur og ekki þynnri en:
$t = 2 \cdot L_m - 2$ mm
Skilrúm úr öðrum efnum en krossviði skulu hafa samsvarandi styrk.

6. Eftirlit

6.1 Við lokaskoðun sbr. ákvæði í V-1 skal ganga úr skugga um að efnismál uppfylli kröfur í framangreindum töflum, verklag sé eins og vera ber og upplýsingar um efnisgæði séu fullnægjandi.

STÁLBÁTAR - SÉRÁKVÆÐI V-19

Efnisyfirlit

1. Almennt
2. Efni
3. Verklag
4. Efnismál
5. Eftirlit

1. Almennt

1.1 Báta úr stáli má smíða skv. ákvæðum í kafla þessum svo framarlega að;
a) ganghraði bátanna fari ekki yfir 15 hnúta
b) skilrúm, bönd, botnstokkar og aðrar styrkingar séu aðgengilegar til skoðunar og botn, síður og þilfar aðgengilegt til þykktarmælinga.

1.2 Ef framangreindum skilyrðum er ekki fullnægt skulu bátarnir smíðaðir skv. ákvæðum í V-21, V-23 og V-27.

2. Efni

2.1 Við smíði báta skv. kafla þessum skulu liggja fyrir fullnægjandi upplýsingar sem staðfesta að efnið sé af skipasmíðagæðum með flokkunarfélags- eða framleiðsluskírteini sem sýnir að efnisgæði séu ekki minni en:

Flotmörk	=	240 MPa (24 kp/mm^2)
Togþol	=	410 MPa (41 kp/mm^2)
Brotlenging	=	22 %

3. Verklag

3.1 Skurður á efni, suðu og fyrirkomulag styrkinga skal vera skv. ákvæðum í V-27.

4. Efnismál

4.1 Efnismál skulu ekki vera minni en tilgreint er í töflunni hér að neðan. Fyrir báta með mestu lengd á bilinu 8,0 m til 15 m skal ákveða efnismál línulega á milli þessara tveggja stærða.

5. Eftirlit

5.1 Við lokaskoðun sbr. ákvæði í V-1 skal ganga úr skugga um að efnismál uppfylli kröfur í framangreindri töflu, verklag sé eins og vera ber og upplýsingar um efnisgæði séu fullnægjandi.

5.2 Suður skulu athugaðar með röntgenmyndun eða samsvarandi ef ástæða þykir til.

Bátshluti	$L_m \leq 8{,}0$ m	$L_m = 15$ m	Ath.
Kjölur	a = 1500 mm^2	a = 2000 mm^2	
Plötukjölur	1,5 · t botnplötu b = 30 · L_m mm	1,5 · t botnplötu b = 30 · L_m mm	Aðeins krafa á bátum án kjalar b = heildarbreidd
Miðkjölur	a = 1500 mm^2 tmín = 5 mm	a = 2000 mm^2 tmín = 6 mm	Aðeins krafa á bátum án kjalar
Botnstokkar	h = 200 mm t = 4,5 mm	h = 250 mm t = 5,5 mm	Aðeins krafa á 3 hvert band, annars bönd yfir kjöl
Flans á botnstokkum	50 · 5,0 mm	50 5,5 mm	Ekki krafa ef steypt er upp á efri brún
Kjalbak	UNP 100	UNP 120	Aðeins krafa á bátum án miðkjalar
Bönd	90 · 6,0 mm (w = 9500 mm^3)	100 · 6,5 mm (w = 18000 mm^3)	Bandabil mest 500 mm
Botnsúð	t = 4,5 mm	t = 7,0 mm	Kjalar- og stefnisplötur + 1,0 mm
Síður	t = 4,0 mm	t = 6,0 mm	
Skilrúm	t = 4,5 mm	t = 6,0mm	
Styrkingar skilrúma	50 · 6,0 mm (w = 6000 mm^3)	50 · 6,5 mm (w = 7000 mm^3)	Millibil mest 750 mm

Þilfar	t = 4,0 mm	t = 6,0 mm	
Þilfarsbitar	90 · 8,0 mm ($w = 2200\ mm^3$)	90 · 8,0 mm ($w = 2200\ mm^3$)	Hámark 500 mm bitabil og 3,0 m spennilengd
Skjólborðsklæðning	t = 4,0 mm	t = 5,0 mm	
Skjólborðsstoðir	50 6,0 mm	50 · 6,0 mm	Millibil mest 500 mm
Yfirbygging	t = 4,0 mm	t = 5,0 mm	
Styrkingar	50 · 6,0 mm	50 · 6,0 mm	Millibil mest 500 mm

ÁLBÁTAR - SÉRÁKVÆÐI V-20

Efnisyfirlit

1. Almennt
2. Efni
3. Verklag
4. Efnismál
5. Eftirlit

1. Almennt

1.1 Báta úr áli má smíða samkvæmt ákvæðum í kafla þessum svo framarlega að;
a) ganghraði bátanna fari ekki yfir 15 hnúta.
b) skilrúm, bönd, botnstokkar og aðrar styrkingar séu aðgengilegar til skoðunar og botn, síður og þilfar aðgengilegt til þykktarmælinga.

1.2 Ef framangreindum skilyrðum er ekki fullnægt skulu bátarnir smíðaðir skv. ákvæðum í V-21, V-24 og V-28.

2. Efni

2.1 Við smíði báta samkvæmt kafla þessum skulu liggja fyrir fullnægjandi upplýsingar sem staðfesta að efnið sé af skipasmíðagæðum með flokkunarfélags- eða framleiðsluskírteini sem sýnir að efnisgæði séu ekki minni en:
Flotmörk = 170 MPa ($17\ kp/mm^2$)

3. Verklag

3.1 Skurður á efni, suðu og fyrirkomulag styrkinga ásamt smíðaverkstæði skal vera skv. ákvæðum í V-28.

4. Efnismál

4.1 Efnismál skulu ekki vera minni en tilgreint er í eftirfarandi töflu. Fyrir báta með mestu lengd á bilinu 8,0 m til 15 m skal ákveða efnismál línulega á milli þessara tveggja stærða.

5. Eftirlit

5.1 Við lokaskoðun sbr. ákvæði í V-1 skal ganga úr skugga um að efnismál uppfylli kröfur

í framangreindri töflu, verklag sé eins og vera ber og upplýsingar um efnisgæði séu fullnægjandi.

5.2 Suður skulu athugaðar með röntgenmyndun eða samsvarandi ef ástæða þykir til.

Bátshluti	$L_m \leq 8{,}0$ m	$L_m = 15$ m	Ath.
Kjölur	a = 1800 mm^2 tmín= 16 mm	a = 2400 mm^2 tmín= 20 mm	
Plötukjölur	1,5 · t botnplötu b = 30 L_m mm	1,5 · t botnplötu b = 30 · L_m mm	Aðeins krafa á bátum án kjalar b = heildarbreidd
Miðkjölur	a = 1800 mm^2 tmín = 6 mm	a = 2400 mm^2 tmín = 8 mm	Aðeins krafa á bátum án kjalar
Botnstokkar	h = 200 mm t = 5,0 mm	h = 250 mm t = 6,0 mm	Aðeins krafa á 3 hvert band, annars bönd yfir kjöl
Flans á botnstokkum	50 · 5,0 mm	50 · 6,0 mm	Ekki krafa ef steypt er upp á efri brún
Kjalbak	UNP 100	UNP 120	Aðeins krafa á bátum án miðkjalar
Bönd	90 · 8,0 mm (w=22000 mm^3)	100 · 8,5 mm (w=27000 mm^3)	Bandabil mest 300 mm
Botnsúð	t = 4,5 mm	t = 7,0 mm	Kjalar- og stefnisplötur + 1,0 mm
Síður	t = 4,0 mm	t = 6,0 mm	
Skilrúm	t = 4,5 mm	t = 6,0mm	
Styrkingar skilrúma	50 · 6,0 mm (w = 6000 mm^3)	50 · 8,0 mm (w = 8000 mm^3)	Millibil mest 500 mm
Þilfar	t = 4,0 mm	t = 6,0 mm	
Þilfarsbitar	90 · 8,0 mm (w = 2700 mm^3)	90 · 8,0 mm (w = 2700 mm^3)	Hámark 300 mm bitabil og 3,0 m spennilengd
Skjólborðsklæðning	t = 4,0 mm	t = 6,0 mm	
Skjólborðsstoðir	50 · 6,0 mm	50 · 6,0 mm	Millibil mest 500 mm
Yfirbygging	t = 4,0 mm	t = 5,0 mm	
Styrkingar	50 · 6,0 mm	50 · 6,0 mm	Millibil mest 300 mm

ÁLAGSSTUÐLAR V-21

Efnisyfirlit

1. Álag á bol


1. Álag á bol


1.1 Efnismál á bol, þilfari, plittum og yfirbyggingum miðast við álag sjávar og skulu ákveðin með tilliti til stærðar bátsins, ganghraða, særými og hæð yfir vatnslínu.


1.2 Mynd 21.1 sýnir álag sjávar við hámarkshraða bátsins með lágmarkshleðslu. Mesta lengd, L_m, mælist í metrum.
Álagsstuðull skal ekki miðast við minni hraða en 10 hnúta. Álagsstuðullinn fyrir botn, p, skal ekki vera minni en:
$p = k_1 \cdot p$ sjó MPa,
þó aldrei minna en p mín


k_1 = langskipsleiðréttingarstuðull, sjá 1.3
p mín = lágmarksálagsstuðull, sjá 1.6.


1.3 Álag sjávar reiknast mismikið langskips eins og sýnt er á eftirfarandi myndum. Þegar botnris miðskips er minna en 12° skal p-stuðullinn haldast óbreyttur alla bátslengdina, ef $V/\sqrt{L_m}>6$.













1.4 Álag sjávar reiknast mismikið ofan vatnslínu þverskips, eins og sýnt er á eftirfarandi mynd. Álagið er ákveðið með hliðsjón af vatnslínu skv. V-3.2.1, a og b.



1.5 Álagsstuðla fyrir síður, þilfar, plitta og yfirbyggingar skal ákveða sem hér segir:
Fyrir síður;
p = (F-h)/F · p sjó · k_1 MPa, þó minnst
p = 0,3 p sjó MPa
F = meðalfríborð, sjá V-3.2.1
h = hæð á álagspunkti
Fyrir hliðar á yfirbyggingum þilfars báta;
p = 0,2 · p sjó MPa
Fyrir þilfar og plitta vegna manna;
p = 0,01+0,002 · L_m+0,06 · p sjó MPa
Fyrir þilfar og plitta vegna farms;
p = 0,08 · G_f MPa
G_f = farmur í t/m^2

1.6 Álagsstuðlar skulu aldrei vera minni en:
pmín = 0,003 · L_m MPa
Styrktarskilrúm skulu metin á grundvelli lágmarksálagsstuðulsins.

Mynd 21.1



EFNISMÁL BÁTA ÚR TREFJAPLASTI V-22

Efnisyfirlit

1. Gildissvið
2. Efni
3. Skilgreiningar
4. Leiðréttingar á efnismálum
5. Samloka
6. Kjölur
7. Stefni og borðstokkur
8. Botn
9. Síða og skilrúm
10. Húfur, kantar
11. Þilfar og plittar
12. Yfirbyggingar og reisnir
13. Langskipsstyrkingar
14. Þverskipsstyrkingar
15. Aðrar styrkingar
16. Afturgafl
17. Verklag
18. Vélarundirstaða
19. Hlasskjölur
20. Festing búnaðar
21. Samsetningar

1. Gildissvið

1.1 Eftirfarandi kröfur um efnismál gilda um báta úr trefjaplasti sem smíðaðir eru með hefðbundnu bátslagi.

2. Efni

2.1 Efni bátanna skal uppfylla ákvæði í EB-2, EB-3, EB-5 og EB-6.

2.2 Fullhart trefjaplast skal uppfylla eftirgreindar kröfur:
Togþol: minnst σ_s = 80 MPa
Beygjubrotþol: minnst σ_b = 130 MPa
Togfjaðurstuðull: E_S = 7000 MPa
Beygjufjaðurstuðull: E_b = 6000 MPa

2.3 Togþol og togfjaðurstuðul skal ákveða skv. ISO 3268-1978. Mæla skal í tvær mismunandi stefnur. Beygjubrotþol og beygjufjaðurstuðul skal ákveða skv. ISO 178. Mæla skal í tvær mismunandi stefnur.

2.4 Meðaltal ofangreindra mælinga skal uppfylla kröfur í 2.2. Engin einstök mæling má vera lakari en 80% af þeirri tölu sem notuð er við útreikninga.

2.5 Glerinnihald trefjaplasts skal ekki vera minna en 27% af heildarþunga og ekki meira en 45%, mælt skv. ISO/R 1172-1975. Mismunur á glerinnihaldi prófsýna má ekki vera meiri en ± 4% af meðaltalsniðurstöðum rannsókna. Niðurstaða hverrar rannsóknar skal uppfylla þessar kröfur.

3. Skilgreiningar


3.1 Þar sem ekki er annað tilgreint gilda eftirgreind tákn:
p = þrýstingur á bol í MPa
V = mesti hraði bátsins í hnútum
t = þykkt á trefjaplasti í mm
W = mótstöðuvægi í mm^3
W_1 = mótstöðuvægi á breiddareiningu í mm^3/mm
l = spennilengd banda, styrkinga og bita í mm
s = millibil banda, styrkinga og bita í mm, mælt miðju á miðju.
Fyrir fiskibáta, sjá kafla V-30.14.1.

4. Leiðréttingar á efnismálum


4.1 Ef framleiðandi getur sannað að eiginleikar trefjaplastsins séu betri en krafist er skv. 2.2, má samþykkja minni efnismál en tilgreind eru í reglunum fyrir viðkomandi bát.
$f = f_1 \cdot f_2 \cdot f_3 \cdot f_4$
f minnst 0,7

4.2 Ef notað er trefjaplast sem hefur meira beygjubrotþol en 130 MPa, má margfalda þykktina á trefjaplastinu skv. líkingum með leiðréttingarstuðlinum f_1, með eftirgreindum stuðli:
$f_1 = 130/_{\sigma_b}$
σ_b = beygjubrotþol á viðkomandi trefjaplasti


4.3 Ef hlutfallið a/b á óstyrktum fleti þar sem a er lengd lengri hliðar og b lengd styttri hliðar, er minna en 2, má margfalda þykktina á trefjaplastinu skv. líkingum með leiðréttingarstuðlinum f, með eftirgreindum stuðli:
$f_2 = 0{,}6 + 0{,}2 \cdot a/b$



4.4 Ef flötur á trefjaplasti er kúptur að ráði má margfalda þykktina á trefjaplastinu skv. líkingum með leiðréttingarstuðlinum f, með eftirgreindum stuðli:
$f_3 = 1 - h/s$
f_3 minnst 0,8



4.5 Ef kjarni bands k er breiðari en 0,1 s, má margfalda þykktina á trefjaplastinu skv. líkingum með leiðréttingarstuðlinum f, með eftirgreindum stuðli:
$f_4 = 1,1 - k/s$
f_4 minnst 0,7



4.6 Ef togþol trefjaplastsins er meira en 80 MPa má margfalda mótstöðuvægi með eftirgreindum stuðli:
$f_w = 80 / \alpha_s$
σ_s = togþol á viðkomandi trefjaplasti.

5. Samloka

5.1 Eftirfarandi ákvæði gilda um samloku sem verður fyrir álagi og er gerð úr kjarna með trefjaplasti beggja megin.

5.2 Við ákvörðun á styrk samloku er miðað við að álag vegna beygjuspennu reyni á trefjaplast samlokunnar en skerspenna á kjarnann.

5.3 Samloka skal ekki hafa minni styrk en krafist er til samsvarandi hlutar úr gegnheilu trefjaplasti skv. líkingu þar sem reiknað er með bandabilinu s. Samloka telst hafa fullnægjandi styrk ef W/s samlokunnar uppfylla ákvæði í 11.2, 13.3 og 13.4, þegar s er 1 mm og l er lengd styttri hliðar flatarins í mm. Sjá mynd 22.5 varðandi mótstöðuvægi.

Kröfu um mótstöðuvægi má margfalda með stuðlinum f_6, skv. línuriti í 5.5.

5.4 Efni kjarna í samloku má ekki hafa minna skerþol en:

$$\tau = \frac{0{,}25 \cdot f5 \cdot p \cdot l}{d} \text{ MPa}$$

og kjarni má aldrei vera þynnri en 0,01 l.

d = bilið á milli trefjaplastlaganna utan á kjarnanum í mm, mælt miðju í miðju

l = lengd styttri hliðar flatarins í mm


p = þrýstingur á bol í MPa

f_5 = leiðréttingarstuðull skv. línuriti í 5.5.

Í botni skal skerþol ekki vera minna en:

$\tau = 0{,}046 \cdot V$, þó minnst 0,7 MPa

5.5 Ef hlutfall á milli lengri hliðar „a" og styttri hliðar „b" samloku er minna en 3,0 má margfalda mótstöðuvægi hennar, W/s, með stuðlinum f_6 og skerþol kjarna með stuðlinum f_5 skv. eftirfarandi línuriti.



5.6 Þykkt á ytri húð trefjaplasts í kili, stefnum, botni, húfi og síðum á ekki að vera minni en 40% og í þilfari 60% af kröfum til þykktar á gegnheilu trefjaplasti skv. líkingum þar sem ekki er reiknað með millibili styrkinga, s. Í botni og síðum má samþykkja minni efnismál, ef fram kemur við prófun, að höggþol er ekki lakara en á gegnheilu trefjaplasti með lágmarksefnismál fyrir viðkomandi bát.

5.7 Hlutfall á milli þykktar þynnsta og þykkasta hluta á trefjaplasti samloku á ekki að vera minna en 0,75.

6. Kjölur

6.1 Efnismál kjalar skulu ákveðin með tilliti til notagildis hans, svo sem uppsetningu bátsins, festingum, hlasskili og þess háttar. Sjá S-15.10 um festingu á hlasskili.


6.2 Efnisþykkt kjalar skal ekki vera minni en:


$t_k = 1{,}15\ (2{,}9 + 0{,}9 \cdot f_1 \cdot L_m + 0{,}1 \cdot V)$ mm

Efnisþykkt kjalar, t_k, skal mæld eins og sýnt er á eftirfarandi myndum:


b = 80 · B mm

B = breidd bátsins í metrum.





6.3 Efnisþykkt kjalar, t_k, á bátum með kjölfestu steypta í kilinum skal ná minnst niður að kjölfestunni. Á bátum án skúffukjalar eða innbyggðrar langskipsstyrkingar skal efnisþykktin miðskips ekki vera minni en sýnt er á eftirfarandi mynd:



6.4 Ef bolur er framleiddur í hlutum skal tengingin á milli hlutanna ekki vera þynnri en krafist er í kili. Breidd tengingarinnar hvorumegin við samskeytin skal ekki vera minni en 20 sinnum þykkt trefjaplastsins.

7. Stefni

7.1 Efnisþykkt í framstefni skal ekki vera minni en:
$t = 1{,}15\ (2{,}9+0{,}9 \cdot f_1 \cdot L_m)$ mm

7.2 Breidd á stefni skal ekki vera minni en:
$b = 80 \cdot B$ mm
b þarf þó ekki að vera meiri en 200 mm
Ef bolur er framleiddur í hlutum skal tengingin á milli hlutanna ekki vera þynnri en krafist er í stefni. Breidd tengingarinnar, hvorumegin við samskeytin, skal ekki vera minni en 20 sinnum þykkt trefjaplastsins.

8. Botn

8.1 Þykkt á trefjaplasti í botni skal haldast í fullri þykkt upp að því marki sem hærra er af eftirgreindu:
- upp að hleðsluvatnslínu
- upp að kanti.

8.2 Efnisþykkt í botni skal ekki vera minni en sú þykkt sem ákvarðast hærri úr eftirfarandi líkingum:

$t_b = 0{,}081 \cdot f \cdot s\sqrt{p}$ mm

$t_b = 1{,}15(1{,}4 + 0{,}5 \cdot f_l \cdot L_m + 0{,}08 \cdot V)$ mm

8.3 Á bátum með kjöl skal mismunur á þykkt kjalar og þykkt á botni jafnast út á svæði sem er ekki minna en 40 sinnum þykktarmismunurinn.

9. Síða og skilrúm

9.1 Efnisþykkt síðu skal ekki vera minni en sú þykkt, sem ákvarðast hærri úr eftirfarandi líkingum:

$t_s = 0{,}062 \cdot f \cdot s\sqrt{p}$ mm

$t_s = 1{,}15(1{,}7+0{,}5 \cdot f_l \cdot L_m)$ mm

Efnisþykkt styrktarskilrúma skal ekki vera minni en:

$t = 0{,}75 \cdot t_s$ mm

10. Húfur, kantar

10.1 Ef kantur er á milli botns og síðu, eða húfur er með radíus sem er minni en 20 sinnum botnþykktin, skal efnisþykkt kantsins/húfsins, t_k, á minnst 100 mm breiðri rönd beggja megin við kant eða húf, ekki vera minni en:

$t_k = 1{,}15\ (2{,}4 + 0{,}7 \cdot f_l \cdot L_m + 0{,}06 \cdot V)$ mm, þó ekki minni en þykkt í botni.

11. Þilfar og plittar

11.1 Þykkt á þilfari og plittum, sem verða fyrir álagi vegna umgangs skal ekki vera minni en sú þykkt sem ákvarðast hærri úr eftirfarandi líkingum:

$t_d = 0{,}063 \cdot f \cdot s\sqrt{p}$ mm

$t_d = 1{,}05\ (1{,}6+0{,}4 \cdot f_l \cdot L_m)$ mm

11.2 Bitar skulu ekki hafa minna mótstöðuvægi á miðri spennilengd en:

$W = 5{,}8 \cdot f_w \cdot s \cdot p\ (l/100)^2$ mm^3

11.3 Víkja má frá kröfum um styrkingar á litlum þilförum sem ekki geta orðið fyrir álagi.

12. Yfirbyggingar og reisnir

12.1 Yfirbygging og reisn sem verður fyrir álagi frá sjó skal hafa efnismál, sem reiknuð eru skv. líkingu fyrir efnismál síðu.

12.2 Efnismál á þaki yfirbygginga og reisna sem verður fyrir álagi vegna umgangs skulu ekki vera minni en tilgreint er í 11.

13. Langskipsstyrkingar

13.1 Við ákvörðun á mótstöðuvægi styrkinga má reikna með hluta af fletinum sem styrkingin tengist sem flansi, að breidd sem nemur 20 sinnum þykkt flatarins, auk breiddar styrkingarinnar.

13.2 Bátar sem ganga hraðar en $6\sqrt{L_m}$ hnúta eiga að hafa langbönd í botni.

13.3 Langbönd í botni skulu ekki hafa minna mótstöðuvægi en:

$W = 11{,}5 \cdot fw \cdot s \cdot p\ (1/100)^2$ mm^3

Þrep og hlífðarlista sem liggja langskips má meta sem styrkingar.

13.4 Langbönd í síðu skulu ekki hafa minna mótstöðuvægi en:
$W = 7{,}3 \cdot f_w \cdot s \cdot p\ (l/100)^2\ mm^3$
Þrep og hlífðarlista sem liggja langskips má meta sem styrkingar.

14. Þverskipsstyrkingar


14.1 Langbönd eiga að hafa stuðning af þverskilrúmum eða þverböndum.

14.2 Bátar með hámarksganghraða minni en $6\sqrt{L_m}$ hnúta má styrkja með þverskipsstyrkingum eingöngu og kili sem einu langskipsstyrkingunni.

14.3 Þverbönd skulu annaðhvort ganga óskert yfir kjölinn eða tengjast botnstokkum. Þverbönd skulu hafa stuðning að ofan af þilfarsbitum, þilfari eða annarri langskipsstyrkingu.


14.4 Þverstyrkingar og þverskilrúm skulu hafa sömu efnismál og þverbönd. Á bátum með kjöl skal lengdin, l, mæld frá miðlínu bátsins, en á flatbotna bátum mælist lengdin á milli síða.

14.5 Þverbönd skulu ekki hafa minna mótstöðuvægi upp fyrir húf en:
$W = 6{,}9 \cdot f_w \cdot s \cdot p\ (l/100)^2\ mm^3$
$l = l_o - 3f + 0{,}3R$, sjá mynd:



14.6 Mótstöðuvægi þverbanda efst í síðu, skal ekki vera minna en 40% af því mótstöðuvægi, sem krafist er í botni. Mótstöðuvægið skal minnka línulega upp frá húfnum.

14.7 Á planandi bátum án kjalar skulu botnstokkar festast við síður og skal þverskurðarflatarmál festinganna ekki vera minna en:
$A = 0{,}006 \cdot s_1 \cdot p \cdot b\ mm^2$
$s_1 = 0{,}5\ (l_1 + l_2)$ mm
þar sem l_1 og l_2 er lengd langbandsins fyrir framan og aftan þverstyrkinguna.
b = breidd á bol í mm, sjá mynd.





15. Aðrar styrkingar

15.1 Bekkir, plittar eða innréttingar mega koma í stað styrkinga, ef þeir eru festir í allri sinni lengd á fullnægjandi hátt við súðina.

15.2 Gera má minni kröfur til styrkinga, ef lag bolsins er á þann veg að það styrki bátinn.

15.3 Í opnum bátum má gera styrkingar í botni að öllu leyti eða hluta til með föstum plittum. Breiddin b skal ekki vera minni en 0,25B. Millibilið a, frá plittunum að kanti, skal ekki vera minna en 0,15B.





15.4 Ef styrkingar eru gerðar úr frauðplasti, skal frauðplastið hafa fullnægjandi þrýsti- og skerþol til að tryggja heildarstyrk botnsins. Tegund og gæði frauðplastsins, ásamt frauðgerðinni, eru metin til viðurkenningar í hverju einstöku tilfelli.

16. Afturgafl

16.1 Afturgafl sem ekki verður fyrir álagi vegna vélar eða stýris skal hafa sömu efnismál og síða.

16.2 Afturgafl sem verður fyrir álagi frá utanborðsvél á að byggjast sem samloka með kjarna úr vatnsheldum krossviði eða samsvarandi efni. Lágmarksþykkt á þeim hluta gaflsins sem verður fyrir álagi frá vélinni er gefin upp í eftirfarandi töflu.

16.3 Afturgafl sem verður fyrir álagi frá hálfutanborðsvél skal byggður upp skv. ákvæðum í 16.2, en þó skal auka heildarþykktina um 5 mm frá því sem þar er tilgreint í töflu.

16.4 Þykkt á trefjaplasti innan við kjarnann á ekki að vera minni en 0,7 sinnum þykkt síðu og þykkt á trefjaplasti utan við kjarnann ekki minni en 0,7 sinnum þykkt í botni. Hér er átt við þær líkingar sem ekki byggja niðurstöðu á millibili styrkinga, s. Trefjaplast innan við kjarnann skal tengjast við síður og botn og þynnast út línulega.

Vélarafl kW	Hestöfl	Heildarþykkt mm
3	4	12
3 - 7	4 - 10	15
7 - 18	10 - 25	25
18 - 30	25 - 40	30
30 - 60	40 - 80	35
60 - 150	80 - 200	40
yfir 150	yfir 200	*

* Efnismál á afturgafli eru metin hverju sinni

17. Verklag

17.1 Hlutir úr trefjaplasti skulu ekki hafa skörp horn. Ef ekki er hægt að koma öðru við skal styrkja hornin sérstaklega. Mót mega ekki vera of margbrotin og komast skal hjá byggingarlagi sem torveldar eftirlit og viðgerðir.

17.2 Varast ber að byggja burðarhluti sem valda togálagi hornrétt á trefjaplastflöt, þar sem slíkt getur valdið tvískinnungi í trefjaplastinu.

17.3 Styrkingar skulu ekki hafa snöggar breytingar á styrkleika. Styrkingar skulu þynnast út til endanna eða tengjast öðrum styrkingum.

17.4 Þykktarmismun á trefjaplasti skal jafna út á svæði sem er ekki minna en 20 sinnum þykktarmismunurinn. Á fleti, sem verður fyrir miklu álagi skal jafna mismuninn út á svæði sem er ekki minna en 40 sinnum þykktarmismunurinn.

17.5 Samlokufletir skulu byggðir upp með tilliti til eftirgreindra atriða:

- trefjaplastið utan á kjarnanum skal vera óskert við bönd og aðrar styrkingar og forðast skal snöggar breytingar á þykkt kjarnans
- mismun þykktar á milli samloku og gegnheils trefjaplasts, skal jafna út á svæði, sem er ekki minna en tvisvar sinnum þykkt kjarnans
- þar sem þrýstingur leggst hornrétt á samloku, skal auka þykkt trefjaplastsins utan á kjarnanum eða setja viðbótarstyrkingu sem dreifir álaginu á stærra svæði
- þar sem bönd, skilrúm og þess háttar er fest við samloku skal þykkt trefjalagsins á samlokunni ekki vera minni en þykktin á styrkingunni sem fest er. Þykktarmismun trefjalagsins skal jafna út á svæði sem er ekki minna en 20 sinnum þykktarmismunurinn.

18. Vélarundirstaða

18.1 Ef vél er fest beint á langband í botni skal auka efnismál langbandsins og tengja það þverskipsstyrkingu. Vélarundirstaða skal vera byggð upp á þann veg að hún gefi nægilegan stífleika á milli vélar og legu í stefnispípu.

18.2 Vélarundirstaðan skal vera byggð upp á þann veg að hún dreifi krafti frá vél, gír og skrúfubúnaði á fullnægjandi hátt á bolinn.

19. Hlasskjölur

19.1 Þar sem hlasskjölur er festur við bolinn skal auka þykkt trefjaplastsins og styrkja það á fullnægjandi hátt.

19.2 Í staðinn fyrir hlasskjöl má byggja kjölfestuna inn í kjölinn í einu lagi með bolnum. Efnisþykkt kjalarins og tenging hans við bolinn skal metin með tilliti til þyngdar kjölfestunnar og þess álags sem kjölurinn verður fyrir. Kjölfestuna verður að skorða þannig að hún geti ekki hreyfst. Kjölfestu úr steinsteypu má aðeins leggja á trefjaplast sem hefur verið húðað með topphúð eða samsvarandi.

20. Festing búnaðar

20.1 Þar sem búnaður er festur í bol og þilfar skal setja viðbótarstyrkingar, sem dreifa álaginu á nægilega stórt svæði.

20.2 Viðbótarstyrkingar má gera með því að auka þykkt trefjaplastsins eða hafa styrkinguna úr samloku með krossviði, málmplötu eða þess háttar. Við smíði styrkinga skal taka tillit til stefnu átaksins og þess álags sem styrkingarnar verða fyrir. Trefjaplastið sem lagt er yfir kjarnann að innan skal ná hæfilega langt út fyrir kjarnann og hver styrkingarmotta skal ná vel út fyrir næstu mottu á undan.

21. Samsetningar

21.1 Samsetningar skulu vera einfaldar og aðgengilegar til eftirlits og unnar á þann veg að ekki sé hætta á tvískinnungi í samsetningunum.

21.2 Hnoðnaglar, boltar og undirlagsskífur skulu vera úr ryðfríu efni eða vera ryðvarðar.


21.3 Göt fyrir bolta og hnoðnagla skulu boruð og skal þvermálið vera það sama og þvermál bolta/hnoða. Fjarlægð miðju gatsins að brún á trefjaplastinu skal ekki vera minni en 2,5 sinnum þvermál gatsins fyrir hnoð og 3 sinnum þvermál gatsins fyrir bolta.


21.4 Undir boltahausum og róm í samsetningum sem verða fyrir álagi skal vera skífa með ytra þvermál sem er ekki minna en 2 sinnum þvermál gatsins og ekki þynnri en 0,1 sinnum þvermál gatsins, þó aldrei þynnri en 0,5 mm. Ef haus eða ró uppfyllir þessa kröfu þarf ekki skífu. Í samsetningum sem verða fyrir miklu álagi má gera kröfu um stærri skífur.

21.5 Við vatnsþéttar samsetningar skal setja þéttiefni á bolta/hnoðnagla áður en þeir eru settir í og festa þá síðan tryggilega.


21.6 Nota má, með sérstöku samþykki í hverju einstöku tilfelli, skrúfur í samsetningar sem ekki verða fyrir álagi. Skrúfur skulu vera sem allra næst hornrétt á flötinn. Trefjaplast sem skrúfað er í skal hafa nægilega þykkt (minnst 5 mm), en ef því verður ekki við komið má koma fyrir stykki á bak við trefjaplastið til að skrúfa í.


Mynd 22.1
Mótstöðuvægi styrkinga, W, er byggt á þverskurðarflatarmáli toppsins, A_{fl}, hæð styrkingarinnar, H, og efnisþykkt, t_s.







Mynd 22.2
Mótstöðuvægi styrkinga, W, er byggt á þverskurðarflatarmáli toppsins, A_{fl}, hæð styrkingarinnar, H, og efnisþykkt, t_s.






Mynd 22.3
Mótstöðuvægi styrkinga, W, er byggt á þverskurðarflatarmáli toppsins, A_{fl}, hæð styrkingarinnar, H, og efnisþykkt, t_s.







Mynd 22.4
Mótstöðuvægi þrepa, W, er byggt á hæð þrepsins, H, og efnisþykkt, t.




Mynd 22.5
Mótstöðuvægi samloku, W/s, ef gert er ráð fyrir jafnþykku trefjaplasti beggja megin.





Mynd 22.6
Þykkt á trefjaplasti er tilgreind í mm og er þá átt við þykktina á trefjaplastinu án slithúðar að utan og innan. Eftirfarandi línurit sýnir hve þungar glertrefjar í g/m^2 þarf til að ná 1 mm þykku trefjaplasti, með hliðsjón af hlutfalli glertrefja í trefjaplastinu.



EFNISMÁL STÁLBÁTA V-23

Efnisyfirlit

1. Efni
2. Leiðréttingar
3. Kjölur og stefni
4. Plötur í botni
5. Plötur í síðu og skilrúmum
6. Plötur í þilfari
7. Styrkingar
8. Afturgafl og vélarundirstöður
9. Yfirbygging, þilfarshús og styrkingar

1. Efni og skilgreiningar


1.1 Efni til smíði stálbáta skal vera af efnisgæðum sem eru ekki minni en:
brotlenging = 22%
flotmörk = σ_f 240 MPa (24 kp/mm^2)
togþol = σ_S 410 MPa (41 kp/mm^2)

1.2 Þar sem ekki er annað tilgreint gilda eftirgreind tákn:
p = þrýstingur á bol í MPa
V = mesti hraði bátsins í hnútum
t = þykkt á trefjaplasti í mm
W = mótstöðuvægi í mm^3
W_l = mótstöðuvægi á breiddareiningu í mm^3/mm
l = spennilengd banda, styrkinga og bita í mm
s = millibil banda, styrkinga og bita í mm, mælt miðju á miðju.
Fyrir fiskibáta, sjá kafla V-30.14.1.


2. Leiðréttingar

2.1 Ef notað er stál með hærri flotmörkum en 240 MPa má leiðrétta plötuþykktir með eftirgreindum stuðli:
$f_1 = \sqrt{240/\sigma\ 0{,}2}$ þar sem
σ 0,2 = flotmörk stálsins sem notað er.

2.2 Ef hlutfallið a/b á óstyrktum fleti þar sem a er lengd lengri hliðar og b lengd styttri hliðar, er minna en 2, má margfalda plötuþykktina með eftirgreindum stuðli:
$f_2 = 0{,}6 + 0{,}2\ a/b$



2.3 Ef plata er kúpt, má margfalda þykkt hennar með eftirgreindum stuðli:
$f_3 = 1 - 0{,}8\ h/s$
f_3 minnst 0,85



2.4 Leiðréttingarstuðullinn f í líkingum er:
$f = f_1 \cdot f_2 \cdot f_3$

2.5 Ef notað er stál með hærri flotmörk en 240 MPa má leiðrétta mótstöðuvægi með eftirgreindum stuðli:
$f_w = 240/\sigma\ 0{,}2$ þar sem
σ 0,2= flotmörk þess stáls sem notað er.

3. Kjölur og stefni

3.1 Kjölur skal almennt vera stangarkjölur.

3.2 Mótstöðuvægi stangarkjalar skal ekki vera minna en:
$W = 150 \cdot Lm^2\ mm^3$
Í mótstöðuvægið má reikna með hluta af botnplötunni að breidd sem nemur 20 sinnum plötuþykktinni.

3.3 Ef stangarkjölur virkar ekki sem slitkjölur, skal þykkt kjalplötunnar ekki vera minni en:
$t = 1{,}5 \cdot t_b$ mm, þar sem
t_b = þykkt á plötum í botni skv. 23.4.2
Breidd kjalplötunnar skal ekki vera minni en:
$b = 10 \cdot L_m$ mm

4. Plötur í botni

4.1 Þykkt á plötum í botni skal haldast í fullri þykkt upp að því marki sem hærra er skv. eftirgreindu:
- upp að húfi
- upp að hleðsluvatnslínu.

4.2 Þykkt á plötum í botni skal ekki vera minni en sú þykkt sem ákvarðast hærri úr eftirfarandi líkingum:
$t_b = 1{,}15\ (0{,}4 + 0{,}2 \cdot f_l \cdot L_m + 0{,}04 \cdot V)$ mm
$t_b = 0{,}049 \cdot f \cdot s \cdot \sqrt{p}$ mm
t_b minnst 3,0 mm

5. Plötur í síðu og skilrúmum

5.1 Þykkt á plötum í síðu skal ekki vera minni en sú þykkt, sem ákvarðast hærri úr eftirfarandi líkingum:
$t_s = 1{,}15\ (0{,}2 \cdot f_l \cdot L_m + 0{,}04 \cdot V)$ mm
$t_s = 0{,}023 \cdot f \cdot s \cdot \sqrt{p}$ mm
t_s minnst 2,5 mm
Þykkt á plötum í skilrúmum sem eiga að vera vatnsþétt eða hafa þýðingu fyrir styrk bátsins, skal ekki vera minni en 0,75 sinnum þykkt síðu skv. framangreindum líkingum.

6. Plötur í þilfari

6.1 Þykkt á plötum í þilfari skal ekki vera minni en sú þykkt, sem ákvarðast hærri úr eftirfarandi líkingum:
$t_d = 1{,}05\ (0{,}8 + 0{,}2 \cdot f_l \cdot L_m)$ mm
$t_d = 0{,}032 \cdot f \cdot s \cdot \sqrt{p}$ mm
t_d minnst 2,5 mm


7. Styrkingar

7.1 Í mótstöðuvægi styrkinga má reikna með hluta af viðkomandi plötu að breidd sem nemur 20 sinnum plötuþykktinni, þó ekki meira en millibili styrkinga.

7.2 Mótstöðuvægi styrkinga í botni skal ekki vera minna en:
$W = 1{,}73 \cdot f_w \cdot s \cdot p\ (l/100)^2\ mm^3$

7.3 Mótstöðuvægi styrkinga í síðu og á styrktarskilrúmum eða vatnsþéttum skilrúmum, skal ekki vera minna en:
$W = 1{,}27 \cdot f_w \cdot s \cdot p\ (l/100)^2\ mm^3$

7.4 Við útreikninga á mótstöðuvægi þverbanda, skal nota l, sem fengið er skv. eftirgreindu:
$l = l_0 - 3f + 0{,}3R$ mm, sjá mynd:



7.5 Mótstöðuvægi styrkinga undir þilfari skal ekki vera minna en:
$W = 0{,}85 \cdot f_w \cdot s \cdot p\ (l/100)^2\ mm^3$

7.6 Styrkingar skulu almennt vera með flansi. Ef svo er ekki, verður að ganga úr skugga um stífleika styrkinganna gagnvart beglu.

8. Afturgafl og vélarundirstöður

8.1 Afturgafl sem verður fyrir álagi vegna utanborðs- eða hálfutanborðsvélar skal vera þannig smíðaður, að álagið dreifist á styrkingar bátsins.

8.2 Plötuþykkt í afturgafli sem verður fyrir álagi vegna utanborðs- eða hálfutanborðsvélar er metin í hverju einstöku tilfelli, en skal þó aldrei vera minni en þykkt á plötum í botni. Vegna stórra utanborðs- eða hálfutanborðsvéla skal styrkja gaflinn með bitum sem taka við álaginu frá vélinni.

8.3 Afturgafl sem ekki verður fyrir álagi frá vél skal hafa sömu efnismál og síða.

8.4 Innanborðsvélar skulu festar á langbönd sem ná lengd vélarinnar, þó minnst 0,5 m fram fyrir og aftur fyrir vélina. Langböndin skulu vera af umræddri lengd án tilllits til skilrúma eða annarra þverstyrkinga.

9. Yfirbyggingar, þilfarshús og viðbótarstyrkingar


9.1 Yfirbyggingar og reisnir sem verða fyrir álagi frá sjó skulu hafa efnismál sem reiknuð eru skv. líkingu fyrir efnismál síðu.

9.2 Efnismál á þaki yfirbygginga og reisna sem verða fyrir álagi vegna umgangs skulu ekki vera minni en efnismál á þilfari.

9.3 Við úrtök og op á bol sem eru stærri en 250 mm skal setja styrkingar.

9.4 Þar sem festartæki eru fest í bol og þilfar skal setja viðbótarstyrkingar sem dreifa álaginu á nægilega stórt svæði.

Mynd 23.1
Mótstöðuvægi styrkinga sem soðnar eru á 4 - 6 mm plötur.



EFNISMÁL ÁLBÁTA V-24

Efnisyfirlit

1. Efni
2. Leiðréttingar
3. Kjölur og stefni
4. Plötur í botni
5. Plötur í síðu og skilrúmum
6. Plötur í þilfari
7. Styrkingar
8. Afturgafl og vélarundirstöður
9. Yfirbygging, þilfarshús og styrkingar

1. Efni og skilgreiningar

1.1 Almennt skal nota ál af eftirgreindum tegundum:

Flokkur 1	Óherðanlegar málmblöndur	Dæmi
Skal innihalda	**ASTM**	**DIN 1725**
	5052	Almg 2,5
C_u max. 0,2%	5083	Almg 4,5 Mn
F_e max. 0,5%	5086	Almg 4 Mn
M_g max. 2,0%	5154	Almg 3
	5454	Almg 2,7 Mn

Flokkur 2	Herðanlegar málmblöndur	Dæmi
Skal innihalda	**ASTM**	**DIN 1725**
	6005	Almg S_1 0,7
C_u max. 0,4%	6063	Almg S_1 0,5
F_e max. 0,5%	6351	Almg S_1 1,0

Í töflu 24.1 eru tilgreindir eiginleikar nokkurra áltegunda

1.2 Þar sem ekki er annað tilgreint gilda eftirgreind tákn:


p = þrýstingur á bol í MPa
V = mesti hraði bátsins í hnútum
t = þykkt á trefjaplasti í mm
W = mótstöðuvægi í mm^3
W_l = mótstöðuvægi á breiddareiningu í mm^3/mm
l = spennilengd banda, styrkinga og bita í mm
s = millibil banda, styrkinga og bita í mm, mælt miðju á miðju.

Fyrir fiskibáta, sjá kafla V-30.14.1.


2. Leiðréttingar

2.1 Efnismál eru byggð á 170 MPa flotmörkum efnisins. Ef notað er ál með önnur flotmörk skal leiðrétta plötuþykkt með eftirgreindum stuðli:
f_1 = $\sqrt{170/\sigma\ 0,2}$ þar sem
σ 0,2 = flotmörk þess áls sem notað er.
Við soðnar samsetningar skulu flotmörk suðunnar ákveðin út frá eftirgreindum flotmörkum og togþoli álsins og suðunnar.
σ 0,2 soðið = σ 0,2 · B soðið/σ B
Sjá skýringu á táknum í töflu 24.1.


2.2 Ef hlutfallið a/b á óstyrktum fleti, þar sem a er lengd lengri hliðar og b lengd styttri hliðar, er minna en 2, má margfalda plötuþykkt með eftirgreindum stuðli:
$f_2 = 0,6 + 0,2 \cdot a/b$



2.3 Ef plata er kúpt má margfalda þykkt hennar með eftirgreindum stuðli:
f_3 = 1 - 0,8 h/s
f_3 minnst 0,85



2.4 Ef breidd styrkinga, k, er breiðari en 0,1 s má margfalda plötuþykkt með eftirgreindum stuðli:
f_4 = 1,1 - k/s
f_4 = minnst 0,7



2.5 Leiðréttingarstuðullinn f í líkingum um plötuþykktir er:
$f = f_1 \cdot f_2 \cdot f_3 \cdot f_4$

2.6 Samloka skal metin út frá sömu forsendum og tilgreindar eru í V-22.5.

2.7 Ef notað er ál með önnur flotmörk en 170 MPa, skal leiðrétta mótstöðuvægi með stuðlinum f_w :
$f_w = 170/\sigma\ 0{,}2$ þar sem
$\sigma 0{,}2$ = flotmörk þess áls sem notað er. Sjá 2.1 um suðu.

3. Kjölur og stefni

3.1 Kjölur skal almennt vera stangarkjölur.

3.2 Mótstöðuvægi stangarkjalar skal ekki vera minna en:
$W = 200 \cdot L_m^2\ mm^3$
Í mótstöðuvægið má reikna með hluta af botnplötunni, að breidd sem nemur 20 sinnum plötuþykktinni.

3.3 Ef stangarkjölur virkar ekki sem slitkjölur, skal þykkt kjalplötunnar ekki vera minni en:
$t = 1{,}5 \cdot t_b$ mm, þar sem
t_b = þykkt á plötum í botni skv. 4.2.
Breidd kjalplötunnar skal ekki vera minni en:
$b = 10 \cdot L_m$ mm

3.4 Kjölur, stefni, húfur og aðrir hlutar sem hætt er við sliti, skulu vera þannig lagaðir, að styrkur samsetninga minnki ekki að ráði vegna slits.

4. Plötur í botni

4.1 Þykkt á plötum í botni skal haldast í fullri þykkt upp að því marki sem hærra er skv. eftirgreindu:
- upp að húfi
- upp að hleðsluvatnslínu.

4.2 Þykkt á plötum í botni skal ekki vera minni en sú þykkt, sem ákvarðast hærri úr eftirfarandi líkingum:
$t_b = 1{,}15\ (0{,}4 + 0{,}2 \cdot f_1 \cdot L_m + 0{,}04 \cdot V)$ mm
$t_b = 0{,}049 \cdot f \cdot s \cdot \sqrt{p}$ mm
t_b minnst 1,25 mm

5. Plötur í síðu og skilrúmum

5.1 Þykkt á plötum í síðu skal ekki vera minni en sú þykkt, sem ákvarðast hærri úr eftirfarandi líkingum:
$t_s = 1{,}15\ (0{,}2 \cdot f_1 \cdot L_m + 0{,}04 \cdot V)$ mm
$t_s = 0{,}028 \cdot f \cdot s \cdot \sqrt{p}$ mm
t_s minnst 1,25 mm
Þykkt á plötum í skilrúmum sem eiga að vera vatnsþétt eða hafa þýðingu fyrir styrk bátsins skal ekki vera minni en 0,75 sinnum þykkt síðu skv. ofangreindum líkingum.

6. Plötur í þilfari

6.1 Þykkt í plötum í þilfari skal ekki vera minni en sú þykkt sem ákvarðast hærri úr eftirfarandi líkingum:
$t_d = 1{,}05\ (0{,}8 + 0{,}2 \cdot f_1 \cdot L_m)$ mm
$t_d = 0{,}038 \cdot f \cdot s \cdot \sqrt{p}$ mm
t_d minnst 1,50 mm


7. Styrkingar

7.1 Í mótstöðuvægi styrkinga má reikna með hluta af viðkomandi plötu að breidd sem nemur 20 sinnum plötuþykktinni, þó ekki meira en millibili styrkinga.

7.2 Mótstöðuvægi styrkinga í botni skal ekki vera minna en:
$W = 2{,}4 \cdot f_w \cdot s \cdot p \, (l/100)^2 \ mm^3$

7.3 Mótstöðuvægi styrkinga í síðu og á styrktarskilrúmum skal ekki vera minna en:
$W = 1{,}5 \cdot f_w \cdot s \cdot p \, (l/100)^2 \ mm^3$

7.4 Við útreikninga á mótstöðuvægi þverbanda, skal nota l sem fengið er skv. eftirgreindu:
$l = l_o - 3f + 0{,}3R$



7.5 Mótstöðuvægi styrkinga undir þilfari skal ekki vera minna en:
$W = 1{,}2 \cdot f_w \cdot s \cdot p \, (l/100)^2 \ mm^3$

7.6 Styrkingar skulu almennt vera með flansi. Ef svo er ekki verður að ganga úr skugga um stífleika styrkinganna gagnvart beyglu.

8. Afturgafl og vélarundirstöður

8.1 Afturgafl sem verður fyrir álagi vegna utanborðs- eða hálfutanborðsvélar skal vera þannig smíðaður að álagið dreifist á styrkingar bátsins.

8.2 Plötuþykkt í afturgafli sem verður fyrir álagi vegna utanborðs- eða hálfutanborðsvélar, er metin í hverju einstöku tilfelli en má þó aldrei vera minni en þykkt á plötum í botni. Vegna stórra utanborðs- eða hálfutanborðsvéla skal styrkja gaflinn með bitum, sem taka við álaginu frá vélinni. Fyrir utanborðsvélar sem eru kraftminni en 7,4 kW (10 hö) má styrkja afturgaflinn með krossviði.

8.3 Afturgafl sem ekki verður fyrir álagi frá vél skal hafa sömu efnismál og síða.

8.4 Innanborðsvélar skulu festar á langbönd sem ná lengd vélarinnar, þó minnst 0,5 m fram fyrir og aftur fyrir vélina. Langböndin skulu vera af umræddri lengd án tillits til skilrúma eða annarra þverstyrkinga.

9. Yfirbygging, þilfarshús og styrkingar

9.1 Yfirbyggingar og reisnir sem verða fyrir álagi frá sjó skulu hafa efnismál sem reiknuð eru skv. líkingu fyrir efnismál síðu.

9.2 Efnismál á þaki yfirbygginga og reisna sem verða fyrir álagi vegna umgangs skulu ekki vera minni en efnismál á þilfari.

9.3 Við úrtök og op á bol sem eru stærri en 250 mm skal setja styrkingar.

9.4 Þar sem festartæki eru fest í bol og þilfar, skal setja viðbótarstyrkingar, sem dreifa álaginu á nægilega stórt svæði.

Tafla 24.1
Dæmi um sjóþolið ál í flokki 1 skv. DIN 1745 og ASTM B 209. Fyrir hverja málmblöndu eru tilgreindar þrjár misharðar tegundir, mjúk, hálfhörð og hörð.

Málmblanda	Ástand	Flotmörk σ 0,2 MPa	Togþol σ B MPa	Brot-lenging A5 %	Togþol suðu σ B MPa
ISO AlMg 2,5					
DIN AlMg 2,5	W17(.10)	60	170	20	170
AA 5052	0	65	170	17	170
DIN AlMg 2,5	F23(.26)	180	230	5	170
AA 5052	H34	180	235	4	170
DIN AlMg 2,5	F27(.30)	240	270	3	170
AA 5052	H38	220	270	4	170
ISO AlMg 3 Mn					
DIN AlMg 2,7 Mn	F22(.07)	100	215	17	215
AA 5454	0	85	215	12	215
DIN AlMg 2,7 Mn	G25(.25)	180	245	10	215
AA 5454	H32	180	250	5	215
DIN AlMg 2,7 Mn	G27(.27)	200	270	9	215
AA 5454	H34	200	270	4	215
ISO AlMg 3					
DIN AlMg 3	W19(.10)	80	190	20	190
AA 5154	0	75	205	13	205
DIN AlMg 3	F24(.26)	190	240	5	190
AA 5154	H32	180	250	6	205
DIN AlMg 3	F29(.30)	250	290	3	190
AA 5154	H36	220	290	5	205
ISO AlMg 4					
DIN AlMg 4 Mn	W24(.10)	100	240	18	240
AA 5086	0	95	240	16	240
DIN AlMg 4 Mn	F30(.26)	240	300	5	240
AA 5086	H34	235	300	5	240
DIN AlMg 4 Mn	F33(.28)	270	325	4	240
AA 5086	H36	260	325	4	240
ISO AlMg 4,5 Mn					
DIN AlMg 4,5 Mn	W28(.10)	125	275	17	275
AA 5083	0	125	275	16	275
DIN AlMg 4,5 Mn	G31(.25)	205	310	10	275
AA 5083	H32	235	310	8	275
DIN AlMg 4,5 Mn	G35(.27)	270	345	6	275
AA 5083	H340	270	345	6	275

Tölur í dálki um ástand, sem eru innan sviga, vísa til númers í DIN-staðli 17007.

Dæmi um sjóþolið ál í flokki 2. Vinklar og stangir skv. DIN 1748 og ASTM B 221. Fyrir hverja málmblöndu eru tilgreindar tvær misharðar tegundir.

Málmblanda	Ástand	Flot-mörk σ 0,2 MPa	Togþol σ B MPa	Brot-lenging A5 %	Togþol suðu σ B MPa
ISO Al-Si Mg					
AA 6005	T1	105	170	14	130
DIN A1MgSi 0,7	F27(.61)	225	270	8	160
AA 6005	T5	240	260	8	155
ISO Al-Mg Si					
DIN AlMgSi 0,5	F13(.51)	65	130	15	100
AA 6063	T4	70	130	12	100
DIN AlMgSi 0,5	F22(.71)	160	215	12	110
AA 6063	T6	170	205	7	115
ISO Al-Si 1 Mg Mn					
DIN AlMgSi 1	F21(.51)	110	205	14	160
AA 6351	T4	130	220	14	175
DIN AlMgSi 1	F28(.71)	200	275	12	170
AA 6351	T6	255	290	8	180

EFNISMÁL TRÉBÁTA V-25

Efnisyfirlit

1. Skilgreiningar
2. Almennt
3. Efnisgæði
4. Leiðréttingar
5. Kjölur og stefni
6. Tvöföld bönd
7. Laglímd bönd
8. Langbönd
9. Þverbönd vegna langbanda
10. Svigabönd
11. Vélarundirstaða
12. Botnstokkar
13. Skarsúð
14. Hampþéttuð súð

15. Listasúð
16. Krossviðarsúð
17. Laglímd súð
18. Afturgafl
19. Bjálkasúð og húfsýja
20. Þilfarsbitar
21. Stafnband og skutband
22. Þilfarsþiljur
23. Krossviðarþilfar
24. Yfirbygging og reisn
25. Vatnsþétt skilrúm
26. Festing festartækja
27. Þóftur

1. Skilgreiningar

1.1 Þar sem ekki er annað tilgreint, gilda eftirgreind tákn:

L_m = mesta lengd bátsins í mm. Sjá V-2.2.2
B = mesta breidd á bol bátsins í mm. Sjá V-2.2.3
p = þrýstingur á bol í MPa
V = mesti hraði bátsins í hnútum
t = efnisþykkt í mm
W = mótstöðuvægi í mm^3
l = spennilengd á böndum, styrkingum og bitum í mm
s = millibil banda, styrkinga og bita í mm, mælt miðju á miðju.

Fyrir fiskibáta, sjá kafla V-30.14.1.

2. Almennt

2.1 Efnismál báta með þverbönd eru miðuð við að ganghraði bátanna fari ekki yfir 15 hnúta.

2.2 Efnismál planandi báta sem ganga hraðar en 15 hnúta eru miðuð við að bátarnir hafi langbönd í botni.

2.3 Bátar með langsliggjandi súð skulu hafa þverbönd.

3. Efnisgæði

3.1 Kröfur um efnismál og mótstöðuvægi eru miðaðar við að eftirgreindir hlutir séu smíðaðir úr viðartegundum sem ekki vega minna við 15% rakainnihald en sem hér segir:

tvöföld bönd	
svigabönd	
vélarundirstöður	720 kg/m^3
kjölur	
kjalbak	
innri kjölur	
framstefni	
afturstefni	
öll hné	640 kg/m^3
súð, önnur en skarsúð	
langbönd	


laglímd bönd	
bjálkasúð	
húfsýja	
þilfarsbitar	
þröm	
meginþilja	560 kg/m^3
skarsúð	
þilfarsþiljur	
þilfarshús	430 kg/m^3

3.2 Báta sem eru minni en 6 m L_m má smíða úr viðartegundum sem vega minna en tilgreint er í 3.1 að því tilskildu að efnismál gefi fullnægjandi styrk.

4. Leiðréttingar

4.1 Ef rakainnihald viðar er ekki skv. því sem tilgreint er í 3.1 skal leiðrétta efnismál í réttu hlutfalli:
f_1 = vr / va
f_1 minnst 0,9
vr = þyngd viðar skv. töflu í 3.1
va = þyngd viðkomandi viðar


4.2 Ef breidd banda er meiri en 0,1 s má margfalda súðarþykktina skv líkingum með leiðréttingastuðlinum f, með eftirgreindum stuðli:
f_2 = 1,1 - b / s
f_2 minnst 0,8
b = breidd á böndum
s = millibil banda




4.3 f báðir framangreindir leiðréttingarstuðlar eru notaðir skal:
f = $f_1 \cdot f_2$

5. Kjölur og stefni

5.1 Kjölur og stefni skulu ekki hafa minna mótstöðuvægi en:
W = 8000 · f · L_m^2 mm^3 fyrir gegnheilt tré
W = 6400 · f · L_m^2 mm^3 fyrir laglímt tré
Hlutfallið hæð/breidd skal ekki vera minna en 2 og ekki meira en 3. Ef botnris er mikið má leiðrétta mótstöðuvægi kjalar með því að margfalda það með stuðlinum:
K = 1,5 - 0,025 ß
K minnst 0,5



5.2 Kjölur á helst að vera í einu stykki, en ef því verður ekki við komið má skeyta kjölinn saman. Samskeytin skulu vera skásniðin og lengd skörunar ekki minni en 5 sinnum hæð kjalarins. Samskeyti kjalar skal bolta saman með 6 boltum, þremur boltum hvorum megin við miðju kjalar. Samskeyti kjalar má ekki staðsetja á sama stað og vélarundirstaða endar. Bátar sem almennt eru teknir upp í fjöru skulu búnir slitkili.



5.3 Bátar, sem ryðja sjó og eru lengri en 8 m L_m, skulu hafa kjalbak á 0,7 L_m miðskipa með efnismálum, sem hér segir:
b = 12 · L_m mm að breidd
h = 10 · L_m - 40 mm að hæð.

5.4 Á bátum, sem eru 6 m L_m og lengri skulu kjalboltar ekki vera grennri en:
d = 1,0 · L_m mm
Kjalboltar skulu ganga í gegnum kjalbak, botnstokka, innri kjöl og kjöl og skulu settir á víxl hver sínum megin við miðju kjalar.

5.5 Á bátum sem eru < 6 m L_m má skrúfa kjölinn við böndin eða skrúfa böndin við kjölinn. Skrúfurnar skulu vera tvær í hverju bandi og þvermál þeirra ekki minna en 6 mm.

5.6 Hlasskjölur skal festur við bolinn á fullnægjandi hátt með boltum úr ryðfríu stáli eða öðru samsvarandi efni með hliðsjón af efni hlasskjalar. Fjöldi og gildleiki boltanna skal ákveðinn í hverju einstöku tilfelli með tilliti til þunga og stærðar á kilinum ásamt efnisgæðum festiboltanna.

5.7 Á skarsúðuðum bátum og krossviðarbátum skal þykkt á innri kili og breidd hans út frá kilinum ekki vera minni en 1,5 sinnum þykktin á súðinni. Aftan á framstefni skal vera innra stefni sem nær frá stefnishné að neðan og upp að öldustokk. Breidd á innra stefni skal vera það mikil að góð festing fáist fyrir súðina aftan við festingu súðarendanna og þykktin, t, skal ekki vera minni en:
t = 20 + 4,0 · L_m mm
Innra stefni skal fest við framstefni með skrúfboltum af sama gildleika og kjalboltar. Millibil boltanna sé sem næst 6 sinnum þykktin á innra stefninu.


5.8 Ekki má vera minna af óskertu efni utan við öxulgat í skrúfustefni eftir að spónfarið hefur verið gert, en sem nemur 3 · L_m mm.

5.9 Þykkt á hnjám við fram- og afturstefni skal ekki vera minni en þykktin á viðkomandi stefni og kili og lengd á örmum skal ekki vera minni en:
l = 150 + 40 · L_m mm
Stefnishné skal festa við kjöl og stefni með minnst tveimur skrúfboltum af sama gildleika og kjalboltarnir í hvorn arm hnésins.

6. Tvöföld bönd

6.1 Með tvöföldum böndum er átt við að tvö bönd séu boltuð saman með samskeytin á víxl. Ef böndin fremst í bátnum eru það bein að þau geti verið án samskeyta mega böndin vera í einu stykki.

6.2 Mótstöðuvægi hvors bandahluta í botni skal ekki vera minna upp fyrir húf en:
$W = 48 \cdot f \cdot s \cdot p \, (l/100)^2 \text{ mm}^3$
$l = l_0 - 3f + 0{,}3R$ mm, sjá mynd:
Hlutfall á milli hæðar og breiddar hvors bandahluta, h/b, skal ekki vera meira en 1,5.



6.3 Mótstöðuvægi banda í síðu má minnka línulega frá húfi upp að þilfari eða borðstokki niður í 0,5 sinnum mótstöðuvægið í botninum.

6.4 Bandahlutarnir skulu liggja þétt hver við annan og vera festir saman með minnst þremur 10 mm stúfboltum hvorum megin við samskeytin, þó fleiri boltum ef langt er á milli skeytanna.

6.5 Samskeyti banda skulu vel felld saman og mega ekki skarast minna en:
$l = 100 + 100 \cdot B$ mm
B = mesta breidd á bol bátsins í metrum.

6.6 Þegar þverskurður banda fremst og aftast fer að verða mjög tígulmyndaður þannig að hvassa hornið verður minna en 60°, skulu böndin skeytt á kilinum með botnstokki og snúið á þann veg að þau komi sem næst hornrétt á súðina.

7. Laglímd bönd

7.1 Mótstöðuvægi laglímdra banda í botni skal ekki vera minna upp fyrir húf en:
$W = 37 \cdot f \cdot s \cdot p \, (l/100)^2 \text{ mm}^3$
l = sjá 6.2.

7.2 Mótstöðuvægi bandanna í síðu má minnka línulega frá húfi upp að þilfari eða borðstokki niður í 0,5 sinnum mótstöðuvægi í botninum.

7.3 Hæð bandanna má ekki vera meiri en breiddin.

7.4 Á bátum þar sem böndin koma heil yfir kjölinn skal hæð bandanna á kilinum ekki vera minni en sem nemur hæð á botnstokkum skv. ákvæðum í 12.2.

8. Langbönd

8.1 Mótstöðuvægi langbanda skal ekki vera minna en:
$W = 46 \cdot f \cdot s \cdot p\ (l/100)^2\ mm^3$

8.2 Mótstöðuvægi langbanda við þröm skal ekki vera minna en 1,3 sinnum mótstöðuvægi skv. 8.1. Langbönd við þröm skulu ná stafna á milli. Á bátum með lyftiþilfar skal langbandið við lægri þrömina ná stafna á milli.

8.3 Langbönd skulu hafa stuðning af skilrúmum eða þverböndum.

9. Þverbönd vegna langbanda

9.1. Mótstöðuvægi þverbanda skal ekki vera minna en:
$W = 37 \cdot f \cdot s \cdot p\ (l/100)^2\ mm^3$ þar sem
$s = 0{,}5\ (l_1 + l_2)$ mm þar sem l_1 og l_2 er lengd langbandanna fyrir framan og aftan þverbandið.

10. Svigabönd

10.1 Mótstöðuvægi svigabanda skal ekki vera minna en:
$W = 37 \cdot f \cdot s \cdot p(l/100)^2\ mm^3$
l = sjá 6.2.
Mótstöðuvægi lagskiptra svigabanda, W, skal reiknað á sama veg og mótstöðuvægi laglímdra banda.

10.2 Svigabönd mega vera lagskipt á hæðina, en hver svigi skal þó ekki vera þynnri en 15 mm.

10.3 Þegar svigabönd eru heil yfir kjölinn má vera undirfella miðskips í stað botnstokks. Breidd undirfellunnar skal ekki vera minni en breidd bandsins og hæðin á bandinu og undirfellunni á kilinum minnst jafnmikil og hæðin á botnstokkum skv. ákvæðum í 12.2.

10.4 Bátar með hampþéttaða súð mega ekki vera með svigabönd eingöngu. Ef bátar eru með bæði mótuð bönd og svigabönd, skulu ekki vera fleiri en þrjú svigabönd á milli hverra mótaðra banda.

10.5 Ef svigabönd á milli mótaðra banda uppfylla ekki ákvæði í 10.1 skal aðeins taka þau til greina við ákvörðun á efnismálum mótuðu bandanna og þykkt súðarinnar, að því marki sem niðurstaðan minnkar við að margfalda hana með stuðlinum:

$f = 1 - 0{,}5 \frac{W\ svigar}{W\ mótuð}$ þar sem

W svigar = summa af mótstöðuvægi svigbanda
W mótuð = mótstöðuvægi mótuðu bandanna.

11. Vélarundirstaða

11.1 Vélar skulu festar á langstykki sem hvíla á botnstokkum. Efnismál langstykkjanna skulu metin með tilliti til millibils botnstokka og af vélarafli viðkomandi vélar.

11.2 Vélarundirstaða skal tryggilega skorðuð þverskips.

11.3 Langstykki skulu fest við botnstokka eða gegnum botnstokka og útsúð með skrúfboltum. Boltarnir skulu ekki vera færri né grennri en festiboltar vélarinnar. Gæta skal þess að hægt sé að herða á festiboltum vélarundirstöðunnar án þess að vél sé fjarlægð.


11.4 Langstykki skulu ná minnst 500 mm fram fyrir og aftur fyrir vélina.

12. Botnstokkar

12.1 Botnstokkar skulu vera við hvert þverband.

12.2 Botnstokkar skulu vera af sömu breidd og böndin og hæð botnstokka á kilinum, h_1, ekki minni en:
$h_1 = 1{,}5 \cdot h$ mm
h = hæð á böndum í botni í mm

12.3 Lengd á botnstokk út frá miðlínu bátsins, skal ekki vera minni en:
$l = 100 + 100 \cdot B$ mm
B = mesta breidd á bol bátsins í metrum




13. Skarsúð

13.1 Þykkt skarsúðar skal ekki vera minni en sú þykkt sem ákvarðast hærri úr eftirfarandi líkingum:
$t = 0{,}39 \cdot f \cdot s \cdot \sqrt{p}$ mm
$t = 2{,}0 + 2{,}2 \cdot L_m$ mm
t minnst 12 mm.

13.2 Þykkt rimarborðs á $0{,}5 \cdot L_m$ svæði miðskips skal ekki vera minni en sem nemur 1,5 sinnum þykkt súðar. Á bátum með afturgafl skal viðbótarþykktin ná aftur að gaflinum.

13.3 Súðarsýjur skulu ekki vera breiðari en 200 mm.

13.4 Súðarsýjur skulu ekki skarast minna en sem nemur 1,5 sinnum þykkt á viðkomandi súð. Þó skal ekki miða við þykkt á rimarborði miðskips.



13.5 Súðarsýjur skulu hnoðnegldar saman á skörum og skal millibil hnoðnagla ekki vera meira en 110 mm. Skarir skulu hnoðnegldar við hvert band nema þar sem skrúfboltar ganga í gegn til festingar á bjálkasúð og húfsýju.

13.6 Samskeyti súðar skulu vera stúfsett og fest saman með klampa að innan á milli banda. Klampinn skal ekki vera þynnri en súðin, og lengdin ekki minni en:
$l = 30 + 5 \cdot t$ mm
t = þykkt á viðkomandi súð.
Sýjuendar skulu hnoðnegldir við klampann. Sjá ákvæði um hampþéttaða súð varðandi skörun samskeyta í 14.4.

14. Hampþéttuð súð

14.1 Þykkt súðarinnar skal ekki vera minni en sú þykkt, sem ákvarðast hærri úr eftirfarandi líkingum:

$t = 0{,}52 \cdot f \cdot s \cdot \sqrt{p}$ mm
$t = 2{,}0 + 2{,}4 \cdot L_m$ mm
t minnst 15 mm.


14.2 Þykkt bjargsýju á $0{,}5 \cdot L_m$ svæði miðskips, skal ekki vera minni en sem nemur 1,2 sinnum þykkt súðar. Á bátum með afturgafl, skal viðbótarþykkt bjargsýju ná aftur að gaflinum.

14.3 Súðarsýjur skal festa við bönd sem hér segir:
við tvöföld bönd og laglímd bönd;
- 2 naglar eða skrúfur í sýjur 150 mm breiðar eða mjórri
- 3 naglar eða skrúfur í sýjur breiðari en 150 mm
- 2 naglar eða skrúfur í sýjuenda

við svigabönd á milli mótaðra banda;
- 2 hnoðnaglar

Þar sem skrúfbolti kemur í bjálkasúð og húfsýju má vera einum nagla/skrúfu/ hnoðnagla minna, en tilgreint er hér að ofan.

14.4 Samskeyti súðar skulu skarast sem mest og aldrei minna en:
- $600 + 30 \cdot L_m$ mm, ef skeytin eru á samliggjandi sýjum
- $400 + 20 \cdot L_m$ mm, ef ein sýja er milli skeyta
- $200 + 10 \cdot L_m$ mm, ef tvær sýjur eru á milli skeyta
- Í sama bandabili, ef þrjár sýjur eru á milli skeyta.



14.5 Samskeyti súðar skulu stúfsett saman, annaðhvort á tvöföldu bandi eða með klampa að innan á milli banda. Klampinn skal ekki vera þynnri en súðin og lengdin ekki minni en:
$l = 30 + 5 \cdot t$ mm.
t = þykkt á viðkomandi súð.
Klampinn skal ná minnst 50 mm upp á næstu sýju ofan við skeytin og jafnlangt niður á næstu sýju fyrir neðan. Klampinn skal hnoðnegldur við sýjuendana og ennfremur við næstu sýjur ofan og neðan við skeytin.


15. Listasúð

15.1 Þykkt súðarinnar skal ekki vera minni en sú þykkt sem ákvarðast hærri úr eftirfarandi líkingum:
$t = 0{,}39 \cdot f \cdot s \cdot \sqrt{p}$ mm
$t = 2{,}0 + 2{,}2 \cdot L_m$ mm
t minnst 12 mm

15.2 Þykkt bjargsýju á $0{,}5 \cdot L_m$ svæði miðskips skal ekki vera minni en sem nemur 1,2 sinnum þykkt súðar. Á bátum með afturgafl skal viðbótarþykkt bjargsýju ná aftur að gaflinum.

15.3 Breidd súðarlistanna á að vera sem næst 1,3 sinnum þykkt súðar. Kjalsýja og bjargsýja mega vera breiðari en súðarlistar en skulu þó ekki vera breiðari en 200 mm.

15.4 Kantar á súðarlistum mega vera hvort heldur sem er sléttir eða kúptir, en þess skal vandlega gætt að kantar falli vel saman við límingu. Sjá ákvæði um hampþéttaða súð varðandi skörun samskeyta og klampa á skeytunum.



16. Krossviðarsúð

16.1 Þykkt krossviðarsúðar í botni skal ekki vera minni en sú þykkt sem ákvarðast hærri úr eftirfarandi líkingum:

$t = 0{,}20 \cdot f \cdot s \cdot \sqrt{p}$ mm

$t = 2{,}0 + 1{,}2 \cdot L_m$ mm

t minnst 6,0 mm.

16.2 Þykkt krossviðarsúðar í síðu skal ekki vera minni en sú þykkt sem ákvarðast hærri úr eftirfarandi líkingum:

$t = 0{,}20 \cdot f \cdot s \cdot \sqrt{p}$ mm

$t = 2{,}0 + 1{,}0 \ L_m$ mm

t = minnst 4,0 mm

16.3 Krossviðarplötur í súð skulu vera eins stórar og mögulegt er.

17. Laglímd súð

17.1 Heildarþykkt súðarinnar skal ekki vera minni en sú þykkt sem ákvarðast hærri úr eftirfarandi líkingum:

$t = 0{,}20 \cdot f \cdot s \cdot \sqrt{p}$ mm

$t = 2{,}0 + 1{,}4 \cdot L_m$ mm

t minnst 6,0 mm

17.2 Hver súðarþynna skal ekki vera þykkari en 3,5 mm og ekki breiðari en 130 mm.

17.3 Súðarþynnurnar eiga að mynda um það bil 45° horn við kjölinn.

18. Afturgafl

18.1 Þykkt á afturgafli skal ekki vera minni en þykkt súðar.

18.2 Afturgafl skal tryggilega festur við botn og síður með bandi og hnjám.

18.3 Afturgafl sem verður fyrir álagi frá vél skal styrktur á þann veg að álagið dreifist á styrkingar bolsins.

19. Bjálkasúð og húfsýja

19.1 Bátar sem eru 8 m L_m og lengri og eru ekki styrktir með langböndum skulu hafa bjálkasúð sem nær stafna á milli og húfsýju á $0{,}5 \cdot L_m$ miðskips. Á bátum með lyftiþilfar skal neðri bjálkasúðin ná stafna á milli.

19.2 Efnismál bjálkasúðar og húfsýju skulu ekki vera minni en:

$b = 10 + 11 \cdot L_m$ mm fyrir breidd og

$t = 0{,}3 \cdot b$ mm fyrir þykkt, þar sem

b = breidd viðkomandi bjálkasúðar eða húfsýju.

19.3 Húfsýja skal staðsett um miðjan húfinn eða þar sem bein lína frá neðri brún á kili snertir súðina utan á miðbandinu.

19.4 Bjálkasúð og húfsýju skal fest með minnst einum skrúfbolta af sama gildleika og kjalboltarnir í hvert band.

20. Þilfarsbitar

20.1 Mótstöðuvægi þilfarsbita skal ekki vera minna en:

$W = 12{,}0 \cdot f \cdot s \cdot p \ (l/100)^2 \ mm^3$

fyrir gegnheilt tré

$W = 9{,}0 \cdot f \cdot s \cdot p \ (l/100)^2 \ mm^3$

fyrir laglímt tré.

20.2 Bitabugða skal ekki vera minni en sem nemur 22 mm fyrir hvern metra af breidd bátsins.

20.3 Hver þilfarsbiti skal almennt festur við þverband. Þó er heimilt að festa þilfarsbita við þilfarshillu eða aðra langskipsstyrkingu á milli þverbanda.

20.4 Þilfarsbitar sem verða fyrir álagi frá yfirbyggingu, siglu, vindu og þess háttar skulu hafa stuðning af stoð eða skilrúmi.

20.5 Þykkt á bitahnjám skal ekki vera minni en 0,75 sinnum hæð þilfarsbitans og lengd armanna ekki minni en:

$l = 200 + 40 \cdot B$ mm

B = mesta breidd á bol bátsins í metrum.

20.6 Bitahné skal fest við þilfarsbita og bönd með minnst tveimur skrúfboltum í hvorn arm hnésins.

21. Stafnband og skutband

21.1 Allir bátar skulu hafa stafnband og skutband sem felld eru á bjálkasúðir eða böndin.

21.2 Lengd arma á stafnbandi og skutbandi skal ekki vera minni en:

$l = 300 + 20 \cdot B$ mm

B = mesta breidd á bol bátsins í metrum.

21.3 Stafnband og skutband skal fest með minnst fimm 10 mm skrúfboltum og skal miðboltinn ganga í gegnum stefnið, en hinir boltarnir út í gegnum bönd og súð. Á bátum með langbönd má líma og skrúfa stafn- og skutbandið við þramarlangbandið.

22. Þilfarsþiljur.

22.1 Þykkt á þilfarsþiljum skal ekki vera minni en sú þykkt sem ákvarðast hærri úr eftirfarandi líkingum:

$t = 0{,}27 \cdot f \cdot s \cdot \sqrt{p}$ mm

$t = 2{,}0 + 2{,}1 \cdot L_m$ mm

t minnst 12 mm, ef þiljurnar eru saman-límdar, en:

$t = 0{,}00042 \cdot f \cdot s^2 \cdot \sqrt{p}$ mm

$t = 2{,}0 + 2{,}4 \cdot L_m$ mm

t minnst 15 mm, ef þiljurnar eru ekki samanlímdar.

22.2 Þilfarsþiljur skulu ekki vera breiðari en 130 mm. Ef þiljur eru límdar saman, skulu þær ekki vera breiðari en 80 mm.

22.3 Þilfarsþiljur skal festa í hvern þilfarsbita sem hér segir:

- 1 nagla eða skrúfu í þiljur 80 mm breiðar eða mjórri.
- 2 nagla eða skrúfur í þiljur breiðari en 80 mm.

Þiljuendar skulu festir á sama veg. Nagla- og skrúfuhausum skal hleypt niður um 0,3 sinnum þykkt þiljanna og tappað yfir.

22.4 Samskeyti á þilfari skulu skarast sem mest og aldrei minna en sem hér segir;

- tvö bitabil, ef skeytin eru á samliggjandi þiljum

- eitt bitabil, ef ein þilja er á milli skeytanna
- á sama þilfarsbita, ef þrjár þiljur eru á milli skeyta.

Samskeyti skulu staðsett á þilfarsbita og vera stúfsett ef því verður við komið.

22.5 Utan við þilfarsþiljur skal vera þröm sem er ekki þynnri en þilfarsþiljurnar og minnst 160 mm á breidd. Þrömin skal fest á sama veg og þilfarsþiljunum.

23. Krossviðarþilfar

23.1 Þykkt á krossviðarþilfari skal ekki vera minni en sú þykkt sem ákvarðast hærri úr eftirfarandi líkingum:

$t = 0{,}21 \cdot f \cdot s \cdot \sqrt{p}$ mm

$t = 2{,}0 + 1{,}6 \cdot L_m$ mm

t minnst 12 mm

Lausir plittar í opnum bátum skulu ekki vera þynnri en:

$t = 0{,}09 \cdot f \cdot s \cdot \sqrt{p}$ mm

$t = 2{,}0 + 1{,}0 \cdot L_m$ mm

t minnst 12 mm

23.2 Krossviðarþilfar skal lagt í eins stórum plötum og mögulegt er.

23.3 Samskeyti á þilfarsplötum skulu ekki vera í beinu framhaldi af samskeytum á plötum í síðu, ekki á þilfarsbita, sem er við enda á opi í þilfarinu né undir vindu, siglu eða öðru sem veldur álagi.

23.4 Ef krossviðarþilfar er húðað með trefjaplasti, skal aðeins líta á trefjaplastið sem hlíf en ekki taka tillit til þess við ákvörðun á þykkt krossviðarins. Öll vinna með trefjaplast skal fara fram samkvæmt ákvæðum í köflum V-22 og V-26.

24. Yfirbygging og reisn


24.1 Yfirbygging og reisn sem verður fyrir álagi frá sjó, skal hafa efnismál sem reiknuð eru skv. líkingu fyrir efnismál síðu.

24.2 Efnismál yfirbyggingar og reisnar skulu að öðru leyti metin með hliðsjón af lágmarks álagi.

24.3 Yfirbyggingar og reisnir skulu festar tryggilega við þilfarsbita eða bol bátsins með skrúfboltum eða límu og skrúfum.

Ennfremur skulu þakbitar festir við styrkingar í hliðum með hnjám eða á annan fullnægjandi hátt.

24.4 Við op í þilfari skal setja strengbolta sem næst 800 mm frá endum opsins með hámark 800 mm millibili.



25. Vatnsþétt skilrúm

25.1 Vatnsþétt skilrúm skulu hafa efnismál sem reiknuð eru skv. líkingu fyrir efnismál síðu fyrir viðkomandi viðartegund.

25.2 Styrkingar og festing vatnsþéttra skilrúma við bol bátsins skulu vera á þann veg að gert sé ráð fyrir álagi sjávar á hvora hlið skilrúmanna sem er.

26. Festing festartækja

26.1 Festartæki, vindur o.þ.h. skal festa í þilfarsbita með skrúfboltum.


27. Þóftur

27.1 Opnir bátar skulu að hafa þóftur með hæfilegu millibili.

27.2 Þóftur skulu hvíla á langbandi og vera tengdar við bol bátsins með hnjám sem fest eru með minnst einum skrúfbolta í þóftuna og öðrum út í gegnum bönd og súð.


Mynd 25.1
Mótstöðuvægi W

W = $^1/_6$ bh^2, þar sem b = breidd í mm og h = hæð í mm



Mynd 25.2
Mótstöðuvægi W

$W = {}^{1}/_{6}\, bh^2$, þar sem b = breidd í mm og h = hæð í mm



SMÍÐI BÁTA ÚR TREFJAPLASTI V-26

Efnisyfirlit

1. Almennt
2. Verkstæði til plastvinnu
3. Geymsla fyrir hráefni
4. Efni
5. Verklag
6. Handlagning
7. Sprautun
8. Samloka í móti
9. Samloka án móts
10. Plastað á hart trefjaplast
11. Styrkingar
12. Hersla á pólýestraefnum
13. Fullunnið trefjaplast
14. Efniseiginleikar

1. Almennt

1.1 Eftirfarandi reglur gilda um smíði báta úr trefjaplasti þar sem hver bátur er smíðaður undir sérstöku eftirliti.

1.2 Reglurnar byggjast á því að bátasmiðurinn fylgi leiðbeiningum framleiðenda um meðferð hinna mismunandi efna sem notuð eru við smíði úr glertrefjastyrktum pólýestra.

1.3 Smíði eða viðgerðir á hlutum úr trefjaplasti sem varða styrk og öryggi báta skal unnin af vönum starfsmönnum undir stjórn verkstjóra sem hefur samþykki Siglingamálastofnunar ríkisins til að annast smíði og viðgerðir á bátum úr trefjaplasti. Hann skal jafnframt ábyrgjast að plastvinnan sé unnin samkvæmt reglum.

2. Verkstæði til plastvinnu

2.1 Á verkstæði til smíði báta úr trefjaplasti skal ekki vera gegnumtrekkur, en hann hefur þau áhrif að ekki verður haldið jöfnu hitastigi meðan á smíðinni stendur. Hugsanleg loftræstikerfi skulu vera á þann veg að loftræstingin hafi ekki áhrif á herslu pólýestrans.

2.2 Hiti á verkstæðinu skal aldrei vera lægri en + 18°C og hitamismunur aldrei meiri en ± 3°C meðan á smíði stendur. Réttur hiti skal vera kominn á minnst sólarhring áður en vinna hefst og skal haldast réttur þar til pólýestrinn hefur stirðnað. Hitann má auka meðan á herslu pólýestrans stendur sbr. leiðbeiningar framleiðandans.

2.3 Verkstæði til plastvinnu skal vera einangrað eða byggt á þann veg, að hitinn þar haldist réttur án tillits til hitastigsins utan verkstæðisins eða vegna sólskins. Rúður í gluggum skulu annaðhvort málaðar eða gluggatjöld vera til staðar, sem draga má fyrir gluggana ef hætta er á að sólskin hafi áhrif á herslu pólýestrans.

2.4 Verkstæði skal vera það þétt að regn eða raki utan þess auki ekki rakann á verkstæðinu umfram 80%. Ennfremur er óheimilt að nota vatn á verkstæðinu, sem veldur þar meiri raka en 80%. Rakinn skal haldast eins stöðugur og mögulegt er. Ef trefjaplastinu er sprautað skal rakinn í námunda við sprautuna ekki vera lægri en 40%.

2.5 Verkstæði skal vera hreint og laust við ryk. Óheimilt er að saga eða slípa þar sem smíðað er úr trefjaplasti.

2.6 Lýsing á verkstæði skal vera góð og ljós skulu staðsett með tilliti til þess að þau lýsi inn í mót eða þar sem menn plasta.

3. Geymsla fyrir hráefni

3.1 Geymsla fyrir hráefni skal vera þurr og hrein. Einkum á þetta við um geymslu fyrir glertrefjar og kjarnaefni.

3.2 Pólýestra, slithúðarkvoðu og þess háttar skal almennt geyma á köldum stað og skal hitinn aldrei vera það mikill að hann hafi áhrif á eiginleika efnanna. Pólýestraefni sem eru geymd við lægri hita en 18°C skal velgja upp í sama hitastig og er á smíðaverkstæðinu áður en þau eru notuð.

3.3 Pólýestrageymar skulu vera þannig búnir að fullnægjandi hreyfing sé á pólýestranum eða hræra megi í honum með góðu móti daglega.

3.4 Glertrefjar skal almennt geyma í minnst tvo sólarhringa í 2°C meiri hita en á smíðaverkstæði, þó minnst í sama hita og á smíðaverkstæðinu, áður en þær eru notaðar. Umbúðir úr plasti skulu vera opnar þessa tvo sólarhringa fyrir notkun.

3.5 Herðir, aceton, stýren og þess háttar skal geyma í sérstakri geymslu eða á öðrum aðskildum stað, ef mögulegt er.

4. Efni

4.1 Við smíði báta skulu liggja fyrir fullnægjandi upplýsingar sem staðfesta að efnið uppfylli kröfur í EB-2, EB-3, EB-5, EB-6 eða samsvarandi reglum.

4.2 Geymslutími pólýestraefna skal vera innan þeirra marka sem framleiðandi þeirra mælir fyrir um.

4.3 Í pólýestra má ekki blanda viðbótarefnum sem rýra gæði hans frá ákvæðum reglna.

4.4 Blöndun á herði og hvata skal vera með tilliti til eiginleika pólýestrans, vinnslutímans og hita á vinnustað.

4.5 Krossviður sem notaður er í styrkingar eða er festur með trefjaplasti, skal vera í flokki WBP samkvæmt British Standard 6566 part 8, 1985.

4.6 Kjarni í styrkingum skal vera úr heppilegu efni, en ekki úr gegnheilu tré, sem getur þrútnað þannig að trefjaplastið utan á kjarnanum rifnar. Spónaplötur má ekki nota í kjarna samloku eða styrkinga.

5. Verklag

5.1 Trefjaplast skal húðað að utan með pólýestragrunnhúð, af sem næst jafnri þykkt yfir allan flötinn, eða annarri húð, sem ver trefjaplastið jafnvel. Þykkt grunnhúðarinnar skal almennt vera á bilinu 0,4 - 0,6 mm og vera án rennslistauma, bóla eða annarra ójafna, sem gætu valdið holrúmi á milli húðarinnar og trefjaplastsins.

5.2 Trefjamottan sem lögð er á grunnhúðina, þ.e. ysta mottan í bolnum, skal vera duftbundin og vætt með ísótalspólýestra upp fyrir hleðsluvatnslínu bátsins.

5.3 Vökvabundnar trefjamottur má ekki nota með ísótalspólýestra.

5.4 Næst grunnhúð skal almennt vera létt motta, sem ekki vegur meira en 450 g/m^2. Þó má nota allt að 600 g/m^2 mottu á slétta fleti.

5.5 Glertrefjastyrking skal lögð í þeirri röð sem viðurkennd er.

5.6 Trefjaplast í kili og austurbrunnum skal húðað að innan með pólýestratopphúð, sem og á öðrum stöðum þar sem vænta má að vatn liggi á trefjaplastinu. Kjarni í samloku eða styrkingum skal varinn með trefjaplasti, sjá 9.5.

5.7 Trefjaplast, sem er ekki húðað með topphúð skal innihalda vax sem heldur stýreni inni þannig að yfirborð trefjaplastsins nái fullri herslu.

6. Handlagning

6.1 Við samskeyti á styrkingarmottum skulu þær skarast um minnst 50 mm.
6.2 Pólýestra skal dreift jafnt á milli hvers lags af styrkingarmottum.
6.3 Innilokað loft skal valsað út við annað hvert lag af styrkingarmottum, þannig að trefjaplastið sé sem næst laust við loftbólur og pólýestrinn dreifist jafnt um trefjaplastið.
6.4 Trefjamottur skulu vera gegnvættar en þess skal þó gætt að ekki verði umframmagn af pólýestra á glertrefjunum þegar hann harðnar.
6.5 Tímabilið á milli lagningar styrkingarlaga, skal vera með tilliti til stirðnunartíma pólýestrans. Þess skal gætt að ekki sé lagt það þykkt trefjaplast í einu að of mikill hiti myndist. Ef trefjaplastið nær að harðna áður en plastað er yfir það skal unnið samkvæmt ákvæðum í gr. 10 (plastað á hart trefjaplast).
6.6 Við völsun á skörpum köntum og hornum skal þess gætt að hlutfall á milli pólýestra og glertrefja sé innan réttra marka og að trefjaplastið haldi tilskilinni þykkt.

7. Sprautun

7.1 Við sprautun á glertrefjum og pólýestra skal sprautubúnaðurinn vera þannig stilltur að hlutfallið á milli glertrefjanna og pólýestrans sé innan réttra marka.
7.2 Glertrefjahnífurinn skal vera þannig stilltur að trefjarnar verði minnst 20 mm langar.
7.3 Sprautubúnaðurinn skal vera þannig stilltur að glertrefjarnar og pólýestrinn dreifist jafnt yfir flötinn sem verið er að sprauta.
7.4 Trefjaplastinu skal sprautað sem jafnast yfir flötinn. Ef nauðsynlegt er talið má gera kröfu um glertrefjar með lituðum þræði til að geta betur fylgst með þykktinni.
7.5 Þess skal gætt að lögun móta og aðstæður við sprautun séu á þann veg að hægt sé að beina sprautunni með góðu móti í réttri stefnu á þá staði sem sprautaðir eru.
7.6 Trefjaplastið næst grunnhúðinni, fyrsta lagið sem sprautað er, skal valsað er það hefur náð 1,5 mm þykkt.
7.7 Trefjaplast sem sprautað er eftir fyrsta lag skal valsað þegar það hefur náð 2,5 mm þykkt hverju sinni. Í bol skal vera ein létt ofin motta, sem næst miðju trefjaplastsins.
7.8 Sprautun á trefjaplasti skal samþykkja sérstaklega fyrir hverja bátsgerð með tilliti til þess hvort lögun bátanna er á þann veg að þá megi sprauta svo fullnægjandi sé. Ennfremur skal sá er sprautar hafa til þess sérstakt samþykki.
7.9 Bolur, þilfar og aðrir hlutir sem verða fyrir álagi skulu aðeins sprautaðir af mönnum sem hafa gengist undir próf í sprautun. Við prófið skal próftakinn ná því marki, að misþykktarstuðullinn skv. 13.4 fari ekki yfir 0,14 og minnsta þykkt ekki undir 85% af tilgreindri þykkt prófstykkisins. Prófstykkið skal sprautað í bátsmóti og vera minnst 3-10 m^2 að stærð og þykktin og glerinnihaldið, sem skal ákveðið áður en prófið hefst, skal vera sem hér segir; þykktin á bilinu 4-8 mm.

8. Samloka í móti

8.1 Kjarnaefni í samloku skal vera af tegund og eðlisþyngd samkvæmt samþykktri smíðalýsingu.
8.2 Kjarnaefni með holum eða smá opum á yfirborðinu, skal húðað með pólýestra þar til holurnar eru fullar eða opunum lokað, áður en kjarninn er lagður á trefjaplastið/límið.
8.3 Ferningaskornum kjarna skal þrýsta niður í það þykkt lag af pólýestra eða límu að umframmagnið fylli bilið á milli ferninganna.
8.4 Ef kjarna er þrýst niður í vott trefjaplast, skal það glertrefjastyrkt með minnst 450 g/m^2 á sléttum flötum og 900 g/m^2 á beygju.
8.5 Þegar kjarna úr stífum frauðplötum eða krossviði er þrýst niður í pólýestra eða lím, skal helst leggja á kjarnann farg sem heldur honum niðri meðan á límingu stendur.

8.6 Allar fúgur og önnur op á yfirborði kjarna skulu fyllt áður en trefjaplast er lagt á kjarnann.
8.7 Pólýestri eða lím, sem kjarni er lagður í skal fá að harðna áður en byrjað er að leggja yfir kjarnann.

9. Samloka án móts

9.1 Öll samskeyti á kjarna skulu límd saman áður en lögn á trefjaplasti hefst.
9.2 Kjarnaefni má ekki beygja meira en eiginleikar efnisins leyfa.
9.3 Fjarlægja skal allar ójöfnur af yfirborði kjarna áður en lögn á trefjaplasti hefst. Einkum skal gæta að misfellum við samskeyti.
9.4 Kjarna skal grunna eða spartla áður en lögn á trefjaplasti hefst.
9.5 Ávallt skal vera glertrefjastyrking í fyrsta lagi sem lagt er á kjarna.

10. Plastað á hart trefjaplast

10.1 Þegar plastað er á trefjaplast sem hefur harðnað lengur en í 24 klst. skal flöturinn fyrst slípaður niður í glertrefjar.
10.2 Ef vaxhúð er á fleti þar sem leggja á trefjaplast, skal vaxhúðin fjarlægð nema víst sé að hún leysist upp í pólýestranum sem borinn er á flötinn undir glertrefjastyrkinguna.
10.3 Grunnhúð og topphúð skal alltaf fjarlægð áður en trefjaplast er lagt á flötinn.

11. Styrkingar

11.1 Styrkingar skulu festar með minnst sömu þykkt og er í styrkingunni sjálfri og breidd tengiflatarins skal vera minnst 20 sinnum þykktin. Ef styrkingar eru hins vegar festar við fullhart trefjaplast, skal breidd tengiflatarins vera allt að 40 sinnum þykkt tengingarinnar.
11.2 Festing styrkinga til endanna, skal ekki vera minni en tilgreint er í 11.1.
11.3 Þar sem styrking endar á miðjum fleti, skal endi hennar eyðast út línulega og glertrefjamotturnar í festingu styrkingarinnar ná vel út fyrir endann, til að ekki verði snöggur munur á styrkleika.
11.4 Stórir hlutir, sem teknir eru úr móti áður en styrkingar eru festar, skulu skorðaðir vel til að koma í veg fyrir óheppilega sveigju og að þeir aflagist.

12. Hersla á pólýestraefnum

12.1 Grunnhúð má ekki harðna lengur en í sólarhring áður en trefjaplastið er lagt yfir.
12.2 Trefjaplast má ekki verða fyrir álagi né má vinna það á nokkurn hátt meðan á herslu stendur, ef undan er skilinn skurður kanta.
12.3 Ekki má herða pólýestra við það mikinn hita að hann skipti litum.
12.4 Hitastig meðan á herslu pólýestra stendur skal vera með tilliti til leiðbeininga framleiðanda hans.

13. Fullunnið trefjaplast

13.1 Fullunnið trefjaplast skal þykktarmælt þegar ástæða þykir til og þykktin borin saman við samþykkta smíðalýsingu.
13.2 Þykkt trefjaplastsins má mæla með grunnhúð og topphúð, en ef svo er skal draga sem næst 0,6 mm frá niðurstöðu þykktarmælingarinnar fyrir grunnhúð og 1,0 mm ef trefjaplastið er bæði húðað með grunnhúð og topphúð.
13.3 Þykkt trefjaplastsins telst fullnægjandi ef meðaltal 20 mælinga á sama bátshluta, það er botn (bb), síða (sb), afturgafl o.s.frv., er yfir kröfum og engin ein mæling er undir 85% af lágmarks kröfu.

13.4 Misþykktarstuðullinn, V_L, skal almennt vera minni en 0,14.
V_L mest = S/t, þar sem
$S = \sqrt{\sum (t_i - t_o)^2/n-1}$
t = krafa um þykkt
t_i = einstök mælingarniðurstaða
t_o = meðalþykkt
n = fjöldi mælinga

13.5 Í þeim tilvikum sem misþykktarstuðullinn V_L á sprautuðu trefjaplasti er hærri en 0,07 skal margfalda kröfu reglnanna um lágmarksþykkt með eftirgreindum stuðli:
$f_t = 2,3 \cdot V_L + 0,85$

14. Efniseiginleikar

14.1 Staðfesting skal liggja fyrir, um að glertrefjar og pólýestri sem notað er til smíði báta, hafi þá eiginleika sem lagðir eru til grundvallar við samþykkt smíðinnar.

14.2 Þegar ástæða þykir skulu sýni tekin til rannsóknar hjá viðurkenndri rannsóknastofnun, til að ganga úr skugga um að eiginleikar trefjaplastsins uppfylli þær kröfur sem samþykkt bátanna byggir á.

14.3 Ef tekin er upp önnur efnisuppbygging eða önnur aðferð við plastlögn en áður hefur verið samþykkt, skal taka sýni til rannsóknar á eiginleikum trefjaplastsins, ef ástæða þykir til.

14.4 Eiginleikar trefjaplasts skulu ætíð kannaðir ef samþykkt smíðalýsingar á að byggjast á meiri efnisgæðum en lágmarkskröfur segja fyrir um.

SMÍÐI STÁLBÁTA V-27

Efnisyfirlit

1. Almennt
2. Smíðaverkstæði og geymslur
3. Efni
4. Verklag
5. Rafsuða

1. Almennt

1.1 Eftirfarandi reglur gilda um smíði stálbáta, þar sem hver bátur er smíðaður undir sérstöku eftirliti.

2. Smíðaverkstæði og geymslur

2.1 Plötur og styrkingarefni sem nota skal við smíði bátanna, skal geymt undir þaki og vera frítt frá jörðu þannig að efnið liggi ekki í bleytu.

2.2 Efni sem er geymt liggjandi skal vera innanhúss.

2.3 Stálbátar skulu almennt smíðaðir undir þaki, þannig að hiti fari aldrei niður fyrir -5°C.

2.4 Við suðu með hlífðargasi skal vinnustaðurinn vera í skjóli fyrir vindi og laus við gegnumtrekk.

2.5 Málningarvinna skal unnin samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda viðkomandi málningar, bæði hvað varðar hita og raka á vinnustaðnum.

3. Efni

3.1 Staðfesting á efnisgæðum, bæði á plötum og styrkingum, skal liggja fyrir í formi flokkunarskírteinis eða samsvarandi fyrir hvern bát sem smíðaður er.
3.2 Allt efni skal vera þurrt og laust við tæringu.
3.3 Meðalþykkt á hverri plötu skal ekki vera minni en tilgreind þykkt frá framleiðanda.


4. Verklag

4.1 Stálbátar skulu smíðaðir á þann veg að öll vinna við rafsuðu sé vel aðgengileg.
4.2 Plötur og styrkingar skulu falla það vel saman að suðufúgur séu af réttri stærð með tilliti til efnisþykktar.
4.3 Plötur skulu skornar af þeirri nákvæmni sem nauðsynleg er til að hægt sé að ná vandaðri rafsuðu. Ef nauðsyn krefur skal slípa kanta.
4.4 Styrkur og stífleiki styrkinga skal vera samfelldur og styrkingar mega ekki enda þannig á plötufleti að þær valdi snöggum breytingum á styrkleika.
4.5 Ef nauðsyn krefur skal nota hnéplötur við tengingu styrkinga til að ná fullnægjandi tengifleti.
4.6 Styrkingar sem tengjast skulu rafsoðnar saman, einnig þar sem styrking gengur í gegnum aðra.
4.7 Undirstöður og stoðir skulu ekki enda þar sem þær valda stífum punkti á plötufleti. Stoðir skulu almennt enda á styrkingu.

5. Rafsuða


5.1 Öll rafsuða skal unnin á fagmannlegan hátt. Ganga skal úr skugga um gæði suðunnar og lagfæra ef með þarf áður en hún er máluð.
5.2 Bolur stálbáta skal rafsoðinn af suðumanni eða undir stjórn suðumanns sem hefur til þess viðurkenningu.
5.3 Við rafsuðu í kulda eða raka skal velgja stálið áður en soðið er.
5.4 Við rafsuðu á plötum sem eru þykkari en 4,0 mm eiga brúnir suðufúgunnar að hafa 30° halla. Ef svo er ekki skal sjóða beggja megin.
5.5 Við rafsuðu á viðbótarstyrkingum og undirstöðum fyrir vélar og búnað, skal suðan vera samfelld beggja megin.
5.6 Rafsuða skal vera samfelld við suðu á:
- bol
- þilfari og yfirbyggingum
- olíu- og vatnsgeymum
- festingu skilrúma við botn og síður.

5.7 Við rafsuðu á öðrum hlutum en tilgreindir eru í 5.6 má keðjusjóða beggja megin. Millibilin skulu ekki vera lengri en suðusporin og samanlögð lengd suðusporanna skal vera minnst jafnlöng og ef um samfellda suðu öðrum megin væri að ræða.



5.8 Við rafsuðu á hlutum sem ekki verða fyrir álagi má keðjusjóða öðrum megin.
5.9 Kverkhæð rafsuðu skal ekki vera minni en sem hér segir:

Plötuþykkt	a minnst
< 4 mm	2,0 mm
4-6 mm	3,0 mm
6-8 mm	3,5 mm



SMÍÐI ÁLBÁTA V-28

Efnisyfirlit

1. Almennt
2. Geymsla á efni
3. Smíðaverkstæði
4. Efni
5. Mótun efnis
6. Suða
7. Hnoðaðar samsetningar
8. Límdar samsetningar
9. Aðrar samsetningar
10. Smíði bols

1. Almennt

1.1 Eftirfarandi reglur gilda um smíði álbáta, þar sem hver bátur er smíðaður undir sérstöku eftirliti.

2. Geymsla á efni

2.1 Plötur, stangir og annað ál skal geymt í láréttri stöðu þannig að efnið verði ekki fyrir áverkum eða breyti lögun.
2.2 Suðubúnaður og suðuþráður skal geymdur á þurrum og hreinum stað.

2.3 Ál skal ekki geyma við hlið annarra málma.

3. Smíðaverkstæði

3.1 Suða og önnur vinna með ál skal unnin á þurrum stað undir þaki og í skjóli fyrir veðri og vindum.

3.2 Vinnustaðurinn skal vera hreinn.

3.3 Ef hiti á smíðaverkstæði getur farið niður fyrir 0°C, skal það vera þétt og búið tækjum til upphitunar.

4. Efni

4.1 Staðfesting á efnisgæðum, bæði á plötum og styrkingum skal liggja fyrir í formi flokkunarskírteinis eða samsvarandi, fyrir hvern bát sem smíðaður er.

4.2 Efni skal vera af viðurkenndum tegundum, án áverka og í réttu formi og standast tilgreind efnismál.

4.3 Plötur í bol skulu vera úr sjóþolnu áli og almennt ekki innihalda meira af eftirgreindum efnum en sem hér segir:

- 0,2% C_u
- 0,5% F_e
- 2,0% M_g

Ál skv. eftirgreindum stöðlum uppfyllir framangreind ákvæði:

ASTM	DIN 1725
5052	Al mg 2,5
5083	Al mg 4,5 Mn
5086	Al mg 4 Mn
5154	Al mg 3
5454	Al mg 2,7 Mn

4.4 Stangir og aðrar styrkingar skulu almennt ekki innihalda meira af eftirgreindum efnum en sem hér segir:

- 0,4% C_u
- 0,5% F_e

Ál skv. eftirgreindum stöðlum uppfyllir framangreind ákvæði:

ASTM	DIN 1725
6005	Al mg S_1 0,7
6063	Al mg S_1 0,5
6351	Al mg S_1 1,0

5. Mótun efnis

5.1 Hert ál skal almennt ekki hitað til að breyta formi þess og skal aðeins formað kalt ef spenna í efninu er lítil. Álið skal almennt framleitt í réttu formi eða formað í völsum.

5.2 Plötur skulu almennt beygðar í völsum. Við 90° beygju skal innri radíus bogans ekki vera minni en:

$R = f \cdot t$ þar sem

f = beygjustuðull skv. eftirfarandi töflu og

t = þykkt plötunnar.

Málm-blanda	Ástand	t=1,0	t=1,5	t=3,0	t=4,5	t=6,0	t=9,0
Al99,0	02	0	0	0	0	0	0
Al99,5	14	0	0	0	1	1	1
	18	1,5	2	3	4	4	5
AlMg2,5	02	0	0	0	1	1	1,5
	14	0	1	1,5	2	3	3
	18	2	3	4	5	6	7
AlMg4,5Mn	02	-	0,5	1	1	1,5	2
	32	-	1,5	3	3	3,5	-
AlSiMg	02	0	0	0	1	1	2
	54	1	1,5	2	3	4	4
	56	1,5	2	3	4	4	5,5

5.3 Beygjustuðullinn, R, fyrir pípur og stangir með efnisþykkt 5% af þvermáli röranna eða hæð stanganna skal ekki vera minni en:

Málmblanda	Ástand	Stuðull
Al99,5	02	1,5
	14	2,5
	18	4,0
AlmgSi	02	2,0
	54	2,5
	56	3,0
AlSilmg	02	2,0
	54	2,5
	56	3,0

5.4 Ál skal skorið á þann veg að kantar séu réttir og lausir við sár eða ró.

6. Suða

6.1 Ál skal ekki soðið við lægri hita en +5°C.

6.2 Bolur og þilfar skal aðeins soðið af mönnum sem hafa lokið prófi í suðu á því efni og með þann búnað, sem nota skal við suðuna. Suðuprófið skal vera samsvarandi ákvæðum staðlanna ASME, DIN 8561 eða SFS 2218.


6.3 Suðuþráður skal vera af efnisgæðunum AlMg 4,5 Mn eða AlMg 5, nema sýnt sé fram á að annað efni gefi vandaðri suðu.

6.4 Öll suða skal vera gallalaus gegnumbræðsla, vera jöfn og án sjáanlegra galla. Efnisþykkt á ekki að vera þynnri en:

Suðuaðferð	Efnisþykkt í mm
MIG	2,0
MIG stuttbogi	1,5
MIG púlsbogi	0,7
TIG	0,7

Sjá einnig töflu 28.1

Plötuþykkt	a minnst
< 4 mm	2,0 mm
4-6 mm	3,0 mm
6-8 mm	3,5 mm




6.5 Allar plötur sem og vatnsþétt skilrúm og vélarundirstöður skulu soðnar samfelldri suðu.
6.6 Við keðjusuðu skal lengd suðusporanna aldrei vera styttri en millibilin, auk þess sem endar skulu ávallt soðnir samfelldri suðu.
6.7 Efnismál suðu skal samþykkja sérstaklega hverju sinni.
6.8 Suður á bol skulu kannaðar með röntgenmyndum. Sprungur á yfirborði suðu eru ekki samþykktar.

7. Hnoðaðar samsetningar

7.1 Þilfar og yfirbyggingar má hnoða saman, en ekki súð bols.
7.2 Draghnoð má ekki nota í hluti sem verða fyrir álagi nema að undangenginni prófun sem sýnir fullnægjandi styrk.
7.3 Þvermál hnoða skal vera minnst þrisvar sinnum plötuþykktin og millibil hnoðanna ekki meira en fimmtán sinnum plötuþykktin. Fjarlægð hnoða frá kanti skal vera minnst sex sinnum plötuþykktin. Við tveggja raða samsetningu má minnka framangreind gildi um helming.
7.4 Hnoð skulu hafa sem næst sömu efnisuppbyggingu og viðkomandi smíðaefni og mega ekki verða stökk við hnoðun.
7.5 Mismunur á þvermáli hnoða og þvermáli gata fyrir hnoðin má ekki vera meiri en tilgreint er í eftirfarandi línuriti. Fjarlægja skal alla ró við hnoðgötin.


Mismunur hnoða og gata



Þvermál hnoða

Mismunur á þvermáli hnoða og þvermáli gata

7.6 Samsetningar skulu hnoðaðar þannig að samsetningarfletir liggi þétt saman. Dæmi um festingu og röðun hnoða er sýnd á eftirfarandi mynd:



8. Límdar samsetningar

8.1 Vegna límdra samsetninga, skal leggja fram gögn til staðfestingar á brotþoli, fjaðurþoli, ásamt rif- og höggþoli.

8.2 Lím skal hafa þá eiginleika að styrkur samsetningarinnar minnki ekki vegna áhrifa frá hitabreytingum, vatni og öðrum efnum sem samsetningin kemst í snertingu við.

8.3 Leiðbeiningar frá framleiðanda límsins skulu vera til staðar þar sem líming fer fram.

9. Aðrar samsetningar

9.1 Í samsetningum á áli við aðra málma, ef undan er skilið sýruþolið stál, skulu efnin einangruð hvort frá öðru. Undir vatnslínu skal vera vörn gegn tæringu eftir þörfum hverju sinni.

10. Smíði bols



10.1 Bátar skulu smíðaðir á þann veg að vinna við suðu sé vel aðgengileg.


10.2 Styrkur og stífleiki styrkinga skal vera samfelldur og styrkingar mega ekki enda þannig á plötufleti að þær valdi snöggum breytingum á styrkleika. Hné, skífur o.þ.h. skal nota eins og þurfa þykir.

10.3 Undirstöður vélar og annars búnaðar og stoðir, skulu tengjast styrkingum.

10.4 Frárennsli skal þannig fyrir komið að vatn eigi greiða leið í austurbrunn.

Tafla 28.1
Leiðbeiningar við MIG- og TIG-suðu á áli
s = efnisþykkt í mm
b = fúgubreidd í mm
c = rótarlengd í mm
α = fúguhorn í gráðum


Fúgugerð	Stærð og lögun	Leiðbeiningar
MIG		
	s = 1,5 - 5 b = 0 - 2	Suða frá annarri hliðinni, rótarstuðningur eða fösuð súðufúga.
	s = 5 - 25 b = 0 - 3 c = 1,5 - 3 α = 60 -100°	Við suðu upp undir er æskilegt að fúguhorn sé sem stærst, að soðið sé í rótin.



s = 8 - 25 Minnsta fúguhorn og mestu breidd
b = 3 - 7 rótar má hafa við suðu á plötum
c = 2 - 4 að 15 mm.
α = 40 - 60°

s = 12 - 25 Sérstaklega ætlað við vésuðu.
b = 0 - 2 Hálfvélvædda suðu má nota
c = 3 - 5 öllum kringumstæðum.
α = 50 - 70° Rótarstuðning á að nota fyrir suðu frá bakhliðinni.

TIG



s < 2

s < 4 Suða frá annarri hliðinni.
b = 0 - 2

s = 4 - 10 Rótarstuðning á að hafa
b = 0 - 2 við lárétta suðu.
α = 60 - 70°

SMÍÐI TRÉBÁTA V-29

Efnisyfirlit

1. Almennt
2. Efnisgeymsla
3. Smíðaverkstæði
4. Viður
5. Krossviður
6. Líming
7. Laglíming
8. Seyming
9. Loftræsting innviða og fúavörn
10. Hampþétting

1. Almennt

1.1 Eftirfarandi reglur gilda um smíði trébáta þar sem hver bátur er smíðaður undir sérstöku eftirliti.

1.2 Víkja má frá eftirfarandi reglum ef ljóst er að viðkomandi smíðaaðferð er samsvarandi ákvæðum reglnanna.


1.3 Lím og önnur efni sem notuð eru við framleiðslu á trébátum skulu notuð samkvæmt leiðbeiningum framleiðenda efnanna.

2. Efnisgeymsla

2.1 Allur viður til báta skal geymdur á þurrum vel loftræstum stað, þar sem hann er varinn fyrir sól og raka.

2.2 Viður skal geymdur laupaður, þannig að loft geti leikið um hvert einstakt stykki. Krossviður skal geymdur liggjandi á sléttum fleti.

2.3 Rakainnihald viðar má meta út frá loftrakanum í efnisgeymslunni skv. eftirfarandi línuriti:



3. Smíðaverkstæði

3.1 Trébátar skulu smíðaðir í vel loftræstu húsi, þar sem hægt er að halda nægum hita til að rakainnihald viðar aukist ekki meðan á smíði stendur.

3.2 Trébátar sem hafa límdan bol, þilfar eða yfirbyggingu skulu smíðaðir í húsi þar sem hiti er ekki minni en 10°C meðan á smíði stendur.

4. Viður

4.1 Allur viður sem notaður er til smíði báta skal vera af hæsta gæðaflokki og vera heppilegur til sinna nota.

4.2 Viður skal vera laus við merg, skordýraskemmdir, rifur, lausa kvisti, útvið, fúagróður o.þ.h. sem rýrir gæði viðarins.

4.3 Rakainnihald viðar skal ekki vera meira en 20%, þó ekki meira en 15% í viði sem á að líma.

4.4 Viður sem nota á í útsúð, þilfarsþiljur, laglímingu eða svigabönd, skal vera beinvaxinn og spegilskorinn.

5. Krossviður

5.1 Krossviður sem notaður er í bol báta skal vera af tegund sem viðurkennd er til báta skv. BS 1088-1966, BS 4079-1966 eða samsvarandi staðli.

5.2 Krossviður skal vera af hæsta gæðaflokki og vera heppilegur til sinna nota. Þynnur utan á krossviði skulu hafa góða áferð og vera án sjáanlegra galla.

5.3 Í innréttingar og aðra hluti sem ekki verða fyrir álagi, má nota krossvið af minni gæðum en tilgreint er í 5.1, en krossviðurinn skal þó vera límdur með veður- og suðuheldu lími, sem prófað er skv. BS 1203-1979 eða samsvarandi staðli.

5.4 Ef samskeyti á krossviðarplötum eru skásniðin, skal skörun samskeytanna ekki vera minni en átta sinnum plötuþykktin. Ef krossviðurinn er skeyttur saman með laska, skal breidd laskans ekki vera minni en átján sinnum plötuþykktin.

6. Líming

6.1 Lím skal vera veður- og suðuhelt, skv. BS 1204-1979 WBP eða samsvarandi staðli.

6.2 Alla límfleti skal fella vel saman áður en límt er. Límfletir skulu vera hreinir og lausir við ryk, feiti eða annað það sem hefur áhrif á líminguna.

6.3 Límdar samsetningar skulu einnig negldar, skrúfaðar eða boltaðar. Við festingu á krossviði skal bilið á milli nagla/skrúfa/bolta ekki vera meira en 10 sinnum þykktin á krossviðarplötunni.

7. Laglíming

7.1 Aðeins er heimilt að laglíma á verkstæði sem hefur til þess sérstakt samþykki. Verkstæðið skal hafa yfir að ráða nauðsynlegum verkfærum, svo sem búnaði til að ná upp nægilegum þrýstingi við límingu, tæki til að mæla rakainnihald viðar, vél til blöndunar á lími, ásamt öðrum búnaði sem nauðsynlegur er við límingu.

7.2 Aðeins skal nota sambærilegar viðartegundir við laglímingu á hverju stykki. Ennfremur skulu allar þynnur sem límdar eru saman í eitt stykki hafa sem næst sama rakainnihald.

7.3 Laglímingarþynnur skulu aldrei vera þykkari en 30 mm. Við laglímingu á bognum stykkjum, skal þykktin á hverri þynnu vera það mikil að þynnurnar leggist eðlilega þannig að góð líming náist.

7.4 Millibil samskeyta á laglímingarþynnum skal ekki vera minna en:
$25 \cdot t$, ef skeytin eru á samliggjandi þynnum
$20 \cdot t$, ef ein þynna er á milli skeytanna
$12 \cdot t$, ef tvær þynnur eru á milli skeytanna
t = þykktin á laglímingarþynnunum.

7.5 Þrýstingur við límingu skal aldrei vera minni en 0,6MPa. Við límingu á harðviði skal þrýstingurinn ekki vera minni en 1,2MPa. Þrýstinginn skal athuga um það bil 15-30 mínútum eftir að honum er komið á og hafi hann þá minnkað skal leiðrétta þrýstinginn.

7.6 Gæði laglímingar skulu prófuð. Prófsýnin skulu tekin af endum á viðkomandi stykki. Prófsýni skulu unnin á sama veg og límhluturinn, þ. e. límd við sama þrýsting, hert í jafnlangan tíma o.s.frv.

8. Seyming

8.1 Saumur, skrúfur og boltar skulu vera úr ryðfríu efni eða vera heitsinkhúðuð. Boltar, rær, skífur, hnoðsaumur og hnoðhringir sem tengjast saman í festingum, skulu vera í sama gæðaflokki.

8.2 Undir boltahausum og róm í samsetningum skal vera skífa með ytra þvermáli sem er ekki minna en tvisvar sinnum þvermál boltans. Ef boltahaus uppfyllir þessa kröfu þarf ekki skífu. Í samsetningum eða festingum sem geta orðið fyrir miklu álagi, má gera kröfur um enn stærri skífur.

8.3 Við festingu á súð og þilfari skal nota skrúfur eða nagla sem eru ekki styttri en:
$l = 2{,}0 \cdot t$ mm fyrir skrúfur
$l = 25 + 2{,}0 \cdot t$ mm fyrir nagla
t = þykkt á súð/þilfari í mm

8.4 Skrúfur skulu koma sem næst hornrétt í krossvið. Krossviður skal boraður með hæfilegum bor fyrir boltum, skrúfum og nöglum til að fyrirbyggja tvískinnung.

9. Loftræsting innviða og fúavörn

9.1 Bátar skulu hafa fullnægjandi loftrás til allra innviða. Sérstaklega skal þess gætt að loftrás sé greið á bak við eldsneytisgeyma, innréttingar og undir gólfi.

9.2 Allur viður í lokuðu rými og stykki sem liggja þétt saman, svo sem tvöföld bönd o.þ.h., skal fúaverja með viðurkenndu fúavarnarefni.

10. Hampþétting

10.1 Vegna hampþéttingar á súð og þilfari skal vera rauf á milli sýjanna/þiljanna. Dýpt tróðraufarinnar skal vera sem næst 3/5 af þykkt sýjanna/þiljanna og breiddin að utan 3-5 mm, sem eyðist út í ekki neitt í botni raufarinnar.

10.2 Tróðraufin skal fyllt að hálfu, 3/10 af þykkt viðkomandi sýja/þilja, með tjöruhampi og síðan fyllt með biki eða öðru sambærilegu efni.

FISKIBÁTAR V-30

Efnisyfirlit

1. Almennt
2. Fríborð
3. Stöðugleiki þilfarsbáta
4. Lúgur á yfirbyggðu vinnurými á fríborðsþilfari
5. Austurbrunnar á yfirbyggðu fríborðsþilfari
6. Austurbúnaður á yfirbyggðu fríborðsþilfari
7. Önnur frárennsli af yfirbyggðu fríborðsþilfari
8. Austurbúnaður á algerlega lokuðu fríborðsþilfari
9. Frárennslisjektorar í yfirbyggðu vinnurými
10. Hindranir á frárennsli af þilfari þilfarsbáta
11. Frárennsli af plittum opinna báta
12. Fiskveiðiljós
13. Öryggisbúnaður við netaspil
14. Efnismál fiskibáta
15. Styrkingar vegna fiskveiðibúnaðar

1. Almennt

1.1 Ákvæði í kafla þessum gilda ásamt öðrum kröfum í reglunum um báta sem á að samþykkja sem fiskibáta.

2. Fríborð

2.1 Hleðsluvatnslína á bátum með austurbrunna með frárennslisspjöldum samkvæmt 7.1 á yfirbyggðu vinnurými, skal aldrei vera ofar en við neðri brún á frárennslisspjöldunum og fríborð miðskips aldrei minna en 350 mm.

2.2 Fríborð á bátum með yfirbyggt vinnurými með austuropum samkvæmt 7.2 skal aldrei vera minna en 500 mm.

3. Stöðugleiki þilfarsbáta

3.1 Réttiarmur, GZ, við halla á bilinu 40° og 65° skal ekki vera minni en 0,10 m og GZ-bogalínan skal vera jákvæð við allt að 70° halla bátsins þegar gengið er út frá að öll lokanleg op séu lokuð.

3.2 Fyrir báta með lúgur á yfirbyggðu vinnurými á fríborðsþilfari samkvæmt ákvæðum í 30.4, má meta rýmið innan við lúgurnar sem uppdrift við halla að því hallahorni sem er á bátunum þegar neðri brún á lúgunum snertir vatnið, við reikning á fleti undir GZ-bogalínu samkvæmt 3.3.

4. Lúgur á yfirbyggðu vinnurými á fríborðsþilfari

4.1 Síðulúgur og afturlúgur sem verða að vera opnar við fiskveiðar skulu vera eins litlar og hægt er að komast af með og vera minnst 1000 mm frá þilfari.

4.2 Lúgurnar skulu hafa minnst sama styrk og yfirbyggingin sem þær eru á og vera þannig gerðar að einn maður geti lokað þeim í snatri, án þess að hann þurfi við það verkfæri.

4.3 Þar sem lúgum má loka frá stýrishúsi skal vera viðvörun sem gefur til kynna þegar lokunarbúnaðurinn er settur í gang.

5. Austurbrunnar á yfirbyggðu fríborðsþilfari

5.1 Í hverju vinnurými sem aðskilið er með skilrúmi skal vera minnst einn austurbrunnur á hvorri síðu þar sem þilfarið er lægst. Ef breidd rýmisins er hvergi meiri en 0,5 · B, nægir austurbrunnur á annarri síðunni.

5.2 Rúmmál hvers brunns skal ekki vera minna en:

$V = 0{,}5 \cdot A \cdot l \cdot b \cdot dm^3$, þó minnst

$V = 150\ dm^3$

A = flatarmál á síðulúgum í m^2

l = lengd vinnurýmisins í m

b = breidd vinnurýmisins í m

5.3 Dýpt austurbrunna skal ekki vera minni en 350 mm.

6. Austurbúnaður á yfirbyggðu fríborðsþilfari

6.1 Austur af fríborðsþilfari skal almennt vera með dælingu frá hverjum austurbrunni.

6.2 Dælurnar skulu virka hvort heldur þær eru á kafi eða ganga þurrar og gangsetning þeirra og stöðvun skal vera handvirk.

6.3 Fyrirkomulag austurbrunns og dælu skal vera á þann veg að soglögnin stíflist ekki auðveldlega vegna öngla, fiskúrgangs o.þ.h. Auk þess skal austurbúnaðurinn vera þannig að dæla megi einhverju af fiskúrgangi með vatninu.

6.4 Afköst hverrar dælu skal ekki vera minni en sú niðurstaða sem hærri er úr eftirgreindum líkingum:

$Q = 0{,}3 \cdot l \cdot b\ m^3/klst.$

$Q = 1{,}25 \cdot Q_1\ m^3/klst.$

l = lengd vinnurýmisins í m

b = breidd vinnurýmisins í m

Q_1 = afköst sjódælu í rýminu.


6.5 Op lagna á síðu frá dælum austurbrunna skal vera minnst 600 mm ofan við fríborðsþilfarið. Við opið skal vera einstefnuloki. Sjá mynd í 7.1.

6.6 Þvermál og veggþykkt lagna skal vera með tilliti til afkastagetu dælanna.

6.7 Á fríborðsþilfari skal vera hæðarmæling sem gefur til kynna í stýrishúsi þegar austurbrunnar eru fullir.

7. Önnur frárennsli af yfirbyggðu fríborðsþilfari

7.1 Til viðbótar þeim dælum sem krafist er í 30.6 má hafa frárennslisspjöld á austurbrunnunum eins og myndin sýnir, ef öllum eftirgreindum skilyrðum er fullnægt:
- frárennslisspjöldin eru felld inn í súðina
- frárennslisspjöldin loka opinu vatnsþétt og spjöldin/opin séu aðgengileg til hreinsunar og eftirlits
- frárennslisspjöldunum megi loka í stýrishúsinu
- frárennslisspjöldin séu tengd við töflu í stýrishúsi, sem sýnir hvort hvert spjald sé opið eða lokað
- frárennslisspjöldunum megi loka handvirkt minnst 1,0 m ofan við þilfarið
- opin sem frárennslisspjöldin loka mega ekki vera stærri en 0,06 m^2
- yfirbygging vinnurýmisins sé ekki talin sem uppdrift við mat á stöðugleika.



7.2 Í stað dælingar frá hverjum austurbrunni má frárennsli af fríborðsþilfari vera beint fyrir borð um austurop, ef eftirgreindum skilyrðum er fullnægt:
- fyrirkomulag og stærð austuropa uppfylli ákvæði í V-5
- yfirbygging vinnurýmisins sé ekki talin sem uppdrift við mat á stöðugleika.

7.3 Uppfylli bátar ekki kröfur um stöðugleika með opum skv. ákvæðum í 7.1 og 7.2, skal loka spjaldlokaopunum eða austuropunum.

8. Austurbúnaður á algerlega lokuðu fríborðsþilfari

8.1 Dæling úr rýminu má vera hvort heldur sem er með sérstökum dælum sem dæla úr austurbrunnum sbr. ákvæði í 30.5 og 6 eða með austurlögnum sem tengdar eru aðalausturkerfi bátsins.

9. Frárennslisjektorar í yfirbyggðu vinnurými

9.1 Frárennsli með jektorum úr yfirbyggðu vinnurými á fríborðsþilfari skal vera með sama fyrirkomulagi og tilgreint er í 6.5 og 6.6.

9.2 Frárennsliskerfi með jektorum skal vera vel aðgengilegt til eftirlits.

10. Hindranir á frárennsli af þilfari þilfarsbáta


10.1 Opin þilfarshús með lokaða hlið að síðu og sérstök skjólþil eða önnur skilrúm sem hindra að vatn á þilfari renni hratt fyrir borð, eru almennt óheimil. Við mat á austuropum þilfarsbrunna sem eru með síðuþil að hluta, skal ganga út frá þeirri hæð skjólborðsklæðningarinnar sem lægri er við ákvörðun á dýpt brunnsins.

10.2 Þar sem skilrúm eru á þilfari skal þeim þannig fyrirkomið að þau hindri ekki rennsli að austuropum.

11. Frárennsli af plittum opinna báta og þilfari lokaðra

11.1 Á opnum bátum með plitta ofan við vatnslínu á bátunum við eiginþyngd, G, sem eru það þéttir að vatn á plittunum gæti valdið ófullnægjandi stöðugleika bátanna, skal fyrirkomulag vera sem hér segir;

- við báðar síður bátanna skulu vera niðurföll fyrir frárennsli af plittunum að austurkerfi (sjá mynd). Frárennslunum skal deilt niður eftir lengd bátsins eins og kostur er með tilliti til niðurskurðar plittanna.
- flatarmál frárennslanna skal vera minnst 75% af kröfum til austuropa samkvæmt ákvæðum í V-5.
- frárennslisvatnið skal eiga greiða leið að austurlögnum frá dælu.



12. Fiskveiðiljós

12.1 Bátar sem eru ≥ 7,0 L_m skulu búnir fiskveiðiljósum samkvæmt ákvæðum í Alþjóðasiglingareglunum frá 1972 með síðari breytingum, tveimur hringljósum beint upp af hvoru öðru. Neðra ljósið skal vera hvítt en efra ljósið rautt, nema á bátum sem veiða með togbúnaði, þar skal efra ljósið vera grænt. Millibil ljósanna skal vera minnst 1,0 metri. Sjá 26. reglu og 1. grein i-liðar í I viðauka Alþjóðasiglingareglnanna.

13. Öryggisbúnaður við netaspil

13.1 Hver bátur skal hafa öryggisbúnað við línuvindu til netaveiða sem stöðvar vinduna samstundis ef maður dregst inn að vindukoppnum með veiðarfærunum.

14. Efnismál fiskibáta

14.1 Efnismál fiskibáta byggjast á niðurstöðum líkinga eða töflum í köflum V-18 - V-20 og V-21 - V-25. Niðurstöður líkinga í köflunum V-21 - V-25 skal þó margfalda með leiðréttingarstuðli samkvæmt eftirgreindri töflu:

Leiðréttingarstuðull v/	Stuðlar
botn og húfur	1,05
síða og afturgafl	1,05
þilfar	1,15
yfirbygging	1,10

Leiðréttingarstuðull fyrir skerþol kjarnaefnis í samlokum skal vera 1,05.

15. Styrkingar vegna fiskveiðibúnaðar

15.1 Þeir hlutar báts sem verða fyrir álagi frá fiskveiðibúnaði, skulu hafa efnismál með tilliti til mesta hugsanlegs álags. Plast- og trébátar skulu auk þess styrktir eða varðir gagnvart sliti.

FARÞEGABÁTAR V-31

Efnisyfirlit

1. Almennt
2. Vatnsþétt hólf
3. Stöðugleiki
4. Eldsneyti
5. Eldvörn
6. Handrið og landgangur
7. Vistarverur farþega og neyðarútgangar
8. Salerni

1. Almennt

1.1 Ákvæði í kafla þessum gilda ásamt öðrum kröfum í reglunum um báta sem á að samþykkja sem farþegabáta.

2. Vatnsþétt hólf

2.1 Fyrirkomulag farþegabáta skal vera á þann veg að leki í eftirtalin rými geti ekki valdið því að aðliggjandi rými fyllist snögglega:
- stefni
- botn í framskipi á hraðgengum bátum
- botn í afturskipi á bátum með stýri eða skrúfubúnað niður úr botninum.

Aðliggjandi rými skulu tengd austurkerfi bátsins.

2.2 Hæð á þröskuldum undir hurðum sem eiga að vera þéttar til að báturinn skoðist sem lokaður bátur, má vera allt niður í 100 mm, að því tilskildu að fríborð bátsins sé undir engum kringumstæðum minna en 500 mm.

3. Stöðugleiki

3.1 Stöðugleikasvið lokaðra báta skal vera minnst 50° (GZ-bogalínur jákvæðar allt að 50°), þó samþykkja megi 40° ef flöturinn undir bogalínunni á milli hallahornanna 30° og 40° er ekki minni en 0,03 meterradíanar.

3.2 Farþegabátar skulu ekki halla meira en 12° og hafa minnst 0,20 m fríborð, þegar þyngd sem nemur þyngd allra farþega er eins nærri síðu bátsins og mögulegt er með 300 kg/m^2. Enginn hluti hallaþyngdarinnar (hallalóðanna) skal vera nær miðlínu bátsins en 0,2 · B við hallaprófunina.

4. Eldsneyti

4.1 Óheimilt er að hafa í farþegabátum tæki eða vélar sem nota eldsneyti með lægri logamörk en 60°C.

5. Eldvörn

5.1 Í vistarverum skulu skilrúm, innsúð og þess háttar sem er úr brennanlegum efnum, vera klætt klæðningu sem uppfyllir ákvæði í NT Fire 004.

5.2 Trefjaplast ofan við plitta í vélarrúmi á að hafa vörn gegn eldi úr 15 mm þykkum steinullarplötum eða eldvarnarmálningu/eldvarnartopphúð sem hefur sama einangrunargildi. Ennfremur má taka tillit til samlokukjarna úr sjálfslökknandi efni.

5.3 Í bátum sem samþykktir eru fyrir fleiri en tólf farþega, skal vélarrúm eldvarið á þann veg að reykur og eldur í því breiðist ekki út fyrir vélarrúmið innan 30 mínútna frá því að eldurinn kemur upp, samanber ákvæði ISO-834. Bátssíður úr stáli og botn þurfa ekki að uppfylla kröfu þessa.

6. Handrið og landgangur

6.1 Handrið sem eru til varnar því að farþegar falli fyrir borð, mega ekki vera auðlosanleg. Hæðin skal ekki vera minni en 1000 mm.

6.2 Farþegabátar skulu vera búnir á þann veg að engin hætta sé fyrir farþega að komast um borð og aftur í land. Sem dæmi mætti nefna landgang í gegnum hlið á handriði.

6.3 Tröppur skulu liggja langskips.

7. Vistarverur farþega og neyðarútgangar

7.1 Til að sæti teljist fullnægjandi skulu þau vera minnst 0,5 m breið, með minnst 0,9 m hæð ofan við sætið og minnst 0,75 m rými fyrir fætur, mælt fram frá sætisbakinu. Lausir stólar eða sæti sem fella má niður, teljast ekki fullnægjandi sæti.

7.2 Farþegabátar skulu búnir fullnægjandi sætum fyrir alla farþega.

7.3 Gangvegur að og frá vistarverum farþega skal vera vel greiðfær. Tröppur og dyr skulu vera minnst 750 mm breiðar. Hvert rými sem ætlað er farþegum skal hafa tvær útgönguleiðir. Útgönguleiðir, að undanskildum tröppum og dyrum, skulu vera minnst 800 mm breiðar. Þessi krafa gildir einnig um millibil sæta þverskips, þar sem fleiri en fjórir gætu þurft að komast út í snatri. Minna útgönguopið úr vistarverunum skal vera minnst 600 · 600 mm. Leiðin að því útgönguopi sem ekki er almennt notað, skal vera greinilega merkt NEYÐARÚTGANGUR.

7.4 Lofthæð í vistarverum farþega og gangvegi til vistarveranna skal vera minnst 1,98 m. Í öðrum vistarverum nægir að lofthæðin sé 1,80 m. Lofthæðin má vera enn minni við dyr, neyðarútganga og yfir sætum.

8. Salerni

8.1 Hver bátur sem samþykktur er til farþegaflutninga skal vera búinn minnst einu salerni. Bátur sem samþykktur er fyrir 15 farþega og allt að 50 skal búinn minnst tveimur salernum. Bátur sem samþykktur er fyrir 50 farþega eða fleiri skal búinn tveimur salernum eins og áður segir og auk þess einu salerni fyrir hverja 25 farþega sem báturinn má flytja umfram 50 farþega.

8.2 Öll salerni skulu vera í sérstökum klefa með læsanlegri hurð. Salernin skulu vera vel lýst og loftræst og á hverju salerni skal vera handlaug með rennandi vatni og frárennsli.

8.3 Heimilt er að víkja frá kröfum um fjölda salerna í bátum sem aðeins eru notaðir til stuttra ferða, enda sé hreinlætisaðstaða á viðkomustöðum bátanna. Þó skal hver farþegabátur vera búinn minnst einu salerni.

DRÁTTARBÁTAR V-32

Efnisyfirlit

1. Almennt
2. Smíðalýsing
3. Stöðugleiki
4. Dráttarbúnaður
5. Dráttarkrókur
6. Dráttarvinda
7. Prófun
8. Siglingaljós

1. Almennt

1.1 Ákvæðin í kafla þessum gilda ásamt öðrum kröfum í reglunum um báta sem á að samþykkja sem dráttarbáta.

2. Smíðalýsing

2.1 Þegar sótt er um samþykkt á dráttarbáti, skulu fylgja smíðalýsingu skv. ákvæðum í V-1.5, eftirgreindar teikningar og upplýsingar í þremur eintökum:
- dráttarbúnaður, þar sem fram kemur hámarkstogkraftur á festartæki, togkraftur við stöðugt álag og brotþol á dráttartaug
- dráttarkrókur, ásamt tengingu hans við styrkingar bolsins
- dráttarvinda, ef hún er til staðar, ásamt undirstöðum. Teikningunum skulu fylgja upplýsingar um stjórnbúnað, bremsukraft, efnisgæði ása og hæð á átakspunkti dráttartaugarinnar frá undirstöðunum
- skýrsla um togprófun á festartæki, en verklag við togprófunina skal vera samþykkt af Siglingamálastofnun ríkisins.

2.2 Í stöðugleikagögnum skal koma fram hámarkstogkrafturinn á festartæki, staðsetning á átakspunkti dráttartaugar, hallakraftur, hallavægi og á GZ línuritinu skal færður inn toghallaarmurinn við það togálag sem veldur minnstum stöðugleika.

3. Stöðugleiki.

3.1 Við mat á stöðugleika dráttarbáta skal stefna dráttartaugarinnar vera þvert á bátinn. Toghallavægi skal byggt á ákvæðum í 3.2.

3.2 Þverskipskraftur frá dráttartaug skal áætlaður sem helmingur af togkrafti miðað við togspyrnu við bryggju.
Togvogarstöngin, S, skal mæld lóðrétt frá miðri skrúfu að festingu dráttartaugar.

3.3 Toghallaarmur, Ta, skal reiknaður sem hér segir:

$$Ta = 0{,}5 \cdot T \cdot S/\Delta$$

T = togkraftur miðað við togspyrnu við bryggju
Δ = sæþungi bátsins sbr. V-2.5.3.

Toghallaarmur, Ta, skal þó ekki vera meiri en 0,5 · hámarks GZ með hliðsjón af leyfilegri hámarksþyngdarmiðju.

Ef hámarks GZ er eftir 30° halla, skal ganga út frá GZ við 30° halla í stað hámarks GZ.

4. Dráttarbúnaður.

4.1 Dráttarkróki eða dráttarvindu skal komið fyrir í bátunum sem næst miðri lengd þeirra. Krókinum/vindunni skal þannig fyrirkomið að hallavægi verði eins lítið og mögulegt er, þegar dráttartaugin er í stefnu þvert á bátinn.

4.2 Hönnun og efnismál á dráttarkróki eða dráttarvindu, ásamt festingum, skal þola brotstyrk dráttartaugarinnar án þess að aflagast varanlega.

4.3 Dráttartaugin skal þola minnst tvöfaldan togkraftinn miðað við togspyrnu við bryggju.

5. Dráttarkrókur.

5.1 Á dráttarbátum skal vera sleppibúnaður sem gerir mögulegt að losa dráttartaugina undir fullu álagi í skyndi, án tillits til halla bátsins eða stefnu dráttartaugarinnar. Sleppibúnaðinum skal stjórnað úr stýrishúsi.

6. Dráttarvinda.

6.1 Dráttarvindur skulu þannig búnar að mögulegt sé að aftengja vinduásinn úr stýrishúsinu. Endafesting dráttartaugarinnar við vinduna, skal ekki vera sterkari en svo að dráttartaugin losni auðveldlega frá vindunni, ef nauðsynlegt reynist að slaka henni allri út í neyðartilvikum.

7. Prófun.

7.1 Dráttarbúnaður skal prófaður undir álagi að smíði lokinni.
Sleppibúnaður á dráttarkróki og aftengibúnaður á dráttarvindu skulu prófaðir sérstaklega.

8. Siglingaljós.

8.1 Siglingaljós dráttarbáta skulu vera samkvæmt ákvæðum Alþjóðasiglingareglna frá 1972 ásamt síðari breytingum. Sjá 24. reglu um skip sem draga og ýta í Alþjóðasiglingareglunum.

8.2 Dráttarbátar sem einnig eru notaðir sem hafnsögubátar skulu einnig hafa siglingaljós samkvæmt 29. reglu Alþjóðasiglingareglanna frá 1972.

STYRKINGAR VEGNA SIGLINGA Í ÍS V-33

Efnisyfirlit

1. Gildissvið
2. Skilgreining styrkinga
3. Styrkingar

1. Gildissvið

1.1 Ákvæðin í kafla þessum gilda aðeins fyrir báta sem ætlaðir eru til siglinga í ís, sbr. gr. V-1.2.7.

1.2 Eftirfarandi ákvæði gilda um súð stafna á milli á svæði sem nær 300 mm upp fyrir hleðsluvatnslínu og 300 mm niður fyrir vatnslínu á bátunum við eigin þyngd án nokkurrar hleðslu. Auk þess gilda ákvæðin um botn frá framstefni og $0{,}2 \cdot L_m$ aftur fyrir stefnið.

2. Skilgreining styrkinga

2.1 Styrkingar vegna siglinga í ís eru sem hér segir:
1. Stefnisjárn
2. Mótstöðuvægi kjalar
3. Ísvörn á trébáta
4. Þykkt súðar
5. Mótstöðuvægi banda
6. Þvermál á skrúfuási

3. Styrkingar

3.1 Stefnisjárn skal vera framan á framstefni og ná niður undir kjöl, minnst einn metra aftur fyrir samskeyti kjalar og stefnis. Þverskurðarflatarmál stefnisjárnsins skal vera minnst:
$A = 80 \cdot L_m \text{ mm}^2$

3.2 Mótstöðuvægi kjalar skal vera minnst tvöfalt meira en í kröfum um kjöl skemmtibáta.

3.3 Á trébáta skal setja ísvörn á allt það svæði sem tilgreint er í 1.2. Ísvörnin skal vera úr stáli, áli eða kopar. Þykktin skal vera með tilliti til stærðar bátsins og plöturnar festar á fullnægjandi hátt, án þess að ál eða kopar snerti stál.

3.4 Þykkt súðar skal ekki vera minni en:
$t_{ís} = 1{,}3 \cdot t + 1{,}5 \text{ mm}$
t = þykkt á súð skv. ákvæðum í V-21 og V-22, V-23, V-24 eða V-25.

3.5 Mótstöðuvægi banda skal ekki vera minna en:
$W_{ís} = 1{,}5 \cdot W \text{ m}^3$
W = mótstöðuvægi banda skv. ákvæðum í V-21 og V-22, V-23, V-24 eða V-25.

3.6 Þvermál á skrúfuási skal ekki vera minna en:
$d_{ís} = 1{,}15 \cdot d \text{ mm}$
d = þvermál á skrúfuási samkvæmt ákvæðum í V-10.

Nr. 543 3. október 1994

GJALDSKRÁ

vegna hundahalds í Breiðdalsvík.

1. gr.

Leyfisgjald vegna undanþágu frá banni við hundahaldi í Breiðdalsvík fyrir árið 1994 skal vera kr. 6.000.

2. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af hreppsnefnd Breiðdalsvíkur, er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, ásamt síðari breytingum, sbr. og samþykkt um hundahald í Breiðdalsvík nr. 369/1988, til að öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytið, 3. október 1994.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Hafnarfjarðar.
A-hluti

1. ALMENNT.

Gjaldskráin gildir á orkuveitusvæði Rafveitu Hafnarfjarðar. Hún skiptist í tvo hluta: **A-hluta,** sem fjallar um almenna skilmála fyrir afhendingu raforku. Einnig fjallar hann um skilgreiningu á raforkutöxtum, mælaleigu, heimtaugagjöldum, tengigjaldi, innheimtugjaldi, enduropnunargjaldi og álestrargjaldi auk annarra ákvæða.

B-hluta, sem sýnir gildandi verð fyrir raforku og aðra gjaldskrárliði.

Skýringar

Tákn	*Eining*	*Heiti*
A	Amper	Straumur
V	Volt	Spenna
kW	kílówatt	afl
kW/ár	árskílówatt	árskílówatt
kWh	kílówattstund	orka

Rafveita Hafnarfjarðar selur rafmagn á þann hátt og á því verði sem greint er frá í B-hluta gjaldskrár Rafveitunnar. Virðisaukaskattur leggst á gjaldið samkvæmt gildandi lögum og reglum á hverjum tíma.

A. ALMENN NOTKUN.

A1. Taxti A1. Gildir fyrir alla almenna notkun, minni en 200.000 kWh á ári.
Sjá einnig taxta C1, Afl- og orkunotkun, varðandi notendur með ársnotkun minni en 200.000 kWh.
Notanda með vaxandi rafmagnsnotkun, sem keypt hefur orku samkvæmt taxta A1, er heimilt að kaupa orku samkvæmt þeim taxta þar til hann nær 220.000 kWh ársnotkun.
Verði notkunin meiri en 220.000 kWh á ári, er notkun verðlögð eftir taxta C1.
Sölu til heimila er heimilt að sérgreina með taxtaheiti B1.

C. AFLMÆLD NOTKUN.

C1. Taxti C1. Gildir fyrir orkunotkun, sem er 200.000 kWh á ári og meiri.
Orkukaupanda er ekki heimilt að skipta orkunotkun sinni um sömu heimtaug á almennan taxta og afl- og orkutaxta.
Taxti C1 skiptist í vetrarorkugjald, sumarorkugjald, fast gjald og aflgjald.
Orkugjald greiðist fyrir hverja kílówattstund, vetrarorkuverð á tímabilinu 1. október til og með 30. apríl og sumarorkuverð á tímabilinu 1. maí til og með 30. september.
Fast gjald inniheldur fastan kostnað, óháðan rafmagnsnotkun.
Aflnotkun reiknast eftir mælingu miðað við 15 mínútna meðalgildi afls.
Aflgjald er reiknað eftir hæsta afltoppi almanaksárs.
Notandi greiðir aflgjald eftir áætlaðri aflnotkun, sem miðast að jafnaði við notkun fyrra árs, eða áætlaðri rökstuddri aflnotkun yfirstandandi árs.
Reynist mældur ársafltoppur hærri en hinn áætlaði greiðir notandi mismuninn.

Notanda með ársnotkun minni en 200.000 kWh er heimilt að kaupa raforku samkvæmt taxta C1, sé það honum hagstætt. Notandi skal þá greiða lágmark 200.000 kWh á ári en afltoppur greiðist samkvæmt mælingu.
Notanda með vaxandi rafmagnsnotkun, sem keypt hefur orku eftir taxta A1, er heimilt að greiða samkvæmt þeim taxta þar til hann nær 220.000 kWh ársnotkun.
Fari notkun yfir 220.000 kWh á ári er notkun flutt á taxta C1.
Notandi á Taxta C1 er fluttur á taxta A1 verði ársnotkun minni en 200.000 kWh og sé taxti C1 honum óhagstæður. Annars verður hann áfram á taxta C1 og greiðir að lágmarki 200.000 kWh á ári.

C2. Taxti fyrir götu- og útilýsingu.
Lýsingin stjórnast að jafnaði með stjórnbúnaði Rafveitunnar, sem stjórnar eftir dagsbirtu.
Notandi greiðir samkvæmt uppsettu afli ljósbúnaðar, aflgjald, viðhaldsgjald og stofnkostnað að fullu.
Þó ákveður bæjarstjórn gjald fyrir götulýsingu í Hafnarfirði að fenginni tillögu rafveitunefndar, sem gerð skal árlega við afgreiðslu fjárhagsáætlunar bæjarins.
Rafveitan setur upp ljósbúnað til götu- og útilýsingar samkvæmt óskum notanda.
Ljósbúnaður skal fullnægja kröfum Rafveitunnar.

D. HITUN.
D1. Órofin húshitun. Orkunotkun minni en 200.000 kWh á ári.
Fyrir hitun, sem ekki þolir rof.
Notandi greiðir eitt orkuverð og fast gjald.

D3. Rofin hitun, óreglulegur roftími, allt að 3 klst. á sólarhring.
Orkunotkun minni en 200.000 kWh á ári.
Notandi greiðir eitt orkuverð og fast gjald.

D5. Rofin hitun, roftími 2 x 2 klst. á sólarhring á tímabilinu frá kl. 10.00 til 12.30 og kl. 17.00 til 19.30.
Orkunotkun minni en 200.000 kWh á ári.
Notandi greiðir eitt orkuverð og fast gjald.

D7. Næturhitun, fastur roftími allt árið á tímabilinu frá kl. 9.00 til kl. 21.00.
Orkunotkun minni en 200.000 kWh á ári.
Notandi greiðir eitt orkuverð og fast gjald.

D8. Rofin hitun, roftími 2 x 2 klst. á sólarhring á tímabilinu frá kl. 10.00 til 12.30 og kl. 17.00 til 19.30.
Orkunotkun 200.000 kWh á ári eða meiri.
Notandi greiðir vetrarorkugjald á tímabilinu 1. okt. til og með 30. apríl og sumarorkugjald á tímabilinu 1. maí til og með 30. september.
Ennfremur greiðir notandi fast gjald.

D9. Næturhitun, fastur roftími allt árið á tímabilinu frá kl. 9.00 til kl. 21.00.
Orkunotkun 200.000 kWh eða meiri á ári.
Notandi greiðir vetrarorkugjald á tímabilinu 1. okt. til og með 30. apríl og sumarorkugjald á tímabilinu 1. maí til og með 30. september.

Ennfremur greiðir notandi fast gjald.
Orkukaupanda er ekki heimilt að skipta orkunotkun sinni um sömu heimtaug á taxta D3 og D5.
Notanda með vaxandi ársnotkun, sem keypt hefur raforku samkvæmt taxta D3 eða D5, er heimilt að kaupa raforku samkvæmt þeim töxtum þar til hann nær 220.000 kWh ársnotkun. Verði ársnotkun meiri en 220.000 kWh á ári, er notkun flutt á taxta D8.
Notandi sem greiðir samkvæmt taxta D8 er fluttur á taxta D3 eða D5 verði ársnotkun minni en 200.000 kWh og sé taxti D8 honum óhagstæður. Annars er notkun áfram á taxta D8 þar til ársnotkun verður minni en 180.000 kWh, þá er notkun flutt á taxta D3 eða D5.
Sömu ákvæði varðandi flutning milli taxta og gilda gagnvart töxtum D3, D5 og D8, gilda gagnvart næturhitatöxtunum D7 og D9.

Skilyrði fyrir raforkusölu til hitanotkunar:

a) Sækja skal skriflega um kaup á raforku til hitunar, á eyðublöðum sem Rafveitan lætur í té.
b) Að veitukerfið og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
c) Að raforkunotkun með rofi valdi ekki auknum aflkaupum hjá Rafveitunni utan roftíma.
d) Að notandi kosti segulrofa fyrir hitalögnina,
e) Að hitalagnir og öll tæki séu gerð skv. fyrirmælum Rafveitunnar, og að hitatæki séu fasttengd. Ekki er heimilt að setja tengla á greinar, sem flytja raforku sem seld er eftir D- töxtum.
f) Að lagðir séu fram fullkomnir útreikningar á hitaþörf þess húsrýmis, er hita skal, eftir byggingastöðlum.
g) Að raforkan sé notuð til hitunar með þar til gerðum tækjum, sem breyti henni í hitaorku.
h) Hjálpartæki, sem sambyggð eru við rafhitatæki og nota verður af öryggisástæðum og eðli tækjanna, svo sem rafliðar, rafeindastýringar, vísiljós eða smáhreyflar, sem varna yfirhitun á hitaldi tækisins, mega vera tengd og sammæld með hitatækinu, enda sé raforkunotkun þeirra óveruleg.
   Undir D-taxta í gjaldskránni falla ekki olíukynditæki, miðstöðvardælur, varmadælur eða tæki til varmaflutnings í loftræstikerfum eða lofthitunatkerfum. Þau falla undir verðskrárlið A, B eða C, eftir því sem við á.

F. ÖNNUR NOTKUN.

F1. Rafveitustjóra er heimilt að veita afslátt á framangreindum verðlagsákvæðum á liðunum A til og með D á orku, sem notuð er á sumrin, ef um töluverða aukningu frá vetrarnotkun er að ræða, eða ef orkan er eingöngu notuð á sumrin.

F2. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri selja raforku eftir sérstökum samningi, þó eigi lengur en til eins árs í senn, nema samþykki rafveitunefndar komi til.

G. MÆLALEIGA

Rafveitan ákveður stærð og gerð mæli- og stjórntækja, sem notuð eru við sölu rafmagns. Leiga fyrir þessi tæki er innifalin í fastagjaldi viðkomandi taxta.
Óski notandi þess leigir rafveitan honum mælitæki og stjórntæki til annarra nota en að framan greinir.
Árleiga fyrir önnur mæli- eða stjórntæki skal vera sem næst 15% af verði viðkomandi tækis.

H. FAST GJALD greiðist af hverri sérmældri notkun.

2. HEIMTAUGAGJÖLD.

Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug, sem tengir húsveitu við veitukerfi Rafveitu Hafnarfjarðar og samþykkt hefur verið af henni.
Heimtaugargjald skal greitt við umsókn.

AÐALHEIMTAUG.
Greitt skal fyrir aðalheimtaug skv. töflu í B-hluta.
Gjald fyrir heimtaug með meiri flutningsgetu en taflan greinir, reiknast í réttu hlutfalli við 300 A heimtaug í 220 V kerfi og 1200 A í 380 V kerfi.
Sé nauðsynlegt að setja upp dreifistöð vegna tiltekinnar húsveitu og hún að mestu notuð í þágu þeirrar húsveitu, skal eiganda veitunnar skylt að leggja til lóð eða húsnæði undir stöðina samkvæmt sérstöku samkomulagi og skal hann í öllu hlíta skilmálum Rafveitunnar um stærð lóðar og staðsetningu stöðvar.
Óski húseigandi eftir að flutningsgeta heimtaugar verði aukin, skal hann greiða fullt verð fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu verði hinnar fyrri heimtaugar, hvorutveggja eftir gildandi verðskrá, þegar breytingin fer fram.
Ef einfasa 63 A heimtaug er aukin í þrífasa skal greitt samkvæmt töflu.
Ef breyta þarf loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug vegna óska húseiganda eða vegna breytinga á stofnlínu í götu, greiðir húseigandi heimtaugargjald skv. töflu.
Húseigandi kostar breytingar á stofntaug innanhúss, sem þessu kann að vera samfara og tekur á sig annan kostnað, er af þessu kann að stafa.
Ef 3x220 V notendakerfi er breytt í 3x380 V kerfi, kostar Rafveitan breytingu á heimtaug, en ekki breytingu á loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug. Húseigandi kostar breytingu á stofntaug innanhúss, sem þessu kann að vera samfara og tekur á sig annan kostnað er af þessu kann að stafa.

BRAÐABIRGÐAHEIMTAUG.
Heimtaugargjald fyrir bráðabirgðaheimtaug skal greitt samkvæmt töflu í B- hluta gjaldskrár.
Lengdargjald jarðstrengsheimtaugar er reiknað af lengd hennar í heilum metrum frá næsta útitengiskáp, eða rofa í dreifistöð, að stofnvarkassa, eða stofntengikassa í húsveitu að frádregnum allt að 5 m, ef þeir eru innan lóðarmarka.
Ef hluti af bráðabirgðaheimtaug nýtist með óbreyttri legu, sem aðalheimtaug, reiknast ekki lengdargjald af þeim hluta.
Lengdargjald fyrir loftlínuheimtaug reiknast fyrir hvern stólpa umfram einn frá lágspennukerfi Rafveitunnar að stofnvarkassa eða stofntengikassa í húsveitu.

VARÐANDI AÐALHEIMTAUGAR OG BRAÐABIRGÐAHEIMTAUGAR.
Sé fyrirsjáanlegt, vegna fjarlægðar frá veitukerfi Rafveitunnar eða annarra aðstæðna svo sem að svæði sem leggja á rafstreng eða loftlínu um sé óskipulagt eða ófrágengið fyrir endanlega lögn, að kostnaður við lagningu verði meiri en 50% hærri en gildandi gjaldskrá segir til um, skal Rafveitunni greiddur sá kostnaður sem er umfram 50%.
Óski eigandi húsveitu eftir að heimtaugin sé lögð, þegar frost er í jörðu, skal hann greiða aukagjald samkvæmt ákvörðun Rafveitunnar.

TENGIGJALD.
Rafveitan getur látið í té tengingu við dreifikerfi Rafveitunnar vegna skammtímanotkunar þar sem tenging við kerfið er aðgengileg.

Fyrir slíka tengingu er greitt tengigjald. Tengigjaldið er innheimt tvívegis, fyrir tengingu og fyrir aftengingu. Sé tenging eða aftenging framkvæmd utan venjulegs dagvinnutíma, greiðist álag á tengigjaldið. Dagvinnutími telst vera frá kl. 8.00 til kl. 16.00 alla virka daga.
Innifalið í tengigjaldi er leiga á sérsmíðaðri töflu og búnaði, tenging eða aftenging, úttekt á viðkomandi rafkerfi og akstur.

3. ÝMIS ÁKVÆÐI.

GREIÐSLUSKILMÁLAR.
Gjalddagi reiknings er útgáfudagur. Eindagi er 10 dögum síðar og skal hann tilgreindur á reikningi. Verði greiðslufall á reikningi, hvort sem um er að ræða áætlunarreikning eða álestrarreikning, getur Rafveitan áskilið sér vanskilavexti af því sem gjaldfallið er, talið frá og með gjalddaga. Vanskilavextir eru þeir sömu og hjá innheimtustofnunum sbr. 13. gr. 1. nr. 10/1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma.

INNHEIMTUGJALD.
Undirbúningur að stöðvun orkuafhendingar vegna vanskila notanda telst hafinn við sendingu tilkynningar þess efnis til notandans. Sé slík tilkynning send notanda skal hann greiða innheimtugjald vegna kostnaðar við undirbúning stöðvunarinnar, þó að til hennar hafi ekki komið.

ENDUROPUNARGJALD.
Komi til stöðvunar orkuafhendingar vegna vanskila notanda skal hann greiða gjald vegna kostnaðar við þá framkvæmd. Gjald þetta kemur til viðbótar við innheimtugjald samkvæmt fyrri málsgrein.

ÁLESTRARGJALD.
Reglubundinn álestur mælitækja er innifalinn í raforkugjöldum gjaldskrár.
Óski notandi þess að oftar sé lesið á mælitæki, er honum gerður sérstakur reikningur fyrir þann álestur, nema um sé að ræða álestur vegna flutnings.

LAUNAFL.
Ef launafl nemur 48% eða meira af mesta útteknu raunafli á ári, miðað við 15 mín. meðalgildi afls (fasviksstuðull = 0,9), er heimilt að hækka aflgjald og orkugjald um 15%.

FASVIKSJÖFNUN.
Við fasviksjöfnun þarf að taka tillit til álagsstýringar Rafveitunnar.
Varðandi fasviksjöfnun gilda ákvæði í Tæknilegum tengiskilmálum rafveitna, nr. 391/1990, kafli nr. 6.10.
Notanda og eða húseiganda er skylt að kynna sér ákvæði Rafveitunnar áður en fasviksjöfnunarbúnaður er ákveðinn.

Gjaldskrá þessi, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15. 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, til að taka gildi 20. október 1994. Jafnframt er felld úr gildi eldri gjaldskrá nr. 502/1992 með áorðnum breytingum.

Iðnaðarráðuneytið, 6. október 1994.

F. h. r.
Þorkell Helgason.

Steinunn Bjarman.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Hafnarfjarðar.
B - hluti

1. RAFORKA OG AÐRIR GJALDSKRARLIÐIR

Nánari skýringar á gjaldskrárliðum er að finna í A - hluta gjaldskrár.

A1. Almenn notkun minni en 200.000 kWh á ári.

Orkugjald	5,72	kr./kWh
Fast gjald	2.480,00	kr./ár

B1. Heimilisnotkun. Sama verð og skilmálar og gilda fyrir taxta A1.

C1. Afl - og orkumæld notkun, sem er 200.000 kWh á ári eða meiri.

Vetrarorkugjald, okt. til apríl	3,56	kr./kWh
Sumarorkugjald, maí til sept.	1,64	kr./kWh
Fast gjald	42.700,00	kr./ár
Aflgjald	7. 220,00	kr./kW/ár

C2. Götu - og útilýsing.

Aflgjald	19.800,00	kr./kW/ár
Viðhaldsgjald	21.600,00	kr./kW/ár

D1. Órofin hitun.

Orkugjald	5,72	kr./kWh
Fast gjald	2.480,00	kr./ár

D3. Rofin hitun, 3 klst á dag, óreglulegt rof.
Orkunotkun minni en 200.000 kWh á ári.

Orkugjald	2,74	kr./kWh
Fast gjald	7.100,00	kr./ár

D5. Rofin hitun, 2 x 2 klst. á dag,
kl. 10.30 - 13.30 og 17.15 - 19.15.
Orkunotkun minni en 200.000 kWh á ári.

Orkugjald	2,97	kr./kWh
Fast gjald	7.100,00	kr./ár

D7. Næturhitun, rofin allt að 12 klst. á dag.
Orkunotkun minni en 200.000 kWh á ári.

Orkugjald	2,24	kr./kWh
Fast gjald	7.100,00	kr./ár

D8. Rofin hitun, allt að 2 x 2 klst. á dag.		
Orkunotkun 200.000 kWh á ári eða meiri.		
Vetrarorkugjald	3,43	kr./kWh
Sumarorkugjald	1,69	kr./kWh
Fast gjald	7.100,00	kr./ár
D9. Rofin hitun, allt að 12 klst. á dag, næturnotkun.		
Orkunotkun 200.000 kWh á ári eða meiri.		
Vetrarorkugjald	2,68	kr./kWh
Sumarorkugjald	1,38	kr./kWh
Fast gjald	7.100,00	kr./ár
G. Mælaleiga		
G1. Orkumælir, einfasa	62,42	kr./mán.
G2. Orkumælir, þrífasa	246,67	kr./mán.
G3. Orkumælir, þrífasa með straumspennum	416,67	kr./mán.
G4. Afl - og orkumælir með straumspennum	624,17	kr./mán.
G5. Tvígjaldsorkumælir	401,67	kr./mán.
G6. Tvígjaldsorkumælir með straumspennum	612,50	kr./mán.
G7. Móttökuliði	416,00	kr./mán.

2. HEIMTAUGAR

AÐALHEIMTAUGAR

Málstraumur stofnvara	Jarðstrengur Heimtaugargjald kr.	Loftlínuheimtaug breytt í jarðstrengsheimtaug kr.	Einfasaheimtaug 63 A aukin í 3 x 63 A kr.
220 V kerfi			
63 A 1- fasa	53.500	17.230	
63 A 3- fasa	59.200	19.490	10.430
100 A 3- fasa	94.700	82.480	
200 A 3- fasa	120.010		
300 A 3- fasa	198.280		
380 V kerfi			
63 A 1- fasa	53.500	17.230	
63 A 3- fasa	59.200	19.500	20.780
100 A 3- fasa	94.700	46.170	
200 A 3- fasa	187.000		
300 A 3- fasa	281.000		
400 A 3- fasa	382.000		
600 A 3- fasa	564.000		
900 A 3- fasa	846.000		
1.200 A 3- fasa	1.130.000		

BRÁÐABIRGÐAHEIMTAUGAR

Málstraumur stofnvara	Stofngjald kr.	Lengdargjald Jarðstrengur kr./m	Lengdargjald Loftlína kr./stólpa
63 A- 1- fasa	10.700	1.580	20.100
63 A- 3- fasa	14.800	1.580	23.200
100 A- 3- fasa	15.800	2.070	26.900
200 A- 3- fasa	59.700	2.070	29.900

TENGIGJALD

Tengigjaldvegna skammtímanotkunar, unnið á dagvinnutíma ..... 5.260 kr.
Ef tengt er utan dagvinnutíma reiknast álag 55 % ..... 8.153 kr.

INNHEIMTUGJALD

Vegna undirbúnings að stöðvun á orkuafhendingu vegna vanskila notanda ..... 799 kr.

ENDUROPNUNARGJALD

Opnað á dagvinnutíma ..... 1.200 kr.
Opnað utan dagvinnutíma ..... 2.400 kr.

ÁLESTRARGJALD

Gjald vegna aukaálestrar hjá notanda ..... 1.050 kr.

GJALDSKRÁRBREYTINGAR

Breytist innkaupsverð á raforku er rafveitunefnd heimilt að breyta gjaldskrárliðum í B-hluta gjaldskrár þessarar um alt að 60% af þeirri breytingu.

Breytist kaupgjald hjá Rafveitu Hafnarfjarðar frá 1. jan. 1994, hvort heldur er vegna breytinga á grunnkaupi, kaupgjaldsvísitölu eða vegna samninga, er rafveitunefndheimilt að breyta gjaldskrárliðum gjaldskrár þessarar til samræmis um allt að 4/5 af þeirri breytingu.

Ávallt skal miða við að tekjur standi undir rekstri, aukningu veitukerfis og að Rafveitan skili arði.

Gjaldskrá þessi, B-hluti, raforka og aðrir gjaldskrárliðir, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, til að taka gildi 20. október 1994. Jafnframt er felld úr gildi eldri gjaldskrá nr. 502/1992 með áorðnum breytingum.

Iðnaðarráðuneytið, 6. október 1994.

F. h. r.
Þorkell Helgason.

Steinunn Bjarman.

REGLUGERÐ

um varnir gegn mengun af völdum ósoneyðandi efna.

1. gr.

Markmið.

Markmið reglugerðar þessarar er að tryggja örugga meðhöndlun, minnka losun efna sem rýra ósonlagið og vernda með því ósonlagið í heiðhvolfinu.

2. gr.

Skilgreiningar og gildissvið.

Reglugerðin nær til klórflúorkolefna (CFC), halóna, koltertraklóríðs, 1,1,1-tríklóretans, metýlbrómíðs, vetnisklórflúorkolefna (HCFC) og vetnisbrómflúorkolefna (HBFC), hreinna eða í blöndu með öðrum efnum enda sé þyngdarhlutfall þeirra hærra en 1% í blöndu, sbr. viðauka 1.

Með ósoneyðingarmætti (ODP, ozone depleting potential) er átt við hlutfallslega getu efnanna til að brjóta niður óson í heiðhvolfinu miðað við tríklórflúormetan (CFC-11).

Með ODP tonnum er átt við magn í tonnum margfaldað með ósoneyðingarmætti.

Með innflytjanda er átt við þann aðila sem flytur inn viðkomandi efni, eða vöru sem inniheldur viðkomandi efni, til landsins.

Með söluaðila er átt vð aðila sem selur viðkomandi efni, eða vöru sem inniheldur viðkomandi efni, í atvinnuskyni, með eða án tækniþjónustu.

3. gr.

Innflutningur og sala.

Innflutningur og sala á efnum tilgreindum í viðauka 1, og vörum sem innihalda efni tilgreind í viðauka 1, er bönnuð, sbr. þó 4. og 9. gr.

Bann við innflutningi og sölu nær ekki til endurnýttra og endurunninna efna.

Við innflutning á endurunnum efnum, tilgreindum í viðauka 1, skal innflytjandi framvísa til Hollustuverndar ríkisins upplýsingum um hvar efnið er endurunnið og vottorð um að efnið uppfylli gæðastaðla sem Hollustuvernd ríkisins samþykkir.

4. gr.

Tímabundin heimild til innflutnings og sölu.

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. er innflutningur og sala á efnum tilgreindum í viðauka 1 og vörum sem innihalda sömu efni heimil til neðangreindrar notkunar og í samræmi við tilgreindar dagsetningar:

A. Klórflúorkolefni	
1. Til notkunar í fatahreinsun	til 1. janúar 1995
2. Til notkunar í kælikerfi og varmadælur	til 1. janúar 1995
3. Í lyfjum sem drifefni	til 1. janúar 1996
B. Koltetraklóríð	til 1. janúar 1995
C. 1,1,1-tríklóretan	til 1. janúar 1996

D. Vetnisklórflúorkolefni, sjá viðauka 2.

Óheimilt er að setja upp ný kælikerfi og varmadælur sem nota vetnisklórflúorkolefni eftir 1. janúar 1996.

Ákvæði um heimild til innflutnings og sölu efna og vara sem innihalda efni sem

tilgreind eru í 2. gr. gilda ekki um innflutning frá löndum sem ekki eru aðilar að Montrealbókuninni um efni sem valda rýrnun ósonlagsins.

5. gr.

Skrásetning á innflutningi og sölu - innra eftirlit.

Innflytjendur og söluaðilar efna sem tilgreind eru í viðauka 1 bera ábyrgð á því að ákvæði reglugerðarinnar séu uppfyllt. Þeir skulu halda skrá yfir allan innflutning og sölu téðra efna. Hið sama gildir um innflutning og sölu á vörum sem innihalda efni tilgreind í viðauka 1. Innflytjendur og söluaðilar skulu senda upplýsingar um innflutning og sölu til eftirlitsaðila fyrir 15. júní ár hvert.

Hver sá sem hefur með höndum efni sem tilgreind eru í viðauka 1 eða búnað sem inniheldur slík efni, skal viðhafa allar nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir losun þeirra út í umhverfið.

Losun á CFC, HCFC og halónum, t.d. við lekaprófanir eða brunaæfingar, er óheimil.

Við viðhald og niðurrif slökkvikerfa, varmadæla og kælikerfa þar með talið heimilisísskápa er óheimilt að losa halóna, CFC og HCFC út í umhverfið. Safna skal efnunum saman með þar til gerðum tækjabúnaði og koma til endurvinnslu, endurnýtingar eða eyðingar. Söfnun kælimiðla skal fara fram með þeim hætti, við þau varmaskilyrði og með þeim tækjum sem tryggja að tæming kerfis verði fullnægjandi. Að öðru leyti er vísað til reglugerðar nr. 533/1993 um kæli- og varmadælukerfi með ósoneyðandi kælimiðlum.

6. gr.

Útflutningur til ríkja sem ekki eru aðilar að Montrealbókuninni.

Óheimilt er að flytja út og selja efni sem tilgreind eru í viðauka 1 til ríkis sem ekki er aðili að Montrealbókuninni frá 1987 um efni sem valda rýrnun ósonlagsins.

7. gr.

Endurvinnsla og förgun.

Efni sem tilgreind eru í viðauka 1 skal endurnýta eða endurvinna ef kostur er, en farga annars. Við förgun skal meðhöndla efnin sem spilliefni, sbr. ákvæði gildandi mengunarvarnareglugerðar. Sama á við ef efnin eru flutt út til endurvinnslu eða förgunar.

8. gr.

Eftirlit.

Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna, undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins, hefur eftirlit með framkvæmd reglugerðar þessarar.

9. gr.

Undanþágur.

Ef sérstakar ástæður mæla með því getur umhverfisráðherra veitt tímabundnar undanþágur frá ákvæði 3. gr. að fenginni umsögn Hollustuverndar ríkisins. Umsagnar lyfjanefndar skal þó leitað þegar um lyf er að ræða.

10. gr.

Viðurlög.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari fer að hætti opinberra mála.

Fyrir brot gegn reglugerðinni skal refsa með sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að

tveimur árum. Tilraun eða hlutdeild í brotum er refsiverð eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga.

11. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í ákvæði 2. mgr. 29. gr. laga nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni, sbr. 1. gr. laga nr. 51/1993 um breytingu á lögum nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni, og samkvæmt 3. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit ásamt síðari breytingum.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. nóvember 1994. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 268/1993 um varnir gegn mengun klórflúorkolefna (CFC) og halóna og auglýsing nr. 404/1994 um gildistöku EES reglugerða um efni sem eyða ósonlaginu og um inn- og útflutning tiltekinna hættulegra efna.

Umhverfisráðuneytið, 4. október 1994.

Össur Skarphéðinsson.

Magnús Jóhannesson.

Viðauki 1
Efni sem reglugerðin gildir um

		Efni	ODP
Klórflúorkolefni	$CFCl_3$	(CFC-11)	1.0
	CF_2Cl_2	(CFC-12)	1.0
	$C_2F_3Cl_3$	(CFC-113)	0.8
	$C_2F_4Cl_2$	(CFC-114)	1.0
	C_2F_5Cl	(CFC-115)	0.6
	CF_3Cl	(CFC-13)	1.0
	C_2FCl_5	(CFC-111)	1.0
	$C_2F_2Cl_4$	(CFC-112)	1.0
	C_3FCl_7	(CFC-211)	1.0
	$C_3F_2Cl_6$	(CFC-212)	1.0
	$C_3F_3Cl_5$	(CFC-213)	1.0
	$C_3F_4Cl_4$	(CFC-214)	1.0
	$C_3F_5Cl_3$	(CFC-215)	1.0
	$C_3F_6Cl_2$	(CFC-216)	1.0
	C_3F_7Cl	(CFC-217)	1.0
Halónar	CF_2BrCl	(halón-1211)	3.0
	CF_3Br	(halón-1301)	10.0
	$C_2F_4Br_2$	(halón-2402)	6.0
Koltetraklóríð	CCl_4		1.1
1,1,1-tríklóretan	CCl_3CH_3		0.1
Metylbrómíð	CH_3Br		0.7

Vetnisklórflúorkolefni	$CHFCl_2$	(HCFC-21) fjöldi myndbrigða	1	0.04
	CHF_2Cl	(HCFC-22)	1	0.055
	CH_2FCl	(HCFC-31)	1	0.02
	C_2HFCl_4	(HCFC-121)	2	0.01-0.04
	$C_2HF_2Cl_3$	(HCFC-122)	3	0.02-0.08
	$C_2HF_3Cl_2$	(HCFC-123)	3	0.02-0.06
	$CHCl_2CF_3$	(HCFC-123)	-	0.02
	C_2HF_4Cl	(HCFC-124)	2	0.02-0.04
	$CHFClCF_3$	(HCFC-124)	-	0.022
	$C_2H_2FCl_3$	(HCFC-131)	3	0.007-0.05
	$C_2H_2F_2Cl_2$	(HCFC-132)	4	0.008-0.05
	$C_2H_2F_3Cl$	(HCFC-133)	3	0.02-0.06
	$C_2H_3FCl_2$	(HCFC-141)	3	0.005-0.07
	CH_3CFCl_2	(HCFC-141b)	-	0.11
	$C_2H_3F_2Cl$	(HCFC-142)	3	0.008-0.07
	CH_3CF_2Cl	(HCFC-142b)	-	0.065
	C_2H_4Cl	(HCFC-151)	2	0.003-0.005
	C_3HFCl_6	(HCFC-221)	5	0.015-0.07
	$C_3HF_2Cl_5$	(HCFC-222)	9	0.01-0.09
	$C_3HF_3Cl_4$	(HCFC-223)	12	0.01-0.08
	$C_3HF_4Cl_3$	(HCFC-224)	12	0.01-0.09
	$C_3HF_5Cl_2$	(HCFC-225)	9	0.02-0.07
	$CF_3ClCF_2CHCl_2$	(HCFC-225ca)	-	0.025
	CF_2ClCF_2CHClF	(HCFC-225cb)	-	0.033
	C_3HF_6Cl	(HCFC-226)	5	0.02-0.10
	$C_3H_2FCl_5$	(HCFC-231)	9	0.05-0.09
	$C_3H_2F_2Cl_4$	(HCFC-232)	16	0.008-0.10
	$C_3H_2F_3Cl_3$	(HCFC-233)	18	0.007-0.23
	$C_3H_2F_4Cl_2$	(HCFC-234)	16	0.01-0.28
	$C_3H_2F_5Cl$	(HCFC-235)	9	0.03-0.52
	$C_3H_3FCl_4$	(HCFC-241)	12	0.004-0.09
	$C_3H_3F_2Cl_3$	(HCFC-242)	18	0.005-0.13
	$C_3H_3F_3Cl_2$	(HCFC-243)	18	0.007-0.12
	$C_3H_3F_4Cl$	(HCFC-244)	12	0.009-0.14
	$C_3H_4FCl_3$	(HCFC-251)	12	0.001-0.01
	$C_3H_4F_2Cl_2$	(HCFC-252)	16	0.005-0.04
	$C_3H_4F_3Cl$	(HCFC-253)	12	0.003-0.03
	$C_3H_5FCl_2$	(HCFC-261)	9	0.002-0.02
	$C_3H_5F_2Cl$	(HCFC-262)	9	0.002-0.02
	C_3H_6FCl	(HCFC-271)	5	0.001-0.03

				1.00
Vetnisbrómflúorkolefni	$CHFBr_2$		1	0.74
	CHF_2Br	(HBFC-22B1)	1	0.73
	CH_2FBr		1	0.3-0.8
	C_2HFBr_4		2	0.5-1.8
	C_2HFBr_3		3	0.4-1.6
	C_2HFBr_2		3	0.7-1.2
	C_2HFBr		2	0.1-1.1
	$C_2H_2FBr_3$		3	0.2-1.5
	$C_2H_2F_2Br_2$		4	0.7-1.6
	$C_2H_2F_3Br$		3	0.1-1.7
	$C_2H_3FBr_2$		3	0.2-1.1
	$C_2H_3F_2Br$		3	0.07-0.1
	C_2H_4FBr		2	0.3-1.5
	C_3HFBr_6		5	0.2-1.9
	$C_3HF_2Br_5$		9	0.3-1.8
	$C_3HF_3Br_4$		12	0.5-2.2
	$C_3HF_4Br_3$		12	0.9-2.0
	$C_3HF_5Br_2$		9	0.7-3.3
	C_3HF_6Br		5	0.1-1.9
	$C_3H_2FBr_5$		9	0.2-2.1
	$C_3H_2F_2Br4$		16	0.2-5.6
	$C_3H_2F_3Br_3$		18	0.3-7.5
	$C_3H_2F_4Br_2$		16	0.9-1.4
	$C_3H_2F_5Br$		8	0.08-1.9
	$C_3H_3FBr_4$		12	0.1-3.1
	$C_3H_3F_2Br_3$		18	0.1-2.5
	$C_3H_3F_3Br_2$		18	0.3-4.4
	$C_3H_3F_4Br$		12	0.03-0.3
	$C_3H_4FBr_3$		12	0.1-1.0
	$C_3H_4F_2Br_2$		16	0.07-0.8
	$C_3H_4F_3Br$		12	0.04-0.4
	$C_3H_5FBr_2$		9	0.07-0.8
	$C_3H_5F_2Br$		9	0.02-0.7
	C_3H_6FBr		5	

Viðauki 2
Tímabundin heimild til innflutnings á vetnisklórflúorkolefnum.

Heildarmagn vetnisklórflúorkolefna sem heimilt er að flytja inn til landsins á tímabilinu 1. janúar 1995 til 31. desember 1995 jafngildir 8.4 ODP tonnum og er reiknað út frá innflutningi árið 1989 á eftirfarandi hátt.

Summan af:

2,6% af magni CFC sem flutt var inn til landsins árið 1989, margfaldað með ósoneyðingarmætti viðkomandi efna og magni HCFC sem flutt var inn til landsins árið 1989, margfaldað með ósoneyðingarmætti viðkomandi efna.

Heildarinnflutningur HCFC (ODP tonn) til landsins er takmarkaður enn frekar í samræmi við eftirfarandi töflu og gildir á gefnu eftirfarandi tímabili og hverju 12 mánaða tímabili eftir það:

Tímabil	% af ofangreindri summu	ODP tonn HCFC sem heimilt er að flytja inn
1. jan. 1995 - 31. des. 1995	100	8.4
1. jan. 2004 - 31. des. 2004	65	5.5
1. jan. 2007 - 31. des. 2007	40	3.4
1. jan. 2010 - 31. des. 2010	20	1.7
1. jan. 2013 - 31. des. 2013	5	0.4
Frá 1. jan. 2015	0	0

Hollustuvernd ríkisins er heimilt að setja kvóta á innflutning vetnisklórflúorkolefna þegar innflutt magn vetnisklórflúorkolefna nær 80 hundraðshlutum af ofangreindri summu eða í síðasta lagi 1. janúar 2000. Kvótinn er settur með hliðsjón af innflutningi HCFC og CFC á árinu 1989.

Nr. 547 3. október 1994

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Reyðarfjarðarhreppi.

1. gr.

Leyfisgjald vegna undanþágu frá banni til að halda hund í Reyðarfjarðarhreppi í Suður-Múlasýlsu, sbr. 1. gr. c-lið samþykktar um hunda og kattahald á Reyðarfirði nr. 203/1994, skal vera kr. 3.300 á ári.

Gjaldið greiðist fyrirfram á gjalddaga 1. janúar. Hafi sami maður fleiri en einn hund skal gjaldið vera kr. 2.500 fyrir hunda umfram einn.

2. gr.

Gjald vegna töku á hundum, sbr. 6. gr. áðurnefndrar samþykktar, skal vera:
kr. 2.000 í fyrsta skipti
kr. 4.000 í annað skipti
kr. 6.000 í þriðja skipti og oftar.

3. gr.

Innifalið í skráningargjaldinu er skráning og ábyrgðartrygging á hundinum. Leyfishafi greiðir sjálfur fyrir bandormahreinsun. Framvísa skal vottorði um bandormahreinsun við greiðslu árlegs leyfisgjalds.

4. gr.

Um vexti af vangreiddum gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari gilda almennar reglur laga nr. 25/1987.

5. gr.

Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. janúar 1995.

Umhverfisráðuneytið, 3. október 1994.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

AUGLÝSING

um friðland í Grunnafirði.

Samkvæmt heimild í 24. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd hefur Náttúruverndarráð fyrir sitt leyti ákveðið að friðlýsa Grunnafjörð (Leirárvoga) í Skilmannahreppi og Leirár- og Melahreppi, Borgarfjarðarsýslu og er svæðið friðland.

Mörk friðlandsins eru sem hér segir: Til hins friðlýsta svæðis teljast allar fjörur og allt grunnsævi innan Hvítaness og Súlueyrar. Landmegin markast friðlandið af stórstraumsflóðmörkum og til þess teljast auk þess allar eyjar og sker á firðinum.

Um friðlandið gilda þessar reglur:

1. Allt jarðrask á friðlandinu er óheimilt. Landeigendur mega þó nýta sand og möl úr firðinum á sama hátt og þeir hafa gert til þessa. Landeigendum er heimilt að verja lönd sín ágangi sjávar. Náttúruverndarráð getur, að fengnum tillögum umsjónarnefndar, sbr. 7. gr., heimilað framkvæmdir ef knýjandi ástæður eru til, enda stofni þær ekki gróðri og dýralífi svæðisins í hættu.
2. Óheimilt er að raska sjávarföllum í friðlandinu.
3. Gangandi og ríðandi fólki er heimil för um svæðið í lögmætum tilgangi, enda sé góðrar umgengni gætt. Á tímabilinu 15. apríl til 15. júlí eru heimsóknir í eyjar og sker, aðrar en þær sem tengjast hefðbundnum nytjum, óheimilar.
4. Umferð vélknúinna ökutækja um friðlandið er því aðeins leyfileg að hún tengist eðlilegri nýtingu, sbr. lið 5.
5. Friðlandið má nýta á sama hátt og tíðkast hefur, þ.e. til beitar, dúntekju og veiða. Náttúruverndarráð getur sett nánari reglur um nýtingu landsins í samráði við ábúendur.
6. Óheimilt er að skerða sjávar- og strandgróður innan friðlandsins.
7. Umsjón friðlandsins skal vera í höndum þriggja manna umsjónarnefndar. Skilmannahreppur tilnefnir einn nefndarmann, Leirár- og Melahreppur einn og Náttúruverndarráð einn og er sá formaður nefndarinnar. Skipunartími fulltrúa sveitarfélaganna skal vera sá sami og kjörtímabil þeirra. Skipunartími fulltrúa Náttúruverndarráðs er sá sami og kjörtímabil Náttúruverndarráðs.
8. Náttúruverndarráð getur, að fenginni umsögn umsjónarnefndar, veitt undanþágur frá ákvæðum friðlýsingar þessarar.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum laga nr. 47/1971 um náttúruvernd.

Umhverfisráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni sem tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar í Stjórnartíðindum.

Umhverfisráðuneytið, 30. september 1994.

Össur Skarphéðinsson.

Sigurður Á. Þráinsson.

Nr. 548



6. október 1994

Nr. 549

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið

1. að biðskylda verði á tengivegi við Blesugróf.
2. að bann verð við U-beygju á mótum Sæbrautar og Laugarnesvegar úr vestri í vestu

Ákvörðun þessi hefur þegar tekið gildi.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 6. október 1994.

Böðvar Bragason.

Endurprentað

REGLUGERÐ

um styrki vegna námskostnaðar og verkfæra- og tækjakaupa fatlaðra.

I. KAFLI
Styrkir til greiðslu námskostnaðar.

1. gr.

Heimilt er að veita fötluðu fólki, 16 ára og eldra, styrk til greiðslu námskostnaðar sem ekki er greiddur samkvæmt ákvæðum annarra laga, enda teljist námið hafa gildi sem félagsleg hæfing eða endurhæfing.

Með námskostnaði er hér átt við:

1. Útlagðan kostnað vegna námsgagna.
   Með námsgagni er m.a. átt við tæknilegan búnað, svo sem tölvur og annan skyldan búnað, enda sé slíkt námsgagn nauðsynlegt til að námið nýtist hinum fatlaða.
2. Útlagðan kostnað vegna námskeiðs- eða skólagjalda.

2. gr.

Skilyrði fyrir greiðslu námsstyrks eru eftirfarandi:

1. Að sýnt sé fram á námsástundun.
2. Að sýnt sé fram á, eða ljóst sé með öðrum hætti, að umsækjandi eigi ekki rétt til sams konar styrks samkvæmt öðrum lögum, svo sem lögum um almannatryggingar, (hjálpartæki).

3. gr.

Umsóknir um styrk skulu berast svæðisskrifstofu á þar til gerðu eyðublaði félagsmálaráðuneytis, ásamt ítarlegri greinargerð og áætlun um námið þar sem m.a. komi fram tilgangur náms, námstími og áætluð námslok.

4. gr.

Við umsókn um námsgagn getur svæðisskrifstofa farið fram á staðfestingu skóla eða námskeiðshaldara um að námsgagnið sé umsækjanda nauðsynlegt.

Áður en umsókn um námsgagn er afgreidd skal réttur umsækjanda til hjálpartækja fullreyndur skv. lögum um almannatryggingar.

Þegar sótt er um styrk til flókins tæknilegs búnaðar, þ.e. tölvu og annan skyldan búnað, getur svæðisskrifstofa leitað álits sérfróðra aðila, t.d. Tölvumiðstöðvar fatlaðra eða Starfsþjálfunar fatlaðra.

5. gr.

Við umsókn um námskeiðs- eða skólagjald leggi umsækjandi fram nauðsynleg vottorð til staðfestingar náminu.

6. gr.

Við úthlutun á styrk til skóla- eða námskeiðsgjalda skal miða við tiltekinn tíma hverju sinni, svo sem önn, skólaár eða tiltekið námskeið.

Eftir að styrkur hefur verið veittur getur svæðisskrifstofa krafið hlutaðeigandi styrkþega um nauðsynleg vottorð til staðfestingar á námslokum.

II. KAFLI
Styrkir til verkfæra- og tækjakaupa.

7. gr.

Heimilt er að veita fötluðu fólki, 18 ára og eldra, styrk til verkfæra- og tækjakaupa eða aðra fjárhagslega aðstoð í sambandi við heimavinnu eða sjálfstæða starfsemi, enda teljist starfsemin hafa gildi sem félagsleg hæfing eða endurhæfing sem miði að því að auðvelda fötluðum að skapa sér atvinnu. Með verkfærum og tækjum er hér einungis átt við búnað sem tengist starfsemi beinlínis, t.d. tölvubúnað, en ekki hjálpartæki, sbr. 39. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971 með síðari breytingum. Aðstoð skal vera einstaklingsbundin og er óheimilt að styrkur renni til fyrirtækis.

8. gr.

Skilyrði fyrir styrkveitingu eru:

1. Að umsækjandi hafi notið endurhæfingar á vegum viðurkennds aðila.
2. Að umsækjandi sýni fram á að fyrirhuguð eða yfirstandandi heimavinna eða sjálfstæð starfsemi skapi honum atvinnu.

9. gr.

Umsókn um styrk sendist svæðisskrifstofu á þar til gerðu eyðublaði félagsmálaráðuneytis þar sem gerð er grein fyrir fyrirhugaðri starfsemi og hvernig undirbúningi hennar hafi verið háttað. Með umsókn fylgi læknisvottorð þar sem fram komi, m.a., hverjar horfur séu á því að umsækjandi sé fær um að stunda fyrirhugaða starfsemi.

Áður en umsókn um styrk til tækjakaupa er afgreidd skal réttur umsækjanda til hjálpartækja fullreyndur skv. lögum um almannatryggingar.

Ef starfsemi er þegar hafin skulu lagðar fram upplýsingar um hana, t.d. rekstrarreikningur, ef unnt er.

Þegar sótt er um styrk til flókins tæknilegs búnaðar, þ.e. tölvu og annan skyldan búnað, getur svæðisskrifstofa leitað álits sérfróðra aðila, t.d. Tölvumiðstöðvar fatlaðra eða Starfsþjálfunar fatlaðra.

Heimilt er svæðisskrifstofu að krefjast rekstraráætlunar vegna fyrirhugaðrar starfsemi.

III. KAFLI
Sameiginleg ákvæði.

10. gr.

Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra annast mat á þörf á styrkjum skv. reglugerð þessari og tekur ákvarðanir um greiðslu þeirra.

Við ákvörðun styrkja skulu svæðisskrifstofur gæta samræmis milli svæða varðandi fjárhæð styrkja og greiðslutilhögun. Í því skyni skulu svæðisskrifstofur setja sér sameiginlegar reglur sem staðfestar skulu af félagsmálaráðuneyti.

11. gr.

Svæðisskrifstofa skal veita fötluðum upplýsingar, nauðsynlega aðstoð og leiðbeiningar varðandi þau atriði sem undir reglugerð þessa falla.

12. gr.

Við úthlutun á styrk til námsgagna eða verkfæra- og tækjakaupa má skipta greiðslu í tvo hluta og skal í því tilviki eigi greiða síðari hlutann fyrr en reikningi er framvísað.

13. gr.

Svæðisskrifstofa skal árlega áætla útgjöld til styrkveitinga vegna námskostnaðar og verkfæra- og tækjakaupa við gerð fjárlagatillagna sinna.

14. gr.

Verði gerður samningur við sveitarfélag um að yfirtaka þá þjónustu sem reglugerð þessi tekur til kemur sveitarfélag í stað svæðisskrifstofu eftir því sem við á.

15. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 27. gr. laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðra, öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt eru úr gildi fallnar reglugerð nr. 265/1985 um styrki og lán til greiðslu námskostnaðar fatlaðra og reglugerð nr. 244/1986 um styrki og lán til verkfæra- og tækjakaupa.

Félagsmálaráðuneytið, 21. september 1994.

Guðmundur Árni Stefánsson.

Þorgerður Benediktsdóttir.

10. október 1994 Nr. 551

REGLUGERÐ

um innheimtu og ráðstöfun á verðskerðingargjaldi af hrossa- og nautgripakjöti.

1. gr.

Innheimta skal 2% verðskerðingargjald af öllu hrossakjöti og 5% af öllu nautgripakjöti. Skal gjaldið dregið af verði til framleiðenda eins og það er ákveðið af Verðlagsnefnd búvöru (sexmannanefnd).

2. gr.

Afurðastöðvum er skylt að standa Framleiðsluráði landbúnaðarins skil á skýrslum um alla slátrun hrossa og nautgripa og ráðstöfun kjötsins hvort sem er til innleggs, heimtöku eða annars. Framleiðsluráð reiknar verðskerðingargjaldið samkvæmt skýrslum afurðastöðvanna. Afurðastöð skal innheimta það gjald sem hverjum framleiðanda er skylt að greiða.

3. gr.

Verðskerðingargjaldið greiðist af afurðastöðvum. Gjalddagi skal vera 25. hvers mánaðar vegna næstliðins framleiðslumánaðar. Sé gjaldið ekki greitt innan mánaðar frá gjalddaga skal innheimta dráttarvexti af því sem gjaldfallið er. Dráttarvextir skulu reiknast hinir sömu og hjá innlánsstofnunum, skv. ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma.

4. gr.

Ef gögn um viðskipti með gjaldskyldar afurðir þykja að mati Framleiðsluráðs ófullnægjandi eða gjaldskyldur aðili skilar ekki skýrslum skv. 2. gr. skal Framleiðsluráð skora á viðkomandi aðila að bæta úr því innan ákveðins tíma og láta í té skriflegar

skýringar og gögn. Fái Framleiðsluráð fullnægjandi skýringar og gögn innan tiltekins tíma skal gjaldið ákvarðað og innheimt í samræmi við þau.

Berist svar við áskorun skv. 1. mgr. ekki innan tiltekins tíma eða ef skýringar eða gögn eru ófullnægjandi, er Framleiðsluráði heimilt að áætla gjaldið og innheimta það skv. þeirri áætlun. Senda skal skriflega tilkynningu til greiðanda gjaldsins um áætlunina. Telji greiðandi áætlunina ranga, getur hann innan 20 daga frá og með póstsendingardegi tilkynningar um áætlun gjaldsins krafist þess skriflega að Framleiðsluráð taki áætlunina til endurskoðunar. Skal sú krafa rökstudd með söluskrám eða öðrum nauðsynlegum gögnum. Framleiðsluráð skal innan eins mánaðar frá lokum þessa frests gera greiðanda skriflega grein fyrir afgreiðslu á kröfu hans. Heimilt er greiðanda að skjóta lokaafgreiðslu Framleiðsluráðs til landbúnaðarráðherra og skal skrifleg og rökstudd beiðni þar um hafa borist ráðherra innan 30 daga frá póstlagningu lokaafgreiðslu.

Beiðni um endurskoðun á áætlun gjaldsins eða deila um gjaldskyldu frestar ekki eindaga né leysir undan neinum viðurlögum, sem lögð eru við vangreiðslu þeirra. Ef gjaldið er lækkað samkvæmt afgreiðslu Framleiðsluráðs eða úrskurði ráðherra skal endurgreiðsla þegar fara fram.

5. gr.

Skylt er Framleiðsluráði að halda innheimtu verðskerðingargjaldi sérgreindu eftir afurðartegundum og skal gjaldinu varið til markaðsaðgerða fyrir hrossa- og nautgripakjöt, bæði hér á landi og erlendis. Framleiðsluráð skal fyrir 1. nóvember 1994 gera áætlun um tekjur af innheimtu verðskerðingargjalds á gildistíma reglugerðarinnar og ráðstöfun þess. Jafnframt skal Framleiðsluráð endurskoða álagningarþörf verðskerðingargjalds og skal því lokið fyrir 1. ágúst 1995. Hvers konar ráðstöfun á tekjum af verðskerðingargjaldi skal vera háð samþykki landbúnaðarráðherra.

6. gr.

Reglugerð þessi er samkvæmt heimild í 20. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, og öðlast þegar gildi og gildir til 1. september 1995.

Landbúnaðarráðuneytið, 10. október 1994.

F. h. r.
Guðmundur Sigþórsson.

Jón Höskuldsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 78 – 1994

17. október 1994 1841 Nr. 552

REGLUGERÐ

um gjald fyrir eftirgerð af hljóðupptökum af munnlegum skýrslum við meðferð einkamáls í héraði.

1. gr.

Fyrir eftirgerð af hljóðupptökum skv. 2. mgr. 14. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, með síðari breytingum skal greiða eftirfarandi gjald í ríkissjóð:

1. Fyrir eftirgerð af hljóðupptöku, 90 mín. ..... 400 kr.
2. Fyrir eftirgerð af hljóðupptöku, 60 mín. ..... 350 kr.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 19. gr. laga nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum og öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 17. október 1994.

F. h. r.
Bragi Gunnarsson.

Margrét Gunnlaugsdóttir.

Stjórnartíðindi B 78, nr. 552. Útgáfudagur 24. október 1994.

B 129

Steindórsprent Gutenberg hf.

STJÓRNARTÍÐINDI B 79 - 1994

Nr. 553 1842 11. október 1994

REGLUGERÐ

um móttöku- og meðferðarstöð ríkisins fyrir unglinga.

1. gr.

Á vegum félagsmálaráðuneytisins skal starfrækja móttöku- og meðferðarstöð fyrir unglinga á aldrinum 12 - 16 ára, sem eiga við hegðunarerfiðleika að stríða, sbr. 1. mgr. 22. gr. laga um vernd barna og ungmenna nr. 58/1992. Heimilt er að víkja frá þeim aldurstakmörkum sem hér er miðað við í sérstökum tilvikum. Meginhlutverk stöðvarinnar skal vera að veita eftirfarandi þjónustu:

a) Skammtímavistun í neyðar- og bráðatilvikum. Um er að ræða skammtímavistun vegna óupplýstra afbrota eða stjórnleysis sökum ölvunar eða annarrar vímuefnaneyslu. Ennfremur vistun á meðan nauðsynleg úrræði í máli unglings eru undirbúin á grundvelli barnaverndarlaga. Hámarksvistunartími skal vera 14 dagar.

b) Sérhæfða meðferð unglinga, þ.m.t. vímuefnameðferð, með vistun í allt að fjóra mánuði. Sérstök aðstaða vegna meðferðar unglinga, sem vistast gegn eigin vilja, skal vera fyrir hendi. Gert er ráð fyrir því að samhliða meðferðarstarfi fari fram greining á vanda unglingsins og að jafnframt sé gerð áætlun um frekari ráðstafanir í samráði við viðkomandi barnaverndarnefnd eða forsjáraðila.

c) Eftirmeðferð að aflokinni vistun. Sérstaka áherslu skal leggja á vinnu með fjölskyldum unglinganna, þannig að hjálparúrræði í nánasta umhverfi unglingsins séu virkjuð sem mest.

2. gr.

Móttöku- og meðferðarstöðin hefur aðsetur á höfuðborgarsvæðinu, en þjónar landinu öllu. Óheimilt er að vista ungling á móttöku- og meðferðarstöðinni nema að fyrir liggi umsókn frá barnaverndarnefnd þar sem hann er dvalfastur, sbr. 8. gr. laga um vernd barna og ungmenna. Þó getur lögregla vistað ungling í skamman tíma skv. a-lið 1. greinar, enda geri hún jafnframt án undandráttar ráðstafanir til að afla samþykkis viðkomandi barnaverndarnefndar fyrir vistun.

Umsóknir um vistun skv. b-lið 1. gr. skulu berast deild félagsmálaráðuneytisins í barnaverndarmálum sem tekur ákvörðun í málinu. Vistun lýkur þegar forstöðumaður móttöku- og meðferðarstöðvarinnar eða barnaverndarnefnd telja að vistunar sé ekki lengur þörf. Skal gerð skýrsla um dvöl unglingsins, sem send skal hlutaðeigandi barnaverndarnefnd, ásamt leiðbeiningum um framhaldsaðstoð.

3. gr.

Félagsmálaráðherra skipar þrjá menn í stjórnarnefnd móttöku- og meðferðarstöðvarinnar til fjögurra ára í senn og þrjá til vara. Skal einn stjórnarmanna skipaður formaður en stjórnarnefnd skiptir með sér verkum að öðru leyti.

Steindórsprent Gutenberg hf.

Stjórnarnefnd skal fara með faglega og skipulagslega stjórn móttöku- og meðferðarstöðvarinnar. Hún ákveður deildaskiptingu stofnunarinnar og hámarksfjölda unglinga á deildum hennar. Stjórnarnefnd skal jafnframt vera ráðgefandi varðandi stjórn og rekstur annarra unglingaheimila ef eftir því er leitað.

Forstöðumaður móttöku- og meðferðarstöðvarinnar skal sitja fundi stjórnarnefndar með málfrelsi og tillögurétt. Gerðir stjórnarfunda skulu færðar til bókar.

4. gr.

Félagsmálaráðherra ræður forstöðumann móttöku- og meðferðarstöðvarinnar. Forstöðumaður skal annað hvort vera sálfræðingur með starfsréttindi eða hafa lokið háskólaprófi í félagsráðgjöf, uppeldisfræði eða hliðstæðu námi með viðbótarmenntun og reynslu á sviði meðferðar. Forstöðumaður skal að jafnaði hafa reynslu og/eða menntun í stjórnunarstörfum. Forstöðumaður fer með faglega og fjárhagslega stjórn móttöku- og meðferðarstöðvarinnar í umboði stjórnarnefndar. Ráðherra setur forstöðumanni erindisbréf.

5. gr.

Forstöðumaður ræður deildarstjóra móttöku- og meðferðarstöðvarinnar að fengnum tillögum stjórnarnefndar og með heimild félagsmálaráðuneytisins. Þeir skulu hafa sérmenntun í uppeldisfræði, sálarfræði, félagsráðgjöf eða aðra sambærilega menntun. Deildarstjórar hafa yfirumsjón með faglegu starfi innan sinnar deildar, jafnframt því að starfa að uppeldisverkefnum innan deildarinnar. Stjórnarnefnd setur þeim erindisbréf.

Forstöðumaður ræður annað starfsfólk á sama hátt, þ.m.t. sálfræðinga, félagsráðgjafa, ráðgefandi geðlækna og aðra sérfræðinga.

6. gr.

Þeir unglingar, sem vistaðir eru á móttöku- og meðferðarstöðina, skulu eiga aðgang að skóla sem fyrst og fremst er ætlað að annast kennslu þeirra sem dvelja á stöðinni. Félagsmálaráðuneytið setur vinnureglur um tengsl móttöku- og meðferðarstöðvarinnar og þess skóla sem þjónar heimilinu. Vinnureglur þessar skulu settar að höfðu samráði við menntamálaráðuneytið og stjórnarnefnd móttöku- og meðferðarstöðvarinnar og skulu endurskoðaðar árlega.

7. gr.

Móttöku- og meðferðarstöðin skal í störfum sínum hafa náið samstarf við barnaverndarnefndir sveitarfélaga og samráð við úrlausn mála svo sem frekast er kostur.

8. gr.

Rekstrarkostnaður móttöku- og meðferðarstöðvarinnar greiðist úr ríkissjóði.

9. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 3. mgr. 51. gr. laga um vernd barna og ungmenna nr. 58/1992, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um Unglingaheimili ríkisins nr. 15/1993.

Félagsmálaráðuneytið, 11. október 1994.

Guðmundur Árni Stefánsson.

Anna G. Björnsdóttir.

REGLUR

um gerð ársreiknings viðskiptabanka, sparisjóða og annarra lánastofnana.

1. KAFLI
Gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.

Reglur þessar gilda fyrir eftirtalda aðila:

1. viðskiptabanka og sparisjóði, sbr. lög nr. 43/1993;
2. lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði, sbr. lög nr. 123/1993;
3. útibú viðskiptabanka, sparisjóða og annarra lánastofnana með aðalstöðvar sínar í ríki utan hins evrópska efnahagssvæðis;
4. dótturfyrirtæki, sbr. 2. mgr. 82. gr. þessara reglna.

Þau fyrirtæki, sem talin eru upp í 1. mgr. þessarar greinar, nefnast stofnanir í eftirfarandi greinum.

Reglurnar gilda ennfremur um eftirtalda aðila:

1. samstæður þar sem móðurfyrirtæki er eitthvert þeirra fyrirtækja sem nefnt er í tölulíðum 1 og 2 í 1. mgr. þessarar greinar;
2. samstæður þar sem móðurfyrirtæki er annaðhvort alfarið eða að stærstum hluta eigandi að hlutum í dótturfyrirtækjum sem eru lánastofnanir eða fjármálafyrirtæki.

2. gr.

Í þessum reglum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

Afskriftalán: Útlán og fullnustueignir sem sérstakar afskriftir hafa verið færðar fyrir.

Dótturfyrirtæki: Fyrirtæki sem hefur þau tengsl við *móðurfyrirtæki* sem kveðið er á um í 2. mgr. 66. gr. laga um viðskiptabanka og sparisjóði nr. 43/1993.
Sjá einnig *Hlutdeildarfyrirtæki; Samstæða, samstæðufyrirtæki; Tengt fyrirtæki; Rekstrarfélag; Fullnustufélag.*

Eftirstöðvatími: Tímabil frá uppgjörsdegi til gjalddaga; þegar um útlán eða skuldir með afborgunarskilmálum er að ræða skal eftirstöðvatími reiknaður frá uppgjörsdegi til gjalddaga hverrar afborgunar.

Fjárfestingarverðbréf: Markaðsskuldabréf svo og *hlutabréf* sem stofnun hefur með formlegum hætti tekið ákvörðun um að eiga til lengri tíma, skemmst eitt ár. Til slíkra bréfa teljast ekki hlutir í *hlutdeildarfyrirtækjum* eða *tengdum fyrirtækjum.*
Sjá einnig *Veltuverðbréf.*

Fjármálafyrirtæki: Fyrirtæki sem starfar einkum að öflun eignarhluta eða fæst við einhverja eða alla þá starfsemi sem talin er upp í tölulíðum 2-12 í 1. mgr. 44. gr. laga nr. 43/1993, en er ekki *lánastofnun.*

Framvirk viðskipti (e. Future transactions): Viðskipti sem gerð eru upp þremur dögum eftir upphafsdag þeirra eða síðar.
Sjá einnig *Núviðskipti.*

Fullnustufélag: Félag sem stofnun hefur eignast hlut í vegna endurskipulagningar félagsins eða til fullnustu kröfu, sbr. ákvæði 45. gr. laga nr. 43/1993.
Sjá einnig *Rekstrarfélag.*

Gjaldkræf krafa: Krafa sem stofnun getur krafist endurgreiðslu á án fyrirvara.
Sjá einnig *Víkjandi krafa/skuld.*

Gjaldkræf skuld: Skuld sem lánardrottinn getur krafist greiðslu á án fyrirvara.
Sjá einnig *Víkjandi krafa/skuld.*

Hlutdeild: Hlutur í *hlutdeildarfyrirtækjum* eða *tengdum fyrirtækjum* sem ætlaður er til varanlegrar eignar.

Hlutdeildarfyrirtæki: Fyrirtæki sem er ekki *dótturfyrirtæki,* en stofnun og eftir atvikum *dótturfyrirtæki* hennar eiga hvort/hvert fyrir sig eða sameiginlega hlut í og hafa áhrif á stjórn þess. Eigi stofnun, og eftir atvikum *dótturfyrirtæki* hennar, að minnsta kosti 20% atkvæða í fyrirtækinu telst stofnunin hafa áhrif á stjórn þess.

Hlutur: Hlutabréf í hlutafélagi eða eignarhlutdeild í eigin fé annarra félaga.

Lánastofnun: Fyrirtæki sem tekur á móti innlánum eða öðru fé frá almenningi til endurgreiðslu og veitir lán fyrir eigin reikning.
Sjá einnig *Fjármálafyrirtæki.*

Markaðsverðbréf: Framseljanlegt verðbréf (skuldabréf, hlutabréf eða hlutdeildarskírteini) sem boðið er einstaklingum og/eða lögaðilum til kaups með útboði þar sem öll helstu einkenni bréfa í hverjum flokki eru hin sömu, þar á meðal nafn útgefanda (skuldara), fyrsti vaxtadagur og endurgreiðslu-, vaxta- og uppsagnarákvæði eftir því sem við á.
Sjá einnig *Fjárfestingarverðbréf; Veltuverðbréf.*

Móðurfyrirtæki: Fyrirtæki skilgreint í 2. mgr. 66. gr. laga um viðskiptabanka og sparisjóði nr. 43/1993 og 2. tölulið 3. mgr. 1. gr. þessara reglna.
Sjá einnig *Dótturfyrirtæki; Samstæða, samstæðufyrirtæki; Tengt fyrirtæki.*

Núviðskipti (e. Spot transactions): Viðskipti sem gerð eru upp eigi síðar en tveimur virkum dögum eftir upphafsdag þeirra.
Sjá einnig *Framvirk viðskipti.*

Opinber aðili: Ríki eða sveitarfélag á Íslandi eða samsvarandi aðili í öðrum löndum.

Óvaxtaberandi útlán:
Vaxtafryst útlán og fullnustueignir. Til slíkra eigna teljast öll afskriftalán að viðbættum öðrum útlánum, sem hafa verið vaxtafryst, og þeim fullnustueignum í eigu stofnunar sem teljast ekki með *afskriftalánum.*

Raunveruleg sölu- og endurkaupaviðskipti: Sölu- og endurkaupaviðskipti þar sem afsalshafi hefur skuldbundið sig til að skila eignunum aftur.
Sjá einnig *Sala með endurkauparétti.*

Rekstrarfélag: Félag sem hefur það hlutverk að sjá um eignarhald og rekstur fullnustueigna stofnunar.
Sjá einnig *Fullnustufélag.*

Sala með endurkauparétti: Sölu- og endurkaupaviðskipti þar sem afsalshafi á rétt á, en hefur ekki skuldbundið sig til að skila eignunum aftur.
Sjá einnig *Raunveruleg sölu- og endurkaupaviðskipti.*

Samstæða, samstæðufyrirtæki: Móðurfyrirtæki og *dótturfyrirtæki* þess.

Skráð verðbréf: Verðbréf sem tekið hefur verið til opinberrar skráningar á verðbréfaþingi eða verslað er með á öðrum markaði sem er opinberlega viðurkenndur, starfar reglulega og er opinn almenningi.

Sölu- og endurkaupaviðskipti: Viðskipti sem fela í sér framsal stofnunar eða viðskiptavinar (framseljanda) til annarrar stofnunar eða viðskiptavinar (afsalshafa) á eignum, t.d. víxlum, skuldabréfum eða framseljanlegum verðbréfum, með samningi um að sömu eignir verði síðar framseldar aftur til framseljanda á tilteknu verði.
Sjá einnig *Raunveruleg sölu- og endurkaupaviðskipti; Sala með endurkauparétti.*

Tengt fyrirtæki: Dótturfyrirtæki stofnunar, *móðurfyrirtæki* hennar eða systurfyrirtæki (þ.e. fyrirtæki undir sama *móðurfyrirtæki.*)

Veltuverðbréf: Markaðsverðbréf sem er ekki aflað í þeim tilgangi að halda því til varanlegrar eignar í rekstri.
Sjá einnig *Fjárfestingarverðbréf.*

Víkjandi krafa/skuld: Krafa sem við slit eða gjaldþrot lántakanda er endurgreidd í samræmi við lánsskilmála á eftir öllum öðrum kröfum á hendur lántakanda.
Sjá einnig *Gjaldkræf krafa; Gjaldkræf skuld.*

3. gr.

Viðskiptabankar, sparisjóðir, aðrar lánastofnanir og útibú viðskiptabanka, sparisjóða og annarra lánastofnana með aðalstöðvar utan hins evrópska efnahagssvæðis skulu semja ársreikning, sbr. kafla 2-8 í þessum reglum og skýrslu stjórnar.

Dótturfyrirtæki, sbr. 4. tölulið 1. mgr. 1. gr., skulu semja ársreikning, sbr. kafla 2-8 í þessum reglum og skýrslu stjórnar.

Samstæður, sem skilgreindar eru í 3. mgr. 1. gr., skulu semja ársreikning á samstæðugrundvelli, sbr. kafla 2-9 í þessum reglum og skýrslu stjórnar.

2. KAFLI

Yfirlit yfir efnahagsliði og liði utan efnahagsreiknings.

4. gr.

EIGNIR

1. Sjóður og óbundnar innstæður í seðlabanka o.fl.
2. Ríkisvíxlar og aðrir víxlar endurseljanlegir í seðlabanka.
3. Kröfur á lánastofnanir o.fl.
   3.1. Bundnar kröfur á seðlabanka.*
   3.2. Kröfur á lánastofnanir.*
4. Útlán o.fl.
   4.1. Útlán til viðskiptavina.*
   4.2. Eignarleigusamningar.*
   4.3. Fullnustueignir.*
5. Markaðsskuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum.
   5.1. Veltuskuldabréf o.fl. útgefið af opinberum aðilum.*
   5.2. Veltuskuldabréf o.fl. útgefið af öðrum aðilum.*
   5.3. Fjárfestingarskuldabréf o.fl. útgefið af opinberum aðilum.*
   5.4. Fjárfestingarskuldabréf o.fl. útgefið af öðrum aðilum.*
6. Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum.
   6.1. Veltuhlutabréf o.fl.*
   6.2. Fjárfestingarhlutabréf o.fl.*
7. Hlutir í hlutdeildarfyrirtækjum.
   7.1. Hlutir í lánastofnunum.*
   7.2. Hlutir í öðrum fyrirtækjum.*
8. Hlutir í tengdum fyrirtækjum.
   8.1. Hlutir í lánastofnunum.*
   8.2. Hlutir í öðrum fyrirtækjum.*
9. Óefnislegar eignir.
   9.1. Viðskiptavild.*
   9.2. Aðrar óefnislegar eignir.*
10. Rekstrarfjármunir.
    10.1. Húseignir og lóðir.*
    10.2 Húsbúnaður, tæki o.fl.*
11. Rekstrarleigueignir.
12. Aðrar eignir.
13. Fyrirframgreidd gjöld og áfallnar óinnheimtar tekjur.

Eignir samtals.

Nánari skýringar á stjörnumerkingu er að finna í 6. gr. í 4. kafla.

SKULDIR OG EIGIÐ FÉ

1. Skuldir við lánastofnanir o.fl.
   1.1. Gjaldkræfar skuldir.*
   1.2. Aðrar skuldir við lánastofnanir.*
2. Innlán.
   2.1. Óbundin innlán.*
   2.2. Bundin innlán (allt að 3 mán.).*
   2.3. Bundin innlán (> 3 mán.).*
   2.4. Sérstök innlán.*
3. Verðbréfaútgáfa.
4. Aðrar skuldir.
5. Áfallin gjöld og fyrirframinnheimtar tekjur.
6. Reiknaðar skuldbindingar.
   6.1. Lífeyrisskuldbindingar.*
   6.2. Skattskuldbindingar.*
   6.3. Aðrar skuldbindingar.*
7. Víkjandi skuldir.
8. Eigið fé.
   8.1. Hlutafé/stofnfé.
   8.2. Varasjóðir.
   8.3. Endurmatsreikningar.
   8.4. Óráðstafað eigið fé.

Skuldir og eigið fé samtals.

LIÐIR UTAN EFNAHAGSREIKNINGS

1. Ábyrgðir o.fl.
   1.1. Veittar ábyrgðir.*
   1.2. Framseld skuldaskjöl o.fl.*
2. Aðrar skuldbindingar utan efnahagsreiknings.
   2.1. Sala með endurkauparétti.*
   2.2. Eignir keyptar samkvæmt framvirkum kaupsamningi.*
   2.3. Óafturkallanleg lánsloforð.*
   2.4. Aðrar skuldbindingar utan efnahagsreiknings.*

3. KAFLI
Yfirlit yfir liði rekstrarreiknings

5. gr.

REKSTRARREIKNINGUR

1. Vaxtatekjur o.fl.
   1.1. Vaxtatekjur af kröfum á lánastofnanir o.fl.*
   1.2. Vaxtatekjur af útlánum o.fl.*
   1.3. Vaxtatekjur af markaðsskuldabréfum o.fl.*
   1.4. Aðrar vaxtatekjur o.fl.*

   Vaxtatekjur o.fl. samtals.
2. Vaxtagjöld o.fl.
   2.1. Vaxtagjöld til lánastofnana.*
   2.2. Vaxtagjöld af innlánum o.fl.*

2.3. Vaxtagjöld af verðbréfaútgáfu o.fl.*
2.4. Vaxtagjöld af víkjandi skuldum.*
2.5. Önnur vaxtagjöld o.fl.*
Vaxtagjöld o.fl. samtals.

Reiknuð gjöld/tekjur vegna verðlagsbreytinga.
A. HREINAR VAXTATEKJUR
3. Tekjur af hlutabréfum o.fl. og öðrum eignarhlutum.
3.1. Tekjur af veltu- og fjárfestingarhlutabréfum o.fl.*
3.2. Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfyrirtækja í fjármálastarfsemi.*
3.3. Tekjur af öðrum hlutdeildarfyrirtækjum.
3.4. Tekjur af hlutum í tengdum fyrirtækjum.*
Tekjur af hlutabréfum o.fl. og öðrum eignarhlutum samtals
4. Þóknunartekjur o.fl.
4.1. Ábyrgðarþóknun.*
4.2. Aðrar þóknunartekjur.*
Þóknunartekjur o.fl. samtals.
5. Þóknunargjöld.
6. Gengishagnaður/tap af annarri fjármálastarfsemi.
6.1. Gengishagnaður/tap af veltuskuldabréfum o.fl.*
6.2. Gengishagnaður/tap af veltuhlutabréfum o.fl.*
6.3. Gengishagnaður/tap af gjaldeyrisviðskiptum.*
6.4. Gengishagnaður/tap af öðrum fjármálaskjölum.*
Gengishagnaður/tap samtals.
7. Aðrar rekstrartekjur.
7.1. Rekstrarleigutekjur.*
7.2. Ýmsar rekstrartekjur.*

B. HREINAR REKSTRARTEKJUR
8. Almennur rekstrarkostnaður.
8.1. Laun og launatengd gjöld.
8.1.1. Laun.*
8.1.2. Lífeyriskostnaður.*
8.1.3. Önnur launatengd gjöld.*
8.2. Annar rekstrarkostnaður.
Almennur rekstrarkostnaður samtals.
9. Afskriftir rekstrarfjármuna, rekstrarleigueigna o.fl.
9.1. Afskriftir óefnislegra eigna.*
9.2. Afskriftir fasteigna.*
9.3. Afskriftir húsbúnaðar, tækja o.fl.*
9.4 Afskriftir rekstrarleigueigna.*
Afskriftir rekstrarfjármuna, rekstrarleigueigna o.fl. samtals.
10. Önnur rekstrargjöld.
11. Framlög í afskriftareikning útlána o.fl.
12. Matsverðsbreyting á fjárfestingarverðbréfum o.fl.
12.1. Matsverðsbreyting á fjárfestingarverðbréfum.*
12.2. Matsverðsbreyting á hlutum í hlutdeildarfyrirtækjum.*
12.3. Matsverðsbreyting á hlutum í tengdum fyrirtækjum.*
12.4. Aðrar matsverðsbreytingar.*
Matsverðsbreytingar á fjárfestingarverðbréfum o.fl. samtals.

C. HAGNAÐUR/TAP FYRIR SKATTA
13. Skattar.
13.1. Reiknaður tekjuskattur.
13.2. Eignarskattur.
Tekjuskattur og eignarskattur samtals.
D. HAGNAÐUR/TAP AF REGLULEGRI STARFSEMI EFTIR SKATTA
14. Hagnaður/tap af óreglulegri starfsemi.
14.1. Óreglulegar tekjur.*
14.2. Óregluleg gjöld.*
14.3. Reiknaður skattur af óreglulegri starfsemi.*
Hagnaður/tap af óreglulegri starfsemi samtals.

E. HAGNAÐUR/TAP ÁRSINS

4. KAFLI
Almenn ákvæði um efnahagsreikning, rekstrarreikning og liði utan efnahagsreiknings.

6. gr.

Við framsetningu á efnahagsreikningi og rekstrarreikningi stofnunar skal fylgja þeirri uppsetningu sem fram kemur í 2. og 3. kafla þessara reglna. Þó er heimilt að draga saman þá undirliði í efnahagsreikningi og rekstrarreikningi sem eru með stjörnumerkingu í kafla 2 og 3, enda verði liðir sem þannig eru sameinaðir sundurliðaðir sérstaklega í skýringum í ársreikningi. Skilyrði fyrir slíkri sameiningu eru þessi:

- að slík sameining hafi ekki áhrif á að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu og afkomu stofnunar;
- að slík sameining liða varpi skýrara ljósi á ársreikninginn.

7. gr.

Eftirtalda liði ber að sýna sérstaklega sem undirliði með viðeigandi liðum í efnahagsreikningi nema fjárhæð þeirra og/eða mikilvægi sé þannig að nægjanlegt sé talið að þeir séu sundurliðaðir sérstaklega í skýringum viðeigandi liða með ársreikningi, sbr. skilyrði í 6.gr.:

- kröfur á eða skuldir við tengd fyrirtæki;
- kröfur á eða skuldir við fyrirtæki sem stofnun á hlutdeild í;
- kröfur á eða skuldir við dótturfélag sem stofnun á hlutdeild í, enda sé ekki um samstæðuuppgjör þessara fyrirtækja að ræða;
- kröfur á eða skuldir við fyrirtæki sem stofnun hefur tímabundið eignast hlut í sem lið í fjárhagslegri endurskipulagningu þess fyrirtækis eða til að ljúka viðskiptum fyrirtækisins við stofnunina;
- víkjandi eignir, þ.e. eignir sem við slit eða gjaldþrot koma fyrst til endurgreiðslu á eftir kröfum annarra lánardrottna.

8. gr.

Mat á einstökum liðum ársreiknings skal vera í samræmi við eftirfarandi almennar reglur:

1. Gera skal ráð fyrir að stofnunin haldi starfsemi sinni áfram.
2. Samræmi skal vera í notkun matsaðferða frá einu reikningsári til annars.
3. Í mati skal gætt tilhlýðilegrar varfærni og skal þannig meðal annars:
   a. aðeins telja hagnað með sé hann þegar áunninn á uppgjörsdegi;
   b. taka til greina allar fyrirsjáanlegar skuldir og allt tap sem myndast hefur á reikningsárinu eða í tengslum við fyrri reikningsár, jafnvel þótt skuldirnar eða tapið komi fyrst í ljós milli uppgjörsdags og þess dags þegar reikningsskil eru undirrituð;
   c. taka til greina verðmætarýrnun, hvort sem tap eða hagnaður er á reikningsárinu;
   d. þegar óvissa ríkir, velja þann kost sem er líklegastur til að leiða ekki til ofmats eigna og hreinna tekna.
4. Taka skal til greina tekjur og gjöld sem varða reikningsárið án tillits til þess hvenær tekjur eru innheimtar eða greiðslur inntar af hendi.
5. Þá þætti, sem mynda einstaka eigna- og skuldaliði, skal meta hvern fyrir sig.
6. Efnahagsreikningur við upphaf hvers reikningsárs skal samsvara efnahagsreikningi við lok fyrra reikningsárs.

Áhrif almennra verðlagsbreytinga á rekstrarafkomu og fjárhagsstöðu skal reikna og færa í ársreikninginn enda sé það í samræmi við góða reikningsskilavenju. Við útreikninginn skal miða við breytingu á lánskjaravísitölu.

Óheimilt er að jafna út eignir á móti skuldum eða tekjur á móti gjöldum nema annað komi fram í reglum þessum.

Frávik frá hinum almennu reglum samkvæmt þessari grein eru heimil í undantekningartilvikum. Sé um veruleg frávik að ræða skal geta þeirra í skýringum í ársreikningi og tilgreina ástæður og áhrif á fjárhagsstöðu og afkomu.

9. gr.

Þegar margar lánastofnanir hafa veitt svonefnt fjölbankalán skal sérhver lánastofnun, sem hlutdeild á í láninu, aðeins tilgreina þann hluta af heildarláninu sem hún hefur sjálf fjármagnað.

Þegar um er að ræða fjölbankalán og fjármögnunin, sem lánastofnun ábyrgist, fer fram úr þeirri lánsfjárhæð, sem hún hefur veitt, skal sá hluti ábyrgðarinnar tilgreindur sem ábyrgð undir lið 1.1 í liðum utan efnahags.

10. gr.

Við raunveruleg sölu- og endurkaupaviðskipti skal halda áfram að tilgreina framseldar eignir í efnahagsreikningi framseljanda. Kaupverðið, sem framseljandi tekur á móti, skal tilgreint sem skuld við afsalshafa. Að auki skal verðmæti framseldra eigna tilgreint í skýringum í ársreikningi framseljanda. Afsalshafi á ekki að tilgreina framseldar eignir í efnahagsreikningi sínum, heldur færist kaupverðið sem krafa á framseljandann.

Þegar um sölu með endurkauparétti er að ræða skal framseljandi ekki tilgreina í efnahagsreikningi sínum framseldar eignir. Framseljandi skal færa undir lið 2.1, „Sala með endurkauparétti“, undir liðum utan efnahagsreiknings þá fjárhæð sem samsvarar hinu umsamda endurkaupaverði.

Framvirk gjaldeyrisviðskipti, skiptiréttur, viðskipti sem fela í sér útgáfu skuldabréfa með skuldbindingu um að kaupa aftur hluta eða alla útgáfuna fyrir gjalddaga eða sambærileg viðskipti skulu ekki teljast sölu- eða endurkaupaviðskipti samkvæmt þessari grein.

5. KAFLI
Sérstök ákvæði um einstaka liði í efnahagsreikningi og liði utan efnahagsreiknings.

11. gr.

Eignaliður 1. „Sjóður og óbundnar innstæður í seðlabanka o.fl.“.

Til sjóðs skal telja alla löglega gjaldmiðla, þar með talda erlenda seðla og mynt.

Ennfremur færast undir þennan eignalið innstæður hjá seðlabanka og póstgíró (póstbönkum) í þeim löndum þar sem stofnunin er með starfsemi. Slíkar innstæður verða að vera lausar til ráðstöfunar hvenær sem er. Aðrar kröfur á slíkar stofnanir á að tilgreina sem kröfur á lánastofnanir (3. eignaliður) sem útlán (4. eignaliður) eða sem markaðsskuldabréf (5. eignaliður).

12. gr.

Eignaliður 2. „Ríkisvíxlar og aðrir víxlar endurseljanlegir í seðlabanka“.

Á þennan eignalið skal færa ríkisvíxla og sambærilega víxla útgefna af opinberum aðilum sem hægt er að nota til endursölu í Seðlabanka Íslands. Á þennan eignalið má aðeins færa víxla sem stofnunin hefur á uppgjörsdegi skilyrðislausan rétt á að endurselja. Ríkisskuldabréf og önnur sambærileg skuldaskjöl gefin út af opinberum aðilum skulu færast undir eignalið 5, „Markaðsskuldabréf o.fl“. Við færslu sölu- og endurkaupaviðskipta með verðbréf samkvæmt þessari grein ber að fylgja ákvæðum 10. gr. reglnanna.

13. gr.

Eignaliður 3. „Kröfur á lánastofnanir o.fl.“.

Á eignalið 3.1, „Bundnar kröfur á seðlabanka“, skal færa allar kröfur á seðlabanka aðrar en þær sem tilgreindar eru í 11. gr.

Á eignalið 3.2, „Kröfur á lánastofnanir“, skal færa allar kröfur á lánastofnanir, innlendar og erlendar, aðrar en skuldabréf og önnur verðbréf sem færast eiga á eignalið 5, „Markaðsskuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum“, sbr. 15. gr. hér á eftir. Tékkakröfur á lánastofnanir og seðlabanka færast á eignalið 3.2.

Kröfur á lánastofnanir, sem tengjast framvirkum viðskiptum eða viðskiptum með skiptirétt (options), skulu færast á eignalið 3.2.

Víkjandi kröfur á lánastofnanir, sem ekki eru útgefnar sem markaðsbréf, skulu færast á eignalið 3.2. sbr. 2. mgr. 23. gr.

14. gr.

Eignaliður 4. „ Útlán o.fl.“.

Á eignalið 4.1, „Útlán til viðskiptavina“, skal færa allar kröfur, þ.m.t. áfallna vexti, á innlenda eða erlenda viðskiptavini aðra en lánastofnanir, án tillits til kröfuheitis. Kröfur, sem flokkast sem markaðsskuldabréf, skal þó færa undir eignalið 5, „Markaðsskuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum“, sbr. 15. gr. hér á eftir.

Á eignalið 4.2, „Eignarleigusamningar“, skal færa alla eignarleigusamninga vegna fjármögnunar- og kaupleigusamninga. Eign, sem stofnun hefur yfirtekið til fullnustu fjármögnunar- eða kaupleigusamnings eða við lok samningstíma slíks samnings, skal færa undir eignalið 4.3, „Fullnustueignir“.

Í skýringum með ársreikningi skulu útlán að lágmarki sundurliðuð eftir eftirstöðvatíma útlána í samræmi við viðauka III með þessum reglum, sbr. einnig 61. gr. Við sundurliðun útlána með afborgunarskilmálum skal eftirstöðvatíminn reiknast frá uppgjörsdegi til gjalddaga hverrar afborgunar.

Afskriftareikningur útlána skal færast til lækkunar á viðeigandi útlánalið.

Ótekjufærð afföll af kröfum skulu dragast frá viðeigandi útlánalið.

Hafi stofnun yfirtekið fasteign eða lausafjármuni til að tryggja fullnustu kröfu skal færa áætlað raunvirði (markaðsverð) þess undir eignalið 4.3, „Fullnustueignir". Fjárhæð viðkomandi útlána færist til lækkunar á eignalið 4.1, „Útlán til viðskiptavina", en yfirtekin áhvílandi lán á fullnustueign færast á skuldalið 4, „Aðrar skuldir". Heimilt er að halda eign, sem stofnun hefur eignast til fullnustu kröfu, á eignalið 4.1, „Útlán til viðskiptavina", í allt að 6 mánuði frá því að eignin var formlega yfirtekin, enda eigi stofnunin enn kröfu á upprunalegan skuldara og talið sé fært að selja fullnustueignina innan eins árs frá því að eignin var yfirtekin. Fullnustueignir skal færa á áætluðu raunvirði.

Á eignalið 4.3 skal einnig færa áætlað raunvirði hlutabréfa eða eignarhluta í fullnustufélögum og rekstrarfélögum, sbr. skilgreiningar í 2. gr. Útlán til sömu félaga skulu einnig færast hér enda sé fullnustufélag eða rekstrarfélag komið í meirihlutaeign stofnunarinnar og/eða annarra lánastofnana og útlánin ekki talin að fullu tryggð.

Í skýringum með eignalið 4.3 skal sundurliða fullnustueignir í fasteignir og lausafjármuni svo og eignarhluti og útlán sbr. næstu mgr. á undan. Einnig skulu í skýringum koma fram upplýsingar um heildarverðmæti allra fullnustueigna stofnunarinnar, þ.e. allra fullnustueigna sem stofnunin er formlegur eigandi að. Einnig skulu í skýringum með þessum eignaliðum koma fram upplýsingar um eignarhluta stofnunar og rekstrarafkomu og eiginfjárstöðu einstakra fullnustu- og rekstrarfélaga.

Sé um að ræða eignarhluta í fullnustufélagi sem er lánastofnun skal ársreikningur viðkomandi fyrirtækis fylgja ársreikningnum enda sé félagið ekki með í samstæðuuppgjöri.

Bankaeftirlitið getur veitt lánastofnun undanþágu frá birtingu upplýsinga samkvæmt síðasta málslið 8. mgr. og 9. mgr. þessarar greinar.

15. gr.

Eignaliður 5. „Markaðsskuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum".

Á eignaliði 5.1, og 5.2, „Veltuskuldabréf o.fl.", skal færa markaðsskuldabréf og önnur skuldaskjöl, þ.m.t. markaðsverðbréf í formi víkjandi krafna, sem eru veltuverðbréf, og gefin eru út af lánastofnunum, öðrum fyrirtækjum eða opinberum aðilum. Slík skuldaskjöl, sem gefin eru út af hinum síðastnefndu, skulu þó aðeins talin með ef þau eru ekki færð undir eignalið 2, „Ríkisvíxlar og aðrir víxlar endurseljanlegir í seðlabanka".

Á eignaliði 5.3, og 5.4, „Fjárfestingarskuldabréf o.fl.", skal færa markaðsskuldabréf og önnur skuldaskjöl, þ.m.t. víkjandi kröfur, sem teljast vera fjárfestingarverðbréf og gefin eru út af lánastofnunum, öðrum fyrirtækjum eða opinberum aðilum. Slík skuldaskjöl, sem gefin eru út af hinum síðastnefndu, skulu þó aðeins talin með ef þau eru ekki færð undir eignalið 2, „Ríkisvíxlar og aðrir víxlar endurseljanlegir í seðlabanka".

Hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða skal ekki færa undir eignalið 5, heldur undir eignalið 6, „Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum".

Eigin skuldabréf skulu færð til frádráttar viðeigandi skuldalið.

Í skýringum með eignalið 5 skulu ríkisskuldabréf og önnur sambærileg skuldaskjöl, sem hægt er að endurselja í Seðlabanka Íslands, sérgreind.

16. gr.

Eignaliður 6. „Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum".

Á eignalið 6.1, „Veltuhlutabréf o.fl.", skal færa hlutabréf, hlutadeildarskírteini og aðra hluti með breytilegum tekjum sem teljast vera veltuverðbréf, aðra en þá sem teljast til eignaliða 7 og 8.

Á eignalið 6.2, „Fjárfestingarhlutabréf o.fl.“, skal færa hlutabréf, hlutdeildarskírteini og aðra hluti með breytilegum tekjum sem teljast vera fjárfestingarverðbréf, aðra en þá sem teljast til eignaliða 7 og 8.

Bókfært verð eigin hluta skal sérgreina í skýringum með lið 6 séu þeir ekki færðir til lækkunar á bókfærðu hlutafé/stofnfé stofnunarinnar.

17. gr.

Eignaliður 7. „Hlutir í hlutdeildarfyrirtækjum“.

Á þennan eignalið skal færa hluti í hlutdeildarfyrirtækjum, sbr. 2. gr. þessara reglna, en þó ekki hluti í fullnustu- eða rekstrarfélögum.

18. gr.

Eignaliður 8. „Hlutir í tengdum fyrirtækjum“.

Á þennan eignalið skal færa hluti í tengdum fyrirtækjum, sbr. 2. gr. þessara reglna, en þó ekki hluti í fullnustu- eða rekstrarfélögum.

19. gr.

Eignaliður 9. „Óefnislegar eignir“.

Á þennan eignalið skal færa viðskiptavild, eignfærðan langtímakostnað, eignfærðan þróunarkostnað og aðrar óefnislegar eignir.

Kostnað við stofnun félags má ekki eignfæra.

20. gr.

Eignaliður 10. „Rekstrarfjármunir“.

Á eignalið 10.1, „Húseignir og lóðir“, skal færa allar fasteignir aðrar en fullnustueignir sem stofnun hefur eignast í eigin nafni. Eignarleigusamninga samkvæmt fjármögnunar- eða kaupleigusamningum skal þó færa undir eignalið 4.2, „Eignarleigusamningar“, og eignir, sem aflað hefur verið til rekstrarútleigu, undir eignalið 11, „Rekstrarleigueignir“. Fullnustueignir skal færa undir eignalið 4.3, „Fullnustueignir“.

Á eignalið 10.2, „Húsbúnaður, tæki o.fl.“, skal færa t.d. húsbúnað, skrifstofuvélar, tölvur, bifreiðar og geymsluhólf sem ekki eru hluti af fasteign.

21. gr.

Eignaliður 11. „Rekstrarleigueignir“.

Á eignalið 11, „Rekstrarleigueignir“, skal færa allar eignir sem aflað er til rekstrarleigustarfsemi.

22. gr.

Eignaliður 12. „Aðrar eignir“.

Á eignalið 12, „Aðrar eignir“,skal færa ýmsar eignir og aðrar kröfur sem falla ekki undir aðra eignaliði.

23. gr.

Eignaliður 13. „Fyrirframgreidd gjöld og áfallnar óinnheimtar tekjur“.

Á þennan eignalið skal færa útgjöld sem stofnað er til á reikningsárinu, en varða síðari reikningsár, ásamt tekjum sem koma ekki til greiðslu fyrr en eftir lok reikningsárs þótt þær teljist til þess. Áfallna óinnheimta vexti skal þó færa með viðeigandi eignaliðum.

Jákvæða stöðu á markaðsvirði framvirkra viðskiptasamninga um gjaldmiðilsskipti og eftir atvikum aðra álíka samninga skal færa á þennan eignalið. Hér skal eingöngu færa

samtölu hreins hagnaðar af viðkomandi samningum. Neikvæð staða á markaðsviröi færist hins vegar á skuldalið 5. Gengishagnaður/tap færist á rekstrarlið 6.4 „Gengishagnaður/tap af öðrum fjármálaskjölum". Kröfur á lánastofnanir sem tengjast sambærilegum samningum skal þó færa á eignalið 3.2. sbr. 3. mgr. 13. gr.

24. gr.

Skuldaliður 1. „Skuldir við lánastofnanir o.fl.".

Á skuldalið 1.1, „Gjaldkræfar skuldir", skal færa allar gjaldkræfar skuldir við lánastofnanir að undanskilinni verðbréfaútgáfu, sem færa skal á skuldalið 3, og víkjandi skuldum sem færa skal undir lið 7.

Á skuldalið 1.2, „Aðrar skuldir við lánastofnanir", skal færa allar skuldir við lánastofnanir með umsömdum binditíma eða uppsagnarfresti að undanskilinni verðbréfaútgáfu, sem færa skal á skuldalið 3, og víkjandi skuldum sem færa skal undir lið 7.

Skuldir við lánastofnanir vegna framvirkra viðskipta eða viðskipta með skiptirétt (e. options) skal færa á skuldalið 1.2. sbr. 2. mgr. 28. gr. og 2. mgr. 23. gr.

Hlut skulda við seðlabanka í skuldalið 1.1 og 1.2 skal sérgreina í skýringum með ársreikningi.

25. gr.

Skuldaliður 2. „Innlán".

Hér skal færa öll innlán að undanskildum skuldum sem stofnað hefur verið til með útgáfu skuldabréfa og annarra verðbréfa sem koma eiga á skuldalið 3, „Verðbréfaútgáfa". Innlán frá lánastofnunum skal ekki færa hér, heldur á skuldalið 1, sbr. 24. gr. hér á undan.

Á skuldalið 2.1, „Óbundin innlán", skal færa innlán sem falla undir skilgreiningu 2. gr. þessara reglna á hugtakinu „gjaldkræf skuld".

Á skuldalið 2.1, „Óbundin innlán", skal ennfremur færa kröfur viðskiptavina vegna framvirkra viðskipta og viðskipta með skiptirétt, enda sé viðskiptavinurinn ekki lánastofnun.

Á skuldalið 2.2, „Bundin innlán (allt að 3 mán.)", skal færa innlán með allt að 3 mánaða umsaminn binditíma eða uppsagnarfrest.

Á skuldalið 2.3, „Bundin innlán (> 3 mán.)", skal færa innlán með 3 mánaða eða þaðan af lengri binditíma eða uppsagnarfrest.

Á skuldalið 2.4, „Sérstök innlán", skal færa innlánsreikninga sem stofnaðir eru með tilvísun til sérstakra laga, t.d. af skattalegum ástæðum, sbr. húsnæðissparnaðarreikninga.

26. gr.

Skuldaliður 3. „Verðbréfaútgáfa".

Þessi liður skal bæði ná til skuldabréfaútgáfu og útgáfu viðskiptabréfa sem flokka má undir markaðsbréf, ennfremur útgefinna víxla sem stofnun hefur gefið út til eigin fjármögnunar og hún er aðalskuldari að. Útgefin skuldabréf, sem falla undir skilgreiningu á víkjandi skuldum, skulu færð undir skuldalið 7, „Víkjandi skuldir".

27. gr.

Skuldaliður 4. „Aðrar skuldir".

Á skuldalið 4, „Aðrar skuldir", skal færa ýmsar skuldir, sem ekki er gert ráð fyrir að falli undir skilgreiningu annarra skuldaliða.

Á skuldalið 4, „Aðrar skuldir", skal m.a. færa fjárhæðir sem samsvara þeim fjárhæðum sem færðar eru vegna tapshættu á liðum utan efnahagsreiknings, sbr. síðustu málsgreinar 32. og 33. gr. þessara reglna.

Ennfremur skal færa hér reiknuð opinber gjöld sem koma til greiðslu á næsta ári.

28. gr.

Skuldaliður 5. „Áfallin gjöld og fyrirframinnheimtar tekjur".

Tekjur sem greiddar eru fyrir uppgjörsdag, en varða síðari reikningsár, svo og gjöld sem koma til greiðslu síðar þótt þau tilheyri yfirstandandi reikningsári, skal færa á þennan skuldalið. Áfallna vexti skal þó færa með viðeigandi skuldaliðum.

Á þennan skuldalið skal ennfremur færa neikvæða stöðu á markaðsvirði fjármunaviðskipta, sbr. 2. mgr. 23. gr.

29. gr.

Skuldaliður 6. „Reiknaðar skuldbindingar".

Á þennan skuldalið skal færa fjárhæðir sem ætlað er að standa undir reiknuðum skuldbindingum sem áfallnar eru á uppgjörsdegi þótt óvissa sé um fjárhæð þeirra eða gjalddaga.

Framlög í afskriftareikning útlána og framlög vegna ábyrgða utan efnahags skal ekki færa á þennan skuldalið, heldur til frádráttar á eignalið 4 eða á skuldalið 4, sbr. 14.gr. og 27.gr.

Á skuldalið 6.1, „Lífeyrisskuldbindingar", skal færa áfallnar skuldbindingar sem stofnun hefur tekist á hendur vegna lífeyrisréttinda starfsmanna, sbr. ennfremur Viðauka II með reglum þessum.

Á skuldalið 6.2, „Skattskuldbindingar", skal færa frestaða skattskuldbindingu, sbr. 47. gr.

Á skuldalið 6.3, „Aðrar skuldbindingar", skal færa t.d. neikvæðan mismun sem myndast við samstæðuuppgjör, sbr. nánar 9. kafla þessara reglna.

30. gr.

Skuldaliður 7. „Víkjandi skuldir".

Á þennan lið skal færa skuldir sem víkja fyrir öllum öðrum kröfum en hlutafé eða stofnfé.

31. gr.

Eiginfjárliður 8. „Eigið fé".

Á eiginfjárlið 8.1, „Hlutafé/stofnfé", skal færa innborgað hlutafé/stofnfé stofnunar.

Á eiginfjárlið 8.2, „Varasjóðir", skal færa þá varasjóði sem myndaðir eru, hvort sem um er að ræða lögbundna varasjóði eða ekki. Yfirverð hlutafjár skal færa á lögbundinn varasjóð sbr. 2. mgr. 108 gr. laga um hlutafélög nr. 32/1978.

Á eiginfjárlið 8.3, „Endurmatsreikningar", skal færa endurmat á fastafjármunum og verðbreytingarfærslu.

Á eiginfjárlið 8.4, „Óráðstafað eigið fé", skal færa þann hluta af hagnaði ársins eða hagnaði fyrri ára sem hefur ekki verið ráðstafað á aðra eiginfjárliði.

Heimilt er að endurmeta einstaka liði innan eiginfjár í samræmi við góða reikningsskilavenju.

Efnahagsliði, sem skoða á sem leiðréttingu á bókfærðu verði eignaliða, má ekki færa meðal eiginfjárliða né meðal skuldaliða, heldur skulu þeir færðir til frádráttar viðeigandi eignalið þannig að eignir í efnahagsreikningi séu tilgreindar á réttu verði.

32. gr.

Liðir utan efnahagsreiknings, 1. „Ábyrgðir o.fl.".

Liður 1, „Ábyrgðir o.fl.", skal taka til allra viðskipta stofnunar þar sem hún hefur gengist í ábyrgð fyrir skuldbindingar viðskiptamanns við þriðja aðila.

Á lið 1.1, „Veittar ábyrgðir", skal færa ábyrgðir á lánum, tilboðsábyrgðir, fullnustuábyrgðir og tolla- og skattaábyrgðir.

Á lið 1.1, skal ennfremur færa skjalfestar ábyrgðir vegna innflutnings og staðfestar skjalfestar ábyrgðir vegna útflutnings.

Á lið 1.1, skal ekki færa sölutryggingar vegna verðbréfaútgáfu og hlaupandi sölutryggingar vegna verðbréfa, heldur séu slíkar skuldbindingar færðar á lið 2.4, „Aðrar skuldbindingar utan efnahagsreiknings", sbr. 33. gr. hér á eftir.

Á lið 1.2, „Framseld skuldaskjöl o.fl.", skal færa ábyrgðir sem verða til vegna samþykkis á víxlum og framsals á endurseldum víxlum. Ennfremur komi undir þennan lið aðrar skuldbindingar þar sem þriðji aðili á endurkröfurétt á stofnunina.

Afskriftareikningur vegna tapshættu á liðum utan efnahagsreiknings samkvæmt þessari grein skal færður á skuldalið 4, „Aðrar skuldir". Viðeigandi liðir utan efnahagsreiknings skulu lækkaðir um sömu fjárhæð.

33. gr.

Liðir utan efnahagsreiknings, 2. „Aðrar skuldbindingar".

Á lið 2.1, „Sala með endurkauparétti", skal færa viðskipti sem tengjast sölu með endurkauparétti eins og lýst er í 2. mgr. 10. gr. þessara reglna.

Á lið 2.2, „Eignir keyptar samkvæmt framvirkum kaupsamningi", skal færa allar eignir, þ.m.t. skuldabréf, hlutabréf, gjaldeyri og framvirka samninga, sem keyptar eru samkvæmt framvirkum kaupsamningi til afhendingar þremur bankadögum eftir samningsdag eða síðar.

Á lið 2.3, „Óafturkallanleg lánsloforð", skal færa öll óafturkallanleg loforð um að veita lán eða ábyrgð. Með óafturkallanlegu loforði er átt við loforð sem stofnun getur ekki afturkallað með minna en eins árs fyrirvara.

Á lið 2.4, „Aðrar skuldbindingar utan efnahagsreiknings", skal færa sölutryggingar vegna verðbréfaútgáfu og hlaupandi sölutryggingar, þar með talið NIF (Note issuance facilities) og RUF (Revolving underwriting facilities), og aðrar álíka skuldbindingar. Ennfremur skal færa hér allar aðrar skuldbindingar sem ekki eru færðar í efnahagsreikning, en gætu haft áhættu í för með sér.

Afskriftareikningur vegna tapshættu á liðum utan efnahagsreiknings samkvæmt þessari grein skal færður á skuldalið 4, „Aðrar skuldir". Viðeigandi liðir utan efnahagsreiknings skulu lækkaðir um sömu fjárhæð.

Í skýringum í ársreikningi skal greina frá eðli og fjárhæð skuldbindinga sem skipta máli í starfsemi stofnunar.

6. KAFLI
Sérstök ákvæði um einstaka liði í rekstrarreikningnum.

34. gr.

Rekstrarliður 1. „Vaxtatekjur o.fl.".

Á þennan rekstrarlið skal færa:

- vaxtatekjur;
- þóknunartekjur sem svipar til vaxta og eru tíma- eða fjárhæðartengdar kröfunni;
- afföll af verðbréfum og skuldbindingum sem eru ekki færð á markaðsvirði og skal þeim dreift miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu;
- verðbætur á eignaliði.

Á rekstrarlið 1.1, „Vaxtatekjur af kröfum á lánastofnanir o.fl.", skal færa vaxtatekjur, verðbætur og tíma- eða fjárhæðartengda þóknun af óbundnum innstæðum í seðlabanka og póstgíró (póstbönkum) í þeim löndum þar sem stofnunin hefur starfsemi, svo og sambærilegar tekjur af eignalið 2, „Ríkisvíxlar og aðrir víxlar endurseljanlegir í seðlabanka", og eignalið 3, „Kröfur á lánastofnanir o.fl.". Vextir og sambærilegar tekjur af

kröfum á verðbréfafyrirtæki og önnur fjármálafyrirtæki en lánastofnanir, skal ekki færa hér.

Á rekstrarlið 1.2, „Vaxtatekjur af útlánum o.fl.“, skal færa vaxtatekjur, verðbætur og tíma- eða fjárhæðartengda þóknun af eignalið 4, „Útlán o.fl.“, þar með talin tekjufærð afföll af útlánum.

Á rekstrarlið 1.2 skal ennfremur færa tekjur af fjármögnunar- og kaupleigusamningum. Tekjur af rekstrarleigusamningum skal hins vegar færa á rekstrarlið 7.1.

Á rekstrarlið 1.3, „Vaxtatekjur af markaðsskuldabréfum o.fl.“, skal færa vaxtatekjur, verðbætur og tíma- eða fjárhæðartengda þóknun af eignalið 5, „Markaðsskuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum“.

Vaxtatekjur, verðbætur og tíma- eða fjárhæðartengda þóknun af víkjandi kröfum skal færa á rekstrarlið 1.1, „Vaxtatekjur af kröfum á lánastofnanir o.fl.“, 1.2, „Vaxtatekjur af útlánum o.fl.“, eða 1.3, „Vaxtatekjur af markaðsskuldabréfum o.fl.“, eftir því á hvaða eignalið krafan er færð.

Á rekstrarlið 1.4, „Aðrar vaxtatekjur o.fl.“, skal færa t.d. hreinar vaxtatekjur af skiptasamningum (e. swaps).

Bakfærsla á tekjufærðum vöxtum fyrri ára er óheimil. Hætta skal tekjufærslu vaxta af vafasömum kröfum, sbr. ennfremur Viðauka I með reglum þessum.

35. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 34. gr. og 40. gr. um skiptingu tekna vegna skuldabréfa í vaxtatekjur og gengishagnað/tap er heimilt að færa gengishagnað sem vaxtatekjur, enda dragi slík framsetning ekki úr glöggri mynd ársreiknings af fjárhagsstöðu og afkomu stofnunarinnar.

36. gr.

Rekstrarliður 2. „Vaxtagjöld o.fl.“.

Á þennan rekstrarlið skal færa:

- vaxtagjöld;
- þóknunargjöld sem svipar til vaxta og eru tíma- eða fjárhæðartengd skuldbindingunni;
- gjöld vegna affalla af verðbréfum og skuldbindingum sem ekki eru færð á markaðsvirði og skal afföllunum dreift miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu;
- verðbætur á skuldaliði.

Á lið 2.1, „Vaxtagjöld til lánastofnana“, skal færa vaxtagjöld o.fl. vegna skuldaliðar 1, „Skuldir við lánastofnanir o.fl.“.

Á lið 2.2, „Vaxtagjöld af innlánum o.fl.“, skal færa vaxtagjöld og verðbætur vegna skuldaliðar 2, „Innlán“.

Á lið 2.3, „Vaxtagjöld af verðbréfaútgáfu o.fl.“, skal færa vaxtagjöld o.fl. vegna skuldaliðar 3, „Verðbréfaútgáfa“.

Á lið 2.4, „Vaxtagjöld af víkjandi skuldum“, skal færa vaxtagjöld o.fl. vegna skuldaliðar 7, „Víkjandi skuldir“.

Á lið 2.5, „Önnur vaxtagjöld o.fl.“, skal færa vaxtagjöld af öðrum skuldum og reiknuðum skuldbindingum.

37. gr.

Rekstrarliður 3. „Tekjur af hlutabréfum o.fl. og öðrum eignarhlutum".

Á rekstrarlið 3.1, „Tekjur af veltu- og fjárfestingarhlutabréfum o.fl.", skal færa arð og álíka tekjur af veltu- og fjárfestingarhlutabréfum og öðrum svipuðum verðbréfum með breytilegum tekjum.

Á rekstrarlið 3.2, „Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfyrirtækja í fjármálastarfsemi", og rekstrarlið 3.4, „Tekjur af hlutum í tengdum fyrirtækjum", skal færa hlutdeild í afkomu hlutdeildarfyrirtækja og tengdra fyrirtækja í fjármálastarfsemi, sbr. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 43/1993.

Á rekstrarlið 3.3, „Tekjur af öðrum hlutdeildarfyrirtækjum", skal færa móttekinn arð og álíka tekjur af hlutdeildarfyrirtækjum öðrum en þeim sem eru í fjármálastarfsemi, sbr. næstu mgr. hér á undan.

38. gr.

Rekstrarliður 4. „Þóknunartekjur o.fl.".

Til þóknunartekna á rekstrarlið 4, sbr. þó 34. gr., skal telja tekjur vegna liða utan efnahagsreiknings, greiðslumiðlunar, gjaldeyrisviðskipta og fjárvörslu- og fjárfestingarþjónustu. Á þennan lið færist meðal annars:

- þóknun vegna ábyrgða, lánaumsjónar vegna annarra lánveitenda og verðbréfaviðskipta vegna þriðja aðila;
- þóknun og tekjur vegna greiðslumiðlunar, fjármálaþjónustu, fjárfestingarþjónustu, innheimtu á verðbréfum og verðmætavörslu, þ.m.t. geymsluhólfaleigu;
- þóknun vegna viðskipta með erlendan gjaldeyri, sölu og kaup á mynt, eðalmálmum o.fl.;
- þóknun sem farið er fram á fyrir þjónustu verðbréfamiðlara í sambandi við innlána- og tryggingarsamninga og lánsviðskipti.

Á rekstrarlið 4.1, „Ábyrgðarþóknun", skal færa þóknunartekjur vegna ábyrgða.

Á rekstrarlið 4.2, „Aðrar þóknunartekjur", skal færa aðrar þóknunartekjur sem falla undir skilgreiningu í 1. mgr. hér á undan.

39. gr.

Rekstrarliður 5. „Þóknunargjöld".

Til þóknunargjalda, sbr. þó 36. gr., skal telja gjöld vegna þjónustu sem veitt er af þriðja aðila, sbr. ennfremur upptalningu á viðskiptum og þjónustu í 38. gr. hér á undan.

40. gr.

Rekstrarliður 6. „Gengishagnaður/tap af annarri fjármálastarfsemi".

Á þennan rekstrarlið færist gengishagnaður/tap af annarri fjármálastarfsemi.

Á rekstrarlið 6.1, „Gengishagnaður/tap af veltuskuldabréfum o.fl.",skal færa innleystan og óinnleystan gengishagnað/tap af verðbréfaeign stofnunar samkvæmt eignaliðum 5.1 og 5.2, „Veltuskuldabréf o.fl.", sbr. þó ákvæði 35. gr. Gjaldeyrishagnaður/tap færist á rekstrarlið 6.3, „Gengishagnaður/tap af gjaldeyrisviðskiptum".

Á rekstrarlið 6.2, „Gengishagnaður/tap af veltuhlutabréfum o.fl.",skal færa samtölu gengishagnaðar/taps af verðbréfaeign stofnunar samkvæmt eignalið 6.1, „Veltuhlutabréf o.fl.". Gjaldeyrishagnaður/tap færist þó á rekstrarlið 6.3, „Gengishagnaður/tap af gjaldeyrisviðskiptum".

Á rekstrarlið 6.3, „Gengishagnaður/tap af gjaldeyrisviðskiptum", skal færa allan gengishagnað/tap af viðskiptum með erlendan gjaldeyri ásamt gengishagnaði/tapi af

eignum og skuldum í erlendum gjaldmiðli. Þegar um er að ræða verðbréf í erlendum gjaldmiðli færist gengishagnaður/tap vegna breytinga á markaðsgengi verðbréfanna, en ekki gjaldmiðilsgengi, á rekstrarliði 6.1, „Gengishagnaður/tap af veltuskuldabréfum o.fl.“, 6.2, „Gengishagnaður/tap af veltuhlutabréfum o.fl.“, eða 12, „Matsverðsbreyting á fjárfestingarverðbréfum o.fl.“

Á rekstrarlið 6.4, „Gengishagnaður/tap af öðrum fjármálaskjölum“ skal færa gengishagnað/tap, þ.m.t. gjaldeyrishagnað/tap, af framvirkum viðskiptum (e. futures), viðskiptum með skiptirétt (e. options), mynta- eða vaxtaskipti og önnur álíka fjármálaskjöl (e. financial instruments), sem eru ekki bókfærð í efnahagsreikningnum.

41. gr.

Rekstrarliður 7. „Aðrar rekstrartekjur“.

Þessi rekstrarliður nær til allra þeirra þóknunartekna, sem falla ekki undir skilgreiningu 38. gr. hér á undan, og allra annarra reglulegra tekna af starfsemi stofnunar. Húsaleigutekjur og söluhagnað af rekstrarfjármunum skal færa á þennan lið og ennfremur tekjur af rekstrarleigu.

42. gr.

Rekstrarliður 8. „Almennur rekstrarkostnaður“.

Á rekstrarlið 8.1, „Laun og launatengd gjöld“, skal færa öll laun og launatengd gjöld stofnunar.

Á rekstrarlið 8.1.1, „Laun“, skal færa framtalsskyld laun.

Á rekstrarlið 8.1.2, „Lífeyriskostnaður“, skal færa kostnað stofnunar vegna lífeyrisskuldbindinga sbr. viðauka II.

Á rekstrarlið 8.1.3, „Önnur launatengd gjöld“, færast önnur launatengd gjöld stofnunar.

Í skýringum með rekstrarlið 8.1, „Laun og launatengd gjöld“, skulu koma fram upplýsingar um laun og þóknanir til stjórnar og stjórnenda stofnunar vegna starfa í þágu hennar, enda séu þessar upplýsingar ekki í skýrslu stjórnar.

Á rekstrarlið 8.2, „Annar rekstrarkostnaður“, skal færa annan rekstrar- og stjórnunarkostnað stofnunar, þ.m.t:

- húsaleigu af húsnæði sem stofnun hefur á leigu;
- kostnað vegna rafmagns, hita, ræstingar o.fl; laun og launatengd gjöld vegna ræstingarfólks, sem telst starfsmenn stofnunar, skal þó ekki færa hér, heldur á rekstrarliði 8.1.1 - 8.1.3;
- viðgerðar- og viðhaldskostnað vegna lausafjármuna (bifreiða, húsbúnaðar o.fl.) og viðhalds á húsnæði sem heimilt er að gjaldfæra;
- þróunarkostnað, endurskoðunarkostnað, sjóðsmismun, vátryggingar, kostnað af öryggisgæslu og viðvörunarkerfum, félagsgjöld til samtaka sem stofnun er aðili að, gjöld til tryggingasjóðs og opinber gjöld ýmiss konar önnur en tekju- og eignarskatt;
- ýmsan stjórnunarkostnað, t.d. kostnað vegna skrifstofuvara, prentkostnað, póstburðargjöld, símakostnað, leigu á tölvubúnaði, aðkeypta tölvuþjónustu, auglýsingar, bæklinga, risnu, ferðakostnað, endurgjald fyrir bifreiðaafnot, dagpeninga og fræðslukostnað.

43. gr.

Rekstrarliður 9. „Afskriftir rekstrarfjármuna, rekstrarleigueigna o.fl.“.

Á rekstrarlið 9.1, „Afskriftir óefnislegra eigna“, skal færa afskriftir og gjaldfærslur á óefnislegum eignum, þ.m.t. viðskiptavild og langtímakostnaði.

Á rekstrarlið 9.2, „Afskriftir fasteigna“, skal færa afskriftir af fasteignum.

Á rekstrarlið 9.3, „Afskriftir húsbúnaðar, tækja o.fl.“, skal færa afskriftir af eignaliðum sem um er að ræða.

Á rekstrarlið 9.4, „Afskriftir rekstrarleigueigna“, skal færa afskriftir af eignaliðum sem um er að ræða.

Afskriftir rekstrarfjármuna skal færa af endurmetnu verði, enda sé það í samræmi við góða reikningsskilavenju.

44. gr.

Rekstrarliður 10. „Önnur rekstrargjöld“.

Á þennan gjaldalið skal færa öll rekstrargjöld af reglulegri starfsemi sem falla ekki undir skilgreiningu annarra rekstrarliða. Tap af sölu rekstrarfjármuna skal færa á þennan lið.

45. gr.

Rekstrarliður 11. „Framlög í afskriftareikning útlána o.fl.“.

Á þennan rekstrarlið skal færa framlög í afskriftareikninga vegna eigna sem bókfærðar eru á eignalið 3, „Kröfur á lánastofnanir o.fl.“, og eignalið 4, „Útlán o.fl.“. Ennfremur skal færa hér allar niðurfærslur vegna tapa sem tengjast fullnustufélögum eða fullnustueignum. Afskriftir vegna ábyrgða og annarra viðskipta, sem ekki eru bókfærð í efnahagsreikningi, skal ennfremur færa á þennan rekstrarlið, svo og innheimt áður gjaldfærð framlög vegna sömu liða.

46. gr.

Rekstrarliður 12. „Matsverðsbreyting á fjárfestingarverðbréfum o.fl.“.

Á rekstrarlið 12.1, „Matsverðsbreyting á fjárfestingarverðbréfum“, skal færa matsverðsbreytingar á verðbréfum samkvæmt eignaliðum 5.3 og 5.4, „Fjárfestingarskuldabréf o.fl.“, og 6.2, „Fjárfestingarhlutabréf“.

Á rekstrarlið 12.2, „Matsverðsbreyting á hlutum í hlutdeildarfyrirtækjum“, skal færa matsverðsbreytingar á verðbréfum samkvæmt eignalið 7, „Hlutir í hlutdeildarfyrirtækjum“.

Á rekstrarlið 12.3, „Matsverðsbreyting á hlutum í tengdum fyrirtækjum“, skal færa matsverðsbreytingar á verðbréfum samkvæmt eignalið 8, „Hlutir í tengdum fyrirtækjum“.

Á rekstrarlið 12.4, „Aðrar matsverðsbreytingar“, skal færa matsverðsbreytingar á öðrum eignaliðum en þeim sem getið er um í næstu málsgreinum hér á undan.

Gjaldeyrishagnað/tap af fjárfestingarverðbréfum o.fl., sbr. næstu málsgreinar hér á undan, skal þó færa undir rekstrarlið 6.3, „Gengishagnaður/tap af gjaldeyrisviðskiptum“.

47. gr.

Rekstrarliður 13. „Skattar“.

Á rekstrarlið 13.1. skal færa reiknaðan tekjuskatt af reglulegri starfsemi. Tekjuskatt skal færa þegar til hans er stofnað án tillits til þess hvenær hann kemur til greiðslu. Þann hluta skattsins sem fellur til greiðslu eftir meira en eitt ár, skal færa sem frestaða skattskuldbindingu, sbr. skuldalið 6.2. Hin frestaða skattskuldbinding skal reiknuð á grundvelli gildandi skatthlutfalls á reikningsskiladegi. Frestuð skattskuldbinding reiknast vegna þess tímamismunar sem er á innfærslu tekna og gjalda í reikningshaldslegu tilliti annars vegar og skattalegu tilliti hins vegar. Við útreikning á frestaðri skattskuldbindingu skal taka tillit til yfirfæranlegra skattalegra tapa.

Á rekstrarlið 13.2 skal færa reiknaðan eignarskatt ársins.

48. gr.

Rekstrarliður 14. „Hagnaður/tap af óreglulegri starfsemi".

Á rekstrarlið 14.1, „Óreglulegar tekjur", skal færa tekjur sem varða ekki reglulega starfsemi stofnunar og ekki er gert ráð fyrir að í bráð eða lengd endurtaki sig. Á þennan rekstrarlið er einnig heimilt að færa tekjur, sem koma til vegna breytinga á reikningsskilaaðferðum stofnunar, og tekjur sem tengjast verulegri skekkju eða vöntun í reikningsskilum fyrri ára. Óreglulegar tekjur skulu því aðeins sérgreindar undir þessum rekstrarlið að þær teljist verulegar.

Á rekstrarlið 14.2, „Óregluleg gjöld", skal færa gjöld sem varða ekki reglulega starfsemi stofnunar og ekki er gert ráð fyrir að endurtaki sig í bráð eða lengd. Á þennan rekstrarlið er einnig heimilt að færa gjöld, sem koma til vegna breytinga á reikningsskilaaðferðum stofnunar, og gjöld sem tengjast verulegri skekkju eða vöntun í reikningsskilum fyrri ára. Óregluleg gjöld skulu því aðeins sérgreind undir þessum rekstrarlið að þau teljist veruleg.

Á rekstrarlið 14.3, „Reiknaður skattur af óreglulegri starfsemi", skal færa reiknaðan tekjuskatt af óreglulegri starfsemi, sbr. ennfremur 47. gr.

7. KAFLI
Matsreglur.
Ákvæði um mat á fastafjármunum.

49. gr.

Eignir skv. liðum 9, 10 og 11 skulu endurmetnir með því að framreikna upphaflegt stofnverð þeirra og afskriftir frá kaupmánuði til loka reikningsárs, enda sé það í samræmi við góða reikningsskilavenju. Afskriftir skal reikna af þannig endurmetnu verði og gjaldfæra í rekstrarreikningi á meðalverðlagi ársins.

50. gr.

Kostnaðarverð rekstrarfjármuna og rekstrarleigueigna með takmarkaðan nýtingartíma skal afskrifa á kerfisbundinn hátt, þannig að afskriftin svari verðrýrnun eignarinnar.

Heimilt er að gjaldfæra á kaupári rekstrarfjármuni sem eru endurnýjaðir reglulega, enda sé heildarverðmæti þeirra óverulegt fyrir stofnunina.

51. gr.

Óefnislegar eignir, svo sem viðskiptavild, eignfærðan langtímakostnað og þróunarkostnað, skal afskrifa á allt að 5 árum.

52. gr.

Ef raunvirði rekstrarfjármuna, rekstrarleigueigna og óefnislegra eigna er lægra en bókfært verð þeirra samkvæmt 49.-51. gr. og ástæður þess verða ekki taldar skammvinnar ber að lækka bókfært verð til samræmis við hið lægra verðgildi.

Ef forsendur verðlækkunar, skv. 1 mgr. þessarar greinar, eiga ekki lengur við ber að hækka bókfært verð til fyrra verðgildis.

Niðurfærslu samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar skal færa á rekstrarlið 14.2, „Óregluleg gjöld". Uppfærslu samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar skal færa á rekstrarlið 14.1, „Óreglulegar tekjur".

53. gr.

Einungis er heimilt að telja verðbréf sem fjárfestingarverðbréf ef stofnunin hefur með formlegum hætti tekið ákvörðun um að eiga verðbréfið til lengri tíma. Með lengri tíma er almennt átt við eitt ár eða fleiri.

Skuldabréf verður að vera markaðsbréf til að það geti talist fjárfestingarverðbréf. Fjárfestingarverðbréf skulu sýnd í efnahagsreikningi með eftirfarandi hætti:

- Hlutabréf skal færa á markaðsverði eða upprunalegu kaupverði endurmetnu fyrir áhrifum verðlagsbreytinga með lánskjaravísitölu eða fyrir áhrifum gengisþróunar sé um að ræða verðbréf í erlendri mynt, - eftir því hvort verðið er lægra á uppgjörsdegi.
- Hlutdeildarskírteini skal færa á markaðsverði á uppgjörsdegi.
- Skuldabréf skal færa með áföllnum verðbótum og gengismun á reikningsskiladegi. Verðbætur skal miða við viðeigandi vísitölu næsta mánaðar á eftir uppgjörsmánuði, en gengistryggð skuldabréf skal færa við kaupgengi viðeigandi gjaldmiðils í lok reikningsskilatímabils. Afföllum og gengisauka af keyptum skuldabréfum skal dreift miðað við ávöxtunarkröfu á kaupdegi.

Við útreikning á afföllum og gengisauka skuldabréfs skal miða við ávöxtunarkröfu á kaupdegi. Þó skal við mat á verðbréfi, sem ákveðið er að flokka sem fjárfestingarverðbréf og þá þegar er í eigu stofnunar, miða við þá ávöxtunarkröfu sem er í gildi á ákvörðunartíma, enda sé markaðsverð samsvarandi bréfs þá lægra en upphaflegt kaupverð bréfsins. Sé markaðsverðið hærra skal miða matið við upphaflegt kaupverð bréfsins og ávöxtunarkröfu sem þá var í gildi.

Ef raunvirði fjárfestingarverðbréfs er lægra en bókfært verð þess samkvæmt ákvæðum þessarar greinar og ástæður þess verða ekki taldar skammvinnar, t.d. vegna skerts greiðsluþols greiðanda fjárfestingarskuldabréfs, ber að lækka bókfært verð þess til samræmis við hið lægra verðgildi.

54. gr.

Hlutir móðurfélags í dótturfyrirtækjum og hlutdeildarfyrirtækjum skulu metnir til samræmis við innra virði samkvæmt ársreikningi hlutaðeigandi dóttur- eða hlutdeildarfyrirtækis. Ákvæði þetta nær þó ekki til dótturfyrirtækja og hlutdeildarfyrirtækja sem eru fullnustu- eða rekstrarfélög.

Ákvæði um mat á verðbréfum sem teljast vera veltuverðbréf.

55. gr.

Skráð veltuverðbréf sbr. 2. gr., skulu bókfærð á opinberu gengi á uppgjörsdegi. Ef óveruleg viðskipti hafa verið með viðkomandi verðbréf á árinu og ætla má að opinbert gengi á uppgjörsdegi endurspegli ekki raunvirði bréfanna skal taka tillit til þess við mat á virði bréfanna.

Sé raunvirði verðbréfaeignar stofnunar talið vera lægra en skráð markaðsverð eða meðalverð sömu bréfa, sbr. 1. mgr., t.d. vegna þess að lítil eða engin viðskipti hafa verið með slík verðbréf um tíma, ber að færa verðbréfin niður til raunvirðis. Tilgreina skal í skýringum með ársreikningi mun markaðsverðs og bókfærðs verðs.

56. gr.

Veltuverðbréf, sem ekki er skráð verðbréf sbr. 2. gr., skal bókfæra á kaupverði. Afföllum og gengisauka skal dreift miðað við ávöxtunarkröfu á kaupdegi.

Ef raunverð óskráðra verðbréfa er lægra á uppgjörsdegi en bókfært verð samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar skulu verðbréfin færð niður í hið lægra verðgildi.

Hækki raunverð óskráðra verðbréfa, sem færð hafa verið niður í samræmi við ákvæði 2. mgr. þessarar greinar, má tekjufæra hækkunina. Þessi verðbréf má þó hæst bókfæra á kaupverði, sbr. ákvæði 1. mgr.

Heimilt er að reikna kaupverð samkynja óskráðra verðbréfa á grundvelli meðaltals útreikninga eða á grundvelli „fyrst inn fyrst út aðferðar“ (FIFO).

Ákvæði um mat á útlánum o.fl.

57 gr.

Meta skal útlán og aðrar skuldbindingar stofnunar með hliðsjón af tapshættu og færa í afskriftareikning nauðsynlegar fjárhæðir með hliðsjón af niðurstöðu slíks mats. Afskriftareikningur útlána skal myndaður með sérstökum og almennum framlögum, og skal afskriftareikningurinn færast til frádráttar viðeigandi efnahagslið.

Með sérstökum framlögum í afskriftareikning útlána er átt við framlög til að mæta töpum á skuldbindingum þeirra lánþega sem metnir eru í sérstakri tapshættu vegna verulegra eða langvarandi vanskila, greiðslustöðvunar, gjaldþrots eða annarra aðstæðna, svo sem vegna þess að gjaldþol, eða greiðslugeta hefur rýrnað umtalsvert. Sérstakt afskriftaframlag vegna einstakra lánþega skal metið með tilliti til heildarskuldbindinga lánþega og áætlaðs verðmætis tryggingaandlaga.

Með almennum framlögum í afskriftareikning útlána er átt við framlög til að mæta töpum sem talin eru líkleg miðað við aðstæður á uppgjörsdegi vegna skuldbindinga annarra lánþega en þeirra sem metnir eru í sérstakri tapshættu.

Nánari ákvæði um afskriftaframlög útlána, fullnustueignir, vaxtareikning afskriftalána o.fl. eru í viðauka I með reglum þessum.

58. gr.

Afskriftareikningur, sem myndaður er vegna liða utan efnahagsreiknings, færist með þeim hætti sem lýst er í síðustu málsgreinum 32. og 33. gr.

Framlög í afskriftareikninga vegna útlána og annarra skuldbindinga skal gjaldfæra á rekstrarlið 11, „Framlög í afskriftareikning útlána o.fl.“.

59. gr.

Eignir og skuldir og aðrar skuldbindingar, sem miðast við gengi erlends gjaldeyris, skal færa á opinberu viðmiðunargengi á uppgjörsdegi.

Óuppgerð núviðskipti með gjaldeyri skulu metin og bókfærð miðað við opinbert viðmiðunargengi á uppgjörsdegi.

Óuppgerð framvirk viðskipti með gjaldeyri skulu umreiknast miðað við opinbert viðmiðunargengi á uppgjörsdegi.

Í skýringum í ársreikningi skal tilgreina heildarfjárhæðir eigna og skulda sem tengdar eru erlendum gjaldmiðli umreiknaðar í íslenskar krónur.

Ákvæði um mat á lífeyrisskuldbindingum.

60. gr.

Mat og framsetning lífeyrisskuldbindinga skal vera með þeim hætti sem nánar er kveðið á um í viðauka II með reglum þessum.

8. KAFLI
Skýringar í ársreikningi.
Almenn ákvæði.

61. gr.

Auk þeirra upplýsinga, sem gert er ráð fyrir í viðauka III með reglum þessum, skulu upplýsingar þær, sem kveðið er á um í 6.-8. gr., 10. gr., 14.-16. gr., 24. gr., 33.gr., 42.gr. og 66.-80. gr. koma fram í skýringum í ársreikningi.

62. gr.

Þar sem þess er krafist í skýringum, að notað sé kostnaðarverð, er heimilt að byggja útreikning þess á vegnu meðaltali eða „fyrst inn fyrst út" aðferðinni (FIFO).

63. gr.

Þar sem þess er krafist í skýringum, að gefnar séu upplýsingar um eftirstöðvatíma, sbr. 2. gr., þegar um útlán eða skuldir með afborgunarskilmálum er að ræða, skal eftirstöðvatími reiknaður frá uppgjörsdegi til gjalddaga hverrar afborgunar.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. þessarar greinar má á reikningsárunum 1994 og 1995 ákvarða eftirstöðvatímann á grundvelli upphaflega umsamins eftirstöðvatíma eða uppsagnarfrests.

64. gr.

Við hvern lið í efnahagsreikningi og rekstrarreikningi skal tilgreina samsvarandi fjárhæðir frá fyrra reikningsári. Ávallt skal geta þess í skýringum í ársreikningi og með tilheyrandi athugasemdum ef fjárhæðir eru ekki sambærilegar eða þeim hefur verið breytt.

Við gerð ársreiknings árið 1994 er heimilt að víkja frá ákvæði 1. mgr.

65. gr.

Gera skal grein fyrir þeim aðferðum sem beitt er við mat á hinum ýmsu liðum ársreiknings og við útreikning á afskriftum fastafjármuna og verðbreytingum. Þessar upplýsingar má greina í þeim hluta skýringanna sem fjalla um reikningsskilaaðferðir.

Í skýringum skal tilgreina heildarfjárhæð afskriftareiknings útlána o.fl. í byrjun og lok árs og hreyfingar á árinu. Sérstaklega skal tilgreina þá fjárhæð, sem gjaldfærð er í rekstrarreikningi, sem framlag í afskriftareikning útlána o.fl., þá fjárhæð, sem færð er á tímabilinu, sem endanlega afskrifuð útlán og þá fjárhæð sem færð er til tekna vegna innheimtra, en áður afskrifaðra útlána.

Afskriftareikning í lok tímabils skal sundurliða í sérstök og almenn framlög, sbr. ákvæði 57. gr.

Skýringar með eignaliðum.

66. gr.

Tilgreina skal verðmæti hlutabréfa eða annarra hluta sem aflað hefur verið í tengslum við endurskipulagningu fyrirtækis, sbr. einnig ákvæði 14. gr.

67. gr.

Í skýringum með eignalið 7 og 8 skal gerð grein fyrir eftirfarandi varðandi einstök dóttur- og hlutdeildarfélög:

- bókfært verð eignarhluta;
- eignarhlutdeild;
- hlutdeild í afkomu.

68. gr.

Í skýringum með eignalið 9.2, „Aðrar óefnislegar eignir", skal gera grein fyrir þeim fjárhæðum sem skipta máli fyrir notendur ársreikningsins. Sundurliða skal afskriftir óefnislegra eigna sem tengjast dóttur- og hlutdeildarfyrirtækjum sbr. 67. gr.

69. gr.

Í skýringum með eignalið 12, „Aðrar eignir", skal sundurliða helstu undirliði enda sé um að ræða liði sem skipta máli fyrir notendur ársreikningsins.

70. gr.

Í skýringum með eignalið 13, „Fyrirframgreidd gjöld og áfallnar óinnheimtar tekjur“, skal sundurliða í helstu undirliði sem skipta máli, en þó að lágmarki tilgreina „áfallnar óinnheimtar vaxtatekjur“ og „fyrirframgreidd vaxtagjöld“.

Skýringar með skulda- og eiginfjárliðum.

71. gr.

Í skýringum með skuldalið 4, „Aðrar skuldir“, skal sundurliða í helstu undirliði sem skipta máli.

72. gr.

Í skýringum með skuldalið 5, „Áfallin gjöld og fyrirframinnheimtar tekjur“, skal sundurliða í helstu undirliði sem skipta máli, en þó að lágmarki tilgreina „áfallin ógreidd vaxtagjöld“ og „fyrirframinnheimtar vaxtatekjur“.

73. gr.

Í skýringum með skuldalið 6, „Reiknaðar skuldbindingar“, skal sundurliða í helstu undirliði, enda skipti þeir máli fyrir notendur ársreikningsins. Lífeyrisskuldbindingar vegna stjórnenda skulu tilgreindar sérstaklega.

74. gr.

Í skýringum með skuldalið 7, „Víkjandi skuldir“, skal tilgreina:

- vexti og kostnað við öflun eða niðurgreiðslu víkjandi lána á reikningsárinu;
- hve stór hluti af víkjandi skuldum getur talist með eigin fé við útreikning á eiginfjárhlutfalli.

Varðandi einstakar lántökur, sem fara fram úr 10% af heildarfjárhæð víkjandi skulda, skal tilgreina:

- fjárhæð láns, gjaldeyristegund, vaxtakjör og gjalddaga eða hvort það er útgefið án gjalddaga;
- hvort einhverjar aðstæður krefjist þess að endurgreiðslum sé flýtt;
- skilmála fyrir víkjandi skuldum, tilvist ákvæða um möguleika á að umbreyta víkjandi skuld í eigið fé eða annars konar skuldbindingu og skilmála slíkra ákvæða.

Varðandi aðrar víkjandi skuldir skal gefa almenna lýsingu á skilmálum þeirra.

75. gr.

Í skýringum með lið 8, „Eigið fé“, skal upplýsa um fjölda og nafnverð hluta. Einnig skal tilgreina heildarfjárhæð útgefinna hluta svo og fjárhæð eigin hluta í eigu stofnunarinnar.

Ennfremur skal greina lið 8.2, „Varasjóðir“, eftir einstökum varasjóðum og hvernig lögbundinn varasjóður greinist í yfirverð innborgaðs hlutafjár og önnur tillög.

76. gr.

Í skýringum með lið 8, „Eigið fé“, skal gera grein fyrir eiginfjárhreyfingum á reikningsárinu.

77. gr.

Stofnun skal fyrir sérhvern skuldalið og sérhvern lið, sem er utan efnahagsreiknings, tilgreina tegund og fjárhæð eigna sem settar hafa verið að veði sem trygging fyrir skuldbindingum stofnunarinnar.

Heildarfjárhæð veðsetninga vegna dótturfyrirtækja og annarra tengdra fyrirtækja skal tilgreina sérstaklega.

78. gr.

Gera skal grein fyrir eignarleiguskuldbindingum sem stofnun hefur gengist undir og skipta máli fyrir rekstur hennar.

Gera skal grein fyrir útistandandi framvirkum viðskiptum á uppgjörsdegi, þar sem sérstaklega komi fram fyrir hverja tegund viðskipta, hvort þau eru gerð að verulegu leyti til að draga úr áhrifum vaxtabreytinga, gengisbreytinga eða breytinga á markaðsverði eða gerð að verulegu leyti í viðskiptaskyni. Til þessara tegunda viðskipta teljast öll þau viðskipti sem hafa í för með sér tekjur eða gjöld sem skal færa í rekstrarlið 6, „Gengishagnaður/tap af annarri fjármálastarfsemi" svo sem vegna erlends gjaldeyris, eðalmálma, framseljanlegra verðbréfa, innlánsskírteina og annarra eigna.

Skýringar með rekstrarreikningi.

79. gr.

Í skýringum með rekstrarlið 7, „Aðrar rekstrartekjur", rekstrarlið 10, „Önnur rekstrargjöld", rekstrarlið 14.1, „Óreglulegar tekjur", og rekstrarlið 14.2, „Óregluleg gjöld", skal í skýringum sundurliða helstu undirliði þessara rekstrarliða, enda skipti þeir máli fyrir notendur ársreikningsins.

Gera skal grein fyrir í skýringum ef stofnun rekur þjónustustarfsemi vegna þriðja aðila þegar umfang slíkrar starfsemi er verulegt í hlutfalli við starfsemi stofnunarinnar í heild.

80. gr.

Þegar stofnun rekur útibú í öðru landi, á hluti í erlendu dótturfyrirtæki eða erlendu hlutdeildarfyrirtæki skal í skýringum í ársreikningi sýna sundurliðun á eftirtöldum tekjuliðum eftir löndum:

1. „Vaxtatekjur o.fl.";
3. „Tekjur af hlutabréfum o.fl. og öðrum eignarhlutum";
4. „Þóknunartekjur o.fl.";
6. „Gengishagnaður/tap af annarri fjármálastarfsemi";
7. „Aðrar rekstrartekjur".

9. KAFLI
Ákvæði um samstæðureikningsskil.

81. gr.

Móðurfyrirtæki skulu semja ársreikning og skýrslu stjórnar fyrir samstæðu. Ársreikningur fyrir samstæðu, samstæðureikningsskil, skal vera í samræmi við ákvæði þessa kafla.

Í ársskýrslu móðurfyrirtækis skulu koma fram upplýsingar um samstæðuna í heild í samræmi við ákvæði 58. gr. laga nr. 43/1993.

82. gr.

Dótturfyrirtæki, sem falla undir ákvæði 2. mgr. 45. gr. laga nr. 43/1993, skulu ekki tekin með í samstæðureikningsskilum nema bankaeftirlitið ákveði annað, sbr. 10. mgr. 66. gr. laga nr. 43/1993.

Önnur dótturfyrirtæki en þau, sem falla undir 1. mgr. þessarar greinar, skulu tekin með í samstæðureikningsskilum nema bankaeftirlitið veiti undanþágu frá þeirri reglu, sbr. 11. mgr. 66. gr. laga nr. 43/1993.

83. gr.

Samstæðureikningsskil skulu hafa að geyma efnahagsreikning, rekstrarreikning og skýringar.

Ákvæði 2.-8. kafla þessara reglna skulu gilda um gerð samstæðureikningsskila eftir því sem við getur átt.

Samstæðureikningsskilin og skýrslu stjórnar skal birta opinberlega í samræmi við 3. mgr. 64. gr. laga nr. 43/1993, sbr. 8. mgr. 66. gr. sömu laga.

Reikningsár samstæðureikningsskila skal vera almanaksár.

84. gr.

Eignir og skuldir þeirra fyrirtækja, sem mynda samstæðu, skal reikna með að fullu við gerð efnahagsreiknings fyrir samstæðuna.

Gjöld og tekjur þeirra fyrirtækja, sem mynda samstæðu, skal reikna með að fullu við gerð rekstrarreiknings fyrir samstæðuna. Gjöld og tekjur fyrirtækja, sem yfirtekin hafa verið á árinu, skulu þó einungis reiknuð með frá yfirtökudegi.

Hlutir í samstæðugerðum fyrirtækjum í eigu annarra en samstæðufyrirtækjanna skulu tilgreindir sem hlutdeild minnihluta.

85. gr.

Bókfært virði eignarhluta í dótturfyrirtækjum skal jafnað út á móti hlutdeild í bókfærðu eigin fé dótturfyrirtækjanna.

86. gr.

Innbyrðis gjöld og tekjur milli félaga í samstæðu skal jafna út, svo og innbyrðis eignir og skuldir.

Til innbyrðis tekna telst hluti móðurfélags í tekjum af eignatilfærslum innan samstæðunnar svo framarlega sem eignin hefur ekki þegar verið afskrifuð um samsvarandi fjárhæð í því félagi sem aflaði hennar.

10. KAFLI
Ákvæði um birtingu ársreiknings og gildistökuákvæði.

87. gr.

Endurskoðaður og undirritaður ársreikningur þeirra stofnana sem þessar reglur taka til, sbr. 1. mgr. 1. gr., ásamt skýrslu stjórnar skal sendur bankaeftirliti Seðlabanka Íslands innan 10 daga frá undirritun, en í síðasta lagi þremur mánuðum eftir lok reikningsárs.

88. gr.

Innan sömu tímamarka og um getur í næstu mgr. á undan skulu sömu stofnanir senda bankaeftirlitinu sundurliðaðan ársreikning á sérstökum eyðublöðum sem bankaeftirlitið lætur í té.

89. gr.

Ársreikningur skv. 87. gr. ásamt skýrslu stjórnar skal liggja frammi á afgreiðslustað hlutaðeigandi stofnunar og afhentur hverjum viðskiptaaðila, sem þess óskar, innan tveggja vikna frá staðfestingu ráðherra, þegar um ríkisviðskiptabanka er að ræða, eða samþykkt aðalfundar þegar um aðrar stofnanir er að ræða.

90. gr.

Reglur þessar eru settar með tilvísun til 57. gr. og 6. mgr. 66. gr. laga nr. 43/1993 um viðskiptabanka og sparisjóði og 11. gr. laga nr. 123/1993 um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði. Reglurnar taka gildi frá og með reikningsárinu 1994.

Seðlabanki Íslands, 7. október 1994.

Steingrímur Hermannsson.

Þórður Ólafsson.

VIÐAUKI I

Nánari ákvæði um mat á afskriftaþörf útlána og annarra skuldbindinga og framsetningu afskriftareiknings útlána sbr. 57. gr. reglnanna.

Með hliðsjón af gildandi reglum og góðri reikningsskilavenju skal lánastofnun í tengslum við ársuppgjör og árshlutauppgjör meta afskriftaþörf vegna útlána og skuldbindinga og bókfæra nauðsynleg framlög í afskriftareikning útlána o.fl. til að mæta líklegum töpum stofnunarinnar miðað við aðstæður á uppgjörsdegi. Framlög í afskriftareikning útlána o.fl. skulu samanstanda af sérstökum og almennum framlögum í afskriftareikning útlána o.fl. og skulu færast til frádráttar viðeigandi lið í efnahagsreikningi. Sérhver lánastofnun skal setja sér innri starfsreglur til að fara eftir við mat á sérstökum og almennum framlögum í afskriftareikning útlána og mat á fullnustueignum svo og innri starfsreglur um hvernig staðið skuli að færslu á endanlegum afskriftum útlána.

1) Sérstök afskriftaframlög.

Sérstök framlög eru afskriftaframlög færð til að mæta töpum vegna skuldbindinga lánþega sem á uppgjörsdegi eru metnar í sérstakri tapshættu vegna verulegra eða langvarandi vanskila, greiðslustöðvunar, gjaldþrots eða annarra aðstæðna lánþega svo sem vegna þess að gjaldþol eða greiðslugeta hans hefur rýrnað umtalsvert. Hafi lánþegi ekki staðið í skilum með gjaldfallnar afborganir og vexti af lánum eða aðrar umsamdar skuldbindingar í 12 mánuði eða lengur, teljast skuldbindingar hans vera í sérstakri tapshættu.

Þegar skuldbindingar lánþega eru í sérstakri tapshættu skal meta þörfina á að:

- hætta að tekjufæra vexti og þóknanir;
- bakfæra tekjufærða vexti og þóknanir innan reikningstímabilsins;
- færa sérstök framlög í afskriftareikning útlána o.fl.

Með skuldbindingum lánþega er átt við:

- útlán og endurlán, þar með talda áfallna vexti og þóknanir;
- ábyrgðir lánastofnunar utan efnahags;
- ábyrgðarskuldbindingar lánþega vegna annarra lánþega lánastofnunarinnar;
- aðrar hugsanlegar skuldbindingar gagnvart lánastofnuninni.

Fjárhæð sérstaks framlags í afskriftareikning útlána skal metið með tilliti til heildarskuldbindinga lánþega og áætlaðs verðmætis tryggingaandlaga. Tryggingaandlög skulu metin með hliðsjón af því verðmæti sem ætla má að fáist fyrir viðkomandi eign við sölu, að teknu tilliti til sölukostnaðar. Sé erfiðleikum háð að meta eign til söluvirðis, t.d. vegna þess að kaupendur eru ekki fyrir hendi, skal leitast við að meta verðmæti tryggingaandlags á annan hátt, t.d. miðað við tekjuvirði eignar eða áætlað framtíðar markaðsvirði. Í þessu samhengi skal taka tillit til reiknaðs vaxtataps (fórnarvaxtataps) stofnunar.

2) Almenn afskriftaframlög.

Almenn framlög eru afskriftaframlög til að mæta töpum sem talin eru líkleg miðað við aðstæður á uppgjörsdegi vegna annarra skuldbindinga en þeirra sem metnar eru í sérstakri tapshættu sbr. 1. tölulið hér á undan.

Við mat á almennu framlagi í afskriftareikning skal taka tillit til tapshættu vegna atvinnugreina eða útlánaflokka svo og vegna skuldbindinga einstakra lánþega sem taldar eru í tapshættu, en miðað við aðstæður á uppgjörsdegi flokkast þó ekki í sérstaka tapshættu sbr. 1. tölulið hér á undan. Almenn framlög í afskriftareikning útlána skulu einnig metin á grundvelli tapreynslu í útlánastofni og almenns efnahagsástands.

3) Breytingar á lánskjörum útlána.

Við breytingar á lánskjörum, sem hafa í för með sér að virði viðkomandi láns er verulega lægra en virði láns með venjulegum vaxtakjörum, skal færa mismuninn sem töpuð útlán og/eða eftir atvikum til lækkunar á áður bókfærðum tekjum innan reikningsársins.

4) Tillög í sérstakan varasjóð vegna útlánaáhættu.

Sé um að ræða að lánastofnun leggi til hliðar vegna tapshættu á skuldbindingum lánþega í framtíðinni vegna aðstæðna sem kunna að eiga sér stað eftir uppgjörsdag, skulu slík framlög ekki færð á afskriftareikning útlána heldur færast á sérstakan eiginfjárreikning sem nefndur skal „varasjóður vegna útlánaáhættu“ og sem færist undir eiginfjárlið 8.2, „Varasjóðir“. Tillög í slíkan varasjóð skulu bókfærð til lækkunar á óráðstöfuðu eigin fé.

5) Fullnustueignir.

Eignir stofnunar sem færast á eignalið 4.3 „Fullnustueignir“ skulu færast þar á áætluðu raunvirði og mismunur útláns og áætlaðs virðis yfirtekinnar eignar endanlega afskrifað. Raunvirði skal miðað við þá fjárhæð sem búast má við að fáist fyrir viðkomandi eign við sölu miðað við staðgreiðslu og að teknu tilliti til áætlaðs sölukostnaðar og viðhalds- og endurbótakostnaðar.

Sé talið að umtalsverður tími muni líða þar til eign kemst í söluhæft ástand, eða að kaupendur að eign finnist, ber einnig að taka tillit til kostnaðar og tekna af eign fram til áætlaðs söludags að teknu tilliti til áætlaðs vaxtataps stofnunar.

6) Endanlegar afskriftir útlána.

Skuldbindingar lánþega skulu í ársreikningi stofnunar færast sem endanlega töpuð útlán og afskriftareikningur útlána lækkaður tilsvarandi þegar eitthvert af eftirtöldum skilyrðum er uppfyllt:

- við lok gjaldþrotaskipta;
- við skuldaeftirgjöf eða niðurfærslu skulda;
- þegar lánastofnun hefur tekið ákvörðun um lok innheimtuaðgerða;
- þegar ljóst má vera að útlán er endanlega tapað.

7) Innri starfsreglur.

Sérhver lánastofnun skal setja sér innri starfsreglur til að fara eftir við könnun á útlánastofni, mati á afskriftaþörf útlána, vaxtafrystingu afskriftaútlána og endanlega afskrift útlána.

Í innri starfsreglum skal koma fram hvernig staðið skuli að:

- skoðun á einstökum útlánum og útlánaflokkum með tilliti til hvaða útlán eru í sérstakri tapshættu;

- mati á fjárhæð sérstaks afskriftaframlags vegna skuldbindinga lánþega sem vænta má að séu í sérstakri tapshættu á uppgjörsdegi en sem vegna stærðar koma ekki til sérstakar skoðunar hjá stofnuninni;
- mati á almennu framlagi í afskriftareikning útlána;
- vaxtafrystingu afskriftalána og bakfærslu vaxta;
- skuldbreytingum útlána;
- mati á tryggingaandlögum og fullnustueignum;
- endanlegum afskriftum afskriftalána;
- færslu á afskriftalánum sem samkvæmt ákvæðum þessara reglna skulu færð sem endanlega töpuð í ársreikningi stofnunarinnar, en stjórnendur stofnunar telja ástæðu til að bókfæra áfram í bókhaldskerfum.

VIÐAUKI II
Nánari ákvæði um mat og framsetningu lífeyrisskuldbindinga í ársreikningi sbr. 60. gr. reglnanna.

Framsetning lífeyrisskuldbindinga skal vera með þeim hætti sem greinir í eftirfarandi töluliðum 1 til 4:

1. Stofnanir sem tekið hafa á sig lífeyrisskuldbindingar skulu láta fara fram tryggingafræðilegan útreikning á stöðu áfallinna en ógreiddra lífeyrisskuldbindinga sinna og færa í ársreikning, eins og nánar er ákveðið í þessum viðauka. Miða skal við áunnin lífeyrisréttindi vegna liðins starfstíma.
   Við útreikning samkvæmt framansögðu skal miða við að hámarki 3% ávöxtunarkröfu, þ.e. ávöxtun umfram breytingu kaupgjalds. Í skýringum í ársreikningi skal koma fram við hvaða ávöxtunarkröfu er miðað.
2. Tryggingafræðilegur útreikningur, sbr. 1. tölulið þessarar málsgreinar, skal að jafnaði fara fram árlega en þó eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti. Fari ekki fram árlegur útreikningur skal ákvarða stöðu áfallinna skuldbindinga með tryggingafræðilegri áætlun.
3. Lífeyrisgreiðslur, sem stofnun innir af hendi vegna starfsmanna sem látið hafa af starfi, skulu færast til lækkunar á áföllnum lífeyrisskuldbindingum í efnahagsreikningi.
4. Sá mismunur sem fram kemur á reiknaðri stöðu áfallinna lífeyrisskuldbindinga í lok reikningsárs og byrjun reikningsárs skal, að teknu tilliti til 3. töluliðar þessarar málsgreinar, færður í efnahagsreikning og rekstrarreikning eins og hér segir:
   a) Reikna skal verðbætur og vexti á áfallnar lífeyrisskuldbindingar eins og þær voru í byrjun reikningsárs og breytingu þeirra á árinu og færist hin reiknaða fjárhæð til gjalda í rekstrarreikningi á lið 2.5, „Önnur vaxtagjöld o.fl.“. Miða skal við breytingu á lánskjaravísitölu á tímabilinu og meðalvexti af verðtryggðum útlánum innlánsstofnanna á hverjum tíma.
   b) Áhrif breyttra reiknireglna og forsendna sem skipta máli skal sérgreina og færa meðal óreglulegra liða í rekstrarreikningi.
   c) Önnur breyting á áföllnum lífeyrisskuldbindingum, hækkun eða lækkun, skal færast í rekstrarreikning á rekstrarlið 8.1.2, „Lífeyriskostnaður“.

Þær stofnanir sem ekki hafa fært lífeyrisskuldbindingar sínar að fullu í efnahagsreikning í árslok 1993 skulu láta fara fram tryggingafræðilegan útreikning á skuldbindingunum miðað við þann tíma sbr. 1. mgr.

Mismunur á reiknaðri fjárhæð í árslok 1993 samkvæmt framansögðu og bókfærðum lífeyrisskuldbindingum samkvæmt efnahagsreikningi á sama tíma skal færa í ársreikning eins og greinir í næstu málsgrein.

Gjaldfæra skal í rekstrarreikningi á ekki lengri tíma en fjórum árum í fyrsta sinn á

árinu 1994 þannig að reiknaðar skuldbindingar verði að fullu færðar í efnahagsreikning í síðasta lagi í árslok 1997. Heimilt er að færa slíka gjaldfærslu meðal óreglulegra liða á rekstrarlið 14.2, „Óregluleg gjöld". Fjárhæðin skal framreiknast skv. hækkun lánskjaravísitölu frá 1. jan. 1994 og reikna skal sömu ársvexti og getið er um í 4. tölulið 1. mgr. þessa viðauka. Gera skal grein fyrir heildarskuldbindingum í skýringum í ársreikningi hvers árs og skulu þær reiknaðar eins og nánar er tilgreint í 1. mgr. þessa viðauka.

VIÐAUKI III

Upplýsingar og sundurliðanir í skýringum í ársreikningi sbr. 61. gr. reglnanna.

Eignaliður 3. •Kröfur á lánastofnanir".

Sundurliðun eftir skuldurum, enda komi hún ekki fram í efnahagsreikningi:	Kr.
1. Bundnar kröfu á seðlabanka	
2. Kröfur á lánastofnanir:	
2.1. Hlutdeildarfyrirtæki	
2.2. Tengd fyrirtæki	
2.3. Aðrar lánastofnanir	
Samtals	

Sundurliðun skv. eftirstöðvatíma:	Kr.
1. Gjaldkræfar kröfur	
2. Allt að 3 mán.	
3. Yfir 3 mán. og allt að ári	
4. Yfir 1 ár og allt að 5 árum	
5. Yfir 5 ár	
Samtals	

Eignaliður 4. •Útlán o.fl.".

Eignaliður 4.1. •Útlán til viðskiptavina".

Sundurliðun eftir útlánsformum: *	Kr.
1. Yfirdráttarlán	
2. Afurða- og rekstrarlán	
3. Víxlar	
4. Skuldabréf	
5. Innleystar ábyrgðir	
6. Annað	
Samtals	

*) Að frádregnum afskriftareikningi útlána. Almennur afskriftareikningur dragist frá hlutfallslega miðað við vægi viðkomandi eignaliða.

Eignaliður 4. •Útlán o.fl.“, framh.

Eignaliðir 4.1. •Útlán til viðskiptavina“ og 4.2. •Eignarleigusamningar“.

*Sundurliðun eftir atvinnugreinaflokkun: **	%
1. Ríkissjóður og ríkisstofnanir	
2. Bæjar- og sveitarfélög.	
3. Fyrirtæki:	
(sundurliðist á helstu atvinnugreinar)	
4. Einstaklingar	
Samtals	

Eignaliðir 4.1. •Útlán til viðskiptavina“ og 4.2. •Eignarleigusamningar“.

*Sundurliðun skv. eftirstöðvatíma: **	Kr.
1. Gjaldkræfar	
2. Allt að 3 mán.	
3. Yfir 3 mán. og allt að 1 ári	
4. Yfir 1 ár og allt að 5 árum	
5. Yfir 5 ár	
Samtals	

Eignaliður 4.2. •Eignarleigusamningar“.

*Sundurliðun eftir tegundum eigna: **	Kr.
1. Samningar um fasteignir	
2. Samningar um vélar og tæki	
3. Annað	
Samtals	

Eignaliður 4.3. •Fullnustueignir“.

Sundurliðun fullnustueigna:	Kr.
1. Fasteignir	
2. Lausafjármunir	
3. Eignarhlutir í fullnustu- og rekstrarfélögum	
4. Útlán til fullnustu- og rekstrarfélaga **	
5. Aðrir eignarhlutir.	
Samtals	

Óvaxtaberandi útlán.

	31.12.199x Kr.	1.1.199x Kr.
Vaxtafryst útlán (afskriftareikningur frádreginn)		
Fullnustueignir		
Samtals		

*) Að frádregnum afskriftareikningi útlána. Almennur afskriftareikningur dragist frá hlutfallslega miðað við vægi viðkomandi eignaliða.

**) Útlán til fullnustu- og rekstrarfélaga enda sé slíkt félag komið í meirihlutaeign stofnunarinnar og/eða annarra lánastofnana og útlánin ekki talin að fullu tryggð.

Eignaliður 4. •Útlán o.fl.“, framh.

Afskriftalán, þ.e. útlán og fullnustueignir sem sérstakar afskriftir hafa verið færðar fyrir.

	Kr.
Afskriftalán	
- Sérstakur afskriftareikningur	
Afskriftalán að frádregnum sérstökum afskriftareikningi	

Afskriftareikningur útlána.

Hreyfingar á árinu:	Sérstakur afskriftareikn. Kr.	Almennur afskriftareikn. Kr.	Samtals Kr.
Staðan 1.1.			
Framlög á árinu			
- Endanlega töpuð útlán			
Innkomið áður afskrifað			
Staðan 31.12.			

Eignaliður 5. •Markaðsskuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum“.

	Kr.
Fjárhæð sem koma á til greiðslu innan árs frá uppgjörsdegi	

	Markaðsverð Kr.	Bókfært verð Kr.
Eignaliðir 5.1. og 5.2. •Veltuskuldabréf“:		
1. Skráð á Verðbréfaþingi Íslands		
2. Önnur skráð skuldabréf		
3. Óskráð skuldabréf		
Samtals		
Eignaliðir 5.3. og 5.4. •Fjárfestingarskuldabréf“:		
1. Skráð á Verðbréfaþingi Íslands		
2. Önnur skráð skuldabréf		
3. Óskráð skuldabréf		
Samtals		

Eignaliður 5.3. og 5.4. •Fjárfestingarskuldabréf“.

Hreyfingar á árinu:	Kr.
Bókfært verð 1.1.	
Keypt á árinu	
Selt á árinu	
Endurmat og gjaldmiðilsbreytingar	
Bókfært verð 31.12.	

Eignaliður 6. „Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum".

Eignaliður 6. „Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum".

	Markaðsverð Kr.	Bókfært verð Kr.
Eignaliður 6.1. „Veltuhlutabréf":		
1. Skráð á Verðbréfaþingi Íslands		
2. Önnur skráð hlutabréf o.fl.		
3. Óskráð hlutabréf o.fl.		
Samtals		
Eignaliður 6.2. „Fjárfestingarhlutabréf":		
1. Skráð á Verðbréfaþingi Íslands		
2. Önnur skráð hlutabréf o.fl.		
3. Óskráð hlutabréf o.fl.		
Samtals		

Eignaliður 6.2. „Fjárfestingarhlutabréf".

Hreyfingar á árinu:	Kr.
Bókfært verð 1.1.	
Keypt á árinu	
Selt á árinu	
Endurmat og gjaldmiðilsbreytingar	
Bókfært verð 31.12.	

Eignaliður 6.2. „Fjárfestingarhlutabréf".

Sundurliðun eftir fyrirtækjum *	Eignar hlutur %	Hagnaðar-hlutdeild Kr.	Nafnverð Kr.	Markaðs-verð Kr.	Bókfært verð Kr.
Samtals					

*) Hlutir í fyrirtækjum skráðum á verðbréfamarkaði skulu auðkenndir.

Eignaliður 7. „Hlutir í hlutdeildarfyrirtækjum".

Sundurliðun eftir fyrirtækjum *	Eignar hlutur %	Hagnaðar-hlutdeild Kr.	Nafnverð Kr.	Markaðs-verð Kr.	Bókfært verð Kr.
Samtals					

*) Hlutir í fyrirtækjum skráðum á verðbréfamarkaði skulu auðkenndir.

Eignaliður 8. •Hlutir í tengdum fyrirtækjum“.

Sundurliðun eftir fyrirtækjum *	Eignar hlutur %	Hagnaðar-hlutdeild Kr.	Nafnverð Kr.	Markaðs-verð Kr.	Bókfært verð Kr.
Samtals					

*) Hlutir í fyrirtækjum skráðum á verðbréfamarkaði skulu auðkenndir.

Eignaliður 9. •Óefnislegar eignir“.

Hreyfingar á árinu:	Viðskipta-vild Kr.	Aðrar óefnis-legar eignir Kr.
Bókfært verð 1.1.		
Keypt á árinu		
Selt á árinu		
Endurmat og gjaldmiðilsbreytingar		
Bókfært verð 31.12.		

Eignaliður 10. •Rekstrarfjármunir“.

Hreyfingar á árinu:	Húseignir og lóðir Kr.	Húsbúnaður, tæki o.fl Kr.	Samtals Kr.
Heildarverð 1.1.			
Viðbót á árinu			
Endurmat á árinu			
Selt á árinu			
Heildarverð 31.12.			
Samtals			
Afskrifað áður			
Afskrifað á árinu			
Endurmat ársins			
Selt á árinu			
Afskrifað samtals			
Samtals			
Bókfært verð 31.12.			

Tilgreina skal fasteignamat húseigna og lóða og brunabótamat húseigna

Eignaliður 11. •Rekstrarleigueignir“.

Sambærileg sundurliðun og fyrir rekstrarfjármuni sbr. hér á undan.

Yfirlit yfir kröfur á og skuldir við hlutdeildarfyrirtæki og tengd fyrirtæki.

	Hlutdfyrirt. Kr.	Tengd fyrirt. Kr.
Eignaliðir:		
E.2. Ríkisvíxlar og aðrir víxlar endurseljanl. í seðlab.		
E.3.2. Kröfur á lánastofnanir		
E.4.1. Útlán til viðskiptavina		
E.5. Markaðsskuldabréf o.fl.		
Eignaliðir samtals		
Skuldaliðir:		
S.1. Skuldir við lánastofnanir o.fl.		
S.2. Innlán		
S.3 Verðbréfaútgáfa		
S.7. Víkjandi skuldir		
Skuldaliðir samtals		

Yfirlit yfir víkjandi kröfur.

Eignaliðir:	Hlutdfyrirt. Kr.	Tengd fyrirt. Kr.	Önnur fyrirt. Kr.
E.3.2. Kröfur á lánastofnanir			
E.4.1. Útlán til viðskiptavina			
E.5. Markaðsskuldabréf o.fl.			
Víkjandi kröfur samtals			

Eignir og skuldir tengdar erlendum gjaldmiðlum.

	Kr.
Gengisbundnar eignir	
Gengisbundnar skuldir	
Mismunur	

Eignir og skuldir tengdar verðtryggingu.

	Kr.
Verðtryggðar eignir	
Verðtryggðar skuldir	
Mismunur	

Skuldaliður 1. •Skuldir við lánastofnanir o.fl.“.

Skuldaliður 1.2. •Aðrar skuldir við lánastofnanir“.

Sundurliðun skv. eftirstöðvatíma:	Kr.
1. Allt að 3 mán.	
2. Yfir 3 mán. og allt að 1 ári	
3. Yfir 1 ár og allt að 5 árum	
4. Yfir 5 ár.	
Samtals	

Skuldaliður 2. •Innlán“.

Skuldaliðir 2.2., 2.3., og 2.4.

Sundurliðun skv. eftirstöðvatíma:	Kr.
1. Allt að 3 mán.	
2. Yfir 3 mán. og allt að 1 ári	
3. Yfir 1 ár og allt að 5 árum	
4. Yfir 5 ár.	
Samtals	

Skuldaliður 3. •Verðbréfaútgáfa“.

	Kr.
Fjárhæð sem koma á til greiðslu innan árs frá uppgjörsdegi	

Skuldaliður 6. •Reiknaðar skuldbindingar“.

Skuldaliður 6.1. •Lífeyrisskuldbindingar“.

Sundurliðun áfallinna lífeyrisskuldbindinga vegna:	Kr.
Stjórnar, framkvæmdastjórnar og annarra stjórnenda	
Annarra starfsmanna	
Samtals	

Greint skal frá ávöxtunarkröfu sem miðað er við.

Skuldbindingar vegna stjórnar og stjórnenda aðrar en lífeyrisskuldbindingar.

Heildarfjárhæð lána til og ábyrgða vegna:	Kr.
Stjórnar	
Framkvæmdastjórnar	
Annarra stjórnenda	

Starfsmannafjöldi.

	Fjöldi
Meðalfjöldi starfsmanna á árinu umreiknaður í heilsársstörf	
Stöðugildi í árslok	
þ.a. bankastörf	

Eigið fé og eiginfjárhlutfall.

Eigið fé og eiginfjárhlutfall samkvæmt eiginfjárákvæðum laga:	Kr.
Eigið fé	
Áhættugrunnur	
Eiginfjárhlutfall	%

Eiginfjárhreyfingar.

	Kr.
8.1. Hlutafé/stofnfé 1.1.199x	
a. Hlutafjáraukning	
b. Útgefin jöfnunarhlutabréf	
c. Lækkun hlutafjár	
d. Annað	
Hlutafé/stofnfé 31.12.199x	
8.2. Varasjóðir 1.1.199x	
a. Millifært frá óráðstöfuðu eigin fé	
b. Framlag í lögbundinn varasjóð vegna yfirverðs hlutafjár	
c. Önnur framlög í lögbundinn varasjóð	
d. Annað	
Varasjóðir 31.12.199x	
8.3. Endurmatsreikningar 1.1.199x	
a. Endurmat á árinu	
b. Millifært á hlutafé v/jöfnunarhlutabréfa.	
c. Annað	
Endurmatsreikningar 31.12.199x	
8.4. Óráðstafað eigið fé 1.1.199x	
a. Hagnaður/tap ársins	
b. Millifært af yfirverðsreikningi	
c. Framlag í lögbundinn varasjóð	
d. Önnur framlög í varasjóði	
e. Greiddur arður	
f. Annað	
Óráðstafað eigið fé 31.12.199x	

11. október 1994 Nr. 555

REGLUGERÐ

um búsetu fatlaðra.

1. gr.

Fatlaðir skulu eiga kost á að búa þannig sem best hentar hverjum og einum miðað við óskir hins fatlaða, aðstæður og þörf á þjónustu.

Búseta fatlaðra skal vera í almennri íbúðabyggð.

Um er að ræða eftirfarandi kosti, lögum samkvæmt:

A. Félagslegar íbúðir.
B. Verndaðar íbúðir.
C. Sambýli.
D. Vistheimili.
E. Áfangastaði.
F. Heimili fyrir börn.

Heimili og stofnanir skv. C–F lið eru háð starfsleyfi félagsmálaráðuneytis séu þau rekin af sveitarfélögum, félagasamtökum eða sjálfseignarstofnunum.

2. gr.

Svæðisskrifstofur, í samvinnu við sveitarfélög eða félagasamtök, skulu stuðla að því að félagslegar íbúðir standi fötluðum til boða. Í því skyni skal svæðisskrifstofa gera áætlun um þörfina í samráði við húsnæðisnefnd viðkomandi sveitarfélags. Með félagslegum íbúðum er átt við íbúðir sem veitt eru lán til úr Byggingarsjóði verkamanna skv. lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins. Íbúðirnar eru á vegum sveitarfélaga, félagasamtaka eða sjálfseignarstofnana.

Heimilt er að veita fé úr Framkvæmdasjóði fatlaðra til félagslegra íbúða, sbr. reglugerð um Stjórnarnefnd málefna fatlaðra nr. 204/1994.

Verndaðar íbúðir.

3. gr.

Með vernduðum íbúðum er átt við íbúðir sem byggðar eru saman í húsi og skipulögð sérstök þjónusta fyrir húsið í heild sinni. Þar getur verið um að ræða húsvörslu, mötuneyti, sameiginlegt eldhús, sameiginlegt tómstundarými o.fl.

4. gr.

Verndaðar íbúðir geta verið á vegum sveitarfélaga, félagasamtaka eða sjálfseignarstofnana.

Íbúðirnar geta jöfnum höndum verið félagslegar íbúðir sem og íbúðir á almennum markaði í eigu ofangreindra aðila.

Verndaðar íbúðir eru leigðar hinum fötluðu. Eigandi ber ábyrgð á kostnaði við rekstur sameignar, en er heimilt að taka sérstakt gjald af leigutaka fyrir þá þjónustu sem þar er veitt.

Sambýli.

5. gr.

Sambýli eru heimili fámennra hópa fatlaðra, 16 ára og eldri, sem þarfnast að jafnaði nærveru starfsmanns.

Eigi skulu vera fleiri en 5–6 íbúar á hverju sambýli og skulu þeir hver um sig eiga kost á einkarými ásamt snyrtiaðstöðu ef kostur er.

Á sambýlum skal fjöldi starfsmanna ráðast af mati á þjónustuþörf íbúanna.

6. gr.

Stofnkostnaður sambýla er greiddur úr Framkvæmdasjóði fatlaðra, sbr. 1.–3. tölul. 40. gr. laga um málefni fatlaðra.

Launakostnaður starfsmanna greiðist úr ríkissjóði. Jafnframt greiðir ríkissjóður fæðisfé starfsmanna og rennur það í heimilissjóð sambýlisins, sbr. 3. mgr.

Annar rekstrarkostnaður greiðist af íbúum sambýlisins þannig að íbúarnir leggja að hámarki 75% af samanlögðum örorkulífeyri og tekjutryggingu eða jafngildi þess í sérstakan heimilissjóð. Heimilissjóðurinn skal standa undir sameiginlegum útgjöldum íbúanna, svo sem fæðiskostnaði, rafmagns- og hitakostnaði, opinberum gjöldum, kaupum á heimilistryggingu, afnotagjöldum af síma, sjónvarpi og útvarpi, svo og eðlilegu viðhaldi húsbúnaðar. Jafnframt skal heimilissjóðurinn standa undir kostnaði af viðhaldi á læsingum, vatnskrönum, raftenglum og öðru smálegu.

Vistheimili.

7. gr.

Með vistheimili er átt við sólarhringsstofnanir fyrir fatlaða á öllum aldri þar sem hinir fötluðu eiga heimili og fá nauðsynlega þjónustu.

Rekstrarkostnaður greiðist allur úr ríkissjóði og fá heimilismenn vasapeninga skv. lögum um almannatryggingar.

Áfangastaðir.

8. gr.

Með áfangastað er átt við dvalarstað fyrir fatlaða þar sem þeim er gefinn kostur á að búa tímabundið eftir að þeir hafa dvalið á stofnun og til að undirbúa sjálfstætt líf.
Um stofn- og rekstrarkostnað gilda sömu reglur og um sambýli, sbr. 3. mgr. 6. gr.

Heimili fyrir börn.

9. gr.

Börn á aldrinum 0–16 ára sem vegna fötlunar sinnar geta ekki búið í foreldrahúsum skulu eiga kost á búsetu á sérstökum heimilum fyrir börn. Skilyrði slíkrar vistunar er að hún sé í þágu barns og að ósk aðstandenda og að leitað hafi verið allra leiða til að styðja og styrkja fjölskyldu barns til að annast það. Umönnun og uppeldi, sem veitt er á heimilinu, skal fara fram í samráði við forráðamenn barns eftir því sem kostur er.

Um stofnkostnað gilda sömu reglur og um vistheimili, einnig um rekstrarkostnað eftir því sem við á.

Þjónusta við fatlaða.

10. gr.

Þjónusta við fatlaða skal ávallt veitt með þeim hætti að hún efli sjálfstæði þeirra og færni.

11. gr.

Fatlaðir sem búa sjálfstætt í íbúð eða í verndaðri íbúð eiga rétt á utanaðkomandi aðstoð:

A. Heimaþjónustu skv. lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga. Hversu mikil þjónusta er veitt fer eftir mati á þjónustuþörf annars vegar og reglum viðkomandi sveitarfélags hins vegar.
B. Frekari liðveislu skv. lögum um málefni fatlaðra. Hversu mikil þjónusta er veitt fer eftir mati á þörf, röðun í forgang á svæðinu og því fjármagni sem veitt er til málaflokksins af hálfu ríkisins.

Jafnframt geta fatlaðir átt rétt á almennri liðveislu samkvæmt reglum viðkomandi sveitarfélags.

Um heimahjúkrun vísast til laga um heilbrigðisþjónustu.

Aðstoð tengist einstaklingum og þörf þeirra á hverjum tíma.

12. gr.

Á sambýlum og vistheimilum skal fötluðum veitt sú þjónusta sem nauðsynleg er til að efla sjálfstæði þeirra og færni. Skal íbúunum veitt leiðsögn eftir þörfum og kappkostað að hafa þá með í ráðum um allt er varðar einkahagi þeirra og heimilishagi.

Íbúar á áfangastað fá félagslega hæfingu, stuðning og ráðgjöf.

Heimili fyrir börn skulu tryggja börnum þroskavænleg uppeldisskilyrði og nauðsynlega umönnun. Leitast skal við að þau fái notið þjálfunar og tómstunda utan heimilis svo sem frekast er kostur.

Rekstur á stofnunum og heimilum fatlaðra.

13. gr.

Framkvæmdastjóri svæðisskrifstofu, eða starfsmaður í umboði hans, ber ábyrgð á starfsemi heimila og stofnana skv. C–F lið 1. gr., þ.e. starfsmannahaldi, innra starfi og samskiptum við aðra aðila, svo sem aðstandendur, vinnustaði, skóla og dagvist.

Framkvæmdastjóri svæðisskrifstofu, eða starfsmaður í umboði hans, ber ábyrgð á vörslu einkafjármuna íbúanna og sameiginlegra sjóða þeirra á heimilum og stofnunum skv. C–F lið 1. gr.

Framkvæmdastjóri svæðisskrifstofu skal fela tilteknum starfsmanni sambýla og áfangastaða að halda bókhald um fjárframlag íbúa til rekstrar heimilisins og er ábyrgur gagnvart íbúum eða umboðsmönnum þeirra um meðferð rekstrarfjármuna. Félagsmálaráðuneytið setur nánari reglur um bókhald þessara heimila.

Ákvæði 1.–3. mgr. eiga einnig við um heimili og stofnanir sem reknar eru af öðrum aðila en ríkinu eftir því sem við á.

Ákvörðun um búsetu og þjónustu.

14. gr.

Umsókn um búsetu í verndaðri íbúð, sambýli, vistheimili, heimili fyrir börn og áfangastað skal send til viðkomandi svæðisskrifstofu. Umsókn er því aðeins gild að hún komi frá hinum fatlaða eða forráðamanni hans.

Svæðisskrifstofa skal sjá um að þörf hins fatlaða fyrir þjónustu sé metin áður en ákveðið er um búsetu. Skal við matið haft samráð við greiningar- og ráðgjafaraðila.

Sé viðkomandi búsetuúrræði á vegum svæðisskrifstofu tekur svæðisskrifstofa ákvörðun um vistun í samráði við hinn fatlaða og væntanlegt sambýlisfólk hans.

Sé búsetuúrræði á vegum annars aðila en svæðisskrifstofu, þ.e. sveitarfélags, félagasamtaka eða sjálfseignarstofnunar, skal leita samþykkis þess aðila áður en ákvörðun um vistun er tekin í samráði við hinn fatlaða og væntanlegt sambýlisfólk hans.

15. gr.

Verði ágreiningur um afgreiðslu umsóknar um vistun skv. 14. gr. skal málið sent svæðisráði sem fjallar um það mál.

16. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er er samkvæmt lögum nr. 59/1992 um málefni fatlaðra, öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi fallin reglugerð fyrir sambýli nr. 541/1988.

Félagsmálaráðuneytið, 11. október 1994.

Guðmundur Árni Stefánsson.

Þorgerður Benediktsdóttir.

Nr. 556 14. október 1994

REGLUGERÐ

um húsaleigubætur.

I. KAFLI

Fjárhæð og útreikningur húsaleigubóta.

1. gr.

Húsaleigubætur skal ákvarða þannig, að grunnstofn til útreiknings húsaleigubóta á mánuði skal vera 7.000 kr. fyrir hverja íbúð. Að auki bætast við 4.500 kr. fyrir fyrsta barn, 3.500 kr. fyrir annað og 3.000 kr. fyrir þriðja. Til viðbótar koma 12% þess hluta leigufjárhæðar er liggur á milli 20.000 - 45.000 kr.

Bætur skerðast óháð fjölskyldustærð í hverjum mánuði um 2% af árstekjum umfram 1,5millj. kr.

Húsaleigubætur geta þó aldrei orðið hærri en sem nemur 50% af leigufjárhæð, að hámarki 21.000 kr. á mánuði.

II. KAFLI
Umsókn um húsaleigubætur.

2. gr.

Umsókn um húsaleigubætur skal skilað til viðkomandi sveitarfélags á sérstöku þar til gerðu eyðublaði er félagsmálaráðuneytið hefur útbúið. Eyðublöðin skulu liggja frammi almenningi til afnota, á skrifstofum sveitarfélaga, hjá samtökum leigusala og leigjenda, Húsnæðisstofnun ríkisins og annars staðar þar sem ástæða þykir til.

3. gr.

Sækja þarf um húsaleigubætur fyrir hvert almanaksár og gildir umsóknin til ársloka.

Umsókn um húsaleigubætur skal hafa borist eigi síðar en 15 dögum fyrir fyrsta dag útgreiðslumánaðar.

Sé umsókn ófullnægjandi eða henni fylgja ekki nauðsynleg gögn þá koma bætur ekki til greiðslu í næsta mánuði, með vísan til 1. mgr., en réttur til bóta miðast hins vegar við umsóknartíma, berist fullnægjandi gögn síðar.

Ákvörðun um rétt til húsaleigubóta og um bótafjárhæðir skal endurskoða á grundvelli breyttra aðstæðna.

Húsaleigubætur greiðast ekki mánaðarlega sé útreiknuð fjárhæð bóta undir 500 kr. Greiðsla þeirra fer fram í desember ár hvert.

4. gr.

Hafi sveitarfélag beinan aðgang að upplýsingum ríkisskattstjóra varðandi tekjur og eignir umsækjanda, þ.m.t. aðgang að staðgreiðslu getur það ákveðið að umsækjandi þurfi ekki að leggja fram afrit af skattskýrslu né launaseðlum svo framarlega sem sveitarfélaginu er veitt fullt umboð til þess að afla þeirra upplýsinga hjá skattyfirvöldum.

III. KAFLI
Endurgreiðsla Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

5. gr.

Endurgreiðsla Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, skv. 3. gr. laga um húsaleigubætur, nr. 100/1994, skal fara fram ársfjórðungslega. Greiðslur sjóðsins skulu inntar af hendi, eigi síðar en, 5. apríl, 5. júlí, 5. október og 31. desember ár hvert að því tilskyldu að fullnægjandi skilagrein hafi borist sjóðnum 15 dögum fyrir hvern tilgreindan greiðsludag.

Berist skilagrein síðar en tilgreint er í 1. mgr. frestast endurgreiðsla fram á næsta tilgreindan greiðsludag. Endurgreiðsluréttur fellur niður hafi skilagrein ekki borist innan 6 mánaða frá greiðsludegi viðkomandi tímabils.

6. gr.

Sveitarfélög skulu skila upplýsingum til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á þar til gerðum eyðublöðum Jöfnunarsjóðs, ásamt nafnalista þar sem fram koma nöfn, heimilisföng og kennitölur þeirra sem hafa fengið húsaleigubætur greiddar ásamt upplýsingum um fjárhæðir bóta.

IV. KAFLI
Lagaheimild og gildistaka.

7. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 6. gr. laga nr. 100/1994 um húsaleigubætur, og með heimild í 22. gr. laganna, öðlast gildi 1. janúar 1995. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um fjárhæð og útreikning húsaleigubóta nr. 514/1994.

Félagsmálaráðuneytið, 14. október 1994.

Össur Skarphéðinsson.

Elín S. Jónsdóttir.

SAMÞYKKT

um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Ísafjarðarkaupstað, nr. 474 4. desember 1984.

1. gr.

Við 33. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Bæjarstjórn er heimilt að fenginni umsögn lögreglustjóra að veita undanþágu til heimsendingar veitinga, utan framangreinds tíma, enda raski það ekki allsherjarreglu.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Ísafjarðar hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum um lögreglusamþykktir, nr. 36 18. maí 1988, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 10. október 1994.

Þorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.

REGLUGERÐ

um deildaskiptingu og safnráð Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns.

1. gr.

Í Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni eru þessar deildir:

Þjóðdeild, handritadeild, aðfangadeild, skráningardeild, útlánadeild og upplýsingadeild.

2. gr.

Safnráð Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns er samráðsvettvangur yfirmanna bókasafnsins og forstöðumanna deilda.

Í safnráði eiga sæti: Landsbókavörður, sem er formaður ráðsins, aðstoðarlandsbókavörður, forstöðumenn deilda, sbr. 1. gr., og allt að þrír aðrir forstöðumenn einstakra starfsþátta samkvæmt ákvörðun stjórnar safnsins að fengnum tillögum landsbókavarðar.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 5. gr., sbr. 12. gr. laga nr. 71/1994, um Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 11. október 1994.

Ólafur G. Einarsson.

Árni Gunnarsson.

AUGLÝSING

um leiðbeinandi reglur um auglýsingar og umhverfisvernd.

1. gr.

Inngangur.

Á undanförnum árum hefur áhugi neytenda á umhverfisvernd aukist og nú velta margir því fyrir sér, hvaða áhrif framleiðsla og neysla getur haft á umhverfið. Framleiðendur hafa höfðað æ meir til breyttra viðhorfa á þessum vettvangi og margir hafa markaðssett vörur sem þeir fullyrða að séu „umhverfisvænar" og skaðlausar lífríkinu. Þær fullyrðingar hafa ekki alltaf haft við rök að styðjast.

Samkvæmt samkeppnislögum eru óréttmætir viðskiptahættir bannaðir. Atvinnurekendur mega ekki veita rangar eða villandi upplýsingar í auglýsingum eða með öðrum hætti. Samkvæmt lögunum getur samkeppnisráð sett nánari reglur til þess að koma í veg fyrir að upplýsingar séu villandi eða óhæfilegar gagnvart neytendum. Þessar leiðbeiningar eru settar í því skyni.

Samkeppnisráð telur brýna nauðsyn bera til að kynna seljendum, framleiðendum, og auglýsingastofum sem starfa fyrir þá, hvers konar upplýsingar er æskilegt að gefa í auglýsingum þegar fjallað er um þau áhrif sem vara og framleiðsla hefur – eða getur haft – á umhverfið. Þetta á ekki síst við nú þar sem tekið hefur verið í notkun norrænt umhverfismerki og með hliðsjón af því almenna markmiði að vernda beri umhverfið. Norræna umhverfismerkið heitir Svanurinn og er eina opinbera umhverfismerkið á Íslandi. Framleiðandi vöru sem stenst tilskildar kröfur getur sótt um að nota merkið á vöru sína. Framleiðendur sem vilja sækja um slíkt merki eða óska eftir vitneskju um norræna umhverfismerkið eða önnur opinber merki eins og t.d. ESB-merkið, verða að leita til Hollustuverndar ríkisins.

Umboðsmenn neytenda á Norðurlöndum og fulltrúar Samkeppnisstofnunar hafa unnið að sameiginlegum leiðbeiningum á þessu sviði. Þessar leiðbeiningar eru fyrst og fremst samdar með auglýsendur og auglýsingastofur í huga, en að sjálfsögðu geta ýmsir aðrir einnig haft af þeim gagn.

2. gr.

Áhrif vöru og framleiðslu á umhverfi.

Upplýsingar um þau áhrif sem neysluvarningur hefur á umhverfið eru mikilvægar fyrir almenning. Þegar gengið hefur verið úr skugga um að vara hafi verið bætt með tilliti til umhverfisáhrifa, má nota fullyrðingar þar að lútandi í markaðssetningu, auglýsingum o.þ.h.

Hafa þarf til hliðsjónar þau áhrif sem aðrar vörur í sama vöruflokki hafa á umhverfið. Hafi löggjafinn t.d. bannað notkun tiltekinna efna mega framleiðendur ekki geta þess sérstaklega að varan sé án efnanna. Notkun þeirra er bönnuð og þar við situr.

3. gr.

Skýrar og einfaldar upplýsingar.

Tilgreina þarf nákvæmlega allar staðhæfingar um áhrif á umhverfið svo að enginn vafi skapist. Eiga fullyrðingarnar við umbúðirnar eða vöruna eða hvort tveggja?

Forðist almennar, ónákvæmar og margræðar staðhæfingar. Forðist að nota orðalag sem hægt er að skilja á fleiri en einn veg.

Gerið ekki of mikið úr þeim áhrifum sem ákvörðun neytandans um kaup á vöru eða þjónustu hefur á umhverfið. Lýsið ekki smávægilegum endurbótum á framleiðslunni eins og þær skipti sköpum fyrir umhverfið.

4. gr.

Metin heildaráhrif markaðssetningarinnar.

Þegar fullyrðingar um áhrif vöru og framleiðslu á umhverfi eru settar fram verður að meta þau áhrif sem auglýsingin hefur í heild. Heildaráhrifin verða að styðjast við staðreyndir.

Athugið vel áhrif mynda og forðist að hafa villandi myndir á umbúðum. Forðist einnig að útvarpa hljóðum eða sýna á skjánum tilvik sem geta villt um fyrir neytendum.

Forðist að gera mikið úr jákvæðum áhrifum á umhverfið með því að nota orð eins og t.d. umhverfisvænn, vistvænn eða náttúruvinur í sambandi við nafn vörunnar. Slíkar fullyrðingar gefa í skyn að varan sé skaðlaus umhverfinu eða jafnvel bæti það.

Hafi efni, skaðlegt umhverfinu, verið fjarlægt úr vörunni á ekki að geta um það sem aðalröksemd nema öruggt sé:

1. Að efnið hafi haft skaðleg áhrif á umhverfið.
2. Að betra efni sé komið í staðinn.

Tilgreinið rökin nákvæmlega með því að segja í hverju kostirnir eru fólgnir fyrir umhverfið, t.d. án klórs eða án kvikasilfurs ef það kemur ekki fram á annan hátt.

5. gr.

Könnun heimilda.

Fullyrðingar um áhrif á umhverfi verða að vera réttar. Þetta á ekki síst við um vörur sem augljóslega hafa í för með sér mikið álag á umhverfið.

Á grundvelli þeirra gagna sem notuð eru í sölustarfsemi eiga neytendur að geta metið raunveruleg áhrif vörunnar á umhverfið.

Sú almenna skylda hvílir á seljendum og auglýsendum að geta sannað fullyrðingar sem fram koma í auglýsingum. Færa þarf sönnur á staðhæfingar þegar þær eru notaðar sem aðalrök í sölumennskunni eða þegar sagt er t.d. frá vistfræðilegum eiginleikum vörunnar. Hið sama á við þegar fullyrt er að notkun vöru eða þjónustu hafi minni skaðleg áhrif en vara eða þjónusta keppinauta.

Upplýsingar til neytenda verða að byggjast á niðurstöðum viðurkenndra rannsókna. Heimildir fyrir fullyrðingum eða ályktunum verða að vera fyrir hendi áður en sölustarfsemin hefst.

Jafnvel þótt rétt sé farið með staðreyndir má ekki sleppa mikilvægum atriðum né setja upplýsingar fram á villandi hátt. Ekki má taka fram að vara sé laus við efni eða eiginleika sem eru henni óviðkomandi.

6. gr.

Alhæfingar um vöru.

Ef orðið umhverfisvænn er notað, eða önnur sambærileg, verður að vera til nákvæm skýrsla um öll áhrif á umhverfi sem varan hefur frá upphafi til enda. Hér er átt við vöruna á framleiðslustigi, í notkun og eftir að hún er lögð til hliðar.

Orðið umhverfisvænn er erfitt að réttlæta ef framleiðsla vörunnar og notkun hennar hefur í för með sér mikið álag á umhverfi.

Almennar fullyrðingar um áhrif vörunnar á umhverfi verður að vera hægt að styðja með niðurstöðum úr rannsóknum. Fullyrðingar af þessu tagi má einungis nota ef varan,

frá upphafi til enda, hefur minni skaðleg áhrif á umhverfið en aðrar vörur í sama vöruflokki.

7. gr.

Endurvinnsla og endurnýtanlegar umbúðir.

Staðhæfingar um endurnýtingu eða endurvinnslu verða að eiga við rök að styðjast. Ef hugtök svo sem „endurvinnsla“ og/eða „endurnýtanlegar umbúðir“ eru notuð þarf að tilgreina nákvæmlega:

1. Hvort þau eiga við um vöruna, umbúðirnar eða hráefnið.
2. Hvort neytendur geta skilað umbúðunum eftir notkun til endurvinnslu eða endurnotkunar.

8. gr.

Samskonar vörur bornar saman.

Ef samanburður er gerður á áhrifum mismunandi vara á umhverfi skal eingöngu bera saman vörur sem eru sambærilegar og af sömu tegund.

9. gr.

Umhverfisvernd fyrirtækja.

Ef fyrirtæki halda því fram við markaðssetningu sína að þau séu brautryðjendur í umhverfisvernd - eða taki sérstakt tillit til umhverfisins verða slíkar fullyrðingar að vera sannar og viðeigandi.

10. gr.

Gildistaka.

Framangreindar leiðbeinandi reglur eru settar með heimild í 30. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 og öðlast þær gildi við birtingu.

Samkeppnisstofnun, 11. ágúst 1994.

Georg Ólafsson.

Sigrún Kristmannsdóttir.

10. október 1994 Nr. 560

AUGLÝSING

um umferð í Stöðvarhreppi.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu hreppsnefndar Stöðvarhrepps, eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Stöðvarhreppi:

1. Að biðskylda verði á Grenimel gagnvart Fjarðarbraut.
2. Að biðskylda verði á Skólabraut gagnvart Túngötu og Hólalandi.

Auglýsing þessi tekur þegar gildi.

Sýslumaðurinn á Eskifirði, 10. október 1994.

Júlíus Magnússon ftr.

REGLUGERÐ

um búfjársæðingar og flutning fósturvísa.

1. gr.

Gildissvið o. fl.

Reglugerð þessi tekur til sæðinga og fósturvísaflutninga búfjár, þ.e. nautgripa, sauðfjár, geita svína, hrossa, loðdýra og alifugla. Búnaðarfélag Íslands hefur yfirumsjón með starfrækslu sæðingarstöðva og kynbótastarfsemi þeirra í samvinnu við yfirdýralækni.

Sæðingarstöð er staður þar sem söfnun og meðhöndlun sæðis fer fram. Fósturvísastöð er aðstaða þar sem söfnun og meðhöndlun fósturvísa fer fram.

Hver sá sem hefur í hyggju að setja á stofn sæðingarstöð eða fósturvísastöð skal sækja um það til Búnaðarfélags Íslands og gefa upplýsingar um tilhögun, útbúnað og starfssvæði stöðvarinnar. Landbúnaðarráðherra veitir leyfi til starfrækslu stöðvarinnar að fengnum meðmælum Búnaðarfélags Íslands og yfirdýralæknis.

Sæðingar- og fósturvísastöðvar skulu senda Búnaðarfélagi Íslands árlega skýrslu um kynbótastarfsemina.

2. gr.

Yfirstjórn og starfslið sæðingarstöðva.

Forstöðumaður sæðingarstöðvar skal hafa kynnt sér starfsemi sæðingarstöðva þeirrar tegundar sem hann skal veita forstöðu. Áður en forstöðumaður er ráðinn skal leita skriflegs samþykkis Búnaðarfélags Íslands fyrir ráðningunni að fenginni umsögn yfirdýralæknis. Á sæðingarstöð skal vera hið minnsta einn starfsmaður sem hefur staðgóða þekkingu á öllu er lýtur að sæðistöku, sæðisgæðum, þynningu og pökkun sæðis og smitgát.

Heimilt er að synja ráðningu starfsmanns ef rök hníga að því að hætta geti verið á smitburði inn á stöðina að mati yfirdýralæknis.

3. gr.

Aðstaða og búnaður.

Öll húsakynni á sæðingarstöð skulu vera björt og rúmgóð og allar innréttingar, veggir, dyra- og gluggabúnaður þannig að auðvelt sé að þrífa það og sótthreinsa. Þar þarf að vera nægilegt heitt og kalt vatn og nauðsynleg hreinlætisaðstaða. Húsaskipan á sæðingarstöð skal vera þannig að óviðkomandi umferð fari ekki um fóðurgeymslur, gripahús, sæðistökuherbergi og vinnuherbergi fyrir sæðismeðferð.

Í sæðistökuherbergi má eigi geyma aðra hluti en þá sem nauðsynlegir eru til starfans. Gólf skal vera óskreipt og auðvelt að þrífa og sótthreinsa herbergi og innréttingar. Vinnuherbergi þar sem fram fer rannsókn á sæði og pökkun skal vera bjart og vel upphitað. Á stöðinni skal vera kæligeymsla, tæki til sótthreinsunar og dauðhreinsunar, smásjá, handlaug og annar búnaður sem nauðsynlegur er. Öll áhöld sem notuð eru til sæðistöku, blöndunar, pökkunar og sæðinga skulu vera af vandaðri gerð, þannig að auðvelt sé að þrífa þau og sótthreinsa. Við hirðingu gripa á sæðingarstöð skal notaður sérstakur hlífðarfatnaður sem auðvelt er að halda hreinum og skal sá fatnaður ekki notaður utan stöðvarinnar. Við sæðistöku skal nota hlífðarfatnað sem ekki er notaður við önnur störf á stöðinni.

Umhverfi bygginga skal vera þurrt og þrifalegt. Girðingar og réttir skulu vera gripheldar og þannig úr garði gerðar að gripir stöðvarinnar fari ekki um þann hluta svæðisins sem almenn umferð til stöðvarinnar fer um.

4. gr.

Kynbótagripir.

Allir kynbótagripir, sem notaðir eru á sæðingarstöðvum, skulu hafa hlotið til þess viðurkenningu viðkomandi búfjárræktarráðunautar Búnaðarfélags Íslands og/eða viðkomandi búfjárræktarnefndar. Heimilt er að taka inn á sæðingarstöð gripi til einblendingsræktar vegna sérstakra eiginleika. Allir gripir á sæðingarstöðvum skulu einkenndir með einstaklingsmerkjum. Óheimilt er að nota til sæðistöku og kynbóta gripi með erfðagalla, s.s eistna-, tann- og bitgalla.

5. gr.

Heilbrigðiseftirlit.

Færa skal dagbók um öll dagleg störf á sæðingarstöð. Öllum gripum á sæðingarstöð skal fylgja kort þar sem skráð er ætt og uppruni þeirra og allt er varðar heilsufar, heilbrigðisskoðun, sýnatökur, bólusetningar og meðhöndlun. Kortið skal fylgja gripnum frá því að hann kemur fyrst á stöð og þar til hann er felldur.

Í húsum sæðingarstöðvar er óheimilt að hafa annað búfé en það sem notað er við sæðistöku. Ekki má leiða undir gripi þann tíma sem þeir eru notaðir til sæðistöku.

Ítarleg heilbrigðisskoðun á gripunum, einkum er tekur til getnaðarfæra, skal fara fram áður en þeir eru teknir inn á sæðingarstöð. Jafnframt skal kanna heilbrigði búfjár á þeim stöðum þar sem gripurinn hefur verið. Heimilt er að láta einangra gripi áður en þeir eru teknir inn á sæðingarstöð. Sæðingarstöðvum er skylt að láta fara fram eftirlit með búnaði og heilbrigði alls búfjár á stöðinni minnst einu sinni á ári eða oftar ef yfirdýralæknir óskar þess. Eftirlitið skal framkvæmt af héraðsdýralækni eða öðrum dýralækni, sem yfirdýralæknir tilnefnir. Stöðin leggur dýralækninum til hlífðarfatnað, nauðsynlega aðstoð og þær upplýsingar sem óskað er eftir.

Veikist gripur á sæðingarstöð skal þegar í stað hafa samband við héraðsdýralækni og er óheimilt að nota gripinn til sæðinga fyrr en dýralæknir gefur leyfi til þess. Komi upp næmur sjúkdómur sem hætta er á að geti breiðst út vegna starfsemi sæðingarstöðvar er héraðsdýralækni heimilt í samráði við yfirdýralækni að takmarka eða stöðva sæðingar þar til smithætta er um garð gengin. Komi upp rökstuddur grunur um að gripur, sem notaður er á sæðingarstöð, sé haldinn næmum dýrasjúkdómi, skal einangra hann svo lengi sem þurfa þykir. Telji héraðsdýralæknir nauðsynlegt að fella sýktan grip, til að koma í veg fyrir útbreiðslu sjúkdómsins eða vegna þess að sterkar líkur séu á að gripurinn nái ekki bata, skal hann leita samþykkis yfirdýralæknis. Sérstök rannsókn skal fara fram á öllum gripum sem felldir eru vegna sjúkdóma. Sæði sem tekið er úr sýktum grip skal eyða í samráði við héraðsdýralækni.

6. gr.

Sæðistaka.

Halda skal skýrslu yfir sæðistöku, gæði og magn sæðis og afdrif allra sæðisskammta, hvort sem þeir eru notaðir til sæðinga eða er eytt. Þess skal gætt að sæði sé pakkað og merkt númeri sæðisgjafa og fram komi hvenær sæðið var tekið. Halda skal nákvæma skrá yfir pökkun, merkingar og birgðir djúpfrysts sæðis. Forstöðumaður sæðingarstöðvar skal skila árlegri skýrslu til Búnaðarfélags Íslands um starfsemi stöðvarinnar, heilsufar gripa, sæðistöku og afdrif sæðis.

7. gr.

Dreifing sæðis.

Þeir sem óska eftir að fá leyfi til búfjársæðinga skulu hafa aflað sér þekkingar á byggingu og starfsemi getnaðarfæra búfjár og hlotið góða þjálfun við framkvæmd verksins. Búnaðarfélagi Íslands er heimilt að gefa út leyfisbréf fyrir þá sem starfa við sæðingar að fengnum meðmælum yfirdýralæknis. Skal þar nánar tilgreint starfssvið þeirra og skyldur. Dýralæknar sem lært hafa sæðingar erlendis skulu hafa staðfest þekkingu sína fyrir yfirdýralækni áður en þeir hefja störf. Öllum öðrum en þeim sem hafa hlotið slíka viðurkenningu er óheimilt að starfa við búfjársæðingar.

Þeir sem sæða búfé skulu halda dagbók um störf sín samkvæmt nánari fyrirmælum ráðunauta Búnaðarfélags Íslands í búfjárrækt, þannig að fram komi upplýsingar um afdrif sæðisins og hvernig heldur við hverju karldýri. Þeir sem sæða búfé skulu klæðast hentugum, hreinum hlífðarfatnaði og skófatnaði sem auðvelt er að þrífa og sótthreinsa. Þeir skulu vinna störf sín eins hreinlega og frekast er kostur og halda áhöldum og útbúnaði ávallt hreinum.

Óheimilt er að flytja búfjársæði á milli sóttvarnarsvæða nema með leyfi yfirdýralæknis og með þeim skilyrðum sem hann setur. Sama máli gegnir um flutning á búfjársæði til og frá sveitum, þar sem kunnugt er um næma búfjársjúkdóma, t.d. riðuveiki. Óheimilt er að flytja til landsins búfjársæði nema með leyfi landbúnaðarráðherra og að fengnu samþykki yfirdýralæknis, eftir að leitað hefur verið álits búfjárræktarnefndar í viðkomandi búgrein. Sömu reglur gilda um flutning búfjársæðis til annarra landa.

8. gr.

Nautgripir.

Naut sem flytja á inn á sæðingarstöð skulu flutt yngri en tveggja mánaða í sérstaka ungkálfaeinangrun í viðurkenndri nautauppeldistöð að fengnu samþykki yfirdýralæknis. Eigi er heimilt að flytja kálfa úr ungkálfaeinangrun fyrr en að undangenginni heilbrigðisskoðun og að fengnu samþykki héraðsdýralæknis eða annars dýralæknis sem yfirdýralæknir tilnefnir.

Naut skulu höfð í einangrun í nautauppeldisstöð í a.m.k. sex mánuði og eigi flutt þaðan á nautastöð fyrr en farið hefur fram ítarleg heilbrigðisskoðun héraðsdýralæknis eða annars dýralæknis sem yfirdýralæknir tilnefnir. Áður en naut eru flutt inn á sæðingarstöð skulu liggja fyrir niðurstöður úr þeim rannsóknum sem fyrirskipaðar eru á hverjum tíma.

Um starfsmenn nautgripasæðingarstöðvar gilda ákvæði 2. gr. reglugerðarinnar.

Þeir einir hafa leyfi til að sæða kýr sem lokið hafa námi á námskeiðum sem Búnaðarfélag Íslands og yfirdýralæknir viðurkenna og hafa sannað hæfni sína að loknu námskeiði með prófi. Dýralæknar sem hafa lært sæðingar sem lið í dýralæknisnámi hafa einnig leyfi til að sæða kýr. Þá hafa þeir leyfi til kúasæðinga sem lært hafa á viðurkenndum erlendum sæðinganámskeiðum. Þó skulu allir sem lært hafa sæðingar erlendis sanna hæfni sína og þekkingu á meðferð sæðis fyrir forstöðumanni nautastöðvar eða þeim sem yfirdýralæknir tilnefnir áður en þeir hefja störf. Hafi frjótæknir ekki starfað við sæðingar í tvö ár skal hann sækja um endurnýjun leyfis til Búnaðarfélags Íslands og sanna hæfni sína sé þess óskað.

Frjótæknum er heimilt að fangskoða kýr sem þeir eða afleysingamenn þeirra hafa sætt hafi þeir hlotið þá kennslu til starfsins sem yfirdýralæknir viðurkennir. Frjótæknum er óheimilt að framkvæma aðrar aðgerðir er varða frjósemi kúa.

9. gr.

Sauðfé og geitfé.

Hrúta sem flytja á inn á sæðingarstöð skal velja eigi síðar en 15. júní ár hvert. Leitað skal samþykkis yfirdýralæknis fyrir flutningi þeirra. Þá skal liggja fyrir að fullorðnir hrútar hafi eðlilega frjósemi. Hrútar sem ákveðið hefur verið að taka inn á sæðingarstöð skulu hafðir í sérstöku beitarhólfi frá og með 1. ágúst þangað til þeir eru teknir á hús að hausti og þeir skoðaðir af héraðsdýralækni eða fulltrúa hans þegar þeir eru settir inn. Umbúnaður beitarhólfa fyrir hrúta á sæðingarstöð skal vera þannig að annað búfé komist aldrei inn í þau og þess sé gætt að hrútarnir komist aldrei í snertingu við annað búfé. Heimilt er að flytja hrúta á milli sæðingarstöðva með samþykki yfirdýralæknis og eftir fyrirsögn hans.

Heimilt er að hafa ær á hrútastöð til að standa undir við sæðistöku. Skulu sömu reglur gilda um ærnar og hrútana þegar þær eru teknar inn á stöð. Forstöðumaður sæðingarstöðvar skal sjá til þess að ætíð sé eðlilegur fjöldi áa á stöðinni og að ekki þurfi að taka inn ær fyrirvaralaust um fengitíð. Ær á sæðingarstöð skulu aðeins fá fang við sæðingu. Þær skulu hafðar sér í húsi og skulu beitarhólf vera eins vel úr garði gerð og hólf hrútanna.

Um starfsmenn stöðvarinnar gilda ákvæði 2. gr. reglugerðarinnar.

Þeir einir hafa leyfi til að sæða ær sem hafa fengið tilsögn í sauðfjársæðingum hjá þeim sem yfirdýralæknir viðurkennir til þeirrar kennslu. Þeim er skipuleggja sauðfjársæðingar ber að tilkynna héraðsdýralæknum hverjir hafa verið ráðnir til sauðfjársæðinga haust hvert og á hvaða svæði þeir sæða. Héraðsdýralækni ber að tilkynna sauðfjársæðingarmönnum ef sérstakir sjúkdómar, sem ber að varast, eru á sæðingasvæðinu. Um sæðingar á bæjum, þar sem komið hafa upp alvarlegir smitsjúkdómar svo sem riða, skal farið eftir þeim reglum sem yfirdýralæknir setur hverju sinni.

Yfirdýralæknir setur nánari reglur um heilbrigðiseftirlit, flutning hrúta á sæðingarstöð, sýnatöku og bólusetningar svo sem við á hverju sinni. Samþykki yfirdýralæknis þarf til flutnings hrútasæðis á milli varnarhólfa.

Ær sem á að sæða skulu vera auðkenndar tryggilega með númeruðum plötumerkjum og skulu sauðfjársæðingarmenn færa skýrslu í samræmi við 7. gr. þessarar reglugerðar.

Um geitasæðingarstöðvar og geitasæðingar skal farið eftir sömu reglum og um sauðfjársæðingar.

10. gr.

Svín.

Geltir skulu fluttir inn á sæðingarstöð að undangenginni heilbrigðisskoðun og að fengnu samþykki yfirdýralæknis eða dýralæknis svínasjúkdóma. Heilbrigðisskoðun skal einnig taka til föður, móður og gotsystkina og jafnframt skal tekið tillit til heilsufars annarra svína á búinu. Geltir sem teknir eru inn á sæðingarstöð skulu eigi vera yngri en þriggja mánaða né eldri en níu mánaða og skal ekki hafa verið haldið undir þá. Á sæðingarstöðinni skulu þeir hafðir í sérstakri einangrun í a.m.k. fjórar vikur áður en þeir eru teknir í notkun á stöðinni.

Sérstakur klæðnaður skal notaður við gegningar á meðan gripir eru í einangrun og annar klæðnaður í galtarhúsi.

Óheimilt er að nota gyltur við sæðistöku eða hafa önnur dýr á stöðinni.

Þeir einir hafa leyfi til að sæða gyltur sem hafa fengið tilsögn í svínasæðingum hjá þeim sem yfirdýralæknir viðurkennir til þeirrar kennslu. Skipuleggjendum svínasæðinga ber að tilkynna héraðsdýralæknum hverjir hafa verið ráðnir til svínasæðinga og á hvaða búum. Héraðsdýralækni ber að tilkynna svínasæðingarmönnum ef sérstakir sjúkdómar,

sem ber að varast, eru á sæðingarsvæðinu. Um sæðingar á búum þar sem komið hafa upp alvarlegar smitsjúkdómar, skal farið eftir þeim reglum sem yfirdýralæknir setur hverju sinni.

11. gr.

Hross.

Allir stóðhestar sem teknir eru inn á sæðingarstöð skulu vera skráðir á fullnægjandi hátt í skýrsluhaldi Búnaðarfélags Íslands og valdir í samræmi við ákvæði 4. gr. þessarar reglugerðar. Einnig skulu þeir blóðflokkaðir og örmerktir. Eigi er heimilt að flytja stóðhest á sæðingarstöð nema að undangenginni heilbrigðisskoðun héraðsdýralæknis eða annars dýralæknis sem yfirdýralæknir tilnefnir.

Óheimilt er að halda undir stóðhest, sem fara skal á sæðingarstöð, frá áramótum og þar til hann er tekinn af stöðinni. Dýralæknir stöðvarinnar skal heilbrigðisskoða hryssur sem notaðar eru við sæðistöku áður en hún hefst.

Við hrossasæðingarstöð skal ætíð starfa dýralæknir sem hefur þekkingu á þroska og gæðum sæðisfruma, einnig töku og blöndun hrossasæðis. Hann skal hafa góða þekkingu á æxlunarfræðum hrossa og viðurkennda kunnáttu til að sæða hryssur.

Eingöngu dýralæknar sem hafa hlotið viðurkenningu landbúnaðarráðuneytisins, að fenginni umsögn yfirdýralæknis, hafa leyfi til að sæða hryssur. Við sæðingu hryssa skal búa svo um að þær geti ekki slegið. Sæðingarhryssur skulu blóðflokkaðar, frost- eða örmerktar og sæðingar skulu skráðar í samræmi við ákvæði 7. gr. þessarar reglugerðar.

12. gr.

Loðdýr.

Loðdýrabú sem afhenda sæði skulu hafa sérstakt herbergi til sæðistöku og blöndunar, sbr. 3. gr. þessarar reglugerðar.

Áður en fengitíð hefst skal héraðsdýralæknir eða annar dýralæknir sem yfirdýralæknir tilnefnir rannsaka heilbrigði allra dýra á búinu og taka þau sýni sem krafist er hverju sinni. Þá skal liggja fyrir skrá yfir þau dýr sem notuð verða við sæðistöku og skal dýralæknir skoða þau sérstaklega. Á búum sem karldýr koma frá má ekki hafa orðið vart smitnæmra sjúkdóma síðustu 18 mánuðina. Þá skal óheimilt að nota karldýr sem sæðisgjafa á sæðingarstöð ef leitt hefur verið undir þau sama ár.

Óheimilt er að hleypa hundum og köttum inn á loðdýrabú þar sem sæðingarstöð er til húsa.

Um starfsmenn loðdýrasæðingarstöðva og loðdýrasæðingamenn gilda ákvæði 2. gr. þessarar reglugerðar. Forstöðumaður ber ábyrgð á því að eingöngu séu notuð viðurkennd dýr til sæðistöku og skal afla tilskilinna leyfa áður en sæðing hefst. Hann ber ábyrgð á að halda til haga upplýsingum um afdrif sæðisins.

Á sæðingarstöð skal vera aðskilin aðstaða þar sem sæðing aðkomudýra fer fram. Aðeins er heimilt að færa til sæðingar læður frá búum þar sem ekki hefur orðið vart smitnæmra sjúkdóma síðustu 18 mánuðina. Bú þar sem slíkra sjúkdóma hefur orðið vart síðustu 18 mánuðina geta sótt um leyfi til sæðinga skv. sérstökum reglum sem yfirdýralæknir setur.

Sæða má læður frá sama búi án þess að sótthreinsun á sæðingarbekk fari fram á milli einstakra dýra. Áður en læður frá öðru búi eru sæddar skal þrífa sæðingarbekkinn vandlega og sótthreinsa. Í lok hvers vinnudags skal þrífa rækilega og sótthreinsa áhöld, biðstofu, sæðistöku- og sæðingarherbergi, sæðingarbekki og vinnuborð.

13. gr.

Alifuglar.

Einungis er heimilt að flytja á milli búa sæði úr sérstökum kynbótafuglum, sem alifuglaráðunautar Búnaðarfélags Íslands viðurkennir frá alifuglabúum er hafa fengið leyfi landbúnaðarráðuneytisins.

Á búum sem afhenda sæði skal vera sérstakt herbergi þar sem blöndun og frágangur sæðis fer fram. Eingöngu má afhenda sæði á bú sem hafa starfsleyfi sbr. reglugerð nr. 428/1990 og uppfylla skilyrði um reglubundið heilbrigðiseftirlit sem yfirdýralæknir setur.

Á alifuglabúi sem afhendir sæði skal vera sérstakur maður sem ber ábyrgð á töku, meðferð sæðis og sæðingum. Hann skal hafa tilskilin leyfi og hann skal einnig halda skrá yfir töku sæðis og afdrif þess.

Þeir sem sæða alifugla skulu hafa hlotið viðurkenningu til starfans sem dýralæknir alifuglasjúkdóma metur gilda. Sæðingamaður skal skrá allar sæðingar og árangur þeirra. Viðhafa skal fyllsta hreinlæti í meðferð og notkun sæðis. Við sæðingar skal þess ætíð gætt að smit berist ekki á milli búa.

14. gr.

Flutningur fósturvísa.

Flutningur fósturvísa á milli búa skal lúta sömu reglum og flutningur lifandi dýra samkvæmt gildandi reglum um varnir gegn dýrasjúkdómum. Aðeins er heimilt að flytja fósturvísa úr heilbrigðum dýrum á milli búa. Yfirdýralækni er heimilt að víkja frá þessum reglum séu aðstæður þannig að fósturvísaflutningur sé talinn hættuminni en flutningur lifandi dýra. Fósturmæður skulu vera heilbrigðar og hraustar og svo stórar að tryggt sé að þær geti borið fósturafkvæmum sínum eðlilega.

Taka, meðhöndlun og innlögn fósturvísa skal vera undir umsjón dýralæknis sem hlotið hefur viðurkenningu yfirdýralæknis til starfans. Hann skal einnig hafa umsjón með fósturvísum sem geymdir eru í frysti og halda skýrslur um þá á hverjum tíma. Viðkomandi dýralæknir getur falið frjótækni, sem til þess hefur hlotið viðurkennda menntun, að leggja inn fósturvísana, sé það gert án skurðaðgerðar.

Efni og tæki til fósturvísaflutnings skulu vera af viðurkenndum gæðum og skulu ekki geta borið með sér smitefni. Blóðvatn sem notað er við fósturvísaflutning skal vera úr dýrum sem til þess hafa hlotið viðurkenningu yfirdýralæknis.

Óheimilt er að leggja inn í leg kvendýra fósturvísa sem hafa verið frjóvgaðir í tilraunaglasi („in vitro"), kyngreindir, skipt, einræktaðir eða ef egghýði („zona pellucida") hefur verið rofið. Þó er yfirdýralækni heimilt að leyfa slíkar aðgerðir í afmörkuðum tilraunum sem sótt er um í hverju tilviki.

15. gr.

Refsiákvæði og gildistaka.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum, nema þyngri refsing liggi við að öðrum lögum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í lögum um búfjárrækt nr. 84/1989, lögum um innflutning dýra nr. 54/1990, lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim nr. 25/1993, öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um búfjársæðingar nr. 226/1969, reglugerð um sæðingar loðdýra nr. 156/1987, svo og III. kafli reglugerðar um loðkanínurækt nr. 263/1991.

Landbúnaðarráðuneytið, 14. október 1994.

Halldór Blöndal.

Jón Höskuldsson.

REGLUR

um lyftara og dráttartæki.

1. gr.

1. Reglur þessar gilda um sjálfknúna lyftara með allt að 10.000 kg lyftigetu og dráttartæki með togkraft allt að 20.000 N, sem lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum gilda um.

2. Í reglum þessum merkir vinnuvél hvers konar ökutæki á hjólum, þó ekki vélar sem ganga á járnbrautarteinum, sem ætlað er til þess að bera, draga, ýta, lyfta, stafla og raða hvers konar þunga og stjórnandi annaðhvort gengur með tækinu eða ferðast með því í sérstöku sæti eða palli sem getur hvort heldur verið fastur á grind tækisins eða hækkanlegur.

2. gr.

1. Reglurnar ná ekki yfir:

a) dembara eða vélknúnar börur sem notaðar eru við mannvirkjagerð;

b) dráttartæki önnur en þau sem um getur í I. viðauka, lið 1.2, vörubíla með eða án eftirvagns, dráttarvéla til skógarnytja eða landbúnaðar, vélasamstæður notaðar við mannvirkjagerð og vinnuvélar sem notaðar eru í námuvinnslu neðanjarðar;

c) mjólkurvagna og svipuð vöruflutningatæki;

d) tæki til að stafla vörum og hreyfist einungis innan við ákveðinn leiðara, stöflunar-krana;

e) lyftara með hækkanlegum stjórnpalli sem geta borið meira en 5.000 kg;

f) lyftara sem einkum er ætlað til að flytja meira en 5.000 kg í hástöðu;

g) klofbera;

h) fjarstýrð dráttartæki og lyftarar án ökumanns;

i) vinnulyftur til viðhaldsvinnu í mikilli hæð;

j) vinnuvélar sem knúnar eru utanaðkomandi raforku;

k) farandkrana;

l) færanlegar vinnulyftur;

m) vinnuvélar með skotbómu.

2. Reglur þessar hindra það ekki að Vinnueftirlit ríkisins eða önnur stjórnvöld geri ráðstafanir varðandi umhverfismál og önnur öryggisatriði er snerta vinnuvélar og ekki er fjallað um í þessum reglum, svo sem:

rafbúnað sem gerður er fyrir tiltekið spennusvið,

umferðarmál,

útblástur vinnuvéla,

vinnusvæði þar sem sprengihætta er,

hávaða á vinnustað og í umhverfinu,

kröfur til stjórnanda vinnuvélar.

3. gr.

Vinnueftirlit ríkisins sér um að gerðar séu allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að sjálfknúnar vinnuvélar sem þessar reglur ná til verði hvorki settar á markað né teknar í notkun nema þær uppfylli ákvæði þessara reglna.

4. gr.

Framleiðandanum eða viðurkenndum fulltrúa hans ber á eigin ábyrgð að votta það með samræmisvottorði, með því sniði sem sýnt er í II. viðauka, og með því að festa sérstakt samræmismerki á hverja vinnuvél, í samræmi við skilyrðin í III. viðauka, að hún uppfylli kröfur þessara reglna.

5. gr.

1. Framleiðandanum eða viðurkenndum fulltrúa hans ber að gefa út samræmisvottorð og festa samræmismerki svo sem mælt er fyrir um í 4., gr. að því tilskildu að hann geti sýnt að hann hafi yfir að ráða þeim búnaði sem nauðsynlegur er til þess að gera þær prófanir sem um getur í I. viðauka og ef við á, að hann hafi gert ráðstafanir til þess að þær prófanir sem um getur í I. viðauka og hann gerir ekki sjálfur verði gerðar af stofnun eða stofnunum sem hafa hlotið viðurkenningu til slíks.

2. Framleiðandanum eða viðurkenndum fulltrúa hans ber að hafa öll viðkomandi skjöl til reiðu fyrir þar til bæra aðila svo að þeir getið gengið úr skugga um að þær prófanir sem mælt er fyrir um í I. viðauka hafi verið framkvæmdar og að tæknikröfur hafi verið uppfylltar.

3. Vinnueftirlit ríkisins sendir framkvæmdastjórn EB og stjórnvöldum í hinum aðildarríkjunum innan EES:

skrá yfir samþykkta aðila til að gera þær prófanir sem um getur í þessari grein,

síðari breytingar á þeirri skrá.

6. gr.

Vinnueftirliti ríkisins er heimilt að láta gera skyndiskoðanir til að kanna hvort búnaður sá sem um getur í 1. gr. uppfylli kröfur þessara reglna. Þó má við slíkar skyndiskoðanir ekki beita strangari prófunum eða gera meiri kröfur en mælt er fyrir um í þessum reglum.

7. gr.

1. Nú kemur í ljós við þá skoðun sem um ræðir í 6. gr. að sjálfknúin vinnuvél uppfyllir ekki þær kröfur sem gerðar eru í þessum reglum og sér þá Vinnueftirlit ríkisins um að allar nauðsynlegar ráðstafanir verði gerðar til að:

banna að hún verði sett á markað,

banna að hún verði notuð,
krefjast þess að hún verði tekin af markaði.

2. Komi í ljós að vinnuvélin uppfyllir ekki kröfur vegna hönnunar- eða framleiðslugalla sem hefur áhrif á öryggi tilkynnir Vinnueftirlitið stjórnvöldum hinna aðildarríkjanna innan EES hvaða ágallar hafa komið í ljós og hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar. Hætta skal við ofangreindar ráðstafanir þegar sannað þykir að vinnuvélin uppfylli kröfur þessara reglna.

8. gr.

Heimilt er að setja á markað án takmarkana eða hindrana vinnuvélar sem reglur þessar gilda um uppfylli þær kröfur reglnanna.

9. gr.

Ákvæði þessara reglna hafa ekki áhrif á möguleika Vinnueftirlits ríkisins á að mæla fyrir um kröfur sem taldar eru nauðsynlegar til að tryggja öryggi starfsmanna sem nota umræddar vélar, að því tilskildu að slíkt leiði ekki til breytinga á vélunum sem eigi eru í samræmi við þessar reglur.

10. gr.

Prófun á stöðugleika, útsýni og notkun sjálfknúinna vinnuvéla sem heyra undir gildissvið þessara reglna skal fara fram í samræmi við VI. viðauka.

11. gr.

1. Vinnueftirlit ríkisins hefur eftirlit með framkvæmd reglna þessara. Það getur þó samþykkt aðra aðila til þess að fara með slíkt eftirlit að hluta eða öllu leyti, sbr. 1. mgr. 80. gr. laga nr. 46/1980, en það fylgist þá með eftirliti slíkra aðila.

2. Um samskipti Vinnueftirlitsins og annarra stjórnvalda við önnur aðildarríki og framkvæmdastjórn EB fer, að öðru leyti en því sem kveðið er á í reglum þessum, samkvæmt tilskipun 86/663/EBE sem vísað er til í 4. tölul. III. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

12. gr

Ákvörðunum og úrskurðum sem teknir eru samkvæmt þessum reglum af Vinnueftirliti ríkisins má áfrýja samkvæmt 98. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

13. gr.

Með brot gegn reglum þessum skal farið eftir ákvæðum 99. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

14. gr.

Reglur þessar eru settar af stjórn Vinnueftirlits ríkisins samkvæmt heimild í 34., 38. og 47. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og með hliðsjón af ákvæði samnings um Evrópska efnahagssvæðið, sem vísað er til í 4. tölulið III. kafla II. viðauka, tilskipun 86/663/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi sjálfknúna lyftara og dráttartæki, eins og henni var breytt með tilskipun 89/240/EBE. Reglurnar öðlast gildi við birtingu en fram til 31. desember 1994 er þó heimilt að selja sjálfknúnar vinnuvélar, sem ekki uppfylla þessar reglur en heyra þó undir gildissvið þeirra, enda uppfylli þær kröfur samkvæmt gildandi lögum og áður gildandi reglum.

Félagsmálaráðuneytið, 31. ágúst 1994.

F. h. r.
Berglind Ásgeirsdóttir.

Gylfi Kristinsson.

I. VIÐAUKI

TÆKNIKRÖFUR FYRIR SJÁLFKNÚNIN LYFTI- OG DRÁTTARTÆKI.

1. FLOKKUN VÉLA EFTIR NOTKUN

1.1. **Pallvagn**
Vinnuvél sem flytur þunga á palli eða búnaði sem hvorki verður hækkaður né lækkaður.

1.2. **Dráttartæki**
Vinnuvél sem búin er tengibúnaði og sérstaklega ætluð til að draga önnur farartæki.

1.3. **Ýtivagn**
Dráttartæki sem búið er steytiplötu að framan og/eða að aftan og getur enn fremur ýtt öðrum farartækjum eftir jörðinni eða stýriteinum.

1.4. **Lyftari**
Vinnuvél sem getur lyft byrði, látið hana síga og flutt hana til.

1.4.1. *Staflari*
Lyftari sem búin er palli, göfflum eða öðrum lyftibúnaði og getur lyft byrði, hvort heldur hún er á vörubretti eða ekki, nógu hátt til að hægt sé að stafla henni eða raða.

1.4.1.1. Lyftari með andvægi:
Lyftari til að stafla vörum og búinn er göfflum. Hann ber byrðina framan við framhjólin, hvort heldur er á vörubretti eða ekki og er þungi vélarinnar mótvægi við byrðina.

1.4.1.2. Lyftari með seiliarmi:
Vörulyftari með armi þar sem byrðin er skilin eftir eða sótt með því að teygja fram arminn eða gaffalsleðann.

1.4.1.3. Lyftari með stuðningskjálkum:
Lyftari með stuðningskjálkum, búinn göfflum sem eru á milli kjálkanna þannig að þungamiðja byrðarinnar er ætíð innan undirstöðuflatar.

1.4.1.4. Brettalyftari:
Lyftari með gafflana ofan við stuðningskjálkana.

1.4.1.5. Pallalyftari:
Vörulyftari með pall sem er ofan við stuðningskjálkana.

1.4.1.6. Lyftari með hækkanlegum stjórnpalli:
Lyftari búinn stjórnpalli sem hægt er að hækka með göfflunum eða pallinum þegar vörum er hlaðið í hillur.

1.4.1.7. Lyftari með hliðarhleðslu:
Lyftari með innfellanlegu mastri sem er milli öxlanna hornrétt á ökustefnu lyftarans og nota má til að lyfta upp byrði til hliðar við lyftarann og færa hana á áfastan vörupall.

1.4.1.8. Torfærulyftari:
Lyftari sem einkum er ætlað til að hlaða, lyfta, flytja og stafla byrðum á ósléttri jörð (stór hjól, hátt undir tækið) með lyftibúnaði sem rennur lóðrétt eftir föstu eða hallanlegu mastri.

1.4.1.9. Hliðarlyftari:
Lyftari sem getur sótt og sett af sér byrði öðrum megin eða báðum megin miðað við aksturssstefnu

1.4.1.10. Hliðar- og framanlyftari:

Lyftari sem getur sótt og sett af sér byrði öðrum megin eða báðum megin eða að framan.

1.4.2. *Lyftarar sem stafla ekki og lyfta ekki hátt:*

Vélknúinir lyftivagnar búnir palli, göfflum eða öðrum lyftibúnaði og getur lyft byrðinni nægilega hátt til að flytja megi hana úr stað.

1.4.2.1. Brettavagn: Lyftivagn sem er ekki notaður til að stafla en er búinn göfflum til að flytja bretti.

1.4.2.2. Pallvagn: Lyftivagn sem er ekki notaður til að stafla en er búinn palli eða öðrum búnaði til að flytja byrðar.

1.4.2.3. Klofberi: Lyftivagn með grind og lyftibúnaði sem er klofvega yfir byrðinni þegar henni er lyft eða hún flutt.

1.4.3. *Lagerlyftarar með miðlungs- eða mikla vinnsluhæð:*

Lyftarar með hækkanlegum palli fyrir stjórnandann og útbúnað til að taka við hlassi, venjulegast gafflar til að taka við vörubretti eða palli, til að sækja og skila vöru í hillur.

Miðlungslyftihæð á við lyftara sem geta lyft stjórnpalli upp í allt að 2,5 m hæð.

1.4.4. *Kloflyftarar:*
Lyftarar sem eru þannig gerðir að grindin og lyftibúnaðurinn eru klofvega yfir byrðinni þegar henni er lyft, hún flutt eða henni staflað.

2. FLOKKUN VÉLA EFTIR STAÐSETNINGU ÖKUMANNS (1)

3. FLOKKUN VÉLA EFTIR LYFTIHÆÐ (1)

4. FLOKKUN VÉLA EFTIR ÖKUMÁTA (1)

5. FLOKKUN VÉLA EFTIR ORKUGJAFA (1)

6. FLOKKUN VÉLA EFTIR HJÓLAGERÐ (1)

7. HEITI Á HELSTU HLUTUM VÉLA (1)

8. BURÐARGETA VÉLA OG EFTIRVAGNA (1)

8.1. **Lyftarar með mikla lyftihæð**

8.1.1. *Uppgefin lyftigeta lyftara með mikla lyftihæð*

Uppgefin lyftigeta sjálfknúins lyftara með mikla lyftihæð er sá hámarksþungi í kg sem framleiðandinn heimilar og lyftarinn getur að jafnaði lyft eða flutt við tilteknar aðstæður, sjá viðbæti A.

8.1.2. *Raunveruleg lyftigeta lyftara með mikla lyftihæð:*

Raunveruleg lyftigeta sjálfknúins lyftara með mikla lyftihæð er sá hámarksþungi í kg, þetta ræðst af tengibúnaði og lyftihæð, sem framleiðandinn heimilar, venjulega eftir stöðugleikapróf og lyftarinn getur að jafnaði flutt og lyft við tilteknar aðstæður, sjá viðbæti A.

(1) Eins og þeirra er getið í ISO-staðli 5053/1 frá 15. september 1980.

8.2. **Pallvagnar eða lyftivagnar með litla lyftihæð**

8.2.1. *Uppgefin vinnugeta pallvagna og lyftivagnar með litla lyftihæð:*

Uppgefin vinnugeta pallvagna og lyftivagnar með litla lyftihæð er sá hámarksþungi í kg sem framleiðandinn heimilar og dreifist jafnt á pallinn eða annan búnað og vagninn getur flutt við eðlilegar aðstæður.

8.3. **Dráttartæki**

8.3.1. *Uppgefin vinnugeta dráttartækja*

Uppgefin vinnugeta dráttartækja með brunahreyfli er sá mesti láréttí dráttarkraftur í N sem framleiðandinn gefur upp og tækið getur veitt á tilteknu átaksstigi við hreyfingu á jöfnum hraða, sem sé eigi minni en 10% af hámarkshraða óhlaðins tækisins, á sléttum, þurrum og láréttum steinsteyptum fleti. Á rafmagnsdráttartækjum eða dráttartækjum sem útbúin eru með átaks-jöfnun skal vinnugetan miðast við afköst á einni klukkustund. Á dráttartækjum sem ökumaður situr eða stendur á telst þungi ökumanns 90 kg sem viðbót við þyngd vélarinnar.

Þegar loftfylltir hjólbarðar eru á dráttartækinu skal loftþrýstingur í þeim vera í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda.

8.4 **Aukabúnaður sem hægt er að fjarlægja**

8.4.1 Uppgefin vinnugeta aukabúnaðar sem hægt er að fjarlægja er sá hámarksþungi í kg sem framleiðandinn heimilar og búnaðurinn getur að jafnaði borið við tilteknar aðstæður.

9. ALMENN ÁKVÆÐI

9.1. **Upplýsingaskilti**

9.1.1. *Nafnskilti*

9.1.1.1. Allir lyftarar og dráttartæki verða að vera með varanlegt nafnskilti á áberandi stað sem veitir eftirtaldar upplýsingar:

Tæki knúin með brunahreyfli	Rafknúin tæki
a) Nafn framleiðanda eða innflytjanda vinnuvélar	a) Nafn framleiðanda eða innflytjanda vinnuvélar
b) Gerð	b) Gerð
c) Framleiðslunúmer eða raðnúmer og framleiðsluár	c) Framleiðslunúmer eða raðnúmer og framleiðsluár
d) Þungi (1) óhlaðinnar vinnuvélar í starfhæfu ástandi og án þess aukabúnaðar sem hægt er að fjarlægja en með lyftigöfflum ef um gaffallyftara er að ræða	d) Þungi (1) óhlaðinnar vinnuvélar í starfhæfu ástandi og án þess aukabúnaðar sem hægt er að fjarlægja en með lyftigöfflum ef um gaffallyftara er að ræða
	e) Leyfður hámarks- og lágmarksþungi rafhlöðu
	f) Rafspenna geymis

(1) Heimilt er að þunginn sé 5% meiri en sýnt er á skiltinu.

9.1.1.2 Nafnskilti fyrir búnað sem hægt er að fjarlægja.

Hver sá hluti búnaðar sem hægt er að fjarlægja verður að vera með sérstöku nafnskilti sem veitir eftirtaldar upplýsingar:

a) nafn framleiðanda búnaðarins eða þess aðila sem flytur hann inn,
b) gerð,
c) framleiðslu- eða raðnúmer og framleiðsluár,
d) þungi búnaðarins,
e) fjarlægð þyngdarpunkts búnaðarins frá þeim stað sem hann tengist við vinnuvélina,
f) uppgefin burðargeta,
g) eðlilegur vökvaþrýstingur búnaðarins samkvæmt tilmælum framleiðanda ef búnaðurinn er vökvaknúinn,
h) aðvörun: „Fara ber að tilmælum um uppgefna afkastagetu vinnuvélar og búnaðar".

9.1.1.3. Vinnuvélar sem notaðar eru við sérstakar aðstæður.

Ef vinnuvél er hönnuð til notkunar við sérstakar aðstæður verður hún að vera með varanlegt skilti á áberandi stað er veitir eftirtaldar upplýsingar:

a) lýsingu á notkunaraðstæðum,
b) afkastagetu vélarinnar við hinar sérstöku aðstæður.

9.1.1.4 Rafgeymar og rafgeymakassar.

Hver einstakur rafgeymakassi verður að bera varanlegt nafnskilti á áberandi stað þar sem fram koma eftirtaldar upplýsingar:

a) nafn framleiðanda rafgeymisins,
b) gerð,
c) raðnúmer,
d) uppgefin spenna,
e) rýmd í amperstundum miðað við fimm tíma,
f) þungi miðað við starfhæft ástand að meðtalinni ballest ef slíku er bætt við til að bæta upp þunga rafgeymisins.

Þá verður enn fremur að vera hægt að skrá þunga á lausum rafgeymi nálægt handfangi á loki.

9.1.2. *Skilti er greinir frá afkastgetu*

Á hverjum lyftara eða dráttartæki verður að vera varanlegt skilti á áberandi stað er greini frá afkastagetu vélarinnar með eftirtöldum upplýsingum sem ökumanni sé auðvelt að sjá. Þetta skilti getur verið hluti af nafnskiltinu.

9.1.2.1. Lyftarar með mikla lyftihæð

Á skiltinu skal greint frá þeim atriðum sem um getur í viðbæti B.

9.1.2.2. Pallvagnar og lyftarar með litla lyftihæð

Skiltið um afkastagetu verður að gefa upp áætlaða afkastagetu í kg svo sem skilgreint er í 8.2.1.

9.1.2.3. Iðnaðardráttartæki

Skiltið um afkastagetu verður að greina frá þeim togkrafti í N sem skýrt er frá í 8.3.1 og einnig hve lengi hægt er að beita þessum krafti.

9.1.3. *Aðrar upplýsingar*

Ekki er nauðsynlegt að geta þessara atriða á skiltinu.

9.1.3.1. Staðir til að festa ásláttarbúnað

Greina ber skýrt frá því hvar festa má ásláttarbúnað á vinnuvélina (sjá 9.8.4).

9.1.3.2. Loftþrýstingur í hjólbörðum

Greina ber skýrt frá því hvaða loftþrýstingur á að vera í hjólbörðum vélarinnar.

9.1.4. Ef upplýsingar eru gefnar á rituðu máli skulu þær vera á íslensku.

9.2. **Stöðvun; komið í veg fyrir að vél renni óvart af stað eða verði notuð í heimildarleysi**

9.2.1. Stöðuhemill skal vera til í samræmi við kröfur þær sem um getur í 9.3.4.1. og 9.3.4.2. hér að neðan.
Greint er frá sérstökum kröfum fyrir lagerlyftara í 10. lið

9.2.2. Séð skal til þess með einhverjum hætti, t.d. lykli, að vinnuvélin verði ekki notuð í heimildarleysi.
Ekki skal vera mögulegt að nota lykla að rofum á vinnuvélum sem gangandi maður stjórnar og jafnframt að vinnuvélum sem ökumaður situr eða stendur á og framleiddar eru af sama aðila.

9.3. **Ökuhemlar — Hemlaátak**

9.3.1. *Ökuhemlar*

Sjálfknúnir lyftarar og dráttartæki verða að vera búin hemlum sem geta:

a) haldið vélinni og leyfilegri hámarkshleðslu hennar í mesta leyfilegum vinnuhalla sem framleiðandi tilgreinir,

b) veitt lágmarkshemlunarvirkni (F) aftur á bak og áfram á þurrum, sléttum og hreinum steinsteyptum fleti sem:

—fyrir allar vélar nema dráttartæki, er gefið upp sem hundraðshluti af heildarþunga vélar með leyfilega hleðslu,

—fyrir dráttartæki, er gefið upp sem hundraðshluti af heildarþunga dráttartækis án eftirvagna.

Lágmarksgildið á F er gefið upp í eftirfarandi töflum sem fall af mesta hraða sem vélin með leyfilega hleðslu eða dráttartæki án eftirvagns getur náð V_1 í km/h

Ef hemlunargeta vélar tengist sjálfkrafa hraða má breyta henni, F-gildinu, í samræmi við hraða sjá graf A.

Lágmarksgildið á F í töflunum hér að neðan verður að nást með viðkomandi átaki sem tilgreint er í 9.3.2.

Flokkur	Gerð vélar	Gildi á F fyrir hraðann		
		allt að 5 km/h	5 - 13,4 km/h	> 13,4 km/h
A (1)	Allir lyftarar og dráttartæki nema flokkar B, C og D	9,3%	1,86 V %	25%
B	dráttartæki með hemla á einu eða tveimur hjólum	13%	2,6 V %	35%
C	dráttartæki með hemla á fjórum hjólum	18,6%	3,72 V %	50%


(1) Ef um er að ræða mastur eða gaffalarma sem fella má að, skal miða við að mastrið eða gafflarnir séu í inndreginni stöðu.

Flokkur	Gerð vélar	Gildi á F fyrir hraðann		
		allt að 4 km/h	4 - 9 km/h	>9 km/h
D (1)	vélar með hækkanlegum stjórnpalli og lyftarar með mikla vinnuhæð sem stafla út á hlið og fram á við	4%	1%	9%

(1) Nánari umfjöllun í 10.1. og 10.2.

F= %

Graf A



Hemlarnir verða að hafa þá lágmarkshemlunarvirkni sem gefin er upp í grafinu fyrir hraða allt að 5 km/h á vélum í flokki A, B og C, og allt að 4 km/h á vélum í flokki D án tillits til þess hver hallinn er.

9.3.2. *Stjórn hemla* (1)

a) Fóthemlar verða að ná ofangreindri hemlunarvikni miðað við að stigið sé á fótstigið með allt að 600 N afli.

b) Hemlar sem taka í við að fæti er lyft af fótstigi verða að ná ofangreindri hemlunarvirkni. Aflið sem þarf til að sleppa hemlunum og halda fótstiginu niðri á ferð má ekki vera meira en 300 N.

c) Handvirkir hemlar skulu ná ofangreindri hemlunarvikni við það að 150 N átaki er beitt á handfangið.

d) Vélar sem ökumaður stendur á og vélar sem stjórnandi gengur með verða að hafa sjálfvirka hemla og skal lágmarkshemlunarvirkni þeirra ákveðin út frá ofangreindri töflu.

9.3.3. Einvörðungu núningshemlar, vökvahemlar og rafmagnshemlar teljast viðunandi.

9.3.4. *Stöðuhemlar*

9.3.4.1. Sérhver vinnuvél, að undanskildum dráttartækjum, verður að vera búin stöðuhemlum sem geta, án aðgerða ökumanns, að minnsta kosti haldið vélinni með hámarkshleðslu í hámarksvinnuhalla samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda. Hemlavirknin verður að standast halla sem sé eigi minni en getur hér að neðan:

a) Vélar með ökumanni á, rafknúnar eða með brunahreyfli, þó ekki gerðir b og c: 15%,

b) Lagerlyftarar, með innfellanlega bómu, lyftarar með stuðningskjálkum, brettalyftarar, pallvagnar með mikla og litla lyftihæð: 10%,

c) Vélar sem um getur í 1.4.1.6, 1.4.1.9, 1.4.1.10 og 1.4.3: 5%,

d) vélar sem gangandi maður stjórnar: 10%.

9.3.4.2. Öll dráttartæki verða að vera búin stöðuhemlum sem halda þeim, án aðgerða ökumanns og án eftirvagns, á mesta halla sem þau geta ekið óhlaðin eða miðað við eftirfarandi, hvort gildið sem er lægra:

- dráttartæki með ökumanni, rafdrifin eða knúin brunahreyfli: 15%,

- dráttartæki sem gangandi maður stjórnar: 10%.

(1) Um lagerlyftara er fjallað í 10. lið.

9.3.4.3. Hemlakerfi

Ökuhemlar og stöðuhemlar verða að vera á aðskildum kerfum en heimilt er að þeir virki á sama búnað, t.d. á sömu hemlaklossa eða -borða.

Þetta gildir ekki um vélar sem eru með sjálfvirka hemla sem um getur í b- og d-liðum 9.

9.4. **Felgur**

Ef notaðar eru tvískiptar felgur með loftfylltum hjólbörðum verður vélin að vera þannig búin að ekki sé hægt að skilja felgurnar í sundur án þess að taka þær af öxlinum fyrst.

9.5. **Stjórntæki**

9.5.1. *Stjórn akstursstefnu*

Í samræmi við ISO-staðal 3691 önnur útgáfa -- 1980 -- 11 --15; liðir:
8.1. til 8.2.3.3
8.3.1 (a), (b) og (c)
8.3.1.1 til 8.4.3.2
með eftirfarandi kröfum að því er varðar 8.4.1.1:

i) Fótstig fyrir hemla, inngjöf og tengsli, svo og fótstig til að skipta á milli hraðastiga, ef fyrir hendi eru, skulu vera þannig hönnuð, smíðuð og fyrir komið að hægt sé að nota þau án þess að hætta sé á ruglingi.
ii) Greina skal frá virkni fótstiganna á skýran hátt í leiðbeiningum og jafnframt, á læsilegan og varanlegan hátt, á vélinni þar sem ökumaður getur alla jafna séð til úr eðlilegri akstursstöðu.

iii) Notkun annarra stjórntækja skal ekki koma í veg fyrir að hemlum sé beitt samtímis.

iv) Fótstigin verða að vera þannig:
-- að átaksþol þeirra sé í samræmi við það afl sem beitt er á þau,
-- að ekki sé hætta á að þau verði notuð óvart.

v) Vinnueftrilit ríkisins viðurkennir að fótstig í vélum sem framleiddar eru í samræmi við samræmda staðla.

8.4.1.2.
Gírstöng
Samkvæmt ISO-staðli 3691, 8.4.1.2.

8.4.1.3.
Skipting milli afturábak og áfram
Samkvæmt ISO-staðli 3691, 8.4.1.3.

8.4.1.4
Öryggistæki og hemlar. Rafknúnir lyftarar og dráttartæki með sitjandi ökumanni. Fella skal niður ISO staðla og setja í staðinn undir ofangreindri fyrirsögn:
Stjórn vélarinnar skal vera með þeim hætti að hún hreyfist eigi úr stað nema stjórntækjum fyrir ökustefnu sé beitt og fari löturhægt nema bæði stjórntækjum fyrir ökuhraða og stefnu sé beitt. Sé ekki um að ræða hlutlausan gír skal vinnuvélin eigi hreyfast úr stað fyrr en stjórntæki fyrir ökuhraða er beitt.

8.4.1.5.
Öryggistæki og hemlar. Bensín- eða dísilknúnar vinnuvélar með ökumanni sem ferðast með vélinni.

ISO staðlar falli alveg niður.

8.4.2 til og með 8.4.3.2.
Samkvæmt ISO-staðli 3691.

9.5.1.1. Á rafknúnum vélum verður að vera sérstakur rofi, óháður stjórnkerfinu, sem rýfur strauminn þegar ökumaður fer af vélinni.

9.5.1.2. Sjálfskiptar vélar verða að hafa búnað sem kemur í veg fyrir að þær verði ræstar ef þær eru í gír.

9.5.2. *Stjórntæki til að lyfta þunga*

Samkvæmt ISO-staðli 3691, lið 8.5.

9.5.3. *Merking stjórntækja*

Samkvæmt ISO-staðli 3287.

9.6. **Hraðatakmörkun** (1)

9.6.1 Vélar sem stjórnað er af gangandi manni skulu vera þannig gerðar að þær komist ekki hraðar en 6 km/h óhlaðnar á jafnsléttu.

Vélar sem stjórnað er af gangandi manni með einum akstursþraða skulu vera þannig gerðar að þær komist ekki hraðar en 4 km/h óhlaðnar á jafnsléttu með hámarkshröðun er nemi 0,5 m/s^2. Vélar með einum ökuhraða skulu ekki gerðar fyrir mikla lyftihæð.

9.6.2. Vinnuvélar sem ökumaður stendur á skulu þannig gerðar að þær komist ekki hraðar en 16 km/h á jafnsléttu.

(1) Um lagerlyftara er fjallað í 10. lið.

9.7 **Hreyflar og aukabúnaður**

9.7.1. *Útblásturs- og kælikerfi*

9.7.1.1.1. Útblásturskerfið skal þannig hannað og smíðað að af því stafi sem minnst óþægindi fyrir ökumann. Einkum skal útblæstri frá kerfinu beint þannig að af því stafi eins lítil óþægindi fyrir starfsmenn sem verða má.

9.7.1.1.2. Loftstreymi í gegnum kælikerfi skal þannig fyrir komið að ökumaður komist hjá óþægindum af þess völdum.

9.7.1.2. Eldsneytisgeymar

Ef eldsneytisgeymir er inni í eða liggur að vélarrými og mjög mikill hiti getur myndast, skal geymirinn og/eða áfyllingarbúnaðurinn einangraður frá rafkerfi og útblásturskerfi með viðeigandi vörn eins og t. d. sérstöku hólfi eða skilrúmi. Geyminum og áfyllingarbúnaðinum skal komið þannig fyrir að ef út úr flóir eða lekur, renni eldsneytið niður á jörðina en ekki á vélina, inn í stjórnklefa, yfir rafkerfi eða útblásturskerfi.

9.7.1.2.1. Eldsneytið má ekki geta lekið út við venjulegar aðstæður. Eldsneytisgeyminum og áfyllingarbúnaðinum skal komið fyrir þannig að sem minnst hætta sé á skemmdum á honum.

9.7.1.2.2. Eldsneytisgeyminn verður að vera hægt að fjarlægja.

Geymir fyrir annað eldsneyti í vökvaformi en própan- eða bútangas, gerða úr stálplötum sem eru 5 mm þykkar hið minnsta, þarf ekki að vera hægt að fjarlægja, enda hafi þeir fengið viðeigandi yfirborðsvörn. Aðferðinni við prófun á geymunum þarf að lýsa í handbók vélarinnar.

9.7.1.3. Eldsneytiskerfi þurfa að vera tryggilega fest við vélina og þannig gengið frá festingunum að þær verði sem minnst fyrir titringi. Þá skal þess og gætt, t.d. með hlífðarplötum, að þungi verði ekki lagður á geymana.

9.7.1.4. Geymarnir skulu þannig festir á vélina að þeir verði hvorki fyrir óhóflegum núningi eða höggum né að ætandi efni, sem hún flytur, valdi þeim skaða.

9.7.2. *Viðbótarkröfur um vinnuvélar sem knúnar eru brunahreyfli og nota própan- eða bútangas.*

9.7.2.1. Geymar

9.7.2.1.1. Geymar fyrir própan- eða bútangas mega vera varanlega festir á vélina eða þannig að þá sé fljótlegt að fjarlægja.

9.7.2.1.2. Geymarnir skulu vera tryggilega festir á vélina og þannig gengið frá festingum að þær verði ekki fyrir titringi.

Lagnir frá geyminum og aðrir hlutir á honum skulu nægilega varðir gegn því að þungi hvíli á þeim, t.d. með plötum eða grindum.

9.7.2.1.3. Geymar, bæði fasttengdir og þeir sem hægt er að fjarlægja, skulu þannig úr garði gerðir að á þeim sé búnaður sem kemur í veg fyrir að mikið magn af gasi eða vökva komist út, einkum ef lagnir gefa sig. Þetta á ekki við um öryggisloka.
Við afrennsli geymisins skal vera loki sem auðvelt og fljótlegt er að komast að og loka handvirkt. Sýna ber glögglega utan á vinnuvélinni eða nálægt lokanum hvar hann er og hvernig honum er stjórnað.

Eldsneytisafrennslið verður að vera í vökvaformi nema geymirinn og vélin séu sérstaklega gerð til þess að taka við eldsneyti í loftkenndu ástandi.

9.7.2.1.4. Allir geymar sem notendur verða að fylla að tilteknu marki skulu búnir eftirfarandi:

a) Hentugum öryggisloka sem tengist loftrými geymisins. Ef geyminum er komið fyrir inni í lokuðu rými ökutækis skal lokinn eiga útrás út í andrúms-loftið. Gæta ber þess að gasið valdi ekki skaða. Sjá enn fremur 9.7.2.3.3.

b) Föstum eldsneytismæli. Ef geyminum er komið fyrir inni í lokuðu rými ökutækis skal stútur eldsneytismælisins opnast út í andrúmsloftið á áberandi stað utan á ökutækinu.

1. Eldsneytismælir með aflestunarloka skal vera þannig gerður að op hans sé eigi stærra en 1,5 mm í þvermál og enn fremur skal þess gætt að hluta tækisins sé ekki hægt að draga að fullu út við mælingar.

2. Allir eldsneytismælar fyrir vökva þurfa að henta fyrir það gas sem notað er, þeir skulu gefa til kynna hámarksmagn eldsneytis og má það ekki vera meira en kveðið er á um í reglugerðum um þrýstihylki.

c) Ef notaður er mælir fyrir vökvaborð í eldsneytisgeymi skal hann ekki eiga útrás út í andrúmsloftið.

9.7.2.1.5. Ef geymum er komið fyrir í hólfi skal það hafa varanleg loftop allra neðst. Loftop þessi skulu ekki vera minni en 200 cm^2 svo að viðunandi loftræsting sé möguleg og skaðlaus fyrir ökumanninn.

9.7.2.1.6. Þar sem hægt er að fjarlægja geyma skulu festingarnar vera þannig að auðvelt sé að skipta um þá og athuga festingarnar eftir að skipt hefur verið um geymi.

9.7.2.1.7. Þegar verið er að tengja lausa geyma með öryggisloka verða þeir að vera þannig staðsettir á vélinni að lokinn vísi ætíð upp. Þetta má gera með stýringu sem heldur geyminum í réttri stöðu þegar hann hefur verið settur á vélina.

9.7.2.1.8. Ef varageymir eða aukageymir er í vélinni skal hann festur á viðurkenndan hátt svo sem mælt er fyrir um í 9.7.2.1.2. og 9.7.2.1.7.

9.7.2.1.9. Geymunum skal komið fyrir þannig að þeir verði ekki fyrir skaða af völdum hita, einkum frá vél og útblásturskerfi. Mögulegt skal vera að koma fyrir hitahlíf sem ekki hamlar loftræstingu við neinar aðstæður.

9.7.2.2. Lagnir fyrir gas

9.7.2.2.1. Auðvelt verður að vera að komast að tengingum og lögnum. Lagnir og tegningar verður að verja gegn skemmdum og sliti og leiðslur þurfa að vera nógu sveigjanlegar til að þola titring og formbreytingar við vinnu.

a) Lögnunum þarf að vera þannig fyrir komið að auðvelt sé að finna skemmdir eða leka.

b) Þær þurfa að vera lagðar þannig að heitir vélarhlutar valdi ekki skemmdum á þeim. Ekki má nota eingöngu stinnar lagnir milli eldsneytisgeymis og búnaðar á vélinni.

c) Háþrýstilagnir meira en 1 bar, skulu hafa stuðning á að minnsta kosti 500 mm bili sé um slöngur að ræða eða 600 mm bili sé um pípur að ræða.

9.7.2.2.2. Slöngur, lagnir og allar tengingar þeirra, með þrýstingi sem er meiri en 1 bar, verða að geta staðist 25 bara vinnsluþrýsting og 75 bara prófunarþrýsting án þess að þær gefi sig. Slöngur, lagnir og allar tengingar þeirra, með þrýstingi sem er minni en 1 bar, verða að geta staðist þrýsting sem er fimm sinnum meiri en líklegt er að þær verði fyrir við notkun.

9.7.2.2.3. Geymarnir og tengingar þeirra verða að vera settar þannig upp að þær skagi hvergi út fyrir vélina. Tengingar við geymi skulu varðar með stífri hlíf.

9.7.2.2.4. Allir hlutar lagna fyrir gas sem liggja milli tveggja loka skulu búnir öryggislokum ef þurfa þykir svo að forðast megi yfirþrýsting.

9.7.2.2.5. Ekki er heimilt að nota álpípur í lagnir fyrir gas.

9.7.2.2.6. Slöngur skulu hafðar eins stuttar og hægt er.

9.7.2.2.7. Tengingar og samskeyti á háþrýstilögnum meira en 1 bar skulu vera úr málmi nema þéttiskífur þær sem skylt er að nota.

9.7.2.3. Búnaður

9.7.2.3.1. Gasflæði skal stöðvast sjálfkrafa þegar vél stöðvast án tillits til þess hvort straumur til kveikjukerfis hefur verið rofin.

9.7.2.3.2. Ef tækið er gert fyrir fleiri en eina tegund af eldsneyti skal það þannig hannað að ekki sé hætta á því að gasið flæði á milli geyma og að einn geymir lokist ætíð áður en annar er opnaður.

9.7.2.3.2.1. Ef vélin er búin tveimur eða fleiri eldsneytisgeymum verða þeir að vera tengdir með fjölrásaloka eða með öðrum hentugum hætti svo að gasið komi aðeins frá einum geymi í einu. Ekki skal vera mögulegt að nota tvo eða fleiri eldsneytisgeyma samtímis.

9.7.2.3.3. Öryggislokum eða eldsneytismælum skal þannig komið fyrir að þeir opnist ekki að vélarhlutum þannig að hætta sé á íkveikju sem skaðað getur ökumann.

9.7.2.3.4. Ef tæring á vélarhlut getur hindrað að búnaður vinni rétt skal hann húðaður með viðeigandi yfirborðsvörn.

9.7.2.3.5. Allir hlutar eldsneytiskerfisins skulu tryggilega festir við vinnuvélina og festingunum þannig komið fyrir að sem minnst hætta sé á titringi.

9.7.2.3.6. Lokar skulu þannig staðsettir að auðvelt sé að komast að þeim til eftirlits og viðhalds.

9.7.3. *Rafknúnar vinnuvélar*

9.7.3.1. Rafgeymar

9.7.3.1.1. Málmhlífar skulu þannig hannaðar að 30 mm loftrými sé fyrir ofan leiðandi hluta rafgeymisins. Að öðrum kosti skulu hlífarnar eða leiðandi hlutar rafgeymisins vera einangraðir enda sé að minnsta kosti 10 mm loftrými fyrir ofan þá. Einangrunin skal vera tryggilega fest og komið í veg fyrir að hún trosni eða losni við venjulega notkun vélarinnar.

9.7.3.1.2 Hlífarnar skulu vera þannig gerðar að við eðlilega notkun verði engin röskun á rafgeyminum þ.m.t. hólf hans og tengi þó að 980 N afli sé beitt á hlífarnar á 300x300 mm flöt. Hlífunum skal þannig fyrir komið að þær gangi ekki til við venjulega notkun.

9.7.3.1.3. Hentug loftræstiop skulu vera í hólfinu um rafgeyminn eða hlífinni yfir honum þannig að gas safnist þar ekki saman í hættulegu magni þegar búnaðurinn er notaður í samræmi við fyrirmæli framleiðandans.

9.7.3.1.4. Rafgeyma og hólf utan um þá skal festa til að koma í veg fyrir að þeir gangi hættulega mikið til við venjulega notkun. Á vélum sem stjórnandinn situr á skal séð til þess að rafgeymirinn sé svo tryggilega festur að ökumaður hljóti ekki líkamstjón af rafgeyminum þó að vélin velti á hliðina.

9.7.3.1.5. Engir neistagjafar, sem náð geta 300°C eða meira, skulu vera staðsettir þar sem hætta er á að sprengifimt gas myndist.

9.7.3.1.6. Spenna

Uppgefin spenna rafgeymis skal eigi vera meiri en 96 volt.

9.7.3.1.7. Spennumörk

Rafmagnsbúnaður skal vera þannig hannaður að hann vinni rétt í einu og öllu og að öryggi sé tryggt þó svo að spenna rafgeymisins falli niður fyrir uppgefna spennu, sjá athugasemd, um sem nemur 30%, þ.e. niður í 0,7 sinnum uppgefna spennu.

ATHUGASEMD:

Skilgreining --- Uppgefin spenna = hámarksfjöldi af hlöðum rafgeymis sem eru raðtengd, margfaldaður með uppgefinni spennu hvers hlaðs, t.d. 2,0 volt miðað við hefðbundnar blýeiningar í sýrubaði, 1,2 volt miðað við venjuleg alkalíhlöð.

9.7.3.2. Kaplar

Kaplarnir sem notaðir eru til að tengja aðalrafgeymi og búnað á rafknúnum vinnuvélum við hleðslutæki skulu uppfylla kröfur þær sem um getur í viðbæti C.

9.7.3.3. Ekki má vera mögulegt að hleypa straumi á meginstraumrás vinnuvélarinnar meðan hún er tengd við hleðslubúnað.

9.7.3.4. Viðnám

Öllum viðnámum verður að vera þannig komið fyrir að ekki sé hætta á því að þau ofhitni og valdi skaða á nálægum hlutum vélarinnar.

9.7.3.5. Hlífar

9.7.3.5.1. Þegar vélin er við venjuleg störf verða allir leiðandi hlutar hennar að vera varðir fyrir snertingu.

9.7.3.5.2. Ekki mega vera neinar raftengingar í grind vinnuvélarinnar nema:

a) lekastraumskerfi;

b) ljós eða aukabúnaður enda sé spennan ekki meiri en 24 volt og tengingin aðskilin frá meginstraumrásinni;

c) jarðtenging meðan hleðsla fer fram með hleðslutæki sem er á vélinni sjálfri.

9.7.3.5.3. Rafrásir í aflvél vinnuvélarinnar skulu varðar gegn skammhlaupi.

Aðrar rafrásir skulu varðar gegn skammhlaupi og hættulegu álagi. Ef nokkrar samhliða aukarásir hafa ekki meira en 10 ampera straum má verja þær með sameiginlegum búnaði.

9.7.3.5.4. Rafrásirnar skulu þannig hannaðar og varðar að snerting við grind á einum eða fleiri stöðum setji vélina ekki af stað.

9.7.3.5.5. Rofakerfi þarf að vera þannig komið fyrir að vélin fari ekki óvænt af stað; fari vélin óvart af stað vegna bilunar í rafkerfinu þarf að vera hægt að stöðva hana strax. Sjá þarf til þess að hægt sé að hafa eftirlit með þessu öryggiskerfi.

9.7.3.6 Leiðslur

Allar leiðslur skulu vera vandlega einangraðar og varðar þar sem þess gerist þörf og skal þeim komið þannig fyrir að komist verði hjá hættu þegar vinnuvélin er við venjuleg störf.

Gæta ber að því að allar leiðslur séu það sverar að sá hiti, sem þær verða fyrir við notkun vinnuvélarinnar, sé ekki meiri en gefið er upp fyrir viðkomandi flokk einangrunar.

Eftirfarandi ákvæði gilda um koparleiðslur án einangrunar, þó ekki stuttar lagnir milli rofa eða rafliða sem liggja nálægt hver öðrum:

a) allar leiðslur verða að vera úr mjúku efni;
b) þverskurðarflatarmál koparvíra í köplum og vírabúntum sé eigi minna en 0,5 mm^2 .
Þessa víra skal festa tryggilega;
c) stakir koparvírar skulu eigi hafa minna þverskurðarflatarmál en 1 mm^2 .

9.7.3.7. Neyðarrofi

Neyðarrofi eða rofar verða að vera til staðar og þarf ökumaður að eiga greiðan aðgang að þeim úr hverri þeirri vinnustöðu sem framleiðendur mæla með. Rofinn þarf að geta rofið annan pólinn á meginrafrás án þess að skapa hættu, þ.m.t. straum til startara, með einhverri eftirtalinna aðferða:

a) tengi sem greint er frá í 9.7.3.2.;
b) handvirkum rofa;
c) neyðarrofa sem tengist spólum í tveimur mismunandi rofum.

9.7.3.8. Rafaflshemlar

Þar sem rafaflshemlar eru notaðir skal þeim beitt handvirkt en þeir teknir af með rafmagni.

9.7.3.9. Rafsvörunarpróf

Nýjar vinnuvélar skulu prófaðar áður en þær eru teknar í notkun, þurrar og með aflrafgeymi ótengdan, með því að beita breytilegri spennu, með 25 og upp í 100 rið, milli tengdra hluta og grindar vélarinnar.

Hálfleiðara og aðra rafeinda hluti, sem hætt er við skemmdum við prófunina, er heimilt að fjarlægja eða hlífa við prófuninni.

Búnaðurinn verður að geta staðist riðstraumspróf sem hér segir:

Uppgefin spenna	Prófunarspenna, riðstraumur	Prófunartími
≤ 48 V	500 V	}60 sek
> 48 V	1000 V	

Ef nauðsynlegt reynist að endurtaka prófunina skal spennan, sem notuð er, lækkuð niður í 80% af því sem greinir í töflunni hér að ofan.

Ef sá kostur er valinn að prófa spennu í eina sekúndu skal riðstraumsspennan aukin um 10% frá því sem að ofan greinir. Ef notaður er jafnstraumur við prófunina ber að hækka ofangreind riðstraumsgildi um 60%.

9.7.3.10. Prófun á viðnámi einangrunar

Einangrun á vinnuvélum verður að hafa nægilegt viðnám gegn rafmagni. Með reglulegu millibili skal prófa vinnuvélina og aflrafgeymi hvort í sínu lagi. Prófspennan verður að vera meiri en uppgefna spennan og minni en 500 V. Einangrunarviðnám rafbúnaðar sem liggur milli leiðandi hluta og grindar vinnuvélarinnar, að frátöldum rafgeymi, telst nægilegt ef það er minnst 1000 Ω margfaldað með uppgefinni spennu rafgeymisins. Einangrunarviðnám hlaðins aflrafgeymis með vökva í telst nægjanlegt ef það er að minnsta kosti 1000 Ω milli leiðandi hluta og grindar vinnuvélarinnar.

9.7.3.11. Öryggisbúnaður fyrir straumrásir og rafrásir.

Öryggisbúnaður fyrir straumrásir og rafrásir sem um er fjallað í eftirfarandi liðum:

9.7.3.7 b- og c-liðir	Neyðarrofar
9.10.5	Vörn fyrir stjórnendur vinnuvéla sem gangandi maður stjórnar
10.1.1.1 ⎫	
10.1.2.1 ⎪	
10.1.2.3 }	Takmörkun hraða og hemlun
10.1.3.1 ⎪	
10.1.3.2 ⎭	
10.1.2.2	Takmörkun hraða og hindrun hliðarhreyfinga
10.2.5.3.4	Slaki á vírum og keðjum
10.2.5.8	Aukarofi í hástöðu lyftara

verður að vera þannig hannaður og uppsettur að hann leysi öryggishlutverk sitt þó til bilunar kunni að koma.

Vélrænir rofar þurfa að vera þannig gerðir að þeir rjúfi straumrás sjálfkrafa og að þeir virki að mestu leyti milliliðalaust.

ATHUGASEMD:

Sé ekki hægt að fullnægja framangreindum kröfum með einföldum straum eða rafeindarásum er heimilt að hafa þær tvöfaldar í því skyni að tryggja að þær vinni rétt. Komi til bilunar verður hreyfing vélarinnar að stöðvast og ekki má vera hægt að setja hana af stað fyrr en straumur er kominn á aftur.

9.8. Kerfi og búnaður til að lyfta og halla og fyrir aðrar hreyfingar

9.8.1. *Vélbúnaður til að lyfta og halla* (1)

9.8.1.1. Keðjur til að lyfta með

Eingöngu eru heimilað að nota blaðkeðjur og keflakeðjur. Ef lyftibúnaðurinn er búinn keðjum ber framleiðandanum að velja keðjur, sem samkvæmt vottun keðjuframleiðandans hafa að minnsta kosti slitþolið K(^{2}) 5/1 gagnvart þeim stöðuþunga sem kemur á eina eða fleiri keðjur þegar leyfilegum hámarksþunga hefur verið lyft í flutningsstöðu, að því tilskildu að það sé engin núningsmótstaða í lyftigálganum. Keðjuhjól skulu hafa þrefalt meira þvermál en sem nemur lengd hlekkjanna.

9.8.1.2. Stálvírar.

Þegar lyftibúnaðurinn er einn eða fleiri stálvírar ber framleiðanda vinnuvélarinnar að velja stálvíra sem hafa að minnsta kosti slitþolið K(^{2}) 6/1 gagnvart þeim stöðuþunga sem kemur á einn eða fleiri víra þegar leyfilegum hámarks-þunga hefur verið lyft í flutningsstöðu, að því tilskildu að það sé engin núnings-mótstaða í mastri. Þvermál vírahjóla, mælt frá botni í spori þeirra, skal vera tuttugu og tvisvar sinnum þvermál vírsins.

9.8.1.3. Vökvaknúinn lyftibúnaður

Leyfilegur hámarksþungi má ekki síga hraðar en sem nemur 100 mm á fyrstu 10 mínútunum komi upp leki í vökvakerfinu miðað við að olían á kerfinu sé við eðlilegt hitastig. Hér er átt við leka sem verður við venjulega notkun; leki sem verður við óvenjulegar aðstæður eða vegna framleiðslugalla er hér ekki tekinn með.

(1) Um lagerlyftara er fjallað í 10. lið.

9.8.1.4. Takmörkun á lyftihæðinni

Lyftibúnaðurinn skal búinn stöðvunarklossum sem koma í veg fyrir að lyft verði of hátt. Þá skal enn fremur svo gengið frá gaffalsleða og hreyfanlegum búnaði öðrum að hann geti ekki fyrir slysni gengið upp úr mastri lyftarans. Allsstaðar þar sem hreyfing á að vera innan marka skal komið fyrir stöðvunarklossum til að hindra of mikla hreyfingu.

9.8.1.5. Takmörkun á slökunarhraða

Loki verður að vera innbyggður í vökvakerfið sem dregur úr því hversu hratt eðlilega hlaðinn lyftibúnaður sígur niður ef bilun verður í öðrum hlutum vökvakerfis en vökvatjakki. Hraðinn má aldrei vera meiri en 0,6 m/s.

9.8.1.6. Vökvaknúnir hallatjakkar

Komi upp leki einhvers staðar í vökvakerfinu má mastur lyftarans aðeins síga fram um 5° frá lóðréttu á fyrstu 10 mínútunum þegar lyftarinn er að lyfta uppgefnum hlassþunga í 2,5 m hæð eða mestu hæð þegar í hlut eiga lyftarar með minni lyftihæð en 2,5 m.

Á lyfturum sem hallað geta gálganum minna en 5° má hann ekki síga hraðar fram en sem nemur 1/2° á mínútu komi upp leki.

9.8.1.7 Styrkur grindar og aukabúnaðar

Grind vélar og aukabúnaður skulu vera hæfilega sterk og fær um að bera hlass sem nemur 1,33 Q_1 og 1,33 Q_2 í viðeigandi hámarkshæð í 15 mínútur.

Q_1 = Hámarkshleðsla við staðalfjarlægð frá hlassmiðju í staðalhæð, uppgefin lyftigeta, viðbætir A, liðir 2-4.

Q_2 = Hámarkshleðsla í hámarkslyftihæð samkvæmt upplýsingunum á skilti um burðargetu, raunveruleg burðargeta, viðbætir A, liður 5.

Við prófun lyftara er heimilt að byrði verði lyft á gafflana í réttri hámarkshæð af öðru tæki en lyftaranum sem verið er að prófa. Lyftaranum skal þá komið fyrir á sem næst láréttum fleti og mastrið vera í tiltölulega lóðréttri stöðu. Heimilt er að lagfæra lóðrétta stöðu masturs meðan á prófuninni stendur. Af öryggisástæðum

skal vélin skorðuð þannig að það hafi ekki áhrif á prófunina. Heimilt er að fjarlægja hjólbarðana. Að prófuninni lokinni má ekki verða vart við aflögun eða bilun.

9.8.2. *Vökvakerfi*

9.8.2.1 Vökvaleiðslur

Slöngur, pípur og öll tengi skulu standast þrýstiraun þar sem þrýstingur er að minnsta kosti þrisvar sinnum meiri en raunverulegur.

9.8.2.2. Öryggislokar

Í öllum vökvakerfum verður að vera öruggur búnaður, öryggisloki, sem kemur í veg fyrir að þrýstingurinn á kerfinu fari yfir það mark sem talið er öruggt.

Búnaðurinn skal vera þannig hannaður og fyrir komið að hann hvorki losni né afstillist fyrir slysni og að sérstakt verkfæri eða lykil þurfi til að breyta stillingu hans.

9.8.2.3. Komi til bilunar eða aflvél stöðvist verður vökvakerfið að vera þannig hannað að vökvadælan virki ekki óvænt sem vökvamótor vegna þrýstingsins á kerfinu.

9.8.2.4. Vökvakerfið skal þannig hannað og því fyrir komið að hvorki dragi úr virkni þess né öryggi eða hluta þess fyrir ytra álag, titring, hreyfingar vélarinnar eða hluta hennar o.s.frv.

9.8.2.5. Vökvakerfið þarf að vera þannig hannað að olían sem er á hringrás sé stöðugt og sjálfkrafa síuð.

9.8.3. *Gafflar og gaffalsleðar*

9.8.3.1 Gafflar -- Tæknilegir eiginleikar og prófun í samræmi við ISO-staðal 2330, 1. útgáfu 1978, þó svo að þar sé einvörðungu getið um gaffla sem hengdir eru á sleða.

9.8.3.2. Gafflar -- læsing á hliðarhreyfingu

Í göfflunum og á gaffalsleðunum skal vera búnaður til að koma í veg fyrir hliðarskrið. Hök skulu sett til að koma í veg fyrir að gafflarnir renni til hliðanna.

9.8.3.3. Framlengingar á göfflum

Framlengingar á göfflunum skulu þannig hannaðar að þær losni ekki af göfflunum fyrir slysni.

9.8.3.4. Ef rauf er sett á neðanverðan sleðann til að losa gafflana ætti hún ekki að vera beint á móti samskonar rauf á ofanverðum sleðanum nema gengið sé úr skugga um að gafflarnir verði ekki rangt settir á.

9.8.4. *Keðjufestingar*


Ef festingar fyrir áslátt eru á vélinni skulu þær þannig hannaðar að búnaður losni ekki óvart.

9.9. **Sæti ökumanns**

9.9.1. *Mál*

Sæti ökumanns eða pallur skal þannig gerður að ökumaðurinn hafi rými sem varið er af útlínu vélarinnar.
Viðkomandi mál skulu ekki vera minni í mm en að neðan getur:


Sitjandi ökumaður



Ökumaður snýr fram Ökumaður snýr á hlið

Standandi ökumaður

Ökumaður snýr í þessa átt.



Stæði ökumanns séð framan frá eða aftan frá.

---

(1) Frá mjöðm að öxlum.

(ý) Mjaðmahæð er í undantekningum hámark.

Gólfrýmið sem ökumaður hefur til ráðstöfunar fyrir neðri hluta líkamans frá mjöðm skal eigi vera minna en 1 400 cm^2 og þar skal einnig vera rúm fyrir hring með 360 mm þvermáli.

9.9.2. *Aðgengi*

Vélar, sem stjórnandi situr á, skulu þannig hannaðar að ökumaður komist auðveldlega í sæti sitt og úr því án þess að eiga á hættu að renna til eða detta. Gólfið í vélinni skal vera stamt. Á vélinni skal vera nægilegur fjöldi af stömum þrepum eða stöllum. Eigi skal vera lengra á milli þrepa né upp á fyrsta þrep eða stall af jörðinni en 500 mm. Handrið skulu sett þar sem þörf krefur.

9.9.3. Sæti ökumannsins skal vera bólstrað og einnig má það vera fjaðrandi til að draga úr því að titringur berist beint í líkama hans.

9.9.4 *Hiti*

Sæti ökumannsins og allir hlutir á vélinni sem eru innan seilingar hans við vinnu eða þegar hann kemur sér fyrir eða stígur af vélinni skulu eftir þörfum varðir gegn hita frá aflvél eða öðrum búnaði.

9.10. **Öryggisbúnaður ökumanns**

9.10.1. *Öryggisgrind yfir ökumanni*

Allir lyftarar og dráttartæki með lyftihæð er nemur meira en 1,8 m og notuð eru í atvinnurekstri og stjórnandinn ekur á, skulu búin öryggisþaki. Það má vera þannig gert að hægt sé að taka það af.

Ef lyftihæð vélar sem stjórnað er af gangandi stjórnanda eða vélar sem stjórnandinn getur einnig ekið á, er meiri en 1,80 m skal sjá til þess að á hana megi setja grind sem styður við hlassið.

Að því er varðar vélar með hækkanlegan stjórnpall vísast til 10. hluta.
Öryggisgrindur yfir ökumanni skulu uppfylla eftirtalin skilyrði:

9.10.1.1. Smíði

9.10.1.1.1. Almennt

Öryggisgrindin verður að skýla ökumanninum við allar venjulegar notkunaraðstæður vélarinnar.

Ef öryggisgrindin er fest við mastrið gildir ofangreint án tillits til stöðu mastursins.

Stjórntæki í hlutlausri stöðu, óvarin fótstig og stýrishjólið mega ná út undan öryggisgrindinni í átt að mastrinu allt að 150 mm. Ekkert er tekið tillit til handfangs á stöðuhemli í óvirkri stöðu.

Litið er svo á að fætur ökumanns og fótleggir séu hæfilega varðir ef fjarlægðin miðað við hornrétta línu milli fremsta hluta öryggisgrindarinnar og aftasta hluta grindar vélarinnar, sem veitir þessa vernd, er ekki meiri en 150 mm.

9.10.1.1.2. Bilun í hallabúnaði má hvorki beint né óbeint stefna ökumanninum í hættu vegna öryggisgrindarinnar.

9.10.1.2. Mál

9.10.1.2.1. Öryggisgrindin yfir ökumanni skal hönnuð og smíðuð með þeim hætti að hún dragi sem minnst úr útsýni hans.

9.10.1.2.2. Op efst á öryggisgrindinni mega hvorki vera lengri né breiðari en 150 mm. Öryggisgrindin yfir ökumanni skal smíðuð þannig að unnt sé að bæta á hana auka-búnaði sem gerir kleift við sérstakar aðstæður að auka vörn gegn fallandi hlutum.

9.10.1.2.3. Á vélum sem stjórnandi situr á skal vera að minnsta kosti 1.000 mm frítt rými frá lægsta punkti sætis og upp í öryggisgrind ofan við höfuð ökumanns miðað við að hann sé í venjulegri vinnustellingu.

9.10.1.2.4. Á vélum sem stjórnandi stendur á skal vera að minnsta kosti 1.880 mm frítt rými milli pallsins sem hann stendur á og öryggisgrindarinnar ofan við höfuð hans miðað við að hann sé í venjulegri vinnustellingu.

9.10.1.2.5. Öryggisgrindin skal hamla hreyfingum ökumanns eins lítið og mögulegt er þegar hann stígur á vélina eða af henni.

9.10.1.3. Prófun á öryggisgrindum

9.10.1.3.1. Almennt


Eftirfarandi prófun skal framkvæmd á frumgerð af öryggisgrind sem fest hefur verið á vél af þeirri gerð sem hún er hönnuð fyrir til þess að kanna öryggi ökumanns gagnvart fallandi hlutum, ekki hlassi sem samsvarar lyftigetu vélarinnar.

Nægilegt skal talið að festa hlífina á prófunargrind enda sé festingin sú sama og notuð verður á vélinni sjálfri.

9.10.1.3.2. Kyrrstöðupróf

Öryggisgrindin verður að standast í eina mínútu kyrrstæða prufuþyngd sem hvílir jafnt á efri hluta hennar og fari prófunin fram samkvæmt þessari töflu og grafi:

Uppgefin burðargeta vélar í kg (Q)	Prufuþyngd í kg
Allt að 2 000	$2 \times Q$ að hámarki 4 000
frá 2 000 til 5 000	$2\,000 + Q$ að hámarki 7 000
frá 5 000 til 10 000	$4\,500 + \frac{Q}{2}$ að hámarki 9 500



9.10.1.3.3 Fallprófun

Öryggisgrindin verður að standast högg af teningslaga harðviðarkubbi sem vegur eigi minna en 45 kg

Prufukubbinum skal komið svo fyrir að hann falli óhindrað á öryggisgrindina með eina hliðina niður en ekki með horn eða brún. Kubburinn skal látinn falla 10 sinnum úr 1,5 metra hæð þannig að hann falli hér og þar á grindina en þó innan hringlaga flatar með 600 mm þvermáli beint ofan við sæti eða stæði ökumanns.

9.10.1.3.4. Niðurstöður úr kyrrstöðu- og fallprófun

Að prófuninni lokinni mega engar sprungur vera í grindinni, hún má ekki hafa gliðnað eða dældast varanlega svo nemi meira en 20 mm mælt frá hlífinni innanverðri innan áðurnefnds hringlaga flatar beint ofan við sæti eða stæði ökumanns.

9.10.1.3.5. Aukabúnaður

Við fallprófunina er horft fram hjá aflögun sem verður á aukabúnaði, svo sem vírneti, segli, hertu gleri o.s.frv.

9.10.2. *Grindur fyrir byrði*

Vélar með mikla lyftihæð skulu búnar grindum til að halda við byrðina.

9.10.3. *Pallur*

9.10.3.1. Stjórnpallar véla sem staðið er á verða að ná fram fyrir ökumanninn og vera þannig hannaðir að þeir þoli þá áraun er því fylgir að vélinni sé ekið fullhlaðinni beint á lóðréttan flöt.

Athugasemd: Að því er þennan lið varðar er með heitinu stjórnpallar véla einnig átt við hvers konar styrkingar eða aðra hluta vélarinnar sem koma í veg fyrir að pallurinn beyglist.

9.10.3.2. Stjórnpallar véla sem staðið er á verða að skaga út fyrir vélina og hafa hlífar til hliðanna og að framanverðu.

9.10.3.3. Stjórnpallar véla sem staðið er á en einnig er hægt að ganga með og stjórna og liggja utan við öxla og grind vélarinnar skulu svo búnir að þeir dragist að eða hallist sjálfkrafa jafnskjótt og ökumaður stígur af vélinni og jafnframt skal svo um búið að þeir geti ekki dregist að eða hallast meðan ökumaður stendur á vélinni.

9.10.3.4. Stjórnpallar véla sem staðið er á og eru í meira en 1.200 mm hæð ofan við gólf skulu búnir handriði með tveimur láréttum listum og 100 mm háu tálista neðst eða öðrum ámóta öryggisbúnaði. Handriðið sé ekki lægra en 1.000 mm og ekki hærra en 1.100 mm mælt frá efsta rimli og niður á pallinn. Handriðið á að þola 900 N lárétt átak. (1)

Sé handriðið laust eða á hjörum skal það svo úr garði gert að auðvelt sé að koma því í rétta stöðu og augljóst hvenær það er tryggilega fest.

Ef handrið er á hjörum skal það einvörðungu opnast upp á við, inn á við eða til hliðar.

9.10.4. *Hjólahlífar*

9.10.4.1. Ef hjól vélarinnar standa út fyrir grind hennar skal hún hafa útbúnað sem verndar ökumanninn í eðlilegri vinnustöðu gegn hvers konar aðskotahlutum sem hjólin kunna að þeyta upp t.d. mold, möl, grjóti o.s.frv.
Ef hjólin eru stýranleg nægir að hjólahlífarnar hylji þau í beinni ökustefnu.

9.10.5. *Vörn fyrir ökumann -- vélar sem stjórnandi gengur með*

Stjórnstöngin á þessum vélum skal svo útbúin að vélarnar stöðvist eða breyti um ökustefnu ef stöngin rekst á eitthvað t.d. líkama stjórnandans.

(1) Keðjur og kaðlar teljast ekki eins góð vörn.

9.10.6. *Viðvörunarbúnaður*

Allar vélar skulu hafa flautu sem skýrt heyrist í.

9.10.7. *Staðir á vélinni sem búa yfir slysahættu*

Þeir hlutar vélarinnar sem hreyfast saman og eru innan seilingar ökumanns í eðlilegri vinnustöðu skulu annaðhvort varðir með heilli hlíf eða hlíf með opum sem ekki eru stærri en að neðan greinir:

Staðir þar sem fingur ökumanns geta klemmst: 25 mm,

Staðir þar sem hendur eða fætur ökumanns geta klemmst: 50 mm,

Staðir þar sem handleggir eða fótleggir ökumanns geta klemmst: 100 mm.

9.11. **Útsýni**

Stjórnendur véla verða að hafa svo gott útsýni að þeir geti stjórnað vélinni af fyllsta öryggi.

9.12. **Umhverfi á vinnustað**

9.12.1. *Hávaði*

Hávaða frá vél, sem knúin er brunahreyfli, á að mæla í samræmi við neðangreinda viðmiðun:

9.12.1.1. Hávaði á vinnustað

Mesti hávaði sem leyfilegur er á vinnustað er 85 dB(A)

9.12.1.2. Hávaði við sæti ökumanns

Mesti leyfilegur hávaði (Leq) við ökumannssæti er 85 dB(A).

9.12.2. *Ökumannshús*

9.12.2.1. Ef hús er sett á vélina í stað öryggisgrindar skal það uppfylla kröfur liðar 9.10.1.

9.12.2.2. Ef miðstöð er sett í ökumannshús sem er alveg lokað skal hún taka inn ferskt loft; heimilt er að þar komi til hringrás á lofti í ökumannshúsinu að hluta til. Miðstöðin skal vera tryggilega fest. Tryggja skal að heita loftið eigi greiða leið um allt ökumannshúsið og svo skal gengið frá miðstöðinni að ökumaðurinn geti ekki brennt sig á henni.

9.12.2.3. Tryggja skal að næg loftræsting sé í ökumannshúsinu.

9.12.2.4. Sé gler í gluggum ökumannshúss skal það vera öryggisgler. Á fram og afturglugga skulu settar hæfilega stórar rúðuþurrkur.

9.13. **Hleðslubúnaður**

9.13.1. Aukabúnaður, t.d. klemmur eða hliðarfærslubúnaður, skal hannaður þannig og smíðaður að hann losni ekki óvart eða renni til hliðar.

Aukabúnaður og hlutar hans sem hreyfast skulu stöðvaðir vélrænt í ystu stöðu sinni.

9.13.2. Klemmubúnaður verður að vera þannig hannaður að loki eða annar ámóta búnaður dragi sjálfkrafa úr lokunarvirkni hans þegar stjórntæki vélarinnar eru í hlutlausri stöðu.

Bilun í vélarkerfi í aukabúnaði má ekki verða til þess að byrðin detti eða sígi til.

9.13.3. Ef aukabúnaður er með eigið vökvakerfi verður það að vera í samræmi við ákvæði liðar 9.8.2., Vökvakerfi.

9.13.4. Ef aukabúnaðurinn er með vökvakerfi sem tengist vökvakerfi vélarinnar verða kerfin tvö að vera samhæfð og í samræmi við ákvæði liðar 9.8.2. (Vökvakerfi).

9.13.5. Aukabúnaðurinn skal þannig gerður og honum svo fyrir komið á vélinni að ökumaðurinn sjái bæði ökuleiðina og lyftibúnaðinn úr sæti sínu.

9.13.6. Kröfurnar í lið 9.10.7. um frágang þeirra staða sem búa yfir slysahættu gilda einnig um aukabúnað, þó ekki klemmubúnað.

9.13.7. Samanlagt vægi aukabúnaðar og hlass má ekki vera meira en sem nemur mesta uppgefnu hlassi vélarinnar sem hann er festur á.
Stöðugleiki lyftara með aukabúnaði skal staðfestur af framleiðanda eða í samræmi við fyrirmæli hans.

Þegar lokalyftigeta vélar og aukabúnaðar er ákvörðuð er nauðsynlegt að taka tillit til þeirrar fyrirstöðu sem verður þegar tækið nær ystu stöðu, t.d. hak til að stöðva hliðarfærslu með uppgefna þyngd.

9.14. **Höggdeyfar á stýrisbúnaði**

Takmarka skal svo sem unnt er högg sem kunna að leiða frá stýrishjólum á vélum að stýri, sem ökumaður situr eða stendur á, til að forðast meiðsli á hönd-um og handleggjum ökumanns.

9.15. **Ljós**

Vélar sem ökumaður situr á eða stendur skulu þannig hannaðar að framleiðandinn, fulltrúi hans eða einhver annar sem kunnáttu hefur til, geti eftir leiðbeiningum framleiðanda búið þær straumrás sem hægt er að tengja við aðalljós, rauð afturljós og stefnuljós ef þurfa þykir.

9.16. **Stöðugleiki vélar**

Tryggja verður stöðugleika vinnuvélar við alla notkun, hvort heldur hún er að lyfta hlassi eða aka með það enda sé hún að vinna störf sem hún er ætluð til. Líta má svo á að þessu skilyrði hafi verið fullnægt þegar viðkomandi prófanir sem um getur í viðaukunum hafa farið fram.

10. VIÐBÓTARKRÖFUR VARÐANDI VÉLAR MEÐ HÆKKANLEGU ÖKUMANNSSÆTI OG VÉLAR SEM EINKUM ERU ÆTLAÐAR TIL AKSTURS MEÐ HLASS Í HÁSTÖÐU

Eftirfarandi vélar falla ekki undir 10. lið:

a) vélar án lyftibúnaðar, hvorki hægt að lyfta stjórnpalli né burðarbúnaði;
b) lagerlyftarar með litla lyftihæð, þar sem hlassinu er lyft rétt nægilega hátt til að flytja megi það úr stað;
c) lagerlyftarar með stjórnpalli sem lyfta má í allt að 1,20 metra hæð.

10.1. **Almennar kröfur**

Vélar skulu þannig gerðar að þegar þær eru í notkun við eðlilegar aðstæður séu þær svo stöðugar að aka megi þeim af fullu öryggi eins þótt verið sé að lyfta, slaka eða snúa byrði og/eða ökumanni.

Framleiðandinn getur ákveðið að takmarka hreyfingar vélarinnar með sjálfvirkum stýrisbúnaði sé hann til staðar.

10.1.1. *Öryggisráðstafanir fyrir tilteknar aðgerðir*

10.1.1.1 Um vélar sem aka út fyrir hilluraðir eða milli hilluraða án leiðara með byrði og/eða ökumann í hástöðu gildir:

a) Koma verður í veg fyrir það með sjálfvirkum hætti að vélin komist hraðar en 4 km/h þegar stjórnpallur eða lyftibúnaður er kominn meira en 500 mm úr lægstu stöðu, sjá mynd 1.

b) Koma verður í veg fyrir það með sjálfvirkum hætti að vélin komist hraðar en 4 km/h þegar stjórnpallur eða lyftibúnaður er kominn hærra en 500 mm og minna en 2.500 mm úr lægstu stöðu; sé þessari hæð náð skal hraðinn síðan enn takmarkaður við 2.5 km/h ef stýrishjólum er snúið meira en 10° frá beinni stefnu, sjá mynd 1.

c) Akstur skal sjálfkrafa stöðvast eða hraðinn takmarkast við 2.5 km/h ef stjórnpallur eða lyftibúnaður er kominn ofar en 2.500 mm frá lægstu stöðu, sjá mynd 1.

d) Sé lyftihæðin orðin meiri en 2.500 mm skal vélin sjálfkrafa stöðvast meðan hlassið er á hreyfingu nema henni sé ekið löturhægt.

10.1.1.2. Ef stýriteinar eru á hillugöngum skulu þeir búnir tæki sem kemur í veg fyrir að vélin vísi nokkurn tíma meira frá stefnu teinanna en sem nemur u.þ.b. 2°.

10.1.1.3. Ef vélar sem aka eftir hillugöngum eru þannig búnar að þær geta vart eða ekki oltið, t.d. getur vélin notið stuðnings af hillunni með kefli sem rennur í sleða, skal stöðugleiki þeirra prófaður einvörðungu miðað við þá hlið sem þær hafa ekki stuðning við.

Ekki má vera hægt að losa um stuðningsbúnað þennan meðan vélin er með hlass í hástöðu.

10.1.1.4. Meðan vélin er notuð í hillugöngum í samræmi við tölul. 10.1.1.2 og 10.1.1.3 skal þess gætt að 100 mm bil sé á milli ysta hluta stjórnpalls og hillanna eða hlasssins eins og því er venjulega fyrir komið.

10.1.2. *Öryggisbúnaður stjórntækja*

10.1.2.1. Ef stöðugleiki vélar byggist á því að dregið sé úr hraða eða hemlað þegar hlass er komið í tiltekna hæð skal frekari beiting stjórntækja sjálfkrafa hindruð.

Ef vélin á aðeins að þumlungast áfram, ekki hraðar en 2,5 km/h, eftir að hlass er komið upp fyrir tiltekna hæð skal akstur á meiri hraða sjálfkrafa hindraður.

Vél sem gerð er til þess að stafla á þrjá vegu skal búin tæki sem hindrar sjálfkrafa:

a) að ekið sé hraðar en 2,5 km/h þegar hlassið vísar fram,

b) að hlassið renni til hliðar eða fram meðan vélin er á ferð.
Þetta skilyrði á ekki við þegar framleiðandi vélarinnar ábyrgist stöðugleika hennar með öðrum hætti.

10.1.2.2. Ef hægt er að reka einhvern hluta vélarinnar á hlið inn í lagerhillurnar skal hún búin tæki eða tækjum sem hindra slíka hreyfingu á meðan vélin er á ferð, að lyfta eða slaka hlassi. Þar að auki skal vélin eigi komast hraðar en 2,5 km/h þegar verið er að koma slíkum búnaði í stöðu eða nota hann.

10.1.2.3. Þegar lyftihæðin er orðin svo mikil að hraði vélarinnar takmarkast við 2,5 km/h skal hröðunin sjálfkrafa minnka til samræmis við þá lækkun hámarkshraða sem framleiðandinn heimilar við sömu lyftihæð.

10.1.2.4. Öll stjórntæki og vélbúnaður sem tengist hreyfingum vélarinnar skal sjálfkrafa leita í hlutlausa stöðu, stöðva hreyfingu, og vera þannig að gerð að vélin stöðvist ef bilun verður. Sé ekki hagkvæmt að koma slíku við skal þess í stað haft viðvörunarkerfi sem varar við ef bilun verður.

10.1.3. *Ökuhemlar*

10.1.3.1. Ef vélin gengur ekki eftir stýribraut eða ekur út fyrir hillukerfið með stjórnpall eða hlassið ekki hærra en 500 mm yfir lægstu stöðu skal hemlavirknin fullnægja kröfum liðar 9.3.1. A-flokks en að öðrum kosti skal ökuhraðinn sjálfkrafa lækka niður í 9 km/h, sjá mynd 1.

10.1.3.2. Ef stjórnpallur eða lyftibúnaðurinn er hærra en 500 mm yfir lægstu stöðu, hvort sem vélin gengur eftir stýribraut eða ekur út fyrir hillukerfið, má hemlavirknin F sem um getur í 9.3.1. breytast sjálfkrafa eftir hraðanum enda sé hún nægileg miðað við ökuhraða.

10.2 **Viðbótarkröfur fyrir vélar með hækkanlegum stjórnpalli**

10.2.1 *Hraði*

Vélar með hækkanlegum stjórnpalli skulu þannig hannaðar að ekki sé mögulegt að aka þeim hraðar en 16 km/h hlöðnum á láréttum fleti, sjá mynd 1.

10.2.2. *Hemlar*

10.2.2.1. Öku- og stöðuhemlar mega vera tengdir sama kerfi. Þar sem svo háttar til skulu hemlarnir fara á þegar bilun verður í kerfinu.

10.2.2.2. Öku- og stöðuhemlar mega virka á sömu hemlahluta, t.d. sömu hemlaklossa eða -borða.

10.2.2.3. Hemlunum skal beitt með stjórnbúnaði sem læsir þeim þegar hann er óvirkur. Þegar hann sleppir eiga hemlarnir að læsast með hemlavirkni sem er í samræmi við stöðugleikann, sjá 9.3.1, flokk D.

Þegar vinnuvélinni er ekið utan stýriteina á meiri hraða en 9 km/h, sjá 10.1.3.1 og þörf er á aukinni hemlavirkni til samræmis við 9.3.1 flokk A er heimilt að það sé gert með hefðbundnum hætti og þarf ekki að tengjast því að stjórntæki sé í hlutlausri stöðu.

Aukahemlarnir verða að vera þannig hannaðir að eigi sé hægt að beita þeim nema hlassið sé komið í minna en 500 mm hæð.

10.2.2.4 Hemlarnir geta verið aflhemlar en allt að einu verður að vera hægt að ná þeirri lágmarkshemlavirkni sem um getur í c-lið 9.3.4.1 án þess að á slíkan búnað reyni.

10.2.3. *Stjórnpallur*

10.2.3.1. Stjórnpallur á vélum með meiri lyftihæð en 1,2 m frá jörð verður að vera búinn öryggisgrind í samræmi við kröfur þær sem um getur í 9.10.3.4.

10.2.3.2 Hurðir hliðgrindur o.s.frv. mega aðeins opnast inn á við, upp eða til hliðar og æskilegt er að þær falli sjálfkrafa að stöfum. Sé vélin gerð til þess að lyfta stjórnpalli hærra en 1,2 m frá jörð verður hún að hafa búnað sem kemur í veg fyrir akstur og að lyftibúnaði sé beitt ef dyr, hliðgrindur o.s.frv. eru ekki tryggilega lokaðar.

10.2.3.3. Á vélum sem stigið er upp á og þar sem vörubretti eða þess háttar er notað til að ganga á ber að sjá til þess að ekki sé hætta á að stjórnandi eða aðstoðarmaður hans falli ef brettið veltur eða gengur til. Enn fremur skulu vélar af þessari gerð með hækkanlegum stjórnpalli sem fer hærra en 1,2 m frá jörð vera með búnaði sem kemur í veg fyrir að stjórnandinn eða aðstoðarmaður hans falli af pallinum ef brettið er ekki til staðar.

10.2.3.4. Á vélum með hækkanlegum stjórnpalli sem stigið er upp á svo sem um getur í 10.2.3.3. og lyft getur stjórnpalli í meira en 1,2 m hæð skal öryggisgrind sú sem um getur í 10.2.3.1 lykja um allt það svæði sem stjórnandinn hefur aðgang að og aðstoðarmaður hans ef hönnun leyfir það.

10.2.3.5. Nægilegt er að handrið sé við lyftibúnaðinn. Ef rýmið á stjórnpallinum er þannig að stjórnandinn gæti hugsanlega festst skal annars tveggja gætt, að opna megi dyrnar utan frá eða að önnur útgönguleið gefist, t.d. um hlera á þaki.

10.2.3.6. Gólfið á stjórnpalli skal vera nokkurn veginn lárétt og stamt og vatn má ekki safnast þar fyrir sé um að ræða vél sem notuð er utanhúss.

Það verður að þola þrýsting sem nemur 1500 N/m^2 og enn fremur 100 kg þunga á hverja 0,16 m^2.
Ef gólfið er með glerjuðum opum verða þau að vera jafnsterk og gólfið sjálft eða svo vel varin að þau þoli jafnmikið álag og gólfið.

Þar sem ristar eru notaðar í gólf stjórnpalls skulu götin ekki vera stærri en svo að kúla með 20 mm
þvermáli komist ekki í gegn. Götin skulu ekki vera stærri um sig en 400 mm^2.

10.2.3.7. Efni sem stjórnpallurinn er smíðaður úr má ekki vera eldfimt.

10.2.3.8. Ef hliðarnar á stjórnpalli eru glerjaðar skulu þær öryggiskröfur sem um getur í 10.2.3.1. eftir atvikum ná til slíks búnaðar.

10.2.4. *Öryggisgrind*

Öryggisgrind sem uppfyllir kröfurnar í 9.10.1. skal vera yfir stjórnpalli.

Að öðrum kosti má falla frá kröfunum í 9.10.1.3.2. ef tæki sem stöðvar lyftibúnaðinn er þannig komið fyrir að stjórnandinn sé ætíð varinn þó að þak stjórnpallsins rekist á einhverja hindrun. Á vökvaknúnum lyftibúnaði getur þrýstiloki gegnt þessu hlutverki enda sé öryggisgrindin nægilega rammbyggð.

10.2.5. *Öryggistæki og byggingarmáti*

10.2.5.1. Búnaður skal settur í vélina eða stjórntækjum þannig fyrir komið að stjórnandinn og aðstoðarmaður hans sbr. næstu málsgrein, sé örugglega kominn inn á stjórnpallinn áður en hægt er að aka vélinni eða hreyfa stjórnpallinn og enn fremur skal séð til þess að hann geti ekki teygt sig út fyrir stjórnpallinn án þess að vélin stöðvist. Sé vél með hækkanlegum stjórnpalli búin öryggisbúnaði fyrir breytilegan fjölda stjórnenda/aðstoðarmanna skal settur á hann aðalrofi svo að hægt sé að breyta stillingunni. Rofanum þarf að vera hægt að læsa með lykli sem ekki gengur að neinu öðru á vélinni.

10.2.5.2. Öryggi lyftibúnaðar.

10.2.5.2.1. Vélin skal vera svo búin að lyftibúnaðurinn falli ekki niður þó að bilun komi upp í honum.

10.2.5.2.2. Kröfur 10.2.5.2.1 teljast uppfylltar hafi eftirtaldar varúðarráðstafanir verið gerðar:

10.2.5.2.2.1. Vélknúinn lyftibúnaður:
skal þannig gerður að hann haldi mesta leyfilega hlassi uppi þó að bilun verði, og vírar þeir og keðjur sem lyfta stjórnpallinum verða að minnsta kosti að uppfylla kröfur 10.2.5.3.1 til og með 10.2.5.3.5. Stjórnandanum skal gert ókleift að aftengja þennan stöðvunarbúnað nema hlassinu sé slakað hægar en 0,4 m/sek.

10.2.5.2.2.2. Vökvaknúinn lyftibúnaður.

Í vélinni skal vera búnaður sem kemur í veg fyrir að hlassið sígi þó að rör eða slanga bresti. Þessi búnaður verður að vera tengdur beint eða óbeint við lyftitjakkinn. Stjórnandanum skal gert ókleift að aftengja þennan stöðvunarbúnað nema hlassinu sé slakað hægar en 0,4 m/sek.

10.2.5.2.2.3 Vél- og vökvaknúinn lyftibúnaður.

Hvers konar lyftibúnaður sem beitir blandaðri tækni verður að nota þann öryggisbúnað sem um getur í 10.2.5.2.2.1 og 10.2.5.2.2.2.

10.2.5.3. Vírar og keðjur sem notaðar eru til að lyfta stjórnpalli.

10.2.5.3.1 Séu vírar eða keðjur notaðar til að lyfta eða halda stjórnpalli ber að nota að minnsta kosti tvo samskonar víra eða keðjur. Þunginn verður að koma jafnt á keðjurnar eða vírana. Mögulegt þarf að vera að fylgjast með öllum vírnum eða keðjunni.

10.2.5.3.2. Samanlagt slitþol keðjanna eða víranna samkvæmt vottorði framleiðanda skal hvað keðjur áhrærir vera tífaldur stöðuþungi þess hlass sem vírarnir og keðjurnar bera samtals (1) en tólffalt fyrir víra enda sé tryggt að hver keðja og hver vír hafir öryggisstuðl að minnsta kosti 5/1 og 6/1 svo sem um getur í 9.8.1.1. og 9.8.1.2.

10.2.5.3.3. Endafestingar á vírum og keðjum skulu vera að minnsta kosti 80% af styrk keðjanna eða víranna.

10.2.5.3.4. Ef notaðir eru vírar eða keðjur til að lyfta stjórnpallinum verður vélin að vera búin einum eða fleiri nemum til að fylgjast með slaka á vírum eða keðjum. Komi fram slaki verður lyftibúnaðurinn að stöðvast sjálfkrafa.

Búnaðurinn getur tryggt:
--- að hægt sé að losa lyftibúnaðinn eða stjórnpallinn,
--- að hægt sé að lyfta lyftibúnaðinum,
--- að hægt sé að slaka stjórnpallinum eða lyftibúnaðinum niður í neðstu stöðu,
--- að stjórnpallinum eða lyftibúnaðinum verði ekki lyft frekar fyrr en gallinn hefur verið lagfærður og neminn er aftur orðinn virkur.

Lyftibúnaðurinn verður að vera þannig gerður að vírarnir flækist ekki, snúist eða færist úr eðlilegri stöðu.

10.2.5.3.5. Slitni ein eða fleiri keðjur eða vírar skulu allar viðeigandi ráðstafanir gerðar til að tryggja að fyrirkomulag hinna keðjanna eða víranna og festingar þeirra haldi sér án þess að grind vélarinnar skemmist. Slitni ein keðja eða vír verður lyftibúnaðurinn að stöðvast.

10.2.5.4. Ef notaður er tvöfaldur stjórnbúnaður, annar á lyftibúnaðinum en hinn á vélinni sjálfri, er nauðsynlegt að hindra að beita megi stjórnbúnaðinum á vélinni sjálfri meðan sá á lyftibúnaðinum er í notkun. Ráðstafanir til að slaka lyftibúnaðinum í neyðartilvikum svo sem um getur í 10.2.5.7 eiga samt við hér.

Stjórntækin á vélinni þurfa að vera vel aðskilin frá stjórntækjunum á lyftibúnaðinum þegar hann er lækkaður.

10.2.5.5. Stjórnandinn þarf að eiga tiltölulega auðvelt með að aftengja orkugjafann, sem alla jafna er rafgeymirinn, frá drif- og lyftibúnaði án tillits til þess hvernig stjórnpallur er staðsettur.

(1) Sjá 9.8.1.1 og 9.8.1.2 fyrir þvermál keðjuhjóla eða vírahjóla.

Kerfi þetta þarf að vera þannig hannað að engin hætta sé á ferðum þó að straumur sé rofinn meðan verið er að slaka hlassi.

10.2.5.6. Vélar sem eru gerðar til að lyfta stjórnpalli hærra en 2,5 m verða að vera þannig búnar að stjórnanda sé gert kleift að komast niður með öruggum hætti ef stjórnpallurinn festist í hástöðu.

10.2.5.7. Vélar sem gerðar eru til að lyfta stjórnpalli hærra en 2,5 m verða að vera búnar slökunarbúnaði til nota í neyðartilvikum sem stjórna má af jörðu niðri þó að straumur hafi verið rofinn. Slökunarbúnaði þessum skal þannig fyrir komið að notkun hans sé með öllu áhættulaus fyrir stjórnanda.

10.2.5.8 Lyftibúnaðurinn þarf að vera með stöðurofum. Endastöðvun verður að vera stöðvunarklossi sem hindrar að lyftibúnaðurinn fari of langt.

Enn fremur þarf að sjá svo um að stjórnpallurinn geti undir engum kringumstæðum losnað frá lyftibúnaði sínum.

10.2.5.9. Vélar sem gerðar eru til að lyfta hærra en 2,5 m skulu búnar leiftrandi viðvörunarljósi sem sést af jörðu niðri þegar vélin er að slaka hlassi eða er á ferð.


10.2.6. *Upplýsingaskilti*

10.2.6.1. Skiltið um afkastagetu sbr. 9.1.2 verður að veita glöggar upplýsingar bæði um lyftigetu og lyftihæð og jafnframt um það við hvaða hæð hemlavirknin breytist

Skiltið verður að vera varanlega fest og sýnilegt ökumanni af stjórnpalli.

10.2.6.2. Til viðbótar þeim lögboðnu merkingum sem um getur m.a. í 9.1 skal vera á vélinni varanlegt skilti sem gefur glögglega til kynna hversu margir megi vera á hennar þegar hún er í notkun.

MYND 1



11. LEIÐBEININGAR -- HANDBÆKUR

Öllum sjálfknúnum vélum eða eftir samkomulagi við notendur hvers flokks vinnuvéla skal fylgja bók eða bækur með ítarlegum leiðbeiningum um notkun og viðhald á íslensku.

Aðildarríki geta krafist þess að áður en vélin er tekin í notkun á yfirráðasvæði þeirra skuli á hana skráðar upplýsingar er lúta að vinnumálalöggjöf þeirra.

VIÐBÆTIR A

SKILGREINING Á BURÐARGETU

1. INNGANGUR

Í þessum viðbæti er skilgreind „uppgefin burðargeta" sem auðveldar samanburð á grunngerðum véla frá einum framleiðanda. Þessi uppgefna burðargeta tengist staðlaðri lyftihæð.

Einnig er í þessum viðbæti skilgreind „raunveruleg burðargeta", þegar vélin hefur verið búin mastri. Þessi burðargeta ákvarðast af viðeigandi stöðugleika-prófun.

(1) Ef vinnuvélin er með búnaði til að lyfta sæti ökumanns skulu 90 kg bætast við gildið Q.

2. UPPGEFIN BURÐARGETA

Sú burðargeta sem framleiðandinn gefur upp á að samsvara þeim heildarþunga Q [1] sem vélin er hönnuð til að bera og stafla á göfflum eða palli, með tvöföldum lóðréttum möstrum, með hámarkslyftihæð sem er jöfn staðalhæðinni „H", svo sem greinir í lið 3, með fjarlægð hlassmiðju „D" svo sem greinir í lið 4, sem er mæld lóðrétt og lárétt frá þungamiðju hlassins „G" og:

a) framhlið lóðrétta hluta gaffalsins,
b) lárétta hluta gaffalsins ofanverðum, eða samsvarandi mælingu sé vélin með palli.

Þó svo að vélin noti hvorki mastur né lyfti upp í hæðina „H" skal samt gefa upp lyftigetu hennar eins og gálgi væri til staðar.


MYND 1

D = Fjarlægð hlassmiðju

G = Þungamiðja hlassins er á miðju mastri

H = Lyftihæðin

Q = Hlassþungi



3. STAÐLAÐAR LYFTIHÆÐIR

Staðlaðar lyftihæðir eru ákveðnar sem hér segir:

H = 2,5 m á vélum með göfflum eða palli sem er allt að 690 mm breiður.

H = 3,3 m á öllum öðrum vélum.

[1] Hámarkshraðinn 16 km/h á ekki við um vinnuvélar með sitjandi ökumanni sem er ekki hægt að lyfta.

4. STÖÐLUÐ FJARLÆGÐ HLASSMIÐJU

4.1 Á fjöldaframleiddum vélum með andvægi sem gerðar eru fyrir allt að10.000 kg burðargetu og sendar til lands sem notar alþjóðlegar mælieiningar (SI) skal stöðluð fjarlægð hlassmiðju vera sem hér segir:

Hleðsla Q	Stöðluð fjarlægð 'D'
Til 1.000 kg	400 mm
Frá 1.000 kg til 5.000 kg	500 mm
Frá 5.000 kg til 10.000 kg	600 mm

— Á öllum öðrum vélum, að undanskildum gaffallyftara með hliðarhleðslu, skal stöðluð fjarlægð hlassmiðju vera 600 mm.
— Gaffallyftarar með hliðarhleðslu skulu teljast hafa þá fjarlægð hlassmiðju sem framleiðandinn gefur upp.
— Heimilt er að meta hlassmiðju véla sem notaðar eru í mjög sérhæfð verkefni með hliðsjón af notkun þeirra.

5. RAUNVERULEG BURÐARGETA

Raunveruleg burðargeta vélar er metin út frá viðeigandi stöðugleikaprófun og er breytileg eftir gerð og hæð masturs sem notað er svo og eftir mismunandi fjarlægð hlassmiðju (sjá lið 4) sem við er miðað. Skráningin skal ákvörðuð með venjulegum göfflum eða palli. Skráningu á aukinni burðargetu með aukabúnaði, sem hægt er að fjarlægja, er einnig hægt að leyfa sé þess kostur vegna krafna um stöðugleika.

VIÐBÆTIR B

UPPLÝSINGAR Á SKILTI UM BURÐARGETU

1. INNGANGUR

Viðbætir þessi á að stuðla að auðveldari samræmingu á upplýsingum sem settar eru á skilti um burðargetu.
Ákvörðun á burðargetu er lýst í viðbæti A.

2 UPPGEFIN BURÐARGETA

Uppgefin burðargeta skal skráð á nafnskiltið, t.d. svo: „Uppgefin burðargeta = 6.000 kg“.

Heimilt er að geta um burðargetu á sérstöku skilti en það skal gert á þann hátt að engin hætta sé á ruglingi við aðrar upplýsingar, t.d. „Gerð nr. XYZ/6.0“.

3. RAUNVERULEG BURÐARGETA

Raunveruleg burðargeta, lyftihæð og fjarlægð hlassmiðju sem geta skal um á skilti um burðargetu skulu uppfylla neðangreindar kröfur:

3.1. Raunveruleg burðargeta miðað við hámarkslyftihæð og staðlaða fjarlægð hlassmiðju skal alltaf koma fram.

Raunveruleg burðargeta miðað við mismunandi fjarlægð hlassmiðju skal enn fremur koma fram ef því verður við komið. (1)

3.2. Ef heimilt er að lyfta hámarksþunga sem er meiri en um getur í 3.1. upp í hæð sem er minni en hámarkslyftihæð vélarinnar skal þess enn fremur getið með viðeigandi hætti. Raunveruleg burðargeta miðað við mismunandi fjarlægð hlassmiðju skal enn fremur koma fram verði því við komið. (1)

3.3. Heimilt er að geta nánar um burðargetu og fjarlægð hlassmiðju.

4. AUKABÚNAÐUR

Ef vél er upphaflega búin tækjum af einni eða annarri gerð sem hægt er að taka af verða að koma fram nánari upplýsingar en þær sem um getur í 3. lið. Eiginleg burðargeta, lyftihæð og fjarlægð hlassmiðju þarf að koma fram varðandi hvert aukatæki með svofelldum hætti:

Ætíð skal koma fram hvaða þungi er heimilaður við samsvarandi hæð og fjarlægð hlassmiðju. Þá skal og geta þess nákvæmlega við hvaða aukabúnað er átt í hverju tilviki.

5. MÆLIEININGAR

Mælieiningar sem notaðar eru við að gefa upp burðargetu skulu vera þessar:

	SI
- lyftihæð	mm.
- hlass:	kg
- fjarlægð hlassmiðju:	mm.

(1) Viðbótarfjarlægðir hlassmiðju skulu helst vera staðlaðar hlassmiðjufjarlægðir og á vinnuvélum seldum í löndum þar sem notaðar eru SI-einingar skal ein þessara fjarlægða, sé ekki þegar gert ráð fyrir henni, vera 600 mm.

6. MERKING

Upplýsingarnar á skiltinu skulu setta fram í formi töflu eða teikningar.

VIÐBÆTIR C

FORSKRIFTIR FYRIR STRAUMTENGI

1. FORSKRIFT

1.1. **Fjöldi tegunda**

Þessi forskrift á við um þrjár gerðir og miðast við nafnstraum þeirra í amperum: 80 - 160 - 320 A.

1.2. **Skilgreiningar**

1.2.1. *Nafnstraumur*

Nafnstraumurinn er sá straumur í amperum sem tengið getur borið stöðugt án þess að hitinn fari upp fyrir þau mörk sem heimiluð eru í 1.3.8.

1.2.2. *Útslagsstraumur*

Útslagsstraumur við hámarksálag er sá straumur sem tilgreindur er í 2.3.2 og tengið verður að geta rofið við sérstakar kringumstæður eða við hættuástand.

1.2.3 *Spenna*

1.2.3.1. Hámarksspenna

Tengin verða að geta unnið við allt að 150 volta jafnstraumsspennu. Geta verður um hámarksspennuna utan á tenginu (sjá1.3.11.).

1.2.3.2. Spenna við notkun

Uppgefin spenna rafgeymisins má ekki vera meiri en 96 volt.

1.3. **Um gerð tengis**

Hvert tengi samanstendur af tveimur hlutum. Hvor hluti um sig þarf að vera þannig gerður að á hann megi setja festibúnað.

1.3.1. *Hlífar*

Einangrunarhlífarnar skulu vera hæfilega sterkbyggðar, ekki eldfimar, vatnsfælnar og þola sýrur, lofttegundir úr rafgeyminum og útþynnt basísk efni (t.d. salt). Mögulegt þarf að vera að lita þær í öllum venjulegum litum.

1.3.2 *Rofar*

Hvor helmingur skal hafa tvo aðalrofa. Þar að auki skal gert kleift að tengja tvo aukarofa. Allir rofar skulu varðir gegn tæringu á viðeigandi hátt.

Á þeim þremur tegundum tengja sem um getur verða þeir aukarofar sem kunna að verða tengdir að geta flutt 20 A straum. Þeir mega ekki gefa samband á undan aðalrofunum.

1.3.3. *Vélarhlutir*

Vélarhlutir verða að vera nægilega varðir gegn tæringu.

1.3.4. *Vörn gegn umpólun*

Hlífarnar þurfa að vera með búnaði sem ekki verður fjarlægður og kemur í veg fyrir að tengingum verði snúið við til að komast hjá umpólun.

1.3.5. *Einangrun*

Tengi og aðrir leiðandi hlutir mega ekki snerta málmhluta hlífarinnar, hvort sem þeir eru tengdir eða ekki.
Einangrunin þarf að þola hita á bilinu +90 til -20°C

Athugasemd:
Með hliðsjón af því að hámarkshitinn ætti ekki að verða meiri en 90°C ætti að velja ytra og innra lag einangrunarinnar úr flokki Y eða ofar samkvæmt tilmælum alþjóðlegu rafstaðlanefndarinnar nr. 85 (1957).

1.3.6. *Verndarstig*

1.3.6.1 Þegar tveir hlutar tengisins eru tengdir verða þeir að veita samtals vernd sem er í samræmi við CENELEC-staðal HD 365 IP 23.

1.3.6.2 Þegar hlutar tengisins eru varanlega tengdir við rafgeyminn ber að verja þá fyrir því að menn snerti þá óvart og að meðalstórir utanaðkomandi hlutir eigi greiða leið að þeim.

Athugasemd:
Þessi margvíslega vernd verður að samræmast CENELEC HD 365 IP 23 sem hér segir:

IP 2* --- Vernd gegn snertingu fingra við leiðandi hluta. Vernd gegn meðalstórum utanaðkomandi hlutum.

IP 3* --- Rigningarvatn sem fellur með aðfallshorni er nemur 60 gráðum eða minna (u.þ.b. 1 radían) miðað við lóðrétt má ekki hafa skaðleg áhrif.

1.3.7. *Táknlykill*

Hvert tengi skal búið táknlykli sem kemur í veg fyrir að kló verði stungið í innstungu með annarri spennu.

1.3.8. *Hitamörk*

Tengi, tengiskór og vélarhlutar verða að geta þolað hámarkshita sem nemur 90°C og lágmarkshita -20°C.

1.3.9. *Tengiskór fyrir straumúttök*

Straumtengin skulu tengd rafgeyminum og straumrásinni, eða hleðslustraumrás, með köplum.
Í eftirfarandi töflu er gefið upp þvermál koparkapla til nota við þrjár gerðir straumúttaka.

Nafnstraumur í amperum	80	160	320
Nafnþvermál kapals í mm^2	16	35	95

1.3.10. *Tenging og þjálni tengis*

Mögulegt verður að vera að festa tengiskóinn við straumúttakið með einhvers konar læsingarbúnaði. Þennan búnað þarf að vera fljótlegt að opna í neyðartilvikum.
Tengihlutana tvo þarf að vera hægt að aðskilja í hvaða stöðu sem er. Hámarksátakið til að aðskilja þá má ekki vera meira en 150 N. Læsingarbúnaðinum má sleppa ef 15 N lágmarksátak nægir til að aðskilja tengihlutana tvo.

1.3.11. *Merking*

Öll straumúttök skulu vera með eftirfarandi upplýsingar skráðar á læsilegan og varanlegan hátt:

--- Nafn eða merki framleiðandans.
--- Hámarksnotkunarspenna: t.d. 150 V,
--- nafnstraumur í amperum t.d. 160 A,
--- Merkin '+' og '-' á tengjunum eftir því hvort þeirra á að tengjast jákvæðum pól á rafgeyminum og hvort neikvæðum.

2. PRÓFUNARAÐFERÐIR

Öll eftirfarandi próf verður að gera á þremur frumgerðum af öllum gerðum tengja. Fjöldaframleidd tengi verða að uppfylla þessar kröfur. Þetta ber að tryggja með viðeigandi gæðaeftirliti. Prófin verða að fara fram við réttar aðstæður til að tryggja öryggi.

2.1. **Hitapróf á straumleiðandi hlutum straumúttaks**

Tengið skal tengt með kapli með þvermáli svo sem um getur í 1.3.9. til þess að prófa straumleiðandi hluta þess og taka mið af sjálfhitun vegna viðnáms. Kaplarnir skulu tengdir með einhverri aðferð sem framleiðandi tengjanna viðurkennir.

Kaplarnir skulu ekki vera minna en 2 metra langir. Prófun fer fram við nafnstraum og skal hiti í umhverfinu vera á bilinu 18 til 22°C.

Prófun skal haldið áfram uns hitastig er stöðugt. Hækkun hitastigs skal mæld með snertinema eða á annan jafn nákvæman hátt. Notkun venjulegra hitamæla er bönnuð. Hitaaukningin má ekki verða meiri en 65°C.

2.2. **Endingarpróf**

Samstæðir hlutar tengis eru aðskildir og síðan tengdir aftur.

Prófunin skal endurtekin 5.000 sinnum. Að því loknu verður tengið að þola að gangast undir hitapróf það sem lýst er í 2.1.

2.3. **Aftenging prófuð við álag**

2.3.1. *Aftenging prófuð við yfirálag*

Tveir samstæðir hlutar tengis eru settir í samband við straumgjafa sem veitir 96 V jafnstraum um straumrás sem hefur spanstuðul á bilinu 0,45 til 0,55 mH.

Um tengin skal fara eftirtalinn straumur:

--- gerðin fyrir 80 amper: 200 amper,

--- gerðin fyrir 160 amper: 400 amper,

--- gerðin fyrir 320 amper: 800 amper.

Eftir að tengin hafa verið sett saman rétt er straumurinn rofinn með því að aðskilja hlutana tvo með 0,8 til 1,0 m hraða á sek. Þetta próf skal endurtekið fimm sinnum í lotu.

Að þessu prófi loknu er kannað hvort tengið hafi skemmst en því næst er það sett saman aftur og látið gangast undir hitaprófið sem um getur í 2.1.

Hafna skal þeim tengjum sem ekki er hægt að setja saman aftur að loknu slíku prófi svo og þeim sem ekki standast hitaprófið.

2.3.2. *Aftenging í neyðartilvikum*

Þegar neyðarstraumrof fer fram með þeim leiðum sem um getur í a-lið 9.7.3.7. skal svofellt próf gert:

Tveir samstæðir hlutar tengis eru settir saman og tengdir við straumgjafa er veitir jafnstraum um spanstraumrás með þannig leiðni að tímafasti rafrásarinnar er 15 millísekúndur og að straumurinn sem rjúfa á er fjórfaldur nafnstraumur þegar tengt er við 96 V spennu.

Tengið þarf að geta eytt öllum ljósbogum sem myndast við slíkt neyðarstraumrof. Ekki er nauðsynlegt að tengið sé nothæft að loknu þessu prófi.

2.4. **Kaffæringarpróf**

Báðum hlutum tengis, samföstum en án kapla, er dýft í eina klukkustund í lausn af brennisteinssýru með eðlismassan 1,10 ±0,05 við lofthita á staðnum. Er tengin hafa verið skoluð í hreinu vatni og þurrkuð á að vera hægt að setja þau rétt saman og þau eiga að þola hitaprófið sem um getur í 2.1.

Þetta próf er endurtekið við sömu skilyrði og notuð upplausn af kalíumhýdroxíði með eðlismassan 1,10 ± 0,05.

Tengin eru síðan prófuð í samræmi við liði 2.5. og 2.6. Áður ætti að vera búið að umlykja þau vetni í að minnsta kosti tvo sólarhringa.

Öll prófin á að gera á gerðunum þremur í þeirri röð sem þau eru talin upp.

2.5. **Rafsvörunarpróf**

Hver hluti tengis án kapla á að geta þolað sínuslagaðan riðstraum á bilinu 25 til 100 rið í eina mínútu og 2.000 V spennu sem beitt er á:
--- milli tveggja aðalrofa,
--- milli hjálparrofa ef þeir eru til staðar og aðalrofa,
--- milli allra rofa sem tengdir eru saman og málmhluta tengjanna og málmhluta sem festir eru á hlífina (enda sé hún úr einangrandi efni).

2.6. **Fallprófun**

Helmingur tengis er festur við tvo 1,5 metra langa kapla með mesta leyfilega þvermál sem festir eru 1 metra frá gólfi.

Tengið er því næst látið falla úr 2 metra hæð niður á steingólf.
Þetta próf er endurtekið 25 sinnum
Eftir þessi próf má tengið ekki vera sprungið eða varanlega afmyndað.
Tengishlutana á að vera hægt að setja rétt saman.


II. VIÐAUKI

SAMRÆMISVOTTORÐ FRAMLEIÐANDA EÐA INNFLYTJANDA FYRIR SJÁLFKNÚNAR VÉLAR.

Undirritaður .....
(Eftirnafn, skírnarnafn, staða, fyrirtæki)
.....
.....
vottar hér með að neðangreind sjálfknúin vél uppfyllir að öllu leyti kröfurnar í sértilskipun .....
(númer og heiti tilskipunarinnar)
.....
.....
1. Flokkur: .....
2. Framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans innan bandalagsins: .....
.....
3. Gerð: .....
4. Framleiðsluraðnúmer vélarinnar: .....
5. Smíðaár: .....
6. Aðrar upplýsingar: .....
.....
.....
.....
.....
Dags.: ....
(undirskrift)

III. VIÐAUKI

SAMRÆMISMERKI.



1. Samræmismerkið skal vera auðlæsilegt og varanlegt. Það skal sett á beint við hliðina á eða á sjálft merkispjaldið.

2. Stærð merkisins skal þannig valin að auðvelt sé að sjá það og lesa á það. Þvermálið á jaðri merkisins sé eigi minna en 15 mm.

IV. VIÐAUKI

PRÓFUNARAÐFERÐIR FYRIR SJÁLFKNÚNA LYFTARA OG DRÁTTARTÆKI

EFNISYFIRLIT

Aðferð nr.	Heiti
1.	Stöðugleikapróf fyrir lyftara með andvægi
2.	Stöðugleikapróf fyrir lyftara með seiliarmi og lyftara með stuðningskjálkum
3.	Stöðugleikapróf fyrir brettalyftara og lyftara með mikla lyftihæð
4.	Stöðugleikapróf fyrir lagerlyftara með miðlungs- eða mikla lyftihæð
5.	Stöðugleikapróf fyrir gaffallyftara með eina vinnustefnu
6.	Stöðugleikapróf fyrir vinnuvélar sem lyfta á tvo vegu eða fleiri
7.	Stöðugleikapróf fyrir vinnuvélar sem hlaða fram og til hliðar og hafa mikla lyftihæð

8. Stöðugleikapróf fyrir torfærulyftara

9. Stöðugleikapróf fyrir lyftara með framhallandi mastur

10. Stöðugleikapróf fyrir lyftara með búnaði til að hliðra hlassinu til

11. Stöðugleikapróf fyrir lyftara með hliðraða hlassmiðju eftir verkefnum

12. Notkunarpróf fyrir vélknúnar vinnuvélar

13. Aðferð til að prófa útsýni úr vélknúnum vinnuvélum eða án þeirra. Þær eiga við um lyftara sem búnir eru göfflum og/eða aukabúnaði

AÐFERÐ nr. 1

STÖÐUGLEIKAPRÓF FYRIR LYFTARA MEÐ ANDVÆGI

1. MARKMIÐ OG GILDISSVIÐ

Í þessum tæknilýsingum er getið um helstu prófanir sem gerðar eru til að prófa stöðugleika lyftara með andvægi, bæði þar sem stjórnandi situr á lyftaranum og gengur með honum, og allt að 10.000 kg uppgefna burðargetu, með mastur sem halla má eða ekki og með gaffla, en ekki lyftara sem gerðar eru til að lyfta hlassi sem getur sveiflast til.

2. GILDISSKILMÁLAR

Eftirfarandi stöðugleikapróf, í samræmi við tæknilýsingarnar, tryggja það að tiltekin gerð lyftara er nægilega stöðug þegar henni er beitt eðlilega við venjulega notkun, nánar tiltekið:

a) við vinnu, akstur og stöflun, á tiltölulega jöfnum og sléttum fleti,
b) við akstur með mastur eða gafflana hallandi aftur á bak og hlassið í lágstöðu,
c) við stöflun með mastur tiltölulega lóðrétt og gafflana tiltölulega lárétta,
d) við vinnu með hlassmiðju nokkurn veginn í stefnu við miðjan lyftarann langsum.

Ef vinnuskilyrði eru óvenjuleg skal enn fremur beita aðferðum nr. 9, 10 og 11.

3. PRÓFUNARSKILYRÐI

3.1. **Búnaður og aðferðir**

Ganga skal úr skugga um stöðugleika með þeim prófum sem um getur hér á eftir með því að nota prófunarpall sem halla má á eina hlið.

Setja skal lyftarann, sem prófa á, á pallinn sem upphaflega er í láréttri stöðu en er síðan hallað á ýmsa vegu eins og sýnt er í prófunartöflunni. Lyftaranum skal komið í mismunandi stöðu með því að halla pallinum hægt og jafnt á þann veg sem lýst er í töflunni. Lyftarinn telst vera stöðugur ef hann stenst öll prófin án þess að velta.

Hámarkshalli pallsins í þessu prófi er sá mesti halli sem lyftarinn þolir og er svo mikill að hann ylti ef hallinn væri aukinn. Við prófun á hliðarstöðugleika er leyfilegt að eitt burðarhjól lyftist ögn upp af pallinum; einnig er heimilt að hluti grindar eða annar hluti tækisins snerti pallinn.

3.2. **Ástand lyftarans**

3.2.1. *Almennt*

Lyftarinn skal prófaður án stjórnanda en tilbúinn til vinnu, eldsneytisgeymar á lyfturum með brunahreyfli skulu vera fullir ef það dregur úr stöðugleika. Aðrir geymar skulu fylltir svo sem eðlilegt telst. Lyftibúnaðurinn skal vera með öryggis- eða viðbótartækjum sem alla jafna eru notuð og sé hægt að halla mastri eða göfflum skulu þeir vera í þeirri stöðu sem lýst er í prófunartöflunni. Ef lyftarinn er með loftfyllta hjólbarða skal loftþrýstingur í þeim vera samkvæmt fyrirmælum framleiðanda og sé heimilt að nota farg á hjól skal það notað í samræmi við leið-beiningar framleiðanda.

3.2.2. *Könnun á lóðréttri stöðu masturs*

Áður en próf nr. 1 hefst skal gengið úr skugga um það að mastrið sé lóðrétt með því að nota lóðlínu eða annan viðeigandi búnað.

Átakslína hlassmiðjunnar G miðað við láréttan flöt, eða einhvers annars punkts eins og E sem er í fastri afstöðu við G, skal vera sú sama þegar hlassið er í prófunarhæð og þegar það er í lágstöðu við akstur.
Frávik sem stafa af sveigjum skulu leiðrétt með því að breyta halla masturs eftir því sem hönnun lyftarans gerir kleift.

Þetta á ekki við um lyftara þar sem hönnun leyfir ekki slíkar leiðréttingar.

3.2.3. *Lyftihæð við akstursprófun*

Þegar akstursprófun fer fram skal gaffalhællinn innanverður vera í 300 mm hæð frá jörðu.

3.2.4. *Lyftihæð við stöflunarprófun*

Þegar stöflun er prófuð skal lyftihæðin mæld frá yfirborði prófunarpallsins og upp á ofanvert gaffalblaðið.

3.3. Áhrif þyngdar stjórnanda á stöðugleika

Ökumaður sem situr á lyftara skal teljast vera 90 kg ef þungi hans dregur úr stöðugleika við prófunina. Þegar lyftari með standandi stjórnanda er prófaður skal þungamiðjan vera 1.000 mm ofan við miðju pallsins sem hann stendur á. Þegar lyftari með sitjandi stjórnanda er prófaður skal þungamiðjan vera 250 mm ofan við samanpressað sætið.

3.4. Staðsetning lyftarans á prófunarpallinum

Lyftarinn skal vera á sama stað á pallinum við hverja prófun.

Koma skal í veg fyrir að hjól snúist með því að beita stöðuhemli eða ökuhemlum sem hægt er að læsa. Þá er enn fremur heimilt að reka fleyg milli hjóla og grindar en þó með þeim hætti að hreyfanleiki öxulsins verði ekki skertur.

Heimilt er að setja klossa eða fleyga við hjólin þannig að lyftarinn færist ekki úr stað. Hæð klossanna eða fleyganna skal eigi vera meiri en fram kemur í eftirfarandi töflu:


Ytra þvermál hjóls d	Hámarkshæð fleyga eða klossa.
Að 250 mm Yfir 250 mm	25 mm 0,1 d

3.5. Prófunarþyngd

Prófunarþyngdin skal vera sá þungi sem jafngildir uppgefinni burðargetu Q og virkar á þungamiðjuna G sem á að vera í staðalfjarlægð hlassmiðju D frá gaffalleggnum framanverðum og gaffalblaðinu ofanverðu, sjá mynd 1.

Þungamiðjan G á að vera mitt á milli stoðanna í mastrinu.

Mynd 1



Hafi framleiðandinn getið þess á upplýsingaskiltinu að önnur burðargeta eigi við skal framkvæma prófunina með hámarksþunga og samsvarandi lyftihæð ásamt þeim þunga sem við á við mestu lyftihæð.

3.6. **Öryggisráðstafanir**

Gera skal ráðstafanir til að koma í veg fyrir að lyftarinn velti eða þunginn renni til við prófunina.

Séu notuð stög til að koma í veg fyrir að lyftarinn velti skal þess gætt að þau séu nægilega lipur og slakinn á þeim nægur til að hreyfingar lyftarans séu óheftar uns hann fer að velta.

Með eftirtöldum aðferðum má koma í veg fyrir að þunginn renni til:

a) hann er festur tryggilega við lyftibúnaðinn,

b) hann er látinn hanga nálægt jörðu í streng eða keðju þannig að staðurinn sem hann er festur í virki sem þungamiðjan G þar sem hlassmiðjan væri staðsett að öðrum kosti.

4. PRÓFUNARAÐFERÐIR

Lyftaranum skal komið fyrir eins og sýnt er í prófunartöflunni.

Prófun á hliðarstöðugleika skal gerð á þeirri hlið sem lyftarinn hefur minnstan stöðugleika þannig að lína gegnum punktana MN á lyftaranum sé samsíða veltiásnum XY.

Punkturinn N er miðja snertiflatarins milli yfirborðs prófunarpallsins og burðarhjólsins sem er næst veltiásnum XY, sjá myndir 7, 8 og 9.

Punkturinn M er skilgreindur svo:

a) Á lyfturum með stýranlegum hjólum á öxulendum, sjá mynd 7, er M skurðpunkturinn milli langsum áss vélarinnar AB og áss öxulsins.









b) Á lyfturum með einu eða tveimur hjólum í gaffli sem snúa má ,sjá mynd 8 og 9, er M miðja snertiflatarins milli yfirborðs pallsins og þess hjóls sem er næst veltiásnum XY.

5. PRÓFUN Á LYFTURUM MEÐ AUKABÚNAÐI

Lyftarar með aukabúnaði skulu gangast undir áðurgreind stöðugleikapróf nema í þeim tilvikum sem aukabúnaðurinn getur fært þungamiðjuna út fyrir miðjuás lyftarans, sjá AÐFERÐ nr. 10.

Prófunarþunginn og staðsetning hans skal vera í samræmi við það sem fram kemur á upplýsingaskiltinu á lyftara með aukabúnaði og við notkun samkvæmt fyrirmælum framleiðanda.

Lyftihæðin sem prófunin krefst skal mæld frá yfirborði prófunarpallsins og neðra borðs hlassins eða aukabúnaðarins, eftir því hvort er neðar.

	Prófun á stöðugleika langsum		Prófun á hliðarstöðugleika	
Prófun nr.	1	2	3	4
Prófun á stöðugleika við	Stöflun	Akstur	Stöflun	Akstur
Prófunarþungi	Með	Með	Með	Án
Fjarlægð frá hlassmiðju	D prófunarþyngd	D prófunarþyngdar	D prófunarþyngdar	—
Lyftihæð	Hámark (sjá 3.5)	300 mm	Hámark (sjá 3.5)	300 mm
Halli á mastri eða gaffli	Lóðrétt (sjá 3.2.2)	Mesti halli aftur á bak	Mesti halli aftur á bak	Mesti halli aftur á bak
Staðsetning á prófunarpalli	Myndir 2 og 6	Myndir 3 og 6	Myndir 4, 7, 8 og 9	Myndir 5, 7, 8 og 9
Halli á prófunarpalls (allt að 5.000 kg.)	4%	18%	6%	$(15 + 1{,}4_v)\%$ [1] (Hámark 50%)
Halli prófunarpalls (frá 5.000 kg upp í 10.000 kg)	3,5%	18%	6%	$(15 + 1{,}4_v)\%$ [1] (Hámark 40%)
[1] v = hámarkshraði óhlaðins lyftara mældur í km/h á sléttum og láréttum fleti.	Mynd 2 	Mynd 3 	Mynd 4 	Mynd 5 
AB = miðjuás lyftarans MN = veltiás lyftarans XY = veltiás prófunarpalls	Mynd 6 	Mynd 7 	Mynd 8 	Mynd 9 

AÐFERÐ nr. 2

STÖÐUGLEIKAPRÓF FYRIR LYFTARA MEÐ SEILIARMI OG LYFTARA MEÐ STUÐNINGSKJÁLKUM

1. MARKMIÐ OG GILDISSVIÐ

Í þessum tæknilýsingum er getið um helstu prófanir sem gerðar eru til að prófa stöðugleika lyftara með seiliarmi og lyftara með stuðningskjálkum bæði þar sem stjórnandi situr á lyftaranum og gengur með honum, með allt að 10.000 kg uppgefna burðargetu, með mastur eða gaffla sem halla má eða án þeirra. Þær eiga við um lyftara sem búnir eru göfflum og/eða aukabúnaði, en ekki lyftarar sem gerðar eru til að lyfta hlassi sem getur sveiflast til.

2. GILDISSKILMÁLAR

Eftirfarandi stöðugleikapróf í samræmi við tæknilýsingarnar tryggja það að tiltekin gerð lyftara er nægilega stöðug þegar honum er beitt eðlilega við venjulega notkun, nánar tiltekið:

a) við vinnu, akstur og stöflun, á tiltölulega jöfnum og sléttum fleti,
b) við akstur með mastur eða gafflana hallandi aftur á bak og hlassið í lágstöðu,
c) við stöflun með mastur tiltölulega lóðrétt og gafflana tiltölulega lárétta,
d) við vinnu með hlassmiðju nokkurn veginn í stefnu við miðjan lyftarann langsum.

Ef vinnuskilyrði eru óvenjuleg skal enn fremur beita aðferðum nr. 9, 10 og 11.

3. PRÓFUNARSKILYRÐI

3.1. Búnaður og aðferðir

Ganga skal úr skugga um stöðugleika með þeim prófum sem um getur hér á eftir með því að nota prófunarpall sem halla má á eina hlið.

Setja skal lyftarann, sem prófa á, á pallinn sem upphaflega er í láréttri stöðu en er síðan hallað á ýmsa vegu eins og sýnt er í prófunartöflunni. Lyftaranum skal komið í mismunandi stöðu með því að halla pallinum hægt og jafnt á þann veg sem lýst er í töflunni. Lyftarinn telst vera stöðugur ef hann stenst öll prófin án þess að velta.

Hámarkshalli pallsins í þessu prófi er sá mesti halli sem lyftarinn þolir og er svo mikill að hann ylti ef hallinn væri aukinn. Við prófun á hliðarstöðugleika er leyfilegt að eitt burðarhjól lyftist ögn upp af pallinum; einnig er heimilt að hluti grindar eða annar hluti tækisins snerti pallinn.

3.2. **Ástand lyftarans**

3.2.1. *Almennt*

Lyftari skal prófaður án stjórnanda en tilbúinn til vinnu, eldsneytisgeymar á lyftaranum með brunahreyfli skulu vera fullir ef það dregur úr stöðugleika. Aðrir geymar skulu fylltir svo sem eðlilegt telst. Lyftibúnaðurinn skal búinn öryggis- eða viðbótartækjum sem alla jafna eru notuð og sé hægt að halla mastri eða göfflum skulu þeir vera í þeirri stöðu sem lýst er í prófunartöflunni. Ef lyftarinn er með loftfyllta hjólbarða skal loftþrýstingur í þeim vera samkvæmt fyrirmælum framleiðanda og sé heimilt að nota farg á hjól skal það notað í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda.

3.2.2. *Könnun á lóðréttri stöðu masturs*

Áður en próf nr. 1 hefst skal gengið úr skugga um það að mastrið sé lóðrétt með því að nota lóðlínu eða annan viðeigandi búnað.

Átakslína hlassmiðjunnar G miðað við láréttan flöt, eða einhvers annars punkts E eins og sem er í fastri afstöðu við G, skal vera sú sama þegar hlassið í prófunarhæð og þegar það er í lágstöðu við akstur.

Frávik sem stafa af sveigjum skulu leiðrétt með því að breyta halla mastursins, eða með því að draga inn mastrið eða gaffalarmana, eftir því sem hönnun vélarinnar gerir kleift.

Þetta á ekki við um lyftara þar sem hönnun leyfir ekki slíkar leiðréttingar.

3.2.3. *Lyftihæð við akstursprófun*

Þegar akstursprófun fer fram skal gaffalhællinn innanverður vera í 300 mm hæð frá jörðu eða í lægstu stöðu fyrir flutning vöru hvort sem hærra er.

3.2.4. *Lyftihæð við stöflunarprófun*

Þegar stöflun er prófuð skal lyftihæðin mæld frá yfirborði prófunarpallsins og upp á ofanvert gaffalblaðið.

3.3. **Áhrif þyngdar stjórnanda á stöðugleika**

Ökumaður sem situr á lyftara skal teljast vera 90 kg ef þungi hans dregur úr stöðugleika við prófunina. Þegar lyftari með standandi stjórnanda er prófuð skal þungamiðjan vera 1.000 mm ofan við miðju pallsins sem hann stendur á. Þegar lyftari með sitjandi stjórnanda er prófuð skal þungamiðjan vera 250 mm ofan við samanpressað sætið.

3.4. Staðsetning lyftara á prófunarpallinum

Lyftarinn skal vera á sama stað á pallinum við hverja prófun.

Koma skal í veg fyrir að hjól snúist með því að beita stöðuhemli eða ökuhemlum sem hægt er að læsa. Þá er enn fremur heimilt að reka fleyg milli hjóla og grindar en þó með þeim hætti að hreyfanleiki öxulsins verði ekki skertur. Þó má í öryggisskyni læsa eða festa fjöðrunarbúnað þess öxuls sem er nær veltiási prófunarpallsins þegar hliðarstöðugleiki er prófaður.


Heimilt er að setja klossa eða fleyga við hjólin þannig að lyftarinn færist ekki úr stað. Hæð klossanna eða fleyganna skal eigi vera meiri en fram kemur í eftirfarandi töflu:

Ytra þvermál hjóls d	Hámarkshæð fleyga eða klossa.
Að 250 mm	25 mm
Yfir 250 mm	0,1 d

3.5. Prófunarþyngd

Prófunarþyngdin skal vera sá þungi sem jafngildir uppgefinni burðargetu Q og virkar á þungamiðjuna G sem á að vera í staðalfjarlægð hlassmiðju D frá gaffalleggnum framanverðum og gaffalblaðinu ofanverðu, sjá mynd 1.

Þungamiðjan G á að vera mitt á milli stoðanna í mastrinu.



Mynd 1

Hafi framleiðandinn getið þess á upplýsingaskiltinu að önnur burðargeta eigi við skal framkvæma prófunina með hámarksþunga og samsvarandi lyftihæð ásamt þeim þunga sem við á við mestu lyftihæð.

3.6 **Öryggisráðstafanir**

Gera skal ráðstafanir til að koma í veg fyrir að lyftarinn velti eða þunginn renni til við prófunina.

Séu notuð stög til að koma í veg fyrir að lyftarinn velti skal þess gætt að þau séu nægilega lipur og slakinn á þeim nægur til að hreyfingar lyftarans séu óheftar uns hann fer að velta.

Með eftirtöldum aðferðum má koma í veg fyrir að prófunarþunginn renni til:

a) hann er festur tryggilega við lyftibúnaðinn,

b) hann er látinn hanga nálægt jörðu í streng eða keðju þannig að staðurinn sem hann er festur í virki sem þungamiðjan G þar sem hlassmiðjan væri staðsett að öðrum kosti.

4. PRÓFUNARAÐFERÐIR

Lyftaranum skal komið fyrir eins og sýnt er í prófunartöflunni.

Prófun á hliðarstöðugleika skal gerð á þeirri hlið sem lyftarinn hefur minnsta stöðugleika þannig að lína gegnum punktana MN á lyftaranum sé samsíða veltiásnum XY.

Punkturinn N er miðja snertiflatarins milli yfirborðs prófunarpallsins og burðarhjólsins sem er næst veltiásnum XY (sjá myndir 8 til og með 13).

Punkturinn M er skilgreindur svo:

a) Á lyfturum með stýranlegum hjólum á öxulendum, sjá mynd 9, eða stöku stýranlegu drifhjóli er M skurðpunkturinn milli langsum áss vélarinnar AB og áss öxulsins.




b) Myndir 8, 10, 11, 12 og 13 sýna stöðuna miðað við aðra lyftara.


5. PRÓFUN Á LYFTURUM MEÐ AUKABÚNAÐI

Lyftarar með aukabúnaði skulu gangast undir áðurgreind stöðugleikapróf nema í þeim tilvikum sem aukabúnaðurinn getur fært þungamiðjuna út fyrir miðjuás lyftarans, sjá AÐFERÐ nr. 10.

Prófunarþunginn og staðsetning hans skal vera í samræmi við það sem fram kemur á upplýsingaskiltinu á lyftara með aukabúnaði og við notkun samkvæmt fyrirmælum framleiðanda.

Lyftihæðin sem prófunin krefst skal mæld frá yfirborði prófunarpallsins og að neðra borði hlassins eða aukabúnaðarins, eftir því hvort er neðar.

<table>
<tr><td colspan="4">Prófun á stöðugleika langsum</td></tr>
<tr><td>Prófun nr.</td><td colspan="2">1</td><td>2</td></tr>
<tr><td>Prófun á stöðugleika við</td><td colspan="2">Stöflun</td><td>Akstur</td></tr>
<tr><td>Prófunarþungi</td><td colspan="2">Með</td><td>Með</td></tr>
<tr><td>Fjarlægð frá hlassmiðju</td><td colspan="2">D prófunarþyngd</td><td>D prófunarþyngdar</td></tr>
<tr><td>Lyftihæð</td><td colspan="2">Hámark (sjá 3.5)</td><td>Í lágstöðu (sjá mynd 3.2.3)</td></tr>
<tr><td>Staðsetning á lyftibúnaði</td><td colspan="2">Skotið fram (lyftari með seiliarmi)</td><td>Aðdreginn</td></tr>
<tr><td>Halli á mastri eða gaffli</td><td colspan="2">Lóðrétt (sjá 3.2.2)</td><td>Mesti halli aftur á bak</td></tr>
<tr><td>Staðsetning á prófunarpalli</td><td colspan="2">Myndir 2 og 4 eða 5</td><td>Myndir 3 ,4 og5</td></tr>
<tr><td>Halli á prófunarpalli</td><td>4% allt að 5000 kg</td><td>3,5% frá 5000 til og með 10000 kg</td><td>18%</td></tr>
<tr><td rowspan="2">AB = miðjuás lyftarans
XY = veltiás prófunarpalls</td><td colspan="3">Mynd 2

</td><td>Mynd 3

</td></tr>
<tr><td colspan="3">Myndir 4 og 5 eiga báðar við um prófanir 1 og 2
Mynd 4


Mynd 5

</td></tr>
</table>


Prófun á hliðarstöðugleika			
Prófun nr.	3	3A	4
Prófun á stöðugleika við	Stöflun		Akstur
Prófunarþungi	Með	Án	Án
Fjarlægð frá hlassmiðju	D eða 400 mm ([1])	—	—
Lyftihæð	Hámark (sjá 3.5)		Í lágstöðu (sjá mynd 3.2.3)
Staðsetning á lyftibúnaði	Aðdreginn		
Halli á mastri eða gaffli	Í þeirri stöðu að lyftarinn er eins óstöðugur og verða má		
Staðsetning á prófunarpalli	Myndir 6 ([2])		Mynd 7 ([2])
Halli á prófunarpalli	6%	8%	Sjá mynd 18

([1]) Nafnfjarlægðin D eða 400 mm ef lágmarksstöðugleika verður náð með síðarnefndu fjarlægðinni og hönnun lyftarans leyfir.
Sé lyftarinn aðeins hannaður fyrir fjarlægðina D skal þess getið á upplýsingaskiltinu.


([2]) Staðsetning lyftarans á pallinum við prófun á hliðarstöðugleika fer eftir því hvers konar vél á að prófa (sjá myndir 8 til 13). Veltiás lyftarans MN verður að vera samsíða veltiás prófunarpallsins XY. Við prófunina á lyftarinn að snúa þannig á pallinum að hann sé sem óstöðugastur.

AB = miðjuás lyftarans
MN = veltiás lyftarans
XY = veltiás prófunarpalls


Mynd 6




Mynd 7




Mynd 8




Mynd 9




Mynd 10




Mynd 11



Mynd 12




Mynd 13




Viðbótarprófun fyrir stöðugleika langsum			
Prófun nr.	5	5A	6
Prófun á stöðugleika við	Stöflun		Akstur
Prófunarþungi	Með	Án	Án
Fjarlægð frá hlassmiðju	D eða 400 ([1])	—	—
Lyftihæð	Hámark (sjá 3.5)		Í lágstöðu (sjá mynd 3.2.3)
Staðsetning á lyftibúnaði	Skotið fram (lyftari með seiliarmi)	Aðdreginn	Aðdreginn
Halli á mastri eða gaffli	Í þeirri stöðu að lyftarinn er eins óstöðugur og verða má		
Staðsetning á prófunarpalli	Myndir 14, 16 og 17		Myndir 15, 16 og 17
Halli á prófunarpalli	14%	14% ef engin eða einn hemill virkar á hjólin næst stjórnanda; 18% ef tveim hemlum er beitt.	Sjá mynd 19

([1]) Málfjarlægð D eða 400 mm ef lámarksstöðugleika verður náð með síðarnefndu fjarlægðinni og hönnun lyftarans leyfir.
Leyfi hönnun lyftarans aðeins fjarlægðina D skal þess getið á upplýsingaskiltinu.
AB = miðjuás lyftarans
MN = veltiás lyftarans
XY = veltiás prófunarpalls

Mynd 14




Mynd 15




Myndir 16 og 17 eiga báðar við um prófanir 5 5A og 6

Gæta skal ýtrasta öryggis þegar hallað er í átt að sæti ökumanns við stöðugleikaprófanir. Heimilt er að festa drif- og stýrisöxul sem er liðskiptur í miðju meðan prófunin fer fram til að komast hjá því að lyftarinn velti um ásinn MN eða MO. (Síðari málsgreinin á aðeins við um mynd 16)




Mynd 16



Mynd 17


Próf nr. 4



Mynd 18

v = hámarkshraði óhlaðins lyftara mældur í km/h á sléttum og láréttum fleti

Prófun nr. 6



v = hámarkshraði óhlaðins lyftara mældur í km/h á sléttum og láréttum fleti

Mynd 19

Hallagildunum á mynd 19 eða þeim sem reiknuð eru út miðað við viðeigandi formúlu er beitt eftir því til hvaða nota lyftarinn er ætlaður.

Sé lyftarinn einvörðungu hannaður og gerður til notkunar á láréttum fleti skal aðeins miðað við gildið 0% við halla prófunarpallsins. Ef lyftarinn er hannaður og gerður til að aka óhlaðin upp og niður 10% halla skal halli prófunarpallsins miðast við 10% kúrfuna og með sama hætti við 20% kúrfuna.

Sé lyftarinn hannaður og gerður til að aka í halla sem fellur á milli ofangreindra gilda bera að reikna halla prófunarpallsins út með neðangreindri formúlu:

alpha $\alpha = 15 + 0{,}5\ i + 1{,}55\ v$ (að hámarki (40+0,5 i)%)

þar sem α = halli prófunarpallsins í prósentum,
i = hámarkshallinn í prósentum sem lyftarinn getur ekið í óhlaðinn,
v = hámarkshraði óhlaðins lyftara á sléttum og láréttum fleti.

AÐFERÐ nr. 3

STÖÐUGLEIKAPRÓF FYRIR BRETTALYFTARA OG LYFTARA MEÐ MIKLA LYFTIHÆÐ

1. MARKMIÐ OG GILDISSVIÐ

Í þessum tæknilýsingum er getið um helstu prófanir sem gerðar eru til að prófa stöðugleika brettalyftara og lyftara með mikla lyftihæð, bæði þar sem stjórnandi situr á lyftaranum og gengur með, og allt að 10.000 kg uppgefna burðargetu, með mastur eða gaffla sem halla má og án þeirra. Þær eiga við um lyftara sem búnir eru göfflum og/eða aukabúnaði, en ekki lyftarar sem gerðir eru til að lyfta hlassi sem sveiflast getur til.

2. GILDISSKILMÁLAR

Eftirfarandi stöðugleikapróf í samræmi við tæknilýsingarnar tryggja það að tiltekin gerð lyftara er nægilega stöðug þegar honum er beitt eðlilega við venjulega notkun, nánar tiltekið:

a) við vinnu, akstur og stöflun, á tiltölulega jöfnum og sléttum fleti,
b) við akstur með mastur eða gafflana hallandi aftur á bak og hlassið í lágstöðu,
c) við stöflun með mastrið tiltölulega lóðrétt og gafflana tiltölulega lárétta,
d) við vinnu með hlassmiðju nokkurn veginn í stefnu við miðjan lyftarann langsum.

Ef vinnuskilyrði eru óvenjuleg skal enn fremur beita aðferðum nr. 9, 10 og 11.

3. PRÓFUNARSKILYRÐI

3.1. Búnaður og aðferðir

Ganga skal úr skugga um stöðugleika með þeim prófum sem um getur hér á eftir með því að nota prófunarpall sem halla má á eina hlið.

Setja skal lyftarann, sem prófa á, á pallinn sem upphaflega er í láréttri stöðu en er síðan hallað á ýmsa vegu eins og sýnt er í prófunartöflunni. Lyftaranum skal komið í mismunandi stöðu með því að halla pallinum hægt og jafnt á þann veg sem lýst er í töflunni. Lyftarinn telst vera stöðugur ef hann stenst öll prófin án þess að velta.

Hámarkshalli pallsins í þessu prófi er sá mesti halli sem lyftarinn þolir og er svo mikill að hann ylti yrði hann aukinn. Við prófun á hliðarstöðugleika er leyfilegt að eitt burðarhjól lyftist ögn upp af pallinum; einnig er heimilt að hluti grindar eða annar hluti tækisins snerti pallinn.

3.2. Ástand lyftara

3.2.1. *Almennt*

Lyftari skal prófaður án stjórnanda en tilbúinn til vinnu, eldsneytisgeymar á lyftarum með brunahreyfli skulu vera fullir ef það dregur úr stöðugleika; aðrir geymar skulu fylltir svo sem eðlilegt telst. Lyftibúnaðurinn skal búinn öryggis- eða viðbótartækjum sem alla jafna eru notuð og sé hægt að halla mastrinu eða göfflum skulu þeir vera í þeirri stöðu sem lýst er í prófunartöflunni. Ef lyftarinn er með loftfyllta hjólbarða skal loftþrýstingur í þeim vera samkvæmt fyrirmælum framleiðanda og sé heimilt að nota farg á hjól skal það notað í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda.

3.2.2. *Könnun á lóðréttri stöðu masturs*

Áður en próf nr. 1 hefst skal gengið úr skugga um það að mastrið sé lóðrétt með því að nota lóðlínu eða annan viðeigandi búnaði.

Átakslína hlassmiðjunnar G miðað við láréttan flöt, eða einhvers annars punkts E eins og sem er í fastri afstöðu við G, skal vera sú sama þegar hlassið í prófunarhæð og þegar það er í lágstöðu við akstur.

Frávik sem stafa af sveigjum skulu leiðrétt með því að breyta halla mastursins, eða með því að draga inn mastrið eða gaffalarmana, eftir því sem hönnun lyftarans gerir kleift.

Þetta á ekki við um lyftara þar sem hönnun leyfir ekki slíkar leiðréttingar.

3.2.3. *Lyftihæð við akstursprófun*

Þegar akstursprófun fer fram skal gaffalhællinn innanverður vera í 300 mm hæð frá jörðu eða í lægstu stöðu fyrir flutning vöru, hvort sem hærra er.

3.2.4. *Lyftihæð við stöflunarprófun*

Þegar stöflun er prófuð skal lyftihæðin mæld frá yfirborði prófunarpallsins og upp á ofanvert gaffalblaðið.

3.3. Áhrif þyngdar stjórnanda á stöðugleika

Ökumaður sem situr á lyftara skal teljast vera 90 kg ef þungi hans dregur úr stöðugleika við prófunina. Þegar lyftari með standandi stjórnanda er prófaður skal þungamiðjan vera 1.000 mm ofan við miðju pallsins sem hann stendur á. Þegar lyftari með sitjandi stjórnanda er prófuð skal þungamiðjan vera 250 mm ofan við samanpressað sætið.

3.4. Staðsetning lyftarans á prófunarpallinum

Lyftari skal vera á sama stað á pallinum við hverja prófun.

Koma skal í veg fyrir að hjól snúist með því að beita stöðuhemli eða ökuhemlum sem hægt er að læsa. Þá er enn fremur heimilt að reka fleyg milli hjóla og grindar en þó með þeim hætti að hreyfanleiki öxulsins verði ekki skertur. Þó má í öryggisskyni læsa eða festa fjöðrunarbúnað þess öxuls sem er nær veltiási prófunarpallsins þegar hliðarstöðugleiki er prófaður.

Heimilt er að setja klossa eða fleyga við hjólin þannig að vélin færist ekki úr stað. Hæð klossanna eða fleyganna skal eigi vera meiri en fram kemur í eftirfarandi töflu:


Ytra þvermál hjóls d	Hámarkshæð fleyga eða klossa
Að 250 mm Yfir 250 mm	25 mm 0,1 d

3.5. Prófunarþyngd

Prófunarþyngdin skal vera sá þungi sem jafngildir uppgefinni burðargetu Q og virkar á þungamiðjuna G sem á að vera í staðalfjarlægð hlassmiðju D frá gaffalleggnum framanverðum og gaffalblaðinu ofanverðu, sjá mynd 1.

Þungamiðjan G á að vera mitt á milli stoðanna í mastrinu.

Mynd 1



Hafi framleiðandinn getið þess á upplýsingaskiltinu að önnur burðargeta eigi við skal framkvæma prófunina með hámarksþunga og samsvarandi lyftihæð ásamt þeim þunga sem við á við mestu lyftihæð.

3.6. Öryggisráðstafanir

Gera skal ráðstafanir til að koma í veg fyrir að lyftarinn velti eða þunginn renni til við prófunina.

Séu notuð stög til að koma í veg fyrir að lyftarinn velti skal þess gætt að þau séu nægilega liprur og slakinn á þeim nægur til að hreyfingar lyftarans séu óheftar uns hann fer að velta.

Með eftirtöldum aðferðum má koma í veg fyrir að prófunarþunginn renni til:

a) hann er festur tryggilega við lyftibúnaðinn,

b) hann er látinn hanga nálægt jörðu í streng eða keðju þannig að staðurinn sem hann er festur í virki sem þungamiðjan G þar sem hlassmiðjan væri staðsett að öðrum kosti.

4. PRÓFUNARAÐFERÐIR

Lyftaranum skal komið fyrir eins og sýnt er í prófunartöflunni.

Prófun á hliðarstöðugleika skal gerð á þeirri hlið sem lyftarinn hefur minnstan stöðugleika þannig að lína gegnum punktana MN á vélinni sé samsíða veltiásnum XY.

Punkturinn N er miðja snertiflatarins milli yfirborðs prófunarpallsins og burðarhjólsins sem er næst veltiásnum XY, sjá myndir 8 til og með 13.

Punkturinn M er skilgreindur svo:

a) Á lyfturum með stýranlegum hjólum á öxulendum, sjá mynd 9, eða stöku stýranlegu drifhjóli er M skurðpunkturinn milli langsum áss vélarinnar AB og áss öxulsins.

b) Myndir 8, 10, 11, 12 og 13 sýna stöðuna miðað við aðra lyftara.




5. PRÓFUN Á LYFTURUM MEÐ AUKABÚNAÐI


Lyftarar með aukabúnaði skulu gangast undir áðurgreind stöðugleikapróf nema í þeim tilvikum sem aukabúnaðurinn getur fært þungamiðjuna út fyrir miðjuás lyftarans, sjá AÐFERÐ nr. 10.

Prófunarþunginn og staðsetning hans skal vera í samræmi við það sem fram kemur á upplýsingaskilti á lyfturum með aukabúnaði og við notkun samkvæmt fyrirmælum framleiðanda.

Lyftihæðin sem prófunin krefst skal mæld frá yfirborði prófunarpallsins og að neðra borði hlassins eða aukabúnaðarins, eftir því hvort er neðar.

<table>
<tr><td colspan="4">Prófun á stöðugleika langsum</td></tr>
<tr><td>Prófun nr.</td><td colspan="2">1</td><td>2</td></tr>
<tr><td>Prófun á stöðugleika við</td><td colspan="2">Stöflun</td><td>Akstur</td></tr>
<tr><td>Prófunarþungi</td><td colspan="2">Með</td><td>Með</td></tr>
<tr><td>Fjarlægð frá hlassmiðju</td><td colspan="2">D prófunarþyngd</td><td>D prófunarþyngd</td></tr>
<tr><td>Lyftihæð</td><td colspan="2">Hámark (sjá 3.5)</td><td>Í lágstöðu (sjá mynd 3.2.3 og athugasemd (1))</td></tr>
<tr><td>Halli á mastri eða gaffli</td><td colspan="2">Lóðrétt (sjá 3.2.2)</td><td>Mesti halli aftur á bak</td></tr>
<tr><td>Staðsetning á prófunarpalli</td><td colspan="2">Myndir 2 og 4 eða 5</td><td>Myndir 3 ,4 og5</td></tr>
<tr><td>Halli á prófunarpalli</td><td>4% allt að 5000 kg</td><td>3,5% frá 5000 til og með 10000 kg</td><td>18%</td></tr>
<tr><td rowspan="2">(1) Sé hægt að lyfta stuðningskjálkum upp skulu prófanir 2, 4 og 6 gerðar með þá í þeirri stöðu.

AB = miðjuás lyftarans
XY = veltiás prófunarpalls</td><td colspan="2">Mynd 2

</td><td>Mynd 3

</td></tr>
<tr><td colspan="2">Myndir 4 og 5 eiga báðar við um prófanir 1 og 2


Mynd 4</td><td>

Mynd 5</td></tr>
</table>

Prófun á hliðarstöðugleika		
Prófun nr.	3	4
Prófun á stöðugleika við	Stöflun	Akstur
Prófunarþungi	Með	Án
Fjarlægð frá hlassmiðju	D eða 400 mm ([1])	—
Lyftihæð	Hámark (sjá 3.5)	Í lágstöðu (sjá mynd 3.2.3) og athugasemd ([2])
Halli á mastri eða gaffli	Í þeirri stöðu að lyftarinn er eins óstöðugur og verða má	
Staðsetning á prófunarpalli	Myndir 6 ([3])	Myndir 7 ([3])
Halli á prófunarpalli	Sjá mynd 18 og athugasemd ([4])	Sjá mynd 19

([1]) Nafnfjarlægðin D eða 400 mm ef stöðugleiki er minnstur við þá fjarlægð og hönnun lyftarans leyfir.
Sé lyftarinn aðeins hannaður fyrir fjarlægðina D skal þess getið á upplýsingaskiltinu.


([2]) Sé hægt að lyfta stuðningskjálkunum af jörðinni skulu prófannir 2, 4 og 6 gerðar með þá í þeirri

([3]) Staðsetning lyftaranna á pallinum við prófun á hliðarstöðugleika fer eftir því hvers konar vél á að prófa (sjá myndir 8 til 13).
Veltiás lyftarans MN verður að vera samsíða veltiás prófunarpallsins XY. Við prófunina á lyftarinn að snúa þannig á pallinum að hann sé sem óstöðugastur.


([4]) Sé lyftarinn búin tæki sem dregur sjálfkrafa úr hraða hennar þegar gafflarnir eru uppi skal taka mið af þessum minni hraða til að ákvarða halla pallsins.

AB = miðjuás lyftarans
MN = veltiás lyftarans
XY = veltiás prófunarpalls


Mynd 6




Mynd 7




Mynd 8




Mynd 9




Mynd 10




Mynd 11



Mynd 12



Mynd 13




Viðbótarprófun fyrir stöðugleika langsum		
Prófun nr.	5	6
Prófun á stöðugleika við	Stöflun	Akstur
Prófunarþungi	Með	Án
Fjarlægð frá hlassmiðju	D eða 400 ([1])	—
Lyftihæð	Hámark (sjá 3.5)	Í lágstöðu (sjá mynd 3.2.3)
Halli á mastri eða gaffli	Í þeirri stöðu að lyftarinn er eins óstöðug og verða má	
Staðsetning á prófunarpalli	Myndir 14, 16 og 17	Myndir 15, 16 og 17
Halli á prófunarpalli	10%	Sjá mynd 20


([1]) Málfjarlægð D eða 400 mm ef lámarksstöðugleika verður náð með síðarnefndu fjarlægðinni og hönnun lyftarans leyfir.
Leyfi hönnun lyftarans aðeins fjarlægðina D skal þess getið á upplýsingaskiltinu.

([2]) Sé hægt að lyfta stuðningskjálkum upp skulu prófanir 2, 4 og 6 gerðar með þá í þeirri stöðu.

Mynd 14




Mynd 15




Myndir 16 og 17 eiga báðar við um prófanir 5 og 6. Gæta skal ýtrasta öryggis þegar hallað er í átt að sæti ökumanns við stöðugleikaprófanir. Heimilt er að festa drif- og stýrisöxul sem er liðskiptur í miðju meðan prófunin fer fram til að komast hjá því að lyftarinn velti um ásinn MN eða MO. (Síðari málsgreinin á aðeins við um mynd 16)

AB = miðjuás lyftarans
MN = veltiás lyftarans
XY = veltiás prófunarpalls




Mynd 16



Mynd 17

Próf nr. 3

Halli á prófunarpalli.




v_Q = hámarkshraði vélar með leyfilegt hlass Q mældur í km/h á sléttum og láréttum fleti

Mynd 18

Prófun nr. 4


Halli á prófunarpalli. (15 + 1,1 v)% -- að hámarki 26 %)



v = hámarkshraði óhlaðins lyftara mældur í kílómetrum á klukkustund á sléttum og láréttum fleti

Mynd 19

Prófun nr. 6



v = hámarkshraði óhlaðinnar vinnuvélar mældur í km/h á sléttum og láréttum fleti

Mynd 20

Hallagildunum á mynd 20 eða þeim sem reiknuð eru út miðað við viðeigandi formúlu er beitt eftir því til hvaða nota lyftarinn er ætlaður.

Sé lyftarinn einvörðungu hannaður og gerður til notkunar á láréttum fleti skal aðeins miðað við gildið 0% við halla prófunarpallsins. Ef lyftarinn er hannaður og gerður til að aka óhlaðinn upp og niður 10% halla skal halli prófunarpallsins miðast við 10% kúrfuna.

Sé lyftarinn hannaður og gerður til að aka í halla sem fellur á milli ofangreindra gilda bera að reikna halla prófunarpallsins út með neðangreindri formúlu:

$\alpha = 10 + 0{,}5\ i + 1{,}1\ v$ (að hámarki 21+0,5%)

þar sem α = halli prófunarpallsins í prósentum,
i = hámarkshallinn í prósentum sem vinnuvélin getur ekið í óhlaðin,
v = hámarkshraði óhlaðinnar vinnuvélar á sléttum og láréttum fleti.

AÐFERÐ nr. 4

STÖÐUGLEIKAPRÓF FYRIR LAGERLYFTARA MEÐ MIÐLUNGS- EÐA MIKLA LYFTIHÆÐ

1. MARKMIÐ OG GILDISSVIÐ

Í þessum tæknilýsingum er getið um helstu prófanir sem gerðar eru til að prófa stöðugleika lagerlyftara með miðlungs eða mikla lyftihæð og með allt að 10.000

kg uppgefna burðargetu. Þær eiga við um lyftara sem búnir eru göfflum eða pöllum. Þeir eiga ekki við um lyftara sem búnir eru lyftibúnaði sem getur gengið til hliðar eða sem skjóta má beint fram né um þau tilvik þegar unnið er með hangandi hlass sem getur sveiflast til.

2. GILDISSKILMÁLAR

Þessar tæknilýsingar eiga við um vélknúna lagerlyftara með miðlungs- eða mikla lyftihæð þar sem stjórnpalli má lyfta hærra en í 1.200 mm hæð með eða á lyftibúnaðinum. Þeir geta verið hannaðir fyrir akstur á stýribrautum, utan þeirra eða hvort tveggja.

Þegar ekið er á stýribrautum([1]) gildir eftirfarandi um lyftara:

a) sem ekki eru varðir fyrir veltu með utanaðkomandi búnaði.
b) sem eru að hluta til varðir fyrir veltu með utanaðkomandi búnaði,
c) sem hafa hlassmiðju nokkurn veginn í stefnu á miðjuás lyftarans.

Lyftarar af gerð (b) skulu prófaðir miðað við þessar tæknilýsingar til að ganga úr skugga um stöðugleika þeirra þegar þeir eru ekki studdir.

Á lagerlyfturum sem ganga á stýribrautum má hreyfa til stjórnpallinn og/eða lyftibúnaðinn eða breyta stöðu hans meðan lyftarinn er á ferð enda sé viðkomandi skilyrðum, öryggiskröfum ([1]) og kröfum um stöðugleika fullnægt.

Eftirfarandi stöðugleikapróf í samræmi við tæknilýsingarnar tryggja það að tiltekin gerð lyftara sé nægilega stöðugur þegar honum er beitt eðlilega við venjulega notkun([1]).

Ef vinnuskilyrði eru óvenjuleg skal enn fremur beita aðferðum nr. 9, 10 og 11.

2.1. **Venjuleg notkun**

2.1.1. *Venjuleg notkun með stýribrautum*

Akstur á stýribrautum telst eðlilegur ef lyftaranum er:

a) ekið með hlass eða lyftibúnað í þeirri hæð að akturshraði lækki ekki niður fyrir það sem vélin getur komist;
b) vélinni er ekið með hlass eða lyftibúnað í þeirri hæð að enn er mögulegt að aka henni áfram þó á minni hraða sé og með samsvarandi minni þörf á hemlun;
c) ekið við stöflun upp í hvaða hæð sem er allt að hámarki. Akstur við þessar aðstæður má hefta alveg eða takmarka við löturhraða.([1])

([1]) Um skilgreiningar og öryggisreglur, sjá 10. kafla I. viðauka um sérkröfur í þessum reglum.

2.1.2 *Venjuleg notkun utan stýriteina*
Akstur utan stýriteina telst eðlilegur ef lyftaranum er:

a) ekið á hraða allt að V_0 [2] með hlass eða lyftibúnað í lágstöðu, að hámarki 500 mm. Ef viðnámið F[3] sem hemlarnir veita er ekki í líkingu við það sem almennt er á venjulegum lyfturum skal það annaðhvort aukið til samræmis eða hraðinn V_0 sjálfkrafa takmarkaður við 9 km/h,

b) ekið á hraða sem sé eigi meiri en 4 km/h með hlass eða lyftibúnað í meira en 500 mm hæð en ekki meira en 2,5 m með stýrihjól í tiltölulega beinni stefnu áfram. Allur akstur nema á löturhraða skal sjálfkrafa heftur ef stýrihjól víkja verulega frá beinni stefnu,

c) beitt meðan verið er að safna, stafla og sækja í hæð sem framleiðandinn leyfir. Akstur skal vera takmarkaður við löturhraða.

3. PRÓFUNARSKILYRÐI

3.1. **Búnaður og aðferðir**

Ganga skal úr skugga um stöðugleika með þeim prófum sem um getur hér á eftir með því að nota prófunarpall sem halla má á eina hlið.

Setja skal lyftarann, sem prófa á, á pallinn sem upphaflega er í láréttri stöðu en er síðan hallað á ýmsa vegu eins og sýnt er í prófunartöflunni. Lyftaranum skal komið í mismunandi stöðu með því að halla pallinum hægt og jafnt á þann veg sem lýst er í töflunni. Lyftarinn telst vera stöðugur ef hann stenst öll prófin án þess að velta.

Hámarkshalli pallsins í þessu prófi er sá mesti halli sem lyftarinn þolir og er svo mikill að hann ylti yrði hallinn aukinn. Við prófun á hliðarstöðugleika er leyfilegt að eitt burðarhjól lyftist ögn upp af pallinum; einnig er heimilt að hluti grindar eða annar hluti tækisins snerti pallinn.

3.2. **Ástand lyftarans**

3.2.1. *Almennt*

Lyftarinn skal prófaður án stjórnanda en tilbúinn til vinnu, eldsneytisgeymar á lyfturum með brunahreyfli skulu vera fullir ef það dregur úr stöðugleika, aðrir geymar skulu fylltir svo sem eðlilegt telst. Lyftibúnaðurinn skal búinn öryggis- eða viðbótartækjum sem alla jafna eru notuð. Ef lyftarinn er með loftfyllta hjólbarða skal þrýstingur í þeim vera samkvæmt tilmælum framleiðanda og sé heimilt að nota farg á hjól skal það notað í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda.

([2]) V_0 = hámarkshraði lyftara utan stýribrautar í km/h. Þetta má minnka sjálfkrafa frá V sem er hámarkshraði lyftara í stýribraut.

([3]) F = viðnámið sem hemlarnir veita eða dráttarátak sem hundraðshluti af brúttóþyngd lyftara, með eða án hleðslu.

3.2.2. *Lyftihæð við akstursprófun*

Við akstursprófun skal ofanverður pallurinn eða gaffalhællinn vera staðsettur í samræmi við þær öryggisreglur sem unnið er út frá og það aksturslag sem hermt er eftir.

3.2.3. *Lyftihæð við stöflunarprófun*

Þegar stöflun er prófuð skal lyftihæðin mæld frá yfirborði prófunarpallsins og upp á ofanvert gaffalblaðið.

3.3. **Áhrif þyngdar stjórnanda á stöðugleika**

Ökumaður sem situr á lyftara skal teljast vera 90 kg ef þungi hans dregur úr stöðugleika við prófunina. Þegar lyftari með standandi stjórnanda er prófaður skal þungamiðjan vera 1.000 mm ofan við miðju pallsins sem hann stendur á. Þegar lyftari með sitjandi stjórnanda er prófaður skal þungamiðjan vera 250 mm ofan við samanpressað sætið.

3.4. **Staðsetning vélarinnar á prófunarpallinum**

Lyftarinn skal vera á sama stað á pallinum við hverja prófun.

Koma skal í veg fyrir að hjól snúist með því að beita stöðuhemli eða ökuhemlum sem hægt er að læsa. Þá er enn fremur heimilt að reka fleyg milli hjóla og grindar en þó með þeim hætti að hreyfanleiki öxulsins verði ekki skertur. Þó má í öryggisskyni læsa eða festa fjöðrunarbúnað þess öxuls sem er nær veltiási prófunarpallsins þegar hliðarstöðugleiki er prófaður.

Heimilt er að setja klossa eða fleyga við hjólin þannig að vélin færist ekki úr stað. Hæð klossanna eða fleyganna skal eigi vera meiri en fram kemur í eftirfarandi töflu:


Ytra þvermál hjóls d	Hámarkshæð fleyga eða klossa
Að 250 mm	25 mm
Yfir 250 mm	0,1 d

3.5 **Prófunarþyngd**

Prófunarþyngdin skal vera sá þungi sem jafngildir uppgefinni burðargetu Q og virkar á þungamiðjuna G sem á að vera í staðalfjarlægð hlassmiðju D frá gaffalleggnum framanverðum og gaffalblaðinu ofanverðu, sjá mynd 1.

Þungamiðjan G á að vera mitt á milli stoðanna í mastrinu.

Þegar aukalyfta er notuð skal þyngdin, burðarvagninn, vera í efstu stöðu.



Mynd 1

Hafi framleiðandinn getið þess á upplýsingaskiltinu að önnur burðargeta eigi við skal framkvæma prófunina með hámarksþunga og samsvarandi lyftihæð ásamt þeim þunga sem við á við mestu lyftihæð.

3.6. Öryggisráðstafanir

Gera skal ráðstafanir til að koma í veg fyrir að lyftarinn velti eða þunginn renni til við prófunina.
Séu notuð stög til að koma í veg fyrir að lyftarinn velti skal þess gætt að þau séu nægilega lipur og slakinn á þeim nægur til að hreyfingar lyftarans séu óheftar uns hann fer að velta.

Með eftirtöldum aðferðum má koma í veg fyrir að prófunarþunginn renni til:

a) hann er festur tryggilega við lyftibúnaðinn,

b) hann er látinn hanga nálægt jörðu í streng eða keðju þannig að staðurinn sem hann er festur í virki sem þungamiðjan G þar sem hlassmiðjan væri staðsett að öðrum kosti.

4. PRÓFUNARAÐFERÐIR

Lyftaranum skal komið fyrir eins og sýnt er í prófunartöflunni.

Prófun á hliðarstöðugleika skal gerð á þeirri hlið sem lyftarinn hefur minnsta stöðugleika þannig að lína gegnum punktana MN á lyftaranum sé samsíða veltiásnum XY.


Staðsetning hjólanna og uppsetning eins og hún er sýnd á teikningunum gefur aðeins ákveðna vísbendingu og önnur uppsetning er heimil sé þess gætt að meginreglur um staðsetningu lyftaranna við prófun séu haldnar í heiðri.

Prófun á hliðarstöðugleika þegar ekið er á stýribrautum		
Prófun nr.	3	5
Prófun á stöðugleika við	Akstur	Akstur
Prófunarþungi	Með	Án
Fjarlægð frá hlassmiðju	D prófunarþyngd	—
Lyftihæð	Hámark fyrir akstur utan teina (sjá a-lið 2.1.1)	Hámark fyrir akstur utan teina (sjá a-lið 2.1.1)
Staðsetning á prófunarpalli	Myndir 2 og 3 eða 5 og 6 (minnsti stöðugleiki)	Myndir 4 og 3 eða 7 og 6 (minnsti stöðugleiki)
Halli á prófunarpalli	Þegar H ≤ 500 mm og V er að hámarki > 9 km/h á halli að vera 18% Þegar H ≤ 500 mm og V er að hámarki ≤ 9 km/h á halli að vera 1,3 F% Þegar H > 500 mm á halli að vera 1,3 F% (1)	Sjá mynd 32


(1) F = Hemlaviðnám eða togkraftur sem hundraðshluti af heildarþunga lyftarans með eða án hlass eftir atvikum.

AB = miðjuás lyftarans
XY = veltiás prófunarpalls


Mynd 2




Mynd 2




Mynd 4




Mynd 5



Mynd 6 Samsíða



Mynd 7




Prófun á hliðartöðugleika þegar ekið er á stýribrautum			
Prófun nr.	3	4	5
Prófun á stöðugleika við	Akstur	Akstur	Akstur
Prófunarþungi	Með	Með	Án
Fjarlægð frá hlassmiðju	D prófunarþyngd	D prófunarþyngd	—
Lyftihæð	Hámark fyrir akstur (sjá b-lið 2.1.1)	Hámark fyrir akstur (sjá b-lið 2.1.1)	Hámark fyrir akstur (sjá b-lið 2.1.1)
Staðsetning á prófunarpalli	Myndir 8 og 3	Myndir 9 og 6	Myndir 10 og 3 eða 11 og 6 (minnsti stöðugleiki)
Halli á prófunarpalli	1,3% (1)	1,3% (1)	1,3 F% (óhlaðin) (1)


(1) F = Hemlaviðnám eða togkraftur sem hundraðshluti af heildarþunga lyftarans með eða án hlass eftir atvikum.

XY = veltiás prófunarpalls


Mynd 8




Mynd 9















Mynd 10



Mynd 11




<table>
<tr><td colspan="4">Prófun á hliðartöðugleika þegar ekið er á stýribrautum</td></tr>
<tr><td>Prófun nr.</td><td colspan="3">6</td></tr>
<tr><td>Prófun á stöðugleika við</td><td colspan="3">Söfnun eða stöflun</td></tr>
<tr><td>Prófunarþungi</td><td colspan="3">Með</td></tr>
<tr><td>Fjarlægð frá hlassmiðju</td><td colspan="3">D prófunarþyngd</td></tr>
<tr><td>Lyftihæð</td><td colspan="3">Hámark (sjá c-lið 2.1.2)</td></tr>
<tr><td>Staðsetning á prófunarpalli</td><td colspan="3">Myndir 12 og 3, 13 og 16, 14 og 17 eða 15 og 6 (minnsti stöðugleiki)</td></tr>
<tr><td>Halli á prófunarpalli</td><td colspan="3">4% ef akstur er ómögulegur við mestu lyftihæð
6% ef akstur er mögulegur að hluta til við mestu lyftihæð</td></tr>
<tr><td rowspan="2">AB = miðjuás lyftarans
XY = veltiás prófunarpalls</td><td>Mynd 12
</td><td>Mynd 13
</td><td>Mynd 14
</td></tr>
<tr><td>Mynd 15
</td><td>Mynd 16
</td><td>Mynd 17
</td></tr>
</table>


Prófun á hliðartöðugleika við akstur utan stýribrauta			
Prófun nr.	7	8	9
Prófun á stöðugleika við	Söfnun eða stöflun	Söfnun eða stöflun	Snúning
Prófunarþungi	Með	Án	Með eða án (minnsti stöðugleiki)
Fjarlægð frá hlassmiðju	D prófunarþyngd	—	D prófunarþyngd
Lyftihæð	Hámark (sjá c-lið 2.1.2)	Hámark (sjá c-lið 2.1.2)	Hámark (sjá a-lið 2.1.2)
Staðsetning á prófunarpalli	Myndir 18 eða 21 og 24 til 31 eftir atvikum (minnsti stöðugleiki)	Myndir 19 eða 22 og 24 til 31 eftir atvikum (minnsti stöðugleiki)	Myndir 20 eða 23 og 24 til 31 eftir atvikum (minnsti stöðugleiki)
Halli á prófunarpalli	6%	8%	Sjá mynd 13
XY = veltiás prófunarpalls	Mynd  Mynd 21  	Mynd 19  Mynd 22  	Mynd 20  Mynd 23 

Staðsetning vélar á prófunarpalli við prófanir 7, 8 og 9


Mynd 24




Mynd 25




Mynd 26




Mynd 27




Mynd 28



Mynd 29




Mynd 30




MN = veltiás vélarinnar
XY = veltiás prófunarpalls
Örin táknar stefnu hreyfingar

Athugasemd
Staðsetning hjólanna og afstaða vélarinnar eins og hún er sýnd á teikningum gefur aðeins ákveðna vísbendingu og önnur uppsetning er heimil enda sé þess gætt að meginreglur um staðsetningu vélanna við prófun séu haldnar í heiðri.

Mynd 31




Prófun nr. 2



v = hámarkshraði óhlaðins lyftara mældur í km/h á sléttum og láréttum fleti.

Mynd 32

Prófun nr. 9



v_o = hámarkshraði sem óhlaðinn lyftari nær utan stýribrautar, mældur í km/h á sléttum og láréttum fleti, mögulegt er að hraðinn minnki sjálfkrafa frá v sem er hámarkshraði vinnuvélar á stýribrautum.

Mynd 33

AÐFERÐ nr. 5

STÖÐUGLEIKAPRÓF FYRIR GAFFALLYFTARA MEÐ EINA VINNUSTEFNU

1. MARKMIÐ OG GILDISSVIÐ

Í þessum tæknilýsingum er getið um helstu prófanir sem gerðar eru til að prófa stöðugleika gaffallyftara með eina vinnustefnu og uppgefna burðargetu allt að 10.000 kg með mastur eða gaffla sem hægt er að halla eða án þeirra. Þær eiga við um lyftara sem búnir eru göfflum og/eða aukabúnaði en eiga ekki við þegar þessum lyfturum hefur verið breytt til að vinna með hangandi hlass sem getur sveiflast til.

2. GILDISSKILMÁLAR

Eftirfarandi stöðugleikapróf í samræmi við tæknilýsingarnar tryggja það að tiltekin gerð lyftara sé nægilega stöðug þegar henni er beitt eðlilega við venjulega notkun, nánar tiltekið:

a) við vinnu, akstur og stöflun, á tiltölulega sléttum og láréttum fleti,

b) við akstur með mastrið eða gafflana hallandi aftur á bak og hlassið dregið að og í lágstöðu eða á vörupalli,

c) við stöflun með mastrið tiltölulega lóðrétt og gafflana tiltölulega lárétta,

d) við vinnu með hlassmiðju nokkurn veginn í stefnu við miðjan lyftarann langsum.

Ef vinnuskilyrði eru óvenjuleg skal enn fremur beita aðferðum nr. 9, 10 og 11.

3. PRÓFUNARSKILYRÐI.

3.1. **Búnaður og aðferðir**

Ganga skal úr skugga um stöðugleika með þeim prófum sem um getur hér á eftir með því að nota prófunarpall sem halla má á eina hlið.

Setja skal lyftarann, sem prófa á, á pallinn sem upphaflega er í láréttri stöðu en er síðan hallað á ýmsa vegu eins og sýnt er í prófunartöflunni. Lyftaranum skal komið í mismunandi stöðu með því að halla pallinum hægt og jafnt á þann veg sem lýst er í töflunni. Lyftarinn telst vera stöðugur ef hann stenst öll prófin án þess að velta.

Hámarkshalli pallsins í þessu prófi er sá mesti halli sem lyftarinn þolir og er svo mikill að hann ylti yrði hallinn aukinn. Við prófun á hliðarstöðugleika skulu ætíð vera þrír snertipunktar milli lyftara og prófunarpalls, einn af þeim skal vera hjól.

3.1.1 *Almennt*

Lyftarinn skal prófaður án stjórnanda en tilbúinn til vinnu, eldsneytisgeymir á lyfturum með brunahreyfli skulu vera fullir ef það dregur úr stöðugleika; aðrir geymar skulu fylltir svo sem eðlilegt telst. Lyftibúnaðurinn skal búinn öryggis- eða viðbótartækjum sem alla jafna eru notuð og sé hægt að halla mastri eða göfflum skulu þeir vera í þeirri stöðu sem lýst er í prófunartöflunni. Ef lyftarinn er með loftfyllta hjólbarða skal þrýstingur í þeim vera samkvæmt tilmælum framleiðanda og sé heimilt að nota farg á hjól skal það notað í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda.

3.1.2. *Könnun á lóðréttri stöðu masturs.*

Áður en próf nr. 1 hefst skal gengið úr skugga um það að mastrið sé lóðrétt með því að nota lóðlínu eða annan viðeigandi búnað.

Átakslína hlassmiðjunnar G miðað við láréttan flöt, eða einhvers annars punkts E eins og sem er í fastri afstöðu við G, skal vera sú sama þegar hlassið er í prófunarhæð og þegar það er í lágstöðu við akstur.

Frávik sem stafa af sveigjum skulu leiðrétt með því að breyta halla mastursins, eða með því að draga inn mastrið eða gaffalarmana, eftir því sem hönnun vélarinnar gerir kleift.

Þetta á ekki við um lyftara þar sem hönnun leyfir ekki slíkar leiðréttingar.

3.1.3. *Lyftihæð við akstursprófun*

Þegar akstursprófun fer fram skal gaffalhællinn innanverður vera í 300 mm hæð frá jörðu eða í lægstu stöðu fyrir flutning vöru hvort sem hærra er.

3.1.4. *Lyftihæð við stöflunarprófun*

Þegar stöflun er prófuð skal lyftihæðin mæld frá yfirborði prófunarpallsins og upp á ofanvert gaffalblaðið.

3.2. **Áhrif þyngdar stjórnanda á stöðugleika**

Ökumaður sem situr á lyftara skal teljast vera 90 kg ef þungi hans dregur úr stöðugleika við prófunina. Þegar lyftari með standandi stjórnanda er prófaður skal þungamiðjan vera 1.000 mm ofan við miðju pallsins sem hann stendur á. Þegar lyftari með sitjandi stjórnanda er prófaður skal þungamiðjan vera 250 mm ofan við samanpressað sætið. Sé hægt að breyta afstöðu stjórnpalls til lyftara skal hann settur í þá stöðu sem dregur mest úr stöðugleika lyftarans.

3.3. Staðsetning lyftarans á prófunarpallinum.

Lyftari skal vera á sama stað á pallinum við hverja prófun.

Koma skal í veg fyrir að hjól snúist með því að beita stöðuhemli eða ökuhemlum sem hægt er að læsa. Þá er enn fremur heimilt að reka fleyg milli hjóla og grindar en þó með þeim hætti að hreyfanleiki öxulsins verði ekki skertur.

Heimilt er að setja klossa eða fleyga við hjólin þannig að lyftarinn færist ekki úr stað. Hæð klossanna eða fleyganna skal eigi vera meiri en fram kemur í eftirfarandi töflu:


Ytra þvermál hjóls d.	Hámarkshæð fleyga eða klossa
Að 250 mm	25 mm
Yfir 250 mm	0,1 d

3.4. Prófunarþyngd

Prófunarþyngdin skal vera sá þungi sem jafngildir uppgefinni burðargetu Q og virkar á þungamiðjuna G sem á að vera í staðalfjarlægð hlassmiðju D frá gaffalleggnum framanverðum og gaffalblaðinu ofanverðu, sjá mynd 1.

Þungamiðjan G á að vera mitt á milli stoðanna í mastrinu.

Mynd 1



Hafi framleiðandinn getið þess á upplýsingaskiltinu að önnur burðargeta eigi við skal framkvæma prófunina með hámarksþunga og samsvarandi lyftihæð ásamt þeim þunga sem við á við mestu lyftihæð.

3.5. Öryggisráðstafanir

Gera skal ráðstafanir til að koma í veg fyrir að lyftarinn velti eða þunginn renni til við prófunina.

Séu notuð stög til að koma í veg fyrir að lyftarinn velti skal þess gætt að þau séu nægilega lipur og slaki á þeim nægur til að hreyfingar lyftarans séu óheftar uns hann fer að velta. Með eftirtöldum aðferðum má koma í veg fyrir að prófunarþunginn renni til:

a) hann er festur tryggilega við lyftibúnaðinn,

b) hann er látinn hanga nálægt jörðu í streng eða keðju þannig að staðurinn sem hann er festur í virki sem þungamiðjan G þar sem hlassmiðjan væri staðsett að öðrum kosti.

4. PRÓFUNARAÐFERÐIR

Lyftaranum skal komið fyrir eins og sýnt er í prófunartöflunni.

Prófun á hliðarstöðugleika skal gerð á þeirri hlið sem lyftarinn hefur minnstan stöðugleika þannig að lína gegnum punktana MN á honum sé samsíða veltiásnum XY.

Punkturinn N er miðja snertiflatarins milli yfirborðs prófunarpallsins og stöðugs hjóls eða stuðningspúða.

Punkturinn M er skilgreindur svo:

a) Á lyfturum með stýranlegum hjólum á öxulendum, sjá myndir 13 og 14, er M skurðpunkturinn milli langsum áss lyftarans og áss öxulsins.

b) Á lyfturum sem ekki eru með stýranlegum hjólum á öxulendum er punkturinn M miður snertiflöturinn milli prófunarpallsins og annars hjóls eða stuðningspúða.









Ef uppgefin burðargeta er háð því að lyftarinn hafi stuðning eða að fjöðrunarbúnaður hans sé festur skal höfð hliðsjón af því við prófunina. Ef einnig má nota lyftarann án þessa búnaðar skal fara fram önnur prófun á honum í því ástandi.









5. PRÓFUN Á LYFTURUM MEÐ AUKABÚNAÐI

Lyftarar með aukabúnaði skulu gangast undir áðurgreind stöðugleikapróf.

Prófunarþunginn og staðsetning hans skal vera í samræmi við það sem fram kemur á upplýsingaskilti á lyftara með aukabúnaði og við notkun samkvæmt fyrir-mælum framleiðanda.

Lyftihæðin sem prófunin krefst skal mæld frá yfirborði prófunarpallsins og að neðra borði hlassins eða aukabúnaðarins, eftir því hvort er neðar.

Prófun á hliðarstöðugleika			
Prófun nr.	1		3
Prófun á stöðugleika við	Stöflun		Stöflun
Prófunarþungi	Með		Með
Fjarlægð frá hlassmiðju	D prófunarþyngd		D prófunarþyngdar
Lyftihæð	Hámark (sjá 3.5)		Hámark (sjá 3.5)
Staðsetning á lyftibúnaði	Skotið fram		Aðdreginn
Halli á mastri eða gaffli	Lóðrétt (sjá 3.2.2)		Mesti halli aftur á bak
Staðsetning á prófunarpalli	Myndir 2 og 5 eða 6 og/eða 3 og 7		Myndir 4 og 8 eða 9
Halli á prófunarpalli	4% upp að 5.000 kg.	3,5% frá og með 5.000 kg. til og með 10.000kg	6%
MN = veltiás lyftarans XY = veltiás prófunarpalls	Mynd 2 	Mynd 3 	Mynd 4 
	Mynd 5 	Mynd 6 	Mynd 7 	Mynd 8 	Mynd 9 

Prófun á hliðarstöðugleika			
Prófun nr	3	4	5
Prófun á stöðugleika við	Akstur	Akstur	Stöflun
Prófunarþungi	Án	Án	Án
Fjarlægð frá miðju	-	-	-
Lyftihæð	Í lágstöðu (sjá mynd 3.2.3)	Í lágstöðu (sjá mynd 3.2.3)	Hámark
Staðsetning á lyftibúnaði	Aðdreginn	Aðdreginn	Aðdreginn
Halli á mastri eða gaffli	Í þeirri stöðu að lyftarinn er eins óstöðugur og verða má		Lóðrétt (sjá 3.2.3)
Staðsetning á prófunarpalli	Myndir 10 og 13 eða 15	Mynd 11 og 14 eða 16	Mynd 12 og 8 eða 9
Halli á prófunarpalli	Sjá mynd 17	Sjá mynd 17	8 %
	Mynd 10 	Mynd 11 	mynd 12 
	Mynd 13 	Mynd 14 	Mynd 17 (18+0,62 v) % - að hámarki 35% v = hámarkshraði óhlaðins lyftara á sléttum og láréttum fleti. 
	Mynd 15 	Mynd 16 	
MN = veltiás lyftarans XY = veltiás prófunarpalls			

AÐFERÐ nr. 6

STÖÐUGLEIKAPRÓF FYRIR VINNUVÉLAR SEM LYFTA Á TVO VEGU EÐA FLEIRI

1. MARKMIÐ OG GILDISSVIÐ

Í þessum tæknilýsingum er getið um helstu prófanir sem gerðar eru til að prófa stöðugleika lyftara sem lyfta á tvo vegu eða fleiri og hafa allt að 10.000 kg uppgefna burðargetu, með mastur eða gaffla sem halla má eða án þeirra. Þær eiga við um lyftara sem búnir eru göfflum og/eða aukabúnaði, en ekki lyftara sem gerðir eru til að lyfta hlassi sem sveiflast getur til.

2. GILDISSKILMÁLAR

Eftirfarandi stöðugleikapróf í samræmi við tæknilýsingarnar tryggja það að tiltekin gerð lyftara sé nægilega stöðugur þegar honum er beitt eðlilega við venjulega notkun, nánar tiltekið:

a) við vinnu, akstur og stöflun, á tiltölulega jöfnum og sléttum fleti,

b) við akstur með mastur eða gafflana hallandi aftur á bak og hlassið í lágstöðu,

c) við stöflun með mastrið tiltölulega lóðrétt og gafflana tiltölulega lárétta,

d) við vinnu með hlassmiðju nokkurn veginn í stefnu á miðjan lyftarann langsum.

Ef vinnuskilyrði eru óvenjuleg skal enn fremur beita aðferðum nr. 9, 10 og 11.

3. PRÓFUNARSKILYRÐI

3.1. Búnaður og aðferðir

Ganga skal úr skugga um stöðugleika með þeim prófum sem um getur hér á eftir með því að nota prófunarpall sem halla má á eina hlið.

Setja skal lyftarann, sem prófa á, á pallinn sem upphaflega er í láréttri stöðu en er síðan hallað á ýmsa vegu eins og sýnt er í prófunartöflunni. Lyftaranum skal komið í mismunandi stöðu með því að halla pallinum hægt og jafnt á þann veg sem lýst er í töflunni. Lyftarinn telst vera stöðugur ef hann stenst öll prófin án þess að velta.

Hámarkshalli pallsins í þessu prófi er sá mesti halli sem lyftarinn þolir og er svo mikill að hann ylti yrði hallinn aukinn. Við prófun á hliðarstöðugleika er leyfilegt að eitt burðarhjól lyftist ögn upp af pallinum, einnig er heimilt að hluti grindar eða annar hluti lyftarans snerti pallinn.

3.2. Ástand lyftarans

3.2.1. *Almennt*

Lyftarinn skal prófaður án stjórnanda en tilbúinn til vinnu, eldsneytisgeymar á lyfturum með brunahreyfli skulu vera fullir ef það dregur úr stöðugleika, aðrir geymar skulu fylltir svo sem eðlilegt telst. Lyftibúnaðurinn skal búinn öryggis- eða viðbótartækjum sem alla jafna eru notuð og sé hægt að halla mastri eða göfflum skulu þeir vera í þeirri stöðu sem lýst er í prófunartöflunni. Ef lyftarinn er með loftfyllta hjólbarða skal þrýstingur í þeim vera samkvæmt tilmælum framleiðanda og sé heimilt að nota farg á hjól skal það notað í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda.

3.2.2. *Könnun á lóðréttri stöðu masturs*

Áður en próf nr. 1 hefst skal gengið úr skugga um það að mastrið sé lóðrétt með því að nota lóðlínu eða annan viðeigandi búnað.

Átakslína hlassmiðjunnar G miðað við láréttan flöt, eða einhvers annars punkts E eins og sem er í fastri afstöðu við G, skal vera sú sama þegar hlassið er í prófunarhæð og þegar það er í lágstöðu við akstur.

Frávik sem stafa af sveigjum skulu leiðrétt með því að breyta halla masturs eftir því sem hönnun lyftarans gerir kleift.

Þetta á ekki við um lyftara þar sem hönnun leyfir ekki slíkar leiðréttingar.

3.2.3. *Lyftihæð við akstursprófun*

Þegar akstursprófun fer fram skal gaffalhællinn innanverður vera í 300 mm hæð frá jörðu eða í lægstu stöðu fyrir flutning vöru hvort sem hærra er.

3.2.4. *Lyftihæð við stöflunarprófun*

Þegar stöflun er prófuð skal lyftihæðin mæld frá yfirborði prófunarpallsins og upp á ofanvert gaffalblaðið.

3.3. Áhrif þyngdar stjórnanda á stöðugleika

Ökumaður sem situr á lyftara skal teljast vera 90 kg ef þungi hans dregur úr stöðugleika við prófunina. Þegar lyftari með standandi stjórnanda er prófaður skal þungamiðjan vera 1.000 mm ofan við miðju pallsins sem hann stendur á. Þegar lyftara með sitjandi stjórnanda er prófaður skal þungamiðjan vera 250 mm ofan við samanknýtt sætið.

3.4. Staðsetning lyftarans á prófunarpallinum

Lyftarinn skal vera á sama stað á pallinum við hverja prófun.

Koma skal í veg fyrir að hjól snúist með því að beita stöðuhemli eða ökuhemlum sem hægt er að læsa. Þá er enn fremur heimilt að reka fleyg milli hjóla og grindar en þó með þeim hætti að hreyfanleiki öxulsins verði ekki skertur. Þó má í öryggisskyni læsa eða festa fjöðrunarbúnað þess öxuls sem er nær veltiási prófunarpallsins þegar hliðarstöðugleiki er prófaður.

Heimilt er að setja klossa eða fleyga við hjólin þannig að lyftarinn færist ekki úr stað. Hæð klossanna eða fleyganna skal eigi vera meiri en fram kemur í eftirfarandi töflu:


Ytra þvermál hjóls d.	Hámarkshæð fleyga eða klossa
Að 250 mm	25 mm
Yfir 250 mm	0,1 d

3.5. Prófunarþyngd

Prófunarþyngdin skal vera sá þungi sem jafngildir uppgefinni burðargetu Q og virkar á þungamiðjuna G sem á að vera í staðalfjarlægð hlassmiðju D frá gaffalleggnum framanverðum og gaffalblaðinu ofanverðu, sjá mynd 1.

Þungamiðjan G á að vera mitt á milli stoðanna í mastrinu, samsvarandi lyftihæð ásamt þeim þunga sem við á við mestu lyftihæð.

Mynd 1



Hafi framleiðandinn getið þess á upplýsingaskiltinu að önnur burðargeta eigi við skal framkvæma prófunina með hámarksþunga og samsvarandi lyftihæð ásamt þeim þunga sem við á við mestu lyftihæð.

3.6. Öryggisráðstafanir

Gera skal ráðstafanir til að koma í veg fyrir að lyftarinn velti eða þunginn renni til við prófunina.

Séu notuð stög til að koma í veg fyrir að lyftarinn velti skal þess gætt að þau séu nægilega lipur og slaki á þeim nægur til að hreyfingar lyftarans séu óheftar uns hann fer að velta.

Með eftirtöldum aðferðum má koma í veg fyrir að prófunarþunginn renni til:

a) hann er festur tryggilega við lyftibúnaðinn,

b) hann er látinn hanga nálægt jörðu í streng eða keðju þannig að staðurinn sem hann er festur í virki sem þungamiðjan G þar sem hlassmiðjan væri staðsett að öðrum kosti.

4. PRÓFUNARAÐFERÐIR

Lyftaranum skal komið fyrir eins og sýnt er í prófunartöflunni.

Prófun á hliðarstöðugleika skal gerð á þeirri hlið sem lyftarinn hefur minnstan stöðugleika þannig að lína gegnum punktana MN á vélinni sé samsíða veltiásnum XY.









Staðsetning hjólanna og afstaða lyftarans eins og hann er sýndur á teikningunum gefur aðeins ákveðna vísbendingu og önnur uppsetning er heimil sé þess gætt að meginreglur um staðsetningu lyftaranna við prófun séu haldnar í heiðri.





5. PRÓFUN Á LYFTURUM MEÐ AUKABÚNAÐI





Lyftarar með aukabúnaði skulu gangast undir áðurgreind stöðugleikapróf nema í þeim tilvikum sem aukabúnaðurinn getur fært þungamiðjuna út fyrir miðjuás lyftarans, sjá AÐFERÐ nr. 10.











Prófunarþunginn og staðsetning hans skal vera í samræmi við það sem fram kemur á upplýsingaskiltinu á lyftaranum með aukabúnaði og við notkun samkvæmt fyrirmælum framleiðanda.

Lyftihæðin sem prófunin krefst skal mæld frá yfirborði prófunarpallsins og að neðra borði hlassins eða aukabúnaðarins, eftir því hvort er neðar.









	1		2	
Prófun á stöðugleika við	Stöflun		Stöflun	
Prófunarþungi	Með		Með	
Fjarlægð frá hlassmiðju	D prófunarþyngd		D prófunarþyngd	
Lyftihæð	Hámark (sjá 3.5)		Hámark (sjá 3.5)	
Staðsetning á lyftibúnaði	Skotið fram (ef hönnun leyfir)		Aðdreginn	
Halli á mastri eða gaffli	Lóðrétt (sjá 3.2.2)		Minnsti stöðugleiki	
Staðsetning á prófunarpalli	Myndir 2 og 6 eða 3 og 7 (1)		Myndir 4 og 8 eða 5 og 9 (1)	
Halli á prófunarpalli	4% allt að 5000 kg	3,5% frá 5000 til og með 10000 kg	14%	
(1) Mesti halli aftur á bak 10°, eða 600mm færsla á hlassmiðju aftur á bak, hvort sem.	Mynd 2 	Mynd 3 	Mynd 4 	Mynd 5 
AB = miðjuás lyftarans MN = veltiás lyftarans XY = veltiás prófunarpalls	Mynd 6 	Mynd 7 	Mynd 8 	Mynd 9 





Prófun á stöðugleika langsum			
Prófun nr.	3	4	5
Prófun á stöðugleika við	Stöflun	Stöflun	Akstur
Prófunarþungi	Án	Án	Án
Fjarlægð frá hlassmiðju	—	—	—
Lyftihæð	Hámark (sjá 3.5)	Hámark (sjá 3.5)	Í lágstöðu (sjá 3.2.3)
Staðsetning á lyftibúnaði	Aðdreginn	Aðdreginn	Aðdreginn
Halli á mastri eða gaffli	Í þeirri stöðu að lyftarinn er eins óstöðug og verða má		Mesti halli aftur á bak
Staða á prófunarpalli	Myndir 10 og 8 ([1])	Myndir 11 og 9 ([1])	Myndir 12 og 8 ([2])
Halli á prófunarpalli	4% ef enginn eða einn hemill virkar á hjólin næst stjórnanda; 18% ef tveim hemlum er beitt	14%	(sjá mynd 13 og athugasemd ([3]))
([1])Hjólin skulu snúa beint fram á lyftrum með föstu mastri en á lyfturum með hreyfanlegu mastri skulu þau vísa þannig að stöðugleiki sé minnstur. ([2])Lyftaranum skal þannig fyrir komið á pallinum að gafflarnir vísi nánast frá veltiási pallsins og lyftarinn sé eins óstöðugur og verða má sem ekki þarf að vera í helstu vinnustellingu. Hjól lyftarans skulu snúa þannig að þau vísi samsíða veltiási pallsins (enda sé það gerlegt) XY = veltiás prófunarpalls	Mynd 10  	Mynd 11  	Mynd 12 
	Mynd 13 %  Hámarkshalli fyrir óhlaðna vél 20%—10%—0%—jafnsléttu	$(\frac{20}{2}+15+1{,}55_v)\%$ – að hámarki 50% $(\frac{20}{2}+15+1{,}33_v)\%$ – að hámarki 50% $(15+1{,}33_v)\%$ – að hámarki 40% v= hámarkshraði óhlaðins lyftara í km/h á sléttum og láréttum fleti. ([3]) Hallagildum í mynd 13 eða þeim sem reiknuð eru út miðað við viðeigandi formúlu er beitt eftir því til hvaða nota lyftarinn er ætlaður. Sé lyftarinn einvörðungu hannaður og gerður til notkunar á láréttum fleti skal aðeins miðað við gildið 0% við halla prófunarpallsins. Ef lyftarinn er hannaður og gerður til að aka óhlaðin upp og niður 10% halla skal halli prófunarpallsins miðast við 10% kúrfuna; 20% kúrfan notast með hliðstæðum hætti. Sé lyftarinn hannaður og gerður til að aka í halla sem fellur á milli ofangreindra gilda ber að reikna halla prófunarpallsins út með neðangreindri formúlu: $\alpha = 15 + 0{,}5_i + 1{,}55_v$ (að hámarki $(40+0{,}5_i)\%$) Þar sem α= halli prófunarpallsins í %, i= hámarkshalli í % sem lyftarinn getur ekið í óhlaðin, v= hámarkshraði óhlaðins lyftara á sléttum og láréttum fleti.		

Prófun á hliðarstöðugleika		Mynd 14	Mynd 15
Prófun nr	1		
Prófun á stöðugleika við	Akstur		
Prófunarþungi	Án		
Fjarlægð frá hlassmiðju	—		
Lyfti hæð	Í lágstöðu (sjá 3.2.3)	Mynd 16	Mynd 17
Staða lyftibúnaðar	Aðdreginn		
Halli á mastri eða gaffli	Mesti halli aftur á bak ef stöðugleiki minnkar við það, annars lóðréttur		
Staðsetning á prófunarpalli	Myndir 14, 15, 16, 17 (sjá athugasemd (1)) og 18 til 27		
Halli á prófunarpalli	sjá mynd 40		

Lyftaranum skal komið fyrir á pallinum með veltiás tækisins (línan MN) samsíða veltiás pallsins XY. Hjólin skulu snúa í ökustefnuna. Aðeins er hægt að prófa sig áfram með afstöðu tækis og hjóla. Ef slíkar tilraunir sýna enga eina stöðu þar sem stöðugleiki er minnstur þarf að gera nokkrar prófanir á mismunandi stöðum	Mynd 18	Mynd 19	Mynd 20	Mynd 21	Mynd 22
					
	Mynd 23	Mynd 24	Mynd 25	mynd 26	Mynd 27
MN = veltiás lyftarans XY = veltiás prófunarpalls					

<table>
<tr><td colspan="5">Prófun á hliðarstöðugleika</td></tr>
<tr><td>Prófun nr.</td><td colspan="2">7</td><td colspan="2">3</td></tr>
<tr><td>Prófun á stöðugleika við</td><td colspan="2">Akstur</td><td colspan="2">Stöflun</td></tr>
<tr><td>Prófunarþungi</td><td colspan="2">Með</td><td colspan="2">Með</td></tr>
<tr><td>Fjarlægð frá hlassmiðju</td><td colspan="2">D prófunarþyngd</td><td colspan="2">D prófunarþyngd</td></tr>
<tr><td>Lyftihæð</td><td colspan="2">Í lágstöðu (sjá 3.2.3)</td><td colspan="2">Hámark (sjá 3.5)</td></tr>
<tr><td>Staðsetning á lyftibúnaði</td><td colspan="2">Aðdreginn</td><td colspan="2">Aðdreginn</td></tr>
<tr><td>Halli á mastri eða gaffli</td><td colspan="4">Mesti halli aftur á bak ef stöðugleiki minnkar við það, annars lóðréttur</td></tr>
<tr><td>Staðsetning á prófunarpalli</td><td colspan="2">Myndir 28, 29, 32, 33 (sjá athugasemd (1) og 18 til 27)</td><td colspan="2">Myndir 30, 31, 34, 35 (sjá athugasemd (1) og 18 til 27)</td></tr>
<tr><td>Halli á prófunarpalli</td><td colspan="2">18%</td><td colspan="2">6%</td></tr>
<tr><td rowspan="2">(1) Lyftaranum skal þannig komið fyrir á pallinum að gafflarnir vísi nánast frá veltiási pallsins og lyftarinn sé eins óstöðugur og verða má sem ekki þarf að vera í helstu vinnustellingu. Hjól lyftarans skulu snúa þannig að þau vísa samsíða veltiási pallsins (enda sé það gerlegt)


XY = veltiás prófunarpalls</td><td>Mynd 28

</td><td>Mynd 29

</td><td>Mynd 30

</td><td>Mynd 31

</td></tr>
<tr><td>Mynd 32

</td><td>Mynd 33

</td><td>Mynd 34

</td><td>Mynd 35

</td></tr>
</table>

Prófun á hliðarstöðugleika		Mynd 36	Mynd 37
Prófun nr	1		
Prófun á stöðugleika við	Stöflun		
Prófunarþungi	Án		
Fjarlægð frá hlassmiðju	—		
Lyftihæð	Hámark	Mynd 38	Mynd 39
Staðsetning á lyftibúnaði	Aðdreginn		
Halli á mastri eða gaffli	Mesti halli aftur á bak ef stöðugleiki minnkar við það, annars lóðréttur		
Staðsetning á prófunarpalli	Myndir 36, 37, 38, 39 (sjá athugasemd (1)) og 18 til 27		
Halli á prófunarpalli.	8 %		

(1) Lyftaranum skal þannig komið fyrir á pallinum að gafflarnir vísi nánast frá veltiási pallsins og lyftarinnn sé eins óstöðugur og verða má sem ekki þarf að vera í helstu vinnustellingu. Hjól lyftarans skulu snúa þannig að þau vísa samsíða veltiási pallsins (enda sé það gerlegt).

XY = veltiás prófunarpalls

Mynd 40



(15+ 1,4 v)% - að hámarki 40 %)

v = hámarkshraði óhlaðins lyftara á sléttum og láréttum fleti.

AÐFERÐ nr. 7

STÖÐUGLEIKAPRÓF FYRIR LYFTARA SEM HLAÐA FRAM OG TIL HLIÐAR OG HAFA MIKLA LYFTIHÆÐ

1. MARKMIÐ OG GILDISSVIÐ

Í þessum tæknilýsingum er getið um helstu prófanir sem gerðar eru til að prófa stöðugleika lyftara sem hlaða fram og til hliðar og hafa mikla lyftihæð og með allt að 10.000 kg uppgefna burðargetu, með mastur eða gaffla sem halla má eða án þeirra. Þær eiga við um lyftara sem búnir eru göfflum og/eða aukabúnaði, en ekki lyftarar sem gerðir eru til að lyfta hlassi sem getur sveiflast til.

2. GILDISSKILMÁLAR

Þessar tæknilýsingar eigi við um vélknúna lyftara sem hlaða fram og til hliðar með hækkanlegum stjórnpalli eða án hans. Þeir geta verið hannaðir fyrir akstur á stýrbrautum, utan þeirra eða hvort tveggja.

Við akstur á stýribrautum ([1]) gilda þessar tæknilýsingar um lyftara:

a) sem haldið er á réttum kili með utanaðkomandi búnaði, og
b) sem er að hluta til haldið á réttum kili með utanaðkomandi búnaði.

Lyftarar af gerð b) skulu prófaðir miðað við þessar tæknilýsingar til að ganga úr skugga um stöðugleika þeirra við þann ökumáta þegar þeir hafa ekki stuðning. Enn fremur skal sannreyna stuðningsbúnaðinn með öðrum hætti. ([1])

Á lyfturum sem hlaða fram og til hliðar og hafa mikla lyftihæð má lagfæra stjórnpallinn eða lyftibúnaðinn á ferð þegar ekið er á stýribrautum enda sé skilyrðum og öryggiskröfum ([1]) svo og stöðugleikakröfum alfarið fullnægt.

Venjulegir lyftarar með lyftibúnaði til hliðar, og að framan, mega þá og því aðeins notast með þessum hætti til hliðarhleðslu að þeir uppfylli öll skilyrði og kröfur.

Venjulegir lyftarar með lyftibúnaði til hliðar, og að framan, sem ekki uppfylla kröfur þær sem í prófununum eru gerðar og/eða uppfylla ekki tengd skilyrði og kröfur skulu prófaðir í samræmi við AÐFERÐ nr. 1 eða nr. 2. og uppgefinni burðargetu þeirra breytt til samræmis við prófið í AÐFERÐ nr. 10 þar sem hlassmiðja er utan við miðjuás tækis. Þeir skulu notaðir sem venjulegir lyftarar innan stýribrautanna. Ekki er leyfilegt að aka með hlass eða lyftibúnað í hástöðu nema á löturhraða.

Eftirfarandi stöðugleikapróf tryggja það að tiltekin gerð lyftara sé nægilega stöðug þegar henni er beitt eðlilega við venjulega notkun. ([1])

2.1. **Venjuleg notkun**

2.1.1. *Venjuleg notkun á stýribrautum*

Akstur á stýribrautum telst eðlilegur ef lyftaranum er:

a) ekið með hlass eða lyftibúnað í þeirri hæð að akstursbraði lækki ekki niður fyrir það sem hann getur komist;

b) lyftaranum er ekið með hlass eða lyftibúnað í þeirri hæð að enn er mögulegt að aka honum áfram þó á minni hraða sé og með samsvarandi minni þörf á hemlun,

c) ekið við stöflun upp í hvaða hæð sem er allt að hámarki. Akstur við þessar aðstæður má hefta alveg eða takmarka við löturhraða. ([1])

2.1.2. *Venjuleg notkun utan stýribrauta*

Akstur utan stýribrauta telst eðlilegur ef:

a) lyftaranum er ekið á hraða allt að V_0 ([2]) með hlass eða lyftibúnað í lágstöðu, að mest 500 mm, hlass í stefnu á miðjuás og ekki skotið fram. Ef hemlaviðnámið F ([3]) er ekki með venjulegum hætti skal það annaðhvort samræmt því sem er á venjulegum lyfturum eða hraðinn V_0 sjálfkrafa takmarkast við 9 km/h, hið mesta,

b) eða lyftaranum er ekki ekið hraðar en 4 km/h, með hlass eða lyftibúnað í meira en 500 mm hæð þó ekki meira en 2,5 m hæð, og ekið nokkurn veginn beint áfram. Akstursbraði skal sjálfkrafa takmarkast við löturhraða ef vélin víkur út af beinni akstursstefnu,

c) eða lyftarinn er notaður við stöflun upp í þá lyftihæð sem framleiðandinn heimilar. Ökuhraði skal takmarkast við löturhraða;

d) lyftarinn, sem búin er til hleðslu á þrjá vegu, er aðeins notaður til að stafla fram fyrir sig og snýr að stæðu, prófun 8 á við.

3. PRÓFUNARSKILYRÐI

3.1. **Búnaður og aðferðir**

Ganga skal úr skugga um stöðugleika með þeim prófum sem um getur hér á eftir með því að nota prófunarpall sem halla má á eina hlið.

([1]) Um skilgreiningar og öryggisreglur, sjá 10. kafla I. viðauka um sérkröfur í reglum þessum.

([2]) V_0 = hámarkshraði lyftara utan stýribrautar í km/h. Þetta má minnka sjálfkrafa frá V sem er hámarkshraði vinnuvélar í stýribraut.

([3]) F = viðnámið sem hemlarnir veita eða dráttarátak sem hundraðshluti af brúttóþyngd lyftara, með eða án hleðslu. Ef hægt er að skjóta göfflum fram skal F gilda um þá í inndreginni stöðu.

Setja skal lyftarann, sem prófa á, á pallinn sem upphaflega er í láréttri stöðu en er síðan hallað á ýmsa vegu eins og sýnt er í prófunartöflunni. Lyftaranum skal komið í mismunandi stöðu með því að halla pallinum hægt og jafnt á þann veg sem lýst er í töflunni. Lyftarinn telst vera stöðugur ef hann stenst öll prófin án þess að velta.

Hámarkshalli pallsins í þessu prófi er sá mesti halli sem lyftarinn þolir og er svo mikill að hann ylti yrði hallinn aukinn. Við prófun á hliðarstöðugleika er leyfilegt að eitt burðarhjól lyftist ögn upp af pallinum; einnig er heimilt að hluti grindar eða annar hluti vélarinnar snerti pallinn.

3.2. Ástand lyftarans

3.2.1. *Almennt*

Lyftarinn skal prófaður án stjórnanda en tilbúinn til vinnu, eldsneytisgeymar á lyfturum með brunahreyfli skulu vera fullir ef það dregur úr stöðugleika; aðrir geymar skulu fylltir svo sem eðlilegt telst. Lyftibúnaðurinn skal búinn öryggis- eða viðbótartækjum sem alla jafna eru notuð og sé hægt að halla mastri eða göfflum skulu þeir vera í þeirri stöðu sem lýst er í prófunartöflunni. Ef lyftarinn er með loftfyllta hjólbarða skal þrýstingur í þeim vera samkvæmt tilmælum framleiðanda og sé heimilt að nota farg á hjól skal það notað í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda.

3.2.2. *Könnun á lóðréttri stöðu masturs*

Áður en próf nr. 3, 4, 6, 7 og 8 hefjast skal gengið úr skugga um það að mastrið sé lóðrétt með því að nota lóðlínu eða annan viðeigandi búnaði.

Átakslína hlassmiðjunnar G miðað við láréttan flöt, eða einhvers annars punkts E eins og sem er í fastri afstöðu við G, skal vera sú sama þegar hlassið er í prófunarhæð og þegar það er í lágstöðu við akstur.

Frávik sem stafa af sveigjum skulu leiðrétt með því að breyta halla masturs, eða með því að draga inn mastrið eða gaffalarmana, eftir því sem hönnun lyftarans gerir kleift.

Þetta á ekki við um vélar þar sem hönnun leyfir ekki slíkar leiðréttingar.

3.2.3. *Lyftihæð við akstursprófun*

Þegar akstursprófun fer fram skal vörupallur eða gaffalhællinn innanverður vera staðsettur í samræmi við öryggisráðstafanir og þann ökumáta sem hermt er eftir.

3.3. **Áhrif þyngdar stjórnanda á stöðugleika**

Ökumaður sem situr á lyftara skal teljast vera 90 kg ef þungi hans dregur úr stöðugleika við prófunina. Þegar lyftari með standandi stjórnanda er prófaður skal þungamiðjan vera 1.000 mm ofan við miðju pallsins sem hann stendur á. Þegar lyftari með sitjandi stjórnanda er prófaður skal þungamiðjan vera 250 mm ofan við samanpressað sætið.

3.4. **Staðsetning lyftarans á prófunarpallinum**

Lyftarinn skal vera á sama stað á pallinum við hverja prófun.

Koma skal í veg fyrir að hjól snúist með því að beita stöðuhemli eða ökuhemlum sem hægt er að læsa. Þá er enn fremur heimilt að reka fleyg milli hjóla og grindar en þó með þeim hætti að hreyfanleiki öxulsins verði ekki skertur. Þó má í öryggisskyni læsa eða festa fjöðrunarbúnað þess öxuls sem er nær veltiási prófunarpallsins þegar hliðarstöðugleiki er prófaður.

Heimilt er að setja klossa eða fleyga við hjólin þannig að lyftarinn færist ekki úr stað. Hæð klossanna eða fleyganna skal eigi vera meiri en fram kemur í eftirfarandi töflu:

Ytra þvermál hjóls d.	Hámarkshæð fleyga eða klossa
Að 250 mm	25 mm
Yfir 250 mm	0,1 d


3.5. **Prófunarþyngd, Sjá mynd 1.**

Prófunarþyngdin skal vera sá þungi sem jafngildir uppgefinni burðargetu Q og virkar á þungamiðjuna G sem á að vera í staðalfjarlægð hlassmiðju D frá gaffalleggnum framanverðum og gaffalblaðinu ofanverðu.

Þungamiðjan G eða samsvarandi punktur á öðrum lyftara, á að vera mitt á milli stoðanna í mastrinu nema í prófun 7 þar sem henni er skotið alveg fram.

Ef aukalyftibúnaður er til staðar á hlassið eða lyftibúnaðurinn að vera í efstu stöðu.

Mynd 1



Hafi framleiðandinn getið þess á upplýsingaskiltinu að önnur burðargeta eigi við skal framkvæma prófunina með hámarksþunga og samsvarandi lyftihæð ásamt þeim þunga sem við á við mestu lyftihæð.

3.6. **Öryggisráðstafanir**

Gera skal ráðstafanir til að koma í veg fyrir að lyftarinn velti eða þunginn renni til við prófunina.

Séu notuð stög til að koma í veg fyrir að lyftarinn velti skal þess gætt að þau séu nægilega lipur og slaki á þeim nægur til að hreyfingar lyftarans séu óheftar uns hún fer að velta.
Með eftirtöldum aðferðum má koma í veg fyrir að prófunarþunginn renni til:

a) hann er festur tryggilega við lyftibúnaðinn,

b) hann er látinn hanga nálægt jörðu í streng eða keðju þannig að staðurinn sem hann er festur í virki sem þungamiðjan G þar sem hlassmiðjan væri staðsett að öðrum kosti.









4. PRÓFUNARAÐFERÐIR

Lyftaranum skal komið fyrir eins og sýnt er í prófunartöflunni.
Prófun á hliðarstöðugleika skal gerð á þeirri hlið sem lyftarinn hefur minnstan stöðugleika þannig að lína gegnum punktana MN á lyftaranum sé samsíða velti-ásnum XY.

Staðsetning hjólanna og afstaða lyftarans eins og hún er sýnd á teikningunum gefur aðeins ákveðna vísbendingu og önnur uppsetning er heimil sé þess gætt að meginreglur um staðsetningu lyftara við prófun séu haldnar í heiðri.

5. PRÓFUN Á LYFTURUM MEÐ AUKABÚNAÐI

Lyftarar með aukabúnaði skulu gangast undir áðurgreind stöðugleikapróf. Prófunarþunginn og staðsetning hans skal vera í samræmi við það sem fram kemur á upplýsingaskiltinu á lyftara með aukabúnaði og við notkun samkvæmt fyrirmælum framleiðanda. Lyftihæðin sem prófunin krefst skal mæld frá yfirborði prófunarpallsins og að neðra borði hlassins eða aukabúnaðarins, eftir því hvort er neðar.


Prófun á stöðugleika langsum þegar ekið er á stýribrautum				
Prófun nr.	1		2	
Prófun á stöðugleika við	Akstur		Akstur	
Prófunarþungi	Með		Án	
Fjarlægð frá hlassmiðju	D prófunarþyngd		—	
Lyftihæð	Hámark fyrir akstur utan stýribrauta (sjá a-lið 2.1.1)			
Staðsetning á prófunarpalli	Myndir 2 og 3,4 eða 5 eða 6 og 7,8 eða (minnsti stöðugleiki)			
Halli á prófunarpalli	Þegar H ≤ 500mm og V er að hámarki > 9 km/h á halli að vera 18% Þegar H ≤ 500mm og V er að hámarki ≤ 9 km/h á halli að vera 1,3 F% Þegar H > 500mm á halli að vera ≅ 1,3 F% (1)		Sjá mynd 39	
(1) F = Hemlaviðnám eða togkraftur sem hundraðshluti af heildarþunga lyftarans með eða án hlass eftir atvikum. Sé hægt að færa mastrið eða gafflana fram, á F-gildið við um mastrið eða gafflana í aðdreginni stöðu. XY = veltiás prófunarpalls	Mynd 2 	Mynd 3 	Mynd 4 	Mynd  5
	Mynd 6 	Mynd 7 	Mynd 8 	Mynd 9 

Prófun á stöðugleika langsum þegar ekið er innan stýribrauta				
Prófun nr.	3	4	5	6
Prófun á stöðugleika við	Akstur	Akstur	Akstur	Stöflun
Prófunarþungi	Með	Með	Án	Með
Fjarlægð frá hlassmiðju	D prófunarþyngd	D prófunarþyngd	—	D prófunarþyngd
Lyftihæð	Hámark við akstur (sjá b-lið 2.1.1)			Hámark (sjá c-lið 2.1.1)
Staðsetning á prófunarpalli	Myndir 10 og 3, 4 eða 5	Myndir 11 og 7, 8 eða 9	Myndir 13 og 3, 4 eða 5 eða 14 og 7, 8 eða 9 (minnsti stöðugleiki)	Myndir 12 og 3, 4 eða 5 eða 15 og 7, 8 og 9 (minnsti stöðugleiki)
Halli á prófunarpalli	1,3%	1,3%	1,3 F%	6%


(1)F = Hemlaviðnám eða togkraftur sem hundraðshluti af heildarþunga lyftarans með eða án hlass eftir atvikum. Sé hægt að færa mastrið eða gafflana fram, á F-gildið við um mastrið eða gafflana í aðdreginni stöðu.

XY = veltiás prófunarpalls


Mynd 10




Mynd 11




Mynd 12




Mynd 13















Mynd 14






Mynd 15




Stöðugleikapróf	Við akstur innan stýribrautar	Við akstur utan stýribrautar
Prófun nr.	7	8
Prófun á stöðugleika við	Stöflun	Stöflun
Prófunarþungi	Með	Með
Fjarlægð frá hlassmiðju	D prófunarþyngd	D prófunarþyngd
Lyftihæð	Hámark (sjá c-lið 2.1.1)	Hámark (sjá d-lið 2.1.2)
Staðsetning á prófunarpalli	Myndir 16 og 18 eða 19	Myndir 17 og 20 eða 21
Halli á prófunarpalli	4%	4%
MN = veltiás lyftarans XY = veltiás prófunarpalls	Mynd 16 	Mynd 17 
	Mynd 18 	Mynd 19 
	Mynd 20 	Mynd 21 

Prófun á hliðartöðugleika við akstur utan stýribrauta			
Prófun nr.	9	10	11
Prófun á stöðugleika við	Stöflun	Stöflun	Snúning
Prófunarþungi	Með	Án	Án
Fjarlægð frá hlassmiðju	D prófunarþyngd	—	—
Lyftihæð	Hámark (sjá c-lið 2.1.2)	Hámark (sjá c-lið 2.1.2)	Hámark (sjá c-lið 2.1.2)
Staðsetning á prófunarpalli	Myndir 22 eða 25 og 31 til 38 eftir því sem við á (minnsti stöðugleiki)	Myndir 23 eða 26 og 31 til 38 eftir því sem við á (minnsti stöðugleiki)	Myndir 24 eða 27 og 31 til 38 eftir því sem við á (minnsti stöðugleiki)
Halli á prófunarpalli	6%	8%	Sjá mynd 40
XY = veltiás prófunarpalls	Mynd 22 	Mynd 23 	Mynd 24 
	Mynd 25 	Mynd 26 	Mynd 27 Mastri hallað (ef við á) þannig að stöðugleiki sé eins lítill og verða má 


Prófun á stöðugleika langsum þegar ekið er utan stýribrauta			
Prófun nr.	12	13	14
Prófun á stöðugleika við	Stöflun	Stöflun	Akstur
Prófunarþungi	Með	Án	Án
Fjarlægð frá hlassmiðju	D prófunarþyngd	—	—
Lyftihæð	Hámark (sjá c-lið 2.1.1) (mastri hallað, ef við á, þannig að stöðugleiki sé eins lítill og verða má)		Hámark fyrir akstur utan stýribrautar (sjá a-lið 2.1.2). (mastri alveg hallað ef við á)
Staðsetning á prófunarpalli	Myndir 28 og 7, 8 eða 9	Myndir 29 og 7,8 eða 9	Myndir 30 og 7, 8 og 9
Halli á prófunarpalls	14%	14% ef enginn eða einn hemill virkar á hjólin næst stjórnanda. 18% ef tveimur hemlum er beitt.	Sjá mynd 41
XY = veltiás prófunarpalls	Mynd 28 	Mynd 29 	Mynd 30 

Staðsetning vélar á prófunarpalli við prófanir 9, 10 og 11


Mynd 31




Mynd 32



Mund 33




Mynd 34




Lyftarinn er samhverfur og má staðsetja hann, á hægri eða vinstri hönd


Mynd 35



Mynd 36




Mynd 37




MN = veltiás vélarinnar
XY = veltiás prófunarpalls
Örin táknar stefnu hreyfingar

Athugasemd
Staðsetning hjólanna og afstaða vélarinnar eins og hún er sýnd á teikningum gefur aðeins ákveðna vísbendingu og önnur uppsetning er heimil enda sé þess gætt að meginreglur um staðsetningu vélanna við prófun séu haldnar í heiðri.

Mynd 38




Prófun nr. 2



v = hámarkshraði hlaðinna lyftara innan stýribrauta í km/h á sléttum og láréttum fleti

Mynd 39


Prófun nr. 11



v_o = hámarkshraði óhlaðins lyftara sem hann getur náð utan stýribrauta í km/h á sléttum og láréttum fleti, hægt að lækka hann sjálfkrafa frá v_o sem er hámarkshraði lyftarans á stýribrautum

Mynd 40

Prófun nr. 14



v_o = hámarkshraði óhlaðins lyftara sem hann getur náð utan stýribrauta í km/h á sléttum og láréttum fleti, hægt að lækka
hann sjálfkrafa frá v_o sem er hámarkshraði lyftarans á stýribrautum.

Mynd 41

AÐFERÐ nr. 8

STÖÐUGLEIKAPRÓF FYRIR TORFÆRULYFTARA

1. MARKMIÐ OG GILDISSVIÐ

Í þessum tæknilýsingum er getið um helstu prófanir sem gerðar eru til að prófa stöðugleika torfærulyftara með allt að 10.000 kg uppgefna burðargetu, með mastur eða gaffla sem halla má eða án þeirra. Þær eiga við um lyftara sem búnir eru göfflum og/eða aukabúnaði, en ekki lyftara sem gerðir eru til að lyfta hlassi sem getur sveiflast til.

2. GILDISSKILMÁLAR

Þessar tæknilýsingar eiga við um lyftara sem eru með heila eða liðskipta grind og kunna að hafa viðbótarbúnað til að jafna út hallann á grind, mastri eða göfflum.

Eftirfarandi stöðugleikapróf í samræmi við tæknilýsingarnar tryggja það að tiltekin gerð lyftara sé nægilega stöðugur þegar honum er beitt eðlilega við venjulega notkun, nánar tiltekið:

a) við vinnu, akstur og stöflun, á ósléttum fleti,
b) við akstur með mastrið eða gafflana hallandi aftur á bak og hlassið í lágstöðu, einnig upp og niður halla,
c) við stöflun með mastrið tiltölulega lóðrétt og gafflana tiltölulega lárétta,
d) við vinnu með hlassmiðju nokkurn veginn í stefnu á miðjan lyftarann langsum.

Ef vinnuskilyrði eru óvenjuleg skal enn fremur beita aðferðum nr. 9, 10 og 11.

3. PRÓFUNARSKILYRÐI

3.1. Búnaður og aðferðir

Ganga skal úr skugga um stöðugleika með þeim prófum sem um getur hér á eftir með því að nota prófunarpall sem halla má á eina hlið.

Setja skal lyftarann, sem prófa á, á pallinn sem upphaflega er í láréttri stöðu en er síðan hallað á ýmsa vegu eins og sýnt er í prófunartöflunni. Lyftaranum skal komið í mismunandi stöðu með því að halla pallinum hægt og jafnt á þann veg sem lýst er í töflunni. Lyftarinn telst vera stöðugur ef hann stenst öll prófin án þess að velta.

Hámarkshalli pallsins í þessu prófi er sá mesti halli sem lyftarinn þolir og er svo mikill að hann ylti yrði hallinn aukinn. Við prófun á hliðarstöðugleika er leyfilegt að eitt burðarhjól lyftist ögn upp af pallinum; einnig er heimilt að hluti grindar eða annar hluti lyftarans snerti pallinn.

3.2. Ástand lyftarans

3.2.1. *Almennt*

Lyftarinn skal prófaður án stjórnanda en tilbúinn til vinnu, eldsneytisgeymar á lyfturum með brunahreyfli skulu vera fullir ef það dregur úr stöðugleika, aðrir geymar skulu fylltir svo sem eðlilegt telst. Lyftibúnaðurinn skal búinn öryggis- eða viðbótartækjum sem alla jafna eru notuð og sé hægt að halla mastri eða göfflum skulu þeir vera í þeirri stöðu sem lýst er í prófunartöflunni. Ef lyftarinn er með loftfyllta hjólbarða skal þrýstingur í þeim vera samkvæmt tilmælum framleiðanda og sé heimilt að nota farg á hjól skal það notað í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda.

3.2.2. *Könnun á lóðréttri stöðu masturs*

Áður en próf nr. 1 hefst skal gengið úr skugga um það að mastrið sé lóðrétt með því að nota lóðlínu eða annan viðeigandi búnaði.

Átakslína hlassmiðjunnar G miðað við láréttan flöt, eða einhvers annars punkts E eins og sem er í fastri afstöðu við G, skal vera sú sama þegar hlassið er í prófunarhæð og þegar það er í lágstöðu við akstur.

Frávik sem stafa af sveigjum skulu leiðrétt með því að breyta halla masturs, eða með því að draga inn mastrið eða gaffalarmana, eftir því sem hönnun lyftarans gerir kleift.

Þetta á ekki við um lyftara þar sem hönnun leyfir ekki slíkar leiðréttingar.

3.2.3. *Lyftihæð við akstursprófun*

Þegar akstursprófun fer fram skal gaffalhællinn innanverður vera í 500 mm hæð frá jörðu.

3.2.4. *Lyftihæð við stöflunarprófun*

Þegar stöflun er prófuð skal lyftihæðin mæld frá yfirborði prófunarpallsins og upp á ofanvert gaffalblaðið.

3.3. **Áhrif þyngdar stjórnanda á stöðugleika**

Ökumaður sem situr á lyftara skal teljast vera 90 kg ef þungi hans dregur úr stöðugleika við prófunina. Þegar lyftari með standandi stjórnanda er prófaður skal þungamiðjan vera 1 000 mm ofan við miðju pallsins sem hann stendur á. Þegar lyftari með sitjandi stjórnanda er prófaður skal þungamiðjan vera 250 mm ofan við samanpressað sætið.

3.4. **Staðsetning lyftarans á prófunarpallinum**

Lyftarinn skal vera á sama stað á pallinum við hverja prófun.

Koma skal í veg fyrir að hjól snúist með því að beita stöðuhemli eða ökuhemlum sem hægt er að læsa. Þá er enn fremur heimilt að reka fleyg milli hjóla og grindar en þó með þeim hætti að hreyfanleiki öxulsins verði ekki skertur. Þó má í öryggisskyni læsa eða festa fjöðrunarbúnað þess öxuls sem er nær veltiási prófunarpallsins þegar hliðarstöðugleiki er prófaður.

Heimilt er að setja klossa eða fleyga við hjólin þannig að lyftarinn færist ekki úr stað. Hæð klossanna eða fleyganna skal eigi vera meiri en fram kemur í eftirfarandi töflu:


Ytra þvermál hjóls d.	Hámarkshæð fleyga eða klossa
Að 250 mm	25 mm
Yfir 250 mm	0,1 d

3.5. **Prófunarþyngd, Sjá mynd 1.**

Prófunarþyngdin skal vera sá þungi sem jafngildir uppgefinni burðargetu Q og virkar á þungamiðjuna G sem á að vera í staðalfjarlægð hlassmiðju D frá gaffalleggnum framanverðum og gaffalblaðinu ofanverðu.

Þungamiðjan G eða samsvarandi punktur á öðrum lyftara, á að vera mitt á milli stoðanna í mastrinu nema í prófun 7 þar sem henni er skotið alveg fram.

Mynd 1



Hafi framleiðandinn getið þess á upplýsingaskiltinu að önnur burðargeta eigi við skal framkvæma prófunina með hámarksþunga og samsvarandi lyftihæð ásamt þeim þunga sem við á við mestu lyftihæð.

3.6. **Öryggisráðstafanir**

Gera skal ráðstafanir til að koma í veg fyrir að lyftarinn velti eða þunginn renni til við prófunina.

Séu notuð stög til að koma í veg fyrir að lyftarinn velti skal þess gætt að þau séu nægilega lipur og slaki á þeim nægur til að hreyfingar lyftarans séu óheftar uns hann fer að velta.

Með eftirtöldum aðferðum má koma í veg fyrir að prófunarþunginn renni til:

a) hann er festur tryggilega við lyftibúnaðinn,

b) hann er látinn hanga nálægt jörðu í streng eða keðju þannig að staðurinn sem hann er festur í virki sem þungamiðjan G þar sem hlassmiðjan væri staðsett að öðrum kosti.

4. PRÓFUNARAÐFERÐIR

Lyftaranum skal komið fyrir eins og sýnt er í prófunartöflunni.

Prófun á hliðarstöðugleika skal gerð á þeirri hlið sem lyftarinn hefur minnstan stöðugleika þannig að lína gegnum punktana MN á lyftaranum sé samsíða velti-ásnum XY.

Punkturinn N er miðja snertiflatarins milli yfirborðs prófunarpallsins og burðarhjólsins sem er næst veltiásnum XY, myndir 8 og 9.

Punkturinn M hugsast sem lóðrétt lína beint á prófunarpallinn dregin frá skurðpunkti langsum áss torfærulyftarans og miðlínu afturöxuls, myndir 8 og 9.

Prófunin fari fram með stuðningsbúnað ótengdan.









Við prófun 3 er heimilt að rétta lyftibúnaðinn af svo að hann verði nánast lóðréttur á hallandi prófunarpallinum. Við aðrar prófanir skal lyftibúnaðurinn vera hornréttur á pallinn.

5. PRÓFUN Á LYFTURUM MEÐ AUKABÚNAÐI

Lyftarar með aukabúnaði skulu gangast undir áðurgreind stöðugleikapróf nema í þeim tilvikum sem aukabúnaðurinn getur fært þungamiðjuna út fyrir miðjuás vinnuvélarinnar, sjá AÐFERÐ nr. 10.

Prófunarþunginn og staðsetning hans skal vera í samræmi við það sem fram kemur á upplýsingaskiltinu á lyftara með aukabúnaði og við notkun samkvæmt fyrirmælum framleiðanda.

Lyftihæðin sem prófunin krefst skal mæld frá yfirborði prófunarpallsins og að neðra borði hlassins eða aukabúnaðarins, eftir því hvort er neðar.

Prófun á stöðugleika langsum			Prófun á hliðarstöðugleika	
Prófun nr.	1	2	3	4
Prófun á stöðugleika við	Stöflun	Akstur	Stöflun	Akstur
Prófunarþungi	Með	Með	Með	Án
Fjarlægð frá hlassmiðju	D prófunarþyngd	D prófunarþyngd	D prófunarþyngd	—
Lyftihæð	Hámark (sjá 3.5)	500 mm (sjá 3.2.3)	Hámark (sjá 3.5)	500 mm (sjá 3.2.3)
Halli á mastri eða gaffli	Lóðrétt (sjá 3.2.2)	Mesti halli aftur á bak	(1)	Mesti halli aftur á bak
Staðsetning á prófunarpalli	Myndir 2 og 6 eða 7	Myndir 3 og 6 eða 7	Myndir 4 og 8 eða 9	Myndir 5 og 8 eða 9
Halli á prófunarpalli	7%	22%	12%	5%
(1) Mesti halli aftur á bak 10°, eða 600mm færsla á hlassmiðju aftur á bak, hvort sem.	Mynd 2 	Mynd 3 	Mynd 4 	Mynd 5 
AB = miðjuás lyftarans MN = veltiás lyftarans XY = veltiás prófunarpalls	Mynd 6 	Mynd 7 	Mynd 8 	Mynd 9 

AÐFERÐ nr. 9

STÖÐUGLEIKAPRÓF FYRIR LYFTARA MEÐ FRAMHALLANDI MASTUR.


1. MARKMIÐ OG GILDISSVIÐ

Aðrar tæknilýsingar tilgreina helstu prófanir á stöðugleika við venjulega notkun. Skilgreiningin á "venjulegri notkun" kemur fram í hverri tæknilýsingu fyrir sig.

Þessi tæknilýsing greinir frá viðbótarprófunum sem gerðar eru þegar notkunarkringumstæður eru óvenjulegar og nauðsynlegt að beita lyftaranum með mastrið hallandi fram, sjá mynd 1.

Þessi tæknilýsing á ekki við um lyftarar þegar flutt er hlass sem getur sveiflast til.

Mynd 1



Sérstök stöflun

2. GILDISSKILMÁLAR

Þegar nota skal lyftara til að stafla, setja af sér eða sækja hlass, á jafnsléttu með mastrið hallandi fram og hlassið uppi, skal sérstök burðargeta ákvörðuð. Eftirfarandi stöðugleikapróf í þessari tæknilýsingu tryggir að tiltekin lyftari sé nægilega stöðugur sé honum ekki ofboðið miðað við uppgefna burðargetu.

3. PRÓFUNARSKILYRÐI

3.1. Búnaður og aðferðir

Ganga skal úr skugga um stöðugleika með þeim prófum sem um getur hér á eftir með því að nota prófunarpall sem halla má á eina hlið.

Setja skal lyftarann, sem prófa á, á pallinn sem upphaflega er í láréttri stöðu en er síðan hallað á ýmsa vegu eins og sýnt er í prófunartöflunni. Lyftaranum skal komið í mismunandi stöðu með því að halla pallinum hægt og jafnt á þann veg sem lýst er í töflunni. Lyftarinn telst vera stöðugur ef hann stenst öll prófin án þess að velta.

Hámarkshalli pallsins í þessu prófi er sá mesti halli sem lyftarinn þolir og er svo mikill að hann ylti yrði hallinn aukinn.

3.2. Ástand lyftarans

3.2.1. *Almenn skilyrði*

Lyftari skal prófaður án stjórnanda en tilbúinn til vinnu, eldsneytistgeymar á lyfturum með brunahreyfli skulu vera fullir ef það dregur úr stöðugleika; aðrir geymar skulu fylltir svo sem eðlilegt telst. Lyftibúnaðurinn skal búinn öryggis- eða viðbótartækjum sem alla jafna eru notuð og sé hægt að halla mastri eða göfflum skulu þeir vera í þeirri stöðu sem lýst er í prófunartöflunni. Ef lyftarinn er með loftfyllta hjólbarða skal þrýstingur í þeim vera samkvæmt tilmælum framleiðanda og sé heimilt að nota farg á hjól skal það notað í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda.

3.2.2. *Lyftihæð við stöflunarprófun*

Þegar stöflun er prófuð skal lyftihæðin mæld frá yfirborði prófunarpallsins og upp á ofanvert gaffalblaðið.

3.3. Áhrif þyngdar stjórnanda á stöðugleika

Ökumaður sem situr á lyftara skal teljast vera 90 kg ef þungi hans dregur úr stöðugleika við prófunina. Þegar lyftari með standandi stjórnanda er prófaður skal þungamiðjan vera 1.000 mm ofan við miðju pallsins sem hann stendur á. Þegar lyftari með sitjandi stjórnanda er prófaður skal þungamiðjan vera 250 mm ofan við samanpressað sætið.

3.4. Staðsetning lyftarans á prófunarpallinum

Lyftarinn skal vera á sama stað á pallinum við hverja prófun.

Koma skal í veg fyrir að hjól snúist með því að beita stöðuhemli eða ökuhemlum sem hægt er að læsa. Þá er enn fremur heimilt að reka fleyg milli hjóla og grindar en þó með þeim hætti að hreyfanleiki öxulsins verði ekki skertur.

Heimilt er að setja klossa eða fleyga við hjólin þannig að lyftarinn færist ekki úr stað. Hæð klossanna eða fleyganna skal eigi vera meiri en fram kemur í eftirfarandi töflu:


Ytra þvermál hjóls d.	Hámarkshæð fleyga eða klossa
Að 250 mm	25 mm
Yfir 250 mm	0,1 d

3.5. Prófunarþyngd

Prófunarþyngdin skal vera sá þungi sem jafngildir uppgefinni burðargetu Q og virkar á þungamiðjuna G sem á að vera í staðalfjarlægð hlassmiðju D frá gaffalleggnum framanverðum og gaffalblaðinu ofanverðu, sjá mynd 2.

Þungamiðjan G á að vera mitt á milli stoðanna í mastrinu.

Mynd 2



Hafi framleiðandinn getið þess á upplýsingaskiltinu að önnur burðargeta eigi við skal framkvæma prófunina með hámarksþunga og samsvarandi lyftihæð ásamt þeim þunga sem við á við mestu lyftihæð.

3.6. Öryggisráðstafanir

Gera skal ráðstafanir til að koma í veg fyrir að lyftarinn velti eða þunginn renni til við prófunina. Séu notuð stög til að koma í veg fyrir að lyftarinn velti skal þess gætt að þau séu nægilega lipur og slaki á þeim nægur til að hreyfingar lyftarans séu óheftar uns hann fer að velta.

Með eftirtöldum aðferðum má koma í veg fyrir að prófunarþunginn renni til:

a) hann er festur tryggilega við lyftibúnaðinn,

b) hann er látinn hanga nálægt jörðu í streng eða keðju þannig að staðurinn sem hann er festur í virki sem þungamiðjan G þar sem hlassmiðjan væri staðsett að öðrum kosti.

4. PRÓFUNARAÐFERÐIR

Lyftarar skulu staðsettir á prófunarpallinum sem hér segir:

að því er varðar prófun 1 eftir AÐFERÐ nr. 1 fyrir lyftara með andvægi

að því er varðar prófun 1 eftir AÐFERÐ nr. 2 fyrir lyftara með seiliarmi og lyftara með stuðningskjálkum.

að því er varðar prófun 1 eftir AÐFERÐ nr. 3 fyrir brettalyftara og lyftara með mikla lyftihæð

að því er varðar prófun 1 eftir AÐFERÐ nr. 5 fyrir gaffallyftara með eina vinnustefnu

að því er varðar prófun 1 eftir AÐFERÐ nr. 6 fyrir lyftara sem lyfta á tvo vegu eða fleiri

að því er varðar prófun 1 eftir AÐFERÐ nr. 7 og 8, ef við á , fyrir lyftara sem hlaða fram og til hliðar og hafa mikla lyftihæð að því er varðar prófun 1 eftir AÐFERÐ nr. 8 fyrir torfærulyftara

Mastrið skal hallast svo langt fram sem hönnun leyfir og hlassið vera í hæstu stöðu.

5. PRÓFUN Á LYFTURUM MEÐ AUKABÚNAÐI

Lyftarar með aukabúnaði skulu gangast undir áðurgreind stöðugleikapróf nema í þeim tilvikum sem aukabúnaðurinn getur fært þungamiðjuna út fyrir miðjuás lyftarans, sjá AÐFERÐ nr. 10.

Prófunarþunginn og staðsetning hans skal vera í samræmi við það sem fram kemur á upplýsingaskiltinu á lyftara með aukabúnaði og við notkun samkvæmt fyrir-mælum framleiðanda.

Lyftihæðin sem prófunin krefst skal mæld frá yfirborði prófunarpallsins og að neðra borði hlassins eða aukabúnaðarins, eftir því hvort er neðar.

AÐFERÐ nr. 10

STÖÐUGLEIKAPRÓF FYRIR LYFTARA MEÐ BÚNAÐI TIL AÐ HLIÐRA HLASSINU TIL


1. MARKMIÐ OG GILDISSVIÐ

Aðrar tæknilýsingar tilgreina helstu prófanir á stöðugleika við venjulega notkun. Skilgreiningin á „venjulegri notkun" kemur fram í hverri tæknilýsingu fyrir sig.

Þessi tæknilýsing greinir frá viðbótarprófunum sem gerðar eru þegar notkunarkringumstæður eru óvenjulegar og nauðsynlegt að beita hlöðnum lyftara með lyftibúnaði eins og hliðarfærslu sem getur fært hlassmiðjuna umtalsvert út fyrir miðjuás lyftarans, sjá mynd 1.

Þessi tæknilýsing á ekki við um lyftara þegar flutt er hlass sem sveiflast getur til.

Mynd 1



Sérstök stöflun

2. GILDISSKILMÁLAR

Þegar nota skal lyftara til að stafla, setja af sér eða sækja hlass, á jafnsléttu með hlassmiðju verulega hliðraða út fyrir miðjuás lyftarans með lyftibúnaði eins og hliðarfærslu sem getur fært hlassið til hliðar að fyrirfram ákveðnu hámarki, skal sérstök burðargeta ákvörðuð.

Veruleg tilfærsla telst vera:

a) meira en 100 mm fyrir lyftara með uppgefna burðargetu til og með 6.300 kg,

b) meira en 150 mm fyrir lyftara með uppgefna burðargetu til og með 10.000 kg.

Eftirfarandi stöðugleikapróf í þessari tæknilýsingu tryggir að tiltekin lyftari sé nægilega stöðugur enda sé honum ekki ofboðið miðað við uppgefna burðargetu.

3. PRÓFUNARSKILYRÐI

3.1. **Búnaður og aðferðir.**

Ganga skal úr skugga um stöðugleika með þeim prófum sem um getur hér á eftir með því að nota prófunarpall sem halla má á eina hlið. Setja skal lyftarann sem á að prófa á pallinn, sem upphaflega er í láréttri stöðu, eins og segir í 4. lið. Halla skal pallinum hægt og jafnt á þann veg sem kröfur segja til um. Lyftarinn telst vera stöðugur ef hann stenst prófið án þess að velta. Hámarkshalli pallsins í þessu prófi er sá mesti halli sem lyftarinn þolir og er svo mikill að hann ylti yrði hallinn aukinn. Við prófun á hliðarstöðugleika er leyfilegt að eitt burðarhjól lyftist ögn upp af pallinum; einnig er heimilt að hluti grindar eða annar hluti lyftarans snerti pallinn.

3.2. **Ástand lyftarans.**

Lyftarinn skal prófaður án stjórnanda en tilbúinn til vinnu, eldsneytisgeymar á lyfturum með brunahreyfli skulu vera fullir ef það dregur úr stöðugleika, aðrir geymar skulu fylltir svo sem eðlilegt telst. Lyftibúnaðurinn skal búinn öryggis- eða viðbótartækjum sem alla jafna eru notuð og sé hægt að halla mastri eða göfflum skulu þeir vera í þeirri stöðu sem lýst er í prófunartöflunni. Ef lyftarinn er með loftfyllta hjólbarða skal þrýstingur í þeim vera samkvæmt tilmælum framleiðanda og sé heimilt að nota farg á hjól skal það notað í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda.

3.3. **Áhrif þyngdar stjórnanda á stöðugleika.**

Ökumaður sem situr á lyftara skal teljast vera 90 kg ef þungi hans dregur úr stöðugleika við prófunina. Þegar lyftari með standandi stjórnanda er prófaður skal þungamiðjan vera 1.000 mm ofan við miðju pallsins sem hann stendur á. Þegar lyftari með sitjandi stjórnanda er prófaður skal þungamiðjan vera 250 mm ofan við samanpressað sætið.

3.4. **Staðsetning lyftarans á prófunarpallinum**

Lyftarinn skal vera á sama stað á pallinum við hverja prófun.

Koma skal í veg fyrir að hjól snúist með því að beita stöðuhemli eða ökuhemlum sem hægt er að læsa. Þá er enn fremur heimilt að reka fleyg milli hjóla og grindar en þó með þeim hætti að hreyfanleiki öxulsins verði ekki skertur.

Heimilt er að setja klossa eða fleyga við hjólin þannig að lyftarinn færist ekki úr stað. Hæð klossanna eða fleyganna skal eigi vera meiri en fram kemur í eftirfarandi töflu:


Ytra þvermál hjóls d.	Hámarkshæð fleyga eða klossa
Að 250 mm	25 mm
Yfir 250 mm	0,1 d

3.5. Prófunarþyngd

Prófunarþyngdin skal vera sá þungi sem jafngildir uppgefinni burðargetu Q og virkar á þungamiðjuna G sem á að vera í staðalfjarlægð hlassmiðju D frá gaffalleggnum framanverðum og gaffalblaðinu ofanverðu, sjá mynd 2.

Þungamiðjunni G skal hliðrað að því hámarki sem ætla má að reyni á við raunverulega notkun.

Mynd 2



Hafi framleiðandinn getið þess á upplýsingaskiltinu að önnur burðargeta eigi við skal framkvæma prófunina með hámarksþunga og samsvarandi lyftihæð ásamt þeim þunga sem við á við mestu lyftihæð.

3.6. Öryggisráðstafanir

Gera skal ráðstafanir til að koma í veg fyrir að lyftarinn velti eða þunginn renni til við prófunina.

Séu notuð stög til að koma í veg fyrir að lyftarans velti skal þess gætt að þau séu nægilega lipur og slaki á þeim nægur til að hreyfingar lyftarans séu óheftar uns hann fer að velta.

Með eftirtöldum aðferðum má koma í veg fyrir að prófunarþunginn renni til:

a) hann er festur tryggilega við lyftibúnaðinn,

b) hann er látinn hanga nálægt jörðu í streng eða keðju þannig að staðurinn sem hann er festur í virki sem þungamiðjan G þar sem hlassmiðjan væri staðsett að öðrum kosti.

4. PRÓFUNARAÐFERÐIR

Lyftararnir skulu staðsettir á prófunarpallinum sem hér segir:

að því er varðar prófun 3 eftir AÐFERÐ nr. 1 fyrir lyftara með andvægi

að því er varðar prófun 3 eftir AÐFERÐ nr. 2 fyrir lyftara með seiliarmi og lyftara með stuðningskjálkum

að því er varðar prófun 3 eftir AÐFERÐ nr. 3 fyrir brettalyftara og lyftara með mikla lyftihæð

að því er varðar prófun 8 eftir AÐFERÐ nr. 6 fyrir lyftara sem lyfta á tvo vegu eða fleiri

að því er varðar prófun 3 eftir AÐFERÐ nr. 8 fyrir torfærulyftara

Lyftaranum skal þannig fyrir komið við prófanir að hann sé eins óstöðugur og verða má.

Mastrið skal vera dregið að og halla svo langt aftur sem hönnun leyfir.

Hlassinu skal lyft í hæstu stöðu (sjá 3.5).

5. PRÓFUN Á LYFTURUM MEÐ AUKABÚNAÐI

Lyftarar með aukabúnaði skulu gangast undir áðurgreind stöðugleikapróf eftir því sem við á.

Prófunarþunginn og staðsetning hans skal vera í samræmi við það sem fram kemur á upplýsingaskiltinu á lyftara með aukabúnaði og við notkun samkvæmt fyrirmælum framleiðanda.

Lyftihæðin sem prófunin krefst skal mæld frá yfirborði prófunarpallsins og að neðra borði hlassins eða aukabúnaðarins, eftir því hvort er neðar.

AÐFERÐ nr. 11


STÖÐUGLEIKAPRÓF FYRIR LYFTARA MEÐ HLIÐRAÐA HLASSMIÐJU EFTIR VERKEFNUM

1. MARKMIÐ OG GILDISSVIÐ

Aðrar tæknilýsingar tilgreina helstu prófanir á stöðugleika við venjulega notkun. Skilgreiningin á "venjulegri notkun" kemur fram í hverri tæknilýsingu fyrir sig.

Þessi tæknilýsing greinir frá viðbótarprófunum sem gerðar eru þegar notkunarkringumstæður eru óvenjulegar og nauðsynlegt að beita hlöðnum lyftara með hlassmiðju umtalsvert hliðraða út fyrir miðjuás lyftarans, sjá mynd 1.

Þessi tæknilýsing á ekki við um lyftara þegar flutt er hlass sem sveiflast getur til.



Mynd 1

2. GILDISSKILMÁLAR

Þegar nota skal lyftara til að stafla, setja af sér eða sækja hlass, á jafnsléttu með hlassmiðju verulega hliðraða út fyrir miðjuás lyftarans um ótiltekna lengd annaðhvort eftir því hvað unnið er við eða með þeim lyftibúnaði sem notaður er, skal sérstök burðargeta ákvörðuð.

Veruleg tilfærsla telst vera:

a) meira en 100 mm fyrir lyftara með uppgefna burðargetu til og með 6.300 kg,

b) meira en 150 mm fyrir lyftara með uppgefna burðargetu til og með 10.000 kg.

Eftirfarandi stöðugleikapróf í þessari tæknilýsingu tryggir að tiltekin lyftari sé nægilega stöðugur sé honum ekki ofboðið miðað við uppgefna burðargetu.

3. PRÓFUNARSKILYRÐI

3.1. **Búnaður og aðferðir**

Ganga skal úr skugga um stöðugleika með þeim prófum sem um getur hér á eftir með því að nota prófunarpall sem halla má á eina hlið.

Setja skal lyftarann sem á að prófa á pallinn, sem upphaflega er í láréttri stöðu, eins og segir í 4. lið. Halla skal pallinum hægt og jafnt á þann veg sem kröfur segja til um. Lyftarinn telst vera stöðugur ef hann stenst prófið án þess að velta.

Hámarkshalli pallsins í þessu prófi er sá mesti halli sem lyftarinn þolir og hin minnsta aukning sem nægir til að velta honum. Við prófun á hliðarstöðugleika er leyfilegt að eitt burðarhjól lyftist ögn upp af pallinum; einnig er heimilt að hluti grindar eða annar hluti vélarinnar snerti pallinn.

3.2. Ástand lyftarans

Lyftarinn skal prófaður án stjórnanda en tilbúinn til vinnu, eldsneytisgeymar á lyfturum með brunahreyfli skulu vera fullir ef það dregur úr stöðugleika, aðrir geymar skulu fylltir svo sem eðlilegt telst. Lyftibúnaðurinn skal búinn öryggis- eða viðbótartækjum sem alla jafna eru notuð og sé hægt að halla mastri eða göfflum skulu þeir vera í þeirri stöðu sem lýst er í prófunartöflunni. Ef lyftarinn er með loftfyllta hjólbarða skal þrýstingur í þeim vera samkvæmt tilmælum framleiðanda og sé heimilt að nota farg á hjól skal það notað í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda.

3.3. Áhrif þyngdar stjórnanda á stöðugleika

Ökumaður sem situr á lyftara skal teljast vera 90 kg, ef þungi hans dregur úr stöðugleika við prófunina. Þegar lyftari með standandi stjórnanda er prófaður skal þungamiðjan vera 1.000 mm ofan við miðju pallsins sem hann stendur á. Þegar lyftari með sitjandi stjórnanda er prófaður skal þungamiðjan vera 250 mm ofan við samanpressað sætið.

3.4. Staðsetning lyftarans á prófunarpallinum

Lyftarinn skal vera á sama stað á pallinum við hverja prófun.

Koma skal í veg fyrir að hjól snúist með því að beita stöðuhemli eða ökuhemlum sem hægt er að læsa. Þá er enn fremur heimilt að reka fleyg milli hjóla og grindar en þó með þeim hætti að hreyfanleiki öxulsins verði ekki skertur.

Heimilt er að setja klossa eða fleyga við hjólin þannig að lyftarinn færist ekki úr stað. Hæð klossanna eða fleyganna skal eigi vera meiri en fram kemur í eftirfarandi töflu:


Ytra þvermál hjóls d.	Hámarkshæð fleyga eða klossa
Að 250 mm	25 mm
Yfir 250 mm	0,1 d

3.5. Prófunarþyngd

Prófunarþyngdin skal vera sá þungi sem jafngildir uppgefinni burðargetu Q og virkar á þungamiðjuna G sem á að vera í staðalfjarlægð hlassmiðju D frá gaffalleggnum framanverðum og gaffalblaðinu ofanverðu, sjá mynd 2.

Þungamiðjunni G skal hliðrað að því hámarki sem ætla má að reyni á við raunverulega notkun.

Mynd 2



Hafi framleiðandinn getið þess á upplýsingaskiltinu að önnur burðargeta eigi við skal framkvæma prófunina með hámarksþunga og samsvarandi lyftihæð ásamt þeim þunga sem við á við mestu lyftihæð svo sem hlutaðeigandi aðilar koma sér saman um.

3.6. **Öryggisráðstafanir**

Gera skal ráðstafanir til að koma í veg fyrir að lyftarinn velti eða þunginn renni til við prófunina.

Séu notuð stög til að koma í veg fyrir að lyftarinn velti skal þess gætt að þau séu nægilega lipur og slaki á þeim nægur til að hreyfingar lyftarans séu óheftar uns hann fer að velta.

Með eftirtöldum aðferðum má koma í veg fyrir að prófunarþunginn renni til:

a) hann er festur tryggilega við lyftibúnaðinn,

b) hann er látinn hanga nálægt jörðu í streng eða keðju þannig að staðurinn sem hann er festur í virki sem þungamiðjan G þar sem hlassmiðjan væri staðsett að öðrum kosti.

4. PRÓFUNARAÐFERÐIR

Lyftarar skulu staðsettar á prófunarpallinum sem hér segir:

að því er varðar prófun 3 eftir AÐFERÐ nr. 1 fyrir lyftara með andvægi

að því er varðar prófun 3 eftir AÐFERÐ nr. 2 fyrir lyftara með seiliarmi og lyftara með stuðningskjálkum.

að því er varðar prófun 3 eftir AÐFERÐ nr. 3 fyrir brettalyftara og lyftara með mikla lyftihæð

að því er varðar prófun 8 eftir AÐFERÐ nr. 6 fyrir lyftara sem lyftir á tvo vegu eða fleiri

að því er varðar prófun 3 eftir AÐFERÐ nr. 8 fyrir torfærulyftara

Lyftaranum skal þannig fyrir komið við prófanir að hann sé eins óstöðugur og verða má.

Mastrið skal vera dregið að og halla svo langt aftur sem hönnun leyfir.

Hlassinu skal lyft í hæstu stöðu (sjá 3.5.).

5. PRÓFUN Á LYFTURUM MEÐ AUKABÚNAÐI

Lyftarar með aukabúnaði skulu gangast undir áðurgreind stöðugleikapróf eftir því sem við á.

Prófunarþunginn og staðsetning hans skal vera í samræmi við það sem fram kemur á upplýsingaskiltinu á lyfturum með aukabúnaði og við notkun samkvæmt fyrirmælum framleiðanda.

Lyftihæðin sem prófunin krefst skal mæld frá yfirborði prófunarpallsins og að neðra borði hlassins eða aukabúnaðarins, eftir því hvort er neðar.

AÐFERÐ nr. 12

NOTKUNARPRÓF FYRIR VÉLKNÚNAR VINNUVÉLAR

1. GILDISSVIÐ

Í þessari tæknilýsingu er greint frá notkunarprófunum til að ganga úr skugga um að vinnuvélar geti unnið þau verk sem þær eru hannaðar fyrir. Prófanirnar fela í sér tvær skoðanir og fjórar átaksprófanir.

2. SKOÐUN Á UNDAN PRÓFUN

Hver vinnuvél skal prófuð með það fyrir augum að tryggja að stjórntæki fyrir akstur, hemlun og lyftibúnað séu merkt á viðeigandi hátt og að þau vinni rétt. Flauta, öryggisrofar og ljós, ef þau eru á vélinni, skulu könnuð. Merkispjöld og upplýsingaskilti um burðargetu, rafgeymir, ef um er að ræða rafknúna vinnuvél, og aukabúnaður, ef hann er á vélinni, skal kannaður til að ganga úr skugga um að réttar upplýsingar séu veittar í samræmi við lið 9.1 í I. viðauka við reglur þessar og eigi við um þá vinnuvél sem í hlut á.

3. ÁTAKSPRÓFUN

Eftirtaldar prófanir skulu gerðar á hverri vinnuvél með hlassi sem hér segir:

Q1: hámarkshleðsla við staðlaða fjarlægð hlassmiðju og staðlaða hæð, eftir því sem við á, eins og tilgreint er á upplýsingaskilti um burðargetu;

Q2: hámarkshleðsla við staðlaða fjarlægð hlassmiðju og mestu hæð eins og tilgreint er á upplýsingaskilti um burðargetu.

Við prófunina ber að láta hæfan einstakling stjórna vélinni í samræmi við fyrirmæli framleiðanda svo sem mælt er fyrir um í 11. lið í I. viðauka við þessar reglur.

Prófun getur farið fram með því að beita vélinni á þann hátt sem mælt er fyrir um hér að neðan eða með svipuðum hætti þannig að það komi í sama stað niður og leiði til sömu niðurstöðu.

3.1. **Akstursprófun**

Þessi prófun skal gerð án hlass ef um dráttartæki er að ræða, en annars með hlassi Q1. Eftirfarandi háttur skal hafður á:

3.1.1. Lyfta skal prófunarþyngd, þar sem við á, upp í 300 mm hæð eða í hámarkshæð sé hún minni og eftir atvikum halla henni aftur að því hámarki sem framleiðandi mælir með fyrir akstur.

3.1.2. Aka hægt áfram, skipta í afturábakgír og aftur áfram til að ganga úr skugga um að stjórntæki fyrir ökustefnu vinni rétt. Skipta skal um ökustefnu á þeim hraða sem framleiðandi mælir með.

3.1.3. Aka vélinni áfram og aftur á bak á mismunandi hraða allt að hámarkshraða og ganga úr skugga um að hraðaaukning og hemlar virki miðað við báðar ökustefnur.

3.1.4. Beygja nokkrum sinnum við akstur áfram og aftur á bak, og á vinnuvélum með fleiri ökustefnur, til beggja hliða á um það bil þriðjungi hámarkshraða og um það bil þreföldum beygjuradíus samkvæmt því sem framleiðandi gefur upp. Gæta skal að því að stýrið vinni með viðunandi hætti.

3.1.5. *Setja hlass niður.*

3.2. **Hleðsluprófun, á ekki við um vinnuvélar sem lyfta lágt eða alls ekki.**

Þessi prófun fer fram með hlassi Q2. Prófunarþyngdin skal tekin upp af jörðinni, henni lyft í hámarkshæð og sett í stafla eða hillu. Síðan skal hlassið tekið úr stafla eða hillu og sett niður aftur á hámarkshraða og stöðvað nokkrum sinnum á leiðinni niður. Engir gallar mega koma fram við notkun vinnuvélarinnar.

3.3. **Hámarkshraði við slökun, á ekki við vinnuvélar sem lyfta lágt eða alls ekki.**

Mastrið skal vera lóðrétt og hámarkshraði við slökun mældur með hlassi Q1 og Q2 til að ganga úr skugga um að hann sé ekki meiri en 0,6 m/sek. Reikna má út þennan hraða með því að deila vegalengdinni sem slakað er, í metrum, með fjölda þeirra sekúndna sem verkið tekur.

3.4. **Prófun á leka við lyftu og halla**

Mastrið skal vera lóðrétt og hlassinu Q1 lyft í 2,5 metra hæð eða hlassinu Q2 í hámarkshæð, enda sé hún minni en 2,5 metrar. Að 10 mínútum liðnum skal hlassið ekki hafa sigið meira en sem nemur 100 mm og mastrið má ekki hafa sigið meira fram en um 5° og ekki hraðar en 1/2° á mínútu. Heimilt er að skorða vélina svo hún velti ekki við þessa prófun.

4. SKOÐUN AÐ PRÓFUN LOKINNI

Að prófunum loknum skal vélin skoðuð til að ganga úr skugga um að á henni séu ekki neinir gallar.

AÐFERÐ nr. 13

AÐFERÐ TIL AÐ PRÓFA ÚTSÝN ÚR VÉLKNÚNUM LYFTURUM: GAFFALLYFTARAR MEÐ ANDVÆGI

1. TILGANGUR

Þessi tæknilýsing greinir frá aðferð til að ákvarða hvort útsýn úr gaffallyfturum með andvægi sé viðunandi. Aðferðin miðast við akstur óhlaðins lyftara í þá stefnu sem gafflarnir vísa.

2. GILDISSVIÐ

Þessi tæknilýsing á við um gaffallyftara með andvægi sem uppfyllir eftirfarandi skilyrði:

— ökumaður situr á óhækkanlegu sæti andspænis göfflunum,

— framhlaðinn með mastri og göfflum sem ekki verða dregnir að eða færðir til hliðar,

— án hliðarfærslu eða aukabúnaðar,

— uppgefin burðargeta ekki meiri en 10.000 kg.

3. PRÓFUNARBÚNAÐUR

3.1. **Ljósgjafi.**

Einföld lárétt röð níu ljósa, t.d. 55 W halógen, með 37,5 mm þvermáli. Ljósunum sé komið fyrir í röð sem er hornrétt á ökustefnuna 650 mm ofan við og 20 mm framan við málpunkt sætis, sjá mynd 4. Gera skal kleift að slökkva á öllum ljósunum nema þeim tveimur sem eru beggja vegna við málpunkt sætis. Enn fremur skal gert kleift að færa ljósin í láréttu plani allt að 170 mm fram fyrir málpunkt sætis. Setja skal svart spjald aftan við ljósaröðina til að tryggja sem mesta skerpu á prófunarfletinum, sjá mynd 1.

3.2. **Prófunarflötur.**

Flatt, lóðrétt og ljósleitt svæði sem skipt er í 100 mm ferninga og nær frá gólfi og 650 mm upp fyrir málpunkt sætis og nær 3 m út fyrir vélina á breidd, sjá mynd 2.

4. FYRIRKOMULAG PRÓFUNAR

Prófunin fari fram á tiltölulega láréttum fleti. Mastrið sé nokkurn veginn lóðrétt. Á hverjum tilteknum lyftara skal ofanverður flötur gaffalblaðanna vera 100 til 300 mm fyrir ofan gólf og ber framleiðanda að tilgreina við hvaða hæð á þessu bili prófunin fari fram. Hæðin sé hin sama við allar prófanir og sé hennar getið í prófunarskýrslu. Gafflarnir skulu vera 1.200 mm langir og settir miðja vegu á gaffalsleðann með sem næst 800 mm bili miðað við þá utanverða sé um að ræða lyftara með minni burðargetu en 5.000 kg eða 1.100 mm þar sem lyftarar með 5.000 til 10.000 kg burðargetu eiga í hlut. Ef sæti eða stjórntæki eru færanleg skulu þau vera andspænis göfflunum og sett eins nálægt miðjustillingu og verða má. Prófunarflöturinn skal vera fjóra metra frá gaffalsleðanum framanverðum, hornréttur og stefni miðjuás lyftarans á hann miðjan. Á prófunarstaðnum skal vera svo skuggsýnt að auðvelt sé að greina skugga, sjá mynd 3.

5. PRÓFUNARAÐFERÐ

5.1. Kveikið á tveimur ljósum, sjá 3.1., og skoðið þann hluta prófunarflatarins sem samsvarar breidd lyftarans að 500 mm viðbættum til beggja hliða, allt að 350 mm upp fyrir málpunkt sætis.

5.2. **Kveikið á níu ljósum:**

5.2.1. *og kannið allan prófunarflötinn;*

5.2.2. kannið gaffalblöðin ofanverð. Hreyfa má ljósin allt að 170 mm fram fyrir málpunkt sætis, sjá mynd 1.

5.3. Við allar þrjár prófanirnar skal skrá skyggð svæði, til dæmis skriflega, með teikningu eða ljósmynd. Skyggð svæði teljast þau vera sem njóta einskis ljóss frá neinum lampanna. Öll önnur svæði skulu teljast upplýst.

6. TÚLKUN Á NIÐURSTÖÐUM

Útsýn er viðunandi ef eftirtöldum skilyrðum er fullnægt:


6.1. Við prófunina í 5.1 á því svæði sem skuggi fellur á af mastrinu eða hlutum þess, tjökkum eða keðjum, skulu vera:

6.1.1 ekki meira en 50% dökkir skuggar,


6.1.2. engir dökkir skuggar sem tengjast þeim skuggum sem falla af mastrinu og hlutum þess frá 150 mm fyrir neðan allt að 350 mm upp fyrir málpunkt sætis.

6.2. Við prófunina sem um getur í 5.2.1 skulu ekki vera meira en 80% dökkir skuggar á neinum 500x500 mm fleti. Sé upplýstur hluti slíks svæðis minna en 50 mm breiður skal hann teljast skyggður.


6.3. Við prófunina sem um getur í 5.2.2 er nægilegt að annað gaffalblaðið sé upplýst sem nemur 25%.



300
37,5
75
Ljósgjafi burðarvirki ekki sýnt
650
170
Hámark
20
Miðpuntur sætis

Mynd 1



Breidd lyftara auk 3000 mm
100
Prófunarflötur
100
Málpuntur
sætis auk
650 mm
Gólfflötur

Mynd 2



4 000
Miðjuás lyftara
og prófunarflötur
800 < 5 000 kg
Lyftigeta
1 100 ≥ 5 000 ≤ 10 000 kg
Lyftigeta


Ljósgjafi (sjá mynd 1)
Mastur í lágréttri
stöðu
Prófunarflötur
(sjá mynd 2)
1 200
Gólfflötur
100—300

Mynd 3



Mál í mm



Mynd 4

26. október 1994 Nr. 563

AUGLÝSING

um verðjöfnunargjald á innflutt súkkulaði, brauð, kex og kökur.

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð við tollafgreiðslu verðjöfnunargjald af súkkulaði, brauði, kexi og kökum í samræmi við upptalningu tollskrárnúmera í neðangreindri gjaldskrá. Gjaldið skal lagt á sem krónur á kíló. Þó skal samanlagður tollur og verðjöfnunargjald aldrei vera

hærra en 46% af tollverði vöru í vöruliðum 1806 og 1901, og aldrei hærra en 37% af tollverði vöru í vörulið 1905.

Tollskrárnúmer	kr./kg.	Tollskrárnúmer	kr./kg.
1806.2009	55	1901.2018	6
1806.3101	60	1901.2019	5
1806.3109	60	1901.2022	42
1806.3202	55	1901.2029	54
1806.3203	24	1905.2000	37
1806.3209	24	1905.3011	16
1806.9022	21	1905.3019	19
1806.9023	57	1905.3021	37
1806.9025	62	1905.3029	22
1806.9026	56	1905.3030	13
1806.9028	55	1905.4000	19
1806.9029	55	1905.9011	47
1901.2012	26	1905.9019	6
1901.2013	19	1905.9020	5
1901.2014	37	1905.9040	42
1901.2015	13	1905.9090	54
1901.2016	19	2104.1003	4
1901.2017	47	2104.1004	4

2. gr.

Að því leyti sem ekki er kveðið á um vöruflokkun, gjalddaga, lögvernd, viðurlög og aðra framkvæmd álagningar og innheimtu verðjöfnunargjalds skulu ákvæði laga nr. 55/1987, með síðari breytingum, gilda eftir því sem við á svo og ákvæði reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim.

3.gr.

Tollstjórar annast innheimtu verðjöfnunargjalds samkvæmt þessari auglýsingu og standa skil á því í ríkissjóð eftir fyrirmælum sem fjármálaráðuneytið setur, sbr. 15. gr. reglugerðar nr. 530/1975, um reikningsskil innheimtumanna ríkissjóðs.

4. gr.

Fjármálaráðherra getur veitt undanþágu frá greiðslu gjalda skv. 1. gr., enda innihaldi vara engin eða óverulegt magn af hráefnum sem verðjafna á fyrir.

5. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 120. gr. A tollalaga nr. 55/1987, sbr. lög nr. 18/1993, gildir frá 1. nóvember 1994 til 31. janúar 1995. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 420/1994.

Fjármálaráðuneytið, 26. október 1994.

F. h. r.
Indriði H. Þorláksson.

Ingibjörg Þorsteinsdóttir.

GJALDSKRÁ

yfir útselda vinnu vegna þjónustuverkefna Hollustuverndar ríkisins.

1. gr.

Gjald Hollustuverndar ríkisins fyrir ráðgjöf og sérfræðiþjónustu skal vera sem hér segir:

1. Sérfræðingur ..... 3.000 kr./klst.
2. Aðstoðarmaður ..... 2.500 kr./klst.

Tímar skulu taldir í heilum og hálfum klukkustundum.

2. gr.

Gjöld fyrir reglubundnar efna- og örverurannsóknir er stofnunin annast á dagvinnutímabili skulu vera sem hér segir:

Eðlis- og efnarannsóknir:	**Kr.**
Aflatoxin (ELISA)	3.600
Aflatoxin (UV-skimun)	1.000
Ákvörðun á sýrumagni (titrun)	720
Ákvörðun á sýrustigi (pH)	480
COD	3.520
Eðlisþyngd (pyknometer)	1.000
Fitumæling (Gerber)	1.080
Fosfatase próf	720
Greining á azolitarefni	3 000
Greining á enterotoxini	3.520
Gruggmæling á vatni (NTU)	480
Leiðni (µS/cm)	480
Litprófun (reduktase próf)	720
Mæling á fríu og bundnu klóri (Lovibond)	400
Peroxidase próf	720
Tegundagreining á kjöti (ELISA)	3.600
Varnarefni í grænmeti og ávöxtum (GSMS), grunngjald kr. 10.000 og hver rannsóknarþáttur	1.500
Þurrefnisákvörðun	720
Örverurannsóknir:	
Aeromonas hydrophyla	2.200
Bacillus cereus	1.000
Bifidobacter bifidum	1.000
Brochotrix thermospacta	1.000
Campylobacter, ræktun, greining	2.200
Clostridium perfringens	1.280
Delvopróf (antibiotika)	1.000
Enterokokkar	1.000
Eschericia coli	1.360
Ger- eða myglusveppir	880
Gram-neikvæðir gerlar á CV agar	880
Hitaþolnir gerlar	1.040

Kóligerlar, MPN eða VRBA	680
Legionella, ræktun og greining	1.360
Listeria monocytogenes	3.200
Listeria, ræktun og greining	2.200
Litmus ræktun	1.800
Loftfirrð ræktun	1.200
Mjólkursýrugerlar	960
Pseudomonas aeruginosa	1.000
Pseudomonas, flúoriserandi	1.000
Rodac-skálar með æti	120
Salmonella, forræktun og forgreining	2.040
Salmonella, Shigella bíogreining með API2OE (með undirbúningi)	2.640
Salmonella, Shigella serumgreining á stofni	1.880
Saurkólígerlar, MPN eða VRBA	680
Shigella, forræktun og forgreining	2.040
Staphylococcus aureus	880
Sulfit-afoxandi clostridia	1.000
Talning eftir ræktun á agaræti (mism. hitast.)	880
Vibro parahaemolyticus, forræktun og forgreining	2.200
Yersinia enterocolitica	2.200

Antibiotika mæling á agaræti**
Ræktun með Millipore síun**
Smásjárrannsókn**
**Sjá 8. grein.

3. gr.

Stofnuninni er heimilt að leggja 30% álag á gjald fyrir efna- og örverurannsóknir samkvæmt 2. gr., sé þess óskað að þær verði gerðar utan dagvinnutímabils.

4. gr.

Stofnuninni er heimilt að innheimta gjald fyrir ferðir og uppihald í samræmi við reglur fjármálaráðuneytisins.

5. gr.

Gjald vegna undirbúnings sýnis og gerð vottorðs er kr. 950. Gjald fyrir hvert vottorð umfram eitt er kr. 680.

6. gr.

Heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga er veittur 35 % afsláttur frá gjaldskrá. Afsláttur fyrir sýni sem unnin eru í tengslum við úttektar- eða sérverkefni ákvarðast sérstaklega.

7. gr.

Heimilt er að veita öðrum aðilum en heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga afslátt frá gjaldskránni vegna stórra verkefna og verði samið um það sérstaklega.

8. gr.

Gjald fyrir rannsóknir, sem ekki eru taldar upp í 2. gr. skal Hollustuvernd ríkisins ákveða í samræmi við fjölda vinnustunda og gjald samkvæmt 1. gr.

9. gr.

Stofnuninni er heimilt að gera föst verktilboð eða verksamninga vegna sérfræðiráðgjafar og þjónustustarfa sinna.

10. gr.

Gjalddagi reikninga er 30 dögum eftir útgáfu og er stofnuninni heimilt að innheimta dráttarvexti sé skuld ekki greidd fyrir gjalddaga.

11. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 17. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit með síðari breytingum, að fengnum tillögum stjórnar Hollustuverndar ríkisins, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi frá og með 1. nóvember 1994.

Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 537/1991 yfir útselda vinnu vegna þjónustuverkefna Hollustuverndar ríkisins.

Umhverfisráðuneytið 21. október 1994.

Össur Skarphéðinsson.

Ingimar Sigurðsson.

13. október 1994 Nr. 565

REGLUR

fyrir samvinnunefnd um gerð svæðisskipulags fyrir miðhálendi Íslands.

1. gr.

Samvinnunefnd um svæðisskipulag á miðhálendi Íslands, hér eftir kölluð samvinnunefnd, er svo skipuð að í henni eiga sæti 13 fulltrúar.

Umhverfisráðherra skipar formann nefndarinnar en héraðsnefndir Borgarfjarðarsýslu, Mýrasýslu, Vestur-Húnavatnssýslu, Austur-Húnvetninga, Skagfirðinga, Eyjafjarðar, Suður-Þingeyjarsýslu, Múlasýslna, sýslunefnd Austur-Skaftafellssýslu, héraðsnefndir Vestur-Skaftafellssýslu, Rangæinga og Árnesinga skipa hver um sig einn fulltrúa. Varamenn aðila skulu skipaðir á sama hátt.

Heimild til fundarsetu með málfrelsi og tillögurétt hafa skipulagsstjóri ríkisins og fulltrúi hans og aðrir sem nefndin ákveður hverju sinni.

2. gr.

Hlutverk samvinnunefndarinnar er að vinna að svæðisskipulagi fyrir miðhálendi Íslands, sbr. 2. kafla skipulagsreglugerðar nr. 318/1985 eftir því sem við á.

Nú verður ágreiningur um hversu víðtækt hlutverk nefndarinnar sé við gerð svæðisskipulagsins og sker þá umhverfisráðherra úr að fenginni umsögn skipulagsstjóra ríkisins.

3. gr.

Fundi í samvinnunefnd, hluta hennar eða framkvæmdanefnd skal að jafnaði halda á tveggja mánaða fresti eða oftar eftir því sem nefndin telur þörf á. Formaður boðar til samvinnunefndarfunda með a.m.k. viku fyrirvara og ákveður fundarstað.

Framkvæmdanefnd sér um dagleg samskipti við ráðgjafa og undirbýr fundi eftir því sem þurfa þykir.

Fundur er lögmætur ef formaður og helmingur annarra nefndarmanna er viðstaddur. Afl atkvæða ræður úrslitum. Þó getur nefndin ekki ályktað um mál er varða sérstaklega hagsmuni einnar héraðsnefndar að fulltrúa hennar fjarstöddum.

Nefndin kýs sér ritara og vararitara. Skal formaður og ritari undirrita fundargerð í fundarlok eða á næsta fundi þar á eftir. Sá fundarmaður, sem ósamþykkur er ákvörðun meirihlutans, á rétt á að fá sérálit sitt bókað.

Senda skal fundargerðir til nefndarmanna og til umhverfisráðuneytis.

4. gr.

Þegar samvinnunefnd hefur samþykkt tillögu að skipulagi svæðisins eða þess hluta sem hún telur ástæðu til að taka til meðferðar fer um málsmeðferð tillögunnar skv. 16. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

5. gr.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist þannig að hver héraðsnefnd greiðir kostnað vegna síns fulltrúa í samvinnunefnd. Embætti skipulagsstjóra ríkisins greiðir kostnað vegna formanns nefndarinnar og aðstoðar embættisins við nefndina.

Kostnaður vegna starfa framkvæmdanefndar greiðist í sömu hlutföllum og kostnaður vegna skipulagsvinnunnar.

Kostnaður vegna fundahalda greiðist af þeirri héraðsnefnd þar sem fundur er haldinn hverju sinni en af embætti skipulagsstjóra sé hann haldinn í Reykjavík.

6. gr.

Með samþykki skipulagsstjóra og að höfðu samráði við umhverfisráðuneyti getur samvinnunefndin ráðið sér sérfræðing til aðstoðar. Greiðast laun og annar kostnaður við störf hans að 3/4 hlutum af embætti skipulagsstjóra og að 1/4 hluta af viðkomandi héraðsnefndum. Kostnaðarhlut héraðsnefndanna er þannig skipt að hann miðast að hálfu við íbúafjölda viðkomandi svæðis og að hálfu er um jafna skiptingu að ræða sbr. viðauka. Verði ágreiningur vegna kostnaðar sker umhverfisráðherra úr að fengnum tillögum skipulagsstjóra ríkisins.

7. gr.

Stefnt skal að því að samvinnunefndin ljúki störfum fyrir árslok 1997. Að rökstuddri beiðni nefndarinnar getur ráðherra framlengt starfstíma hennar, þó ekki lengur en eitt ár í senn.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt ákvæði til bráðabirgða í skipulagslögum nr. 19/1964, sbr. lög nr. 73/1993, öðlast gildi þegar í stað.

Umhverfisráðuneytið, 13. október 1994.

Össur Skarphéðinsson.

Ingimar Sigurðsson.

REGLUR

fyrir samvinnunefnd um svæðisskipulag í Skagafirði.

1. gr.

Samvinnunefnd um svæðisskipulag í Skefilsstaðahreppi, Skarðshreppi, Staðarhreppi, Seyluhreppi, Lýtingsstaðahreppi, Akrahreppi, Rípurhreppi, Viðvíkurhreppi, Hólahreppi, Hofshreppi og Fljótahreppi, hér eftir kölluð samvinnunefnd um svæðisskipulag í Skagafirði, er svo skipuð að í henni eiga sæti 13 fulltrúar.

Skipulagsstjórn skipar formann nefndarinnar en sveitarstjórnir á svæðinu skipa hver um sig tvo fulltrúa. Varamenn aðila skulu skipaðir á sama hátt.

Heimild til fundarsetu með málfrelsi og tillögurétt hafa skipulagsstjóri ríkisins og fulltrúi hans og aðrir sem nefndin ákveður hverju sinni.

2. gr.

Hlutverk samvinnunefndarinnar er að vinna að svæðisskipulagi fyrir umrædd sveitarfélög og leggja fram tillögu þar um, sbr. 2. kafla skipulagsreglugerðar nr. 318/1985.

Nú verður ágreiningur um hversu víðtækt hlutverk nefndarinnar sé við gerð svæðisskipulagsins og sker þá umhverfisráðherra úr að fenginni umsögn skipulagsstjórnar ríkisins og hlutaðeigandi sveitarstjórna.

3. gr.

Fundi í samvinnunefnd (eða framkvæmdanefnd) skal halda eigi sjaldnar en ársfjórðungslega eða eftir því sem nefndin telur þörf á. Formaður boðar til samvinnunefndarfunda með a.m.k. 10 daga fyrirvara og ákveður fundarstað.

Fundur er lögmætur ef formaður og helmingur annarra nefndarmanna er viðstaddur. Afl atkvæða ræður úrslitum. Þó getur nefndin ekki ályktað um mál er varða sérstaklega hagsmuni eins sveitarfélags að fulltrúum þess fjarstöddum.

Nefndin kýs sér ritara og vararitara. Viðstaddir nefndarmenn og ritari skulu undirrita fundargerð í fundarlok eða á næsta fundi þar á eftir. Sá fundarmaður, sem andvígur er ákvörðun meirihlutans, á rétt á að fá sérálit sitt bókað.

Senda skal fundargerðir til nefndarmanna (aðal- og varamanna) og til umhverfisráðuneytis.

4. gr.

Þegar samvinnunefnd hefur samþykkt tillögu að skipulagi svæðisins (eða þess hluta sem hún telur ástæðu til að taka til meðferðar að svo stöddu) sendir hún tillöguna ásamt rökstuddri greinargerð til viðkomandi sveitarstjórna. Að fengnu samþykki þessara aðila sendir samvinnunefndin tillöguna til skipulagsstjórnar ríkisins. Um málsmeðferð tillögunnar fer skv. skipulagslögum nr. 19/1964.

5. gr.

Samvinnunefnd getur sett sér nánari vinnureglur um þá þætti sem ástæða þykir til að fjalla um í svæðisskipulaginu.

6. gr.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist þannig að hvert sveitarfélag greiðir kostnað vegna sinna fulltrúa í samvinnunefnd (og framkvæmdanefnd). Embætti skipulagsstjóra ríkisins greiðir kostnað vegna formanns nefndarinnar og aðstoðar embættisins við nefndina.

Kostnaður vegna fundahalda greiðist af því sveitarfélagi þar sem fundur er haldinn hverju sinni en af embætti skipulagsstjóra sé hann haldinn í Reykjavík.

7. gr.

Með samþykki skipulagsstjórnar getur samvinnunefndin ráðið sér sérfræðing (ráðgjafa) til aðstoðar. Greiðast laun og annar kostnaður við störf hans að hálfu af embætti skipulagsstjóra og að hálfu af viðkomandi sveitarstjórnum miðað við íbúafjölda. Verði ágreiningur vegna kostnaðar sker umhverfisráðherra úr að fenginni tillögu skipulagsstjórnar ríkisins.

8. gr.

Stefnt skal að því að samvinnunefndin ljúki störfum fyrir 1. september 1997. Að rökstuddri beiðni nefndarinnar getur umhverfisráðherra framlengt starfstíma hennar, þó ekki lengur en eitt ár í senn.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt 5. mgr. 3. gr. skipulagslaga nr. 19/1964 ásamt síðari breytingum, öðlast gildi þegar í stað.

Umhverfisráðuneytið, 13. október 1994.

Össur Skarphéðinsson.

Ingimar Sigurðsson.

Nr. 567

Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til biskups varðandi beiðni um að Staðarsókn í Hólmavíkurprestakalli, Húnavatnsprófastsdæmi verði sameinuð Hólmavíkursókn í sama prestakalli annars vegar, og að Efranúpssókn í Melstaðarprestakalli, Húnavatnsprófastsdæmi verði sameinuð Melstaðarsókn í sama prestakalli hins vegar.

„Ráðuneytið hefur móttekið bréf yðar, háæruverðugi herra, dags. 20. september 1993, sbr. bréf sr. Guðna Þórs Ólafssonar, prófasts, dags. 14. september 1993, til yðar, þar sem farið er fram á annars vegar staðfestingu ráðuneytisins á því, að Staðarsókn í Hólmavíkurprestakalli, Húnavatnsprófastsdæmi verði sameinuð Hólmavíkursókn í sama prestakalli en hins vegar staðfestingu ráðuneytisins á að Efranúpssókn í Melstaðarprestakalli, Húnavatnsprófastsdæmi verði sameinuð Melstaðarsókn í sama prestakalli.

Ráðuneytið staðfestir hér með ofangreindar breytingar, enda liggur fyrir samþykki viðkomandi aðalsafnaðarfunda og héraðsfunda, sbr. 4. gr. laga um kirkjusóknir o.fl. nr. 25/1985.

Þetta tilkynnist yður til frekari birtingar."

Nr. 568 17. október 1994

AUGLÝSING

um umferð á Eyrarbakka.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu hreppsnefndar Eyrarbakkahrepps hefur verið ákveðið:

að umferð um göturnar, Háeyrarvelli, Eyrargötu, Búðarstíg og Túngötu á Eyrarbakka hafi forgang gagnvart umferð frá aðliggjandi húsagötum (botnlöngum).

Ákvörðun þessi tekur þegar gildi.

Lögreglustjórinn í Árnessýslu, 17. október 1994.

Karl Gauti Hjaltason ftr.

AUGLÝSING

um breyting á reglum nr. 39/1992, um greiðslu ferðakostnaðar vegna ferðalaga á vegum ríkisins.

1. gr.

2. málsl. 3. mgr. 4. gr. orðist svo:
Í heimildinni skal tilgreindur fjöldi ferðadaga og gistinátta.

2. gr.

5. gr. orðist svo:
Annar ferðakostnaður en fargjöld skv. 4. gr. greiðist af dagpeningum sem ákveðnir eru af ferðakostnaðarnefnd, annars vegar vegna gistikostnaðar og hins vegar vegna fæðis og annars kostnaðar. Greiðsla fyrir hverja ferð ræðst þannig af fjölda gistinátta og ferðadaga (brottfarar- og komudagur meðtalinn).

3. gr.

Breytingar þessar öðlast gildi hinn 1. nóvember 1994.

Fjármálaráðuneytið, 20. október 1994.

Friðrik Sophusson.

Magnús Pétursson.

21. október 1994 Nr. 570

AUGLÝSING

um gildistöku EES-reglugerðar um inn- og útflutning tiltekinna hættulegra efna.

1. gr.

Með vísun til meginmáls EES-samnings, viðauka II, ásamt viðbótum, breytingum og bókunum, auk annarra ákvæða hans, er hér með auglýst gildistaka eftirfarandi reglugerðar.

Reglugerð ráðsins nr. 2455/92 um inn- og útflutning tiltekinna hættulegra efna.

2. gr.

EB gerð þessi sem vísað er til hér að ofan hefur verið birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB sérstök útgáfa: Bók 3, bls. 468-473.

3. gr.

Auglýsing þessi er birt skv. heimild í 3. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit ásamt síðari breytingum, og 1. gr. laga nr. 51/1993 um breytingu á lögum nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni, öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytið, 21. október 1994.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Lúðvík Bergvinsson.

GJALDSKRÁ

vegna sorphirðu í Mýrdalshreppi.

1. gr.

Hreppsnefnd Mýrdalshrepps er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald.

2. gr.

Gjaldið skal lagt á hverja íbúð, hvert sumarhús og hvert fyrirtæki í lögsagnarumdæmi Mýrdalshrepps. Gjaldið skal innheimt með fasteignagjöldum.

3. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

A)	Íbúðir	sorphirðugjald	kr.	7.035
B)	Sumarhús	„	„	3.517
C)	Fyrirtæki			
	Flokkur 1	„	„	7.035
	„ 2	„	„	14.070
	„ 3	„	„	21.105
	„ 4	„	„	28.140
	„ 5	„	„	35.175

Hreppsnefnd skipar fyrirtækjum í flokka, m.a. eftir magni og umfangi úrgangs.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Mýrdalshrepps, er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, ásamt síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytið, 24. október 1994.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.